1. fundur — 27. júlí.

Árið 1869 hinn 27. dag júlímánaðar var alþingi Íslendinga sett í tólfta sinni, samkvæmt opnu brèfi 26. d. febrúarmán. þ. á.; var eptir lögboðinni venju áður haldin guðsþjónusta í dómkirkjunni; prèdikaði þar dómkirkjupresturinn, prófastur Ólafur Pálsson, og lagði út af Ephes. 4, 1.—3. v.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn í alþingissalinn, og voru það þeir, er nú skal greina.

A. Konungkjörnir:

1. Justitiarius Etazráð *Þórður Jónasson.*
2. Amtmaður *Bergur Thorberg.*
3. Landlæknir *Jón Hjaltalín.*
4. Landsyfirrèttardómari *Jón Pètursson.*
5. Biskup *Pètur Pètursson.*
6. Prófastur *Ólafur Pálsson.*

B. Þjóðkjörnir:

1. *Stefán Eiríksson*, hreppstjóri á Árnanesi, þingmaður Austur-Skaptfellinga.
2. *Páll Pálsson,* prestur að Kálfafelli, þingmaður Vestur-Skaptfellinga.
3. Legatiónsráð *Grímur Thomsen* á Bessastöðum, þingmaður Rangvellinga.
4. Prestaskólakennari *Helgi Hálfdánarson* í Reykjavík, þingmaður Vestmannaeyinga.
5. Landsyfirrèttardómari *Benedikt Sveinsson,* þingmaður Árnesinga.
6. Prófastur *Þórarinn Böðvarsson* á Görðum, þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
7. Skólakennari *Halldór Kr. Friðriksson,* þingmaður Reykvíkinga.
8. Hreppstjóri *Hallgrímur Jónsson* á Guðrúnarkoti, þingmaður Borgarfjarðarsýslu.

9. Hreppstjóri *Hjálmur Pètursson* á Norðtungu, þingmaður Mýramanna.
10. Verzlunarmaður *Daníel Thorlacius* á Stykkishólmi, varaþingmaður Snæfellinga.
11. Prófastur *Guðmundur Einarsson* á Breiðabólstað, þingmaður Dalasýslu.
12. Sèra *Eiríkur Kúld* í Stykkishólmi, þingmaður Barðastrandarsýslu.
13. Skjalavörður *Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn, þingmaður Ísfirðinga.
14. Hreppstjóri *Torfi Einarsson* á Kleifum í Steingrímsfirði, þingmaður Strandasýslu.
15. *Páll J. Vídalín* í Víðidalstungu, þingmaður Húnvetninga.
16. Sèra *Davíð Guðmundsson* á Felli, þingmaður Skagfirðinga.
17. Umboðsmaður *Stefán Jónsson* á Steinsstöðum, þingmaður Eyfirðinga.
18. Hreppstjóri *Tryggvi Gunnarsson* á Hallgilsstöðum, þingmaður Norður-Þingeyinga.
19. Hreppstjóri *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum, þingmaður Suður-Þingeyinga.
20. Prófastur *Halldór Jónsson* á Hofi í Vopnafirði, þingmaður Norður-Múlasýslu.
21. Prófastur *Sigurður Gunnarsson* á Hallormsstað, þingmaður Suður-Múlasýslu.

Konungsfulltrúi, stiptamtmaður H. Finsen, setti þingið með svo látandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!

Þegar eg nú í nafni og umboði hans hátignar konungsins á að setja þingið, álít eg mèr skylt, eins og vanalegt hefir verið frá þessum stöðum, að ávarpa yður, háttvirtu alþingismenn, fáeinum orðum.

Þingmönnum er það kunnugt, að nokkrar breytingar þeirra, sem alþingið í hitt eð fyrra gjörði við stjórnarbótarfrumvarpið, sem þá var lagt fyrir alþingið, og einkum þær breytingar, sem snerta hlutdeild Íslands í almennu málunum, og um það, hvernig haga eigi stjórnarábyrgðinni fyrir hina íslenzku umboðsstjórn, voru þess eðlis, að konungurinn ekki hefir sèð sèr fært, að veita frumvarpinu með þessum breytingum allrahæsta staðfestingu; en þar á móti hefir það allramildilegast þóknazt hans hátign konunginum sam-

kvæmt varanppástungu alþingis, að leysa þingið upp og með opnu brèfi frá 26. febr.mán. þ. á., að fyrir skipa, að nýjar kosningar skyldu fram fara, og að frumvörp, sem til þess þurfa að koma skipulagi á stjórnarmálið, yrðu lögð fyrir hið nýkosna alþingi. Samkvæmt þessu eru nýjar kosningar nú farnar fram í öllum kjördæmum landsins, og þingmenn þeir, sem landsmenn í þessu máli hafa mest traust til, eru komnir saman í dag, til þess að starfa hver með öðrum að þessu velferðarmáli landsins, og að leiða það til lykta á þann fyrir land og lýð heillavænlegasta hátt. Hans hátign konungurinn hefir þar hjá látið vandlega endurskoða stjórnarfrumvarpið, og við þessa endurskoðun látið taka allt það tillit til breytinga þeirra, sem alþingið í hitt eð fyrra stakk upp á, að svo miklu leyti, sem þær yfir höfuð geta tekizt til greina, ef úrslit málsins eiga að verða bæði Íslandi og Danmerkurríki — en af þessu er Ísland óaðskiljanlegur hluti — til heilla og blessunar. Þetta endurskoðaða frumvarp, sem mèr er falið á hendur að leggja fram fyrir þingið, er skipt í tvennt: annað inniheldur ákvarðanir þær, sem snerta stjórnarlega stöðu Íslands í ríkinu, og getur eptir eðli málsins ekki orðið lögleitt, fyrri en búið er að útvega samþykki ríkisþingsins; en hitt er frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, og það er, þegar alþingi er búið að segja álit sitt um það, einungis komið undir ályktun konungs um, hvort og hvernig það sè til þess fallið að verða staðfest sem stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni landsins.

Hans hátign konungurinn óskar innilega, að þetta velferðarmál landsins verði lukkulega leitt til lykta, og einmitt þess vegna hefir hann gjört svo frjálslegt og þjóðlegt tilboð í þessu tilliti, sem yfir höfuð að tala getur átt sèr stað samkvæmt öllum þeim kringumstæðum, sem nauðsynlegt er að taka tillit til. Eg vona, að fulltrúar þjóðarinnar, sem nú eru komnir hingað með sèrstaklegt umboð til að starfa að þessu máli, muni þakklátlega kannast við þetta landsföðurlega boð konungsins, og styðja að því, að málið verði leitt til lykta á þann hátt, sem landinu er haganlegastur og mest samkvæmur rètti og þörfum bæði Danmerkurríkis og Íslands.

Með þessari föstu von býð eg yður, háttvirtu alþingismenn, velkomna á þingið, velkomna til þeirra starfa, er vèr hver með öðrum eigum að vinna að. Eg þekki ófullkomlegleika minn til þess að gjöra fullnustu þeirri stöðu, sem mildi og traust hans hátignar konungsins nú aptur hefir sett mig í, en eg veit með

sjálfum mèr, að eg hefi einlægan vilja til þess að gjöra skyldu mína sem konungsfulltrúi á þessu þingi, og að vinna allt það, sem eg má bezt til heilla og framfara Íslandi. Þess vegna treysti eg því, að þingið vilji sýna mèr þá sömu velvild og vináttu, sem mèr hlotnaðist á alþinginu í hitt eð fyrra, og sem eg ætíð þakklátlega skal minnast.

Eg bið hinn algóða guð að blessa samkomu þessa, og gjöra úrslit hennar oss sjálfum til sóma og föðurlandi voru til heilla.

Hèr með lýsi eg því yfir í nafni konungs:

ALÞING ER SETT.

Að lokinni ræðunni mælti einn þingmanna:

Lengi lifi KRISTJÁN *konungur 9.*, og tóku allir þingmenn undir í einu hljóði.

Síðan skoraði konungsfulltrúi á þingmann Reykvíkinga, að aðstoða sig að færa í letur það, sem fram færi á fundinum, uns forseti væri kosinn.

Konungsfulltrúi: Eg vil nú, eptir 47. gr. alþingistilskipunarinnar skora á hina heiðruðu þingmenn, að koma fram með mótmæli þau, er einhver þeirra kynni að hafa móti kosningum þingmanna, og bið eg hinn heiðraða þingmann Reykjavíkur að gegna skrifarastörfum, þangað til þingskrifarar eru kosnir.

En af því að sú skylda einnig hvílir á konungsfulltrúanum, að bera undir þingið þær ákærur, sem hann álítur að vera löggildi kosninganna til fyrirstöðu, skal eg taka það fram, að mèr virðist þessi skylda sèr í lagi að hafa tillit til hinnar formlegu hliðar kosninganna, hvort kosningarnar hafi fram farið lögum samkvæmt eða ekki, hvort þeim reglum sè gegnt, sem lögin binda gildi kosninganna við o. s. frv., meðan mótmæli þau, sem tilskipunin gjörir ráð fyrir frá hálfu þingmannanna, virðist eptir orðum greinarinnar heldur að miða til annarar hliðar kosninganna, hvort hinn kosni hafi þá eiginlegleika, sem lögin ákveða eða ekki, hvort lögleg kosning einhvers hafi ranglega ónýtt verið o. s. frv.

Eg skal þess vegna skjóta því til úrskurðar þingsins, hvort kosningin í Ísafjarðarsýslu í þetta skipti með nokkru móti geti álitizt lögleg.

Eptir blöðunum var kjörþingið í greindri sýslu haldið þann 18. maímán. þ. á.; þó alþingistilskipunin í 20. gr. ákveði, að uppskriptirnar yfir þá, sem kosningarrètt og kjörgengi hafa í sèr-

hverju kjördæmi, eigi að fram leggja til almennrar eptirsjónar allra hlutaðeiganda, og að þetta eigi að kunngjöra, eins og vanalegt er um opinberar auglýsingar, að minnsta kosti 6 vikum áður en kosningin fram fer, og þó að tilskip. 6. jan. 1857 4. gr. beinlínis hafi staðfest þessa ákvörðun; en þessi lagafrestur getur ómögulega verið gefinn í Ísafjarðarsýslu með tilliti til kjörþingsins þann 18. maímán. þ. á., þar sem opið brèf 26. febr. þ. á. kom ekki til sýslunnar fyrri en 13. aprílm. þ. á., eptir því sem amtmaðurinn yfir vesturamtinu hefir skýrt mèr frá, og fyr en þann 13. aprílm. þ. á. var það þess vegna ómögulegt, að fram leggja kjörskrár þær, sem áttu að leggjast til grundvallar við kjörþingið. Í kjörbrèfi því, er hinn kosni þingmaður hefir sýnt mèr, og sem er eptirrit úr gjörðabók kjörstjórnarinnar, segir að vísu, «að kjörskrár sè samdar þann 5. apr. þ. á., og ályktað, að þær skuli liggja til sýnis á kirkjustöðunum til þessa dags (þ. e. 18. maí), svo þær hafa legið 6 vikur», en þetta er alveg rangt, því það, sem fram fór þann 5. apríl þ. á., var einungis *sá undirbúningur* til þess að semja kjörskrána, sem 38. gr. alþingistilskipunarinnar gjörir ráð fyrir, og sem amtmaðurinn yfir vesturamtinu í brèfi frá 9. jan. þ. á. hafði uppálagt sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu að annast um; en til þess að semja kjörskrár í þeim skilningi, sem lögin útheimta, hafði kjörstjórnin þann 5. apríl öldungis engan myndugleika; hann var fyrst gefinn kjörstjórninni, þegar hið opna brèf frá 26. febr. þ. á. kom til sýslunnar, en þetta skeði þann 13. apr. þ. á., eins og fyrri er getið um.

Nú er, eins og þingmenn vita, framlegging kjörskránna hèr um bil sú einasta trygging, sem alþingistilskipunin hefir lögleitt til þess að *controllera* kjörskrárnar, og einmitt þess vegna er framlegging og auglýsing þeirra á þann hátt og með þeim fresti, sem lögin fyrir skipa, svo verulegt atriði, að kosningin ekki getur kallazt lögleg, ef brotið er á móti þessum ákvörðunum, því auglýsingin er, eptir minni meiningu, að skoða í sambandi við kjörþingið, sem rèttarstefna í sambandi við hvert rèttarþing, og án löglegrar stefnu getur, eins og þingmenn vita, yfir höfuð að tala löglegt rèttarþing ekki orðið haldið. Ef tíminn hefði verið of stuttur til þess að framkvæma það, sem í þessu tilliti er fyrir skipað, get eg ímyndað mèr, að alþingið kynni að samþykkja kosninguna, þó hún í sjálfri sèr væri ólögleg, og rèttlætt það eptir fornu máli: nauðsyn brýtur lög; en nú er um allt annað að tala, því tíminn

var nægilegur, þegar framlegging listanna og auglýsingin fram fór, og það er kjörstjórninni eingöngu að kenna, að þessi framlegging og auglýsing þegar frá byrjuninni var ólögleg, og að á þessu ekki geta verið byggðar löglegar kosningargjörðir. Spursmálið er hèr ekki, hvort þessi eður þessi þingmaður eða varaþingmaður sè hinn bezti, hver í sinni stöðu, heldur hvort kosningargjörðirnar í Ísafjarðarsýslu í þetta skipti geti verið löglegar

Með þessum athugasemdum skal eg nú skjóta þessu spursmáli til úrskurðar hins heiðraða alþingis.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn kvaðst eigi geta skýrt það mál að öðru, en því, sem stæði í kjörbrèfi sínu, og væri í því eigi annað að sjá, en að kosning sín væri með öllu lögmæt, kjörskrárnar hefðu legið hinn lögboðna tíma, og engir þeir gallar á, sem hnekkt gætu kosningu sinni. Síðan las hann kjörbrèfið upp. (Sjá II, bls. 68).

Bergur Thorberg: Eg skal geta þess, að eg gjöri ekki eins mikið úr því, þó kjörskráin fyrir Ísafjarðarsýslu væri samin og lögð fram almenningi til sýnis, áður en skipun um að nýjar kosningar skyldu fram fara kom til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, eins og úr hinu, að það virðist mega lesa það milli línanna í kjörfundarbókinni, að kosningarskráin hafi eigi getað verið búin að liggja almenningi til sýnis hinn lögskipaða 6 vikna tíma, þegar kjörfundur var haldinn, eins og boðið er í 20. gr. alþingistilskipunarinnar. Að vísu var það ekki rètt að kosningarskráin var lögð fram, áður en brèf vesturamtsins frá 1. apríl þ. á. og hin konunglegu opnu brèf, er þar með fylgdu, og sem skipuðu fyrir um alþingiskosningarnar, bárust sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu. Það var ekki rètt, að kosningarskráin var lögð svona snemma fram, þannig að hinar lögboðnu 6 vikur væru taldar frá þeim tíma. En ef kosningarskráin samt sem áður hefði verið búin að liggja til sýnis hinn lögskipaða tíma á undan kjörþingi, þá mundi eg álíta það frjálslegt af þinginu, að ónýta eigi kosninguna fyrir hin umræddu missmíði. En þessu er ekki þannig varið. Í kjörbókinni er skýrt svo frá, að kjörstjórnin hafi átt fund með sèr 5. apríl og þá ályktað að semja og senda út kosningarskrá, og þannig hafi kosningarskráin legið almenningi til sýnis 6 vikur. Að vísu eru 6 vikur frá 5. apríl til 18. maí, þá er kjörfundur var haldinn, en það er hverjum manni auðsætt, bæði að fyrst þarf tíma til að semja kosningarskrána, eptir að ályktað er að hún skuli samin, og eins hitt,

að skráin er ekki komin út um alla sýslu, og ekki búið að auglýsa að hún sè til sýnis, undir eins og búið er að semja hana. Til þessa alls þarf meir en einn dag, eptir því sem til hagar í Ísafjarðarsýslu, jafnvel þó sendir hefðu verið bræðboðar í allar áttir; en það hefir ekki einu sinni verið gjört. Það má því álítast óyggjandi, að kosningarskráin í Ísafjarðarsýslu ekki hefir legið til sýnis almenningi svo lengi sem fyrirskipað er í 20. gr. alþingistilskipunarinnar. Þetta sama hefir komið fyrir í Ísafjarðarsýslu áður fyrir nokkrum árum síðan, og þótti hinum þá verandi amtmanni það svo miklu skipta, að hann lèt nýjar kosningar fram fara; en það er hvorttveggja, að nú var ekki tími til að gjöra slíka ráðstöfun, enda var það mín skoðun, að eg sem amtmaður ekki hefði heimild til að ónýta kosninguna, og að kosning — og þær gjörðir kjörstjórnarinnar, sem að henni lúta —, stæði einungis undir atkvæði og dómi alþingis. Það er ef til vill ekki mörgum óþægilegra en mèr, að verða að greiða atkvæði móti lögmæti kosningarinnar í Ísafjarðarsýslu, en mèr finnast vera svo veruleg missmíði á aðferð kjörstjórnarinnar, að hún eigi þar fyrir ámæli skilið, og eg fæ eigi sèð, að kosning sú, sem þannig er til komin, geti heitið lögmæt.

Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn kvað það eigi rètt hermt, að kjörstjórnin í Ísafjarðarsýslu hefði 5. dag aprílmán. ályktað að semja kjörskrárnar, heldur hefði hún samið þær þann dag og sent þær frá sèr, því að það væri með berum orðum tekið fram í kjörbrèfi sínu.

Konungsfulltrúi: Eg skal til upplýsingar um það atriði, sem nú ræðir um, lesa upp brèf kjörstjórnarinnar frá 5. apríl þ. á. til vesturamtsins, en það er svo látandi (sjá II., bls. 71).

Eptir minni meiningu sýnir og sannar þetta brèf, að það var rètt hermt, sem eg áðan tók fram, að það, sem fram fór þann 5. apríl var undirbúningur sá til þess að semja kjörskrárnar, sem alþingistilsk. 38. gr. gjörir ráð fyrir, er hèr ræðir um. Eg þori fyrir mitt leyti að segja, að mèr er það leiðast allra, sem hèr eru við staddir, ef skjalavörður Jón Sigurðsson ekki getur álitizt löglega kosinn þingmaður Ísfirðinga, og að þetta er svo einmitt vegna þess, að þessi þingmaður, sem alla æfi sína hefir haft þau mestu áhrif á það velferðarmál landsins, sem í þetta skipti á að leiðast til lykta, er sá, sem eg meðal allra Íslendinga sízt vildi missa,

þegar þessar umræður eptir 20 ára frest nú eiga að komast til enda.

Eiríkur Kúld: Eg skal, af því eg mun nokkuð kunnugri kosningunni í Ísafjarðarsýslu, en flestir aðrir þingmenn, leyfa mèr að skýra ítarlega frá kosningunni, eins og hún var í garðinn búin, og gjöri jeg það því fúsari, sem eg vona að geta þrátt fyrir mótmæli þau, sem fram hafa komið frá hinum háttvirta konungsfulltrúa og hinum háttvirta konungkjörna þingmanni, er dæmdi kosninguna heldur hart, sannfært hið heiðraða þing um, að kosning þessi er alveg lögleg.

Þegar fyrst frèttist vestra, að kosningunni væri lokið, og að riddari Jón Sigurðsson í Kaupmannahöfn væri valinn, þá datt engum í hug, að rengja kosningu hans. En ekki leið á löngu, áður bliku dró upp úr suðrinu, og þau tíðindi komust í hámæli, að einn af þeim, sem nú er orðinn þingmaður, hefði látið sèr um munn fara, að lögformlegir gallar mundu vera á kosningunni, og með því að enginn hefir meinað þessum manni vits, þá urðu þeir, sem lítið þekktu til kosningaraðferðarinnar, í vafa um, hvort riddari Jón Sigurðsson gæti átt setu á þessu þingi; hinir þar á móti, sem voru eða þóttust vera fullkunnugir og vissir um að kosningin væri lögleg, var eigi uggvænt um að tækju að gruna þennan sama mann um grœzku, væri frèttin sönn, og óskuðu eptir, að norðangola gæti rekið sunnanblikuna af loptinu. Eg veit nú ekkert um það, og ætla ekkert að rekast í, hvort nokkur tilhæfa er í fregninni eða ekki, en þetta gaf mèr samt tilefni og hvöt til þess, eptir að eg vissi, að eg mundi fara til þings, að kynna mèr sem bezt kosninguna, og eg var þá enn fremur svo heppinn, að tveim dögum, áður en eg fór heiman að, barst mèr í hendur brèf nokkurt frá kjörstjóranum á Ísafirði, sem eg með leyfi hins hæstvirta konungsfulltrúa skal lesa upp fyrir þinginu, og hljóðar það þannig (sjá II., bls. 69).

Eg vona nú reyndar, að fyrir kosningarinnar lögmæti þurfi eigi frekari sannanir, en þetta brèf, en af því hinn háttvirti konungkjörni þingmaður áleit kosninguna ófæra, skal eg fara hèr um enn nokkrum orðum. Eg hugsaði, að þessi háttvirti þingmaður væri svo kunnugur amtmanninum í vesturamtinu, að hann fremur hefði reynt til að afsaka, ef þörf væri, kjörstjórnina, en fella yfir henni ámæli og áfellisdóm í þessu tilliti, einkum þar hún ekki hefir neitt lögbrot gjört, svo forsvar mitt fyrir kjörstjórnina kemur

hèr úr hörðustu átt. Hinn háttvirti þingmaður lagði mikla áherzlu á það, að kjörstjórnin hefði ekki getað byrjað á, að semja kjörskrá, og senda hana, fyr en brèf amtmannsins 1. apríl þ. á. var til hennar komið — en þetta er alveg rangt. — Eg játa, að hátt er herra boðið, þegar amtmaður skipar, en eg verð að segja hinum háttvirta þingmanni, að langt um hærra er þó sjálfs konungs boðið, og það hafði kjörstjórnin fyrir sèr.

Opnu brèfin 26. febr. þ. á. eru prentuð í Berl.blöðum í Kaupmannahöfn; þetta blað er álitið nokkurs konar stjórnarblað, og þetta blað hafði kjörstjórnin lesið 5. apríl, þá er kjörskráin var samin, því skip voru komin til Vestfjarðanna, eigi að eins þá, heldur fyrir páska. Má eg nú spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort að kjörstjórnin eigi var í hinum fyllsta rètti sínum, þó hún eigi biði eptir brèfi frá amtmanninum í vesturamtinu, þegar hún var búin að sjá boð konungs sjálfs? Enn fremur hafði amtmaðurinn í vesturamtinu með brèfi 9. janúar boðið sýslumönnum í amtinu, að hafa allt búið undir nýjar kosningar, og mèr þykir undarlegt, að kjörstjórnin nú skuli fá ámæli og vanþökk af hinum konungkjörna þingmanni fyrir atorku og dugnað sinn í þessu máli, þar sem eg verð að álíta, að hún hafi allt löglega gjört. Það var annað atriðið, sem haft var á móti kosningunni, að kjörskrárnar hafi eigi legið nógu lengi, og verð eg að mótmæla þessu, sem öldungis heimildarlausri mótbáru. Kjörskrárnar eru samdar 5. apríl, en kosningin fram fór 18. maí; þetta eru þó rúmar 6 vikur. En að kjörskrárnar hafi eigi getað á einum degi komizt út um sýsluna, því mótmæli eg sem öldungis ósönnu. Það er kunnugt, að Ísafjarðarsýsla er ekki svo fjölskipuð núna af prestum, og mèr er það eins kunnugt og hinum háttvirta konungkjörna þingmanni, að til þess að koma kjörskránni af Ísafirði til þess prests hèraðsins, sem lengst býr þar burtu, þarf ekki einu sinni heilan, heldur að eins rúmlega hálfan dag. Eg er viss um það, að þingmaður Ísfirðinga er alveg löglega kosinn, og fyrir lögmæti kosninganna bæði í Ísafjarðar og öðrum sýslum amtsins er öllu meiri trygging en sumstaðar hèr í suðuramtinu, því þar er mèr sagt að sumstaðar eigi sèr stað talsverðir gallar á kosningum, en sem eg að svo komnu ekki ætla að gjöra mèr að umtalsefni, en tek það enn fram, að mèr finnst það ekki sanngjarnt, að kjörstjórnin á Ísafirði skuli fá vanþökk og ámæli fyrir dugnað þann, er hún hefir sýnt; en um kjörstjórnir þær, er lakar hafa staðið í stöðu sinni,

er ekkert talað; og viss er eg um það, ef þingið gjörði það lögbrot, að dæma kosningu þingmanns Ísfirðinga ólögmæta hér í dag, þá munu menn út um landið segja um hvern af oss þingmönnum: «ill var þín fyrsta ganga».

Halldór Kr. Friðriksson: Eg þykist vera allkunnugur í Ísafjarðarsýslu og þekkja vegalengd um hana, eins vel og aðrir þingmenn; en enda þótt eg reyndar ekki geti verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, að hægt sé að senda kjörskrárnar frá Ísafirði á hálfum degi til allra presta í Ísafjarðarsýslu, þá þykist eg geta sagt það með sanni, að það má koma kjörskránum á einum degi jafnvel á öll prestsetur sýslunnar, hvort sem heldur er vestur á bóginn að Rafnseyri og Álptamýri, eða norður á við yfir Ísafjarðardjúp að Stað í Grunnavík, og jafnvel að Stað í Aðalvík, þótt þar sé nú enginn prestur, eða þá inn að Vatnsfirði og á Langadalsströndina. Þegar vér nú lítum á kosningar yfir höfuð, þá geta yfir höfuð verið á þeim tvenns konar gallar, aðrir eru persónulegir gallar, þegar þann, sem kosinn er, vantar einhverja þá hæfilegleika, sem lögin heimta, og á þeim göllum á þingið fulla sök, því að þá verður svo að álíta, sem þinginu sé misboðið, ef slíkir menn eru kosnir. Hinir gallarnir eru formgallar, eða þegar einhverjir gallar eru á aðferð kjörstjórnarinnar, en yfir höfuð að tala virðist mér, sem þingið eigi alls eigi neina sök, ef engir hlutaðeigendur kvarta. Þegar eg enn fremur lít á það boð alþingistilskipunarinnar, að kjörskrárnar eigi að liggja almenningi til sýnis um 6 vikur, þá virðist auðsætt, að sá sé tilgangurinn með þessu boði, að öllum hlutaðeigendum gefist kostur á, að neyta réttar síns, að þeim gefist kostur á, að sjá, hvort einhverjum er þar sleppt, sem á þeim ætti að standa, eða einhver tekinn upp á þær, sem þar ætti eigi að vera. En þótt nú kjörskrárnar eigi lægju svo lengi, sem boðið er, hverjum er þá órèttur gjör, ef allir hlutaðeigendur eru ánægðir, þó að kjörskrárnar hafi eigi legið svona lengi? það er sannlega engum. Það er öldungis hið sama, og þegar einhverjum er stefnt með of stuttum fyrirvara, eptir því sem lögin bjóða, ef hann lætur sèr lynda þennan of stutta fyrirvara, og kemur eins fyrir það, þá er honum enginn órèttur gjör. Nú er engin kvörtun komin frá Ísfirðingum yfir kosningu þingmannsins, eða yfir því, að kjörskrárnar hafi legið of stuttan tíma frammi; þvert á móti er eigi annað að sjá, en að þeir hafi verið alveg ánægðir með aðgjörðir kjörstjórnarinnar í þessu efni, og því get eg eigi sèð, að þingið

eigi nokkra sök á þeim formgöllum, sem konungsfulltrúi bar fram að væru á kosningunni; en auk þess verður þess að gæta, að þótt þingið ætti sök á þeim, þá þarf ljóslega og með órækum rökum að sanna þá; en það fer svo fjarri, að nokkur sönnun sè komin fyrir þeim, að í kjörbrèfi þingmannsins stendur með berum orðum, að kjörskrárnar hafi legið almenningi til sýnis um 6 vikur, og þessi orð kjörstjórnarinnar verða eigi rengd að sinni. Það er því að eg sè eigi, hvernig þingið getur gjört kosningu þessa með nokkru móti ræka, og það fer svo fjarri, að eg muni greiða atkvæði móti henni, að eg get eigi með góðri samvizku gjört annað, en greitt atkvæði með því, að hún sè í alla staði gild.

Benedikt Sveinsson: Það er komin fram fyrir þingið tvöföld lögrenging móti kosningu þingmanns Ísfirðinga. Einn laga- eða formgalli kosningarinnar á að vera sá, að kjörstjórann hafi skort lagaheimild til að leggja fram kjörskrárnar, er hann gjörði það 5. apríl þ. á., og að hann hafi fyrst fengið þennan myndugleika 13. s. m., er hann *fèkk* brèf vesturamtsins þar að lútandi. Önnur lögrengingin er sú, að kjörskrárnar eigi hafi legið til eptirsjónar hinn lögskipaða tíma, þar sem frá verði að dragast tíminn frá 5. til 13. apríl, en frá 13. apríl og til 18. maí sèu, eins og satt er, *ekki* 6 vikur.

Þessar lögrengingar á nú þingið að meta að verðugleikum.

Um hina fyrri verð eg þá að taka það fram, að allir vita, að konungleg boð og skipanir, er varða embættismenn hans, hafa verið álitnar — bæði af beztu lagamönnum og in praxi — bindandi fyrir *þá*, er þeir hafi fengið vitneskju um þær, þó þá formlegu auglýsingu vantaði, sem lögin fyrir skipa, til þess að gjöra þær að *almennt* bindandi reglu; en það sèr hver heilvita maður, að leggi slíkar — jafnvel óformlega auglýstar — konunglegar skipanir konunglegum embættismönnum skyldur á herðar, þá hljóta þær líka, að gefa þeim myndugleika til að uppfylla þessar skyldur, eða mundi nokkur af hinum heiðruðu herrum hèr í salnum vilja eða geta vefengt þetta?

Nú er það sannað, að hans hátign konungurinn 26. febr. þ. á. var búinn að skipa að nýjar kosningar skyldu fram fara í öllum kjördæmum Íslands, og þá einnig í Ísafjarðarsýslu, nú í vor, einmitt í vor. Það er og sannað, að kjörstjórinn var búinn að fá skýlausa vitneskju um þennan *konungsins* vilja og boð *fyrir* 5. apr., og það er þá og sannað, að hann eða rèttara kjörstjórnin lagði

kjörskrárnar fram 5. apríl í krapti þessa konunglega boðs. Hvernig skyldi hann þá hafa skort myndugleika til þessa? Það skyldi þó eigi hafa verið af því, að amtmaðurinn í vesturamtinu *var búinn 9. janúar* að skipa kjörstjóranum að undir búa þessar hinar nýju kosningar? Eða þá af því, að hann *var búinn 1. apríl*, að skipa honum, að gjöra það, sem hann og gjörði *5. apríl?* Þetta og því um líkt býður engum svörum. Hitt væri víst eins rètt, að eins og kjörstjórnin í Ísafjarðarsýslu hafði fullkomnasta myndugleika til að leggja fram 5. apríl með fullu lagaafli kjörskrárnar, þannig mundu brèf amtmannsins í vesturamtinu frá 9. janúar og 1. apríl þá hafa verið virðandi að vettugi, nema fyrir þá einu sök, að þau hafi verið samkvæm vilja og boði hans hátignar konungsins. En hitt getur engum dulizt, að 9. janúar liggur eigi skemur í tímanum á undan 26. febrúar en 1. apríl á undan 5. s. m.

Eg veit þèr sjáið nú, háttvirtu herrar, að tíminn frá 5. apríl til 18. maí, er dag fyrir dag löglegur undirbúningstími undir kosningarnar í Ísafjarðarsýslu.

Með þessu er þá hin mótbáran hrakin, að kjörskrárnar hafi eigi legið til sýnis hinn lögskipaða tíma. Það er því svo langt frá, að vèr eigi getum álitið kosningu þingmanns Ísfirðinga löglega, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti til, að vèr með engu móti getum fundið minnstu átyllu til að reyna til að vefengja hana. Vèr getum eigi, segi eg, þó vèr vildum, hrakið lögmæti kosningar hins háttvirta þingmanns Ísfirðinga, enda vill það vel til; því bæði þing, þjóð vor og stjórn mundi mega sakna mikils, þó margir um fjölluðu stjórnarskrá Íslands nú, sæti hann eigi á þingi. Hèr hefði því einmitt átt við, hefði til komið um styttri en 6 vikna tíma, það sem konungsfulltrúi hèlt þó eigi vera: *Nauðsyn brýtur lög,* og það eigi síður frá stjórnarinnar hálfu, en þjóðar vorrar; enda sèr og einn og sérhver, að þessi sex vikna frestur getur hugsazt að vera ónauðsynlegur, eins og stefna er heldur alls eigi nauðsynleg undir öllum kringumstæðum, eður þá þegar sá, sem lögin áskilja þessa áskorun og frest, frá fellur kröfu sinni um hann, og eg held að þingið sè í dag búið að fá nægilega sönnun fyrir, að Ísfirðingar kvarti hvorki yfir kosningunni sjálfri nè undirbuningi hennar, og um hvað erum vèr svo að ræða, um hvað að efast?

Guðmundur Einarsson: Fyrsti kafli 47. gr. í alþingistilskipuninni er aðalregla sú, er eg álít að fylgja eigi, og sem eg mun

fylgja með atkvæði mínu viðvíkjandi gildi kosninga þingmanna, hvort heldur þingmaður Ísfirðinga á hlut að máli eða aðrir. Verði ekkert með réttu fundið að kjörgengi þingmannsins, og kjörbréf hans sé gilt og gott, og komi engar sannanir fram, að annars manns réttur hafi verið fyrir borð borinn eða skertur með kosningu þess þingmanns, sem um er rætt, þá álít eg kosninguna gilda, þó að einhverjir gallar kunni að finnast á kosningunni heima í héraði; þinginu er það að áliti mínu óviðkomandi, meðan enginn hlutaðeigandi kærir. Sé nú beitt strangari rétti, er ekki fyrir að vita, hvar staðar nemur; færi þingið að heimta löggild vottorð fyrir hverju og einu atriði, er að réttum kosningum þingmanna lýtur, og samþykki þær ekki annars, nema þau séu fram lögð, þá er hætt við, að þingmannabekkirnir verði þunnskipaðir að lokunum á þessu þingi. Að öðru leyti get eg ekki leitt hjá mér, að geta þess, að bæði mér og öðrum mun sortna fyrir augum, ef *augasteinn* þings og þjóðar er stunginn út þannig, að þingmaður Ísfirðinga verði rengdur úr þinginu.

Stefán Jónsson: Að mínu áliti eru þeir formgallar lakastir, sem geta ollað því, að annar verður þingmaður heldur en sá, sem almenningur hefir traust á, en hér er ekki fyrir því að óttast, því sá þingmaður, sem hér ræðir um, hefir verið þingmaður síðan alþingi hófst. En hvað það snertir, að kjörskrárnar hafi verið lagðar fram, áður en það var skipað af amtinu, virðist mér kjörstjórinn eigi vítaverður fyrir það, og að kjörskrárnar hafi náð tilgangi sínum eins fyrir því, því að ekki mundi húsbóndi misvirða við hjú sitt, þótt það byrjaði á verki, er það vissi að það ætti að vinna, áður en húsbóndi skipaði því það. Af þessum ástæðum hika eg mér ekki við að gefa atkvæði mitt fyrir lögmæti þessarar kosningar.

Bergur Thorberg: Það, sem nokkrir hinna heiðruðu þingmanna hafa tekið fram í máli þessu, síðan eg síðast mælti, gefur mér að eins tilefni til að segja fáein orð. Bréf það frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu, sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga las upp, sannar öldungis ekki það, sem eg álít vera aðalatriðið, nefnilega, að kosningarskráin hafi legið almenningi til sýnis hinn lögskipaða tíma; en að því leyti sem það ætti að sanna nokkuð, þá ætti það að vera einungis það, að kjörstjórnin hafi haft heimild til að semja og leggja fram kosningarskrá, áður en hún meðtók bréf vesturamtsins frá 1. apríl; eg verð nú að neita því, að það hafi verið rétt af kjörstjórninni að gjöra þetta, þó hún hafi verið

búin að lesa hin opnu brèf í dönskum frèttablöðum, miklu fremur verð eg að álíta það sem nokkurs konar gjörræði. Þetta er annars ný upplýsing, sem ekki hefir áður fram komið, að kjörstjórninni hafi á þennan hátt verið orðið kunnugt um hin konunglegu opnu brèf. En hvað sem þessu líður, þá held eg hverjum manni, sem þekkir til í Ísafjarðarsýslu, hljóti að vera það nokkurn veginn ljóst, að kosningarskrá, sem ályktað var 5. apríl að semja, eigi hafi verið búin að liggja almenningi til sýnis 6 vikur 18. maí, þá er kosningin fór fram, og eg get ekki fallizt á hið gagnstæða álit, sem tveir heiðraðir þingmenn, er þó þykjast vera kunnugir í Ísafjarðarsýslu, hafa látið í ljósi. Hinn heiðraði þingmaður Árnesinga gat þess, að þegar eg í brèfi mínu frá 9. janúarmán. þ. á. skipaði sýslumönnum í vesturamtinu að laga kjörskrárnar, þá mundi eg hafa haft fyrir mèr einhvern konunglegan vilja, sem aðrir ef til vill ekki hefðu þekkt. Eg skal í þessu tilliti taka fram, að eg þekkti ekki og þurfti ekki að þekkja annað konunglegt boð en 38. grein alþingistilskipunarinnar, til þess að áminna sýslumenn um að við halda kosningarskránum; en þar við bættist, að mèr var kunnugt, að dómsmálaráðgjafinn hafði lýst því yfir í ríkisþinginu, eða tekið það fram í ástæðum fyrir lagafrumvarpi, sem lagt var fyrir ríkisþingið, að stjórnin hefði í hyggju að láta nýjar kosningar til alþingis fram fara nú í vor. Þess vegna áleit eg nú venju fremur áríðandi, að gætt væri vandlega þess, sem fyrir er mælt í 38. gr. alþingistilskipunarinnar, og þess vegna skoraði eg á sýslumennina, að hafa sèr hugfasta lagaákvörðun þessa. Þar sem það hefir verið tekið fram meðal annars af hinum heiðraða þingmanni Árnesinga, að það sè saklaust þó kosningarskráin ekki liggi til sýnis hinn lögskipaða tíma, ef kjósendurnir ekki kvarti yfir því, þá get eg með engu móti álitið, að kjörstjórnin eigi neitt með að stytta hinn lögskipaða tíma, þó kjósendurnir eigi mótmæli því; það sýnir og, hvað þessi kenning er varúðarverð, að það yrði afleiðingin af henni, að kjörstjórnin gæti öldungis sleppt að leggja fram kosningarskrána þrátt fyrir boð alþingistilskipunarinnar og þó væri kosningin lögmæt, ef ekki kæmu umkvartanir; þetta yrði afleiðingin, því eg veit ekki, hvar setja skal takmörkin, ef menn annars álíta sig eiga með að stytta tímann og víkja frá beinni ákvörðun laganna.

Benedikt Sveinsson: Það er eptirtektavert, hvað fast hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður heldur fram hinum röngu ve-

fengingum sínum móti kosningu þingmanns Ísfirðinga. Hinum háttvirta þingmanni tjáir alls eigi að vefengja svona út í bláinn hið lögformlega eptirrit af kjörbók Ísafjarðarsýslu, sem upp lesin er og liggur fyrir þinginu; þingið hlýtur að byggja dóm sinn á því, að kjörbókin hermi rètt, og að eptirritið gjöri slíkt hið sama, enda berst hin góðfúslega getgáta þingmannsins til baka, eins og hann heyrir sjálfur, af þeim mönnum, sem þekkja ugglaust eins vel til í Ísafjarðarsýslu eins og hann sjálfur.

Mig furðar stórlega á því, að alþingistilsk. 38. gr. hafi gefið amtmanninum í vesturamtinu nokkra skipun um nokkrar kosningar til alþingis *vorið 1869,* enda mundi þá lítið hlè á alþingiskosningum um landið, ef þetta yrði skilið svo, og þingmaðurinn sèr og sjálfur, að hann þurfti að fara að bera fyrir sig dómsmálastjórnina, sem konunginum er óæðri, og allt annað en alþingistilskipunin. Eg sagði aldrei, að *kjörstjórnin* gæti stytt 6 vikna frestinn, en eg sagði, að *kjósendurnir* gætu gjört þennan langa umhugsunartíma ónauðsynlegan. Því misskilur eða ranghermir þingmaðurinn svona orð mín?

Fari maður nú lengra út í þetta mál, þá held eg þingmaðurinn vinni stjórninni ekkert þakklætisvert verk með því, að neyða mann til þess. Eg skal verða manna seinastur hèr á þingi til þess, að álasa stjórninni fyrir það, að hún hefir dregið svo þessar kosningar til alþingis og birtingu þeirra fyrir almenningi, að kjörstjórnin í Ísafjarðarsýslu varð annaðhvort, sem menn segja, að rjúka upp til handa og fóta til að geta kosið þann þingmann, sem hvert kjördæmi landsins mundi hrósa sèr af að hafa fyrir fulltrúa sinn á alþingi, eða þá vera án hans. Þetta hafa víst einhverjar mikilvægar kringumstæður gjört. Ekki satt? En því er þá verið að hanga í tímanum ástæðulaust um kosningu þessa hins sama manns?

Eg yfirlæt að öðru leyti amtmanninum í vesturamtinu að gefa kjörstjórninni í Ísafjarðarsýslu svo miklar ákúrur og ávítur, sem honum þóknast, en hitt segi eg, að honum ferst ólíkt Friðriki hinum mikla við matsvein sinn, er hann til þess að frelsa líf konungsins og margra þúsund manna *braut á móti* boði síns herra, eptir því sem hann sá, að kringumstæður og nauðsyn kröfðu, og matti meira uppsprettu þeirra viturlegu ráða, sem hann vissi að bjó í hjarta síns herra konungsins, en seðil þann, er hann bar í vasanum, enda þótt frá konunginum væri.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti konungkjörni þingmaður tók nú að vísu ekki alveg eins hart á kjörstjórninni í Ísafjarðarsýslu fyrir það, þó hún hefði byrjað starfa sinn 5. april, eptir það hann hafði heyrt þá skýrslu, er eg gaf áðan — en lèt sèr þó enn um munn fara, að kjörstjórnin hefði ekki haft leyfi til þess — en má ske hann vildi sýna mèr hvar í alþingislöggjöfinni, hvort heldur 8. marz 1843 eða 6. janúar 1857 að henni væri þetta bannað. Hann sagði og á þá leið, að kjörstjórnin hefði ei átt með að stytta tímann eða kjörskráin hefði ei legið 6 vikur — en þetta gjörði hún ekki, og eg skora á hann að sanna hið gagnstæða — kjörskrárnar lágu fullar 6 vikur. Hvað því viðvíkur, að hinn háttvirti þingmaður ei vildi trúa mèr og þingmanni Reykvíkinga til þess, að kjörskrárnar hefðu sökum vegalengdar getað komizt frá Ísafirði til prestanna í sýslunni á tæpum degi, þá vil eg benda honum á uppdrátt Íslands, og vona eg þá, að hann ei lengur rengi þann framburð okkar. Eg skal nú ei lengja meir þingræðurnar um málið, því bæði þingmaður Árnesinga og Reykvíkinga hafa tekið það fram, er eg ætlaði mèr að öðru leyti við að bæta; en óska einungis að atkvæðagreiðslan fari fram með nafnakalli.

Konungsfulltrúi kvaðst eigi geta við komið nafnakalli í þetta sinn, því að allan undirbúning vantaði til þess, enda væri það alls eigi lögboðið.

Jón Hjaltalín æskti þá, að atkvæði væru greidd með kúlum; en það þótti og óþarft. Síðan var til atkvæða gengið, og var kosning þingmanns Ísfirðinga samþykkt í einu hljóði með 25 atkvæðum. Tveir (Bergur Thorberg og Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn) greiddu eigi atkvæði.

Bergur Thorberg: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hefi ekki greitt atkvæði fyrir lögmæti hinnar hèr um ræddu kosningar.

Því næst skýrði konungsfulltrúi frá því, að hann hefði fengið brèf frá amtmanninum í norður- og austuramtinu með ýmsum fylgiskjölum þess efnis, að þingmennirnir úr Þingeyjarsýslu, Tryggvi Gunnarsson og Jón Sigurðsson frá Gautlöndum gætu eigi verið rètttækir á þing, samkvæmt tilskipun 8. marz 1843, 4. og 5. grein, með því að sakamál væri höfðað á hendur þeim; ætlaði konungsfulltrúi, að rèttast væri að setja nefnd til að íhuga mál þessi, og útkljá þau svo síðan með einni umræðu.

Benedikt Sveinsson studdi þessa skoðun konungsfulltrúa, og stakk upp á 5 manna nefnd.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Það mun standa næst mèr, að halda svörum uppi fyrir þingmanninn úr Suður-Þingeyjarsýslu gegn sakargiptum þeim, sem honum eru bornar af amtmanninum í norður- og austuramtinu, og skal eg þá fyrst geta þess, að það er öldungis rangt, sem amtmaðurinn gefur í skyn, að saksókn sè þegar byrjuð gegn mèr og þingmanni Norður-Þingeyinga, því allt til þessa dags hefi eg enga opinbera tilkynningu — en síður stefnu — fengið um það, að saksókn þessi væri í aðsigi. Að vísu má ráða það af 1—2 brèfum frá amtinu, sem eg meðtók rètt áður en eg fór til þings, að slíkt væri í undirbúningi, og eg væri fús á, að fram leggja þessi brèf, ef mèr ekki virtist þau vera þannig úr garði gjörð, að virðingu þingsins sè misboðið með að heyra slíkt frá háttsettum embættismanni. Annars skal eg leyfa mèr, að skora á þingmennina úr Múlasýslum, hvort þeir hafi orðið þess áskynja, þá er þeir fóru um Þingeyjarsýslu, að við stæðum undir saksókn, eða værum sannir að sökum þeim, sem okkur eru bornar. Eg skal samt ekki neita því, að mèr var fyrir löngu orðið kunnugt, hvað amtmaðurinn hafði í hyggju við mig, því áður og um það leyti að kosningar fóru fram, mun hann eigi hafa sparað að úthrópa mig bæði brèflega og munnlega fyrir kjósendum mínum sem þann mann, er óhæfur væri til þingsetu, sökum þess, að málssókn yrði höfðuð gegn mèr sem sakamanni. En á því má marka það, hvert álit að almenningur hafi á rèttlæti og lögmæti þessarar málshöfðunar, að kjörþing í Suður-Þingeyjarsýslu hefir aldrei verið jafnvel sótt sem nú, og að eg var kosinn með 65 atkvæðum af 73, eins og kjörbrèf mitt sýnir. Voru þó kjósendum mínum þessir málavextir fullkunnir, og mèr finnst sjálfsagt verði að taka hèr tillit til almennings-álitsins, því þingið mun þó naumast ætla kjósendum mínum það, að þeir hafi af ásettu ráði sent sakamann til þings.

Hvað þá uppástungu hins háttvirta konungsfulltrúa snertir, að þingið setji nefnd til að rannsaka þessi mál, þá skil eg þetta sem kurteysi við amtmanninn í norður- og austuramtinu, og eg skal vera fús á að játa, að þingið skuldar embætti hans fyllstu virðingu; en mèr virðist, að alþingistilskipunin gefi enga heimild til þeirrar meðferðar á málinu, eins og hún líka er með öllu óvanaleg hèr á þingi. Svo mundi og þingið verða litlu nær, þó farið

sè að ganga í gegn um þessi mörgu fylgiskjöl, sem amtmaðurinn hefir sent hingað; eg held að þau sèu mèr flest eitthvað kunnug, nema með því móti — og þess hlýt eg að krefjast, ef nefnd verður sett — að maður verði sendur gagngjört norður á Húsavík eptir þeim skjölum, sem mèr er nauðsynlegt að fá málstað mínum til skýringar, því þar við skjalasafn sýslunnar og í embættisbókunum eru öll hin helztu skýrteini mínu máli viðkomandi. Að öðru leyti er eg reiðubúinn til að gefa þinginu nú þegar allar þær upplýsingar, sem eg má veita um málið, og þær hygg eg að muni verða nægilegar til þess, að leiða þingið í allan sannleik.

Jón Hjaltalín mælti fram með nefnd, og stakk upp á 3 manna nefnd.

Tryggvi Gunnarsson: Eg get ekki mælt með, að nefnd verði sett í þessu máli; þær upplýsingar, sem eg get gefið, er eg fús til að segja nú þegar, en verði þær álitnar ónógar, álít eg, að eg hafi fyllsta rètt á, að mèr gefist færi á, að afla mèr svo ítarlegra sannana, sem auðið er mínu máli til stuðnings, en þær get eg ekki fengið með öðrum hætti, en sent verði norður í mitt hèrað, og eg krefjist, að rèttarhöld sèu háð yfir ýmsum mönnum þar, og þá er ekki annað sýnna, en að stefnur og rèttarrannsóknir þar nyrðra hafi svo mikinn tíma í för með sèr, að nefndin gæti ekki tekið til starfa, áður þessu þingi er lokið, auk heldur að hún verði búin að segja álit sitt um málið.

Auk þess, sem mèr virðist óþarft, að nefnd sè sett, álít eg, að það sè eigi með öllu rètt eptir 47. gr. tilsk. 8. marz 1843.

Sigurður Gunnarsson: Amtmaðurinn byggir mótmæli sín móti þingmönnum Þingeyinga á því, að þeir hafi eigi óflekkað mannorð; en hèr kemur engin sönnun fram fyrir þessu. Mönnunum hefir hvorki verið stefnt í málunum, sem amtmaður skipaði að höfða móti þeim, og því síður er nokkur dómur genginn um þá. Mótmælin geta því eigi haft neitt gildi. Mèr er sama, hvort nefnd er sett til að hugleiða þetta mál eða ekki; hún gæti eigi annað en komizt að sömu niðurstöðu.

Benedikt Sveinsson og *Jón Hjaltalín* mæltu enn með nefnd, og kvaðst Jón Hjaltalín eigi mundu gefa atkvæði, ef nefnd væri eigi sett.

Síðan var leitað atkvæða um það, hvort nefnd skyldi setja eða eigi, og var það ákveðið með 17 atkvæðum gegn 7, að nefnd skyldi eigi setja, heldur skyldi útkljá málið þá þegar.

Konungsfulltrúi skýrði þá frá, að málinu gegn Tryggva Gunnarssyni væri þannig varið eptir skjölum þeim, sem amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hefði sent sèr, að Tryggvi, sem sótt hafði um lausn frá hreppstjórn, hafi haldið hreppstjórn í Hálshrepp og Fnjóskadal um tíma eptir það, að annar var skipaður af amtinu hreppstjóri í hans stað, og eigi viljað skila af sèr skjölum, bókum, peningum m. m., er tèðum hrepp tilheyra, en gefið út brèf í sveitastjórnarinnar nafni, án þess þó að undirskrifa þau, og vakið óróa og æsingar með þessu atferli sínu, og enn fremur hafi hann með mjög svo ískyggilegri, ef eigi sviksamlegri aðferð viljað velta sveitarómaga af sínum hrepp yfir á annan hrepp, eða Öngulsstaðahrepp, og reynt til að særa út úr ómaganum endurgjald fyrir styrk þann, sem hann hafði fengið, með því að taka af honum lífsbjargarskepnur hans, sem hann auðsjáanlega eigi hafi mátt án vera, til þess að ómaginn yrði slyppur og snauður handbendi Öngulsstaðahrepps, og af þessum sökum sè Tryggvi með brèfi amtmanns dagsettu 8. dag júlím. þ. á. til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu fyrir þetta atferli sitt settur undir ákæru, sem eptir 75. gr. tilsk. 11. apríl 1840 hljóti að hafa í för með sèr frelsistjón, og hafi amtmaðurinn lagt fyrir sýslumanninn, að bjóða hreppstjóranum í Hálshrepp, að sjá svo um, að Tryggvi alls eigi færi út úr hreppnum.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Mèr eru þessir málavextir nokkuð kunnir, sökum þess, að eg myndaðist við að gegna sýslustörfum í Þingeyjarsýslu — að eg við hafi amtmannsins eigin orð — þegar mál þetta byrjaði, og því skal eg leyfa mèr að tala nokkur orð. Það er öldungis rètt, sem konungsfulltrúi skýrði frá, að í fyrra-vor sagði þingmaður Norður-Þingeyinga af sèr hreppstjórn eptir nokkurra ára þjónustu; en fyrir þrábeiðni allra hreppsbænda lèt hann á manntalsþingi til leiðast, að verða kyrr við hreppstjórn framvegis. Með því að þetta hafði opt áður við gengizt í Þingeyjarsýslu, að hreppstjórar höfðu fyrir bænastað hreppsbænda verið kyrrir við hreppstjórn, þá tók eg sem sýslumaður þetta gott og gilt, og sendi amtinu það til staðfestingar. En viti menn, amtmaður synjaði þverlega um samþykki sitt, án þess að færa nokkrar ástæður fyrir synjuninni, en skikkaði aptur búlausan mann fyrir hreppstjóra, sem þó færðist undan að taka á móti embættinu. Fyrir þessa sök mun það því hafa orðið, að þingmaður Norður-Þingeyinga hlaut að vera við hreppstjórnina nokkrum vikum leng-

ur, af því að enginn fèkkst til, að taka við af honum, og vona eg að þingið sjái, hversu ástæðulaust það er, að skipa saksókn gegn honum fyrir slíkt. Að öðru leyti mun þingmaðurinn bezt geta skýrt frá hinum öðrum aðförum amtsins við hann.

Halldór Jónsson: Af því þingmaður Suður-Þingeyinga skoraði á okkur þingmennina úr Múlasýslum, sem farið hefðum gegnum Þingeyjarsýslu, að skýra frá, hvað okkur væri kunnugt um þetta efni, skal eg leyfa mèr að geta þess, að eg á ferð minni gegnum sýsluna heyrði ýmislegt hèr um talað, og af því að eg, sem var nótt á Húsavík, áleit að allt riði á því samkvæmt 4. grein alþingistilskipunarinnar af 1843, hvort lögsókn væri höfðuð gegn þeim umtöluðu þingmönnum, eða rèttara stefna út gefin, spurði eg hlutaðeigandi sýslumann, hvort svo væri, og neitaði hann því alveg.

Tryggvi Gunnarsson: Að mínu áliti geta ekki mál þau, er amtmaðurinn í norður- og austuramtinu kærir mig fyrir, heyrt undir afbrotamál, og skal eg því til skýringar drepa á í fám orðum hin helztu atriði, er að þessu lúta.

Eg get farið fljótt yfir upphaf hins fyrsta máls, er amtmaður kærir mig fyrir, þar sem hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga hefir skýrt frá því, að eg sagði mig frá hreppstjórn í Hálshreppi, sem lýsir því að eg sótti eigi mjög eptir hreppstjórninni, og að eg var endurkosinn aptur af hreppsbændum, en sem amtmanninum eigi þóknaðist að samþykkja, án þess þó að færa nokkrar ástæður fyrir synjuninni, heldur setti aptur búlausan mann hreppstjóra, er eptir lögum var undan þeginn þeirri skyldu, og neitaði þess vegna að taka á móti hreppstjórn, eður nokkru því, er hreppurinn átti í mínum vörzlum, og einmitt þess vegna neyddist eg til að gegna hreppstjórn um lítinn tíma. Þegar sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu fèkk að vita neitun hins búlausa manns, lagði hann svo fyrir, að eg skyldi afhenda skjöl hreppsins meðhreppstjóra mínum, hvað eg og gjörði tveim dögum eptir að eg með tók skipan þessa; það skeði seint í októbermánuði, en fram í septembermánuð var eg skyldur að gegna hreppstjórn, því fyr hafði eg eigi gegnt þeim starfa hinn lögboðna þriggja ára tíma. Ákæra amtmanns gegn mèr er nú sprottin af því, og hefir eigi annað við að styðjast, en það: að eg var nokkrar vikur við hreppstjórn, fyrir áhugasama ósk hreppsbænda, fyrir vöntun á sveitastjórn í hreppnum, sem einungis leiddi af atferli amtmannsins sjálfs, með hinni ólöglegu

hreppstjóra-setningu hins búlausa manns, og fyrir það, að eg vegna hinnar almennu venju eigi gat hætt hreppstjórn, því sú er venjan að hinn fráfarandi hreppstjóri gengir hreppstjórnarstörfum þangað til annar tekur við, og hann getur skilað frá sèr bókum og skjölum hreppsins, enda færi eigi vel, ef svo væri eigi.

Mèr finnst nú, að hèr sè ekki um sakamál að tala, og eg ætti fremur þökk skilið hjá amtmanni, að eg gegndi hreppstjórn þennan litla tíma fyrir hann og sveitabændur, heldur en sæta ofsóknum hans, og því er hann hefir látið sèr sæma að skrifa um mig út af þeirri sök, er eg nú hefi skýrt frá, í opinberu brèfi, er hèr var nýlega lesið upp »að þar sem fyrrum hreppstjóri Tryggvi Gunnarsson, er settur undir ákæru fyrir það atferli, sem eptir 75 gr. tilskp. 11. apríl 1840 hlýtur að hafa í för með sèr frelsistjón, ef nokkur lög og rèttur á framvegis að gilda hèr á landi, þá verð eg að mæla svo fyrir, að þèr, herra sýslumaður, setjið Tryggva undir reglulegt varðhald, helzt út á Húsavík undir handarjaðrinum á sjálfum yður«. Eg veit ekki, hvernig hinu háttvirta þingi lýst á þetta atferli yfirvaldsins.

Eptir það eg skilaði hreppstjórninni næstliðið haust, hefir hún verið mjög á reiki í Hálshrepp, því næstliðið fardagaár hafa verið 9 hreppstjórar þar; þeim hefir ýmist verið vikið frá hreppstjórn, eður þeir hafa neitað að taka móti henni af þeim ástæðum, að þeir væru ólöglega settir; þetta gefur bendingu um, hvernig ástandið muni vera þar í hreppnum, og enda hvernig hinni norðlenzku stjórn sè háttað.

Þar sem amtmaður ber mèr á brýn, að eg hafi gefið út brèf í nafni sveitarstjórnarinnar, eptir að eg var frá hreppstjórn, þá mótmæli eg því fastlega, sem alveg ósönnu; hans, sem ber þetta fram, er að sanna það, að svo hafi verið.

Enn fremur talar amtmaður um það í sínum mörgu skjölum, er hèr eru framlögð, að eg hafi vakið óróa og æsingar með atferli mínu, en væri rètt álitið og þetta mál betur rannsakað, mundi eg geta fengið vottorð í minni sveit um það, að það er hans atferli sjálfs en eigi mitt, sem hefir valdið þar óánægju og óróa.

Ein af hinum mörgu sakarákærum, er amtmaður hefir fundið sig knúðan til að bera á mig, er einhver sviksamleg aðferð, er eg sem hreppstjóri hafi átt að hafa við mann í Öngulsstaðahrepp til þess að koma honum af Hálshreppi. Eg skil ekki í því, að amtið skuli leyfa sèr að bera hèr fram fyrir hið háttvirta alþingi svona

ástæðulausa og ósannaða sakargipt á hendur mèr, þar sem hann hefir ekki látið halda svo mikið sem eitt rèttarhald í Þingeyjarsýslu í þessu máli, og þess vegna hefir ekkert að styðjast við frá þeirri hlið, enda mun honum örðugt að sanna, að eg hafi haft sviksamlega aðferð í þessu máli, og því neita eg þverlega, að svo hafi verið, og að eg hafi »sært út úr ómaganum endurgjald með því að taka lífsbjargar-skepnur hans, sem hann eigi mátti án vera«, eins og amtmaður að orði kemst. Það finnst mèr allt of mikil harðstjórn og skerðing á eignarètti, hafi eg eigi mátt, af frjálsum vilja og mínum eigin efnum, lána 'lítilræði af peningum eður matbjörg, þegar maðurinn gaf kost á borgun; og eigi get eg fundið það vítavert, eður til að flekka mannorð mitt, þó eg vildi eiga á hættu að lána nokkra ríkisdali af mínu eigin fè í jafnóvissan stað, sem amtmaður álítur hann vera, til þess að fría hreppsbændurna frá því gjaldi eður þeirri byrði, sem eg áleit ekki rètt að leggja á þá, til þess manns, sem eptir minni sannfæringu var í því ástandi, að hann þurfti eigi að lifa á annara sveita.

Hvernig sem á þetta mál er litið, þá getur það ekki verið sakamál, og verð eg því að álíta, að amtmaðurinn með því að senda þetta mál hingað til hins hæstvirta konungsfulltrúa, áður nokkuð var rannsakað, hvort hann hefði á rèttu að standa, hafi fremur látið hefndarhug sinn ráða en rèttlæti.

Eg vil að síðustu taka það fram, að mèr hefir aldrei verið stefnt og engin saksókn höfðuð gegn mèr, því síður að dómur hafi verið felldur í þessum málum, er amtmaðurinn kærir mig fyrir; en þann skilning hefi eg á alþingistilskipuninni 4. gr., að maður þurfi að vera áfelldur með dómi, eður með dómi ekki sýkn saka fundinn. Væri nægilegt að höfða ástæðulausa sakarákæru móti manni, eður gefa út rèttarstefnu, til þess að bola hann frá þingsetu, væri hægt að hindra þingsetu hvers eins, og getur það því eigi verið andi laganna.

Þá leitaði konungsfulltrúi atkvæða um, hvort kosning Tryggva væri gild, og var kosningin samþykkt með 24 atkvæðum; þrír (Bergur Thorberg, Jón Hjaltalín og Tryggvi Gunnarsson) gáfu eigi atkvæði.

Til þess að skýra frá ákærum þeim, sem amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hefði á hendur þingmanni Suður-Þingeyjarsýslu, Jóni Sigurðssyni, las því næst konungsfulltrúi upp brèf amt-

mannsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, þannig hljóðandi: (Sjá II., bls. 71).

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum: Eg skal þá fáorðlega leyfa mèr, að skýra frá málavöxtum svo satt og rètt, sem eg veit bezt, og er þá fyrst að geta þess, að sýslumaður kammerráð Schulesen sálugi var seinast sýslumaður í Þingeyjarsýslu $18^{60}/_{61}$; þá um vorið 1861 var lagður 8 sk. alþingistollur á hvert 1 ríkisdalsvirði jarðagjaldanna, eins og menn muna; en Þingeyingar risu öndverðir á móti, og gjörðu þann samning við sýslumann, að greiða ekki nema helminginn, eða fjóra skildinga af hverjum dal. Nú tók kanselíráð Þ. Jónsson sjálfur við sýslunni af kammerráði Schulesen um sumarið 1861, en um haustið, þá er eg kom af alþingi, lagði amtmaður að mèr, og bað mig að þjóna sýslunni þá um veturinn eptir, og til þess er Þ. Jónsson flytti alfarinn til hennar. Þetta gjörði eg upp á ábyrgð og tilsvar Þ. Jónssonar. Nú um vorið 1862 kom brèf frá stiptamtinu til sýsluembættisins, hvar í mèr var skipað að innheimta þá 4 sk., sem óloknir voru af alþingistollinum 1861, og $2^1/_3$ sk. að auki, sem á var lagt 1862. Þetta gjörði eg, og hlupu hinir umræddu 4 sk. fyrir alla sýsluna til 434 rd. og fáeinna skildinga, en $2^1/_3$ sk. gjaldið til rúmra 256 rd. Nú kom kanselíráð Þ. Jónsson til sýslunnar seinast í júlímánuði 1862, og samdist þá svo á milli okkar, að eg borgaði til ríkissjóðsins *allan þann* alþingistoll, *sem eg hafði innheimt,* og sem varð samtals circa 690 rd. Þetta gjörði eg með ávísun til höndlunarhússins Örum & Wulff í Kaupmannahöfn, og er það víst, að þessir peningar hafa komizt með skilum í ríkissjóðinn, því að eg hefi amtskvittun þar að lútandi í vasanum, sem eg get lesið upp, ef þurfa þykir.

Þannig ætla eg mig hafa gjört skýra grein fyrir, að eg hafi staðið full skil á hverjum þeim skildingi, sem eg innheimti, og undir mínar hendur kom af alþingistollinum 1862. En eg býst við, að þingmenn spyrji: hvernig stendur þá á þessari tortryggni amtmannsins? Þar til heyrir sú saga, að vorið 1862 dó kammerráð Schulesen, og mun hann eigi hafa verið búinn að standa í skilum, hvorki á alþingistollinum 1861 (þessum 4 sk. pr. 1 dal), og eigi heldur á konungstekjunum af Þingeyjarsýslu 1860—61. Af ásettu ráði hreifði eg ekki hendi við dánarbúi Schulesens, og enginn skildingur því tilheyrandi kom undir mínar hendur, eins og ekkjufrú hans, sem hèr er í bænum, mun geta um borið; var svo búið eigi tekið til uppskriptar nè skipta-meðferðar, fyrri en Þ.

Jónsson var kominn til sýslunnar. En þegar farið var að rannsaka efnahag búsins, varð það brátt ljóst, að búið var gjaldþrota. Nú var sýslumaður Smith settur skiptaráðandi í búinu, og kom hann norður sumarið 1863 til að rannsaka ástand þess. Þá ímynda eg mèr, að kanselíráð Þ. Jónsson hafi hlotið að segja honum, að eg hafi borgað dánarbúsins vegna þennan optnefnda alþingistoll 434 rd., og eins talið þá í sýslureikningunum sem borgaða, eins og getið var um í hinu upplesna amtsbrèfi. En hvernig kanselíráðið hefir fengið þessa skökku ímyndun, sè eg ekki neina þörf á að skýra fyrir þinginu. Það nægir að geta þess, að með brèfi til hans 22. maí 1865 (ekki 1866, eins og amtmaður segir) gjörði eg fullljósa grein fyrir, hvernig á þessari villu stæði. Brèf þetta mun kanselíráðið hafa sent sýslumanni Smith, og eg veit ekki betur, en að hann hafi tekið það, sem þar er sagt, fullkomlega til greina. Og svo mikið er víst, að alþingistollurinn er nú tekinn upp meðal annara forgangsskulda, sem hvíla á búinu.

Eg skal þá leyfa mèr að benda þinginu einkum á 3 atriði í þessu máli: 1. að mál þetta er þegar 7 ára gamalt, og má það virðast vítavert hirðuleysi af háyfirvaldinu, að hafa eigi hreift við því fyrri en nú, ef hèr var um saknæmt atferli að ræða. Þar næst vona eg, að þingmenn hafi tekið eptir því, að öll þau embættisverk, sem eg gjörði 1861—62, gjörði eg í ábyrgð og umboði kanselíráðs Þ. Jónssonar, svo ef hèr er um nokkra ábyrgð að ræða, þá er aðgangurinn að honum, en ekki mèr. Og í þriðja lagi er það víst, að engum manni mun hafa dottið í hug, að beinast að mèr með mál þetta, fyrri en að amtmaðurinn fèkk það innfall í skammdeginu næstl. vetur; skal eg þó geta þess, að eigi er langt síðan að kanselíráð Þ. Jónsson átti ofsóknum að sæta út af alþingistollinum, því að í fyrra-haust (1867), þegar Olivarius sýslumaður var skikkaður af amtinu til að taka við Þingeyjarsýslu af honum, þá var honum skipað að leggja löghald á eigur Þorsteins fyrir þessum 434 rd. m. m. Þetta gjörði Olivarius, og afhenti þá kanselíráðið 2000 rd. skuldabrèf, sem kyrrsett var fyrir þessari og fleirum skuldum, sem á honum áttu að hvíla. Þetta skuldabrèf mun vera enn í vörzlum sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, óleyst úr löghaldinu, og lítur þess vegna svo út, sem amtmaður ætlist til, að þessir optnefndu 434 rd. dæmist fyrst af mèr og síðan af kanselíráðinu.

Eg hefi þá eigi meira að segja um þetta mál að sinni, en legg það svo vaxið í þingsins dóm.

Síðan leitaði konungsfulltrúi atkvæða, og var kosning Jóns Sigurðssonar samþykkt með 25 atkvæðum; tveir (Jón Hjaltalín og Jón Sigurðsson frá Gautlöndum) gáfu ekki atkvæði.

Því næst skýrði konungsfutltrúi frá, að þingmenn hefðu allir sýnt sèr kjörbrèf sín, nema þingmaður Strandasýslu, sem hann hefði eigi fengið, en með því hann þóttist vita, að kosning hans væri í alla staði rètt, og amtmaður Vestfirðinga staðfesti það, þótti engin ástæða að vefengja, að hann væri rètt kosinn.

Konungsfulltrúi skýrði þá frá, að hann hefði fengið brèf, eptir að hann hefði verið kominn upp á þing, og gæti þingmaður Reykvíkinga kann ske skýrt frá efni þess. Þingmaður Reykvíkinga skýrði þá frá, að það væri kvörtun frá málafærslumanni Jóni Guðmundssyni yfir því, að kjörfundurinn í Vestur-Skaptufellssýslu, þar sem hann hefði boðið sig til þingmanns, hefði verið haldinn á óhentugum tíma, svo að kjósendur hefðu eigi getað sótt hann.

Páll Pálsson: Hvað það snertir, að kjörþingið að Leiðvelli 29. f. m. hafi verið haldið í óhentugan tíma, svo að fæstum kjósendum í Vestur-Skaptafellssýslu hafi gefizt kostur á að sækja kjörþingið vegna kaupstaðarferða, þá vil eg leyfa mèr að geta þess, að þangað komu kjósendur úr öllum hreppum sýslunnar, þótt fáir væru, og allir þeir, sem hefðu haft nokkurn áhuga á að sækja fundinn, þurftu ekki að draga ferðir sínar þess vegna sèr til baga. Eptir því sem á stóð með undirbúning kjörskránna, gátu þær ekki legið í lögboðinn tíma, ef kjörþingið hefði verið haldið *einum* degi, þó ekki væri meir, fyr en gjört var. Eg get þess vegna ekki annað sèð, en það hafi verið miklu rèttara af kjörstjóranum, að draga kjörþingið, svo það gæti í *öllu tilliti* orðið lögmætt, heldur en að flýta því að nauðsynjalausu, svo það yrði ólögmætt, og það án þess, að heimildarlaus flýtir gæti orðið nokkrum manni í vil, öðrum en þeim, sem kynnu að hafa hug á að gjöra Vestur-Skaptafellssýslu þingmannslausa.

Þinginu virtist þá eigi vera ástæða til, að fara lengra út í það mál að sinni, og var því sleppt.

Því næst skoraði konungsfulltrúi á hinn elzta þingmann, etazráð Þ. Jónasson, að gangast fyrir forsetakosningu. Hann gekk þá til forsetasætis, og skoraði á þingmann Reykvíkinga og Barðstrendinga, að skrifa upp atkvæðin. Var síðan forseti kosinn Jón

Sigurðsson frá Kaupmannahöfn með 22 atkv.; prófastur Halldór Jónsson fèkk 1 atkv., og biskup P. Pètursson 2. Jón Sigurðsson gekk því næst til forsetasætis, og þakkaði þinginu fyrir traust það, er það sýndi sèr.

Síðan var kosinn varaforseti biskup P. Pètursson með 18 atkv. Halldór prófastur Jónsson fèkk 3 atkv., og 4 aðrir sitt atkvæðið hver.

Til skrifara voru kosnir sèra E Kúld með 24 atkv. og skólakennari H. Kr. Friðriksson með 22 atkv.

Konungsfulltrúi afhenti þá forseta skipunarbrèf konungs til hans, að vera konungsfulltrúi á alþingi 1869 með íslenzkri útleggingu (sjá II, bls. 67); síðan afhenti hann forseta til útbýtingar meðal þingmanna.

1. Konunglega auglýsingu til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867, dag. 7. júlí 1869 (Sjá II., bls. 13).
2. Lög 17. aprílm. 1868, um að útlendum skipum verði gefinn kostur á, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og milli Íslands og Danmerkur. (Sjá II., viðb. bls. 3).
3. Opið brèf handa Íslandi sama dag um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum. (Sjá II., viðb. bls. 3).
4. Tilskipun 10. ágústm. 1868 um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir, á Íslandi. (Sjá II., viðb. bls. 5).
5. Almenn hegningarlög handa Íslandi 25. júní 1869. (Sjá II., viðb. bls. 7).
6. Tilskipun handa Íslandi sama dag um afplánun fjársekta í öðrum málum en sakamálum. (Sjá II., viðb. bls. 83).
7. Tilskipun sama dag um hundahald á Íslandi. (Sjá II., viðb. bls. 86).
8. Tilskipun handa Íslandi sama dag um skipamælingar. (Sjá II., viðb. bls. 88).
9. Lög um að endurskoðun laga 19. janúar 1863 um launaviðbót ýmissa embættismanna á Íslandi skuli enn fremur frestað, 20. marz 1868. (Sjá II., viðb. bls. 117).

Og því næst afhenti hann forseta frumvörp þau, sem nú skal greina.

1. Frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. (Sjá II., bls. 10).
2. Frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands. (Sjá II., bls. 21).
3. Frumvarp til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarm. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. (Sjá II., bls. 43).
4. Frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl. (Sjá II., bls. 49).
5. Frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið. (Sjá II., bls. 66).
6. Frumvarp til opins brèfs handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, er hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu. (Sjá II., bls. 58).
7. Frumvarp til opins brèfs handa Íslandi, um aðra skiptingu á lyfjavoginni, en hingað til. (Sjá II., bls. 61).
8. Frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndun ljósmynda o. fl. (Sjá II., bls. 64).

Forseti gat þess síðan, að næsta dag gæti enginn fundur orðið, með því líka að sèr virtist það vel við eiga, þar sem það væri hátíðisdagur um alla Danmörku, er það væri giptingardagur hins danska krónprinz, en ákvað fund á fimmtudaginn kl. 12.

Fundi slitið.

---

2. fundur — 29. júlí.

Allir á fundi.

Forseti: Eg skal fyrst og fremst skýra frá, að eptir samkomulagi við hinn háttvirta konungsfulltrúa eru teknir tveir aðstoðarmenn til skripta innanþings, nl. kand. Ólafur Sigvaldason og kand. Halldór Melsteð, sem báðir eru mættir hèr í dag, og vil eg því biðja þá að ganga til sætis og taka til starfa.

Konungsfulltrúi: Með brèfi frá 9. þ. m. hefir lögstjórnin sent

mèr þau almennu lagaboð, er út hafa komið í Danmörku á árunum 1867 og 1868, í þeim tilgangi, að alþingi geti gefizt kostur á að segja álit sitt um það, hvort nokkur af þessum lagaboðum sèu þess eðlis, að þau, breytt eða óbreytt, geti orðið gjörð að lögum fyrir Ísland. (Sjá II., bls. 102).

Samkvæmt þessu afhendi eg hinum heiðraða forseta þessi lagaboð til yfirvegunar og frekari meðferðar þingsins.

Forseti: Eg hefi þá tekið við þessum lagaboðum, og munu þau verða lögð fram á lestrarsalinn, svo menn geti yfirvegað, hvort nefnd skuli sett í þau eða ekki.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að afhenda hinum heiðraða forseta til útbýtingar meðal þingmanna 30 exemplörum af tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa dags. 25. júní þ. á. (Sjá II. viðbæti bls. 98).

Forseti: Eg hefi tekið á móti tilskipun þessari, og bið eg skrifarana að útbýta henni meðal þingmanna.

Þá er að taka til dagskrár, og liggur þá fyrst fyrir að kjósa nefnd í konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi, um að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl geti fengið álitsskjölin um málið. Mèr sýnist 3 manna nefnd nægja, og ef enginn þingmanna gjörir aðra uppástungu, álít eg það samþykkt.

Var þá kosin 3 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosningu:

Bergur Thorberg með 15 atkv.
Jón Pètursson — 11 —
Benedikt Sveinsson — 9 —

Málið afhent hinum 2. konungkjörna þingmanni.

Því næst var kosin 3. manna nefnd í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu, og urðu þessir fyrir kosningu:

Þórður Jónasson með 13 atkv.
Benedikt Sveinsson — 9 —
Jón Pètursson — 8 —

Málið afhent hinum 1. konungkjörna þingmanni.

Þá var kosin 3 manna nefnd í málið um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, og urðu þessir fyrir kosningu:

Jón Hjaltalín með 17 atkv.

Daníel Thorlacius með 10 atkv.
Grímur Thomsen — 6 —

Var málið afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni.

Þessu næst var kosin 3 manna nefnd í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndun ljósmynda o. fl.

Þessir urðu fyrir kosningu:

Tryggvi Gunnarsson með 10 atkv.
Grímur Thomsen — 8 —
Páll Pálsson — 7 —

Málið afhent þingmanni Norður-Þingeyinga.

Var því næst kosin nefnd í málið um konunglegt frumvarp til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og var það með atkvæðagreiðslu ákveðið, að 5 menn skyldi í hana kjósa. Þessir urðu fyrir kosningu:

Jón Sigurðsson með 17 atkv.
Benedikt Sveinsson — 16 —
Páll J. Vídalín — 14 —
Hjálmur Pétursson — 10 —
Stefán Jónsson — 7 —

Þórarinn Böðvarsson hafði einnig 7 atkvæði, en með því hann var þeirra yngri, hlaut Stefán Jónsson sæti í nefndinni.

Málið afhent þingmanni Suður-Þingeyinga.

Þá var kosin 5 manna nefnd í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl. Þessir urðu fyrir kosningu:

Bergur Thorberg með 17 atkv.
Grímur Thomsen — 11 —
Þórður Jónasson — 10 —
Jón Pétursson — 9 —
Stefán Eiríksson — 8 —

Málið afhent hinum 2. konungkjörna þingmanni.

Forseti: Þá kemur til nefndarkosningar í málunum um konunglegt frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, óg konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands. Mál þessi eru svo náskyld, að eg hygg að vel megi kjósa eina og sömu nefnd í þau

bæði, en eg veit ekki, hvort hinn háttvirti konungsfulltrúi skyldi vera á sama máli.

Konungsfulltrúi: Mèr þykir það meira samkvæmt reglu þeirri, sem hingað til hefir verið fylgt á alþingi, að kjósa sína nefnd í hvort þessara mála; eg man eptir, að svo var gjört á alþingi í hitt eð fyrra, þegar spursmál var um að kjósa nefnd í 2 mál, sem voru hvort öðru mjög skyld. Mèr virðist einnig alþingistilskipunin gjöra ráð fyrir, að sín nefnd verði kosin til að meðhöndla hvert mál, sem frá stjórnarinnar hálfu verður lagt fyrir þingið. En af því að hèr ræðir um tvö mál þau, sem mest ríður á að allir þingmenn verði svo kunnugir, sem bezt má, og af því að það er vonandi, þegar þingið kýs t. a. m. 9 nefndarmenn í hvert mál, og 18 þingmenn fengi starfa hver með öðrum til þess að gjöra málin svo vel úr garði sem unnt er, að úrslit málanna verði hin beztu — enn fremur af því að eg gjöri ráð fyrir, að þingmönnum sè það ákjósanlegast, að ágreiningur, sem vera kynni þeirra á milli um einstök atriði, ekki verði útilokaður frá að koma fram í nefndunum sjálfum, því á þann hátt verður sem bezt sèð fyrir því, að málin verði til hlítar rannsökuð, bæði af nefndunum og af þinginu; en einmitt þess vegna er það siður í öllum löndum, hvar «parlamentarisk» þing eru haldin, að gefa minni hlutanum — ef þvílíkur kynni til að vera — tækifæri til í nefndinni að koma fram með ástæður sínar, sem þá ef til vill, getur orðið hrundið með betri rökum, meðan meiri hlutinn, ef á annan veg verður að farið, getur sýnzt — að eg segi svo — í nefndarálitinu að koma fram sem þingið í heild sinni, þó hann í raun og veru ekki sè þetta; en þá kemur ágreiningurinn ekki fram fyrri en á þinginu, og þá getur skeð, að úr honum verði skorið, ekki eingöngu eptir ástæðum — að minnsta kosti getur það litið svo út — og þar hjá getur þetta valdið mikilli tímalengingu.

Með þessum athugasemdum skal eg leyfa mèr að benda þinginu til þess, hvort ekki sè heppilegast, að kjósa sína nefnd í hvort þessara tveggja mála, en sjálfsagt er þetta að eins bending frá minni hálfu, því mèr dettur ekki í hug að vilja taka fram fyrir frjálsan atkvæðisrètt þingsins.

Forseti: Þar eð það sýnist vera ósk konungsfulltrúa, að tvær nefndir verði settar, heldur en ein, þó hann að öðru leyti láti það á þingmanna valdi, þá skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort heldur skuli vera.

Var þá gengið til atkvæða, og samþykkt með atkvæðafjölda, að sína nefndina skyldi kjósa í hvort málið, og stakk forseti upp á 9 manna nefndum.

Jón Hjaltalín: Úr því málinu svona er skipt í tvennt, finnst mèr of mikið, að 9 manna nefnd sè sett í hvort þeirra, og vil eg því stinga upp á, að 7 menn sèu kosnir í hið fyrra, en 5 í hið síðara.

Forseti: Það hefir hingað til verið vani, að kjósa 9 menn í þess háttar mál.

Grímur Thomsen: Það er í öðrum löndum álitið að hafa beztan árangur, að nefndir sèu sem fjölmennastar í slíkum aðalmálum, og vil eg benda hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni til, að í einu landi, sem við báðir þekkjum vel og sem eg veit að hann ber mikla virðingu fyrir, sem sè Englandi, myndar stundum allt þingið eina nefnd; eg álít því náttúrlegt og rètt, að hèr sè kosin 9 manna nefnd, og það því fremur, sem hinn háttvirti forseti benti á, að þetta væri venja.

Jón Hjaltalín: Hèr er ekki um ný mál að ræða, heldur eru þau flestum þingmönnum kunnug, þar sem við höfum fjallað um þau fyrir tæpum 2 árum; eg veit, að það sem hinn heiðraði þingmaður Rangæinga sagði, á sèr stað á Englandi, þegar ný mál og vandasöm koma fyrir; en hèr eru mál þessi meir en helmingi þingmanna vel kunnug, eins og eg líka vil biðja þingmenn gæta þess, að vèr þurfum enn að kjósa í margar nefndir.

Eiríkur Kúld: Eg er á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Rangæinga, að bezt fari að nefndir þessar sèu sem fjölmennastar. Hinn háttvirti konungkjörni þingmaður sagði, að nefndin þyrfti ekki að vera fjölmenn af þeirri ástæðu, að þingmenn væru málum þessum svo kunnugir síðan 1867, en eg vil benda honum á, að bæði er hèr um annað frumvarp að ræða en 1867, og að margir þingmanna eru nýir, er ekki voru á þingi 1867, og því mæli eg með 9 manna nefnd.

Ólafur Pálsson: Af þeirri ástæðu, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, og einnig því, er þingmaður Rangvellinga tók fram, verð eg að álita það með öllu nauðsynlegt, að nefndir þessar sèu hafðar sem fjölmennastar, og mæli því eindregið með 9 manna nefndum.

Var síðan gengið til atkvæða um þetta, og var það samþykkt með atkvæðafjölda, að 9 manna nefnd skyldi kjósa.

Var þá kosin nefnd í málið um konunglegt frumvarp til laga,

er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, og urðu þessir fyrir kosningu:

Jón Sigurðsson	með	25 atkv.
Halldór Jónsson	—	22 —
Eiríkur Kúld	—	20 —
Guðmundur Einarsson	—	20 —
Tryggvi Gunnarsson	—	19 —
Halldór Kr. Friðriksson	—	18 —
Stefán Jónsson	—	18 —
Páll Vídalín	—	17 —
Sigurður Gunnarsson	—	11 —

Málið afhent þingmanni Suður-Þingeyinga.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að afhenda hinum heiðraða forseta 1 expl. af »ríkisdagstíðindunum« árið 1868 og 1869, til afnota fyrir nefnd þá, sem kosin hefir verið í þetta mál.

Forseti: Eg hefi tekið við þessum ríkisþingstíðindum, og skulu þau verða til taks fyrir nefndina, þegar formaður hennar æskir þess.

Þá var kosin 9 manna nefnd í málið um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands.

Voru þessir kosnir:

Halldór Jónsson	með	21 atkv.
Guðmundur Einarsson	—	20 —
Páll Vidalín	—	19 —
Jón Sigurðsson	—	18 —
Eiríkur Kúld	—	17 —
Stefán Jónsson	—	17 —
Tryggvi Gunnarsson	—	17 —
Halldór Kr. Friðriksson	—	16 —
Sigurður Gunnarsson	—	13 —

Málið afhent þingmanni Norður-Múlasýslu.

Forseti: Nefndarkosningunum er þá lokið, og vil eg þá biðja þingmenn að kjósa 2 menn í ritnefnd alþingistíðindanna.

Eg skal geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi er genginn af fundi, og er hinn fyrsti konungkjörni þingmaður seztur í stað hans. Þá voru kosnir þessir ritnefndarmenn:

Halldór Kr. Friðriksson	með	19 atkv.
Jón Pètursson	—	8 —

Helgi Hálfdánarson fèkk líka 8 atkvæði, en með því hann var yngri, varð Jón Pètursson ritnefndarmaður.

Forseti: Dagskrá er þá lokið, og mun eg ákveða fund á morgun kl 12.

Fundi slitið.

---

3. fundur — 30. júlí.

Allir á fundi nema þingmaður Árnesinga og Húnvetninga, er höfðu skýrt forseta frá forföllum sínum.

Þingbók frá tveimur undangengnum fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynning um, að í nefndinni í málinu um frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, væri kosinn formaður Eiríkur Kúld og skrifari Halldór Kr. Friðriksson, og sömuleiðis í nefndinni í málinu um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands. Í nefndinni í málinu um frumvarp til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, er Páll Vídalín kosinn formaður og Jón Sigurðson skrifari.

Eg hefi tekið við af hinum háttvirta konungsfulltrúa nokkrum expl. af:

1. opnu brèfi 26. febr. þ. á. um, að alþingi, sem þá var, skuli uppleyst, (sjá II, viðbæti, bls. 116), og
2. opnu brèfi frá sama degi um kosningar til alþingis (sjá II, viðb. bls. 116).

Eg bið skrifarana að út býta þeim meðal þingmanna.

Eg skal geta þess, að eg hefi ritað stiptsyfirvöldunum viðvíkjandi prentun alþingistíðindanna og hefi eg nú fengið svar þeirra dagsett í dag þannig hljóðandi: (Sjá II. bls. 72).

Skilmálar þessir eru líkir og vant er, og eg fyrir mitt leyti finn ekki ástæðu til annars, en að gjöra mig ánægðan með þá þingsins vegna, og ef enginn þingmanna gjörir neina athugasemd við þá, álít eg þá samþykkta.

Samkvæmt dagskránni skal eg skýra frá nokkrum bænarskrám, er eg hefi meðtekið, og eru þær þessar:

1. Úr Þingeyjarsýslu um spítalagjald.
2. Úr Þingeyjarsýslu um stjórnar- og fjárhagsmálið.
3. Úr Skagafjarðarsýslu um stjórnarskipunarmálið.
4. Úr Húnavatnssýslu um heyrnar- og málleysingja.
5. Úr Húnavatnssýslu um fyrirmyndarbú og búnaðarskóla.
6. Úr Húnavatnssýslu um innheimtu og stjórn á kirkjufé og tekjum.
7. Úr Strandasýslu um lækni.
8. Úr Strandasýslu um stjórnar- og fjárhagsmálið.
9. Úr Ísafjarðarsýslu um byggingu jarða.
10. Úr Ísafjarðarsýslu um hákarla-niðurskurð.
11. Úr Ísafjarðarsýslu um útsendingu alþingistíðindanna.
12. Úr Ísafjarðarsýslu um spítalagjaldið.
13.—14. Úr Barðastrandarsýslu um stjórnarbót.
15.—16. Úr Barðastrandarsýslu um spítalagjald.
17. Úr Barðastrandarsýslu, um að stytta þingtímann og þingtíðindin.
18. Úr Snæfellsnessýslu um stjórnarbótarmálið.
19. Úr Borgarfjarðarsýslu um spítalagjald.
20. Úr Gullbringusýslu um spítalagjald.
21. Úr Reykjavík um spítalagjald.
22. Úr Skaptafellssýslu um stjórnarbótarmál Íslands.
23. Úr Austur-Skaptafellssýslu um póstgöngur.
24. Úr Austur-Skaptafellsýslu um vegabótagjaldið.
25.—29. Úr Múlasýslum um stjórnarmálið.

Bænarskrár þessar verða lagðar á lestrarsalinn, og konungsfulltrúa send eptirrit af þeim.

Því næst var kosin 3 manna nefnd, til að segja álit sitt um hin dönsku lagaboð, og voru þessir kosnir:

Þórður Jónasson	með 20 atkv.
Jón Pétursson	— 18 —
Bergur Thorberg	— 14 —

Málið afhent hinum 1. konungkjörna þingmanni.

Forseti gat þess, að engin mál væru til umræðu á morgun, og gæti því fundur ekki orðið haldinn fyr en á mánudaginn kl. 12.

Fundi slitið.

4. fundur — 2. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 3. konungkjörni þingmaður. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu um, að í nefndinni í málinu um konuglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda o. fl. er Tryggvi Gunnarsson kosinn formaður og Grímur Thomsen skrifari. Í nefndinni í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið, er kosinn formaður Bergur Thorberg, en Jón Pètursson skrifari. Í nefndinni um konunglegt frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl. er kosinn formaður Bergur Thorberg, en Jón Pètursson skrifari.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt brèfi frá lögstjórninni á eg að leggja fyrir alþingið til álita þess brèfaviðskipti nokkur, sem farið hafa milli stjórnarinnar og Englendings nokkurs að nafni Lock, sem hefir sótt um leyfi til að mega nota brennisteinsnámur þær, er ríkissjóðurinn á í Þingeyjarsýslu, um 50 ára tíma fyrir 50 £ eptirgjald hið fyrsta ár, 60 hið 2. ár, 70 hið 3. ár, 80 hið 4. ár, 90 hið 5. ár og 100 £ hið 6. og sèrhvert eptirfylgjandi ára.

Í þessu tilefni skal eg framfylgja:

1. Brèf lögstjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, dags. 10. des. 1866. (Sjá II., bls. 73).
2. Beiðni fyrrnefnds A. Locks áhrærandi leigumálann á greindum brennisteinsnámum. (Sjá II., bls. 74).
3. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar af 17. sept. 1867 til umgetins Locks. (Sjá II., bls. 76).
4. Álit amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, dags. 15. febr. þ. á. (Sjá II., bls. 77).

allt í íslenzkri þýðingu.

Um leið og eg afhendi hinum heiðraða forseta skjöl þessi, skal eg fela honum að annast um, að málið verði tekið til íhugunar og nær meiri meðhöndlunar af þinginu.

Forseti: Skjöl þessi verða lögð fram á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr málið, og mun það svo koma á dagskrá til inngangsumræðu og nefndarkosningar.

Þá er að taka til dagskrár, og koma þá fyrst til inngangsumræðu bænarskrár úr 11 kjördæmum landsins um stjórnarmál Ís-

lands. Mèr virtist haganlegast að láta þær koma fram allar í einu lagi, og að einn væri flutningsmaður þeirra, af því það tekur minnstan tíma. Eg veit nú ekki, hvað þingið vill gjöra við bænarskrár þessar, en eðlilegast finnst mèr að vísa þeim til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu. Þingmaður Barðstrendinga er formaður nefndar þessarar, og hefi eg fengið honum bænarskrárnar til flutnings, og mun hann gjöra svo vel og skýra þinginu frá þeim.

Eiríkur Kúld: Þetta er æði-stór bunki, og á eg því ekki hægt með að skýra ítarlega frá hverri bænarskrá fyrir sig, en þar eð þær allar eru mjög líkar, læt eg mèr nægja að lesa upp aðra bænarskrána úr Barðastrandarsýslu, og svo niðurlagsatriðin í hinum. (Sjá II., bls. 78).

Eg sè mèr ekki fært að mæla fram með, að sèrstök nefnd verði sett til þess að skoða bænarskrár þessar, því eg býst við, að það mundi eigi leiða til mikils, því eg geng að því vísu, að niðurstaðan verði sú, að þeim verði vísað til nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu, þó hún að vísu hafi nóg að gjöra.

Forseti: Eg skal þá skjóta því til atkvæða þingsins, hvort afhenda skuli bænarskrár þessar nefndinni í stjórnarbótarmálinu.

Pètur Pètursson: Eg vil heldur mæla fram með sèrstakri nefnd, því eg er hræddur um, að það verði of vaxið nefndinni í stjórnarbótarmálinu, að taka öll þau atriði til greina, sem um er beðið, og gætu þá nefndirnar borið sig saman.

Því næst lèt forseti ganga til atkvæða um, hvort sèrstaka nefnd skyldi kjósa eða vísa bænarskránum til nefndarinnar í stjórnbótarmálinu, og var þessi síðari uppástunga samþykkt með 18 atkv. gegn 4, og bænarskrárnar síðan afhentar þingmanni Barðstrendinga.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Húnavatnssýslu um innheimtu á kirknafè. Þingmaður Húnvetninga er flutningsmaður, og mun hann gjöra svo vel og lesa bænarskrána upp og skýra þinginu frá því, sem þörf er á.

Páll Vídalín: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sjá II., bls 86).

Það er mèr nú sönn ánægja að flytja bænarskrá þessa hèr á þingi, því hún er frá þeim mönnum, sem eg veit að hafa vel vit á máli þessu, og eg vona, að henni verði vel tekið hèr, þar sem svo margir stèttarbræður beiðandanna eru hèr á þingi.

Eg þarf ekki að mæla margt fram með bænarskránni, því hún færir sjálf ástæður fyrir uppástungum sínum, en eg sakna samt einnar ástæðu í bænarskránni, sem eg legg mesta áherzlu á í þessu máli, en hún er sú, að þegar prestur deyr eða fer frá brauði, þá fær hann eða dánarbú hans ekki endurgoldið fé það, er hann kann að hafa lánað kirkjunni. Þetta atriði virðist mér þýðingarmikið og þess vert, að það sé tekið til yfirvegunar. Eg vona, að nefnd verði sett í málið, og af því mér þykir það mikils-vert og nokkuð vandasamt, vil eg stinga upp á 5 manna nefnd.

Konungsfulltrúi: Þó að þessi bænarskrá sé komin frá 10 prestum í Húnavatnsprófastsdæmi, þykir mér hún lýsa þvílíku mistrausti til prestastéttarinnar, að ísjárvert sé fyrir þingið að aðhyllast þessa skoðun, því hún gjörir ráð fyrir, að prestarnir ekki geti gjört skil fyrir tekjum þeim, sem þeim er trúað fyrir, að þeir séu ónýtir reikningsmenn, og að prófastarnir ekki geti haft það í þessu tilliti nauðsynlega eptirlit með tekjum kirknanna o. s. frv., en mér þykir þessi kæra ekki á nægilegum rökum byggð, því þó að það kynni að fara í einstökum tilfellum, eins og bænarskráin gjörir ráð fyrir, er eptir minni meiningu prestastéttin hér á landinu nú sem stendur svo heiðarleg, að ekki verðskuldi hún þetta mistraust; og eg skal þess vegna leyfa mér að ráða þinginu frá, að kjósa nefnd í þetta mál.

Pétur Pétursson: Jafnvel þó eg sé samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa um það, að prestastéttin sé heiðarleg og áreiðanleg í þessu efni, þá hefir þó hinn heiðraði þingmaður Húnvetninga bætt þeirri ástæðu við, sem gefur málinu það útlit, að eg vil heldur styðja að því, að nefnd verði í það sett. Hann tók það nefnilega fram, að þegar prestar deyja eða fara frá brauðum, og eiga ef til vill mikið fé hjá kirkjunum, þá hefir það verið almenn regla, að skuldir þessar falli niður, nema hvað stjórnarráðið hefir stundum gjört nokkra undantekningu í þessu efni. Ef nú nefnd verður sett í málinu, og á móti því virðist mér yfir höfuð ekkert vera, þá vil eg geta þess, að bænarskrá þessi skoðar málið einungis frá sjónarmiði prestanna, en öldungis ekki frá sjónarmiði leikmanna, en ekki er með öllu víst, að þeir treystist til að taka við þessum starfa. Eg vil því óska, að í nefndina verði kjörnir ekki eingöngu andlegrar stéttar menn, heldur og leikmenn, svo að þegar í nefndinni geti komið í ljós skoðanir frá beggja hálfu. Það er í hverju máli sem vera skal mjög óheppilegt, þegar allir

nefndarmenn eru sömu skoðunar, því að af því gètur leitt, að síðan komist allt í eina bendu, og úrslit málanna verði að lokum mjög svo undir tilviljun komin, og störf nefndarinnar þannig orðið árangurslaus. Eg vil styðja að því, að nefnd sè kosin, og er samdóma þingmanni Húnvetninga um að 5 manna nefnd sè hæfileg.

Þórður Jónasson: Eg verð að vera mótmæltur því, að mál þetta sè tekið í nefnd á því stigi, sem það nú er; það er komið frá 9—10 prestum úr einu kjördæmi, og það sem bænarskráin fer fram á er þess eðlis, að eg þykist sannfærður um, að ef allir prestar í landinu ættu hèr að greiða atkvæði um það, mundu fleiri verða móti en með bænarskránni, enda er það að mínu áliti eigi rètt hermt yfir höfuð, að prestarnir hafi svo mikla hyrði af kirkjunum, eins og segir í bænarskránni. Eg held kirkjurnar yfir höfuð geti borið sig sjálfar, ef vel er á haldið. Það ber stundum við, að kirkjuportiónin hleypur upp á prestinn og bú hans, og stundum missist, en þetta er undantekning frá reglunni, og þegar prófastarnir hafa nákvæmt eptirlit með tekjum kirknanna, þarf hún ekki að eiga sèr stað. Margvíða eru prestarnir líka svo hyggnir, að þeir koma kirkjuportíóninni á vöxtu, og hins vegar hafa þeir opt hag af því, að taka við og geta hagnýtt sèr kirkjutekjurnar leigulaust. Ætti að gjöra sóknarmönnum að skyldu að taka að sèr kirkjurnar, þá verða að mínu áliti einnig ítök kirkjunnar að vera með eða fylgja henni, en þessi ítök gefa opt töluverðan arð, og prestarnir mundu varla vilja missa hann. Yfir höfuð er þetta fyrirkomulag, sem nú er, svo gamalt, að eg sè enga ástæðu til að breyta því; það hefir staðið frá alda-öðli. Hvað það snertir, að presturinn, þegar hann flytur að öðru brauði, eða bú hans, þegar hann deyr frá því, missi það fè, sem hann á inni hjá kirkjunni, er þess að geta, að stiptsyfirvöldin hafa á seinni árum ávísað prestunum eða búi þeirra, þegar kirkjan var aflagsfær, meiri eður minni hluta af kirkjuskuldinni, og hún þannig fengizt endurgoldin að miklu leyti. Eg mæli móti því, að málið sè tekið í nefnd.

Eiríkur Kúld: Mèr finnst hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður leggja of mikið í sum atriði bænarskráarinnar, svo sem er hann álítur, að ítök kirkna sjálfsagt verði við þá tilhögun á fjárhaldi kirkna einnig fengin í hendur bænda; með tilliti til þessa skal eg leyfa mèr að taka það fram, að arðurinn af ítökum kirkna er tekjur prestanna, en alls eigi kirknanna, en bænarskráin nefnir ekki tekjur presta á nafn. Það er opt enginn hægðarleikur fyrir

prestana, að koma tekjum kirknanna í peninga, og þó á það að vera í raun og veru, og miðar bænarskráin til að lètta á þeim í þessu efni, og þó það á hinn bóginn opt geti verið hagfellt fyrir fátækan prest að fá rentulaust lán hjá kirkjunni, þá hefir það ekki ætíð orðið affarasælt fyrir suma. Eg felli mig ekki alls kostar við niðurlagsatriði bænarskráarinnar; eg vildi nl. að þar væri tekið fram, að presturinn skyldi vera sjálfkjörinn meðlimur af nefndinni, og vona að nefnd, ef hún verði sett, lagfæri það. Eg verð að mæla með því, að nefnd sè sett í málið.

Guðmundur Einarsson: Mál það, sem hèr ræðir um, er þýðingarmikið nýmæli, sem grípur djúpt inn í þjóðlífið, fái það framgang. Það fríar sem sè presta við skyldur og ábyrgð, sem hafa á þeim legið frá aldaöðli sem staðarhöldurum og umboðsmönnum kirknaeigna, og það varpar skyldum og ábyrgð yfir á sóknarfólkið, sem það hefir til þessa verið frítt við. Mál þetta þarf því vandlega að skoðast, ekki einasta frá prestanna hlið, heldur og svo frá sóknarbændanna síðu, og það vel að takast til greina, sem hinir konungkjörnu þingmenn, sá 1. og 5., sem talað hafa í málinu, hafa tekið fram, einkum í tilliti til þess, að hve miklu leyti það yrði spurning um krófu til eigna kirknanna frá sóknanna hálfu, yrði kostnaði til húsanna sjálfra og ábyrgð á viðhaldi þeirra varpað á þær. Til þess því að málið verði skoðað sem vandlegast og með sem mestri rósemi, sting eg upp á, að því verði vísað forsetavegsinn til stiptsyfirvaldanna, er vildu leggja það fyrir synódus til nákvæms undirbúnings, áður en það er borið fram á þingi til umræðu og meðferðar.

Davíð Guðmundsson: Eg verð ásamt hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni að ráða frá, að nefnd sè sett í málið. Mèr finnst bænarskráin ekki eins vel úr garði gjörð, eins og eg hafði búizt við af höfundum hennar, því hún sannar alls ekki það, sem hún á að sanna. Efnaleysi presta er við barið, en eg held að eins vel mætti berja við efnaleysi bænda, og að kirkjur geti eigi að síður misst fè í höndum þeirra en fátækra presta; ef ástand kirkna í höndum presta gefur tilefni til guðræknisskorts, þá mundi slíkt engu síður eiga sèr stað, þó þær væru í höndum bænda. Þar sem sagt er, að prestar sèu álitnir tollheimtumenn, ef þeir kalli inn kirknagjöld, þá losast þeir alls ekki við það nafn, þótt þeir losist við innheimtu á kirknafènu, því að þeir losast eigi fyrir það við að heimta inn tekjur sjálfra sín. Að því er snertir

það, að kirkjurnar verði á þennan hátt hús safnaðanna, og það sè hvöt til að halda þeim vel við, þá efast eg mjög um, að hugsunarhætti bænda hèr á landi sè almennt svo varið, að þeir álíti byrði þessa svo lètta, að þeir sèu fúsir að hlaupa undir hana. Það er satt, að margir prestar hafa misst fè, er þeir hafa farið frá brauðum og hafa átt hjá kirkjunum, en á seinni árum hafa stiptsyfirvöldin einatt bætt úr þessu.

Pètur Pètursson: Eg hefi hingað til ekki talað neitt um málsins «Realitet», því eg álít það eigi ekki við á þessu stigi málsins, því samkvæmt alþingistilskipuninni á nú einungis að ræða um, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki. Ef nefnd verður sett, þá getur hún eins og í hverju öðru máli komizt að allt annari niðurstöðu en bænarskráin, og jafnvel alveg ráðið frá niðurlagsatriðum hennar.

Helgi Hálfdánarson: Eg vil fastlega mæla með nefnd í máli þessu, því það er eptir minni hyggju mjög svo þýðingarmikið. Það væri ekki einungis mikill hagur fyrir prestana, að losast við fjárheimtu og ábyrgð kirknanna, heldur optlega líka fyrir kirkjurnar. Með því fyrirkomulagi, sem nú er, verður opt bæði presturinn og kirkjan fyrir skaða. Þar sem því hefir verið hreift, að ítökin hlytu að fylgja kirkjunum, ef þær væru teknar úr ábyrgð prestanna, þá getur mèr ekki skilizt það; því þau heyra til tekjum prestanna en ekki kirknanna. Það hefir verið talað um að láta málið fyrst ganga fyrir synódus, en eg sè enga þörf á því. Hèr eru nú svo margir prestar á þingi, að menn gætu haldið hèr allfjölmennan synódus; því opt hafa verið færri prestar á synódus en nú eru á þingi. Eg er samdóma hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni í því, að málið gæti haft gagn af að komast í nefnd, til hvaða niðurstöðu sem hún kæmist, og álít eg mikilsvert, að leikmenn væru og kosnir í nefndina. Það er enn eitt atriði, sem eg vil taka fram. Eg held, að þessi breyting gæti orðið til þess að glæða áhuga á kirkjulegum málefnum hjá mönnum, og að þeim yrði þá jafnvel kirkjan kærari. Þá gætu þeir ekki heldur kennt prestinum, ef þeir vegna þess, hvernig kirkjan væri á sig komin, þættust ekki geta sótt kirkju eins vel og þeir ella mundu gjöra. Ef ábyrgð og umsjón kirknanna væri falin nefnd manna í sóknunum, gæti þetta og orðið byrjun til þess, að nokkurs konar safnaðaráð kæmust á, sem eg álít mjög svo nauðsynlegt.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að vera á móti því, að

nefnd sè sett í mál þetta, því að þótt það sè enn ekki mikið rætt, finnst mèr þó fullljóst, að það vantar þann undirbúning, sem útheimtist til þess, að þetta þing geti komizt að nokkurri niðurstöðu um það, og sè eg því ekki annað fyrir en vísa því frá að svo stöddu. Eins og hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók fram, getur mikill vafi verið á, hvað eru í rauninni eiginlega tekjur presta og hvað tekjur kirkna. Eg er hræddur um, þegar öllu er á botninn hvolft, að ýmsar tekjur þær, er taldar eru prestunum núna, heyri í rauninni kirkjunum til, og mundu fylgja þeim, ef prestar slepptu þeim og ábyrgðinni á þeim. Málið hefir hvorki þann undirbúning, sem með þarf, nè getur fengið hann á þessu þingi, og þess vegna vil eg ráða frá, að menn skipti sèr af því í þetta skipti.

Jón Sigurðsson: Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, þá vil eg geta þess, að mèr þykir það óráðlegt að setja nefnd í málið, ef hún svo skyldi vísa því frá, og til annarar niðurstöðu get eg ekki skilið að nefnd geti komizt; eg held vèr höfum nóg annað að gjöra á þessu stutta þingi en að setja nefndir í þau mál, sem auðsjáanlega enginn árangur verður að setja nefnd í. Eg er samdóma þingmanni Reykvíkinga um það, að málið vanti nægilegan undirbúning. Hèr liggur að eins fyrir ósk frá 9 prestum í Húnavatnssýslu, um að losast við umsjón kirkna, en um álit og vilja allra annara presta á landinu vitum vèr alls ekkert, og ekkert er komið fram frá hendi safnaðanna, er sýni, að það sè þeirra ósk og vilji að taka að sèr kirkjurnar, og aldrei hefir mál þetta heldur komið fyrri fyrir þing, eptir því sem eg bezt get munað. Það liggur beinast við að skilja bænarskrána svo, sem beiðendurnir álíti kirkjurnar byrði, sem þeir vilja lètta á prestunum, en þá er eptir að vita, hvort söfnuðirnir vilja taka þessa byrði á sitt bak, og eg bið menn líka vel að athuga, hvort söfnuðirnir muni almennt vera því vaxnir að taka við kirkjunum. Eg fyrir mitt leyti vil mjög svo efast um það, og mèr er nær að halda, að mál þetta sè of snemma upp borið, þar sem hèr er hvorki trúarbragðafrelsi nè nokkur mynd af sóknarráði í söfnuðunum. Af þessum ástæðum vil eg ráða frá, að bænarskrá þessi sè tekin til greina að svo stöddu, þó eg játi að málið í sjálfu sèr sè mikilsvert.

Páll Vídalín: Eg get ekki annað sagt en að mèr virðist ástæður þær, sem enn eru fram komnar móti nefnd í máli þessu,

sèu harðla lèttvægar, og sú ástæða, sem eg bætti við bænarskrána, er að minnsta kosti enn með öllu óhrakin. Menn hafa sagt, að málið væri eigi nógu vel undirbúið hvorki í tilliti til prestanna eða safnaðanna. Þennan undirbúning á nú einmitt þingið að veita málinu, svo að málið verði nægilega undirbúið, og það er ekki hætt við, að stjórnin ráði því til lykta, ef hún eigi álítur það rètt, því það er hún en ekki þingið, sem bindur enda á málið. Stungið hefir og verið upp á að vísa málinu fyrir synódus, en það virðist mèr með öllu óþarft, þar sem svo margir prestar sitja hèr á þingi, sem hafa vit á málinu. Þá hefir því einnig verið hreift að ítökin yrðu að fylgja kirkjunum, en eg get ekki skilið, að svo þurfi að vera fremur um þau en aðrar eignir kirknanna. Eg sè ekki, að sambandið milli kirknanna og ítakanna sè nánara en milli kirknanna og annara eigna þeirra. Eg vil ekki tala meira um efni málsins að svo stöddu eða til hvaða niðurstöðu nefndin kann að komast, en eg get ekkert verulegt sèð enn komið fram á móti því, að nefnd verði sett.

Páll Pálsson: Hvað það snertir að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga sagði að eigi mundi vera svo hægt að greina tekjur prestanna frá kirknanna, þá vil eg leyfa mèr að geta þess, að eg skil ekki að nein vandræði þurfi að verða úr því, þar sem bújarðir presta, afgjöld af lènsjörðum og hlunnindi heyra til tekja presta, en tíundir, ljóstollar, legkaup o. s. frv. til tekja kirknanna. Um þetta þarf þannig ekki að vera í neinum vafa. Þingmaður Suður-Þingeyinga hèlt, að söfnuðirnir mundu álíta kirkjurnar sem ómaga; þetta held eg ekki þurfi að óttast, því það mun ekki vera óvíða, að söfnuðirnir haldi, að prestar hafi fremur hag en skaða af kirkjunum. Eg fyrir mitt leyti held, að allir prestar vilji fegnir losast við þessa kirkna-umsjón, og vil því mæla fram með, að nefnd verði sett.

Sigurður Gunnarsson: Ef mál þetta kemur nú í nefnd, þá þarf þar mörgu að hreifa, sem ekki er tekið fram í bænarskránni, t. a. m. því, að koma skyldi upp sjóð í hverju prófastsdæmi af fè kirknanna. Hvað það snertir að prestar missi fè það, er þeir eiga hjá kirkjunum, þegar þeir víkja frá, þá hefir stjórnin opt bætt úr því á seinni tíð, og að kirkjufè verði hætta búin í vörzlum prestanna eður það leggi í eyði bú þeirra, þá er einnig bót ráðin við því með fyrirskipunum biskups á seinni árum, og hygg eg kirkjufènu þurfi síður hèr eptir en hingað til að verða til vanda eða prestunum byrði. Opt getur það og verið mjög þægilegt fyrir

fátækan prest, að fá lán hjá kirkjunni leigulaust. Þótt mèr nú finnist mikið vanta á, að mál þetta sè vel undirbúið, þá vil eg samt ekki mæla móti nefnd, því eg ímynda mèr, að hún geti skýrt það.

Ólafur Pálsson: Eg verð að halda fram með að nefnd sè sett í þessu máli einkum af þeim ástæðum, er hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður og þingmaður Húnvetninga tóku fram, og ætla eg ekki að vera að hafa þær upp aptur. Það, sem eg vildi helzt minnast á, er það, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður færði sem ástæðu á móti því, að nefnd væri sett í málið, en það var, að óþarfi væri að hreifa þessu, þar eð prestar almennt mundu standa góð skil á fè kirknanna. Þetta er að vísu satt, og mèr er kunnugt, að margir prestar standa vel í skilum um fè kirkna, en eg veit einnig vel, hvernig opt stendur á þeim skilum. Þegar tregt gengur innheimtan, sem ætíð er óþægileg fyrir prestinn eptir stöðu hans, þá er það margur, sem reiknar kirkjunni það, sem hann ekki getur náð, af eigin fè. Þetta eru nú engin góð kjör, enda hafa allir prestar þar sem eg hef verið viljað losast við þessa gjaldheimtu. Þingmanni Barðstrendinga þótti það vanta í bænarskrána, að prestar ættu að vera sjálfkjörnir í nefndina, og þetta er alveg rètt hugsað; en þegar betur er að gætt, vantar þetta ekki, eins og sjá má af niðurlagsatriðunum, því að þau útilykja ekki, að prestur sè kosinn í þá nefnd, sem hèr er farið fram á.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga tók það fram, að söfnuðirnir mundu ekki því vaxnir að taka við kirkjunum, en eg skil eigi, að svo sè; að minnsta kosti þekki eg engan söfnuð, að ekki sèu í honum menn, er bæði kunna að skrifa og reikna, og ætíð kunna þeir þá líka að taka við gjaldi. Hann hafði það og á móti uppástungunni, að hèr væru engin kirkjuráð; eg bið hann gæta þess, að hèr ræðir nú um að koma þeim á, og er byrjunin þegar gjörð, og eigum við það að þakka biskupi vorum. Hann barði því líka við, að söfnuðirnir mundu ófúsir að takast þetta á hendur, en við því er ekki hætt, því þegar þetta er orðið að lögum, geta menn ekki skorazt undan að hlýða; því er líkt varið og með meðhjálparana; enginn getur skorazt undan þeirri þjónustu af því lögin gjöra hana að skyldu. Þingmaður Reykvíkinga hèlt, að vandræði mundu verða úr ítökunum, en eg vona nú, að honum sè nú af ræðu þingmanns Vestur-Skaptfellinga orðið

ljóst millibilið milli tekja presta og kirkna. Eg verð að ráða til, að nefnd sè sett í málið.

Hallgrímur Jónsson: Eg skal ekki neita því, að yfir höfuð og fyrir það vissa í sumum sóknum, held eg að kirkjur væri betur komnar í bændahöndum en presta, þó það reyndar ekki skíni á sumum þeim, sem eg þekki til og bændaeign eru. En ef nú kirknafèð er prestunum til byrðarauka, hvað mundi það þá ekki verða bændunum, sem mikið eru miður fallnir til að gæta inngjalda sinna og útgjalda. Þess utan veit eg, að ekki mundu smátollarnir gjaldast bændunum betur en prestunum, og ber tvennt til þess. Það fyrst, að menn gjöra sèr fremur dælt við jafningja sinn en prestinn, og skjóta skuldinni á frest; og það annað er samlagningin á prests- og kirkjugjaldinu, því flestir vilja heldur greiða sömu upphæð einum, en að skipta henni milli tveggja. Eg fyrir mitt leyti verð að mæla móti nefnd og vil eyða málinu í þetta skipti, þangað til að prestarnir verða viðskila við fleiri af þessum tollheimtustörfum.

Stefán Eiríksson: Það er nú búið að ræða mál þetta svo, að óþarfi er fyrir mig að standa upp. Eg ætla einungis að láta í ljósi, að eg álít ekki mál þetta komið á það stig, að nefnd skuli í það kjósa. Hèr liggur ekki annað fyrir en bænarskrá frá fáeinum prestum í einu kjördæmi landsins, en alls ekkert frá söfnuðunum, og væri þetta eitt fyrir sig næg ástæða til að vísa málinu frá nefnd. Eg veit heldur ekki, hvernig hinum öðrum prestum út um landið mundi geðjast að þessu, og ef þessi tilhögun kæmist á, sem farið er fram á í bænarskránni, er óvíst að prestum þætti svo þægilegt, að skila nú þegar af sèr fè kirknanna. Þeim er opt þægilegt að hafa fè þetta til láns rentulaust, og vil eg færa dæmi til þessa. Þegar kandídatar koma frá prestaskólanum að brauðunum, eru þeir optast fátækir og fèlausir. Eigi nú kirkjan svo sem 200 rd., þá held eg kandídatar þessir verði fegnir að brúka þá til þess að kaupa sèr bústofn fyrir. Það er annars margt fleira athugavert við þetta mál, og ræð eg sem sagt frá nefnd í því.

Jón Sigurðsson: Eg verð að svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga því, að mèr þótti það heldur merkileg upplýsing, sem hann gaf þinginu, þar sem hann ætlast til, eða gjörði ráð fyrir, að neyða mætti kirkjunum upp á söfnuðina. Eg vona hann muni vel hvernig það atvikaðist, að kirkjurnar komust í klerkahendur, og að það var síður en ekki að leikmenn ýttu þeim þá af sèr;

hvað horfir þá beinna við, en ef prestar færu nú að ýta þeim af sèr, að bændur þá ýttu á móti. Í tilefni af bendingum þeim, er fram hafa komið í ræðum ýmissa þingmanna skal eg geta þess að bezt mundi fara á því, að öll þau lög, sem snerta kirkjustjórn og klerkavald hèr á landi, yrðu tekin fyrir og endurskoðuð í einu lagi; væri þá máske ákjósanlegt, að losa presta við alla gjaldheimtu og öll verðsleg yfirráð yfir kirkjum og söfnuðum. En að fara fram á svo stórkostlega breytingu að þessu sinni, vil eg alls ekki ráða þinginu til.

Halldór Kr. Friðriksson: Hinir heiðruðu þingmenn Barðstrendinga og Vestur-Skaptfellinga halda, að mjög breitt bil sè milli tekja presta og kirkna, og telja, að eg hafi farið skakkt í skoðun minni, en eg efast um að svo sè. Þeim er það þó fullkunnugt, að margar af tekjum þeim, er prestar nú njóta algjörlega, voru upprunalega gefnar kirkjunum, en alls eigi prestunum. Þeir munu að vísu fyrst hafa fengið þær einmitt með því skilyrði, að við halda kirkjunum, en ef þessari ábyrgðarskyldu yrði af þeim lètt, þá er eg næsta hræddur um, að mörgum mundi þykja svo, sem þeir ættu eigi að njóta allra þeirra tekja, sem þeir nú hafa. Það er ekki heldur nóg, að ósk þessi komi frá einum 9 prestum í Húnaþingi; menn verða líka eitthvað að vita frá bændanna hálfu. Eða má eg spyrja, er nokkur sönnun komin fyrir því, að þeir vilji taka að sèr viðhald kirknanna? Í sumum sóknum er þetta með öllu ógjörningur, þar sem ekki eru nema svo sem 6 eða 7 bæir. Eg vil taka til dæmis Hítardal; það er eitt af hinum beztu prestaköllum landsins, en þar munu ekki vera fleiri en 6 eða 7 bæir í sókninni, og hvað mundu tekjur kirkjunnar hrökkva langt til að við halda henni? og það liggur þá í augum uppi, hversu ósanngjarnt það væri, að skylda þessa 6 eða 7 bændur til að við halda kirkjunni á sinn kostnað. Þetta sýnir nægilega, að það átti við góð rök að styðjast, er þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að söfnuðirnir væru ekki því vaxnir að taka við viðhaldi kirknanna. Mèr finnst málið alls eigi þannig undirbúið, að þetta þing geti átt við það, og sè því rèttast að vísa því frá, en prestarnir gætu ritað biskupi og stiptsyfirvöldunum um það, og þannig undir búið það til síðari timanna.

Torfi Einarsson: Eg held að þetta mundi vekja megna mótspyrnu og óánægju hjá bændum. Það hefir verið sagt, að ¼ partur af tekjunum heimtist ekki. En ætli það gengi betur fyrir bænd-

unum? Það var líka sagt, að prestar ættu óhægt með að koma tekjunum í peninga; en má eg spyrja: hvar er banki sá, er bændur eiga að sækja peninga í? Það hefir líka verið sagt, að þegar þetta væri orðið að lögum, þá geta bændur ekki neitað að taka við þessu. En hèr eru nú margir bændur, sem verið hafa hreppstjórar, og munu þeir geta nærri, hvað gott er að búa undir þeim lögum, sem leggja mönnum endurgjaldslaust slíka byrði á herðar.

Páll Vídalín: Mèr finnst menn á þessu stigi málsins fara allt of mjög inn í efnið. Það er ekki víst, að kirkjunum verði neytt upp á söfnuðina, því nefndin getur vel komið til annarar niðurstöðu en bænarskráin bendir til, svo allar þær mótbárur, sem komið hafa fram móti bænarskránni, af þessari ástæðu eru þannig óþarfar og falla af sjálfum sèr. Þar sem talað var um, að hagur væri fyrir prestana að geta fengið rentulaust lán af portíón kirkjunnar, þá er heldur engan veginn víst, að þeir ekki geti fengið lán af sjóðum kirknanna, þó þeir losuðust við ábyrgð á tekjunum og innheimtu gjalda þeirra, en það er nefndarinnar, sem sett verður, að leysa úr þessu sem öðru, en eg sè ekki að nú eigi við að tala um það.

Benedikt Sveinsson: Mèr finnst mestur hluti af umræðum þeim, sem hèr hafa orðið, alls ekki eiga við á þessu stigi málsins, en fyrst að orð þessi einu sinni eru nú töluð og mèr þykir málefnið mikilsvert, vil eg með fáum orðum skýra frá, hvaða sönnunarafl mótbárur þær, sem komnar eru fram á móti nefndarkosning, hafa fyrir mig. Það hefir verið tekið fram, að bænarskráin væri að eins frá 10 prestum. En eg vil nú spyrja: hvaða afleiðingu hefir það, ef menn fara að leggja áherzlu á þetta atriði? Já, þá gætu menn eins fellt bænarskrá frá nefnd af því hún væri að eins undiskrifað af 100, en ekki öllum Íslendingum. Þetta er þó sannarlega þýðingarlaus mótbára, því eg veit, að þingmenn muna eptir, að hver einstakur þingmaður hefir uppástungurètt. Einn heiðraður þingmaður hefir áður sagt hèr í salnum: *ponderandi sunt, non numerandi,* menn eiga að fara eptir ágæti manna en eigi höfðatölu, og er þetta einkum fullkominn sannleiki og viturleg ráðlegging, þegar um vandamál er að ræða. Sumir hafa enn sagt, að hagur væri fyrir prestana að hafa kirkjurnar, en aptur aðrir, að það væri óhagur, og er skrítið að það eru einmitt prestarnir sjálfir, sem bera fram þennan vafa, þessar

gagnstæðu og óskiljanlegu mótbárur. Það virðist aptur sem bændur vilji helzt vera lausir við réttindi þau og byrði, sem hèr ræðir um, af því óhagurinn eða byrðin sè yfirgnæfandi, og hèlt eg þó, að allir bændur vildu bæta hag prestanna, sem vissulega er bágborinn hèr á landi, og með því þetta hlyti að vera skylda þeirra, ef nauðsyn bæri til, svo betra skipulag á kæmist í áríðandi máli, þá er þessi mótbára einnig mjög léttvæg. Það hefir verið enn fremur sagt, að óvíst væri, hverjar væru tekjur presta og hverjar kirkna, en eg held eflaust, að hin gildandi lög dragi og hljóti að draga takmörk þar á milli svo glögg, að enginn þurfi að á villast, sem lögin þekkja og skilja. Það er þó sitt hvað, kirkjan guðshús og presturinn sjálfur, og held eg varla, að nokkur geti ímyndað sèr, að hin borgaralega löggjöf sè svo óglögg, að vandræði verði af í þessu efni; en skyldu takmörk þessi ekki vera nógu glögg eður ófinnanleg, þá á einmitt að setja þau með nýjum lögum, því það er þó nauðsynlegt, að menn viti takmörkin milli ósamkynja hluta, og þau sèu í lögum landsins. Eg verð því að mæla fram með, að mál þetta sè íhugað af þinginu, og eg get ekkert það fundið í efni bænarskráarinnar nè neinn þann blæ á henni, að ástæða sè til að gjöra það að kappsmáli, að nefnd verði eigi kosin, þar sem þó málið er í sjálfu sèr þýðingarmikið, enda sýna ræður hins hæstvirta konungsfulltrúa og hins 5. konungkjörna þingmanns bezt eptir stöðu þeirra, að málið er vafamál og vert þess, að nefnd fjalli um það, og vil eg mæla með því, án þess eg nú lýsi yfir skoðun minni á efni málsins.

Forseti: Inngangsumræðu þessari er þá lokið, og skal eg því leita atkvæða þingsins um, hvort nefnd skuli setja eða ekki.

Því næst var gengið til atkvæða, og var bænarskráin felld frá nefnd með 13 atkvæðum gegn 10.

Því næst leitaði forseti atkvæða um, hvort vísa skyldi málinu forsetavèginn til «synódus», en með því atkvæðagreiðslan varð óglögg, var við haft nafnakall og sögðu

«já»:	«nei»:
Halldór Kr. Friðriksson.	Eiríkur Kúld.
Bergur Thorberg.	Benedikt Sveinsson.
Daníel Thorlacius.	Hallgrímur Jónsson.
Davíð Guðmundsson.	Hjálmur Pètursson.
Grímur Thomsen.	Jón Pètursson.
Guðmundur Einarsson.	Ólafur Pálsson.

«já»:	«nei»:
Halldór Jónsson.	Páll Pálsson.
Helgi Hálfdánarson.	Páll Vídalín.
Jón Sigurðsson.	Pètur Pètursson.
Sigurður Gunnarsson.	Stefán Eiríksson.
Tryggvi Gunnarsson.	Stefán Jónsson.
	Þórarinn Böðvarsson.
	Þórður Jónasson.

Var uppástungan þannig felld með 13 atkvæðum gegn 11.

Hinn 3. konungkjörni þingmaður var ekki við staddur.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og, ef þingið ályktar svo, nefndarkosningar bænarskrá úr Strandasýslu um lækni. Þingmaður Strandasýslu er flutningsmaður hennar, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra þinginu frá því, er með þarf.

Eg vil ítreka það, að við þessa umræðu er einungis að tala um, hvort nefnd skuli setja eður ekki, og bið eg menn því ekki fara langt inn í efnið.

Torfi Einarsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sjá II., bls. 88).

Það er einungis eitt atriði sem eg ætla að skýra frá að sinni, nefnilega að uppkast til bænarskrár þessarar var fyrst lagt fram á kjörfundinum, eins og það kemur hèr fram í bænarskránni. En þá var stungið upp á, að gjöra það að aðaluppástungu, að biðja um sèrstakan lækni, en hafa þessa til vara; en þeim, sem hreinskrifaði, gleymdist þetta, og var eg þá beðinn að koma henni á framfæri við þingið, ef eg sæi það til nokkurs. Eg ætla ekki að fara fleirum orðum að sinni um þetta mál, en óska einungis, að nefnd verði sett.

Konungsfulltrúi: Þar sem konungsúrskurður frá 12. maí 1867 ákveður, að úr læknasjóðnum megi veita allt að 5 læknaefnum, er vilja setjast að og fást við lækningar í þeim hèruðum á Íslandi, þar sem dómsmálastjórninni virðist vera mest þörf á læknisaðstoð, árlega 400 rd. styrk hverjum, og þar sem eptir því sem öllum er kunnugt, Stranda- og Barðastrandarsýslur eru meðal þeirra hèraða hèr í landinu, hvar mest er þörf á læknisaðstoð, og enginn vafi getur leikið á því, að stjórnin fúslega vilji veita þeim lækni, sem sezt að í þessum hèruðum, styrk þann, sem um er getið, virðist mèr í þessu máli frá stjórnarinnar hálfu vera gjört allt, sem í hennar valdi stendur, og spursmálið um að útvega þess-

um sýslum nauðsynlega læknisaðstoð, er þess vegna komið undir því, að menn geti fengið eitthvert læknisefni til að taka sèr þar aðsetur.

Hvorki alþingið nè stjórnin getur í þessu máli gjört annað en það, sem búið er að gjöra, og skal eg þess vegna mæla á móti því, að nefnd verði sett í málið.

Torfi Einarsson: Það getur vel verið, að málinu væri vel komið, þó það færi yfirvaldaveginn, og kæmi ekki í nefnd, þó það reyndar ekki hafi haft góðan byr á þeirri leið áður. Það hefir verið hálfpartinn borið á móti, að Jón á Hellu væri yfirheyrður, og skal eg því með leyfi hins háttvirta forseta lesa upp brèf frá landlæknunum og annað frá sýslumanni Strandasýslu (sjá II., bls. 90).

Mèr þykir það undarlegt, að í síðara brèfinu segir, að ekki skuli Jóni meinað að hjálpa, en þó er honum neitað um allan styrk. Það er nú búið að ergja Jón svo á þessu, að vèr höfum misst þá hjálp, er vèr höfðum, og ætla eg því stjórninnt skylt að sjá oss fyrir lækni.

Eiríkur Kúld: Af því að bænarskrá þessi snertir Barðastrandarsýslu, verð eg að standa upp. Mèr þykir það mjög óheppilegt, að bænarskráin fer fram á að læknirinn skuli sitja í Strandasýslu, því þar með er mestur hluti Barðastrandarsýslu alveg útilokaður frá að geta notað hann. Þó ætla eg ekki að gjöra þetta að því kappsmáli, að eg ei vilji mæla með nefnd í þessu máli. En mèr finnst, að æxlaveikin sè aðalástæðan í bænarskránni fyrir því, að læknirinn sè búsettur norðanfjalls, og fyrst hún jafnframt fer að vekja Jón á Hellu upp aptur og koma honum inn á þing, verð eg að segja að hún sýni, að hann hafi ekki getað læknað æxlaveiki þessa, en þó svo sè, held eg að sú veiki sè sjaldan svo fljót á sèr, að ei megi úr Strandasýslu í þeim tilfellum ná til læknisins, þó hann búi í Barðastrandarsýslu. Samkvæmt skýrslu hins hæstvirta konungsfulltrúa ræð eg frá nefnd, en vil að málið gangi til amtmannsins í vesturamtinu og þaðan til stjórnarinnar; þetta vona eg geti haft góðan árangur fyrir báðar sýslurnar, einkum þar svo vel vill til, að til er nú maður nýbúinn að taka próf í læknisfræði, sem, ef til vill, fengist til að fara þangað eins vel og eitthvað annað.

Bergur Thorberg: Af því mèr er umhugað um mál það, er hèr ræðir um, skal eg leyfa mèr að geta þess, að þó eg greiði

atkvæði móti því, að nefnd verði sett, er eg samt málinu í alla staði hlynntur; en eg fæ ekki sèð, að málið vinni nokkuð við, að nefnd sè sett í því. Það er enginn efi á því, að það er brýn nauðsyn að bæta úr læknaskortinum í Barðastrandar- og Strandasýslum, en eins og máli þessu nú er komið, er hèr ekki annað fyrir hendi en að bíða þangað til einhver ungur læknir fæst til að taka sèr þar aðsetur. Eg skal geta þess, að eg hefi gjört allt hvað í mínu valdi stóð til að reyna að bæta úr þessum vankvæðum, og hefi eg í þessu tilliti lagt ríkt á við landlækninn að stuðla að því, að einhver af lærisveinum hans fengist til að taka sèr aðsetur sem læknir í Barðastrandar- og Strandasýslum. Eg fæ ekki sèð, að meira verði gjört að svo stöddu, því ómögulegt er að neyða nokkurn til að setjast þar að sem læknir. Að öðru leyti eru líkindi til, að ekki þurfi þess lengi að bíða, að einhver fáist þangað sem læknir, og eg fyrir mitt leyti skal gjöra mitt ýtrasta til að stuðla að því.

Torfi Einarsson: Það leit út eins og þingmaður Barðstrendinga hèldi, að aðrir sjúkdómar tíðkuðust ekki í Strandasýslu en æxlaveiki, en þetta er tómur misskilningur. Að öðru leyti skal eg geta þess, að eg gjöri mig ánægðan með, að málið verði látið ganga forsetaveginn til hlutaðeigandi amtmanns, og það því fremur, sem eg er sannfærður um, að hann reynir til að gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til að bæta úr þeim vankvæðum, sem hèr ræðir um.

Þórarinn Böðvarsson: Eg leyfi mèr að mæla með því, að nefnd verði sett, og það því fremur, sem kjósendur mínir í Gullbringusýslu eru mjög svo áfram um, að fá lækni settan í embætti það, sem þegar er stofnað hjá þeim. Að vísu hefir verið bætt úr þessu með því, að setja Jónassen sem lækni í embættið, en hann er svo bundinn við spítalann og önnur læknisstörf sín hèr í bænum og í grendinni, að menn þar syðra ekki geta haft full not af honum, og leyfi eg mèr því í þeirra nafni að krefjast þess, að læknir sè sem fyrst skipaður í embætti þetta, sem þegar er stofnað.

Davíð Guðmundsson: Eg mæli einnig með því, að nefnd verði sett til að íhuga málið; það er eins ástatt með kjördæmi mitt, Skagafjarðarsýslu, eins og Strandasýslu, að þar er læknislaust; þar eru og fjallvegir beggja vegna, læknarnir óraveg frá fjallvegunum á báða bóga, og því mjög svo erfitt að ná til læknishjálpar, hvað sem á liggur.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, skal eg biðja þingmenn að skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki.

Var málið síðan fellt frá nefnd, en ákveðið með 18 atkvæðum gegn 5, að senda málið forsetaveginn til hlutaðeigandi amtmanns.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo á kveður, bænarskrár:

a, úr Barðastrandarsýslu um þingtíma og þingtíðindi,

b, úr Ísafjarðarsýslu um útsending þingtíðindanna.

Þingmaður Barðstrendinga er flutningsmaður, og mun hann lesa upp bænarskrárnar fyrir þingmönnum og skýra frá því, er honum þykir við þurfa.

Eiríkur Kúld: Eg skal leyfa mèr að lesa upp bænarskrárnar (sjá II., bls. 91).

Hvað fyrri bænarskrána snertir, þá sè eg mèr ekki fært að mæla með því, að nefnd verði sett, en legg það alveg á vald þingsins, hvað það af ræður; því það er eingöngu undir þingmönnum sjálfum komið, hvað langorðir þeir eru í ræðum sínum, og konungsfulltrúa, hve langur þingtíminn er, og eg get ekki betur sèð, en að það sè mjög svo «ópraktiskt» að vilja mjög takmarka menn í þessu tilliti. Hvað útsendingu tíðindanna snertir, þá er það alkunnugt, að hèr eiga sèr miklir gallar stað, sem og, að það er miklum kostnaði bundið að nálgast þau, en á hinn bóginn er það mikilsvert fyrir menn út um landið, að kynna sèr efni tíðindanna, og leyfi eg mèr því að mæla með því, að nefnd verði sett í málið.

Konungsfulltrúi: Eg skoða þetta mál, að minnsta kosti að svo stöddu, sem innanþingsmál, og skal þess vegna ekki fara mörgum orðum um það, en einungis geta þess, að mèr þykir það æskilegt, að þingið ályktí að kjósa nefnd í það, en þá getur þingið vísað áþekkum málum, nefnilega bænarskránum frá Rangárvallasýslu og Strandasýslu um þingfararkaup alþingismanna til þessarar nefndar.

Torfi Einarsson: Eg mæli með því, að nefnd verði sett til að íhuga bænarskrána um útsendingu þingtíðindanna; sumar af þeim bænarskrám, sem til þingsins eru komnar, lýsa því, að menn hafa ekki verið kunnugir tíðindunum.

Forseti: Eg vil einnig styðja að því, að nefnd verði sett til

að íhuga bænarskrána um útsendingu þingtíðindanna. Fyrst ekki fleiri taka til máls, skal eg biðja þingið að skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli kjósa.

Var það síðan samþykkt með 18 atkvæðum, að 3 manna nefnd skyldi kjósa.

Þessir voru kosnir:

Þórarinn Böðvarsson með 12 atkv.
Eiríkur Kúld — 8 —
Torfi Einarsson — 8 —

Málið afhent þingmanni Gullbringusýslu.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo á kveður, bænarskrár úr 9 kjördæmum landsins um spítalahluti.

Þingmaður Reykvíkinga er flutningsmaður, og mun hann skýra þinginu frá því, er þurfa þykir.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg álít það nægja, að lesa upp eina bænarskrána, og skal eg þá leyfa mér að lesa upp bænarskrána úr Reykjavík. (Sjá II., bls. 93).

Þessari bænarskrá fylgja 9 aðrar, og leggja 7 þeirra til, að nema löggjöfina 10. ágúst 1868 úr lögum eða að fresta því, að henni verði beitt. Mál þetta er öllum þingmönnum kunnugt, enda er ekki langt síðan það var til umræðu hér á þingi. Það mun og flestum orðið ljóst, hve megn óánægja landsmanna þegar er út af tilskipuninni 10. ágúst 1868. Eg vona að þigmenn verði mér því samdóma í, að brýna nauðsyn beri til, að setja nefnd til að íhuga þetta mikilsverða málefni, og vil eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Konungsfulltrúi: Til þingsins eru um þetta mál komnar svo margar bænarskrár frá ýmsum hèruðum landsins, að mèr þykir líklegt, að þingið álykti að kjósa nefnd í það. Eg skal fyrir mitt leyti ekki mæla á móti nefnd, þó mèr á hinn bóginn þyki það gegna furðu, að það sem meiri hluti alþingisins í hitt eð fyrra hèlt svo fastlega fram, og sem stjórnin einmitt þess vegna hefir tekið til greina, skuli vera svo rangt sem landsmenn nú svo fjölmennt dæma það að vera.

Torfi Einarsson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að tilskipunin frá 10. ágúst 1868 er mjög svo ókunnug mönnum, og skal eg taka það fram, að það er hreinn misskilningur, þegar menn segja að telja eigi hvern fisk, sem dreginn er úr sjó, heldur er

meiningin sú, að spítalagjaldið einungis eigi að takast af þeim fiski, sem kemur til skipta eða talinn er til hlutar; ekki heldur er það meiningin að borga skuli af lýsi því, sem fæst úr fiskitegundum þeim, sem gjaldið hefir verið lagt á, og er hægt að skilja það bæði af umræðunum, sem urðu um málið á síðasta þingi, og eðli málsins. Menn hafa og sagt, að þessi tilskipun kenndi mönnum að verða meinsærismenn; en það þykir mèr merkileg ástæða frá þeim, sem ekki þurfa annað en segja satt til þess málinu að öllu sè borgið. Mismunurinn á grundvelli stjórnarfrumvarpsins, sem lagt var fyrir þingið 1867 og tilsk. af 10. ágúst f. á. er auðsær, þegar litið er til þess, sem sagt er í bænarskránni, sem upp var lesin, nefnilega að allt að 30 rd. gjaldist hèr í meðalári af hverri ferju, en af hverjum 30 bátum, sem gengu næstliðið haust við Steingrímsfjörð og sem öfluðu frá 350 til 800 fiska á skip, hefði gjaldið orðið í hæsta lagi 48 sk. Eg neita því ekki, að það eru gallar á tilskipuninni, en það eru ekki meiri gallar en svo, að það má laga þá. Eg hygg því að forsjállegast væri, að tilskipunin væri notuð í 2 til 4 ár, svo menn verklega gætu sèð, hverja galla hún hefði í för með sèr, enda væri þá fyrst tími kominn til að endurbæta það, sem ábótavant væri í henni.

Þórarinn Böðvarsson: Af því eg hafði bænarskrá frá kjósendum mínum meðferðis, finn eg skyldu mína að standa upp. Það mun óhætt að fullyrða, að engin tilskipan hafi komið, að minnsta kosti nýlega, sem hafi verið jafnóvinsæl, en svo óvinsæl sem hún er alstaðar, þá hefir hún hvergi meira til óvinsælda unnið en í Gullbringusýslu. Það hefir verið tekið svo greinilega fram í hinum mörgu bænarskrám, sem komið hafa fyrir þingið, hve heimskuleg og óhæfileg þessi tilskipun er, að eg vil ei lengja umræðurnar með því að telja upp alla galla hennar, enda mundi til þess þurfa ærinn tíma; eg vil að eins geta þess, að í Gullbringusýslu er sumum ómögulegt að breyta eptir henni, og þó sumum kunni að vera það mögulegt, þá er þeim það aptur óbærilegt, þar sem tilskipun þessi leggur meiri álögur á sjávaraflann í sýslu þessari, sem er nálega hinn eini atvinnuvegur sýslubúa, en öll önnur gjöld sýslubúa eru til samans tekin, og er eg viðbúinn að sanna þetta, ef þurfa þykir. Eg mæli því fastlega fram með því, að nefnd verði sett.

Þórður Jónasson: Því er miður, að það ætlar að rætast, sem sagt var við vöggu þessarar tilskipunar, þegar stjórnarfrumvarpið til hennar var rætt á þinginu 1867; þá var því spáð, að sú undirstaða, sem meiri hluti þingsins aðhylltist, mundi ekki verða hag-

felldari eða geðfelldari almenningi, nema miður til, en stjórnarfrumvarpið hefði orðið, ef það hefði náð lagagildi. Bænarskrárnar, sem nú liggja fyrir frá flestum hèruðum landsins, sýna þetta og sanna; þær sýna, að tilskipunin um spítalagjaldið er þegar mjög óvinsæl, og sumar af bænarskránum, sèr í lagi sú, sem komin er frá Rangárvallasýslu, taka djúpt í árinni, þar sem hún segir, að tilskipunin gjöri greiðendur að meinsærismönnum og lygurum. Að öðru leyti er það nú orðið ljóst, að það er satt, sem sagt var 1867, að það er ómögulegt að halda vörð á því, að framtala á aflanum sè rètt, og það var tekið skýrt fram á seinasta alþingi og talinn hinn verulegasti anmarki, en hitt var þar á móti ekki tekið fram, nè eins ljóst eins og nú hlýtur að vera orðið fyrir hinum, að upphæðin á afgreiðslunni verður eptir tilskipuninni miklu hærri en þingið 1867 mundi hafa hugsað sèr og góðu hófi gegnir, og á þetta atriði verð eg að leggja mikla áherzlu; stjórninni er ekki um þetta að kenna, því það var eðlilegt, að hún aðhylltist uppástungur þingsins, sem vottuðu um mikinn áhuga á málinu, er kom fram í því, að menn vildu leggja svo ríflega til spítalasjóðsins.

En þrátt fyrir þetta þykir mèr þó mikið áhorfsmál fyrir þingið að fara því á flot, að tilskipunin verði nú þegar numin úr lögum, rètt í sömu andránni sem hún er búin að ná lagagildi, því tilskipunin var birt hèr á manntalsþingum seinast í næstl. júnímánuði, og álít eg því að þingið geti ekki með sóma sínum beðið um, að hún verði úr lögum numinn, eins og eg líka verð að efast um, að stjórnin mundi geta veitt því áheyrslu; það er nauðsynlegt skilyrði fyrir helgi laganna og virðingu fyrir þeim að einhver staðfesta sè í þeim, en það er öðru nær en svo sè með þessari aðferð.

Eg álít rèttast að skjóta málinu á frest, til þess að komast fyrir um það með reynslunni, hvort annmarkarnir, sem eru álitnir að vera á tilskipuninni, sèu ekki minni en menn ímynda sèr. Að öðru leyti vil eg þó ekki mæla móti nefnd í málinu.

Grímur Thomsen: Þó að hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður mælti ekki með tilskipuninni, var honum samt ekki um að þingið nú þegar færi því á flot, að henni yrði breytt; honum þótti sem sè tilskipunin vera of ung og óreynd til þess. En eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort betra sè að fá því strax breytt, sem menn vita að í alla staði er óhaganlegt fyrir land og lýð, eða bíða með að fá breytinguna þangað til enn meiri

úlfúð og óánægja er komin í ljós. Hafi stjórnin gengið inn á tillögur þingsins í þessu máli 1867 af því hún sá, að það var áhugamál þess, þá er eg einnig sannfærður um, að hún nú muni ganga inn á að tilskipuninni verði breytt, úr því hún sèr, að það er eindreginn vilji þingsins. Eg mæli því fastlega með því, að nefnd verði sett.

Eiríkur Kúld: Eg er að nokkru leyti samdóma því, er hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði; eg hefi 2 bæuarskrár meðferðis um þetta mál, en þær eru að mínu áliti sanngjarnari en hinar aðrar bænarskrár, er um þetta efni hafa komið til þings, því þær byggja á rèttum grundvelli. Þingmaður Gullbringusýslu kallaði tilskipunina frá 10. ágúst 1868 heimskulega; þetta eru að vísu hörð orð, en eg vorkenni honum nokkuð, þar eð bænarskrár þær, er hann hefir meðferðis, eru eins úr garði gjörðar og þær eru, en undarlega lítur það út, þegar engin bænarskrá kemur frá því kjördæmi, sem, eins og t. a. m. Snæfellsnessýsla, lifir mestmegnis á sjávarafla. Það hefir einnig verið sagt, að tilskipunin gjörði menn að meinsærismönnum o. s. frv.; þess konar orð álít eg tóma spádóma byggða alveg í lausu lopti, eins og eg einnig verð að álita þessar bænarskrár ótímabæran burð, meðan mönnum ekki hefir gefizt nokkur kostur á að reyna löggjöfina. Það er grunur minn, að óánægja sú, sem hèr ræðir um, sè svipuð þeirri, sem átti sèr stað fyrst um sinn með vegabótalögin hèr um árið. Eg ætla því ekki að mæla móti því, að nefnd verði sett, í von um að hún komist að þeirri niðurstöðu að raska ekki þeirri grundvallarreglu, sem löggjöfin er byggð á, þó hún kunni að stinga upp á einhverjum breytingum á gjaldinu sjálfu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vona, að eg þurfi ekki að mæla mikið með því, að þingið setji nefnd í málið. Eg ætla að bæta því við það, sem þingmaður Rangæinga sagði, að það er ekkert undarlegt í því, að biðja nú þegar um breyting á löggjöfinni, þó hún sè hèr um bil mánaðargömul, úr því hún er með öllu óhafandi; eg skal í þessu efni minna menn á, að þetta sama átti sèr stað með verzlunarlögin 1854, og helgidagalögin 1855. Að mínu áliti er það óræk sönnun fyrir því, hve megn óánægjan er með löggjöfina 10. ágúst 1868, að það eru ekki eingöngu gjaldendurnir, sem biðja um breytinguna, heldur hafa sjálfir sýslumennirnir skrifað undir bænarskrárnar, og eg veit af fleirum sýslumönnum, sem játa að löggjöfin sè óhafandi, og treysta sèr alls eigi til að

fylgja henni fram, svo í lagi fari. Út af því sem þingmaður Barðstrendinga talaði um bænarskrár þær, er hann hafði meðferðis um þetta mál, skal eg geta þess, að mig furðar á því, að hann skuli ekki hafa kynnt sèr þær betur en hann hefir gjört, því að þar er einmitt talað um fast gjald. Það er reyndar satt, að engin bænarskrá er komin um þetta efni frá Snæfellsnessýslu; en hvað um það, eg held hèr nægi að skýrskota til þingmanns Snæfellinga um það, hvort Snæfellingar sèu einnig ekki óánægðir með tilskipunina.

Ólafur Pálsson: Eitt af því, sem hefir verið haft á móti bænarskrám þeim, sem hèr eru til umræðu, er það, að löggjöf sú, sem þær miða til að breyta eða nema úr lögum, er enn þá of ung og óreynd. Eg ætla mèr ekki að taka fram þau missmíði, sem eru á spítalalöggjöfinni nýju, því það er þegar greinilega gjört af öðrum; en eg skal einungis leyfa mèr að geta þess, að það, sem fram hefir komið henni til stuðnings, hefir eptir mínu áliti ekki hrakið þær ástæður, sem færðar hafa verið fyrir því, hve óhafandi hún væri; hin megna óánægja með tilskipunina frá 10. ágúst 1868 sýnir einungis, að það þarf mjög svo stuttan reynslutíma til að sannfærast um, hve óhafandi hún er. Hinar mörgu bænarskrár, sem þingið hefir fengið í hendur, sýna ljóslega fram á vilja almennings í þessu, og þetta ætti víst að ráða úrslitunum, þegar talað er um, hvort setja á nefnd eður ekki. Eg mæli því eindregið með, að nefnd verði sett í málið.

Helgi Hálfdánarson: Eg finn það vel, að það er mjög svo hart fyrir þingið, já, gæti virzt næstum ósæmilegt, að biðja nú þegar um breytingu á því, sem það með atkvæðafjölda bað um 1867; en þegar menn gá að þeim mörgu og skorinorðu bænarskrám úr ýmsum kjördæmum landsins, sem hèr liggja fyrir, og hversu eindregið þær sýna vilja þjóðarinnar á að fá tilskipuninni frá 10. ágúst 1868 breytt, þá held eg að fyllsta ástæða sè fyrir þingið, að gefa þeim fullan gaum og setja nefnd í málið. Það hefir verið tekið fram sem ástæða fyrir hinni megnu óánægju með þessa nýju tilskipun, að gjaldið verði of hátt; þetta er satt; en hitt álít eg þó enn verra, að gjaldheimtan er svo að segja ómöguleg. Eg skil ekki, hvernig menn yfir allt árið eiga að geta talið svo allan þann fisk, sem þeir fá, að þeir óhult geti unnið eið að því, að það sè rètt. Til þessa þyrftu allir formenn að kunna bæði að skrifa og reikna; en það er alkunnugt, að margir af þeim kunna

þetta alls ekki. Eg játa fúslega, að þeim heiðursmönnum, er á síðasta þingi rèðu því sniði, sem þessi nýju lög hafa fengið, gekk ekki nema gott eitt til, og að sú grundvallarhugsun, sem þeir byggðu á, nefnil. að ósanngjarnt sè að gjalda jafnmikið af jafnstórum skipum, hvort sem á þau aflast mikið eða hartnær ekki neitt, er í sjálfu sèr rètt; en þó aðalhugsunin sè rètt í sjálfu sèr, þá sýnir hún sig þó óhafandi eins og hún kemur fram í lagaboðinu, þegar til framkvæmdanna kemur. Auk þess er hèr komið annað í hina nýju tilskipun, sem er jafnvel ósanngjarnara en hitt, er menn vildu forðast, og hafa menn þannig, um leið og þeir sneiddu hjá Scyllu, lent í Carybdis. Því verður alls ekki neitað, að það er mjög svo ósanngjarnt, að leggja jafnt gjald á allar þær fiskitegundir, sem tilskipunin nefnir. Hún talar að eins um 4 fiskitegundir, og er þorskurinn þar fyrstur. En eg vil þá spyrja: Hvað er þorskur? Er það einungis hinn væni vertíðarfiskur? Eða er það ekki líka bæði stútungur og jafnvel þyrsklingur? (*Jón Pètursson:* Nei). Eg held að smáfiskurinn sè hèr ekki undan skilinn, og er það þá næsta ósanngjarnt, ef svo er. Eg vil taka dæmi; það eru 2 bátar, sem róa til fiskjar, annar, sem er vel menntur, rær á svið, en hinn, sem er lakar menntur, að eins út í þarann; sá, sem rær í þarann, fær fleiri fiska að tölunni til, þó þeir sèu ekki nærri eins mikils virði og sá afli, sem hinn báturinn fèkk, er reri á svið, og geldur því sá, er í þarann reri, hærra gjald af því, sem er miklu minna vert; þetta sjá allir að er ósanngjarnt. Sama er að segja um vorísuna, sem fæst hèr á suðurnesjum, að hún er miklu minna virði en vetrarþorskurinn, og er þá ósanngjarnt, að gjalda skuli jafnmikið af henni sem af hinum væna vertíðarþorski. Það er ósanngjarnt að maður, sem rær að eins um vorvertíð og fær til hlutar 400 af vorísu, skuli eiga að gjalda jafnmikið og sá, er róið hefir um vetrarvertíð og fengið 400 til hlutar af vænum netafiski. Hvað háfinn snertir, þá er svo að segja tvisvar lagður tollur á hann, sem sè bæði á lýsið, sem mest er í varið, og á kroppinn, sem er mjög lítilsvirði (*Forseti*: Eg vil biðja þingmanninn að fara sem styzt inn í efnið á þessu stigi málsins). Eg álít nauðsynlegt að taka þetta fram, til að sýna, að hin megna óánægja gegn spítalalöggjöfinni er á góðum rökum hyggð. Auk þessa er sá galli á hinni umræddu nýju tilskipun, að hún sleppir alveg sumum fiskitegundum, t. a. m. lúðu, skötu, keilu o. fl., sem eru mikilsvirði. Þegar eg lít sèr í lagi til kjósanda minna á Vest-

manneyjum, þá er þessi nýja spítalalöggjöf hvað þungbærust fyrir þá, og þeim einkum hartnær óbærileg, þar sem þar hvíla næstum öll gjöld á fiskinum einum.

Forseti: Eg skal ítreka við þingmenn að fara sem minnst inn í efni málsins, meðan umræðan er um það eitt, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki.

Daníel Thorlacíus: Þó eg hafi ekki bænarskrá frá kjördæmi mínu meðferðis um mál þetta, get eg samt borið vitni um, að kjósendur mínir voru mjög svo óánægðir með spítalalöggjöfina frá 10. ágúst 1868 og álitu hana óhafandi; eg skal því leyfa mèr að mæla fastlega með því, að nefnd verði sett í málið, og sting upp á 5 manna nefnd.

Pètur Pètursson: Eg stend upp einungis til þess að láta í ljósi vafa minn á því, hvort eg á að mæla með því, að nefnd verði sett eða ekki. Það var sannfæring mín, að þingið hefði tekið óheppilega í þetta mál 1867, og þessa sannfæring hefi eg enn þá; eg talaði þá mest um hina siðferðislegu hlið málsins, og sèst nú, að þetta hvað mest hefir valdið hinni megnu óánægju, sem risin er gegn tilskipuninni frá 10. ágúst 1868. En þegar eg nú íhuga, að löggjöfin er bæði ný og óreynd, og gæti að sóma þingsins, sem eg eins og hver annar meðlimur þess er kallaður til að vernda, þá er eg í efa um, hvort eg á að mæla með nefnd. Samt sem áður mundi eg ekki vera mótfallinn nefnd, ef eg sæi, að hún gæti á unnið það, að frestað yrði að beita löggjöfinni; en þetta veikist aptur við það, að svar getur vart komið svo fljótt frá stjórninni, að ekki yrði áður farið að beita lögunum, og því ætla eg mèr ekki að gefa atkvæði um, hvort nefnd skuli setja eða ekki.

Páll Pálsson: Eg var einn af þeim, sem hafði bænarskrá meðferðis áhrærandi þetta mál, og skal eg þess vegna leyfa mèr fastlega að mæla með því, að nefnd verði sett; það er almennt álitið, að löggjöfin hafi sýnt sig sem óhafandi, þótt hún hafi enn ekki komið til framkvæmdar; en þar sem svo almennt er álitið, að löggjöf þessi sè ill og óhafandi, þá verð eg fyrir mitt leyti að álíta ráðlegast að geyma hana ekki svo lengi, að menn þurfi að finna það af reynslunni, hve fráleit hún er. En þar sem hinn háæruverðugi 5. konungkjörni þingmaður sagði, að sóma þingsins væri misboðið, ef ónýtt væri þessi tilskipun, þá er hèr ekki spurningin um, að þingið ónýti gjörðir sínar, heldur að það endurbæti þær, og það getur mèr ekki virzt vera nein minnkun fyrir þingið.

Grímur Thomsen: Það hefir verið sagt, að í bænarskránni úr Rangárvallasýslu væri dýpra tekið í árinni, það er orðatiltækin áhrærir, en í hinum öðrum bænarskrám. Eg neita þessu ekki. En til að sýna þinginu, að allt öðruvísi stendur á fyrir Rangæingum en öðrum kjördæmum landsins, skal eg leyfa mèr að lesa upp kafla úr tèðri bænarskrá:

«Að vísu væri þetta (ɔ: að telja aflann) sök sèr á þeim tíma, sem kallast vertíð, því þá er tíðast sami formaður, og flestir sömu hásetar, þó út af því beri; en þegar litið er til vorróðranna, að minnsta kosti í Landeyjum, og jafnvel í allri Rangárvallasýslu, þá er enginn kostur á að fullnægja þeirri áminnztu lagagrein; þá er tíðum enginn viss formaður fyrir sumum skipum, þá koma menn úr öllum áttum óráðnir, fá að róa 1 og 2 róðra, og fara svo heim til sín í fjarlægar sveitir. Þá tekur einn bátinn á náttarþeli, lendir með morgninum, skilur eptir bátshlutinn undir bátnum, og svo fara þeir, sem reru, sína leið, án þess skipseigandi fái, ef til vill, nokkurn tíma að vita, hverjir þeir voru».

Tryggvi Gunnarsson: Þegar litið er á galla spítalalöggjafarinnar frá 10. ágúst 1868 og óánægju þá, sem hún hefir valdið, þá er ástæða til að mæla með því, að nefnd sè kosin, og það mundi eg gjöra, væri eg viss um, að þar með mundi þá öll óánægja fyrirbyggjast; en þetta er eg einmitt hræddur um að ekki yrði, og þá bakaði þingið sèr en meiri vanvirðu, ef það nú skyldi biðja um þær breytingar á löggjöfinni, sem greiðendur gætu ekki gjört sig ásátta með, svo þingið í þriðja sinn neyddist til að taka málið til meðferðar fyrir áhugasamar óskir landsmanna. Eg er þess vegna á því, að rèttara sè að fresta breytingum á lagaboðinu, þangað til meiri reynd er komin á annmarka þá, sem bænarskrárnar gjöra svo mikið úr, og ef til vill nýtt leiðist í ljós, er leiðrètta þarf. Tilsk. hefir fengið ljóta lýsingu í hinum mörgu bænarskrám; en mèr dettur í hug málsháttur inn: »opt er dyggð undir dökkum hárum«; hún gefst ef til vill betur í reyndinni en hún lítur út fyrir.

Eiríkur Kúld: Eg skal leyfa mèr að leiðrètta hinn háttvirta þingmann Reykjavíkur, þar sem hann segir að eg hafi ekki lesið bænarskrár þær, er eg flutti til þings í þessu máli; eg veit mikið vel, að í annari bænarskránni er haldið að eins nokkru af hinu fasta gjaldi, en heldur að öðru leyti fast við löggjöfina, og heldur að eins hinu til þess að gjaldið ei minnki við breytinguna, er hún

fer fram á. Það veit enginn hvar skórinn kreppir að, nema sá sem ber hann, og svo er hèr; þingmaður Reykvíkinga hefir læknirinn ætíð ef þarf strax við hús sitt. Barðstrendingar þar á móti eru því nær útilokaðir frá allri læknahjálp, og því vilja þeir allt til vinna, að spítalagjaldið verði sem mest, með því líka það í eðli sínu er ekki eins tilfinnanlegt og sýnist, þegar það er lagt beinlínis á arðinn og eigi ósanngjarnt; þetta virðist þingmaðurinn hvorugt vilja láta sèr skiljast, en til þess vil eg hlynna að spítalagjaldinu, að með því verði bætt úr læknaskortinum. Það hefir verið sagt, að ómögulegt væri að fullnægja lögunum, en eg vil spyrja: til hvers eru þá yfirvöldin?

Sigurður Gunnarsson: Af því kjósendur mínir töluðu við mig um spítalalögin, og óskuðu einkum, að frestað yrði framkvæmdum þess, er þau skipa, vil eg mæla með því, að nefnd verði sett, því eg vænti að hún komist helzt að þessari niðurstöðu.

Stefán Jónsson: Eg ætla mèr ekki að mæla móti nefnd, því eg vona að þess þurfi ekki. Mèr finnst því undarlegra að vilja nú þegar vera að brjóta það niður, sem nýlega er byggt upp, úr því annmarkarnir á löggjöfinni ekki eru búnir að sýna sig eins og vera ber. Það hefir verið sagt, að lögin miðuðu til að gjöra menn eiðrofa og þjófa, en þetta er ekki rètt hermt; það er rètt eins og menn hugsi, að ef einum einasta fisk er sleppt óviljandi úr tölunni, þá komi fram eiðrof; mèr dettur ekki í hug að draga úr helgi eiðsins; en eg er sannfærður um, að sá, sem grandgæfilega segir til hlutar síns og hefir enga hlutdrægni í frammi, hann getur óhultur aflagt eiðinn; þetta og annað eins er að gjöra úlfalda úr mýflugunni. Eg mæli þess vegna helzt móti nefnd af því, að menn hafa ekki fengið næga reynslu fyrir því, að lögin sèu eins óhaganleg og sagt er af sumum, og óska því helzt, að málinu sè frestað, og það því fremur sem eg er hræddur um, að þingið, ef til nefndar kæmi, ekki gæti komizt að rèttari eða betri niðurstöðu.

Hallgrímur Jónsson: Eg ætla mèr ekki að ganga að svo stöddu inn á *efni* málsins; því mèr virðist það ekki eiga við þessa umræðu málsins. En eg vildi taka til orða til þess, ef það gæti verið bænarskránum til stuðnings, að þær yrðu því fremur teknar í nefnd. Mèr virðist þær bera það með sèr, að þetta spítalamál er áhugamál þjóðarinnar, og það alefli, með hverju þær eru drifnar hèr inn á þingið úr öllum áttum, sýnir það, að það er næstum eins mikið áhugamál og stjórnarbótin eða fjármálið, og því vil

eg segja, að margir af þeim mörgu, sem hafa undirskrifað þessar bænarskrár, munu una því betur, að allt standi kyrrt um stjórnarbót vora — þar ekki er fyrir að sjá, að breytt verði til batnaðar — heldur en að spítalalögin nýju verði látin óáhrærð. Eg leyfi mèr því bæði þingsins og þjóðarinnar, mín og míns kjördæmis vegna, að mæla fastlega fram með því, að nefnd verði sett í málið.

Þórarinn Böðvarsson: Það helzta, sem menn hafa fært því til gildis, að eigi mætti nú þegar breyta tilskipun þessari, er það, að menn hafa sagt, að löggjöfin væri of ung, og væri því ekki búin að sýna sig að fullu; en þessu svara eg þannig, að reynslu þarf ekki fyrir því, sem skynsemin sýnir að ómögulegt er að framkvæma eða fullnægja, en hún er of ung til að lifað verði eptir henni í Gullbringusýslu þetta árið, því hún var fyrst þinglesin 24. júní, en mun hafa átt að vera þinglestn 12. maí, ef hún ætti að gilda þetta ár. Eg vil og bæta því við til sönnunar því, hve megn óánægjan er og vonin sterk um það, að tilskipun þessi verði numin úr lögum, að eg held mig mega fullyrða, að enginn eða að minnsta kosti sárfáir hafi talið afla sinn, síðan tilskipun þessi var þinglesin.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og skal eg biðja menn að skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki.

Var það síðan samþykkt með 16 atkv. gegn 7, að 5 manna nefnd skyldi kjósa, og voru þessir kosnir:

Torfi Einarsson	með	11 atkv.
Grímur Thomsen	—	9 —
Þórarinn Böðvarsson	—	9 —
Hallgrímur Jónsson	—	8 —
Þórður Jónasson	—	7 —

H. Kr. Friðriksson, Ólafur Pálsson, Stefán Jónsson og Þórður Jónasson höfðu hver 7 atkvæði, og varð Þ. Jónasson nefndarmaður, með því hann var þeirra elztur.

Var málið síðan afhent Torfa Einarssyni, er hafði flest atkv.

Því næst gat forseti bænarskráa, er hann hafði meðtekið, og voru þær:

1. Um hjúskaparmál og öreigagiptingar úr Múlasýslum.
2. Um þingfararkaup alþingismanna úr Rangárvalla- og Strandasýslum.
3. Um kosning hreppstjóra úr Þingeyjarsýslu.

4. Um stjórn jafnaðarsjóðanna úr Þingeyjarsýslu.
5. frá þingmanni Vestur-Skaptfellinga um mál- og heyrnarlaus börn.
6. Tvær umkvartanir úr Þingeyjarsýslu yfir amtmanni í norður- og austurumdæminu.
7. Um markaskrár úr Mýrasýslu.

Forseti ákvað síðan fund næsta dag kl. 12, og sagði

Fundi slitið.

---

5. fundur — 3. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi tekið á móti bænarskrá úr Selvogi um breyting á spítalalögunum. Sömuleiðis hefi eg fengið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndun ljósmynda o. fl.; einnig hefi eg fengið tilkynningu um, að í nefndinni um útsending alþingistíðindanna væri þingmaður Gullbringusýslu kosinn formaður og þingmaður Barðstrendinga skrifari. Samkvæmt dagskránni liggur þá fyrir að kjósa nefnd í konungl. álitsmáli um leigumála á brennisteinsnámum í Þingeyjarsýslu, og álít eg 3 manna nefnd nægja.

Jón Hjaltalín: Eg sting upp á 5 manna nefnd.

Benedikt Sveinsson: Eg sting upp á 7 manna nefnd.

Síðan lèt forseti ganga til atkvæða um þessar uppástungur, og var 5 manna nefnd samþykkt. Þessir voru kosnir:

Jón Hjaltalín . .	með	20 atkv.
Jón Sigurðsson .	—	20 —
Grímur Thomsen	—	13 —
Benedikt Sveinsson	—	11 —
Tryggvi Gunnarsson	—	9 —

Málið var afhent hinum 3. konungkjörna þingmanni.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ályktar, bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um hákarla-niðurskurð. Þingmaður Gullbringusýslu er flutningsmaður,

og mun hann lesa bænarskrána fyrir þingmönnum, og skýra frá því, er honum þykir þörf á.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sjá II., bls. 102).

Þó eg hafi lesið bænarskrána, er eg samt máli þessu ekki nægilega kunnugur, að því leyti, að eg hefi aldrei verið að hákarlsafla, en það er mèr kunnugt, að menn þeir, er ritað hafa undir hana nöfn sín, eru hinir hyggnustu meðal Ísfirðinga, og þeir, sem bera bezt skyn á þetta mál. Menn hafa þar vestra um mörg ár haft mesta áhuga á þessu máli og álitið það miklu varða fyrir hèraðið allt, að hætt væri að skera hákarl í sjó; hafa þeir því opt reynt samtök í þessa átt, en jafnan hafa samtök þessi strandað fyrir sakir eigingirni einstakra manna. Árið 1865 sendu og Ísfirðingar samkynja bænarskrá til alþingis, en málið fèkk ekki framgang á þingi, og líkaði mönnum þar vestra það stórilla. Reyndu menn þá um samtök um þetta að nýju, en það fór sem fyr, að einstakir menn og þó fáir skárust úr eða brugðust þeim samtökum. Nú hafa þeir enn á ný sent hingað þessa bænarskrá, og með því eg get ekkert sèð því til fyrirstöðu, leyfi eg mèr að mæla með því, að þingið taki hana til yfirvegunar og setji nefnd í málið.

Eiríkur Kúld: Af því mál þetta einnig snertir Barðastrandarsýslu, þar sem takmarkið er sett við Látrabjarg, skal eg geta þess, að eins og eg álít þá tilhögun, sem bænarskráin fer fram á, óhafandi á Breiðafirði, og viðar, eins skal eg játa um leið, að allt öðruvísi hagar til á Ísafirði, og þar mèr enn fremur er kunnugt, að þeir, sem undir bænarskrána hafa skrifað, eru gagnkunnugir menn, það eru nefnilega útvegsbændur, formenn bæði á opnum skipum og þilskipum, og sjálfur sýslumaðurinn, sem allir hafa nægan kunnugleika í því, er hèr ræðir um, ætla eg þrátt fyrir það, þó þingið 1865 felldi málið frá nefnd, samt í þetta sinn að styðja að því, að nefnd verði sett í málið.

Tryggvi Gunnarsson: Enda þótt bænarskráin gangi í einstaklega stefnu, þá er málefnið í sjálfu sèr mikilsvert, og ætla eg mèr því ekki að mæla móti, að nefnd verði sett í málið.

Stefán Eiríksson: Eg tek undir með hinum háttvirta þingmanni Norður-Þingeyinga, og álít enda nauðsynlegt að það, sem bænarskráin fer fram á, yrði gjört að lögum kring um allt land. Áður fyrrum var mjög arðsöm hákarlaveiði í Austur-Skaptafellssýslu, en síðan hákarlajagtir fjölguðu á Djúpavogi, er ekki að

hugsa að fá hákarl á opnum bátum, ef menn ekki komast í legu, áður en jagtirnar fara til sjávar; en það eru ekki einungis hákarlajagtirnar, sem draga hákarlinn til djúpsins, heldur þessi útlendi skipastóll, sem sækir undir strendur Íslands; hákarlinn leggst að raski því af fiski, er útlendir fiskarar kasta í sjóinn. Af þessum ástæðum vil eg mæla með því, að nefnd verði sett í þetta mál.

Jón Sigurðsson: Eg er reyndar ekki kunnugur hákarlaveiðum, en eg hefi talað við kunnuga og greinda menn í þeim efnum bæði hèr á þingi og nyrðra, og hafa þeir sagt mèr, að ekki væri gjörlegt að fyrirskrifa hákarlaformönnum á þiljuskipum nein lög í þessu efni; ef þeir yrði skyldaðir til að hirða allan hákarl, gætu þeir má ske orðið fyrir miklu tjóni af því að sitja af sèr góðan lifrarafla, því þegar svo á stendur, sem opt ber við, að hákarlagengd er mikil, hlaða hákarlamenn skipin á stuttum tíma og hljóta því að sleppa miklum arði, eigi þeir að hirða hákarlinn. Þar að auki heyri eg sagt, að næstum sè ólifandi í skútunum, ef þær eru hlaðnar hákarli, og þurfa, ef til vill, að flækjasf mörgum vikum saman úti á hafi, og veit eg til, að hákarlamenn hafa af lagt að hirða hákarlinn af þessum orsökum. Af þessum og fleiri ástæðum álít eg, að það mundi verða þýðingarlítið, að nefnd sè sett í málið.

Eiríkur Kúld: Hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga hefir orðið það á, sem annars ekki ber opt að; hann hefir misskilið bænarskrána. Það er sem sè ekki með einu einasta orði minnzt á þiljuskip í bænarskránni, heldur einungis talað um opna báta.

Benedikt Sveinsson: Þessu máli er þannig varið, að eg álít að þingið eigi að veita því sèrlegt athygli. Eg bið menn gá að því, að það er skylda þingsins með vitrum lögum, að nema allt það burt, sem getur verið atvinnuvegum landsins til hnekkis, eða sem getur verið velmegun þess til fyrirstöðu, því undir blómgun og viðgangi atvinnuvega vorra, er lands og lýðs heill undir komin. Eg hefi nú heyrt bæði innlenda og útlenda menn tala um, að einkum á Vestmanneyjum væri hákarla-niðurskurður veiðum þessum til mesta hnekkis. Það er satt, sem þingmaður Barðstrendinga segir, að bænarskráin talar einungis um opin skip, og álít eg það mikinn galla á henni, að hún ekki einnig til tekur þiljuskip. En verði nefnd sett, sè eg ekkert í formlegu tilliti móti því, að hún út víkki verkahring sinn til þiljuskipa. Að öðru leyti

óska eg, að hinn háttvirti forseti vildi láta álit sitt í ljósi um þetta efni, því sè hann eigi á sama máli sem eg í þessu efni, þá vil eg áskilja mèr rètt til að gjöra um það sèrstaka uppástungu.

Daníel Thorlacius: Eptir því, sem á stendur í Snæfellsnessýslu, á það alls ekki við, að banna niðurskurð á hákarli, og til mín hefir heldur engin umkvörtun komið um þetta efni, og er bænarskráin úr Ísafjarðarsýslu sú einasta, er hljóðar um niðurskurð; eg vil því mæla með, af því þetta hefir verið áhugamál Ísfirðinga, að þingið taki hana til greina. Opin skip í Snæfellsnessýslu fara opt langt út til hafs, og gæti því verið mikil hætta búin fyr þau, að vera hlaðin hákarli, og einnig er þeim það mikill skaði, þegar nógur er hákarlinn, að mega ekki taka lifrina, þegar hún býðst; þar stendur víða svo á, að ekki gefur í slíkar ferðir nema kann ske einu sinni í mánuði. Mèr er ekki kunnugt, að Barðstrendingar hafi beðið um bann á niðurskurði, og mæli eg á móti, að það verði gjört að almennum lögum, heldur komi einungis til að gilda fyrir Ísafjarðardjúp. Á Ísafirði er öðruvísi ástatt, og leyfi eg mèr því að mæla með því, að nefnd verði sett, og sting upp á 3 manna nefnd.

Forseti: Eg skal geta þess, að það, sem bænarskráin talar um, á ekki við Breiðafjörð. Út af áskorun þingmanns Árnesinga til forseta skal þess einnig getið, að eg sè ekki neitt á móti því, að þingið útvíkki regluna til einnig að gilda um þiljuskip, enda hefir og líkt að borið fyr hèr á þingi.

Stefán Jónsson: Eg er samdóma þingmanni Árnesinga í því, að menn eigi að hlynna að atvinnuvegum þessa lands, eins mikið og oss er unnt; en þegar eg lít til þilskipanna, getur opt staðið svo á, að það verði miklu meiri hagur að skera niður hákarlinn, til að fá sem mest af lifrinni. Þetta fer allt eptir kringumstæðum, og mun því mjög ísjárvert, að fastbinda þetta með lögum. Það fer að líkindum, að hver og einn fari í þessu efni eptir því, sem hann sèr mestan hag sinn við. Þar að auki virðist mèr ómögulegt að hafa vörð á, að lögum í því tilliti yrði hlýtt; það þykir opt erfitt að sjá um, að lögum sè fylgt á landi, og mun þó verða erfiðara út á hafi. Samt ætla eg ekki mæla móti því, að nefnd verði sett til að íhuga það, sem bænarskráin fer fram á.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg vil ekki vera meinsmaður Ísfirðinga í því, sem þeim mætti að gagni verða; en eg skal geta þess, að eptir því, sem eg þekki til, er eg sannfærður um, að það

kemur ekki að neinu gagni að láta bannið ná frá Horni til Látrabjargs; það skyldi þá einungis vera, að bannað væri að skera hákarl af sèr á Ísafjarðardjúpi sjálfu; en annarstaðar kemur það að engu liði, þar sem allir aðrir sækja og verða að sækja út á reginhaf. Hið eina ráð, til að hepta niðurskurð, verður að minni ætlun, ef menn gætu komið sèr saman um það innbyrðis, og reyndu þannig að takmarka hákarla-niðurskurðinn, því þó að almenn lög yrðu sett um þetta efni, þá er eg sannfærður um, að það væri alls eigi auðið að framfylgja þeim lögum; það sjá þó allir, að það er eigi auðið fyrir þá, sem í landi eru, að dæma um það með vissu, hvort brýn nauðsyn hefði verið fyrir þá, sem koma langt utan af hafi, í það og það skipti að skera niður eða ekki, og þegar þeir segja, að þeir hafi neyðzt til þess, þá verður þessi sögusögn þeirra að vera fullgild, og eg get eigi sèð, að neinn dómstóll gæti dæmt þá í sekt fyrir afbrot gegn lögunum, því að það væri eigi auðið að koma með neina lagasönnun fyrir því, að þeir hefðu brotið lögin að nauðsynjalausu.

Benedikt Sveinsson: Úr því hinn háttvirti forseti var mèr samdóma um, að ekkert væri í formlegu tilliti því til fyrirstöðu, að verkahringur nefndarinnar eður regla sú, sem hèr ræðir um, væri útvíkkuð þannig, að hún einnig næði til þiljuskipa, þá þarf eg ekki að svara þingmanni Eyfirðinga miklu upp á það, sem hann talaði um, hvaða skaða bann þetta mundi gjöra þiljuskipunum, því þetta lítur að efni málsins, sem eigi liggur enn fyrir til umræðu. Eg skal einungis geta þess, að eg er sannfærður um, að sá skaði, sem atvinnuvegurinn *yfir höfuð* líður við, að hákarlaniðurskurður ekki er bannaður með lagaboði, er meiri en sá skaði, sem *einstök þiljuskip í þann og þann svipinn* gætu komið til að verða fyrir, ef niðurskurðurinn væri þeim bannaður. Hèr er líka aðgætandi, að *skaðinn* getur orðið allt eins mikill og meiri fyrir opnu skipin eins og fyrir þiljuskipin, en allir sjá þar fyrir utan, hve miklu meiri *hætta* opnu skipunum er búin í vondu veðri á sjó, en þiljuskipunum. Eg vil því enn ítreka það, að það er skylda þingsins, að gefa máli þessu góðan gaum og setja nefnd í það.

Jón Hjaltalín: Eg hefi heyrt marga greinda og reynda sjómenn segja, að hákarlaniðurskurður væri til mesta tjóns fyrir hákarlaveiðina yfir höfuð. Eg vil því fastlega mæla með því, að nefnd verði sett til að íhuga málið, því það er skylda vor með vitrum

lögum að út rýma þeirri óreglu, sem getur orðið atvinnuvegunum til fyrirstöðu eða hnekkis.

Daníel Thorlacíus: Eg get ekki verið hinum heiðraða þingmanni Árnesinga samdóma í því, er hann vill banna þiljuskipunum niðurskurð, því það er augljóst, að það yrði þeim til mikils hnekkis, að þurfa að hlaða sig með hákarli og eptir stuttan tíma kann ske að neyðast til að snúa til lands, og við það forsóma að fá mikinn afla af lifur; því fiskiskútur, að minnsta kosti fyrir vestan, eru gjörðar svo út, að þær geta verið úti í regin-hafi svo vikum, já mánuðum skiptir, og er þetta álitin bezta aðferðin.

Torfi Einarsson: Eg ætla mèr ekki að verða langorður, en skal einungis geta þess, að í þessu máli þarf margra upplýsinga við, og ómögulegt held eg sè, svo vel fari, að semja lög um þetta efni fyrir allt land, því það er nærri því svo, að sín reglan á við í hverri veiðistöðu; það er samt álit mitt, að nefnd ætti að setja í málið, ef ske kynni að þingið gæti styrkt Ísfirðinga til að koma sínu fram; en eins og eg sagði áðan, þá álít eg rangt, að þingið ráði til að almennt lagaboð komi út um þetta efni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg verð að svara hinum 3. konungkjörna þingmanni nokkrum orðum. Það er mjög svo hægt að ráða til, að setja almenn lög um þetta efni, en menn verða þá um leið að sjá einhvern veg til að framfylgja þeim (J. Hjaltalín: það er mögulegt); nei, eg sè eigi, að það sè auðið fyrir yfirvöldin, að þau geti með vissu sèð um, að öðrum eins lögum yrði hlýtt; það getur verið, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sè svo góður formaður, að hann gæti það, og eigi að eins fengið að vita, hve nær hver rær til hákarlaveiða, heldur og geti verið viðstaddur, er þeir koma að landi, norðan frá Horni á Ströndum og vestur að Látrabjargi. Hèr er auðsèð að allt verður komið undir vilja sjálfra íbúanna; ef þeir ekki sjálfir sjá gagnið af því að hætta niðurskurðinum, þá sè eg ekki að fært sè með almennum lögum að banna hann, því allt af gætu þeir, er kæmu utan af hafi, komið með ýms atvik og afsakanir, er rèttlættu niðurskurðinn í það og það skiptið, og sem þeir, er í landi væru, yrðu að taka trúanleg.

Það er satt sem þingmaður Strandasýslu sagði, að veiðiskapurinn væri miklum breytingum undirorpinn. Þannig var á Ísafjarðardjúpi mikil vöðusela-veiði millum 1830 og 1840, og þá voru þeir mjög óþokkaðir, er skutu selinn, og styggðu hann með því, en seinna hvarf vöðuselurinn þar að mestu, og neyddust þeir til

að fara að skjóta selinn, ef þeir vildu fá nokkuð; hefði þá verið bannað að skjóta selinn, þá hefði enginn fengið neitt.

Eiríkur Kúld: Það er skaði, hvað þingmaður Reykjavíkinga er orðinn ókunnugur á Vestfjörðum, þar sem hann þó er borinn og barnfæddur; hann sagði að Ísfirðingar hefðu neyðzt til að skjóta farselinn, til að fá nokkuð af honum; en þetta er ekki satt, þeir skutluðu selinn og veiddu hann síðan mikið í nótum, en það, að þeir skutu á hann, hlaut sem vita má, að spilla hvorutveggja hinni veiðiaðferðinni; hann sagði og, að ekki væri mögulegt fyrir yfirvöldin að hafa gætur á því, að lögunum væri fylgt, en það er eins og hann ekki hafi lesið bænarskrána og því síður skilji tilgang hennar. Bænarskráin fer auðskilið þess á leit, og ætlast til, að allt bæði hákarl og lifur, sem fæst, sè tekið inn í skipið, og þegar það er hlaðið, þá eigi menn að fara í land, og ef þeir þá hreppa óveður á leiðinni, þá er að ryðja hákarlinum, og skemmir þetta því minna hákarlaveiðina, því lengra menn eru komnir inn frá miði. Sú veiðiaðferð sem bænarskráin fer fram á, hefir og eitt sèr til ágætis, sem ekki hefir verið tekið fram, og það er sú hvöt, sem Ísfirðingar fá til að bæta skip sín; mèr er kunnugt að Breiðfirðingar hafa til þeirra ferða langtum stærri og betri skip en Ísfirðingar, en það er auðskilið að þeim verður meiri nauðsyn á að hafa skipin stór, til að geta tekið sem mest, þegar líka á að flytja í land hákarlinn, en stærð skipsins gjörir það, að skipið ber meira af en litla skipið, og það vita menn, að um þann tíma árs, er hèr ræðir um, er allra veðra að von. Eg skal geta þess, að mèr finnst það undarlegt af hinum 3. konungkjörna þingmanni, að mæla fram með þeim lögum, sem margir segja að ómögulegt sè að hlýða, þar sem hann þó einmitt af þeirri ástæðu mælti móti spítalalögunum 1867 hèr á þingi, þó eg að öðru leyti fallist á álit hans hvað bænarskrá þessa snertir.

Tryggvi Gunnarsson: Eg gat þess áður, að mèr þætti bænarskráin vera einstaklegs efnis, og meinti eg þar með, að hún næði ekki yfir nema lítið svið; eg hefi ætlað mèr að gefa atkvæði fyrir að nefnd verði sett, einmitt í þeirri von, að hún gæti fundið reglur í því efni, er hèr ræðir um, sem væru heillavænar fyrir land allt; sè það, sem bænarskráin fer fram á, heillavænlegt fyrir eitt hèrað, þá hlýtur svo að vera fyrir fleiri hèruð, og sè það áríðandi um lítinn tíma, þá hlýtur sama að gilda um lengri tíma.

Hèr er spurningin um: er ábati að fleygja hákarlinum og hirða

að eins lifrina eður hirða hvorttveggja lifur og hákall, og þessa spurning álít eg svo mikilsverða, að vert sè að setja nefnd í málið til að íhuga þetta; hèr er að tala um arðsaman atvinnuveg. Þegar þetta kemur til álita, þá má ekki líta á stundarhaginn eingöngu, og er eg í því alveg samþykkur hinum háttvirta þingmanni Árnesinga. Það er auðsèð, að meira verð er í því, sem skipið getur borið af lifur einsamalli, en af lifur og hákarli til samans, en þá er athugandi, hvort veiðin skemmist ekki fyrir niðurburðinn af hákarlinum, sem fleygt er. Eg þekki til þess, að við Eyjafjörð, þar sem hákarlaveiðin er sótt með meira fylgi, en ef til vill, nokkurstaðar annarstaðar hèr á landi, að þegar skip þaðan komast snemma á vorin til veiða, og eru búin að fara 3 og 4 ferðir til veiðanna, þá er búið að leiða hákarlinn svo langt fram í haf, að veiðinni má heita lokið það sumar, og menn neyddir til að hætta 11 til 12 vikur af sumri.

Jón Hjaltalín: Eg ætlaði ekki að lengja umræður þessar meira; þær eru orðnar nógu langar og ýmislegt komið inn í þær, svo sem selaskot á Breiðafirði, sem eigi á hèr við, og hamingjan má vita hvað fleira kemur. Þingmaður Reykvíkinga hèlt að eg mundi ekki geta sèð um, að lögunum verði hlýtt, en það hygg eg hann muni engu betur geta. Eg vil segja honum, að slettur þær, sem hann kom með, eiga alls ekki við, og sama er að segja um þingmann Barðstrendinga, því hèr á einungis við að tala um, hvort nefnd skuli setja eða ekki. Þingmaður Reykvíkinga heldur, að ekki sè gott að binda veiðiskap við lög, en því skyldi ekki mega gjöra það hjá oss, þar sem það er gjört í hverju einasta landi í Evropu; aptur gengur veiðiskapurinn hjá oss í fullkomnustu óreglu og lagaleysi. Vèr höfum dæmið deginum ljósara, þar sem netaleggingarnar eru. Allir greindir og reyndir sjómenn segja, að þær skemmi mjög svo fiskiaflann. Þegar menn nú biðja um lög til þess að bæta úr þessu, þykir mèr hart ef þingið neitar því, og eg veit þá sannarlega ekki, hvaða lög vèr ættum að vilja semja, ef ekki um þetta. Það getur vel verið, að lögum þessum verði ekki fylgt í fyllsta máta, en vèr verðum að treysta yfirvöldum vorum til hins bezta. Þegar eitthvað er orðið að lögum, verður sú skoðun gildandi hjá alþýðu manna, að ekki megi brjóta þau. Af samtökum höfum vèr ekki mikils að vænta í jafnstrjálbyggðu landi og voru, og er því nauðsynlegt, að þetta sè reglum bundið. Eg vil því sterklega mæla með nefnd í málinu.

Jón Pèturssson: Eins og áður hefir verið tekið fram, snertir mál þetta atvinnuvegi eins hèraðs, en allar þær bænarskrár, er þinginu berast, og sem miða til að efla atvinnuvegi landsins, eða einstakra parta þess, á þingið að taka til nákvæmrar íhugunar og setja nefndir í slík mál, því þau eru áríðandi fyrir landið. Menn þeir, sem standa undir bænarskrá þessari, munu flestir vera útvegsbændur við Ísafjarðardjúp, og hafa því eflaust vel vit á máli þessu, er snertir einhvern hinn mesta atvinnuveg þeirra, og betur en þingmaður sá, er hugsaði, að það eigi væri hollt fyrir þá, væri málinu sinnt af þinginu, og því mótmælti, að nefnd yrði sett í það. Eg verð því að mæla sterklega fram með, að nefnd verði sett í mál þetta.

Hallgrimur Jónsson: Af þeim heiðruðu þingmönnum, sem talað hafa í máli þessu, er eg helzt samdóma þingmanni Strandasýslu, og er það líklega af því að við höfum báðir fengizt við hákarlaveiðar. Það mun nú reyndar ekki hægðarverk, að semja lög um þetta efni fyrir land allt, og ekki hægðarleikur að framfylgja þeim, því það mundi svo opt að koma, að nauðsyn bryti lög. Samt vil eg mæla fram með nefnd beiðandanna vegna, ef það kynni geta komið þeim að notum, og svo álít eg það æskilegt, að málið verði íhugað, ef það kynni að geta orðið hinum öðrum hèruðum landsins sömuleiðis að gagni; en lítið gagn ætla eg muni leiða af því, ef lög þau, er samin yrðu, næðu einungis yfir opin skip, en þilskipin mættu hafa ótakmarkað niðurskurðarvald.

Benedikt Sveinsson: Mótbára þingmanns Reykvíkinga væri næsta þýðingarmikil, ef hún væri rètt. Mèr gat nú ekki skilizt betur, en það væri meining hans, að ómögulegt væri að leggja band á niðurskurð hákarlsins, sem skaðar svo gífurlega hákarlaveiðarnar, með því allt væri komið undir eigin vilja og skoðun þess, er veiddi, það er að segja, sá, sem veiðir, á sjálfur að dæma um, hvort hann megi veiða og fara með veiði sína óbundið að lögum, eða ekki (*Halldór Kr. Friðriksson:* Þetta er misskilningur). Þingmaðurinn talaði einmitt í þessa stefnu. Nú eru lögin til þess að við halda atvinnuvegunum, vernda þá og efla, og hljóta því að sporna og geta spornað við eigingirni manna, eða röngum afnotum þeirra. Það er eðlilegt, að hver og einn vilji gjöra sèr atvinnuvegina sem arðsamasta, og allir hafa rètt til að nota sèr þá, en vel að merkja þannig, að afnotin sèu skynsamleg; en nú er það einmitt óskynsamlegt að færa sèr þá þannig í nyt, að það ríði í

bága bæði við eigin og annara hagsmuni og niðja vorra, og að þetta *eigi* geti átt sèr stað, eiga lögin að fyrirbyggja, og sè ekki *þörf á þess konar* lögum, þá er ei þörf á neinum, og sèu þessi lög *ómöguleg,* þá eru öll lög ómöguleg. Hafi eg nú misskilið þingmanninn, þá talaði hann þó svo tvírætt, að þessara athugasemda er þörf, en hafi eg skilið hann rètt, þá álít eg meiningu hans skaðlega. Það er þó sannarlega mjög varúðarvert fyrir þingið, að kasta frá sèr bænarskrám, er snerta atvinnuvegi og lífsbjörg landsmanna, en velja aptur nefndir í þau mál, er hvorki virðast að varða land nè lýð. Mèr þótti það því undarlegt af þingmanni Strandasýslu, jafngóðum þingmanni, er hlýtur að bera gott skynbragð á þess konar mál sem þetta, að hann skyldi mæla á móti nefnd af því málið væri of sèrstaklegs efnis. En eg vil segja, að það sè ekki sèrstaklegs, heldur einmitt almenns eðlis. Eg hèlt þó, að hákarl sè hákarl og líkur sjálfum sèr hvar sem hann fer, karlinn, kring um landið. Hann hagar hvívetna göngum sínum eptir straumum, vindi og veðri, og öðru því, er tælir hann eða fælir, og það er einmitt sannað, að niðurskurður hákarlsins *fælir* hann og, svo að hákarl, sem í dag var á Ísafirði, getur á morgun verið kominn austur fyrir Langanes. Það er því nauðsynlegt að setja reglur fyrir, hvernig nota skuli *hákarlaveiðina,* því hún er sú mesta auðsuppspretta þessa lands, ef hyggilegar væri að farið, en nú er gjört. Eg ítreka, að það dugar ekki, að hver fari eptir sínum eigin geðþótta, heldur verða menn að beygja sig undir hina almennu skynsamlegu nauðsyn. Vèr verðum því að fara varlega í því, að fella þetta mál frá nefnd. Hèr á það við, heiðruðu þingmenn, að minnast þess, að það hafa komið margar og ítrekaðar bænir hingað, um að vernda *fiskiveiðar* fyrir skemmdum af útlendum mönnum, og verðum vèr því að varast, að spilla þeim sjálfir eptir eigin hugþótta. Þá getur svo farið, að vèr fáum svar á þessa leið: Ef þèr sjálfir ekki hirðið neitt um lög fyrir yður sjálfa, hvernig getið þèr þá neytt upp á okkur lögum um líkt eða sama efni. Eg vona nú fastlega, að nefnd verði sett í málið, og eg vona að því fleiri ræður sem koma um það, og jafnvel ónýtar ræður, geri mönnum það ljóst, að rangt sè að fella það frá nefnd. Það er óvíst, að hvaða niðurstöðu nefndin kann að komast, óvíst hverjar upplýsingar og röksemdir kunna að koma fram með eður mót málinu, en það má hverjum og einum þingmanni vera ljóst, að þjóð vorri mætti þykja kynlegt, að hafna máli og hrinda frá nefnd, sem snertir

lífsbjörg manna, þegar hallæri vofir yfir, og liggur við að menn deyi af bjargarskorti.

Torfi Einarsson: Eg ætlaði reyndar ekki að lengja umræðurnar meira, en má til að bera af mèr ákúrur hins heiðraða þingmanns Árnesinga, því eg átti þær alls ekki skilið, þar sem eg einmitt mælti með því, að nefnd yrði sett, af þeirri ástæðu að málið væri sèrstaklegt. Það á ekki við að fara út í efni málsins, en eg ætla einungis að segja eina sögu úr Strandasýslu. Vèr höfum þar tvo óvini, nefnilega hafísinn og, ef hann fer, jaktirnar. Þannig fengum vèr í vetur einungis færi í 2 sólarhringa í hákallalegu, og á þessum tveim sólarhringum fèkk stærsta skipið 30 tunnur af lifur, en þegar hákarl og skrápur er með, sem reiknaður er $^1/_3$ verðs, ber skipið 4 tunnur lifrar; mèr er þetta kunnugt, því eg á sjálfur skipið og hef verið formaður á því í 20 ár. Hin síðustu árin höfum vèr haft litla áttæringa frá Þorra byrjun til Einmánaðar, og lagt drengskap vorn við, að ekki væri skorið niður á þeim tíma, enda hefir það ekki síðan verið gjört; vèr höfum þá reynt að eins einn róður á stórskipum, en þegar þetta nú ekki tekst optar en annaðhvort vor, þá liggur í augum uppi, að enginn vildi kosta upp á stórskip, ef flytja skyldi allan hákarl í land. Þetta sýnir, hve sèrstaklega getur staðið á á ýmsum stöðum. Vèr höfum reynt að skrifa til Norðlendinga og biðja þá að hleypa jöktum sínum ekki út, fyr en svo sem viku af sumri; þetta hefir ekki fengizt, enda er það að nokkru leyti sanngjarnt, að hinn stærri útvegur sitji í fyrirrúmi. Eg held annars að eg geti dæmt hákarlinn eins vel, og þó eg væri yfirdómari landsins, því eg hef svo opt átt niðurlögum hans að ráða.

Halldór Kr. Friðriksson: Út af ræðu þingmanns Árnesinga skal eg geta þess, að eg sagði aldrei, að hver yrði að mega veiða eptir sinni eigin vild, heldur sagði eg, að ei mundi til mikils að gjöra lög um þetta, þegar menn ávallt geta komið með afsökun, þegar þeir brjóta lögin, og það yrði í reyndinni, að hver veiddi eptir sinni vild. Yfirvaldið situr á Ísafirði; nú rær einhver og sker niður, þá liggur það í augum uppi, að yfirvaldið getur alls eigi haft neitt eptirlit með þessu um svo stórt svæði, sem öll Ísafjarðarsýsla er, og einkum, ef nokkur hluti Barðastrandarsýslu verður lagður til hennar, eins og í ráði mun vera, og þótt hann gæti verið einhverstaðar viðstaddur, eða kæmist að því, að niður hefði verið skorið, og hann spyrði formanninn: «Hví skarstu niður?» Þá mundi

svarið fljótt: «Eg mátti til». Hvernig á nú að sanna, að atvik þau, sem formaðurinn til færir, hafi eigi átt sèr stað? Það er ómögulegt. Eg er samdóma þingmanni Strandasýslu um það, að ef málið á að koma í nefnd, þá er það af því það er sèrstaklegt, — en ætti þá ekki að ná nema eingöngu til Djúpsins sjálfs. — Það er gott að setja lög á lög ofan, en þau verða þá að vera svo, að yfirvöldin geti haft eitthvert eptirlit með, að þeim sè hlýtt; annars verður það komið undir hvers eins vilja, hvort hann fylgir þeim eða ekki.

Benedikt Sveinsson: Væri það sannarleg alvara þingmanns Strandasýslu, að hann væri yfirdómari yfir hákörlunum, þá hefði eg máske stungið upp á, að vísa máli þessu til hans *einsamals*, en þar sem þingmaðurinn ekki hefir sýnt þinginu röksemd fyrir slíku valdi, held eg fast við uppástungu mína um *vanalega* nefnd. Sè svo, að eg hafi misskilið þingmann Reykvíkinga, er hann sömu meiningar og eg, og mælir þannig *með* nefnd, þó hann eptir orðunum mæli *móti* henni.

Stefán Eiríksson: Ef nefnd verður sett í málið, óska eg fyrir mitt leyti, eins og eg tók fram áðan, að hákarlaniðurskurður verði fyrirbyggður kring um allt landið. Hákarlinn er engan veginn svo lítilfjörlegur til manneldis eins og menn halda; þó þessir útvegsmenn áliti, að lifrin sè það eina, sem tilvinnandi sè að flytja til lands, þá er það röng skoðun; að minnsta kosti er eg sannfærður um, að hákarlinn er eins góður og betri til manneldis en maðkaða kornið, sem eg hef sèð talað um í blöðunum og allvíða kvað nú vera á boðstólum hjá kaupmönnum vorum.

Forseti: Inngangsumræðu þessari er þá lokið, og vil eg þá skjóta til atkvæða, hvort nefnd skuli setja eður ekki.

Var þá gengið til atkvæða og samþykkt, að nefnd skyldi setja í málið með 20 atkvæðum gegn 4.

Þá var stungið upp á 3 manna nefnd og 5 manna nefnd, og var við atkvæðagreiðslu samþykkt, að 5 manna nefnd skyldi kjósa.

Þessir voru kosnir:

Torfi Einarsson	með	17 atkv.
Benedikt Sveinsson	—	15 —
Halldór Kr. Friðriksson	—	13 —
Þórarinn Böðvarsson	—	13 —
Jón Hjaltalín	—	10 —

Málið afhent þingmanni Strandasýslu, er hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Húnavatnssýslu um fyrirmyndarbú og búnaðarskóla. Þingmaður Húnvetninga er flutningsmaður, og mun hann lesa bænarskrána og skýra frá málinu.

Páll Vídalín: Bænarskráin hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 104).

Eg veit, að eg þarf ekki að mæla með bænarskrá þessari, því mál þetta hefir svo lengi verið uppáhaldsmál þingsins, og það vona eg að það verði enn. Eg ætla einungis að minnast lítið eitt á niðurlagsatriðin. Eptir þeim kynni svo að virðast, sem þetta mál væri of einstaklegs efnis eða fyrir Húnavatnssýslu eingöngu, en það er ekki meiningin, heldur á skóli þessi eða fyrirmyndarbú að vera fyrir allt amtið, ef nægur styrkur fæst. Eins og bænarskráin sýnir, eru það peningarnir, sem hèr vantar, og eg býst við, að þó að menn vildu knýja á ríkissjóðinn, þá mundi verða harður lás fyrir honum, eins og vant er, en hèr geta líka verið önnur úrræði, eptir því sem alþingi hefir áður tekið í málið; og þess vegna vonast eg eptir, að ekki komi mikil mótmæli nú frá konungsfulltrúastólnum móti nefnd í þessu máli.

Konungsfulltrúi: Mèr þykir bænarskrá þessi um fyrirmyndarbú og búnaðarskóla, sem Húnvetningar ætla að stofna hjá sèr, eins og hinn heiðraði flutningsmaður tók fram, vera svo einstaklegs eðlis, að alþingið, þó að það aðhyllist skoðun þá, sem bænarskráin er grundvölluð á, ekki eigi að setja nefnd í þetta mál. Þær kringumstæður, sem tillit á að taka til, þegar styðja skal þetta mál við stjórnina, og sèr í lagi stinga upp á upphæð styrksins, getur nefnd, eptir minni meiningu, ekki tekið nægilega til greina, en þar á móti skal eg mæla fram með því, að málið verði sent forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda.

Eiríkur Kúld: Mál þetta er svo mikilsvert, að hver þingmaður ætti að gefa því góðan gaum. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi vísa því forsetaveginn, og efast eg ekki um, að málinu væri vel komið þannig. En hèr er í dag annað mál seinna á dagskránni, er líka við kemur landbúnaði. Eg ætla því með leyfi hins háttvirta forseta að skora á formanninn í nefndinni í landbúnaðarnefndinni, sem sett var 1865, að hann skýri frá störfum hennar. Nefnd þessi hefir nú setið að störfum í 4 ár, og væri fróðlegt að sjá, hverju hún hefir af kastað. Eg vona, að þegar skýrsla er

komin frá formanninum, muni beiðendunum lítast svo vel á, að þeir sjái engan ákjósanlegri stað fyrir öll slík mál, en aldingarð þann, sem svo hefir verið ræktaður um 4 ár, að eg vona að öll landbúnaðarmál blómgist þar mæta vel.

Forseti: Eg hefi haft þann skilning, að mál þetta væri óskylt landbúnaðarmálinu og öldungis sèrstakt. En þegar að hinu málinu kemur, er hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga nefndi, skal eg leyfa mèr að stinga upp á, að það gangi út af dagskrá, og skal eg þá um leið skýra frá því, er farið hefir á milli mín og formannsins í nefndinni í landbúnaðarmálinu. Nú bið eg menn að ræða mál þetta, er liggur fyrir, því búnaðarskóli heyrir alls ekki undir landbúnaðarmálið.

Jón Sigurðsson: Eg ætlaði einungis að gjöra hina sömu athugasemd og hinn háttvirti forseti nú hefir gjört, nefnilega að mál þetta eigi öldungis ekkert skylt við landbúnaðarmálið. Þó eg sè samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa um, að málið sè sèrstaklegt, eins og það er framsett í bænarskránni, vil eg þó mæla fram með, að nefnd sè kosin í það, einmitt þess vegna, að eg óska og vona, að nefndin veki upp til nýrrar tilveru hið gamla búnaðarskólamál, sem nú í fleiri ár að undanförnu hefir legið í dvala á svæfli stjórnarinnar.

Páll Vídalín: Hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga hefir að mestu tekið það fram, er eg vildi segja. Eg álít það mjög óheppilegt fyrir málið, ef það kemst í «grasgarðinn», sem stundum hefir verið svo nefndur, og eg álít það sè sama og að eyðileggja það, enda sè eg ekki, að það geti átt við, því það er alls annars eðlis en þau mál, er þangað hefir verið vísað. Þó málinu nú væri vísað forsetaveginn til yfirvaldanna, eins og stungið hefir verið upp á, mundi það hafa lítinn árangur; það hefir verið reynt fyrri og engan árangur haft. Menn hafa barið því við, að málið væri of einstaklegs efnis; en eg tók það einmitt fram þegar í upphafi, til þess að fyrirbyggja þessa mótbáru, að skólinn á að vera fyrir allt amtið, þó að hann yrði settur í Húnavatnssýslu, og hún þannig hefði hans fyrst og fremst not, enda finnst mèr, að hún ætti að hafa rètt til þess fremur öðrum sýslum, þar sem hún er sú eina sýsla, er hefir látið sèr annt um mál þetta, og reynt af eigin efnum að koma því fram. Eg vona og óska, að þingið kjósi nefnd í málið, og hygg eg 3 manna nefnd nægilega.

Torfi Einarsson: Mig minnir, að eg hafi stundum heyrt og

líka lesið það í alþingistíðindunum, að þegar beðið hefir verið um styrk úr ríkissjóði til einhverra fyrirtækja, þá hefir stjórnin svarað, að slíkur styrkur yrði ekki veittur, nema menn gjörðu eitthvað sjálfir. Hèr getur nú þessi mótbára ekki átt sèr stað, því hèr er þó sannarlega nokkuð gjört af hendi landsmanna.

Eiríkur Kúld: Eg held þó, að mál þetta sè ekki alveg óviðkomandi landbúnaðarmálinu. Eg vona að nefndin í því sè nú komin svo vel á veg, að menn geti fengið upplýsingu um, til hvaða niðurstöðu hún hefir komizt, og fyr en eg hefi fengið frèttir frá þessu hinu ókunna landi, þykir mèr mjög hæpið að gefa atkvæði, hvað ráða eigi af enda um þetta mál, er nú ræðir um.

Jón Pètursson: Fyrirmyndarbú og búnaðarskóli í Húnavatnssýslu á alls ekkert skylt við almenn landbúnaðarlög; slíkt ætti þó þingmaðurinn að sjá.

Benedikt Sveinsson: Þar sem þingmaður Barðstrendinga vill bíða eptir skýrslu frá nefndinni í landbúnaðarmálinu, þá getur hverjum skilizt, að þetta getur ekki verið alvara, nema því að eins, að hann vilji fresta málinu. Það liggur að mèr virðist í orðum hans, að þessi 4 ára gamla nefnd hafi litlu af kastað, og er því auðsèð, að hann vill eyða málinu, er hann vísar því þangað. Eg verð fastlega að mæla með nefnd, og að þingið taki málið til meðferðar; því þó seint og illa þyki spretta í hinum svo kallaða grasgarði, treysti eg því, að *stjórnin* nú loksins reki fljótt og vel endann á þetta mál, og veiti Húnvetningum bæn sína, og það því fremur sem þeir hafa sýnt aðra eins viðleitni og þeir hafa gjört í þessu efni. Það er óþarfi að gjöra grein fyrir, hversu afleitt það er, að setja mál þetta í samband við almenn landbúnaðarlög. Fyrirmyndarbúið á í verkinu að sýna, hvernig landbúnaðurinn megi verða hægastur og arðmestur; en flestir, sem vit hafa á, og það veit eg, að allir þingmenn hafa, sjá, að það er mun vandameira verk, að umbreyta öllum landbúnaðarlögunum, en að veita þessa rèttlátu bæn. Af því að eg er einn í þessari svo kölluðu grasgarðsnefnd, skal eg að öðru leyti geta þess, að eg get bæði sýnt og sannað, að í Danmörku hafa menn setið miklu lengri tíma yfir þess konar lögum en þessi nefnd, og þó eigi af kastað meira en nefndin hefir gjört.

Eiríkur Kúld: Eg verð að lagfæra það, sem þingmaður Árnesinga sagði, að eg efaðist um að nefndin hefði starfað til muna. En þetta var þvert á móti. Eg sagði, að þegar skýrslan kæmi,

mundi sjást, hve vel hún væri á veg komin. Landbúnaður og landbúnaðarlög virðist mèr nokkuð náskylt, og ætlunarverk nefndarinnar var hèr að lútandi, og eg get eigi skilið, að búnaðarskóli sè alveg undanþeginn landbúnaðarlögum. Þingmaðurinn sagði enn fremur, að eg vildi fresta málinu; þetta er ekki svo; eg vil styðja það; en hitt er satt, að eg er í vafa um, hvort eg gef atkvæði með, að nefnd skuli í það setja fyr en eg veit eitthvað um aðgjörðir nefndarinnar frá 1865.

Benedikt Sveinsson: Eg held, að þingmaður Barðstrendinga misskilji bæði mig og mál þetta. Grasgarðsnafnið kann að vera mikið fyndið, en það er mjög óheppilegt að villast svo hraparlega, þegar menn ætla að verða fyndnir. Það er ekki ætlunarverk þessa svo kallaða grasgarðs að producera grös, virkileg grös, en verið getur að þingmaður Barðstrendinga hefði haft þann skilning, ef hann hefði verið í nefndinni. Nei, það er ekki ætlunarverk nefndarinnar að efla grasrækt, en það er einmitt það, sem nú á að gjöra í Húnavatnssýslu. Eg verð að segja þingmanninum, að landbúnaðarskóli og landbúnaðarlög er sitt hvað. Fyrirmyndarbúið á að sýna, hvernig búnaðurinn geti með minnstum kostnaði orðið sem arðsamastur, og á þetta ekkert skylt við landbúnaðarlög, enda er þá landbúnaðarskóli nauðsynlegastur, er landbúnaðarlög vanta, allt svo einmitt á meðan landbúnaðarnefndin er að vinna að hinum langsama, óþakkláta og örðuga starfa sínum.

Forseti: Fyrst nú ekki fleiri taka til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa.

Var þá gengið til atkvæða, og 3 manna nefnd samþ. með 19 atkv.

Þessir voru kosnir:

Páll Vídalín . . með 22 atkv.
Jón Pètursson . — 8 —
Grímur Thomsen — 7 —

Málið afhent þingmanni Húnvetninga.

Forseti: Það, sem síðast er á dagskrá, er bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um byggingu jarða. En eins og eg drap á áðan, hefir formaðurinn í nefndinni í landbúnaðarmálinu óskað, að leggja fram skýrslu, og álít eg því rèttast, að geyma mál þetta, þangað

til þessi skýrsla er fram komin. Meira er þá ekki að starfa í dag, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

6. fundur — 4. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nokkrum nefndum um kosningar. Nefndin í málinu um fyrirmyndarbú og búnaðarskóla hefir kosið Pál Vídalín formann og Grím Thomsen skrifara. Í nefndinni í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á krõfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu, er Þórður Jónasson kjörinn formaður en Jón Pètursson skrifari. Nefndin í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til hefir kosið Grím Thomsen formann og Jón Hjaltalín skrifara, og í málinu um konunglegt álitsmál um brennisteinsnámur í Þingeyjarsýslu er Jón Hjaltalín kosinn formaður en Grímur Thomsen skrifari.

Eg hefi einnig tekið á móti skýrslu frá formanni nefndarinnar í landbúnaðarmálinu. Hinum háttvirta konungsfulltrúa verður sent eptirrit af henni, hún svo lögð á lestrarsalinn og kemur síðar á dagskrá.

Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ályktar, bænarskrá úr Múlasýslu um hjúskaparmál. Hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu er flutningsmaður, og mun hann lesa bænarskrána og skýra frá henni.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána. (Sjá II, bls. 105).

Mèr er kunnugt, að mál þetta hefir opt komið til þings og sjaldan fengið góðar undirtektir, og því síður hefir stjórnin getað samþykkt tillögur þingsins um það. En eg veit ekki til, að nokkru sinni hafi komið hingað uppástunga lík þessari, sem bænarskráin nefnir, og mèr virðist hún svo hófleg sem verið geti í þessu máli.

Það sýnist líklegt til umbóta, að í hverju sveitarfèlagi sè eins konar nefnd helztu og beztu manna, er hafi hönd í bagga með um giptingar ráðleysingja, siðleysingja og eyðsluseggja, því það eru þeir helztu menn sveitanna, sem eptir á eiga að standa straum af slíkum mönnum og ómegð þeirra. Eg þarf ekki að taka það fram, það mun flestum kunnugt, hvílík sveitarþyngsli og vandræði hefir leitt af slíkum óráðsgiptingum um land allt. Þó að þingið gæti nú ekki aðhyllzt þessa uppástungu, hefi eg samt von um, að ef nefnd verður sett í málið, mundi hún geta fundið einhver úrræði, er bætt gætu nokkuð úr þeim vandræðum, sem hèr ræðir um. Eg ætla nú ekki að tala fleira að sinni, því bænarskráin tekur sjálf ástæðurnar fram. Eg óska einungis alvarlega, að nefnd verði sett í málið.

Þórður Jónasson: Þetta mál hefir, eins og segir í bænarskránni, optar en einu sinni verið borið upp á alþingi, og verið sent til stjórnarinnar, en hún hefir ekki getað aðhyllzt beiðni þingsins um að þröngva giptingarfrelsinu frá því sem nú er, og fer það að vonum, þar sem þetta frelsi á seinni árum fremur hefir verið rýmkað en þröngvað í Danmörku. Það er líka mjög svo ísjárvert, að þröngva um svo náttúrlegt frelsi sem það er, sem hèr ræðir um, og heldur enginn hægðarleikur að finna þau takmörk, sem fullnægi hvorumtveggja bæði sveitarstjórunum og hlutaðeigandi hjónaefnum. Þessu til sönnunar má telja það, að kanselíið, mig minnir 1817, skrifaði amtmönnunum út af þessum öreigagiptingum og sveitarþyngslum, sem af þeim leiddi, og óskaði að þeir fyndi einhver holl ráð gegn þeim, en tilskipunin um hjónabandið frá 1824 vottar, að eigi hefir þótt ástæða til að binda giptingarfrelsið nema sem allra-minnst.

Það er heldur engin veruleg trygging í þeim skilyrðum, sem menn hafa stungið upp á, t. a. m. að hjónaefnin ættu að eiga lítinn bústofn og eiga sèr víst lítið jarðnæði, en ef mikið er heimtað, gengur það of nærri rètti hlutaðeiganda.

Sú einasta trygging gegn öreigagiptingum virðist mèr því verða í vaxandi upplýsing almennings og glæddum fèlagsanda. Þá er vonandi, að hlutaðeigandi láti sèr yfir höfuð skiljast, að hrapa ekki að hjúskap og búskap, nema þeir sjái sèr nokkurn veginn fært að standa straum af sèr og sínum. Prestar og sveitastjórn geta án efa stutt að þessu með tillögum sínum og hollum ráðum. Eg vil

ekki leggja móti nefnd í málinu, en efast þó um, að hún geti fundið þau ráð, sem hèr dugi.

Halldór Jónsson: Það er reyndar óþægilegt fyrir mig að taka til máls í þessu máli, því eg veit, að kjósendur mínir vonast eptir, að eg mun fremr reyna að styðja það en fella, en eg er ekki viss um, að eg geti gjört það samkvæmt sannfæringu minni. Það er alkunnugt, að sveitarþyngsli hafa á seinni árum aukizt mjög um allt land, og þó árferðið hafi verið hin helzta orsök þess, mun það vart verða varið, að giptingarfrelsið hafi stutt nokkuð að því. En annað mál er það, hvort hægðarleikur sè að finna ráð til þess, að kippa þessu í líðinn. Reynslan hefir margsinnis sýnt, að þeir, sem byrjuðu búskap með talsverðum efnum og voru álitnir liðlegir menn, hafa síðan fallið sveitunum til þyngsla, og aptur hafa þeir, sem byrjuðu bláfátækir, orðið hinir nýtustu menn í sveit sinni. Prestarnir eru sjálfsagðir meðlimir af sveitarstjórninni, og efast eg ekki um, að þeir láti sèr allir eins annt um gagn sveitarinnar og hver annar fèlagslimur, og reyni því til að aptra slíkum giptingum, að því er í þeirra valdi stendur. Að minnsta kosti gipta þeir engan án svaramanna, og þarna hefir fèlagið einmitt ráðið til að sporna við giptingum óráðsmanna, því ef engir svaramenn fást, verður ekkert af giptingunni. Þetta fyrirkomulag er nú komið á í minni sókn, og hefir vel gefizt. Sveitarmenn hafa tekið sig saman um að velja beztu mennina til þess að vera svaramenn, og allir hinir hafa skriflega skuldbundið sig til ekki að vera það. Það gleður mig, að bænarskráin fer fram á líkt fyrirkomulag, en mèr finnst það ekki til neins að biðja konung um lög um það, sem menn geta sjálfir komið sèr saman um. Eg held, að ekki sè tiltækilegt að setja nefnd í mál þetta, sem hefir átt svo örðugt uppdráttar bæði hjá þingi og stjórn, og get eg fyrir mitt leyti ekki gefið atkvæði með nefnd, því eg efast um, að hún geti fundið þau ráð, er eigi þröngvi eðlilegu frelsi manna um of.

Sigurður Gunnarsson: Eg vil biðja hið heiðraða þing gæta vel að því, að í niðurlagsatriðum bænarskráarinnar er engin önnur takmörkun en sú, að valdir sèu beztu menn til þess, að hafa eptirlit með giptingum manna. Þetta skipulag veit eg til að komið er á í einni sveit, nefnilega sókn hins heiðraða þingmanns Norður-Múlasýslu. Víða hefir verið talað um að koma slíku skipulagi á, því mönnum þykir það álitlegt. Ef kostur væri á, munu menn hafa hug á að gjöra slík samtök í öllum sveitum, ef ekki

fæst nein lagfæring á núverandi hjúskaparlögum. En þó slíkt komist á í einstöku sveitum, en efasamt er að það yrði almennt, mundi þó minni not að því, því að það gæti eigi örgrant orðið, að þar sem frjálsar giptingarnefndir væri, mundi mönnum hætta við að gipta upp á hinar sveitirnar, þar sem eigi væru kjörnir svaramenn, og þess vegna álít eg, að almennara laga þurfi við um þetta efni. Eg held, að slíkar nefndir væru vel hafandi í hverri sveit, því þó þær gætu orðið eitthvað misjafnar og hlutdrægar, held eg ekki þurfi að kvíða því, að þær mundu þröngva um of frelsi manna. Hinn heiðraði þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að margir, er byrjuðu með nægum efnum, og liti út fyrir að verða dugandis menn, kæmust síður á sveitina, og sumir, sem byrjuðu með gagnstæðum kringumstæðum, yrðu sveitarstoð. Þetta er að vísu alltítt. En það er ekki líklegt, að sveitanefndirnar mundu aptra efnilegum mönnum frá giptingu, þó efnalitlir væru; við því getur enginn séð, þó velefnaðir yrðu á síðan, og engin nefnd mundi hindra hjúskap þeirra framar en nú er gjört. Mér þykir það alls kostar ólíklegt, að slíkir svaramenn, sem eg tala um, mundu leggja óeðlileg bönd á menn, og þess vegna álít eg ráð þetta, sem eg mæli með, hið tiltækilegasta; því vil eg óska enn sem fyr, að nefnd sé sett í málið, því vera mætti, að þó hún aðhyllist eigi ráð bænarskráarinnar, þá geti hún fundið einhver önnur úrræði, sem álitlegri væru.

Guðmundur Einarsson: Ræður þær, sem hingað til hafa verið fluttar, hvetja mig til þess að tala fáein orð og mæla fram með nefnd í máli þessu. Allir, sem verið hafa í prestlegri stöðu um nokkur ár, hljóta að hafa komizt að raun um, hvílík vandkvæði hafa flotið af öreiga- og óráðsgiptingum, er ekkert takmark er sett í lögunum, og verður því mjög lítið við þeim spornað. Það er engan veginn nóg, þó að hreppur eða sókn hér eða þar hafi samtök með að varna þeim, því það er alkunnugt, að fái þeir, sem giptast vilja, ekki svaramenn í þessari sókn eða hreppi, fara þeir eitthvað annað og útvega sér svaramenn, koma svo með skýrteini til prestsins og knýja hann á stundum til þess að lýsa nauðugan viljugan. Auk þessa verða hjónaböndin opt að kappsmáli sveita á milli, og til mun það hafa borið að brögðum hafi verið beitt til að koma giptingu á. Þó að nú það, sem bænarskráin fer fram á, sé engan veginn einhlítt til að af stýra óráðsgiptingum, þá tel eg samt nokkra réttarbót í því, sem hún stingur upp á, yrði það að

lögum, því ef ákveðin svaramannanefnd væri í hverri sókn, mundu samtökin verða meiri til að af stýra vandræðum þessum.

Það eru engin gæði eða landsheill í því fólgin, að sem flestar óráðsmanneskjur komist í hjónaband, því auk þess sem vandræðin vaxa við það að koma hinum giptu niður og sjá þeim fyrir samastað, er það sannreynt og mætti sýna með dæmum, að af óráðsmönnum koma óráðsbörn, og þetta gengur enda í marga liðu. Eg álít því bæði reynandi og æskilegt, að lögskipuð samtök sèu gjörð til að hafa hemil á óráðsgiptingum, og legg eg enga sèrlega áherzlu á það, að spornað sè við giptingu persóna vegna fátæktar þeirra, en við því vildi eg yrði spornað, að letingjar, ráðleysingjar, o. s. frv. gætu hlaupið í hjónaband eptir eigin hugþótta, hve nær sem þeir vildu. Menn segja, að bágt muni verða að sjá það á ungum persónum, hvernig þær muni reynast, en eg svara því aptur, að úr því þær eru komnar um tvítugt má nokkuð sjá lund þeirra og framferði. Dugnaður, sparnaður, siðprýði, húsbónda-hollusta eru þeir kostir, sem eiga að mæla fram með hverjum manni til að fá hjónaband, þó efni vanti. Eg álít sjálfsagt, að þingið eigi að taka mál þetta til meðferðar, og mæli eg fastlega með, að nefnd verði í það sett.

Eiríkur Kúld: Eg stend ekki upp til þess að mæla með nefnd í þessu máli, heldur móti, eins og 1865, þá er það var hèr síðast frá Mýrasýslu. Bænarskrá þessi hefir að vísu þann kost, að hún er nógu löng, en ekki inniheldur hún neina þá uppástungu, er að minni hyggju geti gefið ástæðu til þess að mæla með nefnd. Hin helzta ástæða fyrir því, er hinn heiðraði þingmaður Dalamanna kom með, var sú, að af óráðsmönnum fæddust óráðsmenn; en þetta er ekki gott að sjá fyrir fram, því líf manna getur verið mjög breytilegt. Eg skal geta þess, að það er hinn sami aðalgalli á þessari bænarskrá og á bænarskránni frá Mýrasýslu forðum, nefnilega sá, að þær vilja takmarka frelsi manna, já, og það kristilegt frelsi. Ef þetta er gjört, leiðir af því mestu óreglu og siðaspillingu, enda má ráða í, að bænarskráin óttast fyrir þessu. Andinn í bænarskránni finnst mèr segja sem svo: Ef þú ert ríkur, þá giptu þig og eigðu börn í hjónabandi, en ef þú ert fátækur, þá máttu ekki gipta þig, en verður að hafa það á hinn veginn. Það eru óeðlileg bönd sem stuðla að þessu, en fyrirbyggja þó með engu móti sveitarþyngslin. Persónur þær, sem elskast, eiga ofur-hægt með að eiga börn, þó þær ekki fái að giptast, og eg get ekki sèð, að í neinu sè betra fyrir sveitirnar að standa straum af lausaleiksbörnum, en þeim sem

í hjónabandi eru getin. Menn verða að fara varlega, því hèr er einungis þröngt svið, ef menn ætla ekki að komast í bága við guðs eða manna lög, að því undanteknu þegar einhverjir stórgallar eru á mönnum, sem eptir gildandi lögum meina þeim hjónabandið.

Guðmundur Einarsson: Mèr þótti ræða hins háttvirta þingmanns, sem nú settist niður, nokkuð ósamboðin stöðu hans, og mun hann opt hafa flutt fegri. Meðal annars sagði hann, að það, sem bænarskráin færi fram á, miðaði til þess, að *takmarka kristilegt frelsi,* en þetta er að minni meiningu engan veginn, heldur er tilgangur hennar sá, að hafa hemil á og sporna við *ókristilegu sjálfræði* og enda *gjörræði* í giptingum. Eg skal leyfa mèr að skjóta því undir atkvæði þingsins, hvort það ei einmitt sè að efla kristilegt frelsi, að hamla óráðsmönnum frá því, að giptast og hlaða niður ómegð af sama tægi og sjálfir þeir, öðrum til þyngsla og mannfèlaginu til spillingar. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að illt væri að slíta sundur persónur, sem elskast. En má eg spyrja hins vegar: Hvað er illt í því, að stía sundur persónum, sem vilja hlaupa í hjónaband einungis af dýrslegri girnd, en ekki af hinni sönnu hjúskaparást, sem er undirstaða farsællegs hjónabands. Eg vil því, að eitthvert siðferðislegt band sè til, svo að hver og einn geti ekki hlaupið eingöngu eptir girnd sinni í hjónabandið. Mèr finnst, að það, sem bænarskráin fer fram á, sè mjög við hóf, og víðast hvar ætla eg að svaramenn þessir yrðu svo skynsamir, að hamla ekki mönnum frá giptingu, þó fátækir sèu, ef þeir eru kunnir að eða koma með vitnisburð um dugnað, ráðdeild og hið annað, er bænarskráin telur. Eg fyrir mitt leyti heimta einungis, að persónurnar hafi þá kosti, sem eg benti á áðan, en hvað efnin snertir, þá eru þau góð með öðru góðu.

Sigurður Gunnarsson: Eg vil einungis svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, er sagði að bænarskráin gjörði efnahaginn að skilyrði fyrir giptingunni, að þessu er ei þannig varið. Bænarskráin drepur að eins lauslega á efnahaginn ásamt góðu siðferði, dugnaði, ráðdeild o. s. frv. Hèr er einungis haft fyrir augum siðferðislegt aðhald; það á einmitt að vera hjá þessum sveitanefndum, og mundi engri þeirra detta í hug að bægja hjónaefnum frá giptingu vegna fátæktar einnar, ef þau væru að öðru leyti efnileg, dugleg og vel þokkuð. Í þessu aðhaldi liggur einmitt hin mesta hvöt fyrir hjónaefni og hjú manna, að vanda hegðun sina til þess, að ávinna sèr gott álit og mannorð, því þá geta

þau vitað fyrir fram, að ekkert muni tálma giptingu þeirra. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að prestarnir þekktu bezt hjónaefnin. Það er eigi satt ætíð; þeir vita opt ekki fyr en brúðgumaefnið, sem er nýkomið í sóknina og sem þeir, ef til vill, aldrei hafa séð fyr, ríður í hlaðið, dregur upp skýrteini frá einhverjum svaramönnum og heimtar lýsingu þegar í stað. Presturinn getur opt ekki neitað honum, sízt með gildum ástæðum. Mèr sýnist svo langt frá, að það, sem farið er fram á í bænarskránni, sem gjörir ráð fyrir, að hjónaefnin leiti ráða til hinna helztu manna, leggi óeðlilegt band á kristilegt frelsi og leiði til siðaspillingar, að mèr virðist það miklu fremur miða til þess, að efla hinn kristilega undirbúning undir hjónabandið.

Helgi Hálfdánarson: Eg er að vísu með öllu mótfallinn því, að leggja mikil böud á hjónabandið; því það, að mega giptast, er ekki einungis náttúrlegur rèttur, sem hver maður hefir, heldur er það yfir höfuð að tala jafnvel skylda hvers manns, að ganga í hjónaband. En samt vil eg ekki mæla á móti nefnd í málinu, því eg veit, að það er mjög svo almennt álit um allt land, að öreigagiptingarnar séu eitt hið mesta átumein lands vors, og er þessi skoðun svo rík, að mèr finnst þingið megi ekki vel kasta málinu frá sèr. Eg get líka ímyndað mèr, eins og hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók fram, að nefndin kynni að geta fundið einhver þau úrræði, er að gagni mættu verða, án þess þó að takmarka giptingafrelsið um of. Hvað aðaluppástungu bænarskráarinnar snertir, sem upp var lesin, þá mæli eg alls ekki með nefnd hennar vegna, því eg álít það ótækt, að setja nefnd manna í hverri sókn, er ráða skuli giptingum manna. Með þessu móti fengjum vèr eins marga dómstóla og prestaköllin eru, eða eins mörg lög; því nefndirnar mundu ekki allar líta eins á málið eða fylgja sömu reglum. En slíkt má ekki eiga sèr stað, heldur eiga að vera ein lög í þessu efni, er séu alstaðar hin sömu.

Eiríkur Kúld: Eg verð að svara hinum heiðruðu þingmönnum Suður-Múlasýslu og Dalasýslu fáeinum orðum. Þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, að prestunum væri ekki hægt að þekkja nákvæmlega siðferði sóknarmanna sinna. En eg held, að presturinn sé neyddur til að kynna sèr það, því hvernig ætti hann annars að geta verið «Censor morum» í sókn sinni. Hann mun þó víst reyna til að stía þeim í sundur, sem lifa ósiðsamlega. Þingmaður Dalamanna vildi, að spornað væri við giptingu þeirra, er

hlaupa saman, eins og hann sagði, einungis til þess að eiga börn, en þá ætti líka að banna þeim giptingar, sem barn hafa átt á undan, því það er þó æfinlega nokkur vottur um skort á staðfestu og siðgæði, að geta börn án hjúskapar. Það hefir verið sagt, að tilgangurinn væri, að hjónaefnin skyldu ráðfæra sig við hina beztu menn, en eg held þess þurfi ekki við að setja ný lög um það, því í hjónabandsformúlunni stendur, að þau skuli ráðfæra sig við guð, sitt eigið hjartalag, vini sína og ættingja, og efast eg ekki um, að vinir og ættingjar verði þeim eins ráðhollir og þessi svaramannanefnd, sem bænarskráin er að berjast fyrir. Eg sè þess vegna ekki af þessari ástæðu neitt tilefni til að halda með nefnd í málið.

Guðmundur Einarsson: En nú þykir mèr ræða hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga undarleg af manni í hans stöðu. Hann hlýtur þó að hafa komizt að raun um, að nokkrir að minnsta kosti þeirra, sem giptast, prettast um að gjöra það, sem þeir eiga að gjöra, að ráðfæra sig o. s. frv. Þeir hafa í þessu efni sumir hverjir harðla lítið siðferðis- eða ráðdeildar-aðhald innra í sèr, og þess vegna hlýtur að hvíla á þeim eitthvert ytra band til að halda þeim þó ofurlítið aptur. Eg þykist sannfærður um, að hinn háttvirti þingmaður muni ef til vill hafa optar en einu sinni komizt í þá kreppu, að hann hafi hlotið eptir lögunum að gipta saman þær persónur, sem hann var «moralsk» sannfærður um, að ekki ættu í hjónaband að gefast, og þetta er þó sannarlega óþægileg staða fyrir prestinn, og æskilegt að hann þyrfti sem sjaldnast í hana að koma. Eg skal nú ekki fremur lengja umræðurnar, en einungis taka fram, að eg álít alveg nauðsynlegt, að nefnd sè sett í málið.

Hallgrímur Jónsson: Eg hlýt að mæla með því, að nefnd sè sett í þetta mál, af þeim ástæðum, að það er í sjálfu sèr mjög mikið nauðsynjamál, sem þarf lögunar við; því þó nefndir þær, er á undanförnum þingum hafa verið í það settar, ekki hafi getað fundið tilhlýðileg ráð, að takmarka öreigagiptingar, þá gæti má ske ný nefnd sem nú yrði sett, fundið eitthvert það ráð, sem ekki hefir verið sèð hingað til. Eg veit það líka, að í mínu kjördæmi hafa slíkar öreigagiptingar mjög opt leitt til hinna mestu þyngsla og vandræða, og þar hefir þetta mál komið opt til umræðu, og eg veit ekki betur en að bráðum muni koma þaðan bænarskrá til þessa þings, er biður um takmörkun á þeim; þess vegna vil eg

styðja að því, að nefnd verði sett, án þess að fara lengra út í málið að sinni.

Davíð Guðmundsson: Mèr virðast þeir af hinum heiðruðu þingmönnum, sem mest hafa talað móti nefnd, vilji gjöra sig að talsmönnum eðlilegs frelsis og náttúru-rèttinda manna. Eg vil einnig tala máli mannfrelsis og náttúrurèttinda manna, og mæli því fastlega með nefnd. Frelsi er ekki óbundið sjálfræði, og að mínu viti er það náttúrurèttur manna, að fèlagið veiti einstaklingnum vernd sína til þess að ganga inn í þá stöðu, sem líkur eru til að hann geti orðið sjálfum sèr og fèlaginu til heilla í, og varni honum jafnframt að ganga inn í hverja þá stöðu, þar sem líkur eru ekki til, að hann geti orðið sèr og öðrum til heilla. Eg óska, að nefnd verði sett, af því eg vona hún geti fundið einhver ráð til að takmarka giptingu óvandaðra eyðslumanna, án þess þó að vilja láta fátæktina út af fyrir sig vera hjónaböndum til tálmunar, því að nóg eru þess dæmi, hversu vandaðir fátæklingar geta blessazt og komizt upp, þar sem algjört takmarkaleysi um giptingar óvandaðra eyðslumanna er mjög svo varhugavert.

Jón Hjaltalín: Af því að eg hefi opt áður verið viðriðinn mál þetta, þykir mèr viðurhlutamikið að standa ekki upp. Allt af eru bænarskrárnar að koma um þetta efni, og eg hefi með mínum eigin augum sèð, til hvílíkra vandræða þetta fyrirkomulag leiðir. Það voru þeir tímarnir, að vèr vorum ekki að skrafa og skeggræða um þetta, heldur lögðum dóm á. Árið 1538 dæmdu á alþingi biskup Jón Arason og Þorvarður Erlendsson, að ekki mættu menn giptast, nema þeir ættu svo og svo mikið fè. En nú er öldin önnur, nú getum vèr ekki annað en talað, og sýnir það eins og annað, að vèr ekkert vald höfum, enda fer ástandið í landi voru ár frá ári vesnandi. Þegar mál þetta kom fyrsta sinni á þing, sagði eg, að það mundi ekki verða í síðasta skipti, og hefir það eptir gengizt. Þetta óbundna sjálfræði, sem hèr drottnar nú, gjörir alla sveitastjórn ómögulega; þess vegna fæst enginn til að vera hreppstjóri, því þeir geta engu tauti á komið; það koma líka árlega menn til mín og biðja mig gefa sèr «attest» um, að þeir sèu ekki færir um að hafa hreppstjórn á hendi. Eg hef enn engum gefið slíkt attest, heldur sagt við þá: það getur vel verið þú hafir einhvern lasleika, góðurinn minn, en þú mátt til að herða þig og reyna að gjöra hvað þú getur; eg þekki ástandið, og veit, við hver vandræði þú átt að stríða. Menn segja, að það skerði kristilegt

frelsi, ef hver strákurinn og stelpan má ekki hlaupa saman, en þau mega verða dugnaðarmanninum, sem vinnur baki brotnu, til niðurdreps og eyðileggingar. En til hvers er nú að vera að stríða við þetta? Málið hefir áður gengið til stjórnarinnar, eg hef sjálfur skrifað nefndarálit í því, og var það fullkomlega skýrt og skorinort; en ekkert hefir samt hingað til gengið, og svo mun enn fara. Eg held, að ekki sé til neins að sinna bænarskrá þessari nema að eyða tíma. Eina ráðið held eg sé, að bíða þangað til alþing hefir fengið löggjafarvald. Eg vil ekki lá stjórninni, þó hún hafi ekki aðhyllzt uppástungu alþingis, því Danir eru svo ókunnugir ástandinu hér á landi, og segja að ófrjálslegt sé, að tálma giptingum. En víst er um það, að eigi lengi svo búið að standa, þá er eyðileggingin vís. Hinar mestu óráðsskepnur geta hlaupið saman, þær róta upp jörðinni, hrófla upp kofa-mynd, svo þær geti stungið inn höfðinu, og er þó í rauninni ekki betri en svínastía. Uppeldi barna hjá slíkum foreldrum ætla eg ekki að minnast á, það þekkja allir. Eg verð því jafnvel að vera móti nefnd í málinu. Samt er eitt gamalt og gott orðtæki, sem stendur á einhverju hinu elzta húsi í Kaupmannahafn, er segir: »Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða«, og víst er um það, að illa lítur út, ef vèr ekki bráðum fáum lög um þetta, þar sem menn nú í sumum sveitum borga 20 vættir í aukaútsvar (*Nokkrir:* 36 vættir); eg hef þá ekki tekið of mikið til. Eg held, að ómögulegt sé að fyrirbyggja þetta að svo stöddu, en ef það væri mögulegt, ætti þingið að gjöra það. Eg ætla nú ekki að tala meir að sinni, en einungis geta þess, að það þykir mèr óheyrilegt að segja, að það sé takmörkun á kristilegu frelsi, að banna prestum að hleypa öllum óþjóðalýð í hjónaband; það liggur við, að slíkt sé guðlast.

Forseti: Eg vil geta þess, að hèr er einungis umtalsmálið, hvort nefnd skuli setja eða ekki, og held eg því æskilegt, að umræðurnar fari sem minnst inn í efni málsins.

Jón Sigurðsson: Út af fyrri ræðu hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga vil eg geta þess, að svo mátti virðast, sem hann ekki þekkti aðrar hvatir til hjónabands en löngun til barneignar (E. Kúld: jú); hann nefndi að minnsta kosti ekki fleiri. Það stendur að vísu í fyrsta kapítula ritningarinnar þetta boð: aukizt og margfaldizt o. s. frv., en þingmaðurinn, sem annars er svo vel heima í mörgu og svo biflíufróður, mun eflaust hafa lesið biflíuna lengra aptur eptir og þekkja fleiri en þessa einu ákvörðun hjónabandsins,

svo eg álít ekki þörf á, að minna hann á það. Mál þetta er annars að minni hyggju vandamál mikið og velferðarmál. Mèr þykir mjög mikilsvert um það, er hinn heiðraði þingmaður Norður-Múlasýslu sagði. Hann hefir með privat-samtökum komið því til leiðar í sókn sinni, að menn geta haft nokkurn hemil á þessum vandræðagiptingum, og ættu menn að gefa þessu hinn bezta gaum. Hann hèlt, að menn gætu komið slíku til leiðar alstaðar með samtökum, og var þess vegna móti nefnd, en eg verð að vera með nefnd, einmitt af þeirri ástæðu, að eg vil, að slíkar nefndir yrðu lögskipaðar, eða að minnsta kosti mundi þingið geta gefið einhverjar bendingar í líka stefnu.

Halldór Jónsson: Eg skal einungis geta þess, að eg hefi ekki gefið sjálfum mèr dýrðina fyrir þau áviknu samtök í sókn minni. Sóknarmenn mínir hafa komið þeim á sjálfir sín á milli, og eg hefi sagt þeim, að þó mèr væri kært, að einhverjir af þeim tilnefndu mönnum vildu í hvert skipti gjörast svaramenn, gæti eg þó ekki annað, en tekið gildan hvern þann mann, sem eptir gildandi lögum mætti vera svaramaður, ef hann skærist úr leik og tæki aptur skuldbinding sína.

Eiríkur Kúld: Eg verð að leiðrètta hinn háttvirta þingmann Suður-Þingeyinga og segja honum, að hann gat þess eigi rètt til mín, að eg þekkti eigi fleiri hvatir til hjónabands en löngunina til barneignar, en virðist honum það amalegt, að börn fæðist í hjónabandi? Hinn heiðraði þingmaður Skagfirðinga sagði, að menn hefðu óbundið sjálfræði til að ganga í hjónaband. Þetta er ekki svo; það eru til lög um þetta efni, og þekkir hann þau sjálfur eins vel og eg. Menn segja, að eg sè harður á móti bænarskránni, og er það satt; en það kemur af því, að eg þekki alveg nýtt dæmi úr vesturamtinu upp á það, hvað öll óeðlileg bönd á þessu geta verið óheppileg. Þegar öllu er á botninn hvolft, er það einmitt efnaskorturinn, sem ræður hjá hinum heiðruðu þingmönnum, sem halda með bænarskránni; mest ber þó á því hjá hinum 3. konungkjörna þingmanni. Eg vil einungis benda honum á eitt dæmi í vesturamtinu, því hann er þar vel kunnugur. Þar var fyrir nokkrum árum staðið móti giptingu manns nokkurs af því hann var fátækur, en síðar varð hann einhver ríkasti maður á vesturlandi (*Jón Hjaltalín*: En Svale gjör ingen Sommer). Eg get, eins og áður sagt, ekki fundið neina ástæðu til þess að mæla með nefnd.

Benedikt Sveinsson: Það er satt, að mál þetta hefir opt komið fyrir þing, og líka satt, að það hafi orðið árangurslaust, þó þingið hafi veitt því góða áheyrn, því stjórnin hefir ekki fundið ástæðu til að fallast á tillögur alþingis í því. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók fram rök þau, er leitt hefði stjórnina í þessu efni, og skýrði í ræðu sinni glögglega frá, í hverju rök þessi væru fólgin, og álít eg, að hann hafi nægilega tekið allt það fram, sem verður móti því haft, að slík lög komi út fyrir Ísland, sem hèr ræðir um. En hann tók það að eins fram, sem mælir móti því frá *lagalegu* sjónarmiði. Aptur tók hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga það fram, sem mælir móti því frá hinu *kirkjulega* sjónarmiði. Á hinn bóginn hafa komið fram raddir eigi allfáar, er segja, að þess konar lög sèu *nauðsynleg*, að nauðsynlegt sè fyrir borgaralegt fèlag vort, að takmörkun sè gjörð á giptingum ráðleysingja. En mèr finnst þeir, sem þessu hafa fylgt fram, ekki hafa tekið sínar ástæður eins glögglega fram og hinir. Menn hafa nefnt sveitarþyngsli sem mótsetning við *eðlilegt* frelsi manna, og getur verið að það megi, ef menn skoða þetta frá rótum, því orðið «*sveitarþyngsli*» getur í sjálfu sèr aldrei vegið svo mikið, að það geti leitt til takmörkunar á eðlilegu frelsi manna í borgaralegu fèlagi yfir höfuð; menn yrðu þá að meina með orðinu «sveitarþyngsli» «almenna borgaralega nauðsyn». Menn hafa hèr í salnum borið saman siðferðisleg og borgaraleg lög; þetta mál er vel fallið til þess, að sýna, hvort þingið er fært um, að draga línu milli hinnar borgaralegu nauðsynjar og siðferðislegs frelsis, því tímans mælir heimtar þetta af þinginu. Hin borgaralegu lög snerta hið siðferðislega frelsi einstaklingsins og þetta aptur lögin, en þó er sitt hvað. Hèr er því vandratað, heiðruðu herrar. Það væri mjög gleðilegt, ef hið borgaralega fèlag gæti sem bezt tæmt út þá siðferðislegu hugmynd; en eg vona, að hið heiðraða þing játi, að ásigkomulagið er svo hjá oss Íslendingum, að borgaraleg lög hjá oss sèu svo langt frá því, að tæma hina siðferðislegu hugmynd hvers einstaks manns, að það ekki einu sinni er á borð við borgaralegt fèlag hjá öðrum siðuðum þjóðum. Vèr sjáum, að þjóðir, sem eru langt á undan oss í viðurkenningu mannlegs frelsis, leggja þó bönd á hið siðferðislega frjálsræði einstaklingsins, því lögin eru enn ekki komin svo langt, að hið æskilegasta borgaralega ástand sè fengið. Fullkomnunarinnar takmarki er enn ekki náð; allir leita að því, en enn þá er

það ekki fundið. Eg gjöri hvorki þjóð, þingi nè kjördæmi mínu minnkun, þó eg segi, að borgaralegt fèlag vort Íslendinga sè ekki lengra komið en svo, að vèr verðum að taka tillit til hinnar *borgaralegu nauðsynjar.* Bænarskrá þessi, er hèr liggur fyrir, vottar um það, að þörf sè á að takmarka giptingar þær, sem líklegt er að stofni fèlaginu í vanda; hún er vottur um *almenna borgaralega nauðsyn.* Eg vil því skjóta því til yfirvegunar þingsins, hvort eigi beri að sporna við *vandræðum borgaralegs fèlags,* með því að reyna til að sameina náttúrlegt frelsi til hjúskapar við það framfarastig, sem á sèr stað í hinu borgaralega fèlagi í *landi voru.* Eg vil eigi vera móti þeim, er tala máli frelsisins, en eg vil *líka* vera með þeim, er vilja finna rètt takmark eða mælikvarða milli ásigkomulags fèlagsins og frelsis einstaklingsins, svo að borgaralegt fèlag verði ei fyrir vandræðum. Eg tek þetta ýtarlega fram, því mjer þykja ástæðurnar með og mót svo þýðingarmiklar. Eg hefi áður fjallað um þetta mál, en ekki tekizt að finna heppileg ráð til að bæta úr því, svo Danastjórn hafi líkað, en verið getur að það gæti nú heppnazt hinni nýju nefnd. Eg efast ekki um, að þingið finni köllun hjá sèr, til að vega ástæðurnar á báðar hliðar eptir kringumstæðunum og ásigkomulagi landsins. Eg held, að það sè ekki ætlunarverk þingsins, að finna hinar skörpustu mótsetningar, heldur finna hinn *gullna meðalveg,* með öðrum orðum: að draga línu á milli þess siðferðislega og hins líkamlega, milli hins himneska og hins jarðneska, að finna þann veg, sem liggur, að eg mætti svo að orði kveða, millum himins og jarðar.

Sigurður Gunnarsson: Það hefir verið tekið fram hèr í þingsalnum, að þetta ólag á hjúskaparmálum mundi lagast, eptir því sem upplýsing og menntun færi vaxandi; uppástungur bænarskráarinnar miða til að flýta fyrir þessu máli án þess að leggja þó nein óeðlileg bönd á frelsi manna. Það hefir verið sagt, að prestinum væri ekki vorkunn, að þekkja sjálfur siðferði sóknarmanna sinna; það getur hann eigi ætíð. Hvernig á hann strax að þekkja fólk það, sem kemur á vorin úr ýmsum áttum inn í sóknina? En þó getur hann ekki neitað um giptingu, ef brúðgumi hefir svaramann. Þetta hefi eg sjálfur fengið að reyna. Mèr finnst málið, hvernig sem á er litið, þess vert, að það sè vandlega íhugað; vona eg því fastlega, að nefnd verði sett, og óska, að henni takist að finna hin rèttu takmörk milli hins eðlilega frelsis manna og hinar almennu borgaralegu nauðsynjar.

Jón Pètursson: Eg hefði mælt með því, að nefnd væri sett í málið, ef eg vissi, að börn fæddust ekki fyrir utan hjónaband; en nú er það alkunnugt, að börn fæðast utan hjónabands, og hvað er það þá betra, að ráðlausir fátæklingar eigi börn í lausaleik, en í hjónabandi? það sè eg ekki. Þyngslin á sveitunum af börnum þeirra verða víst eigi minni, þó börn þeirra fæðist í lausaleik, en þó þau fæðist í hjónabandi. Menn segja, að sèu þeir nú og óráðvandir, þá alist börn þeirra upp bæði í leti og ósiðsemi. Þetta byggist á þeirri skoðun, að allir, sem giptast, verði að fara að eiga með sig sjálfir; en því þurfa þeir þess? geta þeir ekki verið í vist fyrir því, þó þeir giptist.

Eg álít það skyldu fyrir hverja sveitarstjórn, að rífa upp hvert það heimili, þar sem börnin alast upp í leti og illum siðum, þegar húsbóndinn leitar sveitarstyrks, og leggja ekki slíku hyski. Mèr finnst öll ákæran, sem bænarskrárnar fara með, falli yfir sveitarstjórnirnar, er ekki gæta skyldu sinnar. Og yfir höfuð sýnist mèr, að bann á móti öreigagiptingum efli ósiðsemi, eins og eg hefi fyr sagt, og því verð eg sterklega að mæla á móti því, að nefnd sè sett í mál þetta.

Forseti: Eg skal geta þess, að allmargir þingmanna hafa óskað þess, að umræðunum yrði hætt.

Benedikt Sveinsson: Eg vil spyrja: hvernig getur sá hlutur verið byggður á siðferðislegum grundvelli, sem bæði kirkjan og borgaraleg lög neita að samþykkja?

Forseti: Eg skal þá biðja þingmenn að skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli sett eða ekki.

Var það síðan samþykkt með 14 atkvæðum gegn 10, að 3 manna nefnd skyldi kosin. Þessir voru kosnir:

Sigurður Gunnarsson með 12 atkv.
Pètur Pètursson — 8 —
Halldór Jónsson — 8 —

Málið var síðan afhent þingmanni Suður-Múlasýslu.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þessu næst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ályktar, bænarskrá frá þingmanni Vestur-Skaptfellinga um kennslu málleysingja, svo og bænarskrá úr Húnavatnssýslu um sama efni.

Þingmaður Vestur-Skaptfellinga er flutningsmaður uppástungu sinnar, og mun hann lesa hana upp fyrir þingmönnum og skýra

um leið frá hinni bænarskránni og því, er honum þykir frekara við þurfa.

Páll Pálsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána frá mèr. (Sjá, II., bls. 110).

Eg skal einnig leyfa mèr að lesa kafla úr brèfi frá «Geheime-Etazráði» Trap í Kaupmannahöfn áhrærandi mál þetta: (Sjá II, bls. 113).

Enn fremur skal eg lesa upp vottorð frá mönnum þeim, er voru við próf það, er eg hèlt í vor, yfir þeim mállausu og heyrnarlausu börnum, sem hjá mèr hafa verið næstliðið ár: (Sjá II., bls. 112).

Eg ætla ekki að fara neitt inn í þetta mál að sinni, en eg vona einungis, að þingið setji nefnd í það; eg vona, að þingið taki því betur í þetta mál, sem allir skynsamir menn verða að játa, að það er til mikils gagns fyrir ættjörðu vora, að mál- og heyrnarleysingjar geti notið innlendrar menntunar.

Konungsfulltrúi: Mèr þykir mál þetta svo merkilegt, að eg efast ekki um, að þingið muni verða mèr samdóma í því, að æskilegt sè, að skóla þeim, sem hèr ræðir um, og sem nú er stofnaður hèr í landinu, verði haldið áfram og honum komið í það bezta horf. Eg skal þess vegna mæla með því, að nefnd verði kosin í málið.

Jón Hjaltalín: Eg stend einungis upp til þess, að mæla með því, að nefnd verði sett í málið.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og skal eg bera undir atkvæði þingsins, hvort nefnd skuli kjósa.

Var það síðan samþykkt, að 3 manna nefnd skyldi kjósa:

Þessir voru kosnir:

Páll Pálsson með 17 atkv.
Jón Hjaltalín — 13 —
Bergur Thorberg — 8 —

Var málið afhent þingmanni Vestur-Skaptfellinga.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Þingeyjarsýslu um, að hreppsmenn megi kjósa sèr hreppstjóra. Þingmaður Suður-Þingeyinga er flutningsmaður.

Jón Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sjá II., bls. 114).

Jafnvel þó bænarskrá þessi sè ítarleg og skýri allvel frá málavöxtum, finn eg mèr skylt að gjöra þinginu grein fyrir því, er eg þekki til um mál þetta, því mèr er það næsta kunnugt. Um hin 20—30 síðustu árin hefir sú regla haldizt við í norður- og austuramtinu, að hreppsbændur sjálfir hafa kosið hreppstjóra sína á manntalsþingum, og hefir amtið jafnan samþykkt kosningu bænda eptir á, eða rèttara sagt, skikkað einhvern af þeim, sem flest atkvæði hafa fengið, fyrir hreppstjóra. Regla þessi, sem komst á í tíð Gríms amtmanns Jónssonar, og sem hefir viðhaldizt alla tíð þess amtmanns, sem nú er, er og hefir jafnan verið hin þokkasælasta meðal almennings, enda hefir hún og haft hinar heppilegustu afleiðingar. Nú bar til sú nýlunda, að amtmaðurinn í norður- og austur-amtinu bannaði sýslumanni að láta bændur í Þingeyjarsýslu kjósa hreppstjóra sína á seinastliðnum manntalsþingum, en skipaði aptur sýslumanni, að stinga upp á hreppstjóraefnum. Þetta kom sèr því ver hjá oss Þingeyingum, þar sem bæði regla þessi var mjög vinsæl, eins og áður er sagt; og í annan stað hefir eitthvert óvanalegt hreppstjóra-faraldur geisað í Þingeyjarsýslu árið sem leið, svo að miklu optar hefir skipt þar um hreppstjóra á þessu eina ári, en um mörg ár að undanförnu. Þannig hafa, eins og frá er skýrt í bænarskránni, eigi færri en 9 menn í Fnjóskadal borið hreppstjóranafn árið sem leið, og þó var þar ekki nema ein hreppstjóranefnd, þegar eg fór til þings. Og í fleiri hreppum sýslunnar held eg að verið hafi hreppstjóralaust nú í vor, eða að minnsta kosti var svo ástatt í þeim hreppi, sem eg á heima í. Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, eða lýsa út í allar æsar þeim vandræðum, sem þessleiðis hvikulleiki í sveitarstjórninni hefir í för með sèr, en skal einungis geta þess, að þessi aðferð amtsins er því óheppilegri, sem það er almennt viðurkennt og eg sjálfur þekki til af reynslunni, að staða hreppstjóranna, sem er yfrið vandasöm og þungbær í því harðæri sem nú er, verður hálfu lèttbærari, eða rèttara sagt leggst lèttar á þá, sem þaun kross eiga að bera, þegar þeir eru fríviljuglega *kosnir* til þessa starfa, en þegar honum er þröngvað á mann af járnhendi yfirvaldsins. Og það sèr þó hver maður, að það er ekki lítil hvöt fyrir hreppstjóraun, til að standa sem bezt í stöðu sinni, þegar hreppsbændur sýna honum þá tiltrú og virðingu, að fela honum þennan þýðingarmikla og vandasama starfa á hendur. Eg segi þetta af eigin reynslu, því eg hefi líka verið hreppstjóri um nokkur ár og þekki

nokkuð til um sveitarstjórn yfir höfuð. Eg vona, að þingið gefi þessu máli ítarlegan gaum, og taki það til skipulegrar meðferðar.

Konungsfulltrúi: Bænarskrá þessi snertir eitt atriði af sveitarmálefnum landsins, sem að vísu í heild sinni þarfa endurbótar, en mèr þykir þetta atriði þess eðlis, að þingið eigi að biðja um það fyr, en undir eins verði ákveðið um stjórn allra sveitarmálefna. Tilefni bænarskrárinnar, eða það, sem eptir skýrslu hennar fór fram árið 1868—69, er sannarlega ískyggilegt, þar sem 9 menn í Fnjóskadal á fardagaárinu hafa borið hreppstjóranafn, og getur skeð, að amtmanninum að minnsta kosti að nokkru leyti geti orðið kennt um það, en mèr þykir blær bænarskráarinnar bera vitni um það, að Fnjóskdælum sjálfum einnig sè um það að kenna, að minnsta kosti get eg vel ímyndað mèr, að þegar þess konar þrætur koma upp milli þess embættismanns, sem hefir verið almenningi svo vinsæll, sem amtmaður sá, er hlut á í málinu, og innbúa umdæmisins, og þær fara eins langt, eins og þær hèr virðast hafa farið, þá sè báðum málspörtum um það að kenna. En af því að amtmaðurinn er alveg varnarlaus hèr á þinginu, og nefndin, ef hún verður sett í málið, ekki getur útvegað upplýsingar nema frá öðrum málspartanna, skal eg ráða þinginu frá að setja nefnd í málið.

Jón Sigurðsson: Það er engan veginn aðalatriðið í bænarskránni, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, um þessa 9 hreppstjóra í Fnjóskadal, heldur er það tekið einungis sem dæmi upp á þá óstjórn, sem á sèr stað í Þingeyjarsýslu á þessum dögum, og til þess að sýna fram á, hver nauðsyn á því er, að hreppstjóra-kosningar sèu lögboðnar, svo að þær sèu óháðar hvers einstaks manns geðþótta. Aðalatriðið er, að amtið hefir ástæðulaust svipt Þingeyinga þeim rètti, sem menn álíta sig að hafa, til að kjósa sjálfir hreppstjóra sína; en þetta er því tilfinnanlegra og óeðlilegra, sem Þingeyjarsýsla ein er svipt þessum rètti, en hinar sýslur amtsins látnar halda honum. Ef nú svo væri, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf í skyn, að Fnjóskdælingum væri meðfram um að kenna hreppstjórahrun það, sem hjá þeim hefir verið — og því verð eg alveg að mótmæla — þá væri það sök sèr, þó þeim einum hefði verið synjað um að kjósa hreppstjóra; en hvers eiga hinir aðrir hreppar Þingeyjarsýslu að gjalda? og hver ástæða er til að svipta þá þessum rètti? Eg vona, að þingið líti á hina almennu hlið þessa máls, en einblíni ekki á hin sèrstaklegu atriði.

Eg fyrir mitt leyti álít ekki nauðsynlegt, að nefnd sè sett í málið, en gjöri mig ánægðan með, að málinu verði beint forsetaveginn til stjórnarráðsins.

Þórður Jónasson: Eg get hvorki sèð, að málið sè þess umkomið, að í því verði sett nefnd, nè heldur að því sè vísað forsetaveginn, því amtmenn hafa að lögum heimild til þess, að leyfa hreppsbúum að kjósa hreppstjóra sinn á manntalsþingum; þetta gjöra þeir og, og það er mjög eðlilegt, og að vísu leiddi Grímur sál. amtmaður af sjálfsdáðum þessa hreppstjórakosningaraðferð inn í norður- og austurumdæminu, og hún hefir að eg ætla haldizt þar síðan, nema, ef til vill, nú í Þingeyjarsýslu. Eg veit heldur ekki betur, en að amtmaðurinn í norðuramtinu hafi nýlega eptir uppástungu hlutaðeigandi sýslumanns leyft hreppsbúum að kjósa hreppstjórann á manntalsþingum, og eg tel það sjálfsagt, að amtmennirnir verði jafnan við þessari bæn hlutaðeiganda, og til hvers er þá að halda málinu lengra.

Páll Pálsson: Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tók fram flest af því, sem eg ætlaði að segja. Eptir því sem eg þekki til, þá eru það prestar og sýslumenn, sem mestmegnis ráða því, hverjir verða hreppstjórar, enda má og ætla, að þeir þekki bezt, hverjir færastir eru til þessa starfa. Mèr virðist því ekkert gjörræði geta átt sèr stað af amtmanni, þar sem hann út nefnir hreppstjóra einmitt samkvæmt uppástungum sýslumanna og presta. Þessum gildandi ákvörðunum vil eg því ekki breyta. Mèr virðist ástæða til, að vísa bænarskrá þessari til annara bænarskráa úr Þingeyjarsýsla, sem eg hefi sèð að komnar eru til þingsins, og sem einnig snerta amtmanninn í norður- og austur-umdæminu.

Sigurður Gunnarsson: Mèr skilst ekki betur en að bænarskrá þessi sè beinlínis klögun yfir amtmanninum í norðnr- og austur-amtinu; það er orðin venja fyrir löngu í norður- og austuramtinu, að hreppsmenn kjósi sèr hreppstjóra, og eg veit ekki betur, en að amtmaður hafi jafnan samþykkt hreppstjóra-kosningar hreppsbænda; þetta er því sèrstakur viðburður, en að líkindum sprottinn einasta af óánægju þeirri, sem mest hefir borið á þetta seinasta ár við þennan embættismann, sem hèr ræðir um. Það er nauðsynlegt, að þegar slíkar kærur koma fram á móti yfirvaldi, að það geti borið hönd fyrir höfuð sèr, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, en um þetta er ekki hèr að tala. Eg mæli þess vegna móti því, að nefnd verði sett í málið.

Eiríkur Kúld: Eg er á sama máli og hinn háttvirti konungsfulltrúi og þingmaður Suður-Múlasýslu um, að málið sè svo sèrstaklegs eðlis, að ekki eigi við að setja nefnd í því. Að öðru leyti virðist auðsèð, að bænarskrá þessi er meðfram sprottin af einhverri stífni við amtmanninn fyrir norðan. Ekki vil eg heldur ráða til að senda málið forsetavegnn til stjórnarinnar, en vil heldur mæla með, að því verði frestað, þangað til aðrar bænarskrár áhrærandi sama embættismann, og sem, ef þingið gefur þeim gaum, heyra undir § 77 í tilsk. 8. marz 1843, koma til umræðu hèr á þingi.

Stefán Eiríksson: Eg skildi bænarskrána svo, sem hún beiddi um hreppstjóra-kosning af hreppsbændum fyrir land allt, og því mæli eg með því, að nefnd sè sett í þetta mál, og það af þeirri ástæðu, að það bæði er miklu eðlilegra og vinsælla, að hreppsbændur hafi rètt á að kjósa hreppstjóra sína, því þessi þungi kross, hreppstjórnin, verður þeim miklu ótilfinnanlegri, þegar hreppsbændur sjálfir kjósa hreppstjórann. Í Skaptafellssýslu er það venja, að sóknarpresturinn stingur upp á hreppstjóranum, en hreppsbændur hafa þar ekkert atkvæði, sem eg þó álít miður heppilegt. Eg vil leyfa mèr að skora á hina lögfróðu menn hèr í salnum, hvort ekki eru lög fyrir, að sóknarpresturinn eigi að stinga upp á hreppstjóra, og ef svo er, þá ætti að breyta þessu, og láta hreppsbændur hafa atkvæðisrètt í hreppstjóravalinu. Mèr skildist á hinum háttvirta sessunaut mínum þingmanni Vestur-Skaptfellinga, sem hann vildi halda í þessa venju, sem verið hefir með kosning hreppstjóra, en eg vil biðja hann að gá að því, að presturinn er ekki útilokaður frá að kjósa hreppstjórann, þó þessari óvenju sè breytt; presturinn greiðir atkvæði sitt eins og hver annar hreppsbúandi, og hans atkvæði getur, ef til vill, gjört útslagið um hreppstjórakosninguna.

Tryggvi Gunnarsson: Það eru margir búnir að mæla móti því, að nefnd verði kosin í þetta mál, en eg áleit í fyrstu, að flestir mundu þannig líta á málið, að þeir mundu mæla með nefnd, svo framarlega þeir vildu mæla máli kjósanda sinna, því eg þori að segja, að það er vilji almennings, að fá að njóta þess litla frelsis að kjósa sèr hreppstjóra, bæði þar sem sú venja er komin á, og þar sem hún er enn þá ekki á komin, en fyrst allir hljóta að játa, að sú venja sè bæði eðlileg og vinsæl, er þá ekki einmitt hvöt til að biðja um, að það verði með lögum ákveðið, að bændur fái að

kjósa hreppstjóra sína, svo menn verði eigi sviptir þessu litla frelsi eptir hugþótta eins manns, eins og dæmin gefast, því fyrri hafa menn enga tryggingu fyrir, að fá að halda þessari vinsælu venju. Eg þori að segja, að hefði þessi venja verið af tekin þar, sem hún var búin að ná festu, þá hefðu bænarskrár komið hingað víðs vegar að, en það er von að þessi bæn komi í þetta sinn eingöngu frá Þingeyingum; þeir einir hafa verið sviptir þessu, og sannast á þeim, að enginn veit hvað átt hefir fyr en misst hefir; þetta er orsökin, en ekki nokkur óvild eður rígur, eins og hèr hefir verið hreift. Eg verð að álíta, að mótmælin móti nefnd sèu sprottin af misskilningi, því bænarskráin fer fram á almennt efni, en alls ekki nokkuð einstaklegt; það einstaklega er til fært sem dæmi; niðurlagsatriði bænarskráarinnar eru þannig: «að það verði gjört að lögum yfir land allt, að bændur megi kjósa hreppstjóra».

Eg ætlaði mèr ekki að standa upp í þessu máli, eður tala nokkurt orð um hina norðlenzku stjórn að þessu sinni, en orð hins hæstvirta konungsfulltrúa knýr mig til að bera lítið eitt hönd fyrir höfuð Fnjóskdælinga, því það er mitt álit, að þeir sèu mjög lítið valdir að misklið þeirri, sem þar hefir verið næstl. ár. Eg vil til nefna eitt dæmi, sem þeim getur alls ekki verið gefin sök á. Við hinar sífelldu hreppstjóra-breytingar, er þar voru í vetur, setti sýslumaðurinn til hreppstjórnar fátækan fjölskyldumann, en sá hinn sami *bað* sýslumann að frija sig við þá byrði af nefndum ástæðum, hvað og sýslumaður gjörði, og lèt tilkynna manninum, að hann fyndi *ástæðu* til að gefa hann frijan; en í vor sektaði amtmaður þennan sama mann fyrir óhlýðni, og skipaði sýslumanni að ganga eptir sektinni hjá manninum, sem aldrei hafði annað en beðið um lausn, og sýslumaður hafði viðurkennt í opinberu brèfi, að ástæða væri til, að hann þyrfti ekki að gegna hreppstjórn.

Eg gæti til fært mörg dæmi, er ljóslega sýndu, að Fnjóskdælingum hefir ekki verið um að kenna, en eg vil hlífa amtmanninum og þinginu fyrir því; eg álít, að þetta sè nægilegt til að sýna, hve hættulegt getur verið fyrir sveitir og einstaka menn, að einn maður hafi vald til að skipa hreppstjóra-sætin að eigin hugþótta, þegar hann vill misbrúka valdið.

Eg vona, að hinir háttvirtu þingmenn líti á hina almennu hlið málsins, er bænarskráin fer fram á, og velji nefnd í það.

Forseti: Eg skal geta þess, að 12 þingmenn hafa óskað, að umræðunum megi nú vera lokið, en sex hafa beðið sèr hljóðs, og skal eg því biðja þingmenn skera úr, hvort umræðunum skuli hætt eður ei.

Samþykktu þingmenn síðan með atkvæðafjölda, að inngangsumræðu þessari skyldi vera lokið.

Forseti: Þá hefir verið stungið upp á, að nefnd skyldi setja, og bið eg hina háttvirtu þingmenn skera úr því með atkvæðum.

Felldu síðan þingmenn málið frá nefnd.

Því næst var skotið til atkvæða, hvort málið skyldi senda forsetaveginn til stjórnarinnar eður ekki.

Þessa uppástungu felldu þingmenn einnig með 15 atkvæðum gegn 6. Viðvíkjandi uppástungu um að fresta máli þessu, þangað til önnur bænarskrá, er áhrærir amtmanninn í norður- og austurumdæminu, kæmi til umræðu, þá kvaðst forseti álíta, að þetta ætti ekki við, sökum þess, að bænarskrá þessi, er hèr hefir verið til umræðu, er almenns efnis, en hin er sèrstakleg.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ályktar, bænarskrá úr Mýrasýslu um markaskrár.

Þingmaður Mýramanna er flutningsmaður, og mun hann lesa upp bænarskrána, og skýra þinginu frá því, er honum þykir við þurfa.

Hjálmur Pèturssonː Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána, og er hún þannig látandi: (Sjá II., bls. 116).

Eg ímynda mèr, að allir sèu mèr samdóma um, að það sè nauðsynlegt að hafa markaskrár prentaðar, því fremur sem þessi nauðsyn er virkilega viðurkennd í flestum sýslsum landsins; líka ímynda eg mèr, að flestir sèu á því máli, að þetta sem annað þurfi að vera bundið föstum reglum, svo það ekki detti um koll vegna mótmæla einstakra manna. Eg veit dæmi til, þegar mörkum hefir verið safnað til prentunar, og borgun heimtuð, þá hafa stöku menn afsagt að borga, og af þessum ástæðum er þessi bænarskrá orðin til.

En þó nú þingið viðurkenni þessa nauðsyn, veit eg ekki, hvort því þykir þörf á að setja nefnd í málið, því eg get ímyndað mèr, að sumir álíti, að það heyri undir amtmennina; eg skal því fyrst leyfa mèr að óska, að þeir menn, sem eru kunnugastir amtmönnunum og þeirra verkahring, og sem hèr eru á þinginu, vildu gefa mèr upplýsingu um, hvort þetta mál heyrir undir vald og

verkahring þeirra, ásamt öðru því, er heyrir til fjallleita og fjárskila; og fái eg vissu fyrir því, að þeir hafi fullkomið vald til að fyrir skipa það, sem með þarf í þessu efni, vil eg leyfa mèr að stinga upp á, að málinu sè vísað til þeirra; en fái eg ekki vissu fyrir þessu, óska eg að nefnd verði sett í málið, og álít 3 manna nefnd nægja. Að öðru leyti álít eg þetta mál ekki svo umfangsmikið, að það tefji mikið fyrir þinginu, þó nefnd verði sett.

Konungsfulltrúi: Á móti uppástungu þessari um að koma betri reglu á það, að semja og prenta markaskrár, hefi eg sjálfsagt ekki neitt; en mèr þykir málið vera heldur umboðslegs eðlis, og er viss um það, að þegar menn snúa sèr til amtmanna landsins, sèu þeir fúsir til með reglugjörð að koma betra skipulagi á markaskrárnar, en hingað til hefir verið. Einnig tekur bænarskráin það fram, að þetta málefni, sem stendur, heyri undir amtmennina, og þeir hafa áður með reglugjörð ákveðið það í þessu tilliti nauðsynlega.

Hjálmur Pètursson: Eg vil leyfa mèr að spyrja, hvort amtmenn eru skyldugir til að að annast um, að markaskrár sèu prentaðar.

Bergur Thorberg: Eg skal geta þess, að hvað mig snertir, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að markaskrárnar verði prentaðar, að því leyti sem nauðsyn krefur. Það hefir opt komið fyrir áður, að markaskrár hafa verið prentaðar, og eptir því sem mèr er kunnugt hefir kostnaðurinn þar við verið greiddur af sveitarsjóðunum, og hafa sýslumenn gengizt fyrir því, án þess að það hafi komið til amtmanns kasta, að úrskurða þar um.

Eg mæli því móti nefnd, af því eg álít hana ónauðsynlega, og eg álít það einnig litlu skipta, þó málið sè látið ganga forsetaveginn.

Hjálmur Pètursson: Eg óttast fyrir, að það yrði mjög óvinsælt, ef kostnaðurinn yrði lagður á sveitarsjóðina, enda veit eg ekki til, að þetta hafi átt sèr stað. Að öðru leyti skal eg gjöra mig ánægðan með, að málið sè látið ganga forsetaveginn til amtmannanna.

Bergur Thorberg: Þau mótmæli, sem þingmaður Mýramanna ræddi um að komið hefðu fram móti því að borga markaskrárnar, hafa, eptir því sem mèr er kunnugt, verið jöfnuð og útkljáð af hlutaðeigandi sýslumönnum, án þess neitt þess konar hafi komið til úrslita amtmanns.

Eiríkur Kúld: Eg skal geta þess við hinn háttvirta þing-

mann Mýramanna, að eg veit þó til, að þessum kostnaði hefir verið jafnað niður með sveitarútsvörum *vestra,* og alls ekki valdið, það eg til veit, neinni óánægju.

Guðmundur Einarsson: Eg verð að vera samdóma þingmanni Mýramanna í því, að það hefir við gengizt í vesturamtinu ekki alls fyrir löngu, að hver einstakur hefir orðið að borga fyrir prentun á marki sínu, og sumir hafa færzt undan að borga, og komið sundrungu á þetta nytsama fyrirtæki. Mig gleður því að heyra það, hvað hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður tekur skörulega í málið og fullvissar um fylgi sitt því til framkvæmdar.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og skal eg biðja hina háttvirtu þingmenn að skera úr, hvort nefnd skuli setja eður ekki.

Var síðan málið fellt frá nefnd með 20 atkv., en ákveðið með 13 atkv. gegn 5, að senda það forsetaveginn til hlutaðeigandi amtmanns.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, bænarskrá úr Strandasýslu um þingfararkaup, og bænarskrá úr Rangárvallasýslu um þóknun og ferðakostnað alþingismanna.

Þingmaður Strandasýslu er flutningsmaður, og mun hann skýra þinginu frá því, er honum þykir við eiga, þessu máli til skýringar.

Að öðru leyti skal eg leyfa mèr, að stinga upp á, að bænarskrám þessum verði vísað til nefndar þeirrar, er sett var um útsending þingtíðindanna, og mætti þá bæta einum eða tveimur mönnum við nefndina.

Torfi Einarsson: Eg skal leyfa mèr að lesa upp bænarskrána úr Strandasýslu. (Sjá II., bls. 92.).

Eg ætla mèr ekki að mæla langt með bænarskránum, því það er þegar búið að dæma þær áður. (*Forseti*: Nei, það er á þingsins valdi, hvað það gjörir).

Grímur Thomsen: Eg er einnig á því, að málinu verði vísað til nefndarinnar um útsending þingtíðindanna.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki verið á því, að fá þetta mál þeirri nefnd, því þessi mál eru þó ekki svo skyld; það er sitt hvað; alþingistíðindin og fyrirkomulag þeirra, og kaup þingmanna.

Þórarinn Böðvarsson: Sem formaður nefndarinnar um út-

sending þingtíðindanna skorast eg undan því að taka á móti þessari bænarskrá, því nefndin hefir þegar fengið 2 ólík málefni til meðferðar, sem tvísýnt er að hún geti komið saman í eitt nefndarálit, en get ei séð, að alþingislöggjöfin gefi heimild til, að sama nefndin semji nema eitt álit. Það hefir að vísu verið gjört fyr á þinginu, að kasta þannig mörgum málum í eina nefnd, og hafa mál stundum fallið fyrir þá eina sök, að nefndin hefir ei getað komið þeim saman í eitt, og þess vegna orðið að fella sum, og er slíkt fyrirkomulag ekki gott; eg vil því leggja það til, að þingið setji sérstaka nefnd í mál þetta, ef því sýnist það þess vert, að það sé fengið nefnd til meðferðar.

Grímur Thomsen: Mér dettur ekki í hug að vilja troða þessum bænarskrám upp á nefndina, en mér skildist á forseta, að hann væri á því, en hann er kunnugri því, sem síður hefir verið til í álíkum kringumstæðum, en eg, og getur því betur varið uppástungu sína en eg mundi gjöra.

Hjálmur Pétursson: Af því mér finnst, að mál þessi séu ekki svo samkynja, að þau geti vel átt undir sömu nefnd, vil eg mæla með sérstakri nefnd, og af því mér finnst málið þess eðlis, að við það þurfi kunnugleik um allt land, sting eg upp á 5 manna nefnd.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mér að taka það fram út af umyrðum þingmannsins fyrir Gullbringusýslu, að einmitt ein af þeim bænarskrám, sem lagðar voru fram í fyrradag, sú frá Barðastrandarsýslu, fer fram á atriðið um ferðakostnaðinn, þar sem hún biður um, «að ákveðið sé víst ferðakaup fyrir þingmann úr hverri sýslu», og hefir því nefndin fengið þetta atriði til meðferðar.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki mælt með nefnd, því að það liggur í augum uppi, að það getur eigi átt sér stað, að ákveða fast ferðakaup þingmanna; það geta svo mörg atvik fyrir komið, að ferðakostnaðurinn yrði og hlyti að verða miklu meiri í eitt skipti en annað, þótt úr sömu sýslunni væri. Eigi heldur get eg séð, að þingtíminn geti með nokkru móti orðið bundinn við ákveðinn tíma; hversu langt hvert þing verður, er að öllu leyti komið undir þeim störfum, sem hverju þingi eru í hendur fengin.

Jón Hjaltalín: Eg mæli einnig móti nefnd, því það væri næsta ófrjálslegt, þannig að binda hendurnar á þinginu.

Páll Pálsson: Eg mæli með því, að málinu verði vísað til nefndarinnar um útsending þingtíðindanna, með því líka að þeirri

nefnd var fengin til íhugunar bænarskrá um, að stytta alþingistíðindin; enda getur mèr ekki betur skilizt, en að málefni það, sem hèr ræðir um, sè svo náskylt, að það í öllu falli ætti að geta orðið samferða. Nefndin gæti sem sè tekið innihald bænarskránna til greina í álitsskjali sínu.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skoraðist undan, að taka á móti bænarskránum, af því meðnefndarmenn mínir mæltust til þess, en eptir þeim upplýsingum, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi gaf, er eg ekki á móti því, að nefndin taki við þessum bænarskrám, svo framarlega sem meðnefndarmenn mínir hafa ei á móti því, þó eg efist um, að nefndin geti komið öllum þeim bænarskrám, sem henni hafa verið afhentar, í eitt nefndarálit.

Forseti: Það er ekki eiginlega vegna þess, sem hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir sagt áður, heldur vegna almennrar reglu, að eg get þess, að nefndir eða formenn þeirra geta ekki skorazt undan að veita þeim bænarskrám móttöku, sem þingið vísar til þeirra.

Þá skal eg biðja þingmenn skera úr, hvort nefnd skuli setja eður ekki.

Var síðan málið fellt frá nefnd, en samþykkt með 19 atkvæðum, að vísa því til nefndarinnar um útsending þingtíðindanna.

Forseti: Eptir 65. grein alþingistilskipunarinnar getur nefndin fengið bætt við sig 1 eða 2 mönnum, sem hún vill til greina, ef hún vill svo. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið, og verður konungsfulltrúa sent eptirrit af því og það lagt á lestrarsalinn.

Eg held hentugast, að halda ekki fyr fund en á föstudaginn kl. 12, til þess að nefndirnar geti starfað að verkefnum þeim, sem þær hafa fyrir hendi.

Fundi slitið.

---

7. fundur — 6. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá seinasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, og mun það verða lagt fram á lestrarsalinn og hinum háttvirta konungsfulltrúa sent eptirrit af því; sömuleiðis hefi eg fengið uppástungu um lagaskóla frá þingmanni Barðstrendinga, og enn fremur bænarskrá frá forstöðumönnum forngripasafnsins um styrk til þessa safns, svo og einnig bænarskrá frá Vatnsleysustrandarhrepp um spítalahlutagjald til læknasjóðsins. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir beðið sèr hljóðs.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt brèfi frá dómsmálastjórninni á eg að leggja fram fyrir þingið til álita þess uppástungur tvær, aðra um það, að sýslumannsembættið í Barðastrandarsýslu verði lagt niður og skipt milli sýslumannanna í Ísafjarðar- og Dalasýslu, en hina um það, að leggja Hnappadalssýslu, sem hingað til hefir verið sameinuð Mýrasýslu, saman við Snæfellsnessýslu.

Um leið og eg afhendi hinum heiðraða forseta eptirrit af brèfi dómsmálastjórnarinnar af 9. f. m. og af brèfi frá amtmanninum yfir vesturamtinu af 4. þ. m., báðum viðvíkjandi umgetnum uppástungum, skal eg fela honum að annast um, að þetta mál verði tekið til yfirvegunar og frekari meðferðar af þinginu.

Forseti: Eg hefi veitt þessum skjölum móttöku, og munu þau verða lögð á lestrarsalinn og málið síðan tekið á dagskrá til nefndarkosningar.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt konunglegri auglýsingu til alþingis frá 7. f. mán. skal eg skýra þinginu frá samningum þeim, sem stjórnin hefir byrjað á við stjórnina á Frakklandi og Englandi út af þegnlegri bænarskrá alþingis um fiskiveiðar útlendra við strendur Íslands. Þingmönnum er það kunnugt, að alþingið í hitt eð fyrra fór þess á leit í þegnlegri bænarskrá þeirri, sem um er getið,

1. að konunginum mætti þóknast að bjóða stjórn sinni að halda áfram samningatilraunum sínum við stjórnina á Frakklandi og Bretlandi um fiskiveiðar þeirra við Ísland á þann hátt, er hún sèr landsmönnum hentugast eptir málavöxtum og kringumstæðum landsins, og sèr í lagi að hún reyni að fá hina síðarnefndu til að senda hingað herskip á hverju sumri, er hafi eptirlit með athæfi brezkra sjómanna við strendur landsins, og
2. að stjórnin reyni í samningum sínum við Frakka og Breta að fara því á flot, að fiskiskip þeirra fari ekki til fiskiveiða inn á Faxaflóa og Breiðafjörð fyr en um vertíðarlok (12. maí), ef hún

fær eigi stjórn þessara landa til að samþykkja þau veiðitakmörk á Faxaflóa og Breiðafirði, er liggja fyrir utan vanaleg fiskimið landsmanna.

Eins og dómsmálastjórnin áður hefir gjört tilraun til þess að semja við stjórnir útlendra þjóða, sèr í lagi Frakka, um hagsmuni fyrir fiskiveiðar Íslendinga, hefir hún nú samkvæmt þessari bænarskrá beðið utanríkisstjórnina að taka atriði þau, sem bænarskráin fer fram á, til greina í samningatilraunum sínum við hina frakknesku og ensku stjórn, og hefir dómsmálastjórnin sèrstaklega leitt athygli utanríkisstjórnarinnar að því, hvort ekki væri ákjósanlegt við samningstilraunirnar til vara að stinga upp á, að hin frakkneska stjórn vildi binda verðlaun sín fyrir fiskiveiðarnar við þann skilmála, að hlutaðeigandi fiskiskip hefði eigi farið til fiskiveiða inn á Faxaflóa nè Breiðafjörð fyr en um vertíðarlok (12. maí).

Utanríkisstjórnin hefir þar næst skrifað hinum konunglegu sendiherrum í París og London samkvæmt þessari áskorun dómsmálastjórnarinnar, og frá hinum síðarnefnda fengið skýrslu frá 23. maí þ. á. með 3 fylgiskjölum, sem eg nú skal afhenda hinum heiðraða forseta þingsins í íslenzkri þýðingu. Af þessum skjölum getur þingið sèð, að enska stjórnin hefir í ljósi látið, að hún geti ekki orðið við uppástungum þeim, er af danskri hálfu hafa gjörðar verið til að koma skipulagi á málefni þetta. Af hálfu Enskra er því farið fram á, að brezk fiskiskip sèu í sjálfu sèr eigi allmörg, og að þau sæki helzt að Færeyjum, en minna að Íslandi, og reki þar veiðar sínar að eins við útsuðurströndina, aldrei við vestur- og útnorðurströndina, og það í lok fiskigöngutímans, og því löngu eptir vertíðarlok (12. maí), og loksins að enskir fiskimenn aldrei veiði í Faxa- eða Beiðaflóa. Sökum þessa finnur enska stjórnin ekki sem stendur tilefni til að taka neina ákvörðun um að halda úti herskipi við Ísland, eða til að láta sig út í spurninguna um sjómörkin í Faxa- og Breiðaflóa, en er að öðru leyti fús á, að taka málið til nýrrar yfirvegunar, ef danska stjórnin getur sannað, að ástandið í raun og veru sè öðruvísi á sig komið.

Þar á móti hefir stjórnin enn þá ekki fengið skýrslu frá hinum konunglega sendiherra í París um árangurinn af samningstilraunum hans við hina frakknesku stjórn.

Forseti: Eg hefi tekið við skjölum þessum af hinum háttvirta konungsfulltrúa, og verða þau lögð á lestrarsalinn, til þess þingmenn geti kynnt sèr þau.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt konunglegri auglýsingu til alþingis frá 7. f. m. skal eg leyfa mèr að skýra þinginu frá tilraunum þeim, sem stjórnin hefir gjört út af bænarskrá alþingis um, að komið yrði á reglulegum gufuskipsferðum kring um Ísland.

Þegar stjórnin við árslok 1867 átti að gjöra nýjan samning um póstferðir gufuskipsins milli Danmerkur og Íslands, reyndi hún til þess, að sameina nokkrar gufuskipsferðir kring um Ísland við póstferðirnar, og leitaðist við að útvega menn til að takast þessar ferðir á hendur upp á tvo kosti, annaðhvort með þeim skilyrðum, að póstskipið skyldi fara 6 ferðir árlega milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, og á öllum þessum ferðum bæði út og heim koma við í Færeyjum og í Vestmannaeyjum, eða með þeim skilyrðum, að það skyldi fara 6 ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, og á öllum þessum ferðum bæði út og heim koma við í Færeyjum og á Berufirði eða Eskifirði á Íslandi, samt enn fremur á 4 þessara ferða bæði út og heim koma við í Vestmannaeyjum, og á tveimur ferðum koma við í Stykkishólmi, Ísafirði og Eyjafirði, samt í Vestmannaeyjum annaðhvort á útleiðinni eða heimleiðinni. Með hinum síðar nefndu kostum bauð að eins enskt félag að takast ferðirnar á hendur, en þegar því var orðið kunnugt um upphæð lestagjaldsins, tók það aptur boð sitt, en það hafði áskilið sèr 700 L. eða 6300 rd. aukaborgun fyrir þessar tvær ferðir. Af því önnur boð ekki komu fram, voru ekki önnur úrræði en ganga að samningi við «Det forenede Dampskibsselskab» í Kaupmannahöfn, og það tók sèr ferðirnar á hendur á móti hærri borgun um 5000 rd. árlega, en að öðru leyti með sömu skilmálum sem áður, þó svoleiðis, að póstskipið skyldi koma við á Berufirði eða Eskifirði í hverri ferð sinni, ef kringumstæðurnar leyfðu þetta. Seinna er samningur gjörður á milli dómsmálastjórnarinnar og fjárhagsstjórnarinnar um það, að hin danska «Generalpostdirection» skuli takast póstferðirnar milli Kaupmannahafnar og Íslands á hendur frá komandi vori, með því móti, að herskip nokkurt (Fylla) verði gjört út til þessara ferða. Það er tilætlun póstmálefnastjórnarinnar með þessu skipi að flytja póstinn 7 sinnum hvert ár, og að ákveða vissa daga allt árið, á hverjum ferðirnar eiga að byrja frá Kaupmannahöfn og einnig frá Reykjavík, en að öðru leyti er enn þá ekki fast ákveðið, hvort póstskipið eigi á öllum eða nokkrum ferðum sínum að koma við á Berufirði, Eskifirði eða Seyðisfirði. Á hinn bóginn getur ekki orðið spursmál um, að póstskipið með

þessu fyrirkomulagi geti tekið að sèr reglulegar ferðir kring um landið, bæði ef það á að fara 7 ferðir hvert ár frá Kaupmannahöfn til Íslands, og vegna þess að póstskipsferðir milli Danmerkur og Íslands eptir frumvörpum þeim, sem lögð eru fyrir þingið um stjórnarbótarmálið, eiga að borgast af ríkissjóðnum, en gufuskipsferðir kring um Ísland eiga að vera þessum sjóði óviðkomandi.

Forseti: Þingmaður Gullbringusýslu hefir beðið sèr hljóðs.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að nefndin, sem sett var í málið um útsending alþingistíðindanna, óskar samkvæmt 65. grein alþingistilskipunarinnar, að verða aukin 2 mönnum, og leyfi eg mèr í þessu tilliti að stinga upp á, að þeim amtmanni B. Thorberg og prófasti Ó. Pálssyni verði bætt við nefndarmannatöluna.

Forseti: Eg skal þá hèr með spyrja hina háttvirtu alþingismenn, hvort þeir vilja samþykkja, að mönnum þessum verði bætt við nefndina eptir ósk hennar, samkvæmt 65. grein alþingistilskipunarinnar. Fyrst enginn mælir móti því, álít eg þá kosna í nefndina.

Samkvæmt dagskránni kemur nú fyrst til undirbúningsumræðu nefndarálit um konunglegt frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndun ljósmynda o. fl. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga er framsögumaður.

Framsögumaður (Páll Pálsson): Eg skal leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II., bls. 128).

Eg ætla mèr að svo stöddu að sneiða hjá því, að ganga ítarlegar inn í málið, en bíð átekta.

Hjálmur Pèturssson: Eg skal leyfa mèr að vekja athygli þingsins að því atriði málsins, er áhrærir sektirnar, sem ákveðnar eru í 2. grein frumvarpsins; þar er ekki tekið fram, í hvaða sjóð þær eigi að renna, sem þó er gjört í flestum tilskipunum, sem ákveða sektir; því ætla eg að áskilja mèr breytingar- eða viðaukaatkvæði í þá stefnu, að þær renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Framsögumaður: Eg sè ekki betur, en það sè eðlilegt, að sektirnar renni í sakamálasjóðinn, ef brotið á rót sína í megnum illvilja og er gjört af ásettu ráði, en sè þetta ekki, get eg ekki ætlað annað, en að þær sjálfsagt renni í fátækrasjóðinn, þar sem brotið er framið; að öðru leyti er það á þingsins valdi, hvað það ályktar í þessu tilliti.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbún-

ingsumræðu lokið. Eg skal biðja hinn háttvirta þingmann Mýramanna, að láta mig sem fyrst fá breytingaratkvæði sitt.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, bænarskrá úr Austur-Skaptafellssýslu um póstgöngur. Þingmaður Austur-Skaptfellinga er flutningsmaður og mun hann lesa upp bænarskrána fyrir þingmönnum og skýra það er þarf.

Stefán Eiríksson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa bænarskrána. (Sjá II., bls. 129).

Bænarskráin sjálf færir ástæður fyrir því, hve nauðsynlegt það er, að hinar fornu póstgöngur við haldist. Eins og tekið er fram í bænarskránni, voru í fyrra 2 póstgöngur milli Austur-Skaptafells- og Suður-Múlasýslu, en í ár verður að líkindum engin póstganga í Austur-Skaptafellssýslu, nema ef sýslumaður gerir út póst í árslokin eptir hreppaskýrslum sínum, sem hann þarf nauðsynlega að fá. Eg ímynda mèr annars, að þetta ófuga fyrirkomulag sè komið á, síðan að gufupóstskipið var látið koma við á Djúpavog, en Austur-Skaptafellssýsla hefir ekki haft neitt gagn af þessu fyrirkomulagi, því síðan verzlun kom á Papós, eru engar samgöngur frá Djúpavogi til Skaptafellssýslu, og þau brèf, sem koma með póstskipi á Djúpavog, liggja þar mánuðum saman, áður þau geti borizt til viðtakanda. Eg óska því, að þingið taki málið til yfirvegunar og setji nefnd í það.

Konungsfulltrúi: Út af þessari bænarskrá skal eg geta þess, að amtmaðurinn í suðuramtinu hefir skýrt mèr frá, að hann, þegar póstskipið í fyrra byrjaði að sigla til Djúpavogs, og eptir að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hafði skýrt honum frá, að ekki væri nauðsynlegt, að halda við póstgöngunum frá Kirkjubæjarklaustri til Eskifjarðar, áliti það nægilegt, að senda póst tvisvar til Austur-Skaptafellssýslu, og gjörði hann einmitt þetta til þess, að hjálpa amtmanninum yfir vesturamtinu til að fjölga póstferðunum frá Stykkishólmi til Ísafjarðarsýslu, sem hann ekki gat fjölgað, eptir því er hann áleit nauðsynlegt, nema nokkuð gæti sparazt á annan hátt af peningum þeim, sem veittir voru til póstgangnanna innanlands. Enn fremur hefir stiptamtmaðurinn skýrt mèr frá, að hann hafi farið þess á leit við stjórnina, hvort ekki, þegar póstskipsferðirnar eru fast ákveðnar — en þetta er, eins og eg nýlega skýrði þinginu frá, fyrirætlað frá vori — væri ástæða til nú, að framkvæma þær breytingar á póstgöngunum innanlands, sem áformaðar voru í

frumvarpi því, er árin 1861 og 1865 voru lögð fyrir alþingið. Eg er beiðandanum samdóma í því, að mjög sè ábótavant í þessu máli, en mèr þykja ekki póstgöngurnar í suðuramtinu vera hinar lökustu hèr á landi.

Með þessum athugasemdum skal eg skjóta því til úrskurðar hins heiðraða þings, hvort nefnd eigi að kjósa í þetta mál.

Bergur Thorberg: Út af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa finn eg mèr skylt að votta það, að í þessu tilliti hefir verið rýmkað til við vesturamtið, þannig að einni póstferð hefir orðið fjölgað á ári milli Stykkishólms og Ísafjarðar frá því sem áður var; en þetta var mjög svo nauðsynlegt; póstgöngurnar voru áður einungis 3 á ári, en þetta var allt of lítið og mjög tilfinnanlegt bæði með tilliti til brèfasendinga yfir höfuð, og einnig sèrstaklega með tilliti til embættisbrèfa, og var opt ómögulegt að geta fengið í tækan tíma skýrslur frá embættismönnum í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslu. Eg get ekki ætlað, að það sè til neins, að setja sèrstaka nefnd í málinu, en skal mæla með, að málið verði látið ganga forsetaveginn til stiptamtmannsins.

Stefán Eiríksson: Eg get ekki sèð, að Austur-Skaptafellssýslu í þessu tilliti sè borgnara fyrir það, þó póstgöngum sè fjölgað í vesturamtinu, og það er þó sannarlega merkileg stjórnarráðstöfun, að taka af póstgöngur milli Eskifjarðar og Kirkjubæjar af þeirri ástæðu, að fjölga þeim í vesturamtinu. Eg get því ei annað en mælt með nefnd, því eins og á stendur, er Austur-Skaptafellssýsla útilokuð frá, að geta sent hin mest áríðandi embættisbrèf í tæka tíð. Eg skal í þessu tilliti geta þess, að sýslumaður okkar hefði ekki getað komið embættisbrèfum áhrærandi kosningar til alþingis í ár í tæka tíð, hefði ekki læknir Zeuthen verið á ferðinni og flutt embættisbrèf sýslumannsins til hreppstjóra og presta; annars hefði sýslumaður mátt til upp á sinn eigin kostnað að gera út aukapóst.

Páll Pálsson: Mèr er kunnugt, að brèf frá biskupinum yfir Íslandi til prófastsins í Austur-Skaptafellssýslu lá hjá sýslumanninum í Skaptafellssýslum frá því í vor, og jafnvel þangað til eg fór suður á þing; af því engin svo áreiðanleg ferð hafði fallið, að óhætt væri að senda embættisbrèf, sem tekið hafði verið úr pósttöskunni. Þetta sýnir ljóslega, hvernig póstgöngurnar eru í Austur-Skaptafellssýslu, en allir vita þó, hve áríðandi það getur verið, að koma mikilsvarðandi embættisbrèfum í tæka tíð með vissum ferðum; á hinn bóginn getur enginn ætlazt til, að sýslumaður sendi á sinn

kostnað með embættisbréf, sem honum annars eru óviðkomandi, langar leiðir. Að öðru leyti skal eg geta þess, að eg er efablandinn, hvort eg á að mæla með nefnd eða þá heldur stinga upp á því, að málinu verði vísað forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalds; því eg er sannfærður um, að amtmaðurinn í suðuramtinu muni gefa málinu góðan gaum, og beina því í svo hagkvæma stefnu, sem unnt er, eptir því sem á stendur.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki séð, að það sé til neins, að nefnd sé sett í þetta mál, því að þótt málið væri fengið nefnd til meðferðar, og hún beiddi um fjölgun póstferða þeirra, sem hèr ræðir um, þá er auðsèð, eptir þeim skýringum, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi nú gaf, að stjórnin eigi gæti verið búin að út kljá það mál svo snemma, að gufuskipsferðirnar millum Íslands og Danmerkur væru eigi áður ákveðnar, og komist póstskipsferðirnar í betra og haganlegra horf, þá verða póstgöngur í Austur-Skaptafellssýslu að minnsta kosti á sumrum óþarfar. Það er því ekki tími til nú að bera mál þetta upp á þingi, enda er eg viss um, að ef málið verður látið ganga forsetaveginn, sem eg mæli með, þá muni amtmaðurinn í suðuramtinu styðja það, sem honum er framast auðið, og bæta úr póstgönguleysinu, sem hann bezt getur.

Eiríkur Kúld: Eg ætla mèr að styðja þá, sem mælt hafa móti því, að nefnd verði sett, því þó það að líkindum sè nauðsynlegt, að bæta póstgöngur í Austur-Skaptafellssýslu, þá er eg þó sannfærður um, að þetta var enn þá nauðsynlegra í vesturamtinu, þar sem svo báglega var ástatt í þessu tilliti. Eg ætla, að málinu sè bezt borgið með því, að vísa því forsetaveginn til hlutaðeigandi amtmanns.

Stefán Eiríksson: Eg hefi aldrei efazt um það, að þó málinu yrði vísað forsetaveginn, þá mundi hlutaðeigandi amtmaður gefa því góðan gaum, en á hinn bóginn vil eg heldur mæla með nefnd, af því eg veit, að bæði útheimtir málið ekki langan tíma, og svo gæti nefndin má ske komizt að þeirri niðurstöðu, að landpóstferðir væru settar í samband við póstskipsferðir á Djúpavog, og að minnsta kosti er það nú óþarft, að póstur gangi til Eskifjarðar, úr því póstskipsstöðvar eru á Djúpavogi. Líka mætti það hugsazt, að nefndin gæti tekið þann veg, að póstur væri látinn ganga í sambandi við póstskipsferðir af Djúpavogi suður að Bjarna-

nesi, og sú tilhögun yrði töluvert kostnaðarminni en sú, sem áður hefir verið.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og skal eg þá biðja þingmenn skera úr, hvort nefnd skuli setja eður ei.

Var síðan nefnd felld með atkvæðafjölda.

Uppástunga um, að senda málið forsetaveginn til hlutaðeigandi amtmanns, var því næst lögð til atkvæða og samþykkt í einu hljóði.

Forseti: Þessu næst koma til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo á kveður, tvær bænarskrár úr Skaptafellssýslunum um vegabótagjald.

Þingmaður Vestur-Skaptfellinga er flutningsmaður, og mun hann lesa upp bænarskrárnar og skýra frá því, er honum þykir þörf á, þeim til útskýringar.

Páll Pálsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa fyrst bænarskrána úr *Austur*-Skaptafellssýslu: (Sjá II., bls. 130).

Bænarskráin úr *Vestur*-Skaptafellssýslu fer líku fram, nema eg trúi það sè að eins helmingur vegabótagjaldsins, sem amtmaðurinn hefir heimtað þaðan.

Eg verð að játa það, að mèr finnst það eðlilegt, að úr því lagðir eru á menn tollar, þá vilji menn helzt sjálfir njóta þeirra, og það því heldur, sem nauðsyn ber til, að bæta vegina í Skaptafellssýslum, og við halda þeim vegabótum, sem þegar eru gjörðar, og virðast mèr þess vegna bænarskrárnar vera á góðum rökum byggðar. Þar á móti er það sjálfsagt, að þegar vegir eru fullgjörðir í Skaptafellssýslum, þá hefir víst enginn á móti því, að það, sem þá er óeytt af vegabótagjaldinu þaðan, og það, sem eptir á verður goldið, gangi til vegabóta annarstaðar í amtinu, þó því að eins, að ætíð sè eptir af því fè í sýslunni til að halda við þeim vegabótum, sem þegar eru gjörðar. Eg vona fastlega, að allir sjái, að það er vonlegt, þó Skaptfellingar vilji að minnsta kosti fá að halda eptir svo miklu af vegabótagjaldi sínu, sem nægir til að við halda vegum þeim, sem búið er að kosta ærnu fè til. Yfir höfuð treysti eg, að amtmaðurinn í suðuramtinu gefi máli þessu góðan gaum.

Konungsfulltrúi: Þessar tvær bænarskrár virðast mèr í raun og veru að innihalda kæru beiðandanna yfir vegabótagjörðunum í suðuramtinu, eða þá spurning um skilning á tilskipun frá 15. marz

1861; en hvort sem er, virðist mèr það liggja fyrir utan verkahring alþingisins, að skipta sèr af þessum umkvörtunum, samkvæmt 77. gr. alþingistilskipunarinnar.

Ekki að síður skal eg stuttlega drepa á það, sem er undirstaða þessara umkvartana. Þegar í septembermán. 1861 leitaði amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu svars dómsmálastjórnarinnar upp á það spursmál, sem beiðendur nú leggja fyrir þingið, og svaraði stjórnin í brèfi frá 28. febr. 1862 á þá leið, sem nú skal greina:

> «Eptir 4. grein tilskipunarinnar á amtmaður að ákveða, hver verk vinna skuli við þjóðvegina í amtinu, og hvernig þeim skuli hagað, og tilskipunin gefur enga ástæðu til að halda, að vegabótagjaldi því, sem heimt er í hverri sýslu, skuli að eins varið til þeirra kafla af þjóðvegunum, er liggja um þá sýslu. Af þessu mundi og leiða, að þær sýslur, sem litlir þjóðvegir væru í, er við halda þyrfti, mundu safna fyrir meira fè, en þörf væri á til aðgjörða og viðurhalds þjóðvega í sýslunni; en í þeim sýslum, þar sem mikið væri af þess konar vegum, mundi vegabótagjaldið ekki nærri því hrökkva til, og yrði þannig farið á mis við tilgang lagaboðsins».

Og í brèfi frá 10. maí 1862 skýrði dómsmálastjórnin amtmanninum í vesturamtinu frá því, sem nú skal segja:

> «Þó vegabótagjaldinu ekki sè safnað í einn sjóð sameiginlegan fyrir allt amtið, heldur sè það geymt hjá hverjum sýslumanni, þá er það þó að því leyti heild út af fyrir sig, að því á að verja öllu til samans til þjóðveganna *í amtinu,* en ekki sèrstaklega til þjóðveganna í hverri sýslu fyrir sig, því, sem þar er goldið«.

En þegar nú amtmaðurinn í suðuramtinu ályktaði, að þjóðvegur sá, sem meiri hluti amtsbúanna hvert ár notar, nefnilega þjóðvegurinn frá Reykjavík til ferjunnar við Laugardæli, þyrfti viðgjörðar, og auðsætt var, að sýslur þær, sem vegurinn liggur um, sem sè Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslur, ómögulega gætu risið undir kostnaði þeim, sem til þessara viðgjörða útheimtist, þá leitaði hann úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort verja mætti nokkrum hluta af vegabótagjaldinu frá hinum sýslunum í amtinu til þessara vegabótagjörða, *á meðan ekki væri búið að koma öllum þjóðvegum í hinum sýslunum í það lögboðna stand.* Upp

á þessa spurning svaraði dómsmálastjórnin í brèfi frá 12. nóvember 1867:

> «að eins og þegar er tekið fram í úrskurðum dómsmálastjórnarinnar frá 28. febr. og 10. maí 1862, veitir 4. grein í tilskipun 15. marz 1861 amtmönnum, hverjum í sínu umdæmi, nægilega heimild til, að verja vegabótagjaldinu til að vinna þau verk innan hvers umdæmis um sig, sem álíta má mest áríðandi, án þess að þeir sèu einskorðaðir við að láta þá upphæð, sem kemur úr hverri sýslu um sig, verða henni einni að góðu».

Eg skal að eins bæta því við, að þar sem sagt er í bænarskránni frá Austur-Skaptafellssýslu, «að sýslumaðurinn hafi skýrt beiðendunum frá því, að hlutaðeigandi amtmaður hafi lagt það fyrir, að $^2/_3$ vegabótagjaldsins skuli sendast hèr eptir til amtsins, án þess að gjöra grein fyrir því, til hvers vegabótagjaldinu þar yrði varið», þá hefi eg leitað upplýsinga um það hjá hlutaðeigandi amtmanni, og hann hefir skýrt mèr frá, að það hafi verið sýslumanninum í Skaptafellssýslunum fullkunnugt, bæði að ekki $^2/_3$, heldur að eins helmingurinn af vegabótagjaldinu skyldi innborgast til amtsins, og til hvers því ætti að verja, því amtmaðurinn hefir, áður en hann ályktaði í málinu, leitað álita allra sýslumanna í amtinu um það í heild sinni.

Með þessum athugasemdum skal eg leyfa mèr, að skora á hið heiðraða þing, að fella þetta mál.

Páll Pálsson: Eg verð með öllu að mótmæla því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að bænarskrárnar hefðu inni að halda klögun eða umkvörtun yfir amtmanninum í suðuramtinu, því það hygg eg að engum beiðandanna hafi komið í hug. En hitt var tilgangur bænarskránna, að fá fulla vissu fyrir því, hvort vegabótalögin gæfu ekki fulla heimild til þess, að vegabótagjaldi hverrar sýslu mætti verja til vegabóta í sýslunni sjálfri, og væri það ekki, þá að fá það ákvarðað með nýrri lagaákvörðun. En eptir þeim upplýsingum, sem eg nú hefi fengið frá konungsfulltrúastólnum, kynni eg að geta gjört mig ánægðan með, að málinu verði vísað forsetaveginn til amtmannsins í suðuramtinu, því eg get ekki efazt um, að hann af nærgætni sinni líti á þessa nauðsyn vora, og geti þannig hagað hagnýtingu vegabótagjaldsins, að það verði þokkasælla, en það er nú.

Forseti: Er það uppástunga þingmannsins, að málið fari forsetaveginn til hlutaðeigandi amtmanns?

Páll Pálsson: Já.

Hallgrímur Jónsson: Þegar eg nú sè og heyri þær bænarskrár, er hèr liggja fyrir og eru til umræðu, kemur mèr til hugar hin sama óánægja, sem hreifir sèr hjá Borgfirðingum út af því, að amtmaðurinn í suðurumdæminu hefur þar, eins og í bænarskránum stendur, ákveðið, að helmingur þjóðvegagjaldsins skuli greiðast út úr sýslunni til einhverra vegabóta, sem annarstaðar eru gjörðar. Eg ætla nú ekki að tala um vald amtmannsins í þessu tilliti, en eptir vegabótatilskipuninni er mèr, og svo mun fleirum vera, ekki ljóst, hve langt það nær, þó hefur þetta nokkuð skýrzt fyrir mèr við ræðu þá, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi flutti áðan. En það veit eg, að þessi tilhögun kemur sèr mikið miður, en meðan svo var, að sýslan naut síns eigin þjóðvegagjalds, og er það í eðli sínu náttúrlegt, því bæði verður þá gjaldgreiðslan hægri, þegar mönnum gefst færi á, að vinna það af sèr, svo að segja heima hjá sèr, og að öðru leyti sèr maður árangurinn betur, þegar þeir vegirnir verða bættir, sem maður sjálfur fer optar um; og þegar á það er litið, að þessi tilskipun hafði ekki vinsældir að missa, en var þó fyrir venjuna farin að verða þokkasælli, þá átti það allrasízt við, að framkvæma það í hennar nafni, sem heldur spillti fyrir henni en bætti. Eg óska því innilega, að þingið gefi þessum bænarskrám góðan gaum, og með tilliti til Borgarfjarðarsýslu gjöri eg mig ánægðan með, að því verði vísað forsetaveginn til hlutaðeigandi amtmanns, því eg er sannfærður um, að hann muni af nærgætni sinni gefa því góðan gaum. En áður en eg enda þessi orð mín, vil eg í sambandi við þetta mál — þó það sè raunar nokkuð annað efni — leyfa mèr að fara lengra út í málið, og minnast á eitt atriði, sem einnig þykir óþægilegt. Í 16. grein vegabótatilskipunarinnar er sagt svo fyrir, að þjóðvegagjaldið skuli fyrir fram borgað af sveitarsjóði — það er nú ekki svo hægt, þar sem enginn sjóður er til. — Þar segir enn fremur, að því skuli jafnað niður á gjaldendur eptir sömu reglum og aukaútsvari; það er nú raunar hægt að gjöra, en að heimta það inn frá einum og sèrhverjum, það mun flestum hreppstjórum þykja erfið og þungbær skylda; þess vegna meina eg það væri æskilegt, eins og fyrstu árin, eptir að tilskipun þessi var lögleidd, ekki var bannað hèr í suðuramtinu, að slengja þessu gjaldi saman við aukaútsvarið, svoleiðis, að hrepp-

stjórar mættu útleggja það frá 1, 2 eða 3 bændum í sveitinni, eins og annað ómagameðlag, og vildi eg því mjög svo mælast til, að þingið undir meðferð málsins sæi einhvern veg til, að á þessu yrði ráðin bót, og tel eg hana vísasta að fást með því, að máli þessu sè vísað til viðkomandi yfirvalds.

Forseti: Þetta síðara atriði, sem hinn háttvirti þingmaður tók fram um vegabótalögin, liggur fyrir utan málið, eptir því sem það kemur hèr fram í bænarskránum, og getur það því ekki komizt að, nema ef svo kynni að verða, að sèrstök nefnd yrði sett til að íhuga málið, og gjöra það yfirgripsmeira.

Stefán Eiríksson: Það er annars búið að taka flest af því fram, sem eg ætlaði að tala um. Eg skal geta þess, að það er skýrt tekið fram í bænarskránni, að hver sýsla njóti síns vegabótagjalds, svo lengi þess þarf við, til að koma þjóðvegunum í það horf, sem löggjöfin ætlast til, eins og líka að það er tekið fram, að þegar búið er að koma á vegunum innan hverrar sýslu, þá skuli gjaldið brúkast í öðrum sýslum, ef þess þyrfti við, og svona hafa menn skilið löggjöfina. Ef nú að Skaptafellssýsla á að bíða eptir, að fá að njóta síns vegabótagjalds, þangað til að búið er að gjöra góðan veg frá Ölfusá og hingað, þá verður sannarlega mál að gera við vegi í Skaptafellssýslunni, því sú vegargjörð, sem byrjuð er á þessu svæði, er verri en engin vegargjörð, sem menn segja, því brýrnar í Ölfusi, sem þó eru nú byggðar, eru nú alveg eyðilagðar, svo þeim peningum, sem til þeirra hafa verið brúkaðir, er sem menn segja kastað í sjóinn; en eg get skýrt þinginu frá því, að brýrnar í Skaptafellssýslum eru mjög sómasamlegur vegur, og þó fá menn, sem hafa vit og vilja til að gjöra veginn sómasamlegan, ekki umráð yfir peningunum. Þó þingið ekki nú vilji taka mál þetta til nefndar, þá mun sú raun á verða, að bænarskrár í líka stefnu munu koma til þings framvegis, því þessi tilhögun, sem nú er byrjað á í suðuramtinu, verður mjög óvinsæl, og menn ef til vill hætta að gjalda vegabótapeninga með þessari aðferð.

Jón Pètursson: Eg mæli bæði móti því, að nefnd verði sett, og líka því að málið verði sent forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalds, og vil, að málið verði fellt hèr á þingi algjörlega. Bænarskrárnar eru auðsjáanlega sprottnar af misskilningi á vegabótatilskipuninni; beiðendurnir setja mikið hól upp á tilskipunina fyrir það, að hún sè allt af að verða vinsælli og vinsælli, en það kem-

ur svo upp úr kafinu, að það er einmitt af því, að gjaldinu í hverri sýslu hefir verið varið innan sýslu. Það er auðsèð þannig af bænarskránni, að beiðendurnir álíta, að það muni vera rangt eptir tilskipuninni af amtmönnum, að verja eigi vegabótagjaldi hverrar sýslu til vegabóta þar, eður láta það ganga út úr sýslunni. En þetta er ekki rètt skoðun; það er þvert á móti skylda amtmannsins eptir boði tilskipunarinnar, að verja vegabótagjaldinu, er yfir höfuð fæst í amti hans, til endurbóta þeirra vega, sem nauðsynlegast er að bæta í amtinu yfir höfuð, hvar sem þeir eru; verji amtmaðurinn eigi þannig vegabótagjaldinu, breytir hann gagnstætt skyldu sinni. Vildu menn því fá það fram, sem bænarskrárnar fara fram á, yrði að breyta þessu í vegabótatilskipuninni, en því verður varla breytt hagkvæmlega, nema öll vegabótatilskipunin verði tekin fyrir, en uppástunga um það liggur eigi fyrir.

Jón Hjaltalín: Eg verð með öllu að vera á móti því, að nefnd sè sett í mál þetta. Það er skrítið, að vera að setja lög á lög ofan og koma svo undir eins með klaganir yfir þeim á eptir; þetta má eigi svo til ganga og er ekki samboðið sóma þingsins. Hvað vegabótatilskipunina snertir, þá er það skýrt tekið fram, að amtmennirnir skuli ráða, hvernig vegabótagjaldið sè notað. Yfir höfuð er sú skoðun mjög skaðleg, sem hèr á landi er almennt drottnandi um sveitir og sýslur, að hvert hèrað eða jafnvel hreppur sèu að pota svona út af fyrir sig. Það væri sök sèr, þó Skaptfellingar vildu láta brúka vegabótagjaldið einungis innan sýslu, ef þeir þyrftu eigi að ferðast um neinar aðrar sýslur en Skaptafellssýslurnar, en nú þurfa þeir einmitt að fara um þann veg, sem leggja skal fyrir hið umtalaða gjald, því þeir fara hingað bæði kaupstaðarferðir og skreiðarferðir; vegur þessi er því þeim allt eins til gagns eins og öðrum amtsbúum. Eg álít, að þingið eigi ekki að taka mál þetta til nokkurrar yfirvegunar, heldur fella það nú þegar.

Jón Sigurðsson: Þrátt fyrir ummæli hinna tveggja háttvirtu konungkjörnu þingmanna, er seinast töluðu, verð eg þó að mæla með nefnd í máli þessu, því mèr er kunnugt, að þetta skipulag, sem kvartað er yfir í bænarskránni, veldur mikilli óánægju í hèruðunum. Það er enginn efi á því, að amtmennirnir hafa fullt vald til að fara með vegabótagjaldið eptir því, sem þeim þykir haganlegast, en annað mál er það, hvort þetta fyrirkomulag er sem hagkvæmast, þegar á allt er litið, og eg veit fyrir víst, að þessi ákvörðun í tilskipuninni er mjög óvinsæl í hèruðunum. Það hafa

heyrzt margar raddir hèr á þingi að undanförnu, sem lýst hafa óánægju yfir vegabótatilskipuninni, og væri víst betur til fallið, að gjöra eitthvað það, er auka mætti vinsældir hennar fremur en rýra. Mèr finnst þingið ætti að líta hèr á hina almennu hlið málsins, en ekki einungis hina sèrstaklegu; hin sèrstaklega hlið þessa máls er kvörtun Skaptfellinga um það, að tekið er frá þeim árlega meira og minna af vegabótagjaldi sýslunnar, og varið til vegabóta utan sýslu. Þetta held eg sè næsta óhagfellt og ætti ekki að við gangast, hvorki í Skaptafellssýslu nè annarstaðar á landinu. Það hefir reyndar sjaldan sem aldrei komið fyrir í norður- og austurumdæminu, að vegabótagjaldið hafi verið tekið frá einni sýslunni og lagt til annarar, heldur hefir hver sýsla sinn vegabótasjóð út af fyrir sig; en eg er viss um, að ef frá þessu væri brugðið, mundi megn óánægja af því rísa. Mèr þykir því mjög æskilegt, að nefnd sè sett í þetta mál, einkum ef hún og þingið kæmist að þeirri niðurstöðu, að biðja um þá viðaukaákvörðun við vegabótalöggjöfina, að vegabótagjaldið skuli brúkast innan sýslu, þangað til vegirnir eru komnir þar í gott lag; en sjálfsagt er, að þegar svo er komið, að þá megi brúka gjaldið til að bæta vegina annarstaðar, þar sem helzt er þörf á.

Páll Pálsson: Mèr þótti reyndar miður, að mótmæli gegn bænarskrám þessum skyldu koma fram frá hinum háttvirtu 3. og 4. konungkjörnu þingmönnum, en eg get þó að nokkru leyti virt þeim þetta til vorkunar, því þeir munu ekki vera svo ósköp hræddir um, að þeir verði nauðbeygðir til að ferðast austur um Skaptafellssýslur; hitt kynni heldur að geta borið til, að þeir kæmust austur að Laugardælum einhvern tíma, og er því vonlegt, að þeir vilji heldur hafa góðan veg þangað. Að því leyti er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður talaði um endurbót á allri vegabótatilskipuninni, er eg honum samþykkur, því hennar þarf nauðsynlega með. Ef eitthvað það er í löggjöfinni, sem almenningi ekki getur skilizt, þá er þó sannarlega ekki óþarfi, að breyta því svo, að það verði öllum fullljóst. Hvað það snertir, er hinn háttvirti 3. konungkjörni sagði, að óforskammað væri að koma með klaganir yfir nýjum lögum, þá get eg ekki sèð, að það sè á rökum byggt. Þegar menn eru sannfærðir um, að lögin sèu vond, finnst mèr menn vel geta verið þekktir fyrir, að reyna til að breyta þeim til batnaðar; hitt væri miklu skammarlegra, að sjá galla á lögunum, en annaðhvort nenna ekki að gjöra tilraun til að ráða bót á þeim,

eður þá þykjast of góður til þess, og segja sem svo: lögin eru að vísu ekki sem hentugust, en þau verða þó að sitja við það, sem þau hafa fengið, fyrst þau eru spáný!! Eg held að eg neyðist til, að taka aptur varauppástungu mína um, að vísa málinu forsetaveginn til amtmannsins í suðuramtinu, og óska þess helzt, að nefnd verði sett í málið, og vona eg hún komist að þeirri niðurstöðu, annaðhvort að breyta tilskipuninni frá 15. marz 1861, eður þá að biðja um fasta ákvörðun fyrir því, að vegabótagjaldið skuli brúkast innan sýslu, þangað til vegirnir eru komnir í gott lag, og mætti sú ákvörðun þá vera sem viðauki við tilskipunina.

Eiríkur Kúld: Þegar spursmál er um, hvort nefnd skuli setja í eitthvert mál eður ekki, þá kemur það til yfirvegunar, hvort brýna nauðsyn beri til þess; að öðrum kosti á það ekki að fá framgang. Hvað þetta mál snertir, get eg ekki séð, að minnsta þörf sé á nefnd. Vèr verðum að gæta að því, að það er nú þegar búið að setja margar nefndir, og þingtími sá, sem fyrir höndum er, getur ekki orðið langur, ef að þingmenn þeir, sem langt eru að, ætla sèr að komast heim; því ekki þurfa þeir að búast við að geta hlaupið heim um hávetur. Þar að auki eru mörg þau mál ókomin inn á þing, er brýna nauðsyn mun bera til að taka til meðferðar og setja nefnd í. Hin helzta ástæða, sem færð hefir verið fyrir nefndarkosningu, er sú, að vegabótatilskipunin sè miður þokkasæl; svo mun og hafa verið í fyrstunni, en á seinni árum hefir þetta mjög svo lagazt. Færu menn nú að stinga upp á breytingum, sem engin þörf er á, yrði það ekki til annars, en vekja upp aptur óánægjuna með löggjöfina, og þar af leiddi aptur drátt á umbótum þeim á vegunum, sem eru svo nauðsynlegar. Í vesturamtinu hefir aldrei risið nein óánægja út af þessu efni, sem hèr ræðir um, enda hefir vegabótagjaldið þar mest verið brúkað innan sýslu. En þegar vegir eru komnir í lag í einhverri sýslu, væri það til mesta tjóns, ef safna ætti gjaldinu þar í sjóð og mætti ei brúka það til vegabóta annarstaðar í amtinu. Eg er bæði á móti nefnd og að málinu sè vísað forsetaveginn, af því eg sè ekki, að nefnd gæti orðið til annars en spilla löggjöfinni, og mundi eg kunna hinum heiðraða þingmanni Vestur-Skaptfellinga þakkir fyrir, ef að hann, til að stytta þessar umræður, tæki aptur uppástunguna og færi ei lengra fram í málið.

Stefán Jónsson: Eg verð að styðja mál þeirra, sem mæla móti nefnd í þessu máli, og kemur það ekki af því, að eg álíti

vegabótatilskipunina gallalausa, heldur af því, að ef hreift er við henni, álít eg réttast, að taka hana alla fyrir í heild sinni, en ekki að slíta út úr henni einstakt atriði. Færu menn nú að biðja um breyting á þessu eina atriði, mundi á næsta þingi verða beðið um breytingu á einhverju öðru atriði hennar, á þriðja þingi um breytingu á þriðja atriðinu o. s. frv., og yrði þetta til hinnar mestu málalengingar og skaða. Það mun nú vera orðið öllum ljóst, að amtmennirnir hafi fullan rétt á að brúka vegabótagjaldið, eptir því sem þeir álíta að bezt henti fyrir amtið, og virðist mér því engin þörf á, að setja nefnd til þess, að fjalla um þetta atriði tilskipunarinnar. Eg verð þess vegna að vera móti nefnd, nema því að eins að hún taki tilskipunina í heild sinni til meðferðar; en það getur ekki orðið á þessu þingi, af því að bænarskráin er svo takmörkuð í sínum uppástungum.

Jón Hjaltalín: Það er margsinnis búið að segja, að vegabótatilskipunin hafi verið óvinsæl fyrir nokkrum árum síðan, en sé nú orðin vinsæl. Eg álít mjög hæpið, að dæma um gæði nokkurra laga eptir vinsæld þeirra. Gamalt og gott máltæki segir: «Gjörðu það, sem rétt er, og kærðu þig ekki, hvernig það líkar». Það sannast á þessari tilskipun, eins og á öðru, að «enginn gjörir svo öllum líki, og ekki guð í himnaríki». Ef þingið ætti að taka til meðferðar allar bænarskrár, sem komið geta sín úr hverri áttinni um breytingu á nýjum lögum, þá mundi það ekki verða til annars en eyða tímanum (*Jón Sigurðsson:* Spítalamálið?), og er því ekki annað við þær að gjöra, en fleygja þeim strax, enda mundi það valda töluverðum ruglingi, ef menn ætluðu að fara að laga lögin eptir augnabliksvinsældum þeirra.

Páll Pálsson: Það hefir verið sagt, að vegabótatilskipunin sé að verða æ vinsælli og vinsælli; en má eg þá spyrja: er hún þá orðin svo vinsæl, að nokkuð geti verið á móti því, að gjöra hana enn þá vinsælli með því að bæta hana? Mér gat ekki betur skilizt af ræðu hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga, en að hann væri hræddur um, að ef nefnd yrði sett, þá mundi það verða til að spilla tilskipuninni. Eg hefi nú aldrei heyrt, og aldrei hugsað mér, að nefndir væru settar til þess að spilla málum, heldur til að reyna að ráða bót á þeim, og eg vona líka, að það ætti að verða ætlunarverk þeirrar nefndar, er eg óska að verði sett í þetta mál; og þegar hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga áttar sig á því, að nefnd verði sett í þetta mál, til að bæta vegalögin, þá er eg

líka viss um, að hann muni verða fúsastur manna til að ráða til, að nefnd verði sett. Eg mæli því fastlega fram með nefnd, af því eg hefi þá von, að hún verði til þess að ráða bót á tilskipuninni, en spilli henni ekki. Það gæti líka verið, að nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu, að breyta allri tilskipuninni, þar sem þess þætti þörf (Nokkrir: Nei!); það gæti þó hugsazt.

Guðmundur Einarsson: Eg verð að vera á móti því, að mál þetta komi í nefnd, því eg álít, að þingið hafi nú hvorki tíma né hentugleika til þess, að taka annað til meðferðar, en það sem brýna nauðsyn ber til. Eg vildi einungis gjöra þá athugasemd, að þótt vegabótatilskipunin væri næsta óþokkasæl í fyrstu, þá er sá óþokki að hverfa smámsaman, og það meðfram af þeirri orsök, að amtmennirnir í vesturumdæminu hafa ýmist leyft eða að minnsta kosti liðið, að vegabótagjaldið væri brúkað til vegabótavinnu innan þeirra sveita- eða sýslu-takmarka, sem það var greitt, eða til þess að bæta vegu þá, er þeir menn tíðast áttu ferð um. Eg vona, að hlutaðeigandi amtmenn taki þær óskir manna til greina, sem hér hafa komið fram, og mun það auka vinsæld tilskipunarinnar, enda þarf hún þess við.

Halldór Jónsson: Eg verð að fylla flokk þeirra, sem vilja fella mál þetta. Að vísu er það mjög svo eðlilegt, og mér er einnig kunnugt, að það á sér stað, að innbúar, ekki einungis hverrar sýslu, heldur og hvers hrepps una því bezt, að gjaldi því, er þeir greiða til vegabóta, sé varið innan sýslunnar sjálfrar og hreppsins sjálfs, meðfram af þeirri ástæðu, að efnahagur manna er orðinn svo bágur, að þeir verða að álíta það mikilsvert, að fá að vinna af sér það gjald, sem þeim gjörist að greiða til vegabóta. En það ber svo opt við, að vilji einstakra manna verður að lúta almennri nauðsyn; og að því er áhrærir þær hér um ræddu bænarskrár, þá hefir konungsfulltrúinn fullkomlega upplýst, að amtmaðurinn í suðuramtinu hafi eptir úrskurðum stjórnarinnar haft fulla lagaheimild til að skipa svo fyrir um vegabótagjaldið úr Skaptafellssýslunum, sem hann hefir gjört. Það er líka aðgætandi, að vegur sá, sem hann lagði fyrir að endurbæta, að nokkru leyti með vegabótagjaldinu úr þessum sýslum, er þeim (sýslunum) ekki alveg óviðkomandi, þar sem eg ímynda mér, að sumir Skaptfellingar reki verzlun sumpart til Reykjavíkur, sumpart til Eyrarbakka.

Torfi Einarsson: Það er nú búið að fara svo mörgum orðum um mál þetta, að eg get verið stuttorður. Eg vildi einungis gjöra

þá almennu athugasemd, að eg er öldungis samþykkur hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni í því, að alþingi eigi ekki að vera eins og reyr sá, sem af vindi er skekinn, svo að það bifist fyrir hverri golu, sem á það blæs, heldur álít eg, að það eigi að halda stefnu sinni beint áfram. Eg álít grein þá í tilskipuninni, sem hèr um ræðir, vera góða og hagfellda, því þó amtmennirnir hafi vald til að verja vegabótagjaldinu, þar sem þeir álíta það haganlegast, þá geta þeir hliðrað þannig til eptir óskum manna, að gjaldinu verði mestmegnis varið innan sýslu, og hefðu amtmennirnir ekki sýnt þessa tilhliðrunarsemi, mundi tilskipunin aldrei hafa orðið vel þokkuð. Amtmaðurinn í vesturamtinu hefir að minni hyggju farið hinn sanngjarnasta veg í þessu efni, og finn eg þess vegna ekki neina ástæðu til breytingar.

Páll Pálsson: Eg vil einungis leyfa mèr að leiðrètta það, sem hinn heiðraði þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að Skaptfellingar ættu leið um veginn hèðan og að Laugardælum. Það ber ekki við, að menn úr Austur-Skaptafellssýslu fari um hann, nema ef til vill, einn og einn maður, og svo þingmaðurinn úr sýslunni annaðhvort ár. Úr Vestur-Skaptafellssýslu fara hann og mjög fáir af þeim, er búa fyrir austan Mýrdalssand. Þeir, sem fara til Eyrarbakka, hafa heldur engin not af þessum vegi, því eg held Skaptfellingum þætti það ísjárverður krókur, að fara fyrst yfir um á Laugardælum, og suður Hellisheiði niður að Hellirám, þar sem þeir ætluðu sèr þó aldrei lengra en til Eyrarbakka.

Forseti: Fyrst að nú ekki taka fleiri til máls, skal eg leita atkvæða um uppástungur þær, sem gjörðar hafa verið.

Var þá fyrst gengið til atkvæða um það, hvort nefnd skyldi setja, og var málið fellt frá nefnd með 21 atkvæði gegn 4.

Þá leitaði forseti atkvæða um, hvort vísa skyldi málinu forsetaveginn til amtmannsins í suðuramtinu, og var sú uppástunga felld með 16 atkv. gegn 7.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Suður-Þingeyjarsýslu um annað fyrirkomulag á stjórn jafnaðarsjóðanna.

Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga, og mun hann lesa bænarskrána og skýra þinginu frá málinu eptir þörfum.

Jón Sigurðsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp bænarskrána. (Sjá II., bls. 132).

Það er ekki í fyrsta skipti, að mál þessa efnis kemur fram hèr á þingi; ef eg man rètt, mun það hafa verið hèr síðast 1865. Þá var nefnd sett til að íhuga málið, en sú nefnd hafði við þinglok ekki lokið störfum sínum. Síðan hefir ekkert verið átt við málið, svo eg viti. Eg vona þess vegna, að þingið taki vel á móti málinu. Bænarskrár um þetta efni hafa aldrei fyr komið úr norður- og austuramtinu; en eins og bent er á í bænarskránni, hefir á seinni árum kviknað þar allmikil óánægja yfir stjórn amtmannsins í norður- og austurumdæminu og meðferð á jafnaðarsjóðnum, og því tóku menn það ráð, að senda bænarskrá þessa til þingsins. Eg vil biðja þingið að líta á hina almennu hlið þessa máls, en horfa ekki of mjög á hina sèrstaklegu, eins og mèr virtist það gjöra í máli einu, er eg flutti hèr fyrir skömmu, og ekki var þessu óskylt. Eg vona þingið sjái, að þetta er velferðarmál, sem nær til allra amtsbúa, og gefi því þess vegna góðan gaum.

Sigurður Gunnarsson: Jafnvel þó að bænarskrá þessi innihaldi nokkrar kærur yfir amtmanninum í norður- og austuramtinu, finnast mèr niðurlagsatriði hennar svo mikilsverð, að eg er meðmæltur því, að nefnd sè sett. Eg álít það mikla tryggingu fyrir góðri meðferð jafnaðarsjóðanna, ef menn væru settir til að sjá um þá með amtmönnunum; það mundi og verða mjög þokkasælt hjá alþýðu, ef hún fengi glögglega að vita, til hvers og hvernig fè því, sem greitt er til sjóðanna, er varið, og þá menn sæju, að vel væri haldið á, mundi það auka vinsældir amtmanna, og það er líklegra, að svo yrði að jafnaði, ef amtmenn væru eigi einráðir. Vegna þessa mæli eg og með nefnd.

Konungsfulltrúi: Þó að eg fyrir mitt leyti sè bænarskránni, sem nú var upp lesin, samdóma í því, að æskilegt væri, að stjórn ekki einungis jafnaðarsjóðanna, heldur einnig allra *kommunal* (sveita-)málefna amtanna, verði fengin nefndum í hendur ásamt amtmönnunum, skal eg þó mæla móti því, að nefnd verði sett í þetta mál, því mèr þykir undirbúningur sá, sem fyrir höndum er, ekki nægilegur til þess, að nefnd geti stungið upp á því, sem í þessu tilliti væri nauðsynlegt. Ekki fæ eg heldur sèð, hvernig uppástunga sú, sem bænarskráin inniheldur, geti gefið nokkurs konar trygging, þegar ekki verða settar aðrar reglur fyrir myndugleika amtmannsins, eða embættislegri stöðu hans til nefndarinnar.

Hvað snertir rannsókn allrar meðferðar jafnaðarsjóðsins í norð-

ur- og austuramtinu að undanförnu, virðist mèr ekki að bænarskráin gefi nægilega ástæðu til þess, að þingið biðji um hana.

Eg skal með þessum athugasemdum ráða þinginu frá, að setja nefnd í málið.

Stefán Jónsson: Þó bænarskrá þessi kunni að vera á nokkrum rökum byggð, þá er eg þó hræddur um, að aðalorsökin til hennar sè rígur sá, sem kominn er milli amtmannsins í norður- og austuramtinu og Þingeyinga; þetta byggi eg á ýmsum orðatiltækjum í bænarskránni, m. fl. Eg efast mjög um, að bænarskrá þessi hefði nokkurn tíma fram komið á þessu þingi, hefði þessi rígur eða urgur ekki verið. Þó nefnd verði sett í málið, hygg eg það muni lítinn árangur hafa. Þessir meðstjórnarmenn amtmanna mundu mjög lítil ábrif hafa í raun og veru; það yrði annaðhvort að kjósa þá eða til taka vissa menn eitt sinn fyrir öll, t. a. m. prófast eða prest eða alþingismann, eða þess konar vissa menn til þess, að vera með amtmanninum, og er hvorttveggja talsverðum annmörkum bundið. Eg vona þetta jafnist allt af sjálfu sèr, og það því framar, sem líklegt er, að tilefni það, sem þetta er af risið, muni bráðum hverfa. Eg vil þess vegna mæla móti nefnd, og álít hagfelldast, að málið detti niður.

Jón Sigurðsson: Hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga sagði, að bænarskrá þessi væri sprottin af rígþeim, sem kominn væri upp milli amtmannsins í norður- og austurumdæminu og Þingeyinga. Það kann nú vel að vera, að svo sè, en hvað um það er að segja, þá er málið jafnáríðandi fyrir því. Ef að bænarskráin er á rökum byggð, sem eg ætla að enginn þurfi að efa, þá er það auðsætt, að brýn þörf er á, að fá meiri tryggingu fyrir stjórn jafnaðarsjóðanna en nú er, því mörg atvik sýna, hversu hæpið það getur verið, að láta stjórn jafnaðarsjóðsins vera í hendi eins manns, er eptir eigin geðþótta getur farið með hann, hvernig sem hann vill. Mèr finnst vera full ástæða til þess, sem farið er fram á í bænarskránni, því auðvelt mun að sanna það, að með jafnaðarsjóðinn fyrir norðan hefir eigi verið farið nú á seinni árum alls kostar haganlega, nè samkvæmt tilgangi hans.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg þá leita atkvæða um, hvort nefnd skuli setja.

Því næst var gengið til atkvæða, og var bænarskráin felld frá nefnd með atkvæðafjölda.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hef tekið á móti bænarskrá úr Selvogi um spítalahluta-gjald, og virðist mèr eðlilegast, að henni sè vísað til nefndar þeirrar, sem sett er í því máli; hafi enginn þingmanna móti þessu, verður hún afhent formanni nefndarinnar.

Við getum að vísu haft fund á morgun, en eg álít hitt heldur, að nefndirnar fái tíma til starfa sinna, til þess vèr getum sem fyrst fengið nefndarálit, og að þau geti fengið tíma til að liggja lögskipaðan tíma á lestrarsalnum, og er þá vonandi, að vèr eptir helgina getum haft fund um nokkra daga á hverjum degi. Eg skal því ákveða fund á mánudaginn kl. 12, og mun dagskrá verða slegið upp í tækan tíma.

Fundi slitið.

---

8. fundur — 9. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynning um, að nefndin í hjúskaparmálinu hafi kosið biskup Pètur Pètursson formann og sèra Halldór Jónsson skrifara. Eg hefi tekið á móti bænarskrá Reykjavíkurbúa um breytingu á reglugjörð um bæjarmálefni Reykjavíkur frá 27. nóvember 1846. Líka hefi eg veitt móttöku uppástungu frá þingmanni Barðstrendinga um kornskort og aðflutninga; uppástungu frá þingmanni Snæfellinga um sjómannaskóla, og uppástungu frá hinum 4. konungkjörna þingmanni um, að fá lög til að verndа ýmsa listamenn fyrir eptirmyndun verka þeirra. Enn fremur hefi eg tekið á móti nefndaráliti frá nefndinni í hjúskaparmálinu.

Þá er að taka til dagskrár, og kemur þá fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til tilskipunar um eptirmyndan ljósmynda. Eg vona, að allir þingmenn hafi fengið prentaða atkvæðaskrá og hafi hana fyrir sèr. Málið verður afhent þingmanni Vestur-Skaptfellinga, sem er framsögumaður, og er það á hans valdi, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður (Páll Pálsson): Eg finn enga þörf á, að fara

neinum orðum um mál þetta að svo stöddu, nema hvað snertir viðaukaatkvæði hins heiðraða þingmanns Mýramanna við 2. grein; skal eg þá einungis geta þess, að mèr finnst viðaukaatkvæði þetta hvorki gjöra til nè frá; að minni hyggju bætir það hvorki nè skemmir. Þess vegna ætla eg hvorki að mæla með því nè móti, heldur með öllu láta það vera á þingsins valdi, hvernig það vill með það fara.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til breytingaruppástungu hins heiðraða þingmanns frá Mýrasýslu skal eg geta þess, að þar sem hin almennu hegningarlög frá 25. júnímán. þ. á., ákveða í 31. grein, að allar sektir, sem framvegis verða ídæmdar, eigi að renna í hinn sama sjóð og landstekjurnar, og þar sem mèr ekki virðist ástæða til með tilliti til sekta þeirra, sem hèr ræðir um, að gjöra undantekning frá þessari aðalreglu, skal eg mæla á móti uppástungunni.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og kemur þá til atkvæðagreiðslunnar samkvæmt atkvæðaskránni, er hinir háttvirtu þingmenn munu hafa fyrir sèr. (Sjá II., bls. 134).

Því næst var fyrirsögn tilskipunarinnar óbreytt samþykkt án atkvæða, og þar næst samþykkt með 24 atkvæðum, að senda konungi bænarskrá um, að frumvarp þetta verði gjört að lögum.

Forseti: Þá kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit um konunglegt frumvarp til opins brèfs, um að þeir, sem senda inn kæruskjöl og bænarskrár, geti fengið álitsskjölin um málið. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður er framsögumaður og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu, eptir því sem honum þykir þörf.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II, bls. 134).

Eg hefi nú litlu sem engu hèr við að bæta, en einungis skal eg geta þess, að ákvörðun sú, sem frumvarp þetta inniheldur, þótti í Danmörku mikil rèttarbót, og svo má ætla að einnig verði álitið hèr á landi. Hvað snertir breytingar þær, sem nefndin hefir stungið upp á, þá vil eg geta þess, að það eru einungis orðabreytingar og ekkert annað, er alls ekki snerta efnið sjálft. Orðinu »bæjarstjóra» bættum vèr inn í, af því oss virtist orðið »sveitarstjóri» ekki vel geta náð yfir þá, er hafa bæjarstjórn á hendi, en orð þau, sem standa í danska textanum: »kommunale Autoriter», innibinda

bæði sveitarstjóra og bæjarstjóra. Orðunum: »eða úrskurði», viljum vèr bæta inn í, af því oss þykja orðatiltæki frumvarpsins heldur þröng; því sektir geta orðið ákveðnar, ekki einungis með dómi, heldur og með úrskurði, og er það alltítt, að menn í sektamálum skjóta máli sínu undir úrskurð amtmanns. Að vísu mun það eigi opt fyrir koma, að menn sæki um eptirgjöf á sektum, sem amtmaður úrskurðar, með því menn stundum fram bjóða vissa sekt, sem amtið þá samþykkir, ef hún er hæfilega há, eður þá undir gangast, að borga þá sekt, sem amtið ákveði. En þó gæti það hugsazt, að mönnum þætti úrskurður amtmanns svo ósanngjarn, að menn vildu leitast við, að fá breytingu á honum.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg hefi ekki neitt á móti þeim orðabreytingum, sem nefndin hefir stungið upp á.

Forseti: Fyrst að enginn hinna háttvirtu þingmanna biður sèr hljóðs, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til nefndarkosningar í konunglegt álitsmál um sýsluskiptingar í vesturumdæminu, og hygg eg 3 manna nefnd nægja, ef enginn hinna háttvirtu þingmanna vill gjöra aðra uppástungu.

Þingmaður Mýramanna stakk þá upp á 5 manna nefnd, og var sú uppástunga hans samþykkt með atkvæðafjölda.

Þessir urðu fyrir kosningu:

Bergur Thorberg	.	með 23 atkv.
Eiríkur Kúld	. . .	— 22 —
Guðmundur Einarsson		— 16 —
Hjálmur Pètursson	.	— 14 —
Torfi Einarsson	. .	— 14 —

Málið afhent hinum 2. konungkjörna þingmanni, sem hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þar næst kemur inngangsumræða og nefndarkosning, ef þinginu sýnist svo, um uppástungu þingmanns Barðstrendinga um lagaskóla. Hinn háttvirti þingmaður er sjálfur flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna og skýra þinginu frá henni.

Eiríkur Kúld: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sjá II., bls. 135).

Mál þetta hefir, eins og kunnugt er, margsinnis komið fyrir alþingi, og jafnan fengið þar hinn bezta byr. Eg efast og ekki

um, að svo muni verða nú, og vil einungis stinga upp á nefnd, en ekki fara neinum orðum um málið sjálft, fyr en ef einhverjar mótbárur kynnu að koma fram.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg þá leita atkvæða um, hvort nefnd skuli setja í málið; hygg eg 3 manna nefnd nægja.

Var þá gengið til atkvæða og nefnd samþ. með 19 atkv. gegn 4.

Þessir voru síðan kosnir:

Eiríkur Kúld . . . með 14 atkv.
Jón Pètursson . . — 12 —
Þórður Jónasson . — 7 —

Málið afhent þingmanni Barðstrendinga, sem hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá frá umsjónarmönnum forngripasafnsins. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga er flutningsmaður, og mun hann lesa bænarskrána og skýra þinginu frá málinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Bænarskráin hljóðar þannig. (Sjá II, bls. 136).

Mál þetta hefir áður verið borið hèr upp, og er því flestum þingmönnum kunnugt. Eg er sannfærður um, að það hlýtur að vera öllum þingmönnum svo mikið áhugamál, að eg þarf ekki að eyða neinum orðum til þess, að mæla fram með nefnd í því. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að það er mjög mikils varðandi, ekki einungis fyrir oss sjálfa, heldur og fyrir Dani sjálfa, að fornmenjum þeim, sem til eru á landi voru, verði komið saman á einn stað, þar sem þær verði geymdar, og varðar skemmdum og glötun. En það er eðlilegast og sjálfsagt, að slíkir gripir verði geymdir hèr á landi, ef unnt er, en mjög svo óeðlilegt, að flytja þá utan. Bænarskráin segir, að safnið sè nærri því húsvillt; þetta er er ekki alls kostar rètt hermt, því það er með öllu húsvillt. Mèr er það kunnugt, að sökum húsnæðisleysis hefir orðið að láta flesta gripina niður í birzlu, svo að nú getur enginn fengið aðgang að þeim. Safninu hefir reyndar gefizt nokkuð fè, sem sè 47 rd., og var svo til ætlazt, að fyrir það yrði komið upp stúku á framlopti dómkirkjunnar. En það er hvorttveggja, að safnið er nú orðið svo stórt, að þessir 47 dalir mundu ekki hrökkva til stúkunnar sjálfrar, enda yrði stúka þessi með öllu óaðgengilegt húsnæði fyr-

ir safnið, því að þótt hún kæmist sjálf upp, vantar algjörlega fé til skápa og ýmislegs annars, sem forngripasafnið þarfnast til þess, að því yrði haganlega fyrir komið, og það greitt aðgöngu. Eg vona þingið gefi máli þessu góðan gaum, og að nefnd verði sjálfsagt sett, er komist að þeirri niðurstöðu, að styrkur sá, sem um er beðið, sè öldungis nauðsynlegur. Stjórnin hefir reyndar áður sagt, að fé væri ekki fyrir höndum til þessa, en eg skil ekki, að hún geti látið mál þetta liggja sèr í svo lèttu rúmi, að hún neiti enn um þennan litla styrk. Eg ætla eigi að orðlengja um mál þetta að sinni, en leyfa mèr að eins að stinga upp á 3 manna nefnd.

Ólafur Pálsson: Eg verð að þessu sinni, eins og á síðasta þingi, að mæla fram með því, að mál þetta komi í nefnd. Það er bágt að vita, og eg vil segja hörmulegt, að þetta merkilega safn, og hið einasta, sem vèr eigum í þeirri tegund, og sem er svo þýðingarmikið fyrir oss, skuli ekki hafa haft betri byr, en það hefir haft, og svo að segja ekki við neitt annað átt að styðjast, en áhuga og eljun þessara tveggja einstöku manna, og ef til vill fárra annara, sem hafa hlynnt að því. Mèr er það eins kunnugt og hinum heiðraða flutningsmanni bænarskráarinnar, að safnið nú er svo að segja gjörsamlega húsnæðislaust, svo að enginn getur komizt að, að skoða það. Þetta tók eg fram á síðasta þingi. Það er ekki annað sjáanlegt, en að safnið hljóti að verða fyrir tjóni, þegar gripunum verður að hrúga saman á einhverjum óvísum stað; því þá getur legið nærri, að það farist með öllu. Mèr finnst því vera mesta hvöt fyrir þingið, að setja nefnd, ef hún kynni að geta fundið einhver úrræði, eða ef ítrekuð bæn kynni að fá áheyrn hjá stjórninni.

Helgi Hálfdánarson: Eg vildi einungis bæta því við það, sem sagt hefir verið, að þó þingið gæti gengið að því sem vísu, sem það alls ekki getur álitið víst, að stjórnin mundi ekki veita neitt fé úr ríkissjóði til þessa, þá væri það eigi að síður skylda þingsins, að setja nefnd, þar eð nefndin kynni þó að geta fundið einhver ráð. Þetta má ekki svo búið standa. Það væri sannarlega til minnkunar fyrir landið, ef svo góð og fögur byrjun, sem hèr er komin, yrði að engu.

Pètur Pètursson: Eg ætla að leyfa mèr að gjöra dálitla athugasemd. Hafi mèr heyrzt rètt, þá tók eg svo eptir, að í bænarskránni stæði, að sumir beneficiarii hefðu jafnvel hótað að selja

menjagripi kirknanna; þetta er eg sannfærður um að er of hermt; miklu fremur hygg eg, að sá andi drottni hjá flestum þeirra, að við halda sem bezt fornum menjagripum kirknanna; þessa hugsun hefi eg reynt að styðja með umburðarbréfi til allra presta í landinu, og beðið menn að gæta vandlega þessara muna, og ráðið til, að fá leyfi til að senda þá hingað til forngripasafnsins, ef þeir ekki án skemmda gætu orðið geymdir hjá hlutaðeigendum.

Að öðru leyti skal eg geta þess, að eg er máli þessu hlynntur, og mæli því með, að nefnd verði sett.

Halldór Kr. Friðriksson: Þetta er misskilningur hjá hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni; beneficiarii eru einmitt undan teknir í bænarskránni, en aptur á mót veit eg dæmi til, að kirkjueigendur hafa nýlega boðið forngripasafninu til kaups hluti þá, er hèr ræðir um, og sagt, að þeir mundu selja þá hverjum þeim, er bezt byði.

Grímur Thomsen: Eg get vottað, að það, sem hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga nú sagði, er satt og rètt, því það er ekki langt síðan, að einn kirkjueigandi vildi hafa mig í ráðum með sèr, að selja fornan menjagrip kirkjunnar.

Pètur Pètursson: Eg átti eingöngu við beneficiarios, en ekki við kirkjueigendur.

Benedikt Sveinsson: Það gleður mig, að hinn háæruverðugi 5. konungkjörni þingmaður viðurkenndi, að það væri helg skylda vor Íslendinga, að vernda forngripasafn vort. Þegar nú þessi viðurkenning kemur svo gott sem frá biskupsstólnum, þá er líka vonandi, að hin veraldlega stjórn muni einnig viðurkenna þetta.

Það er kunnugt, að hèr hefir ungur maður, af fátækum foreldrum kominn, varið lífi sínu, kunnáttu og kröptum til þess, að þessum fornu menjagripum vorum yrði bjargað og við haldið; stjórnin gjörir má ske rètt í því, að vera sparsöm í fjárútlátum við oss Íslendinga, enda munu og, ef til vill, sumir milligöngumenn hennar ráða henni til að fara varlega, en á hinn bóginn er eg sannfærður um, að þegar hans hátign konungurinn sèr, hve mikinn áhuga Íslendingar leggja á að safna saman eptirleifum sinna fornu menjagripa, þá muni hann sjá veg til, að styrkja þetta mjög svo áríðandi fyrirtæki; eg þori einnig að fullyrða, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni leggja sínar mikils megnandi tillögur að því, að vèr fáum styrk til þess, að við halda þessum fáu forngrip-

um, sem enn eru eptir hjá oss frá fornöld vorri. Eg vona því, að þingið geti máli þessu góðan gaum og setji nefnd í það.

Páll Pálsson: Eg þarf ekki að vera langorður um þetta mál, því eg heyri, að það fær góðan byr á þinginu, en eg álít ekki óþarft, að gefa þá upplýsingu, að mèr er kunnugt, að víða hvar í Skaptafellssýslum muni vera til forngripir, en sem ekki eru falir, af því eigendunum er ókunnugt um, hvort safn þetta getur staðizt, eður haldið áfram framkvæmdum sínum. En allir geta sèð, hve því fer fjarri, þar sem safnið á enn þá ekki svo mikið sem skýli til að geyma gripina í. Þetta finnst mèr geta verið næg ástæða, með öðrum, sem þegar hefir verið getið, fyrir þingið, til að gefa málinu góðan gaum og setja nefnd.

Jón Hjaltalín: Eg hefi reyndar á undangangandi þingum mælt með nefnd í þessu máli, og svo ætla eg að gjöra enn þá, þó eg á hinn bóginn sjái litla von til þess, að stjórnin muni styrkja fyrirtækið, úr því hún að þessu sinni tók svona í málið; þó vildi eg leyfa mèr að vekja athygli nefndarinnar á því, hvort ekki væru aðrir vegir reynandi til að útvega styrkinn, t. a. m. hvort ekki væri hugsandi, að Íslendingar vildu gefa til þessa $^1/_{400}$ af þeim 600,000 pottum brennivíns, sem hèr eru drukknir upp á ári hverju, eða hvort «Skandinavarnir» ekki mundu vilja rètta oss hjálparhönd í þessu tilliti, því fornmenjar vorar eru þó allt að einu fróðlegar fyrir sögu allra Norðurlanda, eins og sögu okkar Íslendinga.

Benedikt Sveinsson: Mèr þykir það merkilegt af hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, að svo lítur út, sem hann ætli að brúka það sem eins konar svipu á þjóð vora í þessu máli, hvað mikið Íslendingar eyða af áfengum drykkjum. Hèr er þó ekki verið að tala um þá hluti, sem menn geta etið eða drukkið, heldur einmitt um, að varðveita hluti, sem ekki mega fyrirfarast, ef vèr metum að nokkru sögu vora, fornöld og þjóðerni. Þar á móti vil eg biðja hinn sama háttvirta þingmann að gá að því, að stjórnin hlýtur að taka tillit til allra nauðsynlegra mála vorra, eins í þessu sem öðru, úr því vèr eptir því ásigkomulagi, sem nú er, höfum eigi fjárráð vor í höndum oss. Eg leyfi mèr því enn þá að ítreka ósk mína um, að þingið setji nefnd, enda er eg og sannfærður um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni mæla með málinu við stjórnina.

Jón Hjaltalín: Eg get ekki skilið í því, að nokkur geti tekið það illa upp, þó eg leyfi mèr að benda nefndinni á vegi, sem eg

hygg að málinu gætu orðið til góðs, úr því stjórnin sèr sèr ekki fært, að veita styrkinn.

Forseti: Eg ímynda mèr, að flestir þingmanna óski, að þessari inngangsumræðu sè hætt (Margir: Já).

Lèt forseti síðan ganga til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa, og samþykktu þingmenn í einu hljóði, að 3 manna nefnd skyldi sett.

Þessir voru kosnir í nefndina:

Halldór Kr. Friðriksson með 17 atkv.
Ólafur Pálsson . . . — 11 —
Helgi Hálfdánarson . — 9 —

Var málið afhent þingmanni Reykvíkinga, er fèkk flest atkvæði.

Forseti: Því næst kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þinginu svo sýnist, bænarskrá úr Vatnsleysustrandarhrepp í Gullbringusýslu um spítalagjaldið. Þingmaður Gullbringusýslu er flutningsmaður, og veit eg eigi, hvort hann álítur þess við þurfa, að lesa upp bænarskrána (*Þórarinn Böðvarsson*: Nei). Eg álít því nægja, að henni verði vísað til nefndarinnar í spítalamálinu, og álít það samþykkt, ef enginn mælir í móti. Dagskrá er þá þar með lokið.

Eg skal biðja hina háttvirtu nefndarmenn, að greiða sem mest og bezt fyrir störfum í nefndunum, til þess að nefndarálitin geti sem fyrst komið til umræðu hèr á þinginu; að öðrum kosti verður bráðum verkfall, af því engin mál eru fyrir hendi til umræðu.

Eg skal þá ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

9. fundur — 10. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Húnvetninga, er hafði tilkynnt forseta forföll sín. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi, um að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið. Eg vona, að allir þingmenn hafi feng-

ið hina prentuðu atkvæðaskrá. Hinn 2. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og vil eg skjóta til hans, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg skal einungis leyfa mèr, að mæla með því, að þingið fallist á frumvarpið með þeim orðabreytingum, sem nefndin hefir stungið upp á.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni. (Sjá II., bls. 139).

Forseti: Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu nefndarálit um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til. Hinn 3. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra frá því, er honum virðist ástæða til.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið. (Sjá II., bls. 139).

Eg ætla ekki að vera að koma fram með fleiri ástæður, en teknar eru fram í nefndarálitinu, fyr en ef eg heyri mótmæli þingmanna gegn nefndinni. Það gefur að skilja, að það er gott að hafa nægan tíma til að setja sig inn í breytingar þær, sem fram koma við hina nýju löggjöf, áður en hún er innleidd, því sèu menn óvanir og ókunnugir breytingunum, getur það valdið glundroða. Það er sjálfsagt, að læknar og lyfsölumenn eiga hægt með þetta, en þó getur þetta einnig orðið ruglingssamt fyrir þeim, þar sem t. a. m. í þýzkum bókum er «Grammið» álitið jafnt 16½ grani, og hjá Frökkum jafnt 18 grönum; þetta veldur sem sagt glundroða, og er því betra, að hafa 1 en 2 vigtir. Eg ætla að svo stöddu ekki að fara fleiri orðum um þetta mál.

Konungsfulltrúi: Þar sem nefndin stingur upp á, að stjórnin vilji fresta lögleiðslu þessa lagaboðs fyrst um sinn, og telur til styrktar þessari uppástungu, að tilskipun frá 1. desember 1865, um breytingu á verzlunarvoginni, enn þá ekki sè orðin þroskuð í meðvitund landsmanna, og sè ekki eldri en 4 ára, á meðan hin nýja verzlunarvog var innleidd 1861 í Danmörku, en hin nýja lyfjavog ekki fyrri en 8 árum seinna, þó að landsmenn sèu meira vanafastir og þurfi þess vegna ekki styttri tíma til þess að venjast frá, heldur en Danir — þá held eg, að nokkurs konar misskilningur eigi sèr hèr stað hjá nefndinni. Fyrst er það, að lyfjavogin ekki stendur í sama sambandi við meðvitund manna og verzlunarvogin,

og eg held, að mönnum ríði ekki mikið á, hvort læknar eða lyfsölumenn skamta lyfin í únzíum og grönum, eða í grömmum; hvort sem er, verður þetta mælikvarði, sem menn ekki þekkja. Á hinn bóginn er það í þeim tilfellum, sem um er að ræða, þegar læknar eða lyfsölumenn eiga að skamta lyfin, sem mest áríðandi, að þeir geti við haft hina nákvæmustu vog, og það er einmitt þess vegna að menn mega óska, að þeir (læknar og lyfsölumenn) við hafi þá vog, sem, eins og segir í ástæðum frumvarpsins, bæði er hin handhægasta og hin áreiðanlegasta í útreikningum. Þess vegna er grammvogin í lyfjasölum lögleidd í flestum löndum í norðurálfunni, eins og tekið er fram í ástæðunum, þó að í mörgum þeirra Decimalvogin ekki sé innleidd sem verzlunarvog. Sambandið milli þessara tveggja voga getur svoleiðis, eptir því sem eg fæ bezt skilið, ekki verið því til fyrirstöðu, að lyfjavoginni verði breytt samkvæmt frumvarpinu. Enn fremur held eg að mótbára sú, sem nefndin hefir tekið fram með tilliti til þess, að lyfsölumenn selji mörg lyf í lausakaupum og án læknisávísunar, og að á þessum lyfjum nú einu sinni sé víst verðlag eptir gömlu voginni, sem landsmenn þekkja, hafi ekki mikið við að styðjast, þar sem verðlag lyfjanna er breytingum undirorpið í meðala-verðlagsskránum, en þær verða sjálfsagt framvegis settar eptir grammvoginni, og þá geta menn, ef frumvarpið ekki verður lögleitt, ekki haft neitt eptirlit með lyfsölumönnum, að þeir selji lyfin með því verðlagi, sem á þau er sett.

Yfir höfuð að tala fæ eg ekki betur séð, en að lögleiðsla frumvarpsins ekki geti annað en verið almenningi til gagns, þó það kynni fyrst um sinn að valda læknum og lyfsölumönnum nokkrum ómaksauka, þangað til þeir eru orðnir vanir við hina nýju vog. Einnig þykir mér það nauðsynlegt, að þessi breyting komist á lyfjavogina, þar sem lyfjaskráin (Pharmacopæen) framvegis verður samin eptir þessari vog, og frumvarpið gjörir sjálft ráð fyrir, að lögin ekki skuli öðlast gildi fyrri en nákvæmar verði fyrirskipað um það, sem með þarf út af því. Eg get þess vegna ekki séð, að ástæða sé til, að biðja um, að frumvarpinu verði frestað fyrst um sinn, þó að eg sé nefndinni samdóma að svo miklu leyti, að eg álíti það nauðsynlegt, að vèr fáum undirbúning, áður en breytingin öðlast gildi, en þessi undirbúningur á einmitt að komast í kring, þegar búið er að lögleiða frumvarpið, eins og segir bæði í 2. grein þess og í ástæðunum.

Þórður Jónasson: Eg verð algjörlega að vera á sama máli og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, að ekki sè nein ástæða til, að skjóta þessu máli á frest. Lyfjavogin stendur í engu sambandi við verzlunarvogina, hin kemur einungis læknum og lyfsölum við, þessi almenningi. Eg get ekki gjört nema lítið úr þeim erfiðleikum, sem nefndin telur á því, að innleiða þá nýju lyfjavog, hvað lækna og apótekara snertir, enda sagði framsögumaður sjálfur, að þeir ættu hægt með, að átta sig strax á henni. Þar eð nú lyfjaskráin nýja enn fremur er samin samkvæmt hinni nýju lyfjavog, þá er það að mèr virðist nauðsynlegt fyrir apótekara nú þegar vegna viðskipta þeirra í Danmörku, að kynna sèr þetta nýja vigtar-System. Loks skal eg taka það fram, að það segir í frumvarpsástæðunum, að lagaboðið verði ekki lögleitt nema með fyrirvara, og stjórnin hefir því þegar veitt þann frest, sem nefndin biður um eða fer fram á; þessi frestur virðist mèr nægur fyrir alla hlutaðeigendur.

Eiríkur Kúld: Eg ætla mèr að styðja þá, sem hafa mælt á móti uppástungum nefndarinnar um, að fresta því, að frumvarpið fái lagagildi; eg get ekki betur sèð, en að það sè ósamkvæmni hjá nefndinni, að viðurkenna það, að frumvarpið innihaldi rèttarbót, og um leið biðja, að fresta því, að það verði að lögum, af því læknar, apótekarar og prestar — eg veit eigi, hvort framsögumaður vill að kaupmenn sèu þar á meðal — eigi erfitt með að setja sig inn í breytingu þá, sem lögin innihalda. Mèr finnst það undarlegt, að vilja hafna því, að þau lög fái gildi hèr, sem menn játa um að hafi rèttarbót inni að halda og sem þegar eru gildandi í Danmörku, en það er kunnugt, að lyfsölumenn hèr standa í sambandi eða kaupa lyf sín frá Danmörku, og því yrði fyrirhöfnin enn meiri, ef sama lyfjavogin ekki gilti fyrir hvorutveggja. Framsögumaður sagði, að það gæti verið efiðleikum bundið fyrir presta, að brúka hina nýju lyfjavog, en eg vil leiða athygli hans að því, að prestar blanda ekki meðulin, heldur kaupa þeir þau tilbúin. Eg er því alveg samdóma hinum 1. konungkjörna þingmanni, að það sè allt eins gott eða betra, að afbiðja, að frumvarpið nokkru sinni nái lagagildi, en að biðja um, að fresta því; bezt væri, ef nefndin vildi taka uppástungur sínar aptur, en þessu býst eg ekki við.

Framsögumaður: Það hefir komið fram mikill misskilningur í ræðum þeirra manna, er talað hafa gegn nefndinni. Það hefir verið sagt, að grammvogin væri víðast hvar við höfð í norðurálfunni; þessu verð eg að neita, því hvorki er hún við höfð í Russ-

landi, Áusturríki eða á Spáni; einnig get eg bent mönnum á, að í nýjustu blöðunum af «Hospitalstidenden» er verið er að ræða um, hvor vogin sè hentugri. Eg skal reyndar ekki neita því, að bæði læknar og apótekarar hèr eiga hægt með að átta sig á grammvoginni, en hitt veit eg fyrir víst, að prestar, sem bágt er að banna að veita læknishjálp og að hafa meðalasölu á hendi, sem von er, muni ruglast í reikningunum, þegar þeir eiga að fara að gefa inn *Morphin* og *Strychnin* eptir milligrömmum. Eg fyrir mitt leyti hata ekki grammvogina, en eg get heldur ekki skilið í því, að það geti meitt nokkurn, þó nefndin hafi ráðið til þess, að því yrði frestað að hún yrði leidd í lög.

Stefán Eiríksson: Þó eg standi upp, þá játa eg það fúslega, að eg er ekki vel heima í grammvoginni, en samt sem áður er eg á þeirra máli, sem ekki vilja fresta því, að hún verði hèr lögleidd. Hefði nefndin komið fram með það, að frumvarpið væri óhafandi, þá var ástæða til að fresta því, en nefndin hefir einmitt álitið frumvarpið rètt að grundvellinum til, og þá sè eg ekki, hvers vegna á að fresta því, með því 2. gr. frumvarpsins bendir ljóslega til, að lög þessi nái ekki lagagildi svo fljótt. Í ástæðunum fyrir frumvarpinu er talað um, að hagsmunir sèu vog þessari samfara. Þar segir svo: «með því að engin vog nè mál sè eins handhægt», og enn fremur segir þar: «loks kom öllum saman um í lyfjaskrárnefnd þeirri frá Norðurlöndum, sem átti fund í Stokkhólmi haustið 1865, að menn yrðu að styðja að því, að hið frakkneska mál og vog yrði innleidd í lyfjabúðum sökum hagsmuna þeirra, sem því eru samfara», og því furðar mig á, að lyfjamenn skuli ekki vilja nota þessa hagsmuni; þingið ætti þó að láta þá njóta þeirra, þó nefndin ráði frá því, enda er þar og gjört ráð fyrir nægum fresti til að kynna sèr lögin.

Grímur Thomsen: Með tilliti til þess, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, skal eg leyfa mèr að bæta því við, að heldur ekki er búið að innleiða grammvogina á Englandi, en einungis sagt, að menn hafi það þar í hyggju; þetta sama á sèr og stað í Svíaríki. Það lítur annars út, eins og margir þeirra, sem talað hafa móti nefndinni, haldi það sè hið sama, að fresta málinu og að fella það; eg get ekki betur sèð, en að menn í öðru eins máli og þessu eigi að fara að tillögum þeirra manna, sem bezt bera skynbragð á málið, en því verður víst ekki neitað, að hinn háttvirti framsögumaður er þessu máli hvað kunnugastur; sömuleiðis

ráðguðumst vèr nefndarmenn við þann eina lyfsölumann, sem hèr er í bænum, og var hann á því, að hentugra væri að fresta því, að frumvarpið yrði að lögum, því ella gæti það valdið glundroða, ef það nú þegar yrði leitt í lög.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg þarf ekki að bera skynbragð á lyf til að sjá, að uppástunga nefndarinnar er óþörf; það verða allir að játa, að það er bezt, að sama vogin sè við höfð sem víðast; það er reyndar satt, að grammvogin ekki er komin alstaðar á í norðurálfunni, en víðast hvar er hún komin þar á, nema í Rússlandi; um það er ekkert sagt í ástæðunum fyrir frumvarpinu, og eg þykist muna fyrir víst, að hún sè við höfð í Svíþjóð, enda stendur og í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að það sè nauðsynlegt, að þessi hin nýja lyfjavog komist á á Íslandi, til þess að sama lyfjavogin gildi á öllum Norðurlöndum. Eg get heldur ekki sèð, að erfiðleikarnir sèu svo miklir; því það er hægt að reikna, hvað mörg grön eru í hverju grammi, þegar menn vita, að eitt gramm er $^1/_{500}$ úr pundi. Það er og auk þessa, að lyfsalar verða hvort sem er að setja sig inn í grammvogina, úr því hún er komin á í þeim löndum, sem þeir hafa viðskipti við og fá lyf sín frá. Sama er að segja um lækna og dýralækna. Eg hvorki tel það eptir þeim nè ætla þeim það örðugt, að skamta lyfin eptir þessari vog. Þar sem framsögumaður gat þess, að í nýjustu blöðunum af «Hospitalstidenden» væri enn þá talað um öll lyf eptir hinni eldri vog, þá skal eg leyfa mèr að geta þess, að lyfjaskráin nýja fèkk fyrst lagagildi frá 1. júlí 1869, og því getur hann ekki búizt við, að sjá lyf talin eptir grammvoginni í bókum, sem hafa komið út fyrir 1. júlí 1869, og læknisbækur, sem út hafa komið eptir 1. júlí í Danmörku, hefir hann víst fáar sèð enn. Að öðru leyti skal eg geta þess, að hèr er engin hætta á ferðum, hvað undirbúningstímann snertir til að kynna sèr grammvogina, því að í ástæðunum fyrir frumvarpinu stendur, að konungur skuli ráða því, hve nær opna brèfið skuli fá lagagildi vegna undirbúnings þess, sem kynni að þurfa að ganga á undan innleiðslu bæði hinnar nýju lyfjavogar og hinnar nýju lyfjaskrár, og til þessa ímynda eg mèr að læknar og lyfsalar hèr á landi ekki þurfi meir en $1^1/_2$ ár, eins og menn í Danmörku höfðu. Eg fæ því ekki sèð, að það sè til nokkurs gagns að fara því á flot, að fresta málinu, eins og nefndin vill, en eg fyrir mitt leyti vil fastlega ráða þinginu til, að fallast á frumvarpið.

Páll Pálsson: Fyrst að eg er einn af þeim, sem mæla móti

niðurlagsatriðum nefndarinnar, þá vona eg, að þingið sjái, að eg muni ekki vera einn af þeim prestum, sem fást við lækningar, úr því nefndin hefir svo mjög viljað hlynna að þeim. Eg er að vísu ekki mótfallinn nefndinni af því, að eg elski grammavigtina, heldur þykir mèr það undarlegt, að úr því vèr höfum fengið verzlunarvogina frá 1865, sem almennt er álitin betri hinni fyrri, að vèr þá ekki einnig viljum hafa þá lyfjavog, sem allflestar þjóðir álíta hagkvæmari og óhultari.

Hvað það atriði snertir, að Danir hafi verið í 8 ár að verða fullnuma í hinni nýju verzlunarvog, og það hefir verið tekið sem ástæða fyrir því, að oss Íslendingum muni ekki veita af að hafa jafnlangan tíma fyrir okkur, þá vil eg leyfa mèr að geta þess, að þetta getur varla komið fyrir, því þar sem Danir þurftu 8 ár (hafi þeir annars þurft þess), þá ættum vèr ekki að þurfa nema 60 til 70 daga, þegar haft er tillit til fólksfjöldans. Þar sem framsögumaður sagði, að hin nýja verzlunarvog eigi væri komin inn í meðvitund þjóðarinnar, þá verð eg að neita því, því mèr er ekki kunnugt, að annað vogarvit sè eða hafi verið gefið sveitamönnum hèr á landi, en einmitt að reikna í pundum, fjórðungum og vættum, eður hin svo kallaða tugavog. Ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu taka það fram, að grammvogin sè viðtekin í öllum eða allflestum löndum norðurálfunnar, en hinn háttvirti framsögumaður hefir tekið það fram, að hún sè ekki lögleidd í Svíþjóð og Rússlandi, og þess vegna áleit hann okkur Íslendingum ekki farast, að breyta vorri gömlu lyfjavog. En því dró hann þá ekki heldur handa oss dæmi af Tyrkjanum? eg held hann sè þó ekki búinn að innleiða grammvogina hjá sèr.

Framsögumaður: Það lítur út fyrir, að sumir þingmanna sæki mál þetta með kappi; það er eins og menn sèu svo þyrstir í þessa nýju vog; en eg er hræddur um, að það muni ekki ganga betur, að koma henni inn í meðvitund manna en nýju verzlunarvoginni, sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga talaði svo mikið um að væri alstaðar svo þokkasæl; en eg get sagt honum, að hèr muni alstaðar enn þá vera brúkuð hin eldri verzlunarvog. (*Páll Pálsson:* Ekki í Skaptafellssýslum). Eg veit vel, að hèr á landi hefir jafnan tíðkazt fjórðungavigtin, en þessi vog mun ekki sjást við höfð í viðskiptareikningum kaupmanna. Eg verð enn að taka það fram, að grammvogin mun verða erfið viðfangs fyrir prestana, sem opt og tíðum er nauðsynlegt, þegar þeir eru að þjónusta sjúka, að fari

með læknisdóma; sama er um kaupmenn að segja, sem optlega selja ýms þau meðul, sem apótekarar mega selja án Recepta. Þó að þingmaður Reykvíkinga máske sè góður reikningsmaður, þá er eg samt fullviss um, að honum mundi ekki veita af góðum tíma, til að setja sig inn í grammvogina. Eg ætla ekki að tala meir að þessu sinni, en skal einungis bæta því við, að eg er hræddur um, að það fari eins með þessa nýju lyfjavog eins og nýju verzlunarvogina frá 1865, sem sè, að hún verði ekki til nema á pappírnum.

Eiríkur Kúld: Það var sorgleg upplýsing, sem hinn háttvirti framsögumaður gaf þinginu um, að lögunum frá 1865 um hina nýju verzlunarvog væri eigi hlýtt, og er þetta því sorglegra, ef það skyldi eiga sèr stað í þeim hluta landsins, sem «þenkir og ályktar». Hvað vesturamtið snertir, þá er mèr kunnugt, að lögum þessum er þar stranglega fylgt. Þar sem hinn sami þingmaður talaði um þjónustugjörð prestanna, þá er mèr ekki ljóst, í hvaða sambandi hún stendur við grammvogina, en þetta verð eg að álíta eins og annað, sem dettur ofan úr tunglinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Út af því, að hinn háttvirti framsögumaður sagði, að lögunum um hina nýju verzlunarvog væri eigi fylgt, og að kaupmenn sèr í lagi ekki fylgdi henni, verð eg að geta þess, að þetta er ranghermt upp á kaupmenn, því eg veit ekki betur, en að þeir allir, að minnsta kosti allir hinir heldri þeirra, hèr í bænum, hafi hina nýju vog. Þar sem hann talaði um, að mèr mundi falla erfitt, að setja mig inn í þessa nýju grammvog, þá ætla eg ekki að tala neitt frekar um þessa ástæðu hans, en einungis geta þess, að eg þykist geta treyst mèr svo vel, að eg geti reiknað það út, hversu mörg grön eru í grammi, úr því eg veit að 1 «gramm» er $^1/_{500}$ úr pundi. Eg get, sem sagt, ekki sèð, að nokkur ástæða sè til þess fyrir þingið, að biðja um þennan frest, sem nefndin stingur upp á, nema ef svo skyldi vera, að hún vildi til taka, hversu langur fresturinn ætti að vera, þangað til þessi hin nýja lyfjavog ætti að komast á.

Framsögumaður: Eg verð að segja þingmanni Reykvíkinga það, að nefndin vill ekki stríða honum, þinginu nè þjóðinni, ef menn eru svo ólmir í grömmin, sem út lítur fyrir, með því að biðja um langan frest á löggildingu frumvarps þessa; en henni þótti óþarfi, að taka frestinn til; það getur þingið gjört, ef því lízt svo. Annars verð eg að segja, að mèr þykir harðla margt í

þessum ræðum hans ekki koma efninu við. Þegar kaupmenn láta úti meðul í skömtum, og það ef til vill sterk meðul, þá er nauðsynlegt, að þeir viti, hvaða þýðingu vigt sú og mælir hafa, sem þeir gjöra þetta eptir. Í þessu efni hafa þeir nú stuðning af gömlum lækningabókum, sem þeir hafa í höndum, en þetta yrði þeim ekki að neinu gagni, til þess að skilja hina nýju vigt. Eins er hætt við, að skottulæknarnir, sem eg hef aldrei hallað á, að Homopötunum undanteknum, muni villast í þessum reikningum, og getur það jafnvel orðið hættulegt. Þó nú þingmaður Reykvíkinga þykist geta sett sig inn í þetta, og eg efast ekki um, að hann geti það, þá er ekki sagt, að allir hafi tíma og hentugleika til þess. Hann sagði, að eg hefði verið að bregða kaupmönnunum um, eða veita þeim ákúrur fyrir það, að þeir við hefðu ekki hina nýju vog; þetta er ranghermt, eg veitti þeim alls engar ákúrur, og þess vegna var engin ástæða fyrir hann, að taka þykkjuna upp fyrir þá. En hitt sagði eg, að það mun flestum kunnugt, að hin gamla vigt er almennt við höfð, og að í reikningunum muni standa skippund, lýsipund, &. Þingmanni Barðstrendinga þótti sér misboðið í því, ef menn hèldu, að þegar hann sem prestur væri sóktur að þjónusta einhvern, gæti látið sèr til hugar koma, að hugsa nokkuð um, hvað verða mætti sjúklingnum til lèttis; en þar er eg hræddur um, að ekki sè laust við, að hann hafi talað á móti sannfæringu sinni; því eptir því sem eg þekki hjartalag hans, mundi hann vera manna fúsastur á, að veita hjálp í slíkum tilfellum, ef það stæði í hans valdi. Það er mjög langt frá því, að það sè sprottið af óvilja mót frumvarpinu, að nefndin hefir ráðið til, að fresta því, heldur gjörði hún það af því, að hún áleit það hagfelldara.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að leiða athygli þingsins og sèr í lagi hins heiðraða framsögumanns að því, að frumvarpið talar ekkert um lyfjaskömtun prestanna nè lyfjasölu kaupmanna, heldur einungis um sölu þeirra frá lyfjabúðunum.

Framsögumaður: Eg verð að gjöra hinum hæstvirta konungsfulltrúa ljóst, hvað eg meina. Í praxi verður breyting þessi mjög óþægileg fyrir þá menn, er fást við að hjálpa sjúklingum, því þá missa þeir stuðning þann, sem þeir hafa í fornum og nýjum populaire lækningabókum; þeir geta farið villt í skiptingu skamtanna, og getur slíkt orðið að tjóni. Eg tek það fram, að ekkert hefir það framkomið í ræðum manna, er veiki þá sannfæring mína, að nefndin hafi rètt fyrir sèr.

Forseti: Fyrst að nú ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Eg veit ekki, hvort nefndin finnur ástæðu til að bera sig saman, áður en málið kemur til ályktarumræðu. Sè svo, vildi eg biðja hana að gjöra það sem fyrst, svo eg geti fengið breytingar- eða viðaukaatkvæði þau, er hún kynni að vilja gjöra.

Framsögumaður: Eg skal bera mig saman við hina heiðruðu meðnefndarmenn mína, þó eg búist við, að þeir verði ekki fremur en eg á því, að gjöra neinar breytingar.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og, ef þingið ályktar svo, nefndarkosningar, uppástunga þingmanns Snæfellinga um sjómannaskóla. Hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna og skýra þinginu frá málinu, eptir því sem honum virðist þörf á.

Daníel Thorlacius: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sjá II., bls. 141).

Eg vil fastlega skora á hið heiðraða þing, að það taki mál þetta til greina, og setji nefnd í það. Eg vona einnig, að allir sèu mèr samdóma í því, að mál þetta sè mjög svo áríðandi, þar sem um annan aðalbjargræðisveg landsins er að ræða. Eg vil því ekki fara fleirum orðum um þetta efni, því allir sjá, að skóli þessi getur orðið landi voru bæði til heiðurs og gagns.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til þessarar uppástungu skal eg geta þess, að eg að vísu er hinum heiðraða uppástungumanni samdóma í því, að æskilegt sè að efla sjómannafræði hèr í landinu, en að mèr á hinn bóginn þykir efasamt, hvort þingið í þetta skipti getur undirbúið málið nægilega, þó að mörg sèrstök atriði sèu tekin fram í uppástungunni; og skal eg þess vegna skjóta því til úrskurðar hins heiðraða þings, hvort nefnd eigi að setja í málið.

Eiríkur Kúld: Þó eg nú reyndar hafi litlar vonir um, að máli þessu verði fljótt framgengt, og þó eg sè samþykkur hinum hæstvirta konungsfulltrúa um, að naumast muni tími verða til, að ræða mál þetta til lykta á þessu þingi, þá verð eg þó að mæla með nefnd. Því þó málið yrði ekki fullrætt í nefndinni á þessu þingi, þá gæti það þó fengið þann undirbúning, að greiðara gengi á næsta þingi. Mèr finnst það mjög mikilsvert, ef menn gætu komið upp slíkri stofnun, sem miðar til að efla einn hinn helzta og bezta atvinnuveg vorn; er því vonandi, að þingið gefi málinu góðan gaum, og það því fremur, sem árlega hafa komið bænar-

skrár viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra hèr við land, en engin ráð hafa fundizt til þess, að sporna við, að fiskiveiðar vorar á opnum bátum eyðilegðust, að minnsta kosti spilltust af ágangi þessum. Það er því nauðsynlegt, að styðja og styrkja þilskipaútveginn, að því er verður, því með honum er eini vegurinn, að ná afla á borð við hina útlendu fiskimenn hèr við land; en þetta verður ekki gjört til gagns, fyr en vèr höfum lærða skipstjóra, er haldið geti skipum úti, því reynslan er margbúin að sýna, að sá, sem verður að sitja uppi undir landi, og getur ei eða áræðir ei, að fara nógu langt á haf út, fer opt á mis við allan aðalaflann. Eg vil þess vegna, að nefnd sè sett.

Torfi Einarsson: Það er svo sjaldan, sem það ber til, að bænarskrár koma til þings þess efnis, að efla og styðja atvinnuvegi vora, að mèr virðist ógjörningur að taka ekki vel á móti þeim, þegar þær koma. Menn munu játa, að hin andlega menntun sè þó komin nokkuð á veg hjá oss, en hin verklega menntun harðla stutt. Þess vegna skil eg ekki, að þingið geti verið þekkt fyrir annað, en setja nefnd í þetta mál, því þó hún fái ekki lokið störfum sínum í ár, getur það þó orðið góður undirbúningur.

Forseti: Eg skal þá skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli setja.

Var þá gengið til atkvæða og nefnd samþykkt með 18 atkv.

Flutningsmaður stakk upp á 3 manna nefnd, en þingmaður Barðstrendinga upp á 5 manna nefnd. Var það með atkvæðafjölda samþykkt, að 3 manna nefnd skyldi kjósa.

Þessir voru kosnir:

Daníel Thorlacius með 22 atkv.
Torfi Einarsson — 10 —
Eiríkur Kúld — 7 —

Bergur Thorberg fèkk einnig 7 atkvæði, en með því hann var yngri, varð Eiríkur Kúld nefndarmaður.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, uppástunga hins 4. konungkjörna þingmanns um eptirmyndan á verkum listamanna. Hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna og skýra þinginu frá henni.

Jón Pètursson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna (Sjá II., bls. 143).

Eg get ekki ímyndað mèr, að nokkur þingmanna geti haft neitt

á móti því, að lög fáist um þetta efni. Þess vegna finn eg ekki ástæðu til að tala fleira að sinni, en einungis óska þess, að nefnd verði sett, til þess að íhuga, hvort ekki muni nauðsyn á þessu.

Konungsfulltrúi: Þó eg í rauninni ekki hafi neitt á móti því, sem þessi uppástunga fer fram á, virðist mèr nú sem stendur ekki vera þörf á þess konar lagaboði. Eg skal þess vegna skjóta því til úrskurðar hins heiðraða þings, hvort það vill taka málið til frekari meðferðar.

Jón Pètursson: Mèr finnst þó vera allt eins mikil þörf á, að vernda málarana fyrir eptirmyndan verka þeirra, og þá er ljósmyndir gjöra. Það þarf þó miklu meiri íþrótt til þess, að búa til málverk heldur en ljósmyndir, og fullt svo margir eru þeir hèr á landi, sem fást við málverk, og þeir, sem búa ljósmyndir til. Þegar nú Danir einnig hafa fengið þessi lög, sè eg ekki, hvers vegna vèr ættum að vera án þeirra, því þau eru þó fullt svo nauðsynleg fyrir oss sem þau um eptirmyndan ljósmynda. Ef að þinginu ekki virðist nauðsyn á þessu, ætla eg samt ekkert kappsmál að gjöra úr því, að nefnd verði sett, en láta þingið ráða.

Tryggvi Gunnarsson: Þingið hefir nú svo mikið verkefni fyrir höndum, að það ætti að minni hyggju hèðan af ekki að setja nefndir í önnur mál en þau, sem brýna nauðsyn ber til. Af þessari ástæðu vil eg ráða frá, að nefnd verði sett.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli setja.

Þá var gengið til atkvæða og var málið fellt frá nefnd með 11 atkvæðum gegn 10.

Forseti: Því næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, uppástunga þingmanns Barðstrendinga viðvíkjandi korneklu og aðflutningum. Hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður og mun hann lesa uppástungu sína og skýra þinginu frá málinu.

Eiríkur Kúld: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna (Sjá II., bls. 143).

Eg vona, að eg þurfi ekki að eyða neinum orðum til þess, að mæla með því, að nefnd verði sett. Eg hef reyndar leyft mèr að stinga upp á upphæð kornsins og hvernig því skyldi skipta milli verzlunarstaðanna, en auðvitað er, að þetta er alls ekki bindandi fyrir nefndina. Eg vil að eins geta þess, að eg hafði ekki hugsað

mèr þetta miðað einungis við eitt ár, heldur þannig, að það gæti framvegis myndað nokkurs konar standandi kornsjóð. En það er ætlunarverk nefndarinnar að finna, hvernig þessu megi fyrir koma, og ætla eg því ekkert að tala um það. Eg vil leyfa mèr að skora á hinn hæstvirta konungsfulltrúa og hinn 2. konungkjörna þingmann að láta í ljósi, hvort þeir ekki álíti þetta nauðsynjamál, og hvort þeir ekki samkvæmt embættisstöðu þeirra vilji styðja það.

Konungsfulltrúi: Uppástunga sú, sem nú var lesin upp, er eptir minni meiningu svo merkileg, og þegar tillit er tekið til vandræða þeirra, sem í fyrra komu fyrir bæði í suðuramtinu og í vesturamtinu, og sem, á meðan verzlunin hèr í landinu ekki er komin í betra horf en sem stendur, geta vofað yfir öllu landinu, ef til vill, hvert ár, er það að minni meiningu svo nauðsynlegt, að vandlega verði hugsað um, með hverju móti vèr getum af stýrt þess konar vandræðum, að eg fyrir mitt leyti vona, að þingið vilji setja nefnd í málið. Það er á þessu stigi málsins of snemmt, að ræða þau atriði, sem hinn heiðraði uppástungumaður bendir á, en vonandi er, að nefnd, ef hún verður kosin, geti komizt til einhverrar niðurstöðu í þessu tilliti, sem stjórnin getur aðhyllzt, og eg skal frá minni hálfu styðja til þess, sem bezt eg má. Að eins skal eg leiða athygli þingmanna að því, að það getur orðið vandkvæðum bundið, þegar á næsta hausti að framkvæma það, sem í þessu tilliti er nauðsynlegt, vegna þess að svo er orðið áliðið, en ekki að síður held eg, að þetta eigi ekki að vera því til fyrirstöðu, að þingið taki málið til yfirvegunar.

Eiríkur Kúld: Eg kann hinum hæstvirta konungsfulltrúa mestu þakkir fyrir þær góðu undirtektir, er hann veitti máli þessu. Eg geng reyndar að því vísu, að hæpið muni verða, að korn geti í haust komizt á alla verzlunarstaðina; en þetta er samt engin gild ástæða mót uppástungunni, því vonandi er, að það gæti þó komizt á nokkra af stöðum þessum, og má þá með rèttu um það segja, að lítið sè betra en ekki neitt.

Bergur Thorberg: Eg vil styðja að því, að nefnd sè sett í mál þetta, því það er sannarlegt nauðsynjamál. Ástandið er mjög ískyggilegt, eins og það er nú, og ekki ólíklegt, að til mikilla vandræða dragi á komanda vetri. Eg hefi þegar fyrir löngu borið kvíðboga fyrir þessu, og hefi eg því sem amtmaður í vesturamtinu skýrt stjórninni frá ástandinu þar, og farið því á flot við hana, að eg fengi fè nokkuð til umráða, til þess að kaupa korn

fyrir, ef það fengist, og út býta því eptir þörfum. Það er sjálfsagt, að eg fyrir mitt leyti mun styðja tillögur þær og uppástungur, er frá nefndinni kunna að koma.

Jón Hjaltalín: Eg held það megi vera hverjum þeim ljóst, sem þekkir ástandið núna á landi voru, og hugsar um, hvernig það muni verða, einkum þar sem að hafísinn allt af liggur að, að það sè með öllu nauðsynlegt, að þingið gjöri allt, sem í þess valdi stendur, til þess að finna ráð til að bæta úr þessu. Eg vil stinga upp á 7 manna nefnd, því mál þetta þarf vandlega að íhugast. Eg held, að upphæð sú, sem nefnd er í uppástungunni, sè allt of lítil. Því þegar vèr gætum að því, að ekki varð afgangs í fyrra af hjálp þeirri, er stjórnin og velviljaðir kaupmenn útvegnðu oss, þá held eg, að einar 1000 tunnur mundu hrökkva lítið, þegar almennt hallæri vofir yfir.

Stefán Eiríksson: Eg verð að vera meðmæltur uppástungu þessari, því það er mjög svo áríðandi, eptir því sem nú stendur á, að sèð verði fyrir, að korn sè til á verzlunarstöðunum, ef menn kynnu að hafa einhver ráð til þess að kaupa það. Hvað Austur-Skaptafellssýslu snertir, þá veit eg ekki til, að nokkurn tíma hafi litið þar eins illa út með hungursneyð og nú, Eg vil benda hinum heiðraða uppástungumanni á það, þar sem hann hefir til tekið nokkra staði, hvar kornið skuli leggjast upp, að Austur-Skaptfellingar geti hvorki náð í korn, þó til væri, á Eskifirði eða Eyrarbakka; ættu þeir að hafa not af því, yrði það að koma annaðhvort á Papós eða Djúpavog, og þó heldur á Papós, því þá gætu margir Vestur-Skaptfellingar sótt þangað, og það er þeim töluvert hægra á vetrardag, en að sækja korn á Eyrarbakka.

Helgi Hálfdánarson: Það er nú reyndar búið að taka það fram, er eg vildi sagt hafa; en eg vil þó lýsa því yfir, að eg álít, að hinn heiðraði uppástungumaður eigi miklar þakkir skilið fyrir, að hafa hreift þessu máli. Mig hafði, áður en uppástunga hans kom, furðað það stórlega, að engin bænarskrá í þessa átt hafði komið frá landsmönnum, þar sem þær frèttir, er bárust hartnær alstaðar að af ástandinu og útlitinu, voru svo ískyggilegar. Frá hálfu þjóðarinnar hefir að mínu áliti ekkert mál komið hingað til á þetta þing, er sè jafnnauðsynlegt nú í bráð og þetta. Hèr er jafnvel um meira að ræða en um rèttindi manna eða borgaralegt frelsi; því hèr er beinlínis um lífið að tefla. Hèr er sannarlega vo fyrir dyrum, ef góð ráð verða ekki fundin í tíma. Eg álít því

sjálfsagt, að þingið íhugi mál þetta vandlega, og að nefndin þurfi að vera fjölmenn. Eg leyfi mèr að stinga upp á 7 manna nefnd.

Eiríkur Kúld: Eg sè, að eg þarf ekki að mæla frekar fram með máli þessu, því allir gefa því svo góðan róm, og kann eg hinum heiðruðu þingmönnum miklar þakkir fyir það, en þó einkum hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni; sömuleiðis á hann þakkir skilið fyrir afskipti þau, er hann þegar hefir haft af málinu, þó þau ekki dragi neitt úr nauðsyn uppástungunnar; því þótt hann hafi beðið stjórnina um fè til kornkaupa, þá er það ekki einhlítt, því að kaupmenn vorir flytja ekki svo mikið korn, að nægi, og þó stjórnin veiti honum fè til kornkaupa, þá, til þess að slíkt nægi, verður kornið að vera til hèr á landi, sem kaupa á. Kaupmenn munu í fyrra hafa flutt langtum minna af korni en vant er, en heldur meira af óþarfanum, og mun ekki ósvipað í ár. Þar sem hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni þótti of lítið til tekið, þá vil eg geta þess, að eg var hræddur um, að vaxa mundi í augum, ef meira væri nefnt; en á þessu getur nefndin gjört breyting. Hvað Austur-Skaptafellssýslu snertir, þá verð eg að játa, að það er af ókunnugleika minum komið, að eg hèlt menn gætu þaðan náð til Eyrarbakka. Eg óska, að nefndin verði fjölmenn, og mun ekki veita af 7 manna nefnd, en þess vildi eg óska, að þeir yrðu ekki allir úr sama hluta landsins, heldur sem mest á víð og dreif.

Ólafur Pálsson: Eg stend upp til þess, að mæla með nefnd, þó eg voni, að þess þurfi ekki með. Það er auðsætt, hvílíkt nauðsynjamál þetta er, því reynslan um undanfarin ár er búin að sýna og sanna, hversu bágt það er, þegar kaupstaðirnir eru snauðir af matbjörg. Hið bágasta af öllu er, þegar björgin fæst ekki, hvað sem er í boði. Þessi bjargarskortur er svo alvarlegur vegna þess, að hann bægir einnig hinum efnaða frá, að rètta hinum snauða hjálparhönd, hvað feginn sem hann vill; því hann getur heldur ekkert fengið. Hann gjörir bæði ríkan og snauðan svo að segja jafna, og sýnir báðum jafnt dauðann fyrir dyrum, þegar svo ber undir. Eg vona fastlega, að þingið gefi máli þessu góðan gaum, eins og hinu mestu nauðsynjamáli, og vil eg stinga upp á 7 manna nefnd.

Pètur Pètursson: Eg vildi einungis leita upplýsingar hjá hinum heiðraða flutningsmanni um það, hvort eg hefði heyrt rètt ræðu hans. Eptir því sem mèr heyrðist, gat eg ekki betur skilið, en

að hann hefði hugsað sèr, að mynda af korni þessu sjóð eða forðabúr fyrir hinn ókomna tíma. Þetta get eg nú ekki vel rýmt saman við bjargarskort þann, sem nú á sèr stað, og því held eg, að mèr hafi eitthvað misheyrzt. Eg álít ekki rètt, að biðja stjórnina um korn, til þess að stofna forðabúr, heldur einungis til þess, að verja sig bágindum þeim, sem yfir vofa.

Eiríkur Kúld: Eg skal gefa hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni þá upplýsingu, að eg hafði ekki hugsað mèr, að forðabúr skyldi stofna nú þegar, heldur mundi það lag geta komizt á með tímanum. Eg hafði hugsað mèr það á þessa leið: Stjórnin biður kaupmann að flytja t. d. 100 tunnur af korni til Íslands, og láta factor hans geyma þær vetrarlangt, þannig að amtmaður geti varið þeim, eins og honum þykir bezt henta. En þurfi nú ekki til korns þessa að taka, þá megi faktorinn selja það sem eign kaupmannsins, en hann skuldbindi sig þá aptur til, að hafa jafnmikinn forða, er amtmaður geti gripið til. Eg vona líka, að stjórnin yrði fáanleg, að veita kaupmönnum lán til þessa í upphafi, svo þeir þyrftu engan halla að líða. En það er ætlunarverk nefndararinnar, að stinga upp á, hvernig þessu skuli fyrir koma, og fer eg því ekki lengra út í það að sinni.

Hallgrímur Jónsson: Eg kann hinum heiðraða uppástungumanni og öllum, þeim er mál þetta hafa stutt, miklar þakkir, og þá sèr í lagi þeim, sem eptir embættisstöðu þeirra geta haft mest áhrif á það. Eg hef reyndar hvorki uppástungu nè bænarskrá þessa efnis til meðferðar frá kjördæmi mínu, en nokkur brèf hef eg fengið þaðan, er spyrja um, hvort mál þetta sè ekki komið fyrir á þinginu, og hvort eg ekki vilji gjörast flutningsmaður þess, því mönnum þar er þetta næsta mikið nauðsynjamál. Eg ætla ekkert að tala um efni uppástungunnar; nefndin, sem eg vona verði sett, tekur það til yfirvegunar. Einungis vil eg geta þess, að eg hygg, að talsvert meira muni þurfa af korninu, en hún fer fram á, ef nokkuð á að nægja eptir núverandi útliti, en hvernig þessu öllu skuli bezt fyrirkomið, hvernig kornið verður fengið, hvar upp flutt, og hvort heldur það verður brúkað til bráðustu nauðsynja eða forða framvegis, er ætlunarverk nefndarinnar að hugleiða, sem eg í þetta sinn skal ekki fara fleirum orðum um. Eg held, að ekki veiti af 7 manna nefnd, og ætla eg að þeir ættu að vera úr ýmsum hèruðum landsins.

Forseti: Fyrst að nú ekki fleiri taka til máls, er inngangs-

umræðu þessari lokið, og vil eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn að skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli setja.

Var þá gengið til atkvæða og nefnd samþykkt í einu hljóði.

Stungið hafði verið upp á 5 manna nefnd og 7 manna nefnd, en við atkvæðagreiðslu var 7 manna nefnd samþykkt. Þessir voru kosnir:

Bergur Thorberg	með	20 atkv.
Eiríkur Kúld	—	19 —
Halldór Jónsson	—	17 —
Davíð Guðmundsson	—	14 —
Stefán Eiríksson	—	10 —
Stefán Jónsson	—	10 —
Torfi Einarsson	—	9 —

Því næst var lesið upp álitsskjal til konungs, um hið konunglega frumvarp um eptirmyndun ljósmynda, og var álitsskjalið samþykkt. (Sjá II., bls. 144).

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið uppástungu frá þingmanni Borgfirðinga, viðvíkjandi fiskiveiðum. Hinum háttvirta konungsfulltrúa mun verða sent eptirrit af henni, og hún síðan lögð fram á lestrarsalinn.

Það er þá ekki meira að starfa í dag, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

10. fundur — 11. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg hefi fengið tilkynningu frá nokkrum nefndum um kosningar. Nefndin í málinu um styrk til forngripasafnsins hefir kosið Halldór Kr. Friðriksson til formanns, og Helga Hálfdánarson fyrir skrifara. Nefndin í málinu um stofnun lagaskóla. hefir kosið fyrir formann Eirík Kúld, en Jón Pétursson skrifara. Í málinu um sýsluskiptingar í vesturamtinu er Bergur Thorberg kosinn formaður og Guðmundur Einarsson til skrifara. Í nefndinni í málinu um uppástungu þingmanns Vestur-Skaptfellinga viðvíkjandi

mállausum og heyrnarlausum er Bergur Thorberg kosinn formaður og Páll Pálsson skrifari. Frá hinum 4. konungkjörna þingmanni, hef eg fengið uppástungu um stofnun kennaraembættis í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda. Verður hinum háttvirta konungsfulltrúa sent eptirrit af henni, og hún svo lögð á lestrarsalinn.

Þá er að taka til dagskrár og kemur þá fyrst til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá Reykvíkinga um breyting á reglugjörð 27. nóvember 1846. Hinn háttvirti þingmaður Reykjavíkur er flutningsmaður, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra þinginu frá málinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Bænarskráin hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 145).

Eg vona, að bænarskrá þessi sè svo ljós, að ekki þurfi mikilla meðmæla með frá minni hálfu, til þess hún komist í nefnd. Það mun öllum geta skilizt, að reglugjörð þessi, sem nú er orðin 23 ára, sè í sumum greinum farin að verða óhagkvæm og óeðlileg, þótt hún ekki hefði verið það frá upphafi; að minnsta kosti er það óeðlilegt, að tilskipunin fyrir Reykjavík, sem þó er höfuðstaður landsins, skuli vera ófrjálsari, en fyrir hina tvo kaupstaði landsins. Eg skal reyndar geta þess, að beiðendur fara fram á, að þingið lagi tilskipunina yfir höfuð, og ætti það þá að búa til nokkurs konar frumvarp, og get eg ímyndað mèr, að það gæti fælt þingmenn frá, að taka málið til meðferðar, ef svo langt ætti að fara út í það, þegar svona er komið fram á þingtímann, en eg vil alls ekki halda því fram. Eg hefi hugsað mèr, að þingið sendi stjórninni tillögur sínar um breytingar þær, er bænarskráin fer fram á, og gjöri svo stjórnin nýtt frumvarp til tilskipunar, er lagt verði fyrir alþingi 1871. Slík meðferð á málinu útheimtir ekki langan tíma. Eg vona því, að nefnd verði sett, og vil eg stinga upp á 3 manna nefnd.

Konungsfulltrúi: Þetta mál virðist mèr vera svo yfirgripsmikið, að þingið varla geti ráðið því til lykta, þó að nefnd verði sett og fjalli um það. Þar að auki þykir mèr í öllu tilliti heppilegast, ef þess konar mál eiga að fá framgang, að hlutaðeigendum þ. e. í þessu tilfelli bæjarstjórninni í Reykjavík, gefist tækifæri til að ræða málið í heild sinni, áður en alþingið skiptir sèr af því. Eg skal þess vegna ráða þinginu frá, að setja nefnd í málið, en að vísa því forsetaveginn til stiptamtmannsins, sem væntanlega mun

leita álits bæjarstjórnarinnar og á þann hátt útvega því þann undirbúning, sem útheimtist til þess, að málið geti orðið leitt til lykta.

Halldór Kr. Friðriksson: Það getur vel verið, að mál þetta fái allt eins fljótan framgang með því, að ganga þá leið, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á. Eg tók það áðan fram, að eg ætlaðist ekki til, að þingið semdi nýtt frumvarp, því það vakti fyrir mèr, að málið yrði að ganga, hvort sem væri, til stiptamtmanns og bæjarstjórnar, áður en stjórnin legði síðustu hönd á það. Eg vona og, að stiptamtmaður greiði málinu veg sem bezt, og sjái um, að það komist svo snemma frá bæjarstjórninni og honum, að stjórnin geti lagt það fyrir næsta þing. Bænarskrá þessi er einkum fram komin af því, að uppástunga um þetta efni hefir nú þegar legið hjá bæjarstjórninni í hálft annað ár, og er enn eigi lengra komin, og er beiðendum því ekki láandi, þótt þeir snúi sèr til þingsins. Fyrst að hinn hæstvirti konungsfulltrúi ræður til, að vísa málinu forsetaveginn, þykist eg eiga það víst, að stiptamtmaður muni veita því góðar viðtektir, og greiða fyrir því sem bezt.

Eiríkur Kúld: Eg veit ekki, hvort það var meining hins háttvirta flutningsmanns, að gjöra sig ánægðan með, að nefnd ekki verði sett. Eg fyrir mitt leyti verð að vera móti nefnd, því mèr sýnast þeir gallar vera á bænarskránni, að hún eigi ekki annað skilið. Eg er nú reyndar ekki kunnugur, enda þekki eg ekki neinn af öllum þessum ellefu, sem undir bænarskránni eru. Að minni hyggju munu þeir allir vera tómthúsmenn; enginn er þar embættismanna, og enginn af bæjarfulltrúunum. Bænarskráin lýsir töluverðum ókunnugleika á því, hvað fram fer út um landið. Þar segir, að reikningar í fátækra-málum séu alstaðar bundnir við fardaga, en þetta er ekki svo, heldur munu þeir víðast hvar vera bundnir við hreppaskilin á haustin. Eg gæti skilið ókunnugleika þennan, ef það væru eintómir innlendir Reykjavíkurtómthúsmenn, sem standa undir bænarskránni. Hvað snertir hinn mikla rètt, er tómthúsmenn eiga að fá gagnvart embættismönnum, lóðartoll, og aðra galla á bænarskránni, þá ætla eg ekki að fara neitt út í það. Eg er samþykkur hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að bezt sè, að vísa bænarskránni forsetaveginn til stiptamtmanns.

Jón Pètursson: Af því eg er sá eini af fulltrúum Reykjavíkurbæjar, sem hef setu hèr á þingi, vil eg geta þess, að uppástunga líks efnis og bænarskrá þessi hefir komið til bæjarstjórnarinnar, og höfum vèr víst flestir fulltrúarnir sagt álit vort um hana; sumt í

henni hefir oss þótt tiltækilegt, sumt ekki. Eg álít, að nú sè ekki rèttur tími til, að bera upp þessa bænarskrá. Vèr eigum nefnilega von á, að bráðum komist breyting á stjórnarfyrirkomulag lands vors, og mundi þá tilskipun þessi verða tekin fyrir ásamt löggjöfinni um sveitarstjórn í heild sinni, því þegar breytingin á aðalstjórn landsins kemst á, verður með öllu nauðsynlegt, að breyta því samkvæmt stjórn sveitarmálefna. Eg vil þess vegna ráða bæði frá því, að málið komi í nefnd, og að því verði vísað forsetaveg, en til þess að það verði alveg fellt.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni um það, að ekki sè rèttur tími til, að bera fram bænarskrá þessa. Eg vil leyfa mèr að spyrja hann, hvort hann eigi það öldungis víst, að stjórnarbótin komist á svo bráðlega, og þótt nú svo væri, hvort þá mundi sjálfsagt, að sveitarstjórnarlöggjöfin yrði þegar tekin fyrir, og hvort tilskipanir fyrir kaupstaðina gætu ekki orðið út undan fyrst um sinn, eða hvort grundvallarreglur reglugjörðanna fyrir kaupstaðina eigi geta haldizt fyrir það. Yfir höfuð finnst mèr mjög hæpið, að fella nokkurt mál af þeirri ástæðu, að menn eigi að bíða eptir einhverju, sem vel getur dregizt að fram komi. Hvað ræðu hins heiðraða þingmanns Barðstrendinga snertir, þá var mèr ekki hægt að skilja, hvert hún átti að stefna; eg held hún hafi verið svona rètt út í bláinn. Eg hèlt, að tómthúsmenn mundu hafa rètt til þess, að bera fram bænir sínar einir sèr, án þess nokkur embættismaður væri með; og það er óefað, að einn einasti tómthúsmaður hefir rètt til, að koma fram með bæn sína, og það fyrir sjálfan þingmann Barðstrendinga, þegar hann situr á þingi. Ræða hans lýsti miklum ókunnugleik, og finn eg mèr því ekki skylt að svara henni frekar.

Forseti: Fyrst að ekki fleiri taka til máls, er inngangsumræðu þessari lokið, og skal eg þá leita atkvæða þingsins um það, hverja meðferð skuli hafa á málinu.

Þá var gengið til atkvæða, og var bænarskráin felld frá nefnd með 21 atkvæði gegn 2, en þar næst samþykkt með 23 atkvæðum, að hana skyldi senda forsetaveginn til stiptamtmanns.

Forseti: Það hefir verið lagt fram brèf til mín, sem forseta þingsins, frá hinum 4. konungkjörna þingmanni, formanni nefndarinnar í landbúnaðarmálinu; eg skal lesa brèf þetta upp og síðan koma fram með uppástungu, sem eg vil gjöra um það, hvernig

fara skuli með mál þetta, sem er innanþings-mál. Brèfið hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 213).

Eins og hinum háttvirtu þingmönnum er kunnugt, var sett 7 manna nefnd á alþingi 1865, til þess að semja frumvarp til landbúnaðarlaga, er ætlazt var til að koma skyldi fram á þingi, og ganga síðan til stjórnarinnar. Þrír af nefndarmönnum voru úr Reykavík, nefnilega hinn 4. konungkjörni þingmaður, þingmaður Árnesinga og hinn þá verandi varaþingmaður Reykvíkinga; hinir fjórir voru sinn úr hverjum landsfjórðungi, og voru það þessir: þá verandi þingmaður Dalamanna, þingmaður Suður-Þingeyinga, þingmaður Austur-Skaptfellinga, og þá verandi þingmaður Rangæinga. Mál þetta var aptur tekið fyrir á alþingi 1867 og var þá eptir uppástungu minni umboð nefndarinnar lengt til þingsins í ár. Nú er orðin allmikil þreyting á þingmönnum, og málið er komið nokkuð áleiðis, en því er svo varið, að það, sem búið er að semja, liggur hjá höfundinum, sem er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður. Það getur öldungis ekki staðizt, að hver einstakur þingmaður skuli verða að ganga heim til hans, til þess að kynna sèr þetta verk, heldur verður þingið að fá greinilega skýrslu um það frá völdum mönnum, sem það kýs til að takast þennan starfa á hendur. Eg vil þess vegna stinga upp á, að nefnd verði sett til þess, að bera sig saman við hinn 4. konungkjörna þingmann, skoða og rannsaka, hvað gjört hefir verið, og koma sèr saman um, hversu þessu verki skuli haga eptirleiðis. Síðan ætti nefnd þessi að bera uppástungur fyrir þingið um, hvað henni þykir tiltækilegast, hvort nýja nefnd skuli kjósa eða bæta mönnum við hina gömlu, í skarðið fyrir þá, sem gengnir eru úr þingmanna-tölu, því ekki mun vel til fallið, að utanþingsmenn sèu nefndarmenn. Þessir nefndarmenn, sem nú eru kosnir, þyrftu einnig að segja álit sitt um borgun fyrir verkið, sem nú er komin til umtals. Eg sting því, sem sagt, upp á, að nefnd verði sett til að rannsaka það, sem komið er, og gefa þinginu nákvæma skýrslu um öll þau atriði málsins, sem nú þarf að taka til greina. Eg held, að ekki veiti af 5 manna nefnd, því mál þetta er mikilsvert og hefir í sèr mörg vandasöm atriði.

Jón Sigurðsson: Eg vil fastlega styðja uppástungu hins háttvirta forseta. Eg fyrir mitt leyti hefi ekki haft tíma til að kynna mèr það, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður er búinn að semja fyrir landbúnaðarnefndina, og svo ímynda eg mèr að sè fyrir fleiri þingmönnum. Um laun þau, sem hinn 4. konungkjörni

þingmaður vill hafa fyrir þennan starfa sinn, virðist mèr ekki verða talað, fyr en skýrsla nefndar þeirrar, sem sett verður í málið, er fengin um, hvað mikið verk það er, sem semjandi hefir af kastað, og hvort það er svo af hendi leyst, að það sè launa-vert.

Guðmundur Einarsson: Eg er einn af þeim, sem vil styðja að því, að nefnd verði kosin, og vona eg, að það verði ofan á. Eptir tilboði hins 4. konungkjörna þingmanns hefi eg litið yfir það, sem hann er búinn með af landbúnaðarlögunum, og svo skýrði hann mèr frá þræði þeim, er hann ætlaði að fylgja, og fannst mèr það svo vel hugsað, að eg fyrir mitt leyti álít það æskilegt, að hann bæði vilji halda áfram og geti það.

Sigurður Gunnarsson: Eg hefi og kynnt mèr nokkuð af því, sem hinn 4. konungkjörni þingmaður er búinn með af búnaðarlögunum, og finnst mèr það svo viturlega hugsað og skipað niður, að óskandi sè, að hann haldi áfram. Þess vegna mæli eg með nefnd, til að hugleiða þetta málefni, og óska um leið, að kosningin verði vönduð.

Eiríkur Kúld: Eg hefi, eins og menn vita, allt af verið hlynntur landbúnaðarnefndinni, sem sett var 1865. Það var nú reyndar mèr óvænt, að við byrjun alþingis 1867 fundum við þingskrifararnir reyndar öll skjölin, sem nefndin átti að hafa til að byggja á, í bókaskáp þingsins. En þegar á það er litið, hverju nefndin hefir af kastað síðan 1867, þá finnst mèr ástæða til, að styðja uppástungu hins háttvirta forseta, og það sèr í lagi, ef það gæti orðið til þess, að útvega hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni laun á sínum tíma. En naumast getur verið um borgun að tala, fyr en hann hefir lokið starfa sínum; en þá bera honum sjálfsagt hæfileg laun. Eg mæli því með, að nefnd sè sett til að yfirlíta og segja álit sitt um störf formannsins, sem búin eru.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er umræðu þessari lokið, og skal eg þá leita atkvæða um, hvort nefnd skuli setja.

Þá var gengið til atkvæða, og var nefnd samþykkt með 22 atkvæðum.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg álít ekki við eiga, að kjósa hinn 4. konungkjörna þingmann og þingmann Árnesinga í nefnd þessa, þar eð þeir einmitt hafa haft allan þann starfa á hendi, sem hèr kemur til skoðunar; aptur sè eg ekkert á móti, að kjósa

þingmenn Suður-Þingeyinga og Austur-Skaptfellinga, þó þeir hafi verið nefndarmenn.

Jón Hjaltalín: Mèr er ekki ljóst, hvers vegna ekki má kjósa hinn 4. konungkjörna þingmann og þingmann Árnesinga.

Forseti: Það er af því, að þeir hafa haft starfann á hendi í nefndinni, og eiga nú að gjöra grein fyrir honum, svo þeir yrðu þá kosnir til að dæma sín eigin verk.

Jón Pètursson: Eg veit ekki, hvort rètt er, að eg og þingmaður Árnesinga kjósum.

Forseti: Ekkert getur verið ískyggilegt í því.

Jón Hjaltalín: Mèr þótti það einungis undarlegt, að ekki mætti endurkjósa þessa menn, sem hafa *fidem publicam* sem embættismenn.

Því næst fór nefndarkosning fram, og urðu þessir fyrir kosningu:

Guðmundur Einarsson	með	12 atkv.
Bergur Thorberg	—	12 —
Grímur Thomsen	—	11 —
Jón Sigurðsson	—	11 —
Sigurður Gunnarsson	—	9 —

Málið afhent þingmanni Dalasýslu.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu um byggingu jarða. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir tekið að sèr, að vera flutningsmaður, og mun hann lesa upp bænarskrána og skýra frá málinu eptir þörfum.

Eiríkur Kúld: Bænarskráin hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 214).

Það er vitaskuld, að mál þetta er bæði áríðandi og mekilegt, og mundu, ef til vill, margir æskja, að það kæmi í nefnd. En þó eg sè nú flutningsmaður þess, ætla eg samt ekki að óska nefndar, því það er svo liðið á þingtímann, að eg held menn ættu sem minnst að fjölga nefndum hèðan af, ef menn ætla að komast af þingi vetrarlangt. Eg held betra sè, að vísa máli þessu til landbúnaðarnefndarinnar, því það heyrir undir hennar verkahring, og mun hún taka því með þökkum, eins og hverjum öðrum uppástungum, er hún getur fengið til yfirvegunar og hliðsjónar við störf sín.

Forseti: Ef enginn hefir á móti þessari uppástungu, álít eg

hana samþykkta, — og er þá máli þessu vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Þingeyjarsýslu um umkvörtun yfir amtmanninum í norður- og austurumdæminu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir beðið sér hljóðs.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr, þegar nú verður að ræða um það mál, sem kemur næst á dagskránni, semsè um tvær bænarskrár úr Þingeyjarsýslu, áhrærandi umkvartanir yfir amtmanninum í norður- og austuramtinu, að spyrja hinn heiðraða forseta, hvort ekki þingsköpin leyfi, að sleppa hinum venjulega upplestri bænarskránna, og ef svo er, hvort ekki sè ástæða til í þessu máli, að gjöra undantekning frá því, sem vanalegt er.

Eg skal geta þess, að eg einmitt sting upp á þessari undantekning vegna þess, að mál það, sem um er að ræða, er óvanalegt, og liggur eptir minni meining fyrir utan verkahring þingsins samkvæmt 77. gr. alþingistilskipunarinnar, og þar að auki er þess efnis, að það frá sjónarmiði þingsins væri æskilegt, að um það verði rætt svo lítið í þinginu, sem yfir höfuð að tala getur átt sèr stað. Eg er viss um það, að allir þingmenn til hlítar hafa kynnt sèr málið, og þess vegna einnig, þó upplestrinum og sèrstaklegum flutningi bænarskránna verði sleppt, eru færir til að gefa atkvæði sín um það, hvort málið eigi alveg að fella, eða ekki. En ef þingið fellst á, að vísa málinu frá, hvað mèr þykir líklegast og sóma þingsins samkvæmast, vona eg, að allir þingmenn sèu mèr samdóma í því, að heppilegast væri, að sem minnst komi fram í umræðunum um efni málsins.

Ef hinn heiðraði forseti álítur leyfilegt að fara þann veg, sem eg nú hefi bent á, eða vill skjóta því til úrskurðar þingsins, hvort þetta sè leyfilegt eptir þingsköpunum — og eg fyrir mitt leyti get ekki sèð, að neitt sè þessu til fyrirstöðu, — bið eg hann að gefa mèr orðið til þess að skýra þinginu frá málinu í heild sinni, og þar næst, þegar eg hefi gjört þetta, að leita atkvæða þingsins um það, hvort málinu eigi alveg að vísa frá þinginu, en upp á því ætla eg að stinga, eins og eg þegar hefi tekið fram, eða hvort þingið vilji taka málið til frekari meðferðar, en þá getur flutningurinn átt sèr stað á eptir, ef þingið ályktar svo.

Forseti: Út af ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa skal eg geta þess, að eg þóttist ekki hafa neinn myndugleika til að neita bænarskrá þessari móttöku, því eg álít, að hún heyri beinlínis undir

77. grein alþingistilskipunarinnar. Eg treysti því líka, að þingmenn geti tekið mál þetta til umræðu með þeirri varkárni og lagi, og þó jafnframt þeirri alvörugefni, sem mál þetta á skilið. Hinn háttvirti konungsfulltrúi óskaði, að eg skyldi úrskurða, að láta ekki lesa upp bænarskrárnar; það þykir mèr ekki eiga við. Bænarskrárnar eru komnar á þingsins vald, og virðist mèr því rèttast, að það komi undir atkvæði þingmanna, hvort þær skuli lesa upp eða ekki. En hvað sem ofan á kynni að verða, þá þykist eg viss um, að öllum þingmönnum þyki mikið í varið að heyra skýrslu hins háttvirta konungsfulltrúa um málið; má og vel vera, að þegar þingmenn hafa heyrt hana, að þeir kæri sig ekki um upplesturinn.

Konungsfulltrúi: Samkvæmt því, er hinn heiðraði forseti hefir tekið fram, leyfi eg mèr að skýra frá máli þessu, án þess að það hafi verið flutt á vanalegan hátt, og skal eg þá geta þess, að þessar tvær bænarskrár úr Þingeyjarsýslu, sem eru hvor annari samhljóða, fara því á flot, að þingið biðji hans hátign konunginn, að mildi hans mætti þóknast að veita amtmanninum í norður- og austuramtinu sem allrabráðast lausn frá embætti hans, og að þær ekki til greina sèrstakleg «facta» í þessu tilliti, heldur að eins í almennum orðum lýsa yfir óánægju beiðandanna með embættisfærslu amtmannsins.

77. gr. alþingistilskipunarinnar kveður svo á: «alþingið á ekki að skipta sèr af einstakra manna bónarbrèfum eður umkvörtunum, heldur vísa þeim til konungsins ellegar til hlutaðeigandi stjórnarráðs eður yfirvalds«. Vilji menn nú skoða þessa ákvörðun einungis eptir bókstafnum, má, ef til vill, segja, að greinin ekki komi heim við bænarskrár þessar, því þær eru ekki sendar frá einum, nè frá fáum mönnum, heldur frá 69 (49 + 20) manns, en sè tillit tekið ekki einungis til bókstafsins, heldur til anda greinarinnar, þá er auðsætt, að spursmálið um, hvort þessi ákvörðun eigi að takast til greina, ekki er komið undir tölu beiðandanna, heldur undir efni og ásigkomulagi bænarbrèfa eða umkvartana þeirra. Eg þarf ekki að leita langt til þess að sýna og sanna þetta. Þingið hefir opt, og svoleiðis um daginn, skipt sèr af bónarbrèfi 2 manna um styrk handa forngripasafninu, vegna þess að þetta mál eptir eðli sínu liggur fyrir innan verkahring þingsins, en það mál, sem nú ræðir um, liggur eptir eðli sínu alveg fyrir utan verkahring þingsins, því það er einkarèttur konungsins, bæði að veita embætti þau, sem hèr ræðir um, og að veita lausn frá þeim, og alþingið hefir hvorki

eptir alþingistilskipuninni nè eptir hlutarins eðli atkvæðisrètt í þessum málum. Eg skal halda því fastlega fram, að sú er aðalreglan í þessu tilliti, en á hinn bóginn vil eg ekki mæla á móti því, að í stöku tilfellum kynni að vera hvöt fyrir þingið, til að gjöra undantekning frá þessari aðalreglu, og til að leiða athygli stjórnarinnar að þess konar umkvörtunum og biðja hana að láta rannsaka þær, en það á þingið með engu móti að gjöra, nema brýn nauðsyn beri til þess, og til þess útheimtist eptir minni meiningu tvennt: 1. að embættismaður sá, sem hlut á í málinu, sè alveg óverðugur og óbrúkanlegur, og 2, að það sè sýnt og sannað, að stjórnin, þó að henni sè orðið kunnugt um óánægju landsmanna, ekki ætli að gjöra neitt til þess að rannsaka embættisfærslu hans og draga hann til ábyrgðar. En því fer fjarri, að svo standi á í þessu máli. Beiðendurnir segja sjálfir í bænarskránum, að eigi svo fáir einstöku menn hafi borið upp kveinstafi sína, hver í sínu lagi, við stjórnina, og sumir þeirra sèu búnir að fá rètting mála sinna, og þar að auki hafi beiðendur optar en einu sinni fengið njósn um, að stjórnin hafi skorað á amtmanninn sjálfan, að hann skyldi sækja um lausn frá embættinu. En ef svo er, þá fæ eg ekki sèð, að minnsta ástæða sè fyrir þingið til þess, að skipta sèr af máli þessu; því þá er auðsætt, bæði að þeir, sem kærur hafa átt að koma fram á hendur amtmanninum, hafa farið þann lögskipaða veg í þessu tilliti, og að stjórnin hefir tekið við kærunum og hefir vakandi auga á málinu. En þetta held eg sè einmitt það, sem alþingið óskar og á að styðja til, nefnil. að stjórnin ekki víki embættismönnum úr stöðu þeirra, nema eptir nákvæmari rannsókn allra þeirra kringumstæðna, sem taka á tillit til. En þar sem málið á þenna hátt er sem bezt á leiðinni, og þar sem alþingið sjálfsagt óskar að vera fyrir utan þess konar mál, ef ekki brýn nauðsyn knýr til þess, hvers vegna koma þá beiðendurnir til alþingis og biðja það að skerast í leikinn? Eg skal svara upp á þetta spursmál með orðum bænarskrárinnar: «biðin er orðin beiðendunum fulllöng». — Þeir eru orðnir óþolinmóðir. En mèr þykir þessi ástæða ekki nægileg, þegar um svo mikilsvarðandi spursmál er að ræða, sem það, hvort þingið vilji ráðast í mál, sem í raun og veru liggur fyrir utan verkahring þess.

Eg skal með þessum athugasemdum biðja þingið, að fella þetta mál til fulls og alls, og skal geta þess, að einmitt vegna þess, að eg fyrir mitt leyti legg mikla áherzlu á það, að þingið vísi ein-

hverju máli forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda, og skilji það á þann hátt, að þingið mæli með málinu og hafi skipt sèr af því, einmitt þess vegna getur ekki verið spursmál um, að vísa þeim málum, sem þingið ekki vill nè á að skipta sèr af, forsetaveginn til hlutaðeigandi stjórnarráðs eða yfirvalds, og að fyrsti kafli 77. gr. eptir minni meiningu á að skiljast á þann hátt, að þingið eigi að vísa beiðendunum og kærendunum til konungs eða yfirvalda, en ekki bænarbrèfunum eða umkvörtunum þeirra forsetaveginn til þeirra, því það getur þingið ekki gjört án þess að skipta sèr af þeim.

Loksins skal eg geta þess, að annar kafli 77. gr. ekki getur átt við þetta mál, því þó að flutningsmaðurinn kynni að vera sannfærður um, að einstökum persónum sè órèttur gjör, og þess vegna að vilja kæra málið fyrir alþingi og færa þar fram tilhlýðilegar sönnur að því, að alþingið, ef meiri hluta atkvæðagreiðanda virðist málinu vera svo háttað, þar um geti sent konunginum sínar skriflegar tillögur, — þá er málið þess eðlis, að þess konar sönnur ekki geta komið fram á þinginu, þar sem amtmaðurinn hèr er aldeilis varnarlaus, og þar sem flutningsmaðurinn sjálfur er málspartur, eða einn meðal þeirra, sem eptir umkvörtununum hefir verið órèttur gjör, og þar sem það að minnsta kosti eptir meiningu minni er sóma alþingisins alveg ósamboðið í þess konar málum, að fara eptir eintómri sögusögn, eða eptir skýrslum annars málspartanna.

Eg held, að eg nú hafi hlutdrægnislaust skýrt frá þessu máli, og að nægilega sè rætt í því til þess, að þingið sè fært til, að dæma í því án frekari umræðu, og þar sem eg verð að álíta slíka mjög óheppilega frá þingsins sjónarmiði, skal eg skjóta því til hins heiðraða forseta, hvort hann nú vill leita atkvæða þingsins um það, hvort það vilji skipta sèr af þessu máli eður alveg fella það; og skal eg ítreka það, að ef þingið með atkvæðafjölda ályktar, að taka málið til frekari umræðu, þá getur flutningurinn átt sèr stað á eptir á vanalegan hátt.

Forseti: Af því skilningur hins háttvirta konungsfulltrúa á 77. gr. alþingistilskipunarinnar kemur mèr mikið við, skal eg leyfa mèr að tala fáein orð. Eg skil fyrra lið nefndrar greinar þannig, að þar sem talað er um, að *vísa þeim til vor*, þá sè ekki þar með meint, að vísa mönnunum eða kærendunum til stjórnarinnar, heldur bónarbrèfunum, eða kæruskjölunum, sem þeir fara með, og í síðara liðnum, þar sem talað er um, ef einstökum mönnum

þykir sèr vera órèttur gjör, þá hefir alþingi fulla heimild til, að taka þetta mál til greina, því það heyrir beint undir greinina eptir mínum skilning, þetta er bæði rèttvísleg og nauðsynleg ákvörðun í tilskipuninni; alþingi hefir hèr öðlazt rèttindi, sem því er mjög svo áríðandi ekki að sleppa; því er lögð skylda á herðar, sem það má ekki vanrækja. Það getur sem sè opt borið við, að það sè örðugt eða jafnvel ómögulegt fyrir alþýðumenn, að bera sig upp og leita rèttar síns, einkanlega þegar þeir eiga við hina æðri embættismenn, þá getur það verið hið eina úrræði, og hinn eini vegur, að leita aðgjörða stjórnarinnar fyrir aðstoð alþingis.

Jón Sigurðsson: Mèr finnst það nokkuð undarleg og óvanaleg aðferð, sem nú er við höfð, að menn eru farnir að ræða málið út í allar æsar, áður en bænarskráin eður kæran, sem hèr ræðir um, er lesin upp, svo á þessu stigi málsins getur ekki verið um annað að ræða, en hvort taka skuli málið til meðferðar á þingi eður ekki. Eg skal geta þess, að eg sem flutningsmaður er engan veginn fastur á því, að bænarskráin verði upp lesin, ef það þykir ónauðsynlegt og ef þingið tekur hana engu að síður til reglulegrar meðferðar, og meðhöndlar hana á vanalegan hátt. Eg stóð einungis upp, til þess með fáum orðum að mæla með því, að málið annaðhvort kæmi í nefnd, eða það væri látið ganga forsetaveginn til stjórnarráðsins, ef þinginu skyldi virðast það hagfelldara fyrir heppileg afdrif málsins.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti forseti tók af mèr ómak, með því hann tók það fram, er eg hafði í hyggju að segja. Eg skal geta þess, að eg einnig skil 77. grein alþingistilskipunarinnar öðruvísi en hinn háttvirti konungsfulltrúi, en eg skal um leið fúslega játa, að honum gekk ekki nema gott til, að leggja þann skilning í hana, sem hann gjörði. Hvað upplestur bænarskráarinnar snertir, þá hefir hann að mínu áliti í þessu tilliti ei mjög mikla þýðingu; það er einungis, að ef hann fær framgang, þá verða bænarskrárnar prentaðar í alþingistíðindunum, og verður efni þeirra lítið kunnugra fyrir það, en þegar orðið er, að minnsta kosti er það þingmönnum öllum fullkunnugt. Eg játa það, að þetta er leiðinlegt mál viðfangs, einkum þó af því, að hèr mætir einungis annar málspartanna á þingi. Eg ætla því ekki að mæla með því, að nefnd verði sett í málið, en hygg að rèttast sè, að vísa því forsetaveginn til hlutaðeigandi stjórnarráðs, því það er líka sá eini

vegur til þess, að amtmaðurinn í norður- og austuramtinu fái að bera hönd fyrir höfuð sèr.

Jón Hjaltalín: Eg man mikið vel, að líkt mál og þetta hefir komið hèr áður fyrir á þingi; það var umkvörtun úr Skaptafellssýslu yfir stiptamtmanninum; þá leyfði þingið ekki, að klögunin væri lesin upp, og vona eg því fremur, að þingmenn gjöri svo nú, sem klaganirnar eru ósannaðar, en mjög gifurlega orðaðar. Eg vil biðja menn gá að, að það er mjög ísjárvert, að hleypa öðrum eins málum og þessu inn á þing, þar sem enginn getur haldið málsvörn uppi fyrir annan partinn. Eg vona, að þingið taki tillit til tillaga hins hæstvirta konungsfulltrúa, og álíti það óeðlilegt, að bænarskráin sè lesin upp; hún er öllum þingmönnum nægilega kunn, en áheyrendunum kemur hún ekki við; þeir hafa engan rètt á, að heimta hana upplesna, og að lesa hana upp, væri alveg á móti öllu velsæmi. Eg vona og óska því, að þingið algjörlega felli málið.

Pètur Pètursson: Eg get ekki fundið, að það sè nein ósamkvæmni á milli hins hæstvirta konungsfulltrúa og forseta þingsins; eg álít, að forseti hafi gjört rètt í því, að veita bænarskránni móttöku; hefði hann ekki gjört það, þá hefði hann tekið fram fyrir hendurnar á þinginu; það er sem sè þingið en ekki forsetí, sem hefir rètt á að fella málin.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst það vafasamt, hvort þingið eptir 77. grein alþingistilskipunarinnar hefir að öllu rètt á, að fella málið. Ef þingið sendir málið forsetaveginn, þá kveður það engan dóm upp, hvort kæran eigi við full rök að styðjast, en setji það nefnd í málið, þá er það fyrst, að þingið fer að rannsaka málið, og kveður upp dóm sinn í því. Að því er þetta mál áhrærir, get eg ekki betur sèð, en þingið hafi fyllsta rètt til, að taka það til meðferðar. Út af ræðu hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns skal eg geta þess, að eg álít það misskilning hjá honum, þegar hann segir, að forseti hafi eigi vald á, að vísa neinu máli frá þinginu; því að þetta vald hlýtur hann að hafa, þegar hann sèr, að það liggur fyrir utan verkahring þess (*Pètur Pètursson*: Þetta er misskilningur). Eg fyrir mitt leyti álít reyndar óþarft, að lesa upp bænarskrána, en óski þingið þess, þá hefir það fullan rètt til að heimta það. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr, að stinga upp á, að nú þegar sè gengið til atkvæða um, hvort

málið eigi ekki að sendast forsetaveginn til hlutaðeigandi stjórnarráðs.

Benedikt Sveinsson: Eg er yfir höfuð samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í þessu máli; eg álít það vafalaust, að þingið hafi enga heimild, eptir 77. gr. alþingistilskipunarinnar, hvorki til að setja nefnd í málið, nè heldur til að vísa því forsetaveginn. Eg skal þar að auki leyfa mèr að benda þinginu á, að grundvallarreglan fyrir verkahring alþingis er ekki að eins að finna í 77. gr. alþingistilskipunarinnar, heldur líka í tilskipun 28. maí 1831. Eg vil nú spyrja: er hèr í þessari bænarskrá að ræða um þess konar umboðslegt mál, sem eptir þessari tilskipun heyrir undir afskipti þingsins? nei, öldungis ekki; hèr liggur einungis fyrir í raun og veru umkvörtun yfir persónulegum eiginlegleikum amtmannsins í norður- og austurumdæminu, skapferli hans o. s. frv. Eg er einnig samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa í, að mál þetta snerti «Prærogativ» eða tignarrèttindi konungs, og því geti þingið eigi tekið það til meðferðar. Eg tek enn fram, að orð bænarskráarinnar eru svo almenn, og ekkert sèrstakt «factum» fram fært sem kæruefni, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat um; en á þessum almennu orðum verður ekkert byggt, og allrasízt áfellisdómur yfir amtmanninum. Eg skal ekki verða síðastur manna til að óska, að alþingi fái meira vald en það hefir, en eg vil ekki óska því valds til að áfella fyrir það, sem menn ekki vita einu sinni hvað er. Eg skal að lyktum geta þess, að eg er samdóma hinum 5. konungkjörna þingmanni í, að forseti hafi gjört rètt í, að veita bænarskránni móttöku, en hinn hæstvirti konungsfulltrúi gjörði að mínu áliti einnig rètt í, að benda þinginu á: hingað og ekki lengra.

Forseti: Eg skal geta þess, að þar sem það leit svo út, sem þingmaður Árnesinga skildi tilskipun 28. maí 1831 þannig, að bænarskrá þessi væri fyrir utan verkahring alþingis, og að hún svo sem skerti tignarrèttindi konungsins, þá verð eg að vera þessari skoðun alveg mótfallinn.

Benedikt Sveinsson: Mèr datt *ekki* í hug að segja, að «Prærogativa» konungsins væru *skert* með þeirri aðferð, sem bænarskrárnar lúta að að þingið við hafi í þessu máli, heldur sagði eg hitt, að bænarskrárnar *snerti* þau.

Jón Sigurðsson: Mèr þótti þingmaður Árnesinga fara undar-

lega langt út í efni málsins, en eptir því sem honum fórust orð, leit svo út, sem hann væri ekki vel kunnugur efni bænarskrárinnar, og ímynda eg mèr því, að hann hefði gott af að heyra hana lesna upp. Hafi eg skilið hann rètt, þá sagði hann, að kæran gengi beinlínis út á persónulega eiginleika amtmannsins í norður- og austurumdæminu, en þetta er alveg rangt, því aðalkæruefni bænarskrárinnar gengur beinlínis út frá embættisfærslu amtmannsins, og ýmsum framferðum hans þar að lútandi. Hinn sami þingmaður fann það enn fremur bænarskránni til ógildis, að engar sannanir væru fram komnar fyrir kæruefni hennar; en eg vil spyrja hann að, hvort það sè venja, að kæran innibindi í sèr sannanirnar fyrir því, sem kært er. Eg hefi sèð margar kærur og enga þannig lagaða. En skyldi þingmaðurinn ætla, að eigi væri hægt að sanna neitt af því, sem um er kært, þá tekur hann merkilega feil, því eg get fullvissað hann um, að ekki mun verða sannana vant í þessu máli, komi það til reglulegrar og lögskipaðrar meðferðar.

Benedikt Sveinsson: Þar sem þingmaður Suður-Þingeyinga virtist að beina orðum sínum til mín, þá vil eg einungis biðja hann að gæta þess, að þingið getur ekki tekið tillit til annara sannana, en sem fram fyrir það eru *nú þegar* komnar.

Forseti: Með því margir þingmenn hafa beiðzt þess, að umræðunum um mál þetta skyldi hætt, vil eg biðja þingmenn að skera úr með atkvæðum sínum, hvort svo skuli vera.

Síðan samþykktu þingmenn með atkvæðafjölda, að umræðunum skyldi vera lokið.

Því næst bar forseti undir atkvæði þingmanna, fyrst, hvort lesa skyldi upp bænarskrána; þar næst, hvort vísa skyldi málinu frá án umræðu; í þriðja lagi, hvort vísa skyldi málinu forsetaveg til stjórnarinnar án umræðu; en ef allar þessar uppástungur fèlli, sagði hann að málið kæmi til umræðu eins og venjulegt er. Því næst var fyrsta atriði skotið til atkvæða, og fellt með 21 atkvæði gegn 2. Þá var leitað atkvæða um hið annað atriði, og samþykktu þingmenn það með 13 atkvæðum gegn 9, en með þessari atkvæðagreiðslu var einnig sú uppástunga felld, að vísa málinu forsetaveginn til hlutaðeigandi stjórnarráðs.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið nefndarálit í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningar-

húss og fangelsa m. fl., og af því ekki var verkefni fyrir hendi, ákvað forseti fund næstkomandi föstudag kl. 12.

Fundi slitið.

---

11. fundur — 13. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 6. konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta, að hann sökum embættisanna ekki gæti verið á fundi í dag, og ekki heldur hina næstu tvo þingdaga. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu um, að í nefndinni um landbúnaðarmálið sé Bergur Thorberg kosinn formaður og Grímur Thomsen skrifari; í nefndinni um sjómannaskóla er Torfi Einarsson kosinn formaður og Daníel Thorlacius skrifari, og í nefndinni um að bæta úr korneklu Bergur Thorberg formaður og Eiríkur Kúld skrifari. Eg hefi einnig fengið nefndarálit í málinu um dönsk lagaboð, og er það þegar lagt fram á lestrarsalinn og hinum háttvirta konungsfulltrúa sent eptirrit af því; enn fremur hefi eg fengið uppástungu frá þingmanni Skagfirðinga um, að sleppa því, að prenta útkomin lagaboð með alþingistíðindunum, einnig frá þingmanni Reykvíkinga uppástungu um launaviðbót handa sýslumanninum í Gullbringusýslu, og uppástungu frá varaþingmanni Snæfellinga viðvíkjandi fiskiveiðum Frakka. Þessar uppástungur eru þegar lagðar fram á lestrarsalinn, og konungsfulltrúanum munu jafnskjótt verða send eptirrit af þeim.

Samkvæmt dagskránni kemur nú í dag fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um hið konunglega frumvarp um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til, en af því framsögumaðurinn, hinn 3. konungkjörni þingmaður, er hindraður frá að vera á fundi um stund, tek eg næsta málefnið á dagskránni, sem er nefndarálit í hjúskaparmálinu, og kemur það til undirbúningsumræðu. Þingmaður Suður-Múlasýslu er framsögumaður, og mun hann lesa nefndarálitið fyrir þingmönnum, og skýra frá því, er honum þykir þörf vera.

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Nefndarálitið hljóðar þannig (Sjá II., bls. 149).

Eg ætla ekki að tala um þetta nefndarálit að svo stöddu, heldur bíða átekta, hvað fundið verði að því.

Konungsfulltrúi: Þetta mál var rætt svo ítarlega við inngangsumræðuna, að eg held, að allir þingmenn verði að kunna hinni heiðruðu nefnd þakkir fyrir það, að hún svo ljóslega og stuttlega hefir tekið fram, að ekki þurfi breytingu á hinum gildandi lögum til að verja félagið fyrir þyngslum, er orsakast kynnu af óforsjállegum giptingum, heldur að það einasta, sem dugi í þessu tilliti, sé vaxandi manndáð og siðferðislegar framfarir hvers félags. Eg fyrir mitt leyti er þessari skoðun hinnar heiðruðu nefndar alveg samdóma, og skal þess vegna mæla með, að málinu verði gefin sú stefna, sem nefndin stingur upp á, og að ekki verði send bænarskrá til konungsins þess efnis, að hinum gildandi lögum í þessu tilliti verði breytt, heldur að þingið samkvæmt bænarskrám þeim, sem liggja fyrir, og samkvæmt því, sem þingmönnum er kunnugt um þyngsli þau, er hvíla á sveitarfélögunum hér í landinu og sem að nokkru leyti orsakast af óforsjállegum giptingum, þó að þau í raun og veru séu sprottin af dýpri rót, eins og nefndarálitið bendir á, skori á landsmenn, og sér í lagi á þá meðal þeirra, sem geta haft hin mestu áhrif á sveitarfélögin í siðferðislegu og öðru tilliti, sem sé presta og hreppstjóra og aðra hina helztu menn hvers félags, að þeir láti sér annt um, að styðja allt, sem efld getur manndáð og siðferðislegar framfarir félagsins, og að glæða hjá almenningi þá sómatilfinningu, að menn vilji varast að steypa sér vísvitandi í þá hneisu og ógæfu, að verða ómagar sveitarinnar, og yfir höfuð að tala að styðja til þess, að góður félagsandi komist á hjá meðlimum hvers sveitarfélags. En þetta getur skeð, eins og hin heiðraða nefnd gjörir ráð fyrir, með því, að beita hinum gildandi lögum, og tilgangi nefndarinnar getur eptir minni meiningu orðið náð með því, að brýna þessi lög rækilega fyrir almenningi.

Að svo miklu leyti er eg svoleiðis öldungis á sama máli og hin heiðraða nefnd, en þegar til framkvæmdarinnar kemur, skal eg leiða athygli þingsins að tvennu: Fyrst er það, að eptirlitið með þeim lögum, sem hér ræðir um, er falið yfirvöldum landsins á hendur, og að það, ef þingið vill fara þann veg, sem nefndin stingur upp á, er málsins eðli samkvæmt, að senda það forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda, og mæla með, að þau vilji annast um það í þessu tilliti nauðsynlega, og þá ætla eg að bæði allir amtmenn landsins muni skora á sýslumenn og hreppstjóra að

framkvæma það nauðsynlega, og að stiptsyfirvöldin einnig muni leiða athygli prestanna að því. Í öðru lagi er vegur sá, sem nefndin stingur upp á, að fela forsetanum að rita sveitarstjórunum ávarp þess efnis, sem hèr ræðir um, að vísu ekki alveg nýr, því alþingið hefir nokkrum sinnum áður farið þennan veg, en á hinn bóginn er hann ósamkvæmur því, sem 44. gr. alþingistilskipunarinnar ákveður, þar sem segir: «alþingið á ekki með tilliti til nokkurs efnis, er til þess úrskurðar heyrir, að eiga við neinn annan, en konungsfulltrúann». Eg skal þess vegna skjóta því til yfirvegunar hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún ekki vilji breyta uppástungu sinni á þann hátt, að þingið vísi málinu forsetaveginn til aðgjörða hlutaðeigandi yfirvalda.

Þórður Jónasson: Mèr þykir risið á þessu nefndaráliti lægra, en upphaflega hefði mátt búazt við, því niðurstaða sú, sem nefndin hefir komizt að, er að mínu áliti heldur fátækleg, því að þingið skuli fara að biðja forseta sinn um að skrifa áminningarbrèf til allra sveitarstjórna í landinu — því ekki heldur til prestanna, sem geta ráðið miklu meiru í málinu, en hreppstjórarnir eða sveitarstjórnin — verður vissulega í fyllsta skilningi rödd hrópandans í eyðimörku, nefnilega þýðingarlaust, og nefndarálitið er því að mínu áliti fullkomin »Falliterklæring», eða yfirlýsing á því, að þingið ekkert geti við málið gjört; þeir höfðu því augsýnilega rèttara fyrir sèr, sem ekki vildu taka málið til nefndar, en hinir, sem vildu það. Frá þingsins hálfu álít eg það öllu rèttara, að láta málið falla niður, heldur en að þingið stingi upp á því, sem lítið eða ekkert lið er í, og það held eg eigi heima um uppástungu nefndarinnar, sem og að þegar svona er ástatt, að þá sè betur heima setið, en farið.

Eiríkur Kúld: Það er búið að taka mikið af því fram, sem eg ætlaði að segja, og get eg verið því fáorðari. Það er gamalt orðtæki: »í þriðja sinni þreytt, í fjórða sinni fullreynt». Mál þetta hefir þrisvar áður verið hèr til meðferðar á þingi, og alls ekkert miðað áfram; nú er það hèr í 4. skipti, og fari nú eins og fyrri fyrir því nú, þá má segja að fullreynt sè. Eg get ekki annað en verið þeim samdóma, sem álíta, að niðurlagsatriði nefndarinnar sè mjög svo óheppilegt, því eg fæ ei betur sèð, en að það sè með öllu þýðingarlaust, að forseti skrifi sveitarstjórunum í þá átt, sem nefndin ætlast til, eða ætli sumum hreppstjórum mundi ei þykja þær reglur, sem forseti setti þeim í þessu tilliti, þýðingarlitlar og lítið bindaði fyrir sig, einkum meðan þingið ekki hefir neitt lög-

gjafarvald? Það lítur helzt svo út fyrir, að nefndin hafi verið í þeim mestu vandræðum, og tekið þetta til bragðs, til þess að segja eitthvað. Eg hygg því, að réttara sè að fara þann veg, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, og held þó, að lítið bætist úr því, sem hèr í þykir ábótavant, fyrir það. Eg vil leyfa mèr að vekja athygli þingsins að því, að það getur verið kristileg skylda, að halda mönnum til að giptast, þótt fátækir sèu, og að hafa ofmikil takmörk, í þessu efni, getur verið háskalegt. Í Bayern eru, að því er mèr er kunnugt, hjónabandstakmarkanirnar hvað mestar, enda fæðast þar og flest lausaleiksbörn. Eg get sagt þinginu nýtt dæmi úr vesturamtinu, sem sýnir, hve háskalega rangt og óeðlilegt það er, að takmarka hjónaböndin af því, þó persónurnar sèu fátækar, en »Nomina sunt odiosa», og því vil eg, meðan eg get, leiða það hjá mèr. Mèr eru líka kunn dæmi bæði í kring um Jökul, á Álptanesi og í sjálfri Reykjavík, þar sem ógiptar persónur lifa saman, rètt eins og þær væru í hjónabandi, án þess presturinn geti spornað við því, og get eg ekki annað en álitið þetta langtum verra í siðferðislegu tilliti, en þó slíkar persónur væru gefnar í hjónaband, þó fátækar væru. Eg fyrir mitt leyti álít ófært, að tefja þingið nú með þessu, því það mun varla treystast til, að koma með nýjar lagaákvarðanir í þessu efni, sem bæti úr til hlítar, og hin gildandi löggjöf er hvort sem er sú eina trygging, sem prestarnir geta og eiga að fara eptir.

Guðmundur Einarsson: Eg verð að játa það, að ræða þingmanns Barðstrendinga sannfærði mig ekki. Eins og eg lèt í ljósi við inngangsumræðuna, þá er mèr annt um þetta mál, og álít nauðsynlegt, að það fái einhverja endurbót. Giptingar óráðsmanna — ekki öreigagiptingar sèrstaklega — eru eitthvert hið mesta átumein landsins, og þar sem þingmaður Barðstrendinga var að tala um fátæktina eingöngu, þá var eins og hann væri að berjast við skugga sinn; hvað er um að tala, þó að hjónaefnin sèu örsnauð, hafi þau til að bera, dugnað, ráðdeild, siðgæði og annað það, sem hjón á að prýða. Að fara þá leið, sem nefndin stingur upp á, álít eg ófært, en þar á móti lízt mèr betur á þann veg, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, þó að eg álíti hann til lítilla bóta. Eg vil umfram allt reyna, að bjarga málinu, og því ætla eg mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að nefndir manna verði settar í hverjum hreppi, og hljóti hjónaefnin að fá svaramenn úr flokki þeirra eða með samþykki þeirra; á nefndum þess-

um ætlast eg til að hvíli hin nú gildandi lagaábyrgð og enn fremur umsjón um, og nokkur ábyrgð á, að þeim verði synjað um svaramennsku, sem ekkert ráð er í að giptist, þó geti þeir skotið synjuninni undir yfirvaldaúrskurð eða dóm. Hið heiðraða þing veit gjörla, að það er ekki nóg, að prédika mönnum manndáð og siðgæði, og skýrskota til sómatilfinninganna; það þarf líka með hins ytra aðhalds; til þess eru lögin sett og eiga að setjast, að borgaralegt og mannlegt frelsi haldist innan sinna réttu takmarka, og verði ekki að sjálfræði, og því síður að gjörræði.

Pétur Pétursson: Það gladdi mig, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi fèllst á stefnu nefndarinnar yfir höfuð að tala. Eg skal geta þess, að þessi framgangsmáti, að fela forseta að rita sveitarstjórnunum ávarp, hefir áður verið hèr við hafður, enda er hann og í sjálfu sèr eðlilegur, því forseti er vanalega sá maður, að bæði þing og þjóð ber traust til hans, og lætur eins vel að orðum hans eins og yfirvaldanna. Annars mun eg bera mig saman við samnefndarmenn mína um, hvort þeir vilji ekki fara þann veg, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, og sem eg játa að er samkvæmari alþingistilskipuninni. Hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni þótti niðurlagsatriði nefndarinnar fátæklegt; þetta kann nú svo að vera, en eg man líka eptir, að honum hafa þótt tillögur nefndanna í þessu máli á undanförnum þingum heldur ríflegar; en hvað niðurlagsatriði þessarar nefndar snertir, þá væri þó enn þá fátæklegra, að fella málið. Yfir höfuð gjöri eg mikið úr þessleiðis áminningum til sveitastjórnanna, hvort heldur þær koma frá forseta eða yfirvöldunum, því eg er sannfærður um, að þær hafa meiri áhrif en dauður lagabókstafur. Það er auðvitað, að það er á þingsins valdi, að fella málið, en á hinn bóginn er eg sannfærður um, að það er málinu til góðs, að vísa því forsetaveginn til yfirvaldanna.

Framsögumaður: Eg þarf hèr litlu við að bæta, því hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður tók flest það fram, sem eg vildi segja; einungis skal eg geta þess, að eg hygg, að sá vegur, sem konungsfulltrúi benti á, hafi meiri áhrif en vegur nefndarinnar; vil eg því aðhyllast hann, og vona að meðnefndarmenn mínir verði á sama máli.

Jón Sigurðsson: Það er víst og satt, að mál þetta hefir verið og er áhugamál landsmanna og þingsins; og þingið hefir að þessu sinni einnig sýnt, að því er einkar-annt um, að veita því sem bezt

og öflugast fylgi, þar sem það valdi 3 hina merkustu guðfræðinga þingsins í nefndina; nefndarálitið ber og þess ljósan vott, að engir smælingjar hafa fjallað um málið, og þó rúsínan í enda nefndarálitsins sè lítil, þá mætti þó máske gjöra eitthvað stórt úr henni. Að öðru leyti langaði mig til, að leita upplýsinga hjá nefndinni um, hvort forseti sjálfur eigi að rita þetta ávarp eða áminningu til sveitarstjórnanna, sem nefndin stingur upp á, eða fela það öðrum, og þá á hvers kostnað það ætti að ske, því eg get ímyndað mèr, að það mundi þó kosta nokkuð, að rita í alla 170 hreppa landsins.

Forseti: Nefndin hefir þegar tekið aptur uppástungu sína, og því sýnist mèr óþarfi, að tala frekar um hana, nema ef einhver þingmanna skyldi vilja gjöra hana að sinni uppástungu.

Jón Sigurðsson: Einmitt þess vegna, að einhver þingmanna kann að taka að sèr uppástungu nefndarinnar, er nauðsynlegt að ræða hana. Annars skal eg ekki fara langt út í það, því eg stóð einungis upp til að áskilja mèr breytingaratkvæði við nefndaruppástunguna. Eg veit nefnilega ekki betur, en að öll hjúskaparmál heyri beinlínis undir klerkastèttina; því sýnist mèr nefndaruppástungan fari í öfuga átt, þar sem hún vill beina þessu máli verzlega veginn. Mèr þætti miklu eðlilegra og rèttara, að þingið sneri sèr að biskupi landsins með þetta mál, og fæli honum á hendur, að semja og senda þessi ávörp eða áminningar út um landið, ef þinginu að segja þykir það svo tiltækilegt. Er mèr næst skapi, að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis í þessa stefnu; eg fell þá frá því aptur, ef mèr sýnist svo.

Tryggvi Gunnarsson: Margir af þingmönnum hafa hreift því, bæði nú og við inngangsumræðuna, hve óeðlilegt væri, að leggja bönd á giptingafrelsi manna, en eg vil biðja hina háttvirtu þingmenn að gæta þess, að það liggja bönd á giptingarfrelsinu; takmarkanir þær eru í 10 greinum í tilskipun 30. apríl 1824. Sè það meiningin, að hafa engin takmörk á giptingum, þá er sjálfsagt, að biðja að nema úr lögum öll höpt á giptingum, en sè það nú ekki meining manna, og þeir álíti það eigi rètt nè fært, þá liggur beint við, að reyna að gjöra þessi bönd sem eðlilegust og sanngjörnust. Þeir, sem mæla í móti breytingum, hljóta víst að álíta bönd þau, sem hvíla á giptingarfrelsinu, svo rètt og fullkomin, að eigi sè hægt að bæta þau. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir barizt mjög fyrir því, að engu sè breytt frá þeim ákvörðunum, sem nú gilda í þessu efni, og er mjög andstæður

því, að nokkuð sè haft tillit til efnahags og fátæktar, en eg leyfi mèr að minna hann á, að eitt atriði í hinum nú gildandi lögum miðar einmitt við efnahaginn; eptir þessu má eigi sá giptast, sem þegið hefir styrk af sveit sinni og eigi borgað. En það getur verið engu síður óálitlegt fyrir sveitarfèlagið, að blásátækur ráðleysingi giptist, sem skuldar einstökum mönnum svo mikið, að hann á minna en ekki neitt, heldur en þó einn, sem er duglegur maður, skuldi hreppnum eina 10 rd.

Þjóðin hefir nú í fjórða sinni sent óskir sínar til þingsins, að það reyndi til að bæta hinar núgildandi lagaákvarðanir um hjónaböndin, og sýnt fram á nauðsynina; þingið hefir viðurkennt hana, og nefndin nú einnig, og virðist mèr því, að þingið ætti að safna kröptum sínum saman til að reyna að ráða bót á vandræðum þeim, sem leiða af öreigagiptingum og gjöra skilyrðin fyrir því, að mega giptast, sem rèttust og sanngjörnust. Eg álít, að nefndinni hafi nú ekki heppnazt að gjöra þetta, og uppástunga hennar sè gagnslaus, því þó yfirvöldin skrifi hreppstjórum, að þeir skuli fylgja lögunum í þessu efni, þá vantar það í lögin, sem gefur þeim hina minnstu átyllu til að geta staðið á móti giptingum ráðleysingja, hve óálitlegur sem ráðahagurinn er.

Framsögumaður: Nefndin gat ekki aðhyllzt þau ráð, að valdir menn í hverri sókn skyldu ráða giptingum, því það er auðsèð, að með því lagi mundu koma upp nærri jafnmargir dómstólar um hæfilegleika til hjúskapar, sem giptinganefndirnar væru; það má geta nærri, að álit manna í þessum efnum yrði harðla misjafnt, þar sem engar skýrar reglur verða settar til að byggja á álit sitt. Gæti því varla hjá því farið, að þó sumar nefndirnar yrðu hæfilega frjálslyndar, mundu sumar gjörast harðstjórar yfir frelsi manna. Af þessu, sem hver getur skilið að koma mundi fram, er það, að nefndin vildi ekki ráða til, að giptinganefndir yrðu settar með lögum til að ráða yfir frelsi manna í þeim málum.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg hefi aldrei verið meðmæltur bænarskrám um þetta mál, og eg held enda, að nefndin í þetta skipti hafi ljóslega sýnt, að það ekki hafi verið ástæðulaust, að vera málinu mótfallinn. Nefndin hefir ljóslega sýnt, að ekkert var að gjöra við málið. Niðurlagsatriði nefndarinnar var áðan kallað fátæklegt; eg held, að það sè óhætt að kalla það eitthvað meira; því að það er alveg «formlaust»; það er engin regla, að þingið eigi að gefa út áminningar til þjóðarinnar eða gjörast að áminningarþingi;

það er einungis ráðgefandi til konungs (*Forseti:* Það er ekki ástæða til að tala frekar um það, sem nefndin er fallin frá). (*Pètur Pètursson:* Eg vildi mega beiðast þess, að hinn háttvirti forseti skoraði á hinn 3. nefndarmann, að segja álit sitt um, hvort hann væri okkur hinum nefndarmönnunum í þessu tilliti samdóma eður eigi. Að öðru leyti vona eg, að hinn háttvirti forseti taki ekki orðið af þingmanninum fyrst hann langar svona mikið til að tala, því jafnan er mèr ánægja að heyra á tal hans). Eg fæ ekki sèð, að forseti hafi nokkurn rètt til að taka af mèr orðið (*Forseti*: Það er eintóm málalenging að tala um það, sem þegar er tekið aptur, og hèr getur heldur ekki verið umtalsmál um annað form en það, sem er samkvæmt alþingislögunum). — (*Halldór Jónsson:* Eg skal leyfa mèr að lýsa því yfir, að eg er meðnefndarmönnum mínum samdóma). — Eg álít það ósamboðið virðingu þingsins, að bjóða annað eins og því að þessu sinni hefir verið boðið. Að vísa málinu yfirvaldaveginn álít eg ekki til neins. En þegar eg nú lít til hinnar uppástungunnar, sem sè að setja nefndir í hreppana, er hafi gætur á giptingum manna, þá er eg henni alveg mótfallinn, því þær verða ekki einungis að dæma um siðgæði og ráðdeild manna í þann svipinn, heldur verða þær einnig að dæma um, hvort hlutaðeigendur eptir á muni halda siðgæði sínu og ráðdeild, en það vona eg allir sjái, hve ísjárvert það væri, að gefa nefndunum slíkt vald; það gæti leitt til hins mesta ófrelsis og gjörræðis. Það hefir verið sagt, að það væri ósk og vilji þjóðarinnar, að þeim gildandi lagaákvörðunum í þessu efni yrði breytt, en til þess að geta mælt með þessu, verð eg að vera sannfærður um, að ósk þjóðarinnar eigi við skynsamleg rök að styðjast. Að lyktum skal eg geta þess, að í máli þessu er ekkert það komið fram, er sýni, að ekki eigi að fella málið, og því vil eg ráða þinginu til þess.

Jón Hjaltalín: Það fer eins fyrir nefndinni í þessu máli og læknunum, þegar þeir eru í vafa um, hvað þeir eigi að gjöra; þá brúka þeir mýkjandi smyrsli; nefndin hefir verið í vandræðum, og því orðið að brúka mýkjandi smyrsli, og segir svo: þarna hafið þið lækninguna; en hver er lækningin? Jú, hún er þetta gamla pappírsgagn, sem sè að skrifa 170 hreppstjórum; eg held þó það væri betra fyrir okkur á þessum tímum, að spara pappírinn. Eg ætla mèr ekki á þessu stigi málsins að lengja þingræðurnar, en einungis geta þess, að landsstjórnin, eins og hún er, getur í þessu efni ekkert við ráðið; óráðsmenn og bófar

innganga í hjónabönd og hafa leyfi til að leggja skatt á landið. Af þessu ættu menn að draga þann lærdóm, að allt það, sem hingað til er gjört í þessu máli hèr á þingi, ekki er annað en «Comoediuspil». Eg álít því, að bezt sè, að hætta við málið, eins og það nú er komið.

Jón Pètursson: Eg ætla einungis að tala fáein orð. Eg skal geta þess, að eg fellst á uppástungu nefndarinnar, eins og hún hefir breytt stefnu sinni; eg hef allt af verið og er enn þá á móti því, að mönnum sè meinað hjónaband sökum fátæktar. Eptir því sem mèr skilst, eru og margir á sama máli, en þeir vilja stuðla að því, að ráðleysingjar og óráðsmenn ekki fái leyfi til að kvongast, því þeir vænta hreppsþyngsla af slíkum hjónaböndum, en eg vil minna menn á, að hreppsþyngslin koma ei beinlínis af því, að þessir menn fá að giptast, heldur af því, að þeir fara þá strax að búa, — því allir halda, að úr því þeir sèu orðnir giptir, eigi þeir að fara að eiga með sig sjálfir — og síðan þegar þeir fara að hlaða niður börnum, fá þeir styrk hjá sveitunum til þess, að við halda búhokrinu, hvað illa sem þeir upp ala börn sín, í stað þess, að þeir ættu að takast upp, setjast í vist og börnunum komið í forsvaranlega samastaði til uppeldis. Menn láta þannig opt óráðsmennina standa í veginum fyrir, að dugandis-menn, er geta orðið sveitunum til gagns, fái jarðnæði; hèr að auk ala þessir menn optast börn sín upp í ómennsku, svo þau falla sveitunum til byrðar, opt millum þrítugs og fertugs. Það er af þessu ólagi og stjórnleysi, að óráðsmennirnir verða sveitum opt til svo mikilla þyngsla, en ekki beinlínis af því, þó þeir giptist.

Helgi Hálfdánarson: Af því mèr fèll uppástunga nefndarinnar vel í geð, en hún hefir orðið fyrir svo hörðum áfellisdómi hjá mörgum, ætlaði eg mèr að reyna að verja nefndina; en úr því hún hefir tekið uppástungu sína aptur, þá þarf þess ekki. Mèr finnst annars, að uppástunga nefndarinnar og hins hæstvirta konungsfulltrúa sèu hèr um bil eitt og hið sama, því eptir báðum uppástungunum verður ávarpið stýlað til sveitarstjórnanna; munurinn er einungis sá, að vegurinn, sem ætlazt er til að farið sè, er lítið eitt annar í byrjuninni.

Það hefir mikið verið talað um fátæktina sem hindrun fyrir stofnun hjónabandsins. Eg get ekki gjört að því, að mèr sárnar ætíð, þegar eg heyri, að menn vilja, að fátæktin svipti mann rèttindum, einkum þegar um þau rèttindi er að ræða, sem allir menn

hafa. Eg vil biðja menn að athuga það, að það er munur á fátækt og fátækt. Það er að vísu til fátækt, sem kallazt getur óærleg; en það er líka til ærleg fátækt, sem drottinn leggur á suma, án þess þeim verði sjálfum með réttu um kennt, og *hún* ætti sannarlega ekki að svipta menn náttúrlegum réttindum þeirra. Sumir hafa aptur á móti talað á þá leið, að þeir vildu að eins láta banna óráðs- og óreglumönnum hjónaband. Þetta er að vísu að nokkru leyti réttari og sanngjarnari hugsun. En eigi að síður er líka varúðarvert, að fara því fram; því menn ættu að gæta þess, sem reynslan hefir sýnt, að gott kvonfang hefir lagað margan óreglumann, og einmitt gjört hann að nýtum manni. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður vildi hafa ný lög í þessu efni, og sagði um leið, að allt, sem frá nefndinni væri komið í málinu, væri eigi annað en pappírsgagn; en mig langaði til að spyrja hann að, hvort ekki þyrfti þá líka pappír undir lögin, og hvort lög gætu ekki líka orðið eintómt pappírsgagn, nefnilega, þegar þeim er ekki hlýtt. Eg er samdóma hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni í, að áminningar eður hugvekja frá þinginu gætu, ef til vill, gjört allt eins mikið gagn í þessu efni og lög.

Menn hafa haft á móti því, að þessar áminningar kæmu frá þinginu, af þeirri ástæðu, að það sé að eins ráðgefandi; en eg man ekki betur, en að þingið áður gegnum forseta sinn hafi gefið landsmönnum áminningar eða ráðleggingar. Hvað giptinganefnd í hverjum hrepp viðvíkur, þá er eg, eins og eg gat um við inngangsumræðu þessa máls, þeim alveg mótfallinn, því þetta yrðu jafnmargir dómstólar og hrepparnir eru.

Tryggvi Gunnarsson: Eg er á þeirra máli, sem álíta nauðsynlegt, að almeningi og þeim, sem giptast vilja, sé innrættur dugnaður, ráðdeild og siðgæði, og einmitt þess vegna álít eg nauðsynlegt, að lögin gefi aðhald í þessu efni, svo sá geti ekki komizt í hjónaband, sem bæði vantar dugnað, ráðdeild og siðgæði, og yfir höfuð það, sem er skilyrði fyrir að vera nýtur borgari. En það er aðgætandi, eins og eg hefi áður sagt, að þó þetta allt vanti að miklu leyti, þá geta sveitastjórnirnar ekkert að gjört eður staðið á móti giptingunni, ef hjónaefnin hafa svaramenn, eru ekki of skyld, ekki holdsveik, ekki í skuld við sveitarsjóð, o. s. frv., af því skilyrði, sem áður er nefnt, vantar í lögin; hreppstjórar hljóta því að verða ónýt verkfæri, þó yfirvöldin skrifi þeim eptir uppástungu nefndarinnar.

Eiríkur Kúld: Eg skildi eigi, hvort þingmaður Norður-Þingeyinga bar upp nokkra uppástungu eður eigi; (*Tryggvi Gunnarsson:* Eg hefi hugsað mèr, að bera mig saman við þingmann Dalasýslu um breytingaratkvæði mitt). Hann bar mèr á brýn, að eg væri vel ánægður með þær 10 lagagreinir, er gilda í þessu efni, en eg veit ekki til, að eg lýsti ánægju minni yfir þeim. Þingmaður Dalasýslu talaði um, að eg væri að berjast við skugga minn, þar sem eg gat ei aðhyllzt uppástungu hans um þessar hjúskapar- eða svaramannanefndir, en eg vildi bara óska, að þessi skuggi ekki skyggði á birtuna af breytingaratkvæði því, er hann áskildi sèr.

Torfi Einarsson: Eg skal ekki vera margorður, því mèr þykja umræðurnar vera orðnar helzt til of langar; eg skal einungis geta þess, að eg er samdóma hinum 3. konungkjörna þingmanni í því, er hann segir, að uppástungur nefndarinnar ekki sèu annað en pappírsgagn, því eg álít, að allt aðrar og dýpri rætur sèu orsök til meinsemdar þeirrar, sem hèr um ræðir. Sá, sem giptist, verður eptir venju þeirri, sem á er komin, síðan tilskipun af 8. janúar 1834 kom út, í þessum efnum að álíta, að á sama standi, hvort hann fer vel eða illa að ráði sínu. Eg viðurkenni það, að eg opt og tíðum hefi hugsað um þetta vandamál, og jafnan orðið ráðfátt, enda munu og allir verða að játa, að það er mjög svo vandasamt, að dæma um hæfilegleika manna til giptinga.

Þórarinn Böðvarsson: Eg skal einungis lýsa því yfir, að eg ætla mèr að fallast á uppástungu nefndarinnar með þeirri breytingu, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi stakk upp á; mitt álit er sem sè það, að menn geti bjargazt í þessu efni við hin gildandi lög, en á hinn bóginn er það tvísýnt, að þó menn færu að búa til ný lög, að þau þá yrðu gallalaus. Þar sem þingmaður Suður-Þingeyinga talaði um, að koma með það breytingaratkvæði, að prestunum væri skrifað um þetta efni, þá veit hann án efa, að prestarnir ráða minnstu í því efni; þeir hafa vissar reglur, sem þeir eiga að fara eptir í því efni, og munu sjaldan eða aldrei frá þeim víkja, enda hafa þeir nýlega fengið áminningar frá biskupi landsins, að gæta þess, sem gæta ber í því efni. Vil eg því vona, að þingmaðurinn falli frá þessu breytingaratkvæði. Eg skal leyfa mèr að vænta, að þingmaður Dalasýslu gjöri hið sama og taki aptur það breytingaratkvæði, að nefndir dæmi um hjúskaparmál, því það getur leitt til þess gjörræðis í þeim efnum, sem getur orðið óþolandi fyrir blutaðeigendur.

Páll Pálsson: Það hefir verið tekið fram hèr í salnum, að hinum gildandi lögum í þessu efni væri ábótavant, og að á þessu yrði ekki ráðin bót nema með lögum. Eg get nú ekki betur sèð, en það sè skylda þingsins, að reyna til að laga það, sem ábótavant kann að vera í löggjöfinni. Hvað uppástungu nefndarinnar snertir, þá álít eg hana til lítils gagns, enda þó breyting hins hæstvirta konungsfulltrúa sè tekin til greina. Það hefir verið tekið fram, að menn ættu að auka manndáð og fèlagsanda í landinu, en þó nú hin gildand lög sèu endurbætt og bætt við þau, þá get eg ekki sèð, að manndáð og góður fèlagsandi þurfi að spillast við það. Eg skal að lyktum geta þess, að eg áskil mèr breytingaratkvæði í líka stefnu og þingmaður Dalasýslu, og mun eg tala mig saman við hann um það efni.

Benedikt Sveinsson: Viðvíkjandi hinni *formlegu* hlið málsins vil eg geta þess, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið það fram og líka nokkrir þingmanna, og nefndin hefir sjálf játað það óbeinlínis, að sú *formlega* niðurstaða, sem nefndin hefir komizt að, sè ekki samkvæm alþingistilskipuninni. En vegur sá, sem nefndin stingur upp á að fara skuli, hefir opt verið við hafður af þinginu, án þess það hafi fengið ákúrur fyrir það hjá stjórninni; en eg verð þó sem sagt að játa, að tilskipunin heimilar hana ekki. En eg er líka í efa um, hvort tilskipunin heimilar þann veg, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi stakk upp á og mælti með, og held eg hún gjöri það vafalaust *ekki*. Í 77. grein er gjört ráð fyrir, að þann veg skuli fara með mál, sem ekki heyra undir verkahring þingsins, og sem þingið því *ekki* á að setja *nefnd* í; en úr því að *búið* er að setja nefnd í málið, af því það heyrir undir þingið að meðhöndla það, þá vil eg spyrja, hvort það sè formlegt, að það gangi þennan veg. En svona hefir og opt verið að farið, og af því *venjan* er fyrir því, legg eg enga áherzlu á, þó það sè ekki heimilað í tilskipuninni. Eg tek það nefnilega fram, að eg álít þinginu heimilt að fara eptir því, sem það hefir gjört sèr að venju, og engan dilk hefir eptir sig dregið, þó það sè ekki beinlínis fyrir skipað í alþingistilskipuninni. Eg álít sem sagt hvorugan veginn lögheimilaðan, en þó leyfilegt að fara hvorn þeirra sem vera skal, af því venjan er fyrir því, og er þá sjálfsagt að velja þann, sem bezt á við. — Þegar eg nú lít á *málið sjálft* eður *efni málsins*, virðist mèr hvorugur vegurinn góður. Hafi eg skilið rètt bænarskrár þær, sem komið hafa um þetta efni bæði fyrri og nú til

þingsins, þá fara þær fram á *breytingu* í hinum gildandi lögum, og taka þetta fram með berustu orðum, *til þess að skorður verði reistar við því, að þær persónur komist í hjónaband, sem auðsjáanlega munu verða sveitinni til þyngsla.* Það er satt, að þetta hafa verið kallaðar giptingar öreiga- og óreglumanna, en það er þó ekki aðalhugsunin, að bægja mönnum frá að giptast, af því þeir séu fátækir eða hneigðir til einhverrar greinar óreglunnar, heldur að hindra þær giptingar, sem, þegar á allar kringumstæður og málavexti er litið, auðsjáanlega steypa *sveitarfèlögunum í vandræði.* Þessu verður ekki til vegar komið nema með nýjum ákvörðunum, og get eg ekki séð, að slík ákvörðun þurfi neitt að ríða í bága við kristilegt frelsi eða grundvallarreglu laganna, ef menn að eins geta fundið meðalveginn, eða hin réttu takmörk milli frelsis einstaklingsins og nauðsynjar fèlagsins, svo ekkert gjörræði gæti átt sèr stað. Þvert á móti held eg, að löggjafinn hljóti að álíta það skyldu sína, að finna þessi takmörk og setja þau skýrt og glöggt. Eg álít því báða þá vegu, sem upp á hefir verið stungið, óhafandi, því ef þeir eru farnir, geta menn að eins yfirvöldunum og sveitastjórnunum ákúrur fyrir það, að hinum gildandi lögum sè ekki beitt. En það er eitthvað undarlegt, þegar prestarnir, — vèr vitum allir hvaða áhrif og atkvæði þeir hafa í sveitarmálefnum — og af þeim eru svo margir hèr á þingi — biðja um og mæla svo innilega með því, eins og þeir gjöra hèr í þingsalnum, að breyting sè gjörð á lögunum í því efni, sem hèr ræðir um, að þingið þá segi: «fylgið þið bara lögunum». Þetta er það sama sem að þingið gefi sèr sjálfu utan undir. Eg verð því að vera öldungis mótfallinn þessari niðurstöðu, því hún fullnægir ekki nauðsyn fèlagsins, rètti beiðandanna, þjóðinni nè þinginu. Eg vil *annaðhvort* fella málið, *eða* beina því í þá stefnu, er sameinazt getur ósk þjóðarinnar og þörfum. Eg vil óska, að nefndin eða hinn heiðraði framsögumaður vilji sýna mèr, að þessi skoðun mín sè ekki á góðum og gildum rökum byggð. Eg bið þingið gæta þess vel, að öll og óræk merki eru til þess, að þetta sè sannarlegt *nauðsynjamál*, en að það sè vandamál, sèst af tilraunum nefndarinnar; en það á ekki að stranda á því, þó *þær* séu óheppilegar, og nefndin hafi *án ástæðu* álitið, að sèrhvert band á giptingum óráðsmanna stríddi á móti kristilegu frelsi manna. Það er undir því komið, að þingið geti fundið hið rètta takmark milli hinnar almennu borgaralegu nauðsynjar og hins siðferðislega frelsis, og miði þar rèttilegn við

ásigkomulag fèlagsins, og taki hæfilegt tillit til tímans, og þetta á þinginu ekki að vera of vaxið. Eg ætla nú, eins og þingmaður Vestur-Skaptfellinga, að bera mig saman við þingmann Dalamanna um breytingaratkvæði. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að hið bezta band móti þessum skaðvænu giptingum mundi vaxandi manndáð, betri fèlagsandi og siðferði. Þetta er satt, og á þessu á þess vegna að byggja í þeirri nýju lagaákvörðun. En hvar er, má eg spyrja, sá mælikvarði, er bezt dæmir um hið siðferðislega stig, sem hver sveit stendur á, fèlagslíf þar o. s. frv.? Eg vil svara, að hann sè einmitt álit prestanna og hinna beztu manna í hverri sveit. Eg held því, að það væri heppilegt og rètt í alla staði, ef að prestar og beztu menn í sveit hverri gætu að lögum hamlað giptingum í þeim tilfellum, er þeir glöggt sjá fram á, að vandræði muni af leiða. Skyldi það nú koma fyrir, að gjörræði væri beitt í einhverri sveit, þá er hèr ekkert «*Stavnsbaand*»; vèr Íslendingar erum eigi bundnir á klafa; menn geta leitað fyrir sèr annarstaðar, þar sem meiri kann að vera menntun og betri fèlagsandi, sem vilji viðurkenna hinn kristilega giptingarrètt óreglumannanna. Eg efast því ekki um, að finna mætti hèr hin rèttu takmörk, án þess að binda sig einstrengingslega við fátæktina, og þær greinir óreglunnar, sem menn eru svo gjarnir á að telja upp, en málinu til spillingar.

Eiríkur Kúld: Eg er samdóma hinum heiðraða þingmanni Árnesinga í því að minnsta kosti, að eg held, að sá eini vegur, sem fært er að fara með mál þetta, sè að fella það. Eg býst nú samt við, að það verði ekki gjört, og vil eg því áskilja mèr rètt til viðaukaatkvæðis við nefndina þess efnis, að hreppstjórum verði gjört að skyldu, að styrkja prestana til þess, að efla og koma á hjúskap, þar sem ósiðsamleg sambúð á sèr stað, og ei verður sèð ráð til að slíta.

Stefán Eiríksson: Mèr þykja nú umræður þessar vera orðnar býsna-langar, og finnast þær verða æ sorglegri og sorglegri, eptir því sem fleiri taka til máls, því enginn getur fundið þau ráð, er dugi, og allt á að vera ómögulegt í þessu efni. Mál þetta hefir opt verið hèr á þingi áður, en svo mun fara sem fyrri, að erfitt mun veita að finna ákvarðanir, sem hindri þetta giptingafrelsi. Þó að nú þessar svaramannanefndir yrðu settar í hverjum hrepp, mundi þeim verða bágt að dæma um dugnað og ráðdeild manna, því það er opt, að þeir sem álitnir eru efnilegir menn,

verða, eptir að þeir eru giptir, mestu óráðsmenn. Mèr skildist á ræðu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, sem hann væri að hnýta í sveitarstjórana fyrir það, að þeir hefðu þá venju, að leggja þessum óráðsmönnum af sveit, en tækju þá ekki upp. Það getur nú verið, að þetta kunni að vera gott ráð, þó eg sè á gagnstæðri skoðun, og eg held, að þetta sveitarstjórnarúrræði þingmannsins sè miður heppilegt. Þegar, til dæmis, einhver maður er búinn að fá sèr jarðnæði og þarf með sveitarstyrks, þegar hann er búinn að hlaða niður 10 börnum, þá er það sannarlega ekkert hagræði fyrir sveitina, að fá þessa blessaða hrúgu til framfæris. Eg fyrir mitt leyti veit ekki til, að sveitarstjórarnir hafi neinn myndugleika eða lög til þess, að rífa menn upp, þegar sá, sem jörðina á eða hefir til umráða, ekki finnur ástæðu til að byggja ábúandanum út. Af því hinn 4. konungkjörni þingmaður er lagamaður, vildi eg biðja hann að benda mèr á lög þau, er hreppstjórar gætu farið eptir í þessu efni.

Það hefir verið stungið upp á því, að koma fram með breytingaratkvæði við nefndina í þá stefnu, að þessar nefndir, sem eg upphaflega minntist á, væru settar í hverjum hrepp, og væri það að vísu gott, ef nefndir þessar gætu komið í veg fyrir þær svo kölluðu hrekkjagiptingar, því þess háttar giptingar eiga sèr því miður of mikið stað, og yrðu þær fyrirbyggðar, áliti eg mikið unnið í þessu máli; en það er ekki svo óvíða sú sviksamlega venja í hreppum, að þegar einhver umrenningur hefir átt 1 eða 2 börn með stúlku, að þá er það úrræði tekið, að gipta þetta góðkvenndi piltinum, þó hún sè ekki sem allra-myndarlegust til búskapar, til að koma öllu af sèr á hreppinn, þar sem pilturinn á framfærisrètt.

Framsögumaður: Niðurlagsatriðum nefndarinnar hefir verið líkt hèr við mýkjandi smyrsl, og er eg vel ánægður með þá samlíkingu; ef þau gætu orðið til þess að mýkja nokkuð meinsemdir þær, sem þjá sveitafèlögin af óráðsgiptingum, og það vona eg geti orðið, ekki sízt ef fylgt yrði uppástungu hins hæstvirta konungsfulltrúa, er nefndin hefir nú aðhyllzt, ef ráð nefndarinnar gæti orðið til þessa, þá kalla eg töluvert unnið, þó þessi rótgróni sjúkdómur þjóðfèlagsins yrði eigi læknaður með þeim. Það hefir og verið sagt hèr í salnum, að hvergi væri til tekið í lögum, að sveitarstjórarnir ættu að efla siðgæði í sveitum sínum; það minnir mig þó að víða sè nefnt, og sèr í lagi í húsagatilskipuninni gömlu. Hvað sem fram hefir verið tekið í ræðu hins heiðraða þingmanns Ár-

nesinga og í breytingaratkvæðum þeim, sem ráðgjörð hafa verið, þá er þar ekkert í, sem sannfærir mig um, að ráð þeirra sèu heillavænleg, heldur þvert á móti um hitt, að mesta vandhæfi muni á að finna þau ráð, er veiti nokkra tryggingu fyrir þyngslum af óráðsgiptingum. Meðan ekki er kostur á, að setja fastar reglur, sem þessar svaramannanefndir ættu að fara eptir í áliti sínu, yrðu þær næsta misjafnar, og sumar leiddust til hins mesta gjörræðis. Ef þeir þingmenn, sem ætla að gjöra breytingaratkvæði, geta komið með eitthvað það, er nefndin getur sannfærzt um að heillavænlegt mundi verða, mun bæði hún og þingið kunna þeim miklar þakkir.

Jón Pètursson: Mèr finnst menn mjög hafa misskilið nefndina. Það er ekki meining hennar, að vilja sporna við óforsjállegum giptingum, heldur við þyngslum þeim og vandræðum þeim, er af þeim leiða. Mál þetta hefir einnig opt komið fyrir alþingi hið forna, og hefi eg lesið það, að Gísli biskup Oddsson sagði einu sinni við slíkt tækifæri, að engum mætti banna hjónaband fyrir fátæktar sakir. Það eru sveitarþyngslin, sem menn vilja koma í veg fyrir, en þau geta allt eins vel komið af óráðsmönnunum, þó þeir sèu ógiptir, eins og er þeir eru giptir. Allar slíkar takmarkanir á hjónabandinu verða ekki til annars en auka ósiðsemi og fjölga lausaleiksbörnum.

Halldór Jónsson: Eg hafði beðið um orðið og var fallinn frá því aptur, en ræða hins háttvirta þingmanns Árnesinga kom mèr nú til þess, að standa upp, til að láta í ljósi, að mèr fyndist hann hafa misskilið niðurlagsatriði nefndarálitsins. Hann sagði, að þar sem bænarskrárnar beiddu um ný lög viðvíkjandi hjónabandinu, þá lægi í niðurlagsatriði nefndarálitsins að eins áminning um, að *hlýða* lögunum. Þetta liggur ekki í niðurlagsatriðinu. Það var ekki mín meining og víst heldur ekki minna háttvirtu meðnefndarmanna. Nefndin hreifði engum efa um, að lögunum væri hlýtt, og við inngangsumræðu máls þessa gat eg þess, með tilliti til þeirra þar um töluðu samtaka í sókn minni, að eg yrði að fylgja lögunum, bæði að því, er snertir svaramenn og önnur skilyrði fyrir giptingunni. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður tók það nú fram, að niðurlagsatriðið talaði ekki um, að sporna við giptingunum sjálfum, heldur sveitarþyngslum, sem af sumum þeirra mætti óttast, og nefndin hefir einungis bent á það, sem *samhliða* lögunum gæti stuðlað til að sporna við því, að sveitarfèlögin verði fyrir

þyngslum af óforsjállegum giptingum; og það er skýrt fram tekið af nefndinni, í hverju hún álíti þetta vera fólgið. Þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, ef eg man rètt, að það væri viðurkennt í bænarskránum, af þinginu og nefndinni sjálfri, að takmarkanir þær, sem settar voru í lögum viðvíkjandi giptingum, væru óhagfelldar og ónógar, og því þyrfti að bæta nýjum við; en þetta hefir nefndin að minnsta kosti ekki viðurkennt; þvert á móti hefir hún álitið, að ekki mætti setja strangari lagaákvarðanir hèr um, þó ekki verði fyrir byggt með þeim lögum, sem nú eru, að af sumum giptingum fljóti sveitarþyngsli.

Jón Hjaltalín: Eg get ekki sèð, að menn gjöri annað með umræðum þessum en gefa löndum vorum steina fyrir brauð, og vil eg því stinga upp á, að alveg sè hætt við málið.

Páll Vídalín: Áður en undirbúningsumræðu þessari er lokið, skal eg leyfa mèr að tala nokkur orð í máli þessu, en eg skal ekki verða langorður. Þegar mál þetta var hèr til inngangsumræðu, var eg fyrst í mesta vafa um, hvort eg ætti að gefa atkvæði fyrir nefnd í því eða ekki; því eg áleit og álít þetta hið mesta vandræðamál úr að leysa, en af því eg áleit það svo mikið nauðsynjamál fyrir landið, gaf eg atkvæði fyrir nefnd í því, því eg hèlt, að verið gæti, að hún fyndi einhver ráð til þess, að bæta úr vandræðum þessum. En mèr finnst nú, að henni hafi tekizt þetta næsta slapplega, því eg get eigi annað en verið samdóma hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni um, að ávörp þau, sem nefndin ræður til, hvort heldur er til sveitarstjórnanna beinlínis eða yfirvaldaveginn, verði ekki annað en rödd hrópandans á eyðimörku, eða eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að gagnið verði einungis pappírsgagn. Að öðru leyti er eg einnig samdóma hinum háttvirta þingmanni Árnesinga um, að alþingistilskipunin heimili ekki þá tvo vegu, sem stungið hefir verið upp á; en hún bannar þá heldur ekki, og því álít eg leyfilegt, að fara þá. Að öðru leyti skal eg ekki tala frekar um mál þetta að sinni, en eg vil áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis, er fer í líka átt og breytingaratkvæði þingmannanna frá Dala- og Norður-Þingeyjarsýslum, og skal eg síðar bera mig saman við þá. En annars hefi eg hugsað mèr það á þessa leið: að beðið verði um viðaukalög við tilsk. 30. apríl 1824 á þá leið: að svaramönnum verði gjört að skyldu, auk skyldna þeirra, er tilsk. 30. apríl 1824 ræðir um, að ábyrgjast hjónaefnin í næstu 2 ár eptir giptinguna, að þau sök-

um óráðs og óreglu ekki verði sveit sinni að byrði, og að ef svaramenn vanræki þessa skyldu sína, skuli þeir endurgjalda sveit þeirri, er hlut á að máli, styrk þann, er þarf að veita persónunum hin umræddu ár. Að öðru leyti geymi eg mèr rètt til, að orða þetta betur síðar.

Benedikt Sveinsson: Út af því, er hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu sagði, að eg hefði misskilið niðurlagsatriði nefndarinnar, skal eg geta þess, að í því stendur, að alþingi skuli fela forseta sínum, að rita sveitarstjórnunum ávarp þess efnis, að þær, eptir því sem lög frekast *leyfa* o. s. frv. Hèr hlýtur orðið *leyfa* auðsjáanlega að hafa sömu þýðingu og *skipa*.

Jón Sigurðson: Eg hafði reyndar áskilið mèr rètt til breytingaratkvæðis, en eg býst við, að eg falli frá því, svo að hinir aðrir geti því betur komizt að.

Pètur Pètursson: Eg vildi einungis vekja athygli þingsins á því, hvort ekki muni geta orðið farið á bak við þessar svaramannanefndir, líkt og nú er gjört. Það hefir verið tekið fram af hinum heiðraða framsögumanni, að ekki mundi hægt að takmarka giptingar öreiga- og óreglumanna. En setjum nú, að allt gangi vel, og nefndin í einhverri sókn gæti hindrað slíkar giptingar, þá mundi þó óráðsmanni, sem giptast vill upp á aðra sveit, verða innanhandar að fá 2 af nefndarmönnum til þess að gjörast svaramenn sínir og heimta hjónaband annarstaðar. — Það fór eins og eg bjóst við, að þingmaður Suður-Þingeyinga mundi falla frá breytingaratkvæði sínu; því að það hefir líklega aldrei verið alvara hans, að biskup skyldi skrifa sveitastjórnunum, því honum mun kunnugt, að biskup getur ekki haft mikil áhrif á hreppstjórana.

Guðmundur Einarsson: Eg gjöri mèr það að aðalreglu, að fara ekki í orðakapp um það, sem eg sè að ekki leiðir til annars en málalengingar; eg vil því ekki svara þeim, sem nú þegar eru farnir að dæma hið væntanlega breytingaratkvæði mitt; eg álít nægan tíma að dæma það, þegar það kemur, og þá stendur það og fellur sínum herra.

Forseti: Fyrst að nú ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Eg skal mælast til, að hinir háttvirtu þingmenn, sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði, sendi mèr þau sem allrafyrst og helzt þegar í kvöld.

Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um

konunglegt frumvarp til opins brèfs um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til. Hinn 3. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og ræður hann, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður: Samkvæmt því, sem fram kom við undirbúningsumræðu máls þessa, fann nefndin sèr skylt, að til taka vissan tíma fyrir löggildingu frumvarps þessa. Af því svo leit út sem þinginu þætti áríðandi, að þetta yrði sem fyrst, hefir nefndin bundið það við 1. júlí 1871. Eg vona þingið hafi ekkert móti þessu, en fallist á frumvarpið með þessari breytingu.

Konungsfulltrúi: Eg hefi fyrir mitt leyti ekki neitt á móti breytingaruppástungu nefndarinnar undir tölulið 2, en skal að eins geta þess, að mèr þykir líklegt, að ef 2. gr. frumvarpsins verður samþykkt óbreytt, þá muni árangurinn verða samkvæmari því, sem nefndin hèlt svo fastlega fram við undirbúningsumræðuna, nefnil. að nægilegur frestur verði gefinn til þess undirbúnings, sem þarf að ganga á undan innleiðslu bæði hinnar nýju lyfjavogar og hinnar nýju lyfjaskrár.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg get ekki sèð, að nein þörf sè á breytingu þeirri, sem nefndin hefir gjört. Þegar konungur hefir áskilið sèr að ákveða, hve nær brèf þetta skuli öðlast lagagildi, er auðsèð, að hann ætlast til, að undirbúningstíminn verði nægilegur, og fyr en 1871 verður það sjálfsagt ekki löggilt. Eg álít því rèttast, að fallast á frumvarpið eins og það er, því breytingin er óþörf; það skyldi þá vera, ef nefndinni er svo umhugað um, að fá þessa uppástungu inn, að taka hana upp í álitsskjalið sem bendingu.

Framsögumaður: Eg hefi enga vissu fyrir, að stjórnin ekki löggildi frumvarp þetta þegar í stað, og þingmaður Reykvíkinga mun naumast svo kunnugur fyrirætlunum stjórnarinnar, að hann með vissu geti sagt, hvað hún ætli að gjöra. Mèr finnst það mjög eðlilegt, að menn út um land þurfi nokkurn tíma til þess að átta sig á hinni nýju vigt, áður en þeir geti fyrirskrifað meðul eptir henni. Eg vil ekki, að frumvarp þetta fái lagagildi fyr en menn eru búnir að búa sig undir það, en eg er alls ekki viss um, að stjórnin viti, hversu langan undirbúningstíma vèr þurfum. Það eru svo margar gamlar lækningabækur almennar hèr í landi, að það gæti valdið mesta ruglingi, ef breytingin kæmist of fljótt á.

Eiríkur Kúld: Eg er á sama máli og hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga; mèr finnst breyting sú, sem nefndin hefir

stungið upp á, vera gjörð einungis til þess að gjöra breytingu, og það, sem framsögumaður sagði, var einmitt á móti nefndinni. Hann sagði við undirbúningsumræðuna, að það gæti valdið ruglingi, ef frumvarpið yrði löggilt of fljótt, en vill þó ei hafa frestinn lengri en til 1871. Mèr fyrir mitt leyti finnst ekki nokkur frestur nauðsynlegur, en stendur annars á sama, hvenær frumvarpið verður að lögum gjört, hvort sem það heldur verður 1870, 1873 eða 1874; það er á valdi stjórnarinnar, og vil eg því fallast á frumvarpið óbreytt. Ef hinum háttvirta framsögumanni þykir mikið undir því komið, að þetta verði 1871, getur hann eins vel tekið það fram í ástæðunum til álitsskjalsins.

Pètur Pètursson: Eg vil fallast á frumvarpið óbreytt, því eg álít breytingu nefndarinnar óþarfa. Það stendur með berum orðum í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að konungur úrskurði, hvenær brèf þetta skuli öðlast lagagildi, og er á því auðsèð, að til er ætlazt, að nægur tími skuli til undirbúnings. Það gæti svo farið, að of stuttur yrði tíminn til 1871, svo að það, sem stjórnin fyrirskipar út af þessu, ekki geti verið komið í kring. Eg verð því að vera með frumvarpinu óbreyttu.

Framsögumaður: Það lítur svo út, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sè ókunnugur, hvernig á stendur; en eg get sagt honum, að hin nýja lyfjaskrá er komin út. Hvað snertir þingmann Reykvíkinga og Barðstrendinga, þá lítur svo út, sem þeir haldi, að þetta 1871 sè eitthvert Tycho Brahes ár. Eg held, að það sè nægur frestur; en held og, að ef hann ekki er tiltekinn, þá geti vel verið, að stjórnin flýti sèr að löggilda frumvarpið, þegar hún sèr, hversu áríðandi menn hafa verið í það, og hversu tilhliðrunarsamir menn nú eru við stjórnina; eg vildi óska þeir yrðu allt af svona. Annars stendur mèr öldungis á sama, hvort breytingin stendur eða fellur.

Jón Pètursson: Mèr virðist þingið ætti að hafa sèrlegt tillit til þess, sem landlæknirinn leggur til í þessu máli, því hann hlýtur að hafa bezt vit á því, og er eg viss um, að stjórnin metur tillögur hans mikils. En eg vildi leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta framsögumann, hvort ekki mundi nægja, að taka það fram í álitsskjalinu, að bezt mundi, að þessi breyting kæmist á 1871, en fallast á frumvarpið óbreytt. Eg ímynda mèr, að stjórnin mundi fara alveg eptir þessu.

Framsögumaður: Ef að mínir háttvirtu meðnefndarmenn ekkert hafa á móti þessu, þá er mèr fyrir mitt leyti alveg sama.

Grímur Thomsen: Hinn háttvirti framsögumaður veit, að við meðnefndarmenn hans höfum fylgt honum í öllu, hvað þetta mál snertir, því hann er sá eini af oss, sem ber skynbragð á það. Þetta gjörum við enn þá, að minnsta kosti eg fyrir mitt leyti.

Daníel Thorlacíus: Eg hefi heldur ekkert á móti því, að þetta verði tekið upp í álitsskjalið.

Forseti: Ályktarumræðu þessari er þá lokið, og verður þá gengið til atkvæða eptir atkvæðaskránni, sem eg vona hinir háttvirtu þingmenn hafi prentaða fyrir sèr. (Sjá II, bls. 151).

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, uppástunga hins 4. konungkjörna þingmanns um stofnun kennaraembættis í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda. Hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður, og skal eg biðja hann að lesa uppástunguna og skýra frá henni, svo sem þörf gjörist.

Jón Pètursson: Uppástungan hljóðar þannig. (Sjá II, bls. 152).

Eg ætla ekki að mæla frekar fram með uppástungu þessari að sinni. Eg treysti því, að þingið taki henni með sömu velvild og 1867. Eptir minni skoðun eru fremur líkindi til, að ríkisþing Dana mundi veita fè til þessa úr ríkissjóði, en til margs annars, er vèr biðjum um. Það hafa fallið mörg orð í þá átt á ríkisdeginum núna, að Íslendingar hinir fornu væru góðs maklegir fyrir það, hvernig þeir hefðu haldið uppi sögu Norðurlanda, og þá þykist eg fullviss, að ríkisþingið muni fúst á, að láta þessa þakklátsemi sína koma niður á oss niðjum þeirra, með að styrkja oss til að stunda þessa fræði.

Grímur Thomsen: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta uppástungumann, hvernig hann hafi hugsað sèr fyrirkomulagið á embætti þessu. Á kennarinn að vera við latínuskólann? (*Jón Pètursson:* Nei). Á hann þá ekki að vera við neina stofnun bundinn? Eg skil ekki, að stjórnin fari að veita fè til þess, að stofna kennaraembætti út af fyrir sig, án þess það standi í sambandi við neina stofnun, t. a. m. lærða skólann, því við barnaskólann býst eg ekki við hann eigi að vera. En eg held, að vèr höfum mann hèrna við latínuskólann, sem væri fær um að tarna. Vèr þekkjum allir kennarann í íslenzku við lærða skólann, sem er svo fjölhæfur maður. Eg er viss um, að honum mundi ekki þykja sèr

of vaxið, að takast þetta á hendur. Eg vil því stinga upp á, að því sè vísað frá, að biðja stjórnina um nýtt embætti, en þess aptur farið á flot við hana, að hún láti íslenzku-kennarann við lærða skólann halda fyrirlestra um sögu Íslands og fornfræði Norðurlanda fyrir þá þóknun, er stjórnin vildi veita honum. Eg er viss um, að hann er allt eins fær um að taka að sèr þennan starfa, eins og ýmislegt annað, er hann hefir á höndum.

Jón Pètursson: Mèr finnst það ekkert óhugsanlegt, að fyrirlestra þessa mætti halda, án þess kennarinn sè bundinn við nokkra sèrstaka stofnun. Eg veit, að það eru margir, sem á þann hátt halda fyrirlestra í Kaupmannahöfn, bæði í háskólabyggingunni og annarstaðar; þeir eru að vísu ekki launaðir af stjórninni, en þó þekki eg dæmi til, að stjórnin hefir veitt mönnum styrk til þess, að halda fyrirlestra, án þess víst að binda það við vissa byggingu. Eg hefi hugsað mèr, að kennari þessi sjálfsagt skyldi standa undir stiptsyfirvöldunum. Hvað það snertir, að gjöra kennaranum í íslenzku við lærða skólann að skyldu, að halda þessa fyrirlestra, þá gæti það, ef til vill, verið gott; en þó er tvennt í því máli, sem er aðgætandi, það fyrst, að hann mun hafa nóg að gjöra sem kennari, þó ekki sè á hann bætt, og hitt annað, að ekki er sjálfsagt, að sá, sem kennir íslenzku, sè einnig fær um að kenna sögu landsins. Eg veit ekki, að það þurfi endilega að vera samfara: fróðleikur í íslenzkri tungu og fróðleikur í sögu landsins og fornfræðum Norðurlanda. Mèr sýnist því þetta enga ástæðu veita til þess, að fella uppástungu mína.

Grímur Thomsen: Mèr er þó dálítið kunnugt, hvernig til hagar á háskólanum í Kaupmannahöfn, en ekki veit eg til, að neinir einstakir menn fái laun af stjórninni fyrir að halda þar fyrirlestra. En stöku sinnum hafa «graduèraðir» menn fengið leyfi til að halda þar fyrirlestra, og fá þeir þá borgun af tilheyrendunum. Eg skil ekki, hvernig menn eiga að hugsa sèr kennara þennan, ef hann ekki er bundinn við einhverja stofnun, til dæmis lærða skólann, prestaskólann eða barnaskólann. Það væri öldungis ný tilhögun.

Jón Pètursson: Eg skal geta þess, að stjórnin hefir engu öðru barið við en fèleysi; hún hefir aldeilis ekki hreift þeim mótbárum, sem þingmaður Rangæinga kemur fram með; að minnsta kosti get eg ekki sèð það á hinni konunglegu auglýsingu til alþingis.

Helgi Hálfdánarson: Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta þingmann Rangæinga, hvort hann ekki viti til, að bæði skáld og vísindamenn eru á stundum launaðir erlendis, þó þeir ekkert embætti hafi, og hvort þetta megi þá ekki eins eiga sèr stað hèr á landi. Eg get ekkert sèð á móti því, að manni, sem væri öðrum fremur vel að sèr í sögu Íslands og fornfræði Norðurlanda, væri launað hèr á landi, og þá ekki heldur á móti því, þó slíkum manni væri gjört að skyldu, að fræða aðra. Það eru margir menn í öðrum löndum, sem halda fyrirlestra um ýms efni, án þess þeir hafi neitt embætti; það veit þingmaður Rangæinga eins vel og eg. Eg get ekki skilið, hvernig þingmaðurinn getur talað um slíkan kennara í sambandi við prestaskólann eða barnaskólann. Hann ætti sannarlega lítið skylt við þá skóla.

Grímur Thomsen: Eg neita því ekki, að það er almennt, að fyrirlestrar sèu haldnir í ýmsum greinum, en það er allt annað fyrir stjórnina, að gefa leyfi til að halda fyrirlestra eða að stofna embætti með 1600 rd. launum. Fyr en hinn háttvirti uppástungumaður hefir skýrt mèr, í hverju sambandi hann hefir hugsað sèr kennara þennan, fæ eg ekki skilið, hvernig stjórnin ætti að geta fallizt á uppástungu hans. Hafi stjórnin ekki tekið þessar mótbárur fram, þá er það líklega af því, að hún hefir ímyndað sèr, að uppástungumaður mundi hafa hugsað sèr allt fyrirkomulagið út í æsar; eða henni hefir, ef til vill, þótt óþarfi, að koma með þær 99 ástæðurnar, þegar sú 100. var nægileg.

Eiríkur Kúld: Þrátt fyrir ræður hins háttvirtu þingmanns Rangæinga, og þó að liðið sè á þingtímann, verð eg þó að vera með því, að nefnd sè sett, af því að uppástunga þessi miðar til að efla hina sagnafræðislegu þekkingu vora, og það var einmitt með henni, sem forfeður vorir hèldu uppi heiðri Íslands og Íslendinga. Það er sagan, sem þetta hefir gjört, þó Ísland að öðru leyti hafi verið sem kuldastrá heimsins. Eg hefi ekki heyrt þingmann Rangæinga koma með neina aðra mótbáru, en að embætti þetta stæði ekki í sambandi við neina vísindalega stofnun. Sè nú þetta verulegur galli, þá væri ekki ómögulegt, að nefndin gæti ráðið bót á honum. Eg fyrir mitt leyti vil ekki úrættast svo frá forfeðrunum, að eg vilji ekki styðja það, sem allt af hefir verið og mun verða vor mesti sómi.

Páll Pálsson: Eg vil einungis geta þess, að þar sem hinn háttvirti þingmaður álítur það galla, að embætti þetta standi ekki

í sambandi við neina stofnun, þá álít eg þetta einmitt mikinn kost. Sá, sem þetta yrði falið á hendur, hefir nóg að gjöra, því það verður að vera hans lífsuppgáfa, ef hann á að leysa þetta verk vel af hendi, og álít eg ófært, að hann hafi nokkrum öðrum starfa að gegna. Eg mæli því fastlega með, að nefnd verði sett.

Grímur Thomsen: Það er langt frá, að eg ekki játi, að áríðandi sè að fá kennslu í þessum greinum, en eg hefi viljað benda hinum háttvirta uppástungumanni á, hvort ekki mundi haganlegast, að láta hana fara fram við lærða skólann. Eg held það sè ekki ástæða til að efast um, að það mundi fara full-laglega úr hendi, þó til dæmis kennaranum í íslenzku væri falið á hendur að lesa yfir fornfræði Norðurlanda og Rector Scholæ að lesa yfir sögu Íslands. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga, hvort hann efist um hæfilegleika þessara tveggja manna.

Eiríkur Kúld: Eg efast engan veginn um, að menn þessir gætu leyst þetta vel af hendi, en hitt efast eg um, að þeir hafi tíma til þess. Eg hefi í rauninni ekkert á móti, að kennsla þessi færi fram við lærða skólann, en þá held eg að þörf sè á, að bæta kennara við, því ekki mun duga, að hlaða meiru á þá, sem fyrir eru.

Grímur Thomsen: Eins og hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga er kunnugt, hefir stjórnin neitað bæn þessari sökum fèleysis, og vildi eg því vísa á veg, er aðgengilegri væri fyrir hana. Ef þessir menn tækjust þetta á hendur, mundu þeir geta gjört það fyrir talsvert minni þóknun en 1600 dali; en það sjá allir, að mun hægra er fyrir stjórnina, að verða við bón um lítinn styrk, en að stofna embætti með svo háum launum.

Eiríkur Kúld: Eg efast sem sagt ekki um, að menn þessir sèu færir um þetta verk, en eg álít það fullnóg út af fyrir sig fyrir hvern mann. En hèr er einungis spursmál um, hvort nefnd skuli setja eða ekki, og hef eg engar þær mótbárur heyrt frá hinum háttvirta þingmanni, er hnekkt geti málinu frá nefnd.

Jón Pètursson: Hèr á ekki við, að ræða um fyrirkomulagið á embætti þessu, eða hverjum það skuli falið, heldur einungis um nefndarkosningu, og finnast mèr mótbárur þingmanns Rangæinga ekkert vera á móti því, að nefnd sè sett í málið.

Grímur Thomsen: Eg hef ekkert á móti nefnd.

Forseti: Fyrst að ekki taka fleiri til máls, er inngangsum-

ræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja hina háttvirtu þingmenn, að skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli setja.

Var þá gengið til atkvæða, og nefnd samþykkt með 23 atkv.

Þá var kosin 3 manna nefnd, og urðu þessir fyrir kosningu:

Jón Pètursson með 22 atkv.
Pètur Pètursson — 11 —
Grímur Thomsen — 10 —

Málið afhent Jóni Pèturssyni, er hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um styrk til forngripasafnsins, og sömuleiðis í málinu um konunglegt frumvarp viðvíkjandi innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim, sem hafa gefið sjálfsvörzluveð í lausafè sínu. Hinum háttvirta konungsfulltrúa verður sent eptirrit af þeim, og þau svo lögð á lestrarsalinn. Það er nú orðið áliðið dags, og hygg eg því bezt, að láta hèr við lenda í dag, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 12.

Eg skal ítreka þá ósk mína, að hinir háttvirtu þingmenn, er hafa áskilið sèr breytingaratkvæði í hjúskaparmálinu, sendi mèr þau sem fyrst.

Fundi slitið.

---

12. fundur — 14. ágúst.

Allir á fundi nema hinn 6. konungkjörni þingmaður. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið uppástungu frá þingmanni Árnesinga, hinum 4. konungkjörna þingmanni og þingmanni Húnvetninga, þess efnis, að þingið biðji um frumvarp til næsta alþingis, um að þeir einir kaupmenn megi reka hèr verzlun, er taki sèr fastan bústað hèr á landi. Hinum háttvirta konungsfulltrúa verður sent eptirrit af þessari uppástungu og hún síðan lögð fram á lestrarsalinn.

Þá er að taka til dagskrár, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu konunglegt frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl. Hinn háttvirti 2. konung-

kjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann gjöra svo vel og lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu eptir því sem þörf gjörist.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II, bls. 153).

Eins og nefndarálit þetta sjálft ber með sèr, hefir nefndin einungis stungið upp á einni verulegri breytingu á frumvarpinu, nefnilega þeirri, að ekki skuli byggja fangelsi í hverri sýslu, heldur fyrst um sinn að eins 6, 2 í hverju amti í kaupstöðum þeim, þar sem sýslumenn eru skyldaðir til að búa. Breytingar þær, sem nefndin hefir gjört á 2. og 3. grein frumvarpsins, er beinlínis afleiðing af þessari aðalbreytingu; hennar vegna varð að umsteypa greinum þessum, og gefa þeim annað form. Breytingin á 5. grein er að eins orðabreyting. Ástæðurnar fyrir breytingum þessum eru teknar fram í nefndarálitinu, og þarf eg því ekki að fjölyrða um þær. Eg skal geta þess, að nefndin hèlt, að 3. grein, eins og nefndin hefir samið hana, mundi geta bætt úr því, sem 6 fangelsi kynnu að reynast ónóg; því grein þessi gjörir ráð fyrir, að fangelsum verði fjölgað, jafnóðum og sýslumannasetur verða ákveðin. Það er einkum í suðuramtinu, að óhagkvæmt kann að vera, að fangelsin sèu svo fá; einkum er mjög erfitt, að koma mönnum úr Skaptafellssýslu til Reykjavíkur eða út í Vestmannaeyjar; en nefndin hèlt, að bót mætti á þessu ráða með því, samkvæmt 3. grein, að ákveða fast sýslumannssetur í Skaptafellssýslu, og byggja þar fangelsi. Það eru líkindi til, að þetta mundi veita mjög hægt, því svo stendur á, að Kirkjubæjarklaustur, sem sýslumaðurinn nú býr á, liggur mjög haganlega og er opinber eign, svo að líkindum gæti ekkert verið þessu til fyrirstöðu. Eg er ekki öldungis viss um, nema bústaður sýslumanns sè fastákveðinn í einni sýslu enn, auk þeirra 6, sem kaupstaðir þeir liggja í, sem nefndir eru í nefndarálitinu, því eg held, að svo sè í Þingeyjarsýslu, að sýslumanni sè gjört að skyldu að búa í Húsavík, enda væri mikil bót í því, að þar kæmist upp fangelsi. Sýslumannasetrin mundu og bráðum verða fastákveðin í öðrum sýslum, þar sem þörf virtist á fangelsum, og því yrði með nokkru móti komið við. Eg held annars það sè ein veruleg ástæða, sem nefndin að vísu hefir bent á, en sem ekki var hennar aðalástæða, til þess að setja ekki allt í einu fangelsi í hverja sýslu, og það er kostnaðurinn, sem verða mundi býsnamikill, og að líkindum talsvert meiri en menn nú gjöra ráð fyrir; að

minnsta kosti er það mjög almennt, að slíkar áætlanir eru of lágar. Fleira ætla eg ekki að tala að sinni.

Konungsfulltrúi: Breyting sú, sem hin heiðraða nefnd hefir stungið upp á við hið konunglega frumvarp, sem nú liggur fyrir, sem sè, að fyrst um sinn verði ekki byggt sitt fangelsi í hverri sýslu hèr í landinu, heldur einungis á þeim stöðum, þar sem er fast-ákveðið sýslumannssetur, hefir það að styðjast við, að nefndinni þykir það ósanngjarnt, sem stungið er upp á í 3. grein frumvarpsins, að það, þegar sýslufangelsið er byggt á heimili sýslumannsins, eptirleiðis verði gjört að skilyrði fyrir því, að sýslumanni verði leyft að taka sèr bólfestu annarstaðar í sýslunni, að hann greiði allt að helmingi af kostnaðinum, er gengur til að flytja fangelsið. Eg skal ekki mæla á móti því, að með þessari ákvörðun gæti orðið lögð ósanngjörn þyngsli á þann sýslumann, sem ekki sjálfur hafði valdið því, að sýslumannssetrinu var breytt, en eg skal biðja þingmenn gæta þess, að greinin ekki skilmálalaust skuldbindur sýslumann til að borga allan helming kostnaðarins, heldur einungis *allt að helmingi* hans, og þá getur stjórnin í hverju einstöku tilfelli eptir öllum kringumstæðum nákvæmar ákveðið, hvað mikið hann innan þessara takmarka eigi að greiða. Þegar ákvörðunin er skoðuð á þennan hátt, virðist mèr mega gjöra ráð fyrir, að ósanngirni ekki verði beitt í þessu tilliti við sýslumenn, en þar á móti getur þessi ákvörðun greitt veginn bæði fyrir því, að ástæðulausir flutningar á sýslumannssetrum verði fyrirbyggðir, og að smám saman komist á fast-ákveðin sýslumannssetur í öllum sýslum landsins, en það virðist mèr æskilegt í sjálfu sèr. Tilgangur stjórnarinnar með því, að stinga upp á sýslufangelsum, er augljós, því þó að nefnd sú, sem áður hefir fjallað um málið — en í henni voru þeir stiptamtmaður og dómendur í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, — hefði stungið upp á, að ekki skyldi byggt nema eitt fangelsi í hverju amti í landinu, hefir stjórnin í frumvarpi því, sem nú er lagt fyrir þingið, aðhyllzt uppástungu alþingisins frá í hitt eð fyrra í álitsskjali þess um hegningarlögin, að vera skuli fangelsi í hverri sýslu í landinu, en á þann hátt getur bæði kostnaðurinn til að flytja fangana til fangelsanna orðið miklu minni, og bætt úr skortinum á varðhaldsfangelsum. Eg skal þess vegna mæla á móti breytingaruppástungu nefndarinnar, sem hèr ræðir um. Ef þingið ekki að síður aðhyllist hana, þykir mèr þörf á, að breyta henni á þann hátt, sem nefndin hefir bent á, að fangelsi

þegar verði byggð alstaðar þar, sem sýslumannssetrið annaðhvort er eða getur orðið fast-ákveðið, og skal eg auk þeirra, er nefndin hefir tekið fram og einnig hinn heiðraði framsögumaður benti til, Kirkjubæjarklaustur í Skaptafellssýslu og ef til vill Húsavík í Þingeyjarsýslu, nefna Seyðisfjörð í Norður-Múlasýslu.

Að öðru leyti hefi eg ekki neitt á móti uppástungum nefndarinnar.

Páll Pálsson: Það er einungis um eitt atriði að eg vildi tala nokkur orð. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að hægt mundi veita, að fá nú þegar Kirkjubæjarklaustur gjört að föstu sýslumannssetri, þar eð það væri opinber eign. Eg játa, að sýslumaður er vel settur þar, og vil eg að eins gjöra eina athugasemd hér við. Eptir ætlun minni hefir hinn nú verandi sýslumaður fengið jörðina byggða upp á lífstíð, og ekkja hans eptir hans dag. Þessum rètti held eg ekki verði raskað, ef annaðhvort hann skyldi vilja búa þar, eptir að hann hefði sleppt sýslunni, eða þá ekkja hans, ef hún lifði hann. Mèr finnst meining nefndarinnar í 3. grein, ekki vera tekin fram í nógu ljósum orðum, eptir því sem þó um er getið í ástæðunum í nefndarálitinu, og þess vegna álít eg ekki illa til fallið, að gjöra hana ljósari með orðum. Allir eru á því, að nauðsynlegt sè, að hafa fangelsi í hverri sýslu, en ekki sè hægt, að koma þeim á, fyr en bústaðir sýslumanna sèu fast-ákveðnir. Fyrst að þetta er nú nauðsynlegt, þá finnst mèr, að taka ætti fram, að undir eins og sýslumannaskipti verða hèr eptir, þá skuli ákveða bústaði þeirra, og þá skuli byggja þar fangelsin. Það kynni nú virðast minni þörf á fangelsum í stöku sýslum, en eg vil geta þess, að eg álít það ekki lítinn viðauka við hegninguna, ef flytja þarf langar leiðir mann, sem fyrir lítið brot á að sitja að eins fáa daga og nætur í fangelsi. Eg skal því áskilja mèr breytingaratkvæði við 3. grein í þá stefnu, sem eg nú hef á drepið, og skal eg seinna meir orða það nákvæmar.

Framsögumaður: Út af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa skal eg geta þess, að breyting sú, sem hann benti á við uppástungu nefndarinnar, er einungis formbreyting, og getur vel sameinazt við skoðun nefndarinnar. Eg skal bera mig saman við mína háttvirtu meðnefndarmenn um það, hvort þeim kynni að finnast ástæða til, að nefndin gjörði breytingu í þessa stefnu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fram, að eptir frumvarpinu ættu sýslumenn ekki skilyrðislaust að bera helming kostnaðarins við flutn-

ing fangelsanna, heldur *allt að* helmingi; þetta er öldungis rètt. En kostnaður sá, sem ekki kemur á sýslumennina, hlýtur að falla á hið opinbera, og það þótti nefndinni líka ísjárvert. Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptfellinga talaði um, að erfitt mundi að fá Kirkjubæjarklaustur gjört að sýslumannssetri, þá skal eg játa, að mèr eru ekki kunnugir byggingarskilmálar þeir, er hinn nú verandi ábúandi situr við. Allir sýslumenn mega óska eptir varðhaldsfangelsum, og mèr þykir mjög ólíklegt, að sýslumaðurinn, sem nú býr á Kirkjubæjarklaustri, setti sig á móti, að fangelsi væri byggt þar, þó hann aldrei nema gæti hamlað því. Hvað breytingaratkvæði það, er hann ráðgjörði, snertir, þá fer það í líka stefnu og nefndin, sem fylgdi uppástungum alþingis 1867, og ekki hefir vikið frá þeim í öðru en því, að ekki skuli nú þegar byggja fangelsi í öllum sýslum, heldur smátt og smátt, þegar að skilyrðið fyrir byggingu þeirra er komið. Að öðru leyti skal eg geta þess, að það getur vel verið, að ekki finnist ástæða til, að setja fangelsi í sumum sýslum, en hvað viðauka þann við hegninguna snertir, sem þingmaðurinn sagði að flutningurinn um langan veg orsakaði, þá er það satt, að það er mjög óhagkvæmt, og hefir nefndin játað, að æskilegast væri, að vegurinn væri sem styztur; en hjá öllum misfellum í þessu tilliti verður ómögulega komizt hèr á landi; því þó t. d. fangelsi væri á Húsavík, þá er þó æði-vegur þangað norðan af Langanesi, og ærið mikill munur á því, og þegar afbrotamaður væri fluttur þangað úr næstu sveit. Það getur þannig orðið tilfinnanlegur munur á þessu innan sömu sýslu. Eg get ekki sèð, að það sè rètt, sem þingmaðurinn sagði, að 3. grein hjá nefndinni sè ógreinilega orðuð. Mèr finnst hún vera fullkomlega ljós.

Jón Hjaltalín: Mèr lízt vel á nefndarálit þetta, og virðist nefndin eiga miklar þakkir skilið fyrir meðferð málsins. Mèr blöskraði, þegar eg sá, að fara átti að byggja 20 fangelsi í einu, og það á þessum árum. Opinberu byggingarnar hèrna hafa þó kostað dálítið, og menn verða að gæta þess, að það er ekki nóg, að byggja, heldur þarf og að við halda því, sem byggt er. Eg veit ekki, hvað fangelsi þessi eiga að vera stór, en þess bið eg menn gæta, að dýrara verður að búa til marga ónýta kofa, en eitt gott hús. Menn verða að gæta þess, að þeir, sem í varðhaldi eru, hafa líka rèttindi, sem ekki má skerða; þannig hafa þeir heimtingu á svo miklu kubikmáli af lopti, að hver fangi hafi 3 til 400 kubikfeta; fái þeir

það ekki, geta þeir höfðað mál móti því opinbera. Eins geta þeir og sótt rètt sinn gegn því opinbera, ef þeir eru látnir sitja í köldu og saggafullu herbergi, sem getur orðið heilsu og lífi þeirra að tjóni. Þetta er viðtekið með lögum um allan heim. Menn segja, að kostnaðarsamt sè, að flytja afbrotsmenn; en ætli það kosti ekki líka nokkuð, að flytja efni í ein 17 til 20 fangahús, og allt sem þarf til þess, að gjöra þau svo, að þau samsvari loptslagi voru, því ekki mega þau vera svo, að þau skemmi heilsu og líf manna, þó þeir sèu afbrotsmenn, því þeir hafa líka sín rèttindi. Eg er þess vegna samdóma nefndinni, og álít, að hún hafi komizt að heppilegri niðurstöðu. Mèr finnst vera ein ástæða ljós fyrir þessu; eg veit ekki til, að það sèu svo margir menn hèr á landi, sem árlega þarf að setja í varðhald, og standi margir fangelsis-kofar auðir, munu þeir fljótt falla, ef þeir eru ekki vel byggðir í fyrstu. Það er betra að byggja fá fangelsi, heldur en vera að káka við mörg. Það er líka örðugt, að útvega allt, sem með þarf á marga staði, en þessir örðugleikar falla burtu, ef menn ganga inn á uppástungu nefndarinnar.

Páll Pálsson: Þar sem hinn háttvirti framsögumaður leiddi það af orðum mínum, að sýslumaðurinn, sem nú er á Kirkjubæjarklaustri, kynni að vilja hamla því, að þar væri byggt fangelsi, þá vil eg geta þess, að slíkt hefir mèr aldrei til hugar komið; eg ímynda mèr miklu fremur, að hann mundi gjarnan gefa kost á því. En hèr eru að minni hyggju önnur vandkvæði á, sem sè, að verið getur, að hinn nú verandi sýslumaður sleppi sýslunni, en búi þó eptirleiðis á Kirkjubæjarklaustri, eða að hann deyi, og ekkja hans vilji búa þar, samkvæmt byggingarskilmálunum, og gæti því sá sýslumaður, er næst kemur, ekki fengið þar bústað. Þess vegna sýnist mèr ísjárvert, að ákveða, að byggja skuli þar fangelsi, fyr en ef nú verandi sýslumaður og ekkja hans fengist til að gefa rètt sinn eptir. Þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður talaði um, að hèr sèu árlega svo fáir, sem settir eru í fangelsi eða hegningarhús, þá vil eg benda honum á, að vèr nú höfum fengið ný hegningarlög, og mun þeim fjölga við það ekki alllítið.

Sigurður Gunnarsson: Eg er á sama máli og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, að nefndin eigi þakkir skildar fyrir meðferð málsins, einkum að því leyti er hún stingur upp á, að fangelsin skuli vera færri, en frumvarpið kveður á; því hvorki eru brot þau, er strafffangelsi varða, svo tíð hjá oss, og svo verður

því meiri kostnaður að fylgja þeim, því fleiri sem þau eru. Í upphafi 2. greinar, sem nefndin stingur upp á, þætti mèr greinilegra að bæta inn í á eptir málsgreininni: «Í sameiningu við hegningarhúsið» orðunum: «í Reykjavík«, og áskil eg mèr breytingaratkvæði um það. Mèr hefir ekki skilizt vel síðasti hluti 2. greinar; þar segir: «fangelsin skulu og höfð fyrir varðhaldsfangelsi handa lögsagnarumdæmum þeim, er þau liggja í«; hvar á þá að geyma þá menn, sem taka þarf í gæzlu í hinum lögsagnarumdæmunum, sem ekkert fangelsi hafa.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, er hinn heiðraði þingmaður Suður-Múlasýslu sagði, þá skal eg geta þess, að þær sýslur, þar sem fyrst um sinn ekki verða byggð nein fangelsi, verða að vera án varðhaldsfangelsa, þangað til ef þar verða síðar byggð fangelsi, og eru þessi lögsagnarumdæmi að vísu að því leyti miður farin en hin, en nefndin áleit það vera aðalaugnamiðið með fangelsin, að fangelsisstraff yrði út tekið í þeim, til þess að hýðingin yrði af tekin. Hvað breytingaratkvæði hans við 2. grein snertir, þá virðist mèr það að vísu ónauðsynlegt, en eg hefi ekkert á móti því, ef mönnum þykir þess þörf.

Stefán Eiríksson: Eg þarf ekki að standa upp til þess, að mæla með nefndarálitinu, því það hefir fengið góðan byr á þinginu. Það, sem nefndinni gekk til að koma fram með breytinguna á 2. og 3. gr., var einmitt kostnaðurinn, að byggja fangahús í hverri sýslu. Jafnaðarsjóðirnir eru ekki svo á vegi staddir, að þeim yrði ekki fangahúsa-bygging í hverri sýslu of vaxin. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, verður það óumflýjanlega nauðsynlegt, að byggja sem fyrst fangahús í Skaptafellssýslu, því það er óhugsandi, að flytja afbrotamenn allan þann veg hingað til Reykjavíkur. Það er að vísu skemmra út í Vestmannaeyjar, en svo getur farið, að þegar afbrotamaðurinn er kominn vestur í Landeyjar, að þá gefist ekki leiði í 1 eða 2 mánuði út í Vestmannaeyjar, og því er óhugsandi einnig, að koma afbrotamönnum þangað frá Skaptafellssýslu. Nefndin áleit, að fangelsið ætti einmitt að vera á Kirkjubæjarklaustri, og fæ eg ekki skilið, að ábúðarrèttur hins nú verandi sýslumanns fái tálmað því. Fangelsið er ekki einungis íbúum sýslunnar í hag á Kirkjubæjarklaustri, heldur og sýslumanninum sjálfum, því einmitt er sýslumaðurinn í Skaptafellssýslum bezt settur, þar sem hann nú er, ekki einungis vegna

sýslubúanna yfir höfuð, heldur vegna sýslumannsins sjálfs, því þar er hann í miðri sýslunni.

Hvað það atriði snertir, sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga gat um, að kona hins nú verandi sýslumanns hefði ábúðarrètt á sýslumannssetrinu, sem nú er, sína lífstíð, þá kann það að vísu að vera, en eg álít, að það ætti ekki að standa í vegi fyrir hentugum stað handa fangahúsinu, og svo á sýslumaðurinn, sem nú er í Skaptafellssýslum, fleiri jarðir, sem eru eins góðar til ábúðar og Kirkjubæjarklaustur fyrir konu sýslumannsins. Áð þess eg fari hèr um fleirum orðum, fulltreysti eg því, að yfirstjórn landsins sjái svo um, að fangahús komist á sem fyrst í Skaptafellssýslum, og það einmitt á Kirkjubæjarklaustri, og því sleppi eg, að taka mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, því eins og nefndin hefir skýrt tekið fram, ætti, þegar bústaðir sýslumannanna eru fast-ákveðnir, að byggja fangahúsin sem fyrst, þar sem nauðsyn bæri til þess.

Páll Pálsson: Eg get þó ekki verið samdóma hinum heiðraða þingmanni Austur-Skaptfellinga um það, að Kirkjubæjarklaustur sè betur fallið til sýslumannsseturs en allar aðrar jarðir, því fleiri jarðir eru þó allt eins vel settar til þess. Hann þekkir eins vel og eg, að ein með beztu jörðum í Skaptafellssýslu er Geirland, og er það ekki nema hálfs tíma reið frá Kirkjubæjarklaustri. *(Stefán Eiríksson:* Hafa þeir menn, sem þar búa, ekki lífsfestu-ábúð eins og sýslumaðurinn?). Jú, að vísu, það er líka opinber eign, og í alla staði allt eins vel fallin til sýslumannsseturs eins og Kirkjubæjarklaustur. Hvað það snertir, að ekkjan eigi muni kæra sig um, að búa eptirleiðis á klaustrinu, af því að hún eigi aðrar jarðir, þá þyki mèr þó vonlegt, að hún helzt mundi kjósa að vera kyrr, þar sem bæði jörðin er góð, og þar mun vera vel um allt búið.

Jón Sigurðsson: Eg skal leyfa mèr að ljúka sama lofsorði á aðgjörðir nefndarinnar, eins og aðrir þingmanna hafa gjört, því mèr virðast uppástungur hennar mjög heppilegar. Mèr þykir einungis eitt að; en það er, að mèr finnst nefndin hafa sett norður- og austurumdæmið hjá, þar sem hún stingur að eins upp á 2 fangelsum í því, og er það þó langstærst. Eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði við nefndarálitið, að 3. fangelsið verði byggt í Húsavík; því eg held, að óvíða sè meiri þörf á fangelsi en í Þingeyjarsýslu, eptir því sem á sökum stendur þar núna!?

Framsögumaður: Eg tók það fram, að eg hèldi, að Húsavík

mundi vera fastákveðið sýslumannssetur, og að þar ætti að komast upp fangelsi.

Davíð Guðmundsson: Eg get ekki betur séð af miðlið 2. greinar í niðurlagsatriðum nefndarinnar, en að allir afbrotamenn, er vinna til fangelsishegningar, eigi að taka út hegninguna í þessum 6 fangelsum, sem nefndin hefir stungið upp á, þangað til fangelsi er komið í hverju lögsagnarumdæmi, og vildi eg beiðast upplýsingar hinnar heiðruðu nefndar, ef þetta er eigi rètt skilið. En sè þetta rètt skilið, virðist mèr því eigi verða komið saman við 307. grein hegningarlaganna, er segir, að hýðingar skuli haldast, þangað til fangelsi sèu komin á í hverju lögsagnarumdæmi, og vil eg því áskilja mèr breytingu á nefndarálitinu í þá stefnu, að þangað til fangelsi eru komin í hverju lögsagnarumdæmi, standi við það, er fyrir er mælt í 307. gr. hegningarlaganna.

Framsögumaður: Eg held það sè fullkomlega ljóst af nefndarálitinu, að meiningin sè sú, að afbrotamenn úr *öllum sýslum* á landinu skuli fá hegningu sína í fangelsum þeim, sem stungið er upp á í nefndarálitinu, þegar þau eru komin upp; þegar þau eru komin upp, þá er líka komið skilyrði það, sem hegningarlögin gjöra ráð fyrir, fyrir því, að hýðingarnar hætti. Munurinn frá stjórnarinnar frumvarpi er einungis sá, að eptir uppástungu nefndinnar verður stærra hèrað en ein sýsla um hvert fangelsi. Eg held ekki, að hèr sè nauðsyn á neinni breytingu. Það væri mjög óeðlilegt, að hýðingarnar hèldust við í sumum lögsagnarumdæmum, en væru af teknar í sumum. Nefndin gjörði ráð fyrir, að fangelsi þessi kæmust upp öll um sama leyti, og gætu þá öll lögsagnarumdæmin hjálpazt við þau, þangað til þeim yrði fjölgað, eður hver sýsla, ef til vill, gæti fengið fangelsi fyrir sig.

Páll Vídalín: Eg heyri það, að menn eru hèr farnir að gjöra þetta að hèraðamáli, þar sem hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu fór því fram, að fangelsi yrði sett á Húsavík, og hinn heiðraði framsögumaður tók því vel, en eg verð þá að segja, að eigi er síður þörf á, að fangelsi sè sett í Húnavatnssýslu. Annars álít eg, að frumvarpið sè betra en breytingar nefndarinnar; en skyldu uppástungur hennar verða ofan á, eða verða teknar til greina, verð eg að fallast á breytingaratkvæði þingmanns Vestur-Skaptfellinga við 3. grein nefndarinnar, hafi eg skilið hann rètt, og ætla eg að bera mig saman við hann um það.

Forseti: Fyrst nú ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Þá kemur til inngangsumræðu uppástunga þingmanns Reykvíkinga um launaviðbót handa sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Taki þingið hana til meðferðar, er líklega ekkert á móti, að vísa henni til nefndar þeirrar, er sett var í málinu um sýsluskiptingar í vesturamtinu, eða með öðrum orðum um, að bæta kjör nokkurra sýslumanna í vesturamtinu. Hinn háttvirti uppástungumaður er sjálfur flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna og gjöra grein fyrir henni.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal þá lesa uppástunguna. (Sjá II., bls. 157).

Eg skal nú ekki fara neinum orðum um uppástungu þessa, en einungis geta þess, að fyrst að nefnd hefir áður verið sett í málið um að bæta kjör sýslumanna í vesturumdæminu, þá gjöri eg mig ánægðan með, að uppástungunni sè vísað til þeirrar nefndar.

Eiríkur Kúld: Af því að eg er einn í nefnd þessari, get eg ekki þakkað hinum heiðraða flutningsmanni fyrir þá uppástungu hans, að vísa þessu til nefndarinnar um sýsluskiptingu í vesturamtinu, því þetta, sem hèr ræðir um, á ekkert skylt við þá nefnd. Að öðru leyti virðist mèr uppástungan óþörf; hún hefir verið felld hèr áður, og svo ætti enn að gjöra. Það er kunnugt, að aldrei hafa verið nein vandræði með að fá sýslumenn í Gullbringusýslu, enda mun sýslumaður hafa hèr 900—1200 rd. laun, eptir því sem kunnugur maður hefir sagt mèr. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hefir ekki nema 300—400 rd. í laun, og þó hefir stjórnin ekki fundið ástæðu til að bæta kjör hans, og þangað fæst nú enginn. Ef bæta ætti 500 rd. við laun sýslumannsins í Gullbringusýslu, mætti ekki stinga upp á minni en 800—900 rd. viðbót við laun sýslumannsins í Barðastrandarsýslu. Mèr finnst ekki ástæða til, að gefa þessu neinn gaum, því þar af mundi enginn árangur verða. Nefndin getur ekki tekið við uppástungunni, því eg sè ekki, að launabót sýslumannsins í Gullbringusýslu eigi neitt skylt við sýsluskiptingar í vesturamtinu.

Bergur Thorberg: Eg er samdóma hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga um, að lítill árangur muni af því verða, þó þingið tæki uppástungu þessa til meðferðar. Sem formaður í nefndinni um sýsluskiptingar í vesturamtinu mótmæli eg, að taka á móti

uppástungunni, því hún á ekkert skylt við það mál. Vilji þingið skipta sèr af henni, ætti hún að koma í sèrstaka nefnd.

Helgi Hálfdánarson: Það hefir verið tekið fram sem ástæða móti uppástungu þessari, að aldrei hafi vantað sýslumann í Gullbringusýslu; það er að vísu að því leyti satt, að þegar reglulegan sýslumann hefir vantað, hefir þar ætíð verið einhver settur sýslumaður; en hið sama á heima um hinar aumu sýslur fyrir vestan. Það er ekki mjög langt síðan, að annar assessórinn í landsyfirrèttinum gegndi sýslumannsstörfum í Gullbringusýslu æði-lengi, af því enginn sótti þá um hana. Það er satt, að laun sýslumannsins í Gullbringusýslu eru hærri að dalatali en í Barðastrandarsýslu; en menn verða að gæta að því, að hagur hans er alls ekki þeim mun betri; því Gullbringusýsla er leigð sýslumanninum með öðrum og miklu þyngri kjörum. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu má þar að auki búa, hvar sem hann vill, en sýslumaðurinn í Gullbringusýslu er skyldur að búa í Hafnarfirði (*Grímur Thomsen*: Býr hann þar?), sem er einhver hinn dýrasti staður að lifa á, og, að eg held, jafnvel dýrari en Reykjavík. Þó hann ekki búi þar nú sem stendur, þá er það undantekning; því svo stóð á, að honum var ómögulegt, að fá þar húsnæði, nema með því, að hleypa sèr í að byggja nýtt hús. Menn tala um, að Barðastrandarsýsla sè svo miklu lakari en Gullbringusýsla; en eg held, að eg geti fært nokkurn veginn óyggjandi sönnun fyrir því, að munurinn sè ekki svo mikill; og er hún sú, að þó Gullbringusýsla hafi opt verið laus, þá hefir þó aldrei neinn sýslumaður frá Barðastrandarsýslu sótt um hana. Meðan eg var í Gullbringusýslu, átti eg tal við 2 sýslumenn úr vesturamtinu, og var annar þeirra úr Strandasýslu, sem þó ávallt hefir verið talin með þeim lèlegustu; eg spurði þá, hvort þeir vildu ekki sækja um Gullbringusýslu; en þeir kváðu báðir nei við. Þetta sýnir þó, að Gullbringusýsla sè ekki neitt keppikefli.

Þórður Jónasson: Þó það sè æskilegt og í alla staði sanngjarnt, að kjör sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu verði bætt, svo vissa yrði fyrir, að í þá sýslu ætíð kæmu gagns- og dugandismenn, þá held eg þetta sè nú sem stendur «pium desiderium». Það er áður farin frá þinginu bænarskrá í þessa sömu stefnu, en sem varð árangurslaus, og þó stóð þá miklu betur á, en nú stendur, og þegar athugast enn fremur, að stjórnin sèr ekki ráð til, að bæta Snæfellsnessýslu nema með því, að taka þá nauðsynlegu launaviðbót frá annari sýslu, og engin ráð til að bæta

Barðastrandarsýslu, en stingur upp á að leggja hana niður, þá virðist mèr allt benda á það, að það mundi verða til lítils, að biðja um launaviðbót handa Gullbringusýslu úr ríkissjóðnum. Það liggur fjærri mèr, að leggja á móti bænarskránni; hún fer ekki fram á annað en það, sem sanngjarnt er og æskilegt, en eg er svo lyndur, að þegar eg þykist mega ganga að því vísu, að eg fái ekki það, sem eg vil biðja um, þá fer eg því ekki á flot.

Jón Hjaltalín: Eg verð að vera meðmæltur uppástungu þessari, því Gullbringusýsla er einhver hin örðugasta yfirferðar; það vita þeir, sem á vetrartíma eiga að fara hèrna yfir hraunin og Strandarheiði; eg fyrir mitt leyti hefi í 15 ár spólerað 5 hestum, og hefi eg þó ekki verið eins opt á ferðinni eins og hinn núverandi sýslumaður, sem er bezti ferðamaður og dugnaðarmaður, sem aldrei lætur á sèr standa. En eg er ekki að tala fyrir hann, heldur fyrir embættið, því það ætti að vera vel launað. Sýsla þessi er hin fjölmennasta, því hèr eru stundum menn annarstaðar að svo þúsundum skiptir. Eg lèt fyrir nokkrum árum taka manntal, til þess að sjá, hve margir væru aðkomandi á vetrar- og vorvertíðinni, og urðu það yfir 3000. Hèr eru og margir þeir örðugleikar, sem ekki eru annarstaðar, þó eg ekki til nefni, að sýslumaður mun fá nóg að gjöra, þegar á að fara að framfylgja spítalalöggjöfinni nýju. Eg hefi reyndar heyrt sagt, að verið væri að biðja um breyting á henni, en eg held, að þar geti, ef til vill, átt við það, sem Magnús heitinn «sálarháski» einu sinni sagði, þegar honum var út hýst: «Þú átt hvorki næsta bæinn nè næsta daginn», því ekki er víst, að þingið eða stjórnin fallist á þessa breytingu að svo stöddu. Það væri mjög slæmt, ef vèr ekki gætum gjört oss von um, ávallt að fá hèr góðan sýslumann. Hèr hefir orðið að constituera hvern á fætur öðrum, því enginn hefir viljað sækja, af því sýslan er svo aum. Eg vona þingið geti máli þessu gaum, og setji nefnd í það, fyrst hin nefndin vill ekki taka við því. Það hefir verið sagt, að það mundi verða árangurslaust; en vèr sitjum hèr ekki til þess, að vera spámenn. Það er margt, sem talar fyrir því, að embætti þetta eigi að vera sæmilega launað, en það er það ekki nú. Vèr eigum að gjöra það, sem vèr getum, til þess að embættismönnum sè viðunanlega launað; hvað stjórnin gjörir svo í því efni, getum vèr ekki að gjört. Það er nú vonandi, að þingið fái bráðum löggjafarvald, og þá um leið vald til þess að leggja á skatta. Við það mundu vaxa störf sýslumannsins í Gullbringusýslu, þar sem

eru 2 kaupstaðir. Þó að þingmaður Barðstrendinga vilji ei sinna máli þessu, vona eg, að þingið setji nefnd í það, og sting eg upp á 3 manna nefnd.

Torfi Einarsson: Þótt það reyndar sè óþarfi, þá held eg þó, að eg verði að standa upp, af því Strandasýsla hefir verið nefnd. Ef fara á að bæta við launin í Gullbringusýslu, þá held eg ekki veiti af því í Strandasýslu. Í þau 22 ár, sem eg hefi verið þar hreppstjóri, hefir þar 6 sinnum verið skipt um sýslumenn, og tvívegis settur bóndi sunnan úr Dalasýslu ; en aldrei hefir þó neinn sýslumaður úr Gullbringusýslu orðið til að sækja um hana. Ef vísa á uppástungunni til nefndarinnar um sýsluskiptingar, vildi eg biðja hinn heiðraða flutningsmann gjöra svo vel, og benda mèr á, hvernig haganlegast mundi að skipta Gullbringusýslu. En verði sèrstök nefnd sett, hlýt eg og að koma með samkynja uppástungu um Strandasýslu. Annars held eg, að þingið ætti ekki að vera að gjöra það að gamni sínu, að setja nefnd í mál, sem auðvitað er að enginn árangur verður af, því þinginu hefir svo opt verið brigslað um, að það jyki landinu óþarfa-kostnað, enda skal eg nú ekki auka hann meir.

Jón Hjaltalín: Eg vil biðja þingmanninn, sem síðast talaði, að vera ekki að bera þingmönnum á brýn, að þeir sèu að leika sèr; eg fyrir mitt leyti gjöri það ekki, heldur tala eg í fullri alvöru. Það situr líka sízt á þingmanni Strandasýslu, að taka svona í þetta mál, því hann hefir mest og bezt stuðlað til, að sýslumennirnir í sjóplássunum fái nóg að gjöra, þegar fara á að fylgja spítalalöggjöfinni nýju. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu er á vertíðinni um 7000 manns, hvar af, eins og eg fyr sagði, um 3000 úr öðrum sveitum, og er heldur hart, að vera að ríða fram og aptur þeirra vegna fyrir svo að kalla ekki neitt. Það hefir áður verið sagt, að Hafnarfjörður væri dýr staður, og mun það satt. Það er ekkert spaug, að lifa á tómum klettum, þar sem engin skepna verður höfð. Sveitamenn vita lítið, hvað það kostar þar, sem lítið kostar í sveitinni. Eg vona, að nefnd verði sett. Hvort Gullbringusýslu verði skipt, veit eg ekki, en næsta mögur mundi hún verða, ef af henni væri tekið, enda hefir engin uppástunga komið um það, heldur um að hún verði bætt upp.

Þórarinn Böðvarsson: Hèr er umtalsefnið, að bæta kjör sýslumannsins í Gullbringusýslu, og segja sumir, að þess þurfi ekki, af því aldrei hafi þar skort sýslumenn. En nú sem stendur

segja þó sýslubúar, að enginn sýslumaður sè sýnilegur í sýslunni. Þetta er nú að vísu ekki með öllu rètt mælt, en þó er svo mikið satt í því, að sýslumaður býr nú sem stendur ekki í sýslunni. Menn hafa beðið mig, að bera upp þessi vankvæði, því það er verulegt óhagræði að hann skuli ekki búa í sýslunni, og þykjast sýslubúar ekki vita, með hverjum rètti eða af hverjum rökum hann hefir tekið sèr aðsetur annarstaðar. Hafnarfjörður er, eins og kunnugt er, einn af aðalverzlunarstöðum landsins, og er sýslumanni gjört að skyldu, að búa þar; þar er byggð allmikil og fyllsta þörf á lögreglustjóra, og má því heita nauðsynlegt, að sýslumaður búi þar. Nú er mælt, að sýslumaður hafi flutt úr Hafnarfirði fyrir þá sök, að hann hafi eigi fengið þar húsnæði og ekki haft fè til að byggja sèr hús, og væri svo, þá væri það mikil ástæða til, að laun hans væru bætt. Í Gullbringusýslu er ólíku meiri og vandasamari störf en í Strandasýslu, og má þeim því ei saman jafna; eg vil því mæla með, að nefnd sè sett, til þess að reyna að bæta kjör hans.

Jón Pètursson: Eg verð að vera með nefnd. Það er eitt fyrir sig, að enginn sýslumaður á landinu hefir jafnmikla peningaábyrgð og sýslumaðurinn í Gullbringusýslu; hèr koma líka bæði margbrotnari og vandasamari störf fyrir en víðast annarstaðar, og loksins vita allir, að hèr er mjög dýrt að lifa í Reykjavík, ef menn eiga að lifa sómasamlega, og það á þó sýslumaðurinn að gjöra. Ef sýslumaðurinn í Gullbringusýslu eigi hefir nema 7—800 dala laun, þá eru þau auðsjáanlega of lítil. Reyndar er engin sönnun fram komin fyrir þessari launaupphæð, en nefndin gæti líklega fengið upplýsingar um það. Hvernig sem fer, væri gott að setja nefnd, til þess að rannsaka málið.

Jón Hjaltalín: Þegar menn eru að tala um launaupphæðina, og hvað sælir sýslumenn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sèu í samanburði við sýslumennina í Barðastrandar- og Strandasýslum, þá vil eg benda á, að þar hafa verið sterkríkir sýslumenn fyrir ekki meir en hálfum mannsaldri; aptur veit eg ekki til, að í seinustu 100 ár hafi nokkur sýslumaður orðið ríkur í Gullbringusýslu.

Jón Pètursson: Eg vil einungis segja hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, að sýslumenn þar, sem hann meinar til, voru sterkríkir undir, en urðu það engan veginn af tekjunum.

Halldór Kr. Friðriksson: Mótbárur þær, sem fram hafa komið á móti uppástungunni, hafa í engan máta getað sannfært mig,

og þegar þingmaður Barðstrendinga segir, að Gullbringusýsla gefi af sèr 1200 rd. um árið, þá ætla eg að vísu ekki nú að sanna, að þetta sè rangt, en einungis geta þess, að eg veit fyrir víst, að sýslan gefur ekki meira af sèr en 7 – 800 rd. árlega, og sjá allir, að þetta er ekki nóg til þess, að sýslumaðurinn komist sómasamlega af, þar sem eins dýrt er að lifa eins og hèr í Reykjavík, og þótt hann byggi í Hafnarfirði, verður það eigi ódýrra fyrir hann. Hvað sem embættistekjum í öðrum sýslum líður, og þær sèu í sumum þeirra eigi meiri, og þó sumar þeirra sèu erfiðari yfirferðar, þá vil eg biðja þingmenn gæta þess, að hèr í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru embættisstörfin langtum meiri, margbrotnari og vandasamari, en í nokkurri annari sýslu landsins, og því væri öll ástæða til, að þetta embætti væri hvað bezt launað af öllum sýslumannsembættum í landinu, til þess menn ættu ávallt víst, að hingað sæktu reyndir dugandis-sýslumenn, því að úr því embættið er svo vandamikið, þá ætti eigi að gjöra það svo úr garði að launum til, að að eins byrjendur vildu um það sækja. Hvort það verður árangurslaust, að fara þessu á flot við stjórnina eður ekki, verður alls ekki sagt; það verður spá ein út í óvissu, en sá veit gjörst, er reynir. Vilji þingið setja nefnd í málið, þá hef eg ekkert að mæla móti því, en eg stakk áðan upp á, að því væri vísað til nefndarinnar um sýsluskiptinguna í vesturumdæminu, og þetta ímynda eg mèr sè það eðlilegasta, af því að í báðum þessum atriðum er talað um að bæta embættislaun sýslumannanna.

Pètur Pètursson: Eg er einn af þeim, sem vil styðja að því, að þingið setji nefnd í þetta mál; það er þegar búið að taka fram þær ástæður, sem tala fyrir því, að bæta embættislaun sýslumannsins í Gullbringusýslu, en eg skal þó leyfa mèr, að benda þinginu á eitt atriði. Að margir hafa orðið til að sækja um Gullbringusýslu, einkum danskir menn, er í sjálfu sèr engin sönnun fyrir því, að sýslan sè góð, því þessir ókunnugu útlendu menn hafa gjört það af því, að bæði hafa þeir haldið, að hèr væri skemmtilegra og loptslagið mildara en annarstaðar á landinu. Þar sem stungið hefir verið upp á því, að vísa þessari uppástungu til nefndarinnar um sýsluskiptinguna í vesturamtinu, þá get eg ekki sèð, að það eigi við, heldur mæli eg með því, að sèrstök nefnd verði sett.

Eiríkur Kúld: Það er eptirtektavert, að þeir, sem mælt hafa með nefnd í þessu máli, eiga allir hèr heima í grenndinni, og

eiga því ekki eins og flestir okkar hinna þingmanna langa leið heim til sín. Nú er þegar liðið á þingtímann og búið að setja yfir 20 nefndir; mèr finnst það því, þegar svona er ástatt, vera skrítið að vera að mæla með því, að nefnd verði sett í ekki nauðsynlegra mál en þetta er, og það því fremur, sem menn mega ganga að því vísu, að það verði með öllu árangurslaust, að fara þessu á flot við stjórnina. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að erfitt væri að fá sýslumenn hingað, en eg vil þó minna hann á, að Gullbringusýsla aldrei hefir verið liðug meir en hálft ár; þetta er allt öðruvísi með sumar sýslurnar í vesturamtinu, því þar er varla mögulegt, að fá mann til að taka á móti Constitution í þeim. Hinn 3. konungkjörni þingmaður til færði margar ástæður, en þær voru fremur léttvægar; hann sagði, að Gullbringusýsla væri erfiðari yfirferðar, en aðrar sýslur landsins, en þessu verð eg að neita, því hún er ekki nærri eins erfið yfirferðar eins og Barðastrandarsýsla, þar sem sýslumaðurinn bæði verður að fara landveg og sjóleiðis; hann gat þess og, að sýslumenn í Barðastrandar- og Strandasýslum hefðu orðið þar vellauðugir, en eg vil biðja hann gá að því, að þeir menn, sem hann meinar til, urðu ekki ríkir af sýslutekjunum, heldur voru það «privat»efni, sem settu þá í ríkra manna röð. Eg skal því mæla móti því, að nefnd verði sett í málið.

Benedikt Sveinsson: Það er satt, að þessi sýsla er bæði illa launuð og örðug yfirferðar; en það, sem einkum gjörir stöðu sýslumannsins hèr miklu erfiðari og vandasamari en í öðrum sýslum, er hið samblandaða sjávar- og sveitalíf, er hèr á sèr stað á miklu hærra stigi en annarstaðar; embættisstörfin verða því hèr miklu vandasamari og margbrotnari. Eg álít því, að það væri fullkomin ástæða fyrir þingið, að gjöra sitt til, að þessi sýsla yrði sem bezt launuð, til þess menn væru vissir um, að hingað sæktu hinir duglegustu sýslumenn landsins. Eg vil því ráða þinginu til, að taka uppástunguna til greina, og setja nefnd í málið.

Helgi Hálfdánarson: Þó gjöra mætti ráð fyrir því sem vissu, að engin launaviðbót fengist úr ríkissjóðnum, þá væri samt að minni ætlun ástæða til, að setja nefnd í málið, því nefndin gæti tekið til íhugunar, hvort ekki væru aðrir vegir til að bæta kjör sýslumannsins, t. a. m. með því að biðja um, að hinum erfiða eptirgjaldsmáta eptir sýslu þessa yrði breytt. Það hafa fleiri en einn af þeim, sem hèr hafa verið sýslumenn, sagt mèr, að eptirgjaldsmálinn, sem er þannig, að sýslumaðurinn verður að standa skil

á hverjum skilding, sem gjaldast á, en fær að eins nokkurn part sem umboðslaun — að þessi eptirgjaldsmáti væri það, er einkum gjörði þessa sýslu svo ónotalega fyrir sýslumanninn.

Halldór Kr. Friðriksson: Út af því, sem þingmaður Barðstrendinga gat þess, að það væri skrítið af þinginu, að vera að biðja um það, sem það geti vitað fyrir fram að yrði árangurslaust, skal eg leyfa mèr að minna hann á, að hann sjálfur ekki alls fyrir löngu bar upp hèr á þingi uppástungu um það, sem stjórnin margsinnis er búin að segja að hún ekki veiti; og þá man eg að hann taldi það eigi næga ástæðu gegn bæninni, að stjórnin hefði neitað; en um launaviðbót handa sýslumanninum í Gullbringusýslu hefir þingið aldrei beðið, svo að það veit alls eigi, hversu stjórnin tekur undir þá bæn, svo þetta getur ekki verið ástæða fyrir því, að þingið ekki taki þessa uppástungu til greina.

Forseti: Með því meiri hluti hinna háttvirtu þingmanna hafa óskað þess, að umræðunum væri hætt, skal eg biðja þingið skera úr því með atkvæðum.

Var það síðan samþykkt með atkvæðafjölda, að umræðunum skyldi vera lokið.

Því næst lèt forseti greiða atkvæði um, hvort nefnd skyldi kjósa eður eigi, og var málið fellt frá nefnd með 15 atkvæðum gegn 9.

Með því einnig var komin uppástunga fram um, að vísa málinu til nefndarinnar um sýsluskiptingarnar í vesturamtinu, lèt forseti einnig greiða atkvæði um, hvort svo skyldi vera, og var það fellt með 11 atkvæðum gegn 9.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, uppástunga þingmanns Borgfirðinga um fiskiveiðar útlendra. Uppástungumaðurinn er flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna fyrir þinginu, og skýra það, er þörf er á.

Hallgrímur Jónsson: Eg skal leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sjá II, bls. 158).

Að vísu er það margt, sem mætti bæta við það, sem hèr er sagt. En af því eg veit, að alþingið hefir ætíð viljað gjöra sitt bezta til með tillögum sínum, að bót yrði ráðin á þessum yfirgangi útlendra fiskimanna, og með því að svo lítil bót er áunnin, efast eg ekki um, að það vilji enn nú taka málið til meðferðar og setja nefnd, til að íhuga þetta velferðarmál, og beiðast þess, sem

hèr er farið fram á. Eg skal einungis geta þess, að þar sem það virðist vera ómögulegt, að fá Frakka eða ensku stjórnina til að viðurkenna, að Faxaflói sè fjörður millum yztu annesja, nefnilega Garðskaga og Snæfellsness, en þeir að öðru leyti vilja viðurkenna línu, sem er dregin frá Garðskaga til Akranesskaga, þá verða hin beztu og flestu fiskimið Akurnesinga fyrir utan og vestan línuna, þá hefi eg dregið þá ályktun þar af, að reynandi væri, að fara fram á, að ánýja þá beiðni alþingis 1867, að útlendir fiskimenn færu ekki til fiskiveiða inn á Faxaflóa fyrir 12. maí.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til þessarar uppástungu skal eg geta þess, að hinn heiðraði uppástungumaður, þar sem hann segir, að skýrslur þær, sem eg um daginn gaf þinginu viðvíkjandi samningstilraunum stjórnarinnar við stjórn Frakka og Breta, að eins snerta samningstilraunirnar við hina síðarnefndu, ekki hefir tekið eptir því, sem eg munnlega skýrði frá, sem sè, að utanríkisstjórnin hafði uppálagt hinum konunglega sendiherra í París, að semja við stjórn Frakka um þau atriði, sem alþingið í hitt eð fyrra tók fram, en að skýrslur um árangur þessara samninga enn þá ekki voru meðteknar. Þar á móti hafði stjórnin frá sendiherranum í London meðtekið þau skjöl, sem eg lagði fram fyrir þingið.

Að öðru leyti er eg hinum heiðraða uppástungumanni samdóma í því, að skemmdir á þorskanetunum í Faxaflóa, þar sem þau liggja fyrir utan takmörk þau, sem þjóðrètturinn helgar innbúum hvers lands, ekki verða fyrirbyggðar nema með algjörðri friðun á Faxaflóa fyrir útlendum fiskimönnum um þann tíma, sem þorskanet eru vanalega lögð. En þessi skoðun liggur einmitt til grundvallar fyrir þegnlegri bænarskrá þingsins í hitt eð fyrra, og er tekin til greina af stjórninni við samningstilraunir þær, sem hún hefir gjört við stjórn Frakka, og hefir hún við uppástungu þingsins bætt þeirri varauppástungu, sem eg um daginn skýrði þinginu frá, og sem mèr þykir að öllu vel tilfallin, að hin frakkneska stjórn vildi binda verðlaun sín við þá skilmála, að hlutaðeigandi fiskiskip hefðu eigi farið til fiskiveiða inn á Faxaflóa nè Breiðaflóa fyrri en um vertíðarlok (12. maí). Þó að eg svoleiðis álíti, að stjórnin hafi gjört það, sem í valdi hennar stendur, til þess að framkvæma óskir þingsins, og einmitt þær, sem þessi uppástunga fer fram á, og þó að eg þess vegna ekki álíti nauðsynlegt, að þingið ítreki bæn sína frá í hitt eð fyrra, skal eg, þar sem samningstilraunir stjórnarinnar enn þá ekki hafa haft þann árangur, sem með þeim var til-

ætlaður, ekki mæla á móti því, að þingið taki málið til frekari yfirvegunar.

Eg skal bæta því við, að mèr er það kunnugt, að stiptamtmaðurinn hefir leitt athygli yfirforingja hinna frakknesku herskipa að þessum skemmdum á þorskanetum, sem landsmenn kenna Frökkum um, og að hann að vísu hefir neitað því, að frakkneskir fiskimenn gjörðu þess konar skemmdir með ásettu ráði, eins og landsmenn kenna þeim um, en að hann á hinn bóginn munnlega hefir lofað að styðja til þess, að þess konar skemmdir verði fyrirbyggðar, að svo miklu leyti, sem honum sè unnt.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn háttvirti þingmaður Borgfirðinga hefir tekið af mèr ómak, að hreifa þessu máli, og af því hann kom fram með brèflega uppástungu um það, leiddi eg hjá mèr, að gjöra það líka. Það er víða um landið kvartað yfir yfirgangi hinna erlendu fiskimanna, en hvar gjöra þeir jafnmikið tjón fiskiveiðum landsbúa og í Gullbringusýslu, með því þeir eru þar lengstan tíma af árinu, veiðistöður eru þar flestar og erlendir fiskimenn hvað nærgöngulastir. Eg hefi nú að vísu enga skriflega umkvörtun frá kjósendum mínum, en þeir kvarta sáran undan yfirgangi hinna erlendu fiskimanna, kvarta yfir því, að fiskurinn sè dreginn af miðunum og veiðarfærunum spillt; kvarta yfir því, að hið danska herskip, sem er hèr við landið, gefi þessu lítinn gaum, og sýni litla rögg af sèr. Að vísu hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi getið þess, að stjórn Dana væri að reyna samninga við Frakkastjórn um þetta efni, en enginn veit enn, hvern enda þeir samningar kunni að hafa, en líkur eru til, að mál þetta verði ei með þessum samningum útkljáð, svo að landsbúar geti látið sèr nægja. Það er nú að vísu liðið allmikið á þingtímann, og þingið hefir þegar fengið mörg mál til meðferðar, en fá þeirra eru eins þýðingar-mikil og þetta fyrir landsbúa, og fá þeirra snerta eins hagsmuni og rèttindi þjóðarinnar. Eg get því ei efað, að þingið taki mál þetta til meðferðar. Máli þessu hefir og verið hreift á öllum undanförnum þingum, og mætti virðast undarlegt, ef því væri sleppt nú, þar sem kringumstæðurnar eru allar hinar sömu, og hinir þungu kostir, sem landsbúar sæta af hinum erlendu fiskimönnum, engu minni en fyr, ef yfirgangur þeirra er ei meiri nú, en áður hefir verið.

Hallgrímur Jónsson: Hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu hefir hèr um bil tekið það fram, sem eg vildi sagt hafa. Eg mundi það vel, og það þegar eg samdi uppástungu mína,

hvernig hinn hæstvirti konungsfulltrúi skýrði þinginu frá samningstilraununum, en með því að hann gat ekki skýrt frá undirtektum frönsku stjórnarinnar í því tilliti, sem enn nú eru ekki meðteknar, þá þykir mèr öll þörf á, að endurnýja bænina, og tjá frá þeim feykilega yfirgangi og skemmdum, er þessir fiskimenn eru kunnir að, og skal eg síðar, ef þörf gjörist, skýra greinilega frá mörgum þeirra. Eg vil má ske halda, að sumt af þeim skemmdum, er þeir gjöra á þorskanetunum, sèu ekki af fullum ásetningi, en þar á móti hef eg opt orðið var við þeirra illa ásetning.

Eiríkur Kúld: Eg held það beri opt og tíðum að, að hinir útlendu fiskimenn fremji skemmdir sínar af ásettu ráði, og skal eg leyfa mèr að skjóta því til þingmannanna úr Stranda- og Snæfellsnessýslum, hvort þeim sèu ekki kunn enda spáný dæmi, er gangi í þá átt. Vèr getum ekki hrundið þessum árásum af oss, en verðum að fara bónarveginn til stjórnarinnar, sem þó hefir lítið getað við ráðið. Viðvíkjandi því, sem þingmennirnir úr Gullbringu- og Borgarfjarðarsýslum töluðu um skemmdir útlendra fiskimanna á Faxaflóa, þá get eg fullvissað þá um, að þetta á sèr engu síður stað á Breiðafirði; þar eru þeir mjög svo nærgöngulir, draga upp lóðir og fiska á grynnstu bátamiðum. Á þessu ráða herskipin enga bót, og skal eg í þessu tilliti geta þess, að það hefir enda borið við, að Frakkar hafa verið að fiska á Höskuldseyjarmiðum, meðan herskipið danska lá í næði á Stykkishólmshöfn. Þó langt sè liðið á þingtímann, vil eg engu að síður mæla með því, að nefnd verði sett.

Forseti: Af því hèr er einungis spurningin um, hvort nefnd skuli setja eður ekki, vona eg, að þingmenn fari ekki mikið inn í efni málsins, nema að því leyti sem þar í væru ástæður með eða móti nefndarkosningu.

Daníel Thorlacíus: Mèr er það kunnugt, að yfirgangur Frakka ávallt fer vaxandi bæði á Breiðafirði og Faxaflóa. Út af því, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga skýrskotaði til mín, hvort mèr væri kunnugt, að útlendir fiskarar fremdu þessar skemmdir af ásettu ráði, skal eg geta þess, að eg veit til, að þeir af illvilja hafa ætlað sèr að sigla á báta og dregið upp lóðir og tekið fiskinn af þeim, og þá hafa þeir innlendu mátt til að beita illu í mót, til þess að ná lóðum sínum og veiðarfærum. Eg skal þess vegna mæla fastlega með því, að þingið taki málið til greina, sem gæti

leitt til þess, að einhverjar skorður yrðu settar við þessum yfirgangi.

Stefán Eiríksson: Því verður ekki neitað, að óskundi hinna útlendu fiskara keyrir fram úr hófi. Eg skal geta þess, að mèr finnst, að uppástungan fari of skammt, þar sem hún eingöngu biður um friðun á Faxaflóa; eg vil, að þess háttar bænir gildi fyrir allt landið. Það er kunnugt, að síðan Frakkar fóru að koma upp undir strendur landsins í marzmánuði til að fiska, hefir svo að segja allur fiskur horfið fyrir Skaptafellssýslum, en það er einmitt á þeim tíma árs, að fiskigangu er bezt í Austur-Skaptafellssýslu, og allt fram í maímánaðarlok, og því vil eg, að þetta maímánaðartakmark, sem sett er í uppástungunni, sè sett með fram öllum ströndum landsins. Auk þessa er kunnugt, hvílíkan óskunda útlendir fiskarar hafa gjört í eyjunni Vigur; árið 1863 kom kæra prestsins á Stafafelli hingað til þingsins yfir því ráni, sem þá var framið, og hefir hingað til ekkert út af því komið fyrir prestinn; nú í vor gjörrændu útlendir fiskimenn eyjuna, þegar varpið var í sem beztum blóma, og það svo, að ekki var eptir eitt einasta hreiður órænt; að vísu er engin kæra komin til þingsins um þetta rán, af því að hinar fyrri undirtektir um ránið í Vigur voru árangurslausar; en allir sjá þó, að þessi óskundi er óþolandi; eg mæli því með, að nefnd verði sett í þetta mál.

Benedikt Sveinsson: Þetta velferðarmál vort er þegar komið svo langt áleiðis, að ef því er haldið áfram í réttu horfi, þá geta menn komizt að góðri niðurstöðu. Eg álít það sè skylda þingsins, jafnan að ítreka bænir sínar í þessu efni, því þess meiri hvöt hefir stjórnin til að halda sem fastast fram samningstilraunum sínum. Eg skal að eins leyfa mèr að benda á það, að þó nú línan sè dregin frá Garðskaga til Snæfellsjökuls, og hún væri viðurkennd af stjórn Frakka o. s. frv., þá sè eg samt ekki, hvernig menn hafi trygging fyrir því, að útlendir fiskarar fari ekki inn fyrir hana; það er t. a. m. ekki mögulegt fyrir herskip, að hafa svo nákvæmar gætur á þessu, að einhlítt sè; menn verða því að reyna að finna eitthvert ráð til þess, að geta «controllerað», hvort farið sè inn fyrir línuna eða ekki. Uppástunga þingmanns Borgfirðinga lýtur ekki að þessu; eg vil því leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort hann álíti, að nokkuð sè á móti því í formlegu tilliti, að nefndin útvíkki verkahring sinn, og gjöri uppástungu um,

að línan geti orðið fullkomlega vernduð; eg fyrir mitt leyti held, að nefndin hafi fríar hendur í þessu tilliti.

Forseti: Út af áskorun þingmanns Árnesinga skal eg geta þess, að eg fæ ekki betur séð, en að þetta atriði liggi í uppástungu þingmanns Snæfellinga, og sýnist því svo, sem nefndin ekki syndgi neitt á móti formi, þó hún taki það til greina.

Torfi Einarsson: Eg er samdóma þingmanni Austur-Skaptfellinga um, að það sè ekki nóg, að vernda einstöku flóa fyrir þessum ránsmönnum, heldur þurfi að vernda allt landið í þessu tilliti. Út af áskorun þingmanns Barðstrendinga skal eg geta þess, að mèr er kunnugt, að útlendir fiskarar í vor gjörrændu eggjum og skutu fugla í hólma einum við Reykjarfjörð, og var síðan tekið próf um þetta.

Guðmundur Einarsson: Eg játa það, að þetta sè eitt af velferðarmálum vorum, og hèr þurfi nauðsynlega eitthvað úr að bæta, en þegar eg lít til þess á aðra hlið, hvað liðið er á þingtímann, og hversu nauðsynlegt er, að hann verði sem stytztur bæði vegna kostnaðarins, og þess, hvað liðið er á sumar, en margir þingmenn eiga langt heim, og líka hins vegar, á hvaða stigi málið er, eptir því sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á, þá hefir mèr dottið í hug, að stinga upp á því, að málinu verði vísað forsetaveginn til konungsfulltrúa.

Torfi Einarsson: Af því uppástungurnar, sem hèr liggja fyrir, ekki eru nógu almennar, vil eg heldur, að nefnd verði kosin; hún gæti þá vísað málinu forsetaveginn, ef henni sýndist.

Jón Hjaltalín: Eg ætla að tala fáein orð, þó það líti svo út, sem menn megi ekki halda umræðunum áfram, þegar dæma á eptir þeim seðla-draugagangi, sem farinn er að gjöra vart við sig hèr í salnum. Eg skal geta þess, að eg álít það nauðsynlegt, að nefnd sè sett; það hefir sem sè að undanförnu í þessu máli aldrei verið nógu vel tekið fram, hve mikinn skaða þessir útlendu fiskarar hafa unnið bæði einstökum mönnum og hinu opinbera með því, að taka fiskinn frá okkur; eg skal í þessu tilliti geta þess, að í Snæfellsnessýslu hafa ekki minna en 22 jarðir lagzt í eyði á hinum seinustu 11 árum. Eg hefi þá tiltrú til Danastjórnar, að hún taki sanngjarnlega í málið, og gjöri það, sem í hennar valdi stendur, til að beina málinu í sem bezt horf.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, skal eg biðja

hina háttvirtu þingmenn skera úr með atkvæðum, hvort nefnd skuli setja eður eigi.

Var síðan samþykkt, að 5 manna nefnd skyldi kjósa. Þessir voru kosnir:

Hallgrímur Jónsson	með	16 atkv.
Þórarinn Böðvarsson	—	15 —
Daníel Thorlacius	—	12 —
Stefán Eiríksson	—	11 —
Torfi Einarsson	—	11 —

Var málið afhent þingmanni Borgfirðinga, sem hafði flest atkvæði til nefndarinnar.

Forseti: Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, uppástunga þingmanns Snæfellinga um fiskiveiðar; að öðru leyti álít eg sjálfsagt, að uppástungunni verði vísað til nefndar þeirrar, er nú var kosin.

Daníel Thorlacius: Eg óska að lesa uppástunguna.

Forseti: Þar mælir víst enginn í móti.

Daníel Thorlacius: Uppástungan hljóðar þannig. (Sjá II., bls. 160).

Í uppástungunni er ekki getið um nema eitt dæmi upp á óskunda af hendi Frakka, en þau eru mörg, og það lítur ekki út fyrir annað, ef þessu fer fram, heldur en að Snæfellsnes muni gjörsamlega leggjast í auðn af völdum útlendra fiskimanna. Mér er þar að auki kunnugt, að þeir líka bæði hafa rænt stórkostlega í Látrabjargi og skotið fugl í Melrakkaey á Grundarfirði, og það um sama leyti og danska herskipið hefir verið að sigla milli hafnanna í Faxaflóa og Breiðafirði; að öðru leyti gjöri eg mig ánægðan með, að uppástungunni verði vísað til nefndar þeirrar, er nú var sett í líku máli.

Forseti: Eg álít þá, að uppástungunni sè vísað til nefndar þeirrar, er nú var sett í málið um fiskiveiðar útlendra.

Þessu næst kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ályktar, uppástunga þingmanns Skagfirðinga um, að sleppa prentun lagaboða í alþingistíðindunum. Uppástungumaður er flutningsmaður, og mun hann lesa upp uppástunguna, og skýra frá því, er honum þykir þurfa.

Davíð Guðmundsson: Uppástungan hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 161).

Efnið er öllum ljóst, og því þarf eg ekki að tala frekar um

það, en sting einasta upp á, að uppástungunni verði vísað til nefndarinnar, er sett var til þess að athuga ýmislegt, er þingi og þingtíðindum við kemur.

Bergur Thorberg: Sem formaður nefndarinnar í málinu um þingfararkaup, þingtíðindin m. m., skal eg geta þess, að nefndin þegar er búin að semja álitsskjal sitt, og þar eð hún þannig hefir lokið ætlunarverki sínu, sè eg ekki fært fyrir hana, að taka móti þessari uppástungu.

Davíð Guðmundsson: Mèr virðist þessi uppástunga eigi þess verð, að ný nefnd verði kosin til þess, að athuga hana, þótt eg hins vegar vildi fá þessari breyting á komið.

Forseti: Eg sè ekkert á móti því, að málið nú þegar verði rætt sem innanþingsmál; mun eg þá á öðrum fundi láta skera úr með atkvæðum, hvað þingið af ræður í málinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr finnst málið geti orðið afgjört eptir samkomulagi milli forseta og ritnefndar alþingistíðindanna, og finnst mèr eðlilegast, að fela þeim það til úrlausnar.

Jón Hjaltalín: Eg veit þó ekki með neinni vissu, hvort það er vilji landsmanna yfir höfuð, að þetta verði fellt úr tíðindunum.

Eiríkur Kúld: Eg veit ekki, hvort það nú er hentugt, að sleppa að prenta lagaboðin í tíðindunum, því hrepparnir fá þau ókeypis, en margir eru þeir, sem ekki eiga stjórnarmálatíðindin.

Guðmundur Einarsson: Eg verð að álíta, að það sè samkvæmt almennings-vilja, að lagaboðunum sè sleppt úr alþingistíðindunum. Það er býsna-kostnaðarauki, að prenta lagaboðin, og þessi prentun verður að litlu liði, því bæði er það, að fáir kaupa þingtíðindin, og þar hjá eru lagaboðin, sem út koma, nú orðin í höndum presta, hreppstjóra, og yfir höfuð allra þeirra, sem kaupa stjórnarmálatíðindin.

Sigurður Gunnarsson: Á Austurlandi sjást varla alþingistíðindin, og veit eg fyrir víst, að enginn þar hirðir um, að lagaboðin sèu prentuð í þeim. En stjórnmálatíðindin eru mjög víða, og er ærið nóg að hafa lagaboðin í þeim.

Stefán Jónsson: Eg álít óþarft, að lagaboðin sèu prentuð í alþingistíðindunum, því það er einungis til þess, að auka kostnað, sem töluvert mundi aukast við, að öll hegningarlögin yrðu þar prentuð; þar að auki eru stjórnarmálatíðindin hjá svo mörgum, að ekki mundi það vera erfiðleikum bundið fyrir þá, sem vildu, að kynna sèr lagaboðin; þess vegna vil eg styðja uppástungu þing-

manns Skagfirðinga, að hætt sè við að prenta lagaboðin aptan við alþingistíðindin.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er þessari umræðu lokið, og mun eg á öðrum fundi bera undir atkvæði þingmanna þær tvær uppástungur, sem fram eru komnar í málinu, hvort heldur skuli ákveða, að prenta ekki lagaboðin, eða að fela forseta og ritstjórunum á hendur, að haga því svo, sem þeim sýnist bezt fallið.

Dagskrá er þá lokið, og mun eg ákveða fund á mánudaginn kemur kl. 12.

Fundi slitið.

---

13. fundur — 16. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 6. konungkjörni þingmaður. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu um, að í nefndinni um að stofna kennaraembætti í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda, er Jón Pètursson kosinn formaður og Grímur Thomsen skrifari. Sömuleiðis skal eg geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um lagaskóla; verður það lagt á lestrarsalinn og hinum háttvirta konungsfulltrúa sent eptirrit af því.

Samkvæmt dagskránni kemur nú fyrst til undirbúningsumræðu konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu. Þingmaður Árnesinga er framsögumaður, og mun hann lesa nefndarálitið fyrir þingmönnum, og skýra frá því, er honum þykir þörf á.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg skal leyfa mèr, að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II., bls. 162).

Málið er þess eðlis, að eg þarf ekki að sinni, að fara fleirum orðum um það.

Konungsfulltrúi: Hvað snertir niðurlagsatriði hinnar heiðruðu nefndar, er eg henni sjálfsagt meðmæltur, en í tilefni af því, að hún í nefndarálitinu hefir gjört ráð fyrir, að opið brèf frá 23. júlí 1819 ekki sè gildandi á Íslandi, eða að þetta kynni að vera

vafasamt, skal eg að eins geta þess, að ekki einungis stjórnin, heldur einnig alþingið hefir álitið þetta opna brèf gildandi hèr á landi, því þegar frumvarp til tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi var lagt fyrir þingið 1845, og nefnd þingsins stakk upp á mörgum breytingum við frumvarpið, datt það hvorki nefndinni nè nokkrum þingmanni í hug, að efi gæti verið um löggildi þessa opna brèfs, sem nafngreint var í 18. grein frumvarpsins, er óbreytt er orðin 18. grein í tilskipun 18. febr. 1847. Af því, að hinn þá verandi háyfirdómari landsins, Þórður sál. Sveinbjörnsson, var formaður nefndarinnar og framsögumaður, má ályktа, að vafi sá, sem í nefndarálitinu ræðir um, sè kominn upp seinna.

Framsögumaður: Orð hins hæstvirta konungsfulltrúa get eg ekki tekið sem mótbárur gegn nefndarálitinu. Eg bið þingið athuga, að í nefndarálitinu stendur einungis, að *dómstólarnir* hafi álitið það vafasamt, hvort opið brèf 23. júlí 1819 væri gildandi hèr á landi, enda væri og heldur ekki hæstarèttar «Præjudicat» fyrir því, að svo væri. Nú til nefndi hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki *dómstólana*, sem einir eru færir um, að dæma um málið, og því stendur nefndin óhrakin í þessu tilliti. Að öðru leyti er það augljóst, að þegar frumvarpið er orðið að lögum, gjörir þetta spursmál hvorki til nè frá.

Davíð Guðmundsson: Af því mèr finnst fyrsta málsgrein frumvarpsins vera svo óskiljanleg, hef eg í hyggju að áskilja mèr breytingaratkvæði við hana, ef hún kynni fyrir það að verða ljósar orðuð.

Framsögumaður: Eg hef ekkert á móti því, að þingmaðurinn taki sèr breytingaratkvæði í þá átt, sem hann til færði, og skal eg í þessu tilliti bera mig saman við hann.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ákveður svo, uppástunga þriggja þingmanna um, að skylda fastakaupmenn til, að hafa fasta bústaði á Íslandi. Þingmaður Árnesinga er flutningsmaður, og mun hann lesa uppástunguna og skýra frá málinu, að því leyti sem þurfa þykir.

Benedikt Sveinsson: Uppástungan hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 163).

Viðvíkjandi þessari uppástungu skal eg einungis geta þess, að eg ímynda mèr, að hún sè þess eðlis, að þingið gefi henni

góðan gaum, og vona eg, að nefnd verði sett. Eg tek að eins fram, að eg vona, að það stig og sjónarmið, sem málið er nú á eptir uppástungunni, verði mælikvarðinn fyrir umræðum þingmanna að sinni.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, er þessari inngangsumræðu lokið, og skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli kjósa eður ekki.

Var það síðan samþykkt með 19 atkvæðum, að nefnd skyldi kjósa.

Með því sumir þingmanna stungu upp á, að 5 menn skyldu vera í nefndinni, en aðrir upp á, að 3 menn yrðu í hana kosnir, lèt forseti þingmenn skera úr með atkvæðum, hve marga skyldi kjósa, og var 3 manna nefnd samþykkt með 13 atkv. gegn 12.

Þessir voru kosnir:

Benedikt Sveinsson með 16 atkv.
Jón Pètursson . . — 14 —
Páll Vídalín . . . — 12 —

Var málið síðan afhent þingmanni Árnesinga.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til umræðu hjúskaparmálið, um að varna sveitarþyngslum, sem rísa af giptingum fátækra ráðleysingja, og er þetta mál nú til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Þingmaður Suður-Múlasýslu er framsögumaður, og er honum heimilt að taka til orða, ef hann vill.

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Eg ætla að tala fáein orð um breytingaratkvæðin. Þau bera þess ljósan vott, að það er harðla torvelt, að finna ráð til að hepta giptingar óráðsmanna, er valda seinna sveitunum þyngsla, þannig að eðlilegu frelsi manna verði ekki misboðið um leið. Viðvíkjandi breytingaratkvæðinu undir tölul. 1., þá er þetta ein af þeim gömlu tilraunum að vilja reyna til, að koma allri ábyrgðinni á svaramennina; en gái menn betur að, þá er þessi ákvörðun ónóg, því fyrstu 2 árin standa hvað sízt þyngsli af þessum óráðsmannagiptingum; þessi ákvörðun með þeim afleiðingum fyrir svaramennina, sem hèr er stungið upp á, mundi og verða til þess, að engir svaramenn fengjust fátækum mönnum, þegar slíkt lægi við. Ákvörðunina um, að sveitarstjórnin skuli dæma um, hvort hjón hafa orðið sveitarþurfar af óráði eða óreglu eður ekki, get eg eigi heldur fallizt á, því hún gæti orðið hættuleg í framkvæmdinni. Þeir dómar hlytu að verða mjög svo misjafnir, bæði eptir misjöfnu áliti í sveit-

um, misjöfnum hag sveitanna og háttum, og það yrði og ætíð mesta vandamál að skera úr því, hvort þyngsli af fátækum hjónum væri af óráði þeirra eða ekki. Takmarkið milli ráðs og óráðs er svo vítt, eg tek svo til orða, og svo misjafnt álitið um það. Hvað 2. breytingaratkvæðinu viðvíkur, þá getur mèr heldur ekki geðjazt að því; hèr á allt að vera komið undir áliti prestanna með ráði meðhjálpara sinna; láti nú presturinn nokkuð til sín taka, þá mundi svo fara, að hann rèði jafnan mestu í þessu efni, en það er með presta eins og aðra menn, þeir geta verið grunnhyggnir, vilhallir eða of strangir; mundi þá koma fram ójöfnuður og þar af rís mörg óánægja. Eg get eigi heldur ætlað, að prestar óskuðu sjálfir, að lögin veittu þeim slíkt vald til að ráða svo giptingum manna. Þeir fá opt ámæli fyrir giptingar núna, þegar þeir ráða svo sem engu; hvað mundi þá, ef þeir hefðu þá heimild, sem hèr er ráðið til. Þá er að minnast lítið eitt á uppástungu nefndarinnar undir tölul. 3., sem hún hefir gjört eptir bendingu hins hæstvirta konungsfulltrúa. Eg er sannfærður um, að frá því fleiri helztu og beztu mönnum landsins sem þessar áminningar eða hugvekjur kæmu, því heldur mundi þær gjöra gagn; það væri og all-líklegt, að í þessum bágu árum, þegar menn finna sem mest til vandræðanna af óráðsgiptingum, þá mundi slíkum aðvörunum verða gefinn meiri gaumur, og þær styðja að því, að óráðsmenn rösuðu ekki eins fyrir ráð fram í hjúskap og þeir hafa gjört. Eg hefi eigi svo mikið á móti uppástungunni í 4. tölul., þó hún sýnist helzt eiga heima í sveitalögum.

Hvað ákvörðunina í 5. tölul. snertir, þá er sú ákvörðun til í gildandi lögum, að ógiptar persónur, sem eiga börn saman, skuli aðskiljast, og þó mundi það engu spilla, að minnzt væri á þetta í áminningum yfirvaldanna. En að persónur eigi börn saman, búi saman, sèu eigi skildar og vilji eigi giptast, það hefi eg aldrei heyrt fyr en hèr, og væri nýmæli, að setja lög til að neyða slík hjú í hjónaband.

Konungsfulltrúi: Það er rætt svo margt í þessu máli, að eg ætla ekki að lengja þingtímann með því, að fara mörgum orðum um það, en skal einungis geta þess, að eg, ef þingið ekki kýs alveg að fella málið, ekki get mælt með öðrum uppástungum þeirra, sem á atkvæðaskránni standa, en með uppástungu nefndarinnar undir tölul. 3. Eg skil þessa uppástungu á þann hátt, að ef málinu verður vísað forsetaveginn til aðgjörða hlutaðeigandi yfirvalda,

þá sè það tilgangur þingsins, að skora á þau rækilega, að brýna fyrir hreppstjórum og prestum landsins hin gildandi lög til þess, að ráða bót á því, sem ábótavant kynni að vera í sveitastjórninni, og sem — eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, að nokkru leyti stendur í sambandi við óforsjállegar giptingar, en að mestu leyti er sprottið af dýpri rót, og að uppáleggja þeim að gjöra allt, sem í þeirra valdi stendur samkvæmt gildandi lögum, til þess að efla manndáð og siðgæði, sómatilfinning og góðan félagsanda hjá meðlimum hvers sveitarfélags. Þess vegna álít eg viðaukaatkvæðin undir tölul. 4 og 5 ónauðsynleg, því þau gjöra ráð fyrir, að yfirvöldin einungis muni framfylgja bókstaf uppástungu nefndarinnar, á meðan eg gjöri ráð fyrir, að þau vilji framfylgja anda hennar. En það er aðgætandi, að þingið, þegar það sendir eitthvert mál forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda, ekki getur uppálagt þeim, að framfylgja skoðun þingsins á því máli, heldur einungis skorað á þau að taka málið til yfirvegunar og frekari meðferðar eptir því, er þau álíta réttast. Hvað uppástunguna undir tölulið 1. snertir, fæ eg ekki séð, að hún, eins og einnig hinn heiðraði framsögumaður tók fram, veiti neina verulega tryggingu í því tilliti, sem hèr ræðir um, og uppástungan undir tölul. 2. leggur eptir minni meiningu meira vald í hendur prestanna og hinna beztu sóknarmanna, en staðizt getur með hjónabandsfrelsinu, ef það á að vera lögbundið, en ekki sjálfræði einstakra manna háð.

Helgi Hálfdánarson: Eg ætla að minnast með fáeinum orðum á breytingaratkvæðin. Hvað hinu 1. viðvíkur, þar sem ætlazt er til, að svaramennirnir ábyrgist, að hjónin falli ekki sveitinni til þyngsla sökum óráðs eða óreglu hin fyrstu 2 ár eptir giptinguna, þá er þessi ákvörðun næsta hörð fyrir svaramennina, og yrði að líkindum til þess, að engir fengjust til að vera svaramenn nema fyrir stórríka menn, sem ómögulegt væri að gætu eytt eigum sínum á 2 árum. Það mundu flestir varast, að takast slíka ábyrgð á hendur. En á hinn bóginn gæti svo farið, ef þessi ábyrgð væri lögð á svaramennina, og þeir væru ekki nógu varkárir, að þeir yrðu einmitt sjálfir sveitinni til þyngsla vegna þessara útláta, svo að allt lenti á endanum á sveitinni, og væri þá sannarlega ekki mikið unnið við þetta. Eg get heldur ekki annað en álitið það alveg óþolandi fyrir svaramennina, að verða að láta sèr lynda dóm sveitarstjórnarinnar um það, hvort það sè einmitt sökum óráðs og óreglu, að hjónin hafa orðið sveitarbyrði, án þess að geta

skotið þessum dómi undir æðri úrskurð. Þetta álít eg alveg ótækt, og get því með engu móti fallizt á þetta breytingaratkvæði. Hvað hið 2. breytingaratkvæði snertir, þá álít eg mjög svo ísjárvert, að gefa prestum þá heimild eða það vald, sem það fer fram á, því bæði prestum og meðhjálpurum getur missèzt. Hèr er líka sá galli á, að þessum úrskurði presta og meðhjálpara, eða «hinna beztu» manna, sem kallaðir eru, verður ekki skotið undir æðri úrskurð, svo hèr gæti hið mesta gjörræði átt sèr stað, án þess að þeir, er giptast vildu, gætu náð rètti sínum. Auk þessa getur þetta vald eða heimild orðið prestum mjög svo óþægileg, og furðar mig því stórlega, að 2 prestar hafa verið með í því, að búa til þetta breytingaratkvæði. Ef prestunum þætti ekki ástæða til að neita, að gipta, og hjónin færu síðan á sveitina, yrði þeim sjálfsagt kennt um, og komið með gömlu ákúruna um ágirnd prestanna; en ef presturinn neitaði að gipta, en öðrum þætti ekki ástæða til þess, hlyti það að baka prestinum óvinsæld. Eins og nú er, þurfa prestar ekki annað að gjöra, en að hlýða lögunum; en með þessari heimild hlytu þeir opt að verða í óþægilegum vafa um, hvað þeir ættu að gjöra, og gætu jafnvel tæplega sloppið hjá ámæli og óvinsæld, hvernig sem þeir færu að. Eg ætla því einungis að gefa atkvæði mitt fyrir uppástungu nefndarinnar undir 3. tölulið, og jafnvel líka báðum viðaukaatkvæðunum við hana, sem eg álít bæði góð, einkum hið síðara undir 5. tölulið.

Tryggvi Gunnareson: Eg get ekki sèð, að það geti gjört nokkurt verulegt gagn, þó yfirvöldin skrifi hreppstjórum, eins og nefndin fer fram á, «að þeir leitist við, eptir því sem lög frekast leyfa, að sporna við því, að sveitarfèlögin verði fyrir þyngslum af óforsjállegum giptingum»; því það atriði vantar í lögin, sem gefur hreppstjórum nokkurt vald til að sporna við þeim giptingum, sem hèr ræðir um, eins og eg hefi áður tekið fram, og þetta virðist mèr nefndin sjálf sjá og viðurkenna, þar sem hún segir: «sem lög framast leyfa»; það bendir á, að henni þykja lögin ná of skammt í þeirri grein. Til þess að koma því fram, sem hún auðsjáanlega meinar og vill, er ekki nóg að segja, að fara skuli svo langt sem lög framast leyfa, heldur verður hún að segja hreppstjórum, að fara lengra en lög leyfa, og þess vegna get eg ekki gefið atkvæði mitt fyrir niðurlagsatriði nefndarinnar, heldur farið því fastlega fram, að lagaákvörðun sè fengin í þessu efni, svo eigi þurfi að fara fram yfir það, sem lög leyfa. Eg veit ekki,

hvað hinn háttvirti framsögumaður meinti, þegar hann var að tala um hinar heillaríku afleiðingar, sem yrðu af þessum brèfaskriptum yfirvaldanna til hreppstjóranna, nema ef vera skyldu þær, að þeir yrðu djarfari að hindra einstöku óráðsgiptingar, sem hann þó sjálfur er að berjast fyrir að sè óeðlilegt. Umkvartanir þjóðarinnar, sem nú og fyrri hafa komið til þingsins, eru ekki þær, að lögin sèu ekki notuð í þessu efni, heldur að þau sèu ónóg. Það hefir verið mikið talað um, að hindrun hjónabands sè hapt á eðlilegu frelsi; en hèr er á tvennt að líta: rètt hins einstaka og þess almenna; það er skert frelsi hins einstaka, þegar hann má ekki giptast, en það er einnig skerðing á eignarrètti og frjálsum umráðum almennings og hvers einstaks manns, þegar honum er skipað, að borga 50—60 rd. útsvar til að leggja þeim, sem í ráðleysi hafa giptzt og alið upp börn sín; hann hefir ekki frelsi til, að nota þetta fè í sínar þarfir, þó hann nauðsynlega þyrfti þess. Lögin skerða í mörgum greinum frelsi hins einstaka, til að styðja að hinu almenna gagni, t. d. með friðun sels og æðarfugls o. s. frv.; þar verður hagnaður hins einstaka manns að víkja fyrir því almenna og yfirgripsmeira gagni.

Lausaleiksbrot er siðferðislegt brot, en það er eitthvað undarlegt, eigi brot að afla manni rèttar, en það segi eg sè, þegar lausaleiksbrot, og ótti fyrir öðru broti, á að verða manni aðalástæða til að mega giptast og verða öðrum að byrði, og því get eg ekki verið samþykkur breytingaratkvæði þingmanns Barðstrendinga undir tölulið 5, «að hreppstjórar skuli styrkja prestinn í því, að ógiptar persónur, sem börn eiga saman, sèu gefin í hjónabandi».

Breytingaratkvæði hins 4. konungkjörna undir tölulið 4 ætlaeg ekki að vera margorður um. Eg vona, að þeir gefi ekki atkvæði sitt fyrir því, sem þekkja vel til sveitastjórnar; það verður að vera alveg á valdi hreppstjóranna, hve nær þeir álíta hreppunum hag að taka fátæka menn frá búi, fátæklingunum sjálfum, og börnum þeirra.

Hvað breytingaratkvæðið snertir undir tölulið 2., þá vona eg, að prestarnir sýni ekki það vantraust á sjálfum sèr, að fella það; fyrst að því hefir verið fylgt fram, að eigi væri hægt að ákveða með lögum, hve nær einn sè svo andlega og líkamlega fátækur, að hann geti ekki gengið í hjónaband nema verða öðrum til byrði, þá verður þetta að koma undir álit, og það álit vil eg ímynda mèr að falli í góðar hendur, þar sem eru prestar og beztu menn sveitanna; þó 1 af 10 prestum kynni að misbrúka valdið, þá er mikið

fengið, ef 9 af 10 prestum gætu nokkuð hindrað ráðlausar giptingar, sem bæði þeir og hver skynsamur maður hlýtur að sjá fyrir fram að verði sjálfum hjónunum og sveitinni til mótlætis og byrði.

Eg játa, að breytingaratkvæðið er ekki fullkomið, til að reisa hinar nauðsynlegu skorður, en þegar málið á svo erfitt framgöngu hjá þinginu og stjórninni, álít eg ekki reynandi, að fara lengra en þetta.

Halldór Jónsson: Eg skal einungis geta þess, að eg sem prestur engan veginn girnist að fá það vald í hendur, sem breytingaratkvæðin gefa prestunum eða sveitarstjórnunum, því það gæti leitt til hins mesta gjörræðis og aflað þeim óvinsældar eða ámælis fyrir gjörræði. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga hneykslaðist á því, að nefndin skyldi ráða til þess, að sveitarstjórunum sè gefin hugvekja um, að þeir leitist við, eptir því, sem lög frekast leyfa, að sporna við því, að sveitarfèlögin verði fyrir þyngslum af óforsjállegum giptingum, og vildi skilja það svo, sem nefndin rèði sveitarstjórunum að fara fram yfir það, sem lög leyfa, þá skil eg ekki þessa ályktun hans, enda verður hún hvergi dregin út úr nefndarálitinu; en eg vil spyrja hann, hvort hann haldi ekki, að maður í þessu efni geti áunnið mikið með góðum og skynsamlegum fortölum. Eg skal að lyktum geta þess, að eg gef ekki atkvæði fyrir viðaukaatkvæðunum undir tölul. 4 og 5, því sumpart stíga þau feti lengra en uppástunga nefndarinnar, sumpart er efni þeirra fólgið í henni.

Páll Pálsson: Eg held, að eg hafi ekki verið svo óheppinn, að hafa annan prest með mèr til að semja breytingaratkvæðið undir tölul. 2, því úr því að þingmaður Vestmanneyja var hissa á því, að prestar skyldu hafa komið fram með þetta breytingaratkvæði, þá veit eg ekki, hvað hann hefði hugsað um mig, ef eg hefði verið einn, enda sè eg ekki, að þar sè farið fram á svo mikið gjörræði, sem menn vilja leggja í það; því það væri þó sannarlega undarlegt, ef prestar með beztu mönnum einmitt skyldu sameina sig um að komast að þeirri niðurstöðu í dómum sínum, sem væri röng. Það væri þó sannarlega ekki gott mannval í þeirri sókn, sem beztu mennirnir gjörðu ranglæti af ásettu ráði. Þar sem framsögumaður sagði, að hugvekjur frá yfirvöldunum til sveitarstjóranna mundu gjöra gott gagn, einkum í þessum harðærum, þá get eg þó ekki með öllu fallizt á þessa skoðun; máltækið seg-

ir: »neyðin kennir naktri konu að spinna«, en ef harðærin, sem þó vissulega eru neyð, ekki kenna mönnum í þessu efni að sjá að sèr, þá ímynda eg mèr, að hugvekjur frá yfirvöldunum ekki gjöri það, enda er það ekki annað en tyggja upp lögin í sveitarstjórnirnar og prestana, sem eg get ekki haldið að komi að miklu liði, með því líka að slík aðferð bætir alls ekki úr þeim lagaákvörðunum, sem menn verða að játa að vanti og þörf sè á; þess vegna finnst mèr nauðsynlegt, að finna eitthvert annað ráð, en áminningar yfirvaldanna, og það gjörir breytingaratkvæði okkar undir 2. tölulið. Hvað 1. tölulið snertir, þá virðist mèr nokkuð djúpt tekið í árinni í síðustu málsgrein, þar sem sveitarstjórninni er gefið dómsvald yfir svaramönnunum, án þess nokkur kostur sè á, að skjóta þeim úrskurði til æðri yfirvalda. Hvað 2. tölul. snertir, skal eg geta þess, út af því sem hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyja sagði, að það er hvergi sagt í breytingaratkvæðinu, að ekki megi skjóta dómum presta og beztu sóknarmanna til æðra dómstóls; þetta álít eg sè sjálfsagt, eptir því sem eg skil 2. tölulið. Falli nú við atkvæðagreiðsluna 1. og 2. töluliðir, þá get eg þess, að eg gef atkvæði mitt með uppástungu nefndarinnar, heldur en að málið falli; því ekki er eg frá því, að það sè skárra en ekki neitt.

Stefán Jónsson: Eg skal leyfa mèr að stinga upp á því, að þegar gengið er til atkvæða um 1. tölulið, þá verði greitt atkvæði um hverja grein töluliðsins fyrir sig; því standi fyrsta grein töluliðsins við atkvæðagreiðsluna, en hinar falli, þá álít eg mikið unnið í þessu efni. Hvað breytingaratkvæðið undir tölulið 2. snertir, þá nær það ekki að mínu áliti augnamiði sínn, og þykir mèr mjög ísjárvert, að prestum með ráði meðhjálpara sinna sè gefið þetta vald; þeir geta allir ef til vill átt hlut að máli. Viðvíkjandi viðaukaatkvæðinu undir 4. tölulið, þá er eg samdóma því, sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga sagði þar um; hèr verður allt að vera komið undir því, sem sveitarstjórninni í það og það skipti virðist við eiga; sveitastjórnin hefir í þessu efni á mjög margar kringumstæður að líta, sem ekki er hægt að setja reglur fyrir. Hvað viðaukaatkvæðinu undir 5. tölulið viðvíkur, þá get eg heldur ekki gefið atkvæði mitt fyrir því, þar geta ýmsar kringumstæður verið til hindrunar.

Eiríkur Kúld: Að því leyti sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi áleit rèttast, að fella málið, er eg honum alveg samdóma, því

eg held, að á því stigi, sem málið enn er, verði ekkert við það gjört til bóta. Forsetavegurinn, sem nefndin hefir stungið upp á, er í sannleika eitthvert neyðarúrræði, sem lítið eða ekkert bætir. Það er nefnilega ætlazt til, að yfirvöldin áminni, biskupinn prestana, amtmennirnir hreppstjórana, til að gæta laganna í þessu tilliti, en hvað kemur út af þessu það, sem bæti úr því, sem um er beðið? Yfirvöldin geta með áminningum sínum, hvað þetta snertir, ekki gefið þær reglur, sem fara út fyrir þau nú gildandi lög, og þau leggja ei þær tálmanir á hjónaböndin, sem bænarskrárnar fara fram á. Þetta er líka ekki nein brýn nauðsyn, því hvað sem menn bera fyrir, þá er það fátæktin, sem liggur til grundvallar fyrir þessum bænum, og mèr datt í hug áðan, þegar hinn háttvirti framsögumaður taldi svo mikla nauðsyn núna, að sjá ráð til, að hepta hjónabönd, af því nú *væri harðæri*, þá sprakk bólan hjá honum; honum nefnilega varð það víst óvart, að nefna fátæktina sem ástæðu. Eg skal ekki mæla mikið með viðaukaatkvæði mínu undir tölulið 5; eg tók það einungis í því skyni, að eg var hræddur um, að uppástunga nefndarinnar yrði samþykkt. Ef það væri nokkuð, sem eg gæti gefið atkvæði mitt fyrir á allri atkvæðaskránni, þá mundi eg helzt hallast að uppástungu þingmanns Eyfirðinga um skiptinguna á 1. tölulið, þegar til atkvæða væri gengið, því þó tryggingin ekki sè mikil, þá yrði þar þó eitthvað aðhald fyrir svaramennina, sem máske fyrirbyggði að nokkru leyti þá sèrdrægni, er á sèr stundum stað, þegar t. d. ef annaðhvort ekkja með börnum, sem ekki hefir þegið sveitarstyrk, eða ógiptur kvennmaður með barni í eptirdragi, sem hætt er við að ei komist af án sveitarstyrks til lengdar, vilja giptast manni, sem á hreppstilkall utansveitar. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga hafði það mest á móti viðaukaatkvæði minu undir 5. tölulið, að eptir því liti út, sem lausaleiksbrot aflaði mönnum rèttar. Mig furðar á þessum skilningi hans á viðaukaatkvæðinu, og hann sýnir með því, að hann ekki hefir lesið það nema að hálfu leyti, því í viðaukaatkvæðinu er ekki fremur farið fram á, að fá þær persónur, sem börn geta saman og búa saman ógipt, til að innganga hjónaband, heldur en að slíta þeirra hneykslanlegu sambúð. Hvað breytingaratkvæðinu undir 2. tölulið viðvíkur, þá álít eg það alveg óhafandi, og furðar mig á, að 2 andlegrar stèttar menn hafi lèð nöfn sín undir það; því það er hált og hættulegt fyrir prestinn sjálfan, og getur enda ef til vill komið prestinum til að breyta þvert á móti guðs og manna lögum. Eptir

breytingaratkvæðinu á presturinn með ráði meðhjálpara sinna, að neita þeim persónum um hjónaband, sem hafa giptingarrètt að lögum, ef svo lítur út, að hjónabandið verði sveitinni til þyngsla. Nú vil eg spyrja, hver á að dæma um þetta? «það er sjálfsagt meðhjálpararnir ásamt prestinum», munu uppástungumennirnir segja; — en það eru líka svaramenn hjónabandsins, því það er ekki sagt, að þeir sèu meðhjálparar líka. — Svaramennirnir segja nú við prestinn: «við ábyrgjumst lögmæti hjónabandsins, og heimtum að þú giptir», en meðhjálpararnir segja: «það kann að olla sveitarþyngslum einhvern tima; þú mátt ekki gipta». Hverjum á nú presturinn að hlýða í þessu tilfelli? eg segi: svaramönnunum, því þá gjörir hann rètt og löglega — en breytingaratkvæðið hlýtur að ætlast til, að hann hlýði meðhjálpurunum, en þá gjörir hann lögbrot og það einmitt af því, að hjónaefnin eru ekki nógu rík, og þannig á þá presturinn að brjóta lög á hjónaefnum og svipta þau kristilegu frelsi. Þetta eina dæmi er nóg til að sýna, hvað breytingaratkvæðið er alveg óhafandi.

Þórarinn Böðvarsson: Það er ekki gustuk að lengja þingræðurnar um þetta mál, því þær eru orðnar helzt til of langar; eg skal heldur ekki vera langorður. Hvað 1. töluliðinn snertir, þá er það nóg, að taka það fram á móti honum, að tilskipun 30. apríl 1824 ekki hljóðar um skyldur svaramanna, heldur um skyldur presta eða það, sem þeim ber að gæta í hjúskaparmálum. Það er einnig búið að dæma breytingaratkvæðið undir 2. tölulið, og er eg á þeirra máli, sem álíta það óhafandi. Þingmaður Norður-Þingeyinga var sá eini, sem mælti því líknarmál, en þegar hann bjó til breytingaratkvæðið, gáði hann ekki að því, að hann setti gjörræði presta í stað laga; prestar þurfa að öðru leyti ekki þessa áminningu; þeir hafa hvað minnst að eiga við hjúskaparmál, nema að gæta þess, sem lögin bjóða í því efni, og hafa þeir nýlega fengið áminningu um það frá biskupi landsins, og þurfa hennar því ekki frá þingmanninum. Honum þótti lögin of lítil, en hann hefir ekki gáð að því, að uppástunga hans miðar til að upphefja öll lög. Eg gef atkvæði fyrir 3. tölulið, þó hann sè fátæklegur, svo og fyrir 5. tölulið sem nauðsynlegum; þó 4. töluliður verði að lögum, þá verður honum ekki fylgt, og stendur mèr eins og öðrum á sama um hann.

Guðmundur Einarsson: Eg gat þess við undirbúningsumræðuna, að eg ætlaði að taka mèr breytingaratkvæði, en hætti við það

þegar eg sá breytingaratkvæði þingmanns Árnesinga og þingmanns Húnvetninga, og aðhylltist breytingaratkvæði hins fyr nefnda. Umræðurnar um breytingaratkvæðið undir 2. tölulið, sem orðið hafa, lýsa því óbeinlínis, hversu mikið vantraust þingið ber til prestastèttarinnar og hinna beztu manna í sveitunum, að þeir muni reynast svo hlutdrægir, órèttsýnir og s. frv., að þeim megi ekki veita þá *heimild*, er breytingaratkvæðið fer fram á. Í þessu virðist mèr harðla mikil ósamkvæmni, þegar slíkur fjöldi er af prestum á þinginu, og þess utan, þar sem biskupinn yfir Íslandi hefir nú nýlega endurnýjað lagaboðið um meðhjálparana, og vill, að úr þeim stofnist eins konar sóknaráð, og þó skyldi ekki mega trúa slíkum mönnum fyrir að neita ekki um giptingu, nema brýna nauðsyn bæri til. Það, sem þingmaður Barðstrendinga bar fram, að breytingaratkvæðið beiddi um, að brjóta lögin, brýtur sig sjálft, því verði það að lögum, þá verður það undantekning á lögunum. Ástæðan, sem þingmaður Gullbringusýslu færði því til falls, virðist mèr ástæðulaus. Uppástunga nefndarinnar, eins og hún er nú orðuð, álít eg vel meinta, en þýðingarlausa. Viðaukaatkvæði hins 4. konungkjörna þingmanns lýsir því bezt, að hann er löngu hættur að lifa sveitalífinu og kominn inn í hið kyrrláta vísinda- og staðalíf. Og hvað málinu í heild sinni viðvíkur, þá er það sannarlega mikilvægt og einkar-áríðandi fyrir andlega og líkamlega velfarnan þjóðarinnar, að því verði beint í það horf, sem bezt á við, með hæfilegum takmörkunum giptinga-sjálfræðisins. Þó að það sè helg skylda, að aukast og margfaldast, þá eru líka til aðrar helgar skyldur, hverra þarf að gæta, að þeim verði ekki misboðið með giptinga-sjálfræðinu. Hin helga hjúskaparstètt er stofnuð til þess að verða viðurhald mannkynsins, en ekki því til tjóns og spillingar, og þar fyrir álít eg það helga skyldu, að þeim persónum verði bægt frá hjónabandi, sem fyrirsjáanlega verða stèttinni til spillingar, og það er sorglegt, komist hvorki þingið nè stjórnin að þeirri niðurstöðu.

Páll Vídalín: Það mun mörgum þykja mèr skylt að verja breytingaratkvæði mitt undir 1. tölulið, sem hefir verið hart dæmt hèr á þingi; en mönnum verður ekki kápan úr því klæðinu, að eg haldi miklum svörum uppi fyrir það, því mèr er hèr um bil sama, þó það falli við atkvæðagreiðsluna, eins og annað, sem á atkvæðaskránni stendur, því mèr líkar ekkert af því; en eg get þó ekki betur sèð, en að breytingaratkvæði mitt sè skást af þeim,

sem á atkvæðaskránni standa, og veiti helzt tryggingu. Þar sem þingmaður Gullbringusýslu talaði um út af breytingaratkvæðinu tölul. 1., að það gæti ekki átt við, með því að í tilsk. 30. apríl 1824 væri ekki talað um skyldur svaramanna, þá get eg ekki annað en stórlega furðað mig á því, að hann sem prestur skuli segja þetta, eins og hann viti ekki af því, að tilskipun 30. apríl 1824 talar einnig um skyldur svaramanna; eða getur þingmaðurinn nefnt mèr nokkurt annað lagaboð, sem ákveði skyldur svaramanna? Hvað 1. tölulið snertir, þá vil eg óska, eins og þingmaður Eyfirðinga, að greidd sèu atkvæði um hina sèrstöku liði hans hvern út af fyrir sig, og 1. liðinn aptur að orðunum «sökum óráðs« o. s. frv., og svo sèrstaklega um þau orð; síðasta lið töluliðsins geta menn þá fellt við atkvæðagreiðsluna, ef menn vilja, án þess hinir liðirnir falli, en eg bætti honum við til nákvæmari ákvörðunar. Fyrir tölulið 2. get eg ekki gefið atkvæði; hann gefur enga tryggingu, og gæti þar að auki opt orðið til mikilla óþæginda fyrir prestana. Hvað 3. tölul. viðvíkur, þá er eg samdóma þingmanni Vestur-Skaptfellinga í því, að hann sè að engu nýtur, því hann gengur ekki út á annað, en að tyggja upp lögin í sveitastjórnirnar.

Benedikt Sveinsson: Þetta mál er ekkert kappsmál fyrir mèr, og því tala eg nú strax. Eg ætlaði að minnast lítið eitt á breytingaratkvæðin á atkvæðaskránni, og skal eg þá fyrst minnast á tölulið 3. eða uppástungu nefndarinnar. Þetta breytingaratkvæði hefir fengið meðmæli hjá sjálfri nefndinni, sem náttúrlegt er, og hinum hæstvirta konungsfulltrúa; nefndin ræður til að vísa málinu forsetaveginn, þannig að konungsfulltrúi sè beðinn að fela háyfirvöldunum á hendur að sjá um, að sveitastjórnunum sè gefin *hugvekja* um, að þær leitist við, eptir því sem lög frekast *leyfa*, að sporna við því, að *sveitafèlögin verði fyrir þyngslum af óforsjállegum giptingum*; þetta er vegurinn, sem bent er á; en er það annað en að gefa ákúrur fyrir, að lögunum ekki sè hlýtt; þennan veg hvorki má nè getur þingið ráðið til að fara, enda þótt konungsfulltrúi og nefndin ráði til þess; eg álít því rèttara, að fella málið, en fara þennan veg. En eg vildi nú að því slepptu viðvíkjandi aðalefni málsins mega leita upplýsinga hjá hinni heiðruðu nefnd um það, hvað hún skilur við að sporna við *þyngslum af óforsjállegum giptingum*. Nefndin hvetur ekki til, að hindra giptingar, en hvetur til að sporna við þyngslum, sem af þeim kunna að leiða fyrir sveitirnar, eptir því sem lög framast leyfa; en er

þetta ekki óbeinlínis að hvetja til giptinga? Þá koma nú þyngslin; hvað meinar nefndin með þyngslum? Eg ímynda mèr hún geti ekki meint annað með því, en þann fjárstyrk, sem giptar persónur, sem myndað hafa «hússtètt», valda sveitarfèlögunum, með því að fjölga mannkyninu og kasta hyski sínu upp á sveitirnar. Ef að barneignin er lögleg og leyfileg, þá er líka byrði sú, er af henni leiðir, lögleg og fögur byrði, enda vill víst enginn neita, að hjónum sè leyfilegt að eiga börn saman.

Setning nefndarinnar er því sú: menn mega giptast, en sveitarstjórnin á að hamla þyngslunum af hjónabandinu; nú fljóta þyngslin mestmegnis af barneignunum, allt svo á sveitarstjórnin að sporna við því, að gipt hjón eigi börn saman, og það í lagaleyfi. Þetta vil eg biðja nefndina og þingið athuga. Enn fremur vil eg spyrja nefndina, hvað leggja eigi í orðin: «*verða fyrir*». Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður á miklar þakkir skilið fyrir það, að hann með viðaukaatkvæði sínu hefir bent á eitt úrræði, er sýnir, að það má þó leggja *eitthvað* í þessi orð! Þegar allt svo er búið — mèr liggur nærri við að segja, — að tæla þessa óforsjálu smælingja fèlagsins með ótakmörkuðu laganna leyfi til að ganga í hjónaband, og þegar lífsafkvæmin svo eru búin að tengja þá saman, já, þá á að slíta þessa aumingja sundur, og vísa þeim veg sínu út í hverja áttina. Eg vil spyrja, hvort þetta sè samkvæmt þeirri siðferðislegu og kristilegu stefnu, er liggur til grundvallar fyrir bænarskrám þeim, er til þingsins hafa komið um þetta mál? Eg tek það fram, að eg tala ekki til þess, að áfella nefndina, heldur til þess með fullum rökum að sýna, að úrræði þau, sem nefndin hefir fundið, sè óhafandi bæði að formi og innihaldi, bæði frá lagalegu, siðferðislegu og kristilegu sjónarmiði. Eg get því ekki gefið atkvæði með 3. tölulið, þó allt annað á atkvæðaskránni falli, en vil heldur alveg fella málið í þetta skipti, því það álít eg miklu betra, en að vísa því á þann veg, sem verri er en enginn. Þó verð eg að tala fáein orð um tölulið 2., þó að hinn háttvirti vinur minn, þingmaður Barðstrendinga, lèti í ljósi, að sèr þætti undarlegt, að nokkur skyldi vera þekktur að því, að vera höfundur eður faðir, eins og hann komst að orði, þessa breytingaratkvæðis. Mèr þykir það merkilegt, hvað allar þær mótbárur, sem fram hafa komið móti því, eru ófugar, og hver þvert á móti annari. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að það væri «hált» eða «hálft», eg tók þó víst rètt eptir honum, að hann segði það væri

«hált», þá er það sama sem «sleipt», og það er öldungis satt, að breytingaratkvæðið er það; en þess vegna eiga þingmenn svo örðugt með að fella það. Þess vegna festi eigi á því mótbárur þingmanna, ekki einu sinni hin skörpu skeyti þingmanns Barðstrendinga. Það stendur óhrakið. Menn vilja þá fella breytingaratkvæðið af gagnstæðum ástæðum. Sumir segja það geti prestunum of *mikið* frelsi, en aðrir segja of *lítið;* þetta sýnir, að breytingaratkvæðið er í raun réttri «hált» og ósigrandi, það er að segja: það er vel hugsað, fyrst að það verður ekki fellt með öðrum vopnum en þeim, er koma sitt úr hverri áttinni og eyðileggja sjálf sig. Eg vil einungis svara mótbáru þeirri, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók fram, sem sè, að prestarnir fengju of *mikið* vald. Sè nú svo, að breytingaratkvæðið geti prestum of mikið vald, verður mèr örðugt að halda svörum uppi fyrir það, því eg vil með engu móti skerða eðlilegt frelsi manna um of, og gætu prestar gjört það eptir breytingaratkvæðinu, þá skyldi eg vera móti því. En það er alls engin sönnun fram komin fyrir, að svo sè, en hana heimta eg; eg heimta hreina og beina sönnun fyrir því, að það brjóti grundvallarreglurnar fyrir eðlilegu frelsi manna. Þar stendur: «*Heimilt* skal prestum», o. s. frv.; með því er þeim einungis gefið *leyfi* til, að neita giptingu, en alls enga *skyldu* hafa þeir til þess, eins og hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu vildi leggja í það. Þeir mega heldur ekki neyta þessarar heimildar einsamlir, heldur að eins með ráði meðhjálpara sinna eða »beztu manna». Hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu hèlt, að hugvekjur þær, sem nefndin stingur upp á að gefa skuli sveitastjórnunum, muni koma að miklu haldi. Hann hefir og áður tekið fram, að miklu mætti til leiðar koma í þessa stefnu með samtökum af hinum beztu mönnum. En má eg spyrja: Útilokar breytingaratkvæðið undir 2. tölulið þessi samtök? Þegar nú prestum einungis er *heimilað,* að neita slíkum giptingum, þá held eg, að skynsamlegar fortölur og góð ráð megi sèr meira hjá persónum þeim, sem giptast vilja, þegar þær vita, að presturinn *getur* neitað þeim um hjónabandið, en þó ekki er skyldugur til þess. Eg get því ekki sèð, að prestum sè hèr of mikið vald veitt, heldur svo eðlileg og föðurleg umhyggja og forsjá, sem samboðin er stöðu þeirra og köllun, sem mest má verða. Eg verð miklu fremur að vera samdóma einum hinna háttvirtu meðuppástungumanna minna, þingmanni Dalamanna, að það lýsi of miklu *vantrausti* á prest-

unum, að vilja hafna breytingaratkvæði þessu. Það hefir verið sagt, að þetta mundi freista prestanna, til þess að ganga of langt í því, að hindra giptingarnar; aptur hafa aðrir sagt, að ágirnd presta mundi halda í á hinn bóginn, eður að svo mundi verða á-litið að minnsta kosti; en eg skal sýna, að svo er ekki. Vèr erum allir samdóma um, að ekki megi leggja nein bönd á hjónabandið, nema því að eins, að *almenn borgaraleg nauðsyn krefji*; því þessu skilyrði er frelsi hins einstaka bundið. Eg vil nú spyrja, hvort í breytingaratkvæðinu ekki sèu settar rèttar skorður fyrir, hvernig heimildar þessarar skuli neytt, svo allt komi heim. Það stendur með berum orðum, að ekki megi neita um giptingu, nema þegar *auðsjáanlegt* sè, að ekki geti hjá því farið, að hjónabandið verði sveitarfèlaginu að vandræðum eða byrði. Setjum eitt dæmi: Ef hèr inn á þingsalinn væri nú lagt þingvitni, er sannaði, að í sveit nokkurri, þar sem jafnvel efnamaðurinn ekki hefir annað að leggja sèr og sínum til munns, en maðkað korn, ætti nú að gipta einhverjar óráðs- og óreglupersónur, sem auðsjáanlega mundu með fjölskyldu sína koma á sveit þeirra, hvort sem það nú væri sveit sú, er þau giptast í eða önnur — nomina sunt odiosa, en eg þekki dæmi ekki mjög langt burtu, sem sýnir, að góður klerkur hefir færzt undan í líku tilfelli sem þessu, — væri það þá ekki æskilegt, að lög *leyfðu*, að presturinn með ráði beztu manna *gæti* tálmað slíkri giptingu? Þingið gæti að því, að mannlegt frelsi og almenn borgaraleg nauðsyn hafa svo mikil áhrif hvort á annað, og eru svo tengd hvort öðru, að sambandið má ei og getur ei slitnað. Fátæktin í einni sveit verkar á alla; húu verkar ekki að eins á óráðs- og óreglumanninn, heldur og á ráðdeildar-, dugnaðar- og efnamanninn. Og er það rètt, að óráðsmaðurinn steypi dugnaðarmanninum og öllu sveitarfèlaginu í örbyrgð, þegar komið verður í veginn fyrir það? Eg bið þess vel gætt, að til þess að neitunin sè heimil, verður það að vera *auðsjáanlegt* í hverju einstöku tilfelli, að hjónabandið verði sveitinni til byrðar; en það á ekki að líta á fátæktina eingöngu, eins og þingmaður Barðstrendinga sagði; það væri líka óskynsamlegt, því guð blessar opt fátæktina, heldur á að líta á allar kringumstæður, og einungis þegar þær *allar* bera þess *ljósan* vott, að óumflýjanlegt sè, að hjúskapurinn færi til vandræða, einungis *þá* má neyta þessa lagaleyfis eptir uppástungunni. Eg get ekki sèð, að þetta *mat* eða *álit* skerði mannlegt frelsi. Það kemur svo þráfaldlega fyrir í lögunum, að löggjafinn

hefir orðið að binda sig við þetta mat eða álit á atvikum og kringumstæðum. Eg vil taka t. d. grundvallarreglu, sem gengur í gegnum öll þau hegningarlög, sem ekki einskorða upphæð hegningarinnar innan vissra takmarka, t. a. m. hegningarlögin nýju fyrir Danmörku og Ísland. Hèr fer stærð hegningarinnar eptir mati á öllum kringumstæðum. Mörgum kynni að sýnast, að hèr væri dómstólunum of mikið vald gefið; þeir gætu sett hegninguna of hátt eða of lágt, eptir því sem þeir liti á málavöxtu. Enn fremur vil eg tiltaka rèttinn að sitja í óskiptu búi, þegar hann annars er kominn undir leyfi, hann er einnig kominn undir mati og áliti. Sama er og að segja um það, þegar myndugur maður er gjörður ómyndugur; þar er hið persónulega frelsi skert eptir mati. Ekki satt? Eptir tilskipun 11. september 1839, 14. grein, er það og undir mati komið, hvort álíta skuli einn mann dauðan; hèr er þó talað um orðinn hlut, er mætti heimta sönnun fyrir. Það stríðir þess vegna ekki móti almennum grundvallarreglum laganna, að hjúskaparrètturinn undir hinum framteknu skilyrðum sè kominn undir mati og áliti. Það er og aðgætandi, að ef nokkur prestur verulega *misbrúkaði* heimild þessa, þá stendur hann undir opinberum dómi skynsemi og sanngirni, eigi að eins sinna beztu sóknarbarna, heldur og allra manna um land allt. En eg er sannfærður um, að engir prestar, engir meðhjálparar og engir beztu menn mundu þvílíkt gjöra. Eg verð að halda því fast fram, að eigi nokkuð að gjöra við mál þetta nú, þá sè ekki annar vegur farandi en sá, sem tölulíður 2. bendir á. Bænarskrárnar biðja um, að hindra giptingar óráðs- og óreglumanna, en biðja ekki sveitarstjórnirnar að gjöra það, sem þeim er ómögulegt, nefnilega að hindra afleiðingar þeirra. 2. tölulíður skerðir alls ekki kristilegt frelsi manna; það hefi eg sannað. Þingið má því fella hann, því þá er allt málið fallið, það hefi eg einnig sannað. Eg vildi ekki fara skemmra en gjört er í tölulið 2., og því gat eg ekki gefið atkvæði með tölulið 3., en eg vil nú heldur ekki fara lengra, og því verð eg að vera á móti 1. tölulið; að samþykkja hann, væri sama sem að fella málið, því slíkt getur eptir minni hyggju aldrei orðið að lögum gjört. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat heldur ekki mælt með honum, sem von var, því hann leggur svaramönnum þær skyldur á herðar, sem enginn mundi vilja að sèr taka, og væri það því sama sem að hindra alveg hjónabandið, því auðsjáanlegt er, að enginn svaramaður fengist til að ábyrgjast

þannig ókomna tíð; það væri sama sem að skrifa skuldbindingarnafn sitt á autt blað, er síðan mætti fylla út með svo og svo mikilli peningaupphæð. Hver ætli vildi gjöra það? Alls ekki hinn háttvirti uppástungumaður og vinur minn. Hann er of skynsamur til þess. Eg skal nú ekki mæla meira með 2. tölulið, en einungis ítreka það enn á ný, að eg álít, að það sè sá eini vegur, sem farinn verði til að forðast sveitarþyngsli af giptingum þessum. Eg á að bera þingmanni Barðstrendinga skilaboð frá einum af meðuppástungumönnum mínum, þingmanni Norður-Þingeyinga, að hann hafi misskilið hann, er hann sagði, að eptir viðaukaatkvæðinu undir tölulið 5. fengju menn rèttindi við lausaleiksbrotið; hann þóttist nefnilega ekki þurfa að taka fram þá málsgreinina, að slíta skyldi ósæmilegri sambúð, því slíkt væri með lögum skipað, og hèr ræddi að eins um nýmæli, en ei gildandi lög.

Pètur Pètursson: Það var játað bæði af mèr og fleirum af mínum heiðruðu meðnefndarmönnum þegar við undirbúningsumræðuna, að niðurlagsatriði nefndarinnar væri nokkuð fátæklegt, og dettur mèr ekki í hug, að neita því. Þess meiri hefir og freistingin verið fyrir þá, sem mikið vilja gjöra út af máli þessu, að koma með breytingaratkvæði. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga bað nefndina um svo margar upplýsingar, að eg man fæst af því. Þó man eg það, að hann lèt fyrri hluta greinarinnar standa; þannig spurði hann ekki, hvað forsetavegur, konungsfulltrúi, háyfirvöld og sveitastjórnir væru, en þar á móti spurði hann, hvað væri þyngsli. Honum hafði skilizt, að sú væri meining nefndarinnar, að barnaeignin væri sú einasta orsök til sveitarþyngslanna, en það hefir nefndinni aldrei til hugar komið, og eg vil skjóta því til hins háttvirta þings, hvort ekki sèu margar aðrar orsakir til þeirra. Hann leggur alla áherzluna á að hindra giptingarnar, en tilgangur nefndarinnar var að sporna við þyngslum þeim og vandræðum, sem af þeim fljóta, því að ómögulegt er að hindra giptingarnar, án þess að takmarka mannlegt frelsi um of. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefir skilið nefndina rètt; það sèr maður á viðaukaatkvæði hans undir 4. tölulið, þó að spursmál sè, hvort að úrræði það, sem hann þar kemur með, sè sem tiltækilegast. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði einnig, að nefndin hefði ekki fullnægt ósk beiðandanna; það er satt, nefndin hefir ekki gjört það bókstaflega, því hún treysti sèr ekki til þess. En eg held, að nefndir hèr á þinginu sèu engan veginn skyldugar til, að halda

sèr við bókstaf bænarskránna, því það mætti þá allt eins senda þær eins og þær koma. Þingmaðurinn var einnig að til færa dæmi upp á, að lögin víða yrðu að styðjast við *mat* eða *álit* á kringumstæðum; en dæmið, sem hann til færði um dauðan mann, sannar alls ekkert, því þar er talað um orðinn hlut, en hèr ræðir um hið ókomna, og á dæmið þess vegna ekki hèr við. Um 1. tölulið á atkvæðaskránni ætla eg ekkert að tala. Hvað 2. tölulið snertir, þá ætti mèr eptir embættisstöðu minni að geðjast vel að honum, þar sem hann rýmkar svo mjög vald presta, en sem þingmaður get eg þó ekki alveg fallizt á hann. Hvað þá fyrst snertir form hans, þá furðar mig, að það skuli ekki vera betra, þar sem þó svo skarpvitur lögfræðingur stendur fremstur í flokki undir honum. Í byrjun greinarinnar stendur: «með ráði meðhjálpara sinna *eður* hinna beztu sóknarmanna». Eg vil nú spyrja, hvað þetta *eður* þýðir? á það að vera útskýring á meðhjálpurunum? eða er meiningin, að einhverjir aðrir sèu beztu mennirnir? Sè hèr meint til meðhjálparanna, þá getur mjög opt svo verið, að hreppstjórar, sem þó vanalega eru beztu menn í sóknunum, sèu ekki meðhjálparar; það er allopt, að þeir búa svo langt frá kirkjustaðnum, að þeir geta ekki verið það. Það gæti þá risið stríð og sundurþykkja út af þessu, því opt hefir það verið sagt um presta, að þeir væru fúsir á að gipta suma, sem að hreppstjórarnir væru mjög á móti að giptust. Hèr er ekki skarpt fram tekið, hvað meint sè með hinum «beztu mönnum». Mèr liggur nærri við að hneykslast á, að þessum dómi prestanna skuli ekki mega skjóta til æðri úrskurðar; það verður nokkurs konar hæsti rèttur í hverri sókn. Eg er enginn lagamaður, en eg held þó, að sèrhver lagagrein þurfi að byggjast á auðskildum og óyggjandi grundvelli, og ef að gjöra ætti 2. tölulið að lögum, þá þyrfti að vera skýrt ákveðið, hvað skilja ætti við þetta «*auðsjáanlegt*». Hinn háttvirti þingmaður fann þetta sjálfur, því hann brúkaði svo mörg orð til þess að útlista, hvað við það mætti skilja, og voru þau að vísu skynsamleg, eins og við mátti búast, en þetta þyrfti að vera fast-ákveðið. Reyndar held eg nú, að enginn löggjafi mundi veita prestunum slíkt æðsta dómsvald. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga hèlt, að leyfilegt væri, að takmarka mannlegt frelsi, og færði til dæmis aukaútsvarið, en eg held, að sitt sè hvað, hlutar frelsi og persónulegt frelsi; með þessu bygg eg því svarað. Eg held, að það, sem nefndin hefir gjört, sè ekki svo óljóst, en auðvitað er, að fetta má fingur út í það, eins og

flest annað. Mig furðar stórlega, að menn skuli álíta allar upphvatningar og áminningar ónýtar og árangurslausar. Mig tekur það mjög sárt, ef svo væri, því eg get í minni embættisstöðu engu öðru beitt, enda trúi eg ekki öðru, en þær hafi nokkurn árangur. Menn þurfa ekki að gjöra ráð fyrir neinu hirðuleysi hjá sveitarstjórnunum, til þess að góðar bendingar, bæði frá sýslumönnum og prófstum, gætu komið þeim að góðum notum opt og tíðum. Svo menn sjái, að mèr er þetta ekki kappsmál, skal eg játa, að árangurinn af störfum nefndarinnar hefir orðið minni, en eg vildi hafa óskað. En vèr sáum oss ekki til neins, að fara fram á það, sem vèr ekki gátum mælt með.

Jón Hjaltalín: Eg skal ekki verða langorður, því það er búið að tala allt of mikið í þessu máli. Eg held, að þessar áminningar og hugvekjur frá forseta og konungsfulltrúa hafi litlar afleiðingar, því vèr erum búnir svo opt að reka oss á, að þær verða ekki nema að spotti. Það er einn siður á landi voru, sem útlendum þykir nokkuð skritinn, og það er, að menn biðja um allt, en skipa ekkert. Þannig segir húsbóndinn við vinnumanninn: «Ætli þú vildir ekki gjöra svo vel, og gjöra að tarna fyrir mig». Þessar bænir og áminningar eru ekki annað, en gefa löndum vorum steina fyrir brauð, og ekki þurfa menn að halda, að næsta þing sleppi fyrir bænarskrám fyrir þetta. Eg get hvorki verið með 3. tölulið nè hinum fyrsta, því þó hann sè vel meintur, þá er þó ekkert gagn að honum, því það er sjaldnast, að menn fara á sveitina á fyrstu 2 árunum. Mèr hefði þótt 2. töluliður góður, ef hann hefði verið dálítið öðruvísi orðaður, svo að dálítill mergur hefði verið í honum. Það er eins og hinn háttvirta þingmann Árnesinga hafi grunað, að hann mundi fá mótbyr, og þess vegna hefir hann viljað rifa seglin í tíma. Eg vildi óska, að hann hefði siglt fyrir fullum seglum. Ef hann hefði sagt: «*skylt* skal prestum«, þá hefði eg verið með honum, því það er sannarlega skylda prestanna, að hamla sveitarþyngslum eptir megni. Eg veit, að hann hefir orðað greinina svona, af því hann hefir óttazt, að hitt mundi leiða til gjörræðis, en það held eg varla þurfi að óttast, þegar prestarnir eiga að hafa beztu menn í ráði með sèr. Eg vildi helzt, að mál þetta væri alveg búið, því það er sá Sisyphussteinn, sem þingið er allt af að rembast við, en aldrei fær úr stað fært, fyr en það fær meira vald en nú. Eg mun sitja fyrir öllu því, sem

fram er komið á atkvæðaskránni, nema tölulið 2.; fyrir honum held eg að eg verði að standa upp.

Framsögumaður: Mèr dettur nú ekki í hug, að fara að rekja upp öll þau ummæli og mótmæli, sem komið hafa fram um uppástungu nefndarinnar. Eg ætla einungis að ítreka aptur fátt eitt um sum atriðin á atkvæðaskránni, til að sýna stuttlega, hvað ónóg og jafnvel ill þau hjálparráð eru, sem þar eru lögð. 1. ráðið er nærri ónýtt, því sjaldnast er það, að hjón komast á sveitina fyrstu 2 árin. Hins vegar gæti þessi ákvörðun opt orðið til þess, að ómögulegt yrði fyrir hjónaefni, sem ekki sýndust efnileg, að fá sèr svaramenn, og gæti sú hindrun opt orðið til verra, og legði of mikið hapt á frelsi manna. Um 2. tölulið hefir svo margt verið talað, að eg mun litlu geta við bætt. Ef að prestum væri heimilað, að neita um giptingu móti lögum, gæti neitun sú orðið opt á misjöfnum rökum byggð; og þó þeir eigi að hafa beztu menn í ráðum með sèr, þá er auðskilið, að þessi heimild gæti allt eins leitt til gjörræðis fyrir það; ýmist gæti presturinn ráðið mestu, ýmist þessir hinir beztu menn; þetta «auðsjáanlega» er svo viðsjáll mælikvarði, og mundi stundum sinn hafður í hverri sveit. Það er auðskilið, að hèr um gæti orðið hlutdrægni af venzlum, vináttu, skyldugleika, eigin hagsmunum hverrar sveitar, og margt fleira, og það eru ill lög og óhafandi, sem alla vega má fara í kring um og geta auðsjáanlega leitt til ójafnaðar. Þetta eru nú aðalgallarnir á þessu breytingaratkvæði. Úrræði nefndarinnar hafa fengið misjafna dóma; sumir segja, að þau sè sama og ekki neitt, og betra sè að fella málið alveg, en aðhyllast þau; þessu get eg þó ekki verið samdóma. Eg held það geti verið til mikils gagns, að sveitastjórnirnar fái heilræði og áminningar um, að gæta vandlega laganna um hjúskaparmál og annað, sem kæmi viti fyrir menn; lögin banna þó víst ekki, að gefa áminningar og heilræði. Það hefir verið gjört hèr gys að því, að eg sagði þessi bágindi, sem nú eru, mundu hjálpa til, að heilræðum og áminningum yrði betur hlýtt. Það var ekki hègómi, þó eg segði þetta. Þegar menn eru í vanda staddir, þykja þeim góð ráð dýrmæt, og eru þá fúsari að fylgja þeim en ella. Eg get ekki skilið, að heilræði og áminningar frá háyfirvöldum landsins gætu orðið til spotts eða hneykslis, og það sízt, þegar svo stendur á, sem nú. Eg held þvert á móti, að sveitastjórnirnar tækju þeim með ánægju, þess vegna get eg ekki verið því samþykkur, að úrræði nefndarinnar sèu verri en ekki neitt; eg

vil, að menn fallist á þessa tilraun, til þess að reyna, hvort hún yrði ekki að gagni. Það hefir líka verið sagt, að greinin væri óljós; það get eg ekki fundið. Það, sem stungið hefir verið upp á, til að hindra óráðsgiptingar, gæti að vísu hindrað þær nokkuð, en það hindraði alls ekki sveitarþyngsli af barneignum og óreglu foreldra. Til að koma í veg fyrir vandræði af óráði og óreglu manna í hjúskap og utan hans, held eg væri farsælasta ráðið, að prestarnir kostuðu alls kapps um, með aðstoð beztu manna í sveitinni, að siða og ala vel upp hina uppvaxandi kynslóð, og efla og glæða góðan félagsanda. Það er nú á þingsins valdi, hvað það gjörir við málið, en réttara held eg væri, að aðhyllast nefndina en fella málið alveg.

Halldór Kr. Friðriksson: Þegar mál þetta er nú hèr komið í 4. sinni, þá ætti þingið að vera orðið sannfært um, að þetta er sá Sisyphus-steinn, sem enga leið getur komið, og færi því bezt að hætta við það. Eg skal nú ekki tala margt um 3. tölulið; það er margt búið út á hann að setja, og eg get heldur ekki sèð, að hann sè til neins gagns. Þegar það er meiningin, að reyna skuli með góðum ráðum og skynsamlegum fortölum að sporna við giptingum þessum, þá er óþarfi, að gefa neinar áminningar um það, nema ef svo væri tilætlazt, að yfirvöldin gjörðu ekki skyldu sína, og að fólk giptist móti lögum, en um það hefir enn engin umkvörtun komið. Það getur vel verið, að skynsamlegar viðræður og góð ráð megi mikils, en prestar og sveitastjórnir þurfa ekki áminningar við í þessu efni. Sveitastjórnirnar þurfa ekki að fá meira vald, en þær hafa; það sýnir dæmi hins háttvirta þingmanns Norður-Múlasýslu. Eg fyrir mitt leyti get ekki heldur fallizt á neitt af breytingaratkvæðum þeim, er á atkvæðaskránni standa, en verð þó að vera samdóma þingmanni Húnvetninga, að breytingaratkvæði hans undir 1. tölulið sè þó skást, því í því er þó »*positiv*» ákvörðun, en hún getur valdið þrasi og ruglingi; því að þegar sveitarstjórnin á að dæma um, hvort menn hafi komizt á sveitina sakir óráðs og óreglu, eða af öðrum ástæðum, þá geta orsakirnar opt verið svo margvíslega samantvinnaðar, að næsta hæpið er úr að skera, og því hæpnara verður, að fela það sveitarstjórninni, að skera úr því. Eg held því, að þessi töluliður geti ekki fengið meðmæli. Þá kemur nú þessi 2. töluliður, sem þingmaður Árnesinga mælti svo mikla bót. Einn af hinum heiðruðu uppástungumönnum sagði, að það lýsti vantrausti á prestunum, ef menn ekki

fèllist á þessa uppástungu. Eg segi fyrir mig, að eg treysti prestunum til hins bezta, en þeir eru þó menn, eins og vèr aðrir, og því treysti eg þeim ekki til, að sjá fyrir óorðna hluti. Breytingaratkvæðið er sannarlega »hált», því það gefur prestunum of mikið vald, og þar sem þingmaður Árnesinga mælti fram með breytingaratkvæðum af þeim ástæðum, að prestunum væri að eins heimilað að synja um hjónaband, þá verður hann að gæta þess, að *heimild* er vald, en *skylda* er ekki vald. En með þessu yrði prestunum sett í sjálfs-vald, að neita giptingu, þegar þeir vildu, og það vil eg með engu móti. Þingmaður Árnesinga sagði, að lögin yrðu opt að styðjast við *mat,* en það er á því, sem fram er komið, en hèr er um hið ókomna að ræða, og að eg taki hið sama dæmi sem hann tók, þá eru menn ekki gjörðir ómyndugir af því, að þeir *muni* sóa eigum sínum, heldur af því þeir *hafa sóað* þeim. Eg verð að neita, að það sè nokkuð *auðsjáanlegt,* sem ókomið er. Eg á að skila kveðju frá hinum háttvirta sessunaut mínum, þingmanni Barðstrendinga, til þingmanns Árnesinga, og biðja hann að skila til þingmanns Norður-Þingeyinga, er hann bar skilaboðin fyrir til þingmanns Barðstrendinga, að þótt það sè með lögum skipað, að ósæmilegri sambúð skuli slíta, þá muni bæði honum og flestum kunnugt, að slíkt þó viðgangist, og sè því ekki ástæðulaust, að gefa nýjar áminningar um þetta efni.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú einungis upp til þess að láta þinginu í ljósi, hvernig eg muni greiða atkvæði í þessu máli. Mèr þykja umræðurnar um þetta vera orðnar svo langar, að eg get vel ímyndað mèr, að kostnaður sá, sem af umræðunum flýtur, vegi alls ekki upp á móti því, sem upp úr máli þessu hefst á endanum. Þingið hefir fleirum sinnum haft þetta mál til meðferðar, og aldrei getað fundið nein ráð því til styrktar, og það er þó sannarlega sorglegt. Uppástungur þær, sem hèr liggja fyrir, eru líka flestar svo lagaðar, að eg álít máli þessu ekki að borgnara með þeim. Það hafa margir álitið nokkuð unnið við 1. tölulið á atkvæðaskránni, nefnilega um þessa svaramanna-ábyrgð, en eg get fullvissað þingið um það, að sú svaramanna-ábyrgð, sem þar er farið fram á, er þýðingarlaus. Eg hefi um lengri tíma gegnt hreppstjórnarstörfum, og hefi reynslu fyrir mèr í því, að þessir óráðs- og óreglumenn koma fyrst sveitunum til þyngsla eptir 4 til 5 ár, en alls ekki 2 fyrstu árin, og af þessari ástæðu get eg ekki gefið atkvæði mitt fyrir þessu breytingaratkvæði. Hvað tölulið 2. á atkvæðaskránni

snertir, þá er hann sá eini, sem eg fellst á, og vilji menn gera nokkra tilraun til að hlynna að máli þessu, þá ætti þingið að samþykkja þennan tölulið. Það er sannarlega merkileg sú mótbára, sem hefir komið fram frá fleiri þingmönnum, að beztu menn í sókninni ásamt sóknarprestinum, megi ekki hafa neitt á móti giptingu þeirra manna, sem auðsjáanlega verða strax eptir giptinguna sveitarfèlaginu að byrði, og eg álít, að þingið með sóma sínum geti ekki verið á móti þessu, þar sem svo hárómaðar raddir hafa optsinnis komið til þingsins úr ýmsum hèruðum landsins um þetta efni. Hvað 3. og 4. tölulið á atkvæðaskránni áhrærir, þá er í þeim ekki annað fólgið en það, sem hver sveitarstjórn hefir haft fyrir mælikvarða í sínum verkahring; sveitarstjórnirnar hafa virkilega farið svo langt, sem lög frekast leyfa, og því er þessi ákvörðun nefndarinnar í 3. tölulið öldungis þýðingarlaus, og sama er með 4. tölulið; í honum liggur alls ekki annað, heldur en það, sem almennt gengst við meðal sveitarstjórnanda. Eg ætla svo ekki að tala meira um þetta mál, og sem sagt gef einungis atkvæði mitt fyrir tölulið 2.

Hjálmur Pètursson: Af því eg hef áður á þingi átt nokkurn hlut að þessu máli, en býst við, að atkvæði mitt falli á móti flestu, sem stendur á þessari atkvæðaskrá, sem sumum kann að virðast kynlegt, vegna þess hvern hlut eg hef átt að málinu áður, þá vil eg með fám orðum lýsa meiningu minni og gera grein fyrir atkvæði mínu.

Eg er enn alveg sömu meiningar, og eg hef áður verið, um það, að mál þetta, sè áhugamál landsmanna, og það sè mjög nauðsynlegt, að sporna við of sjálfráðum hjúskap óráðs- og óreglumanna, og er eg í alla staði samdóma þeim mönnum, sem hafa talað í þá átt; það er alls ekki of mælt, að af slíku leiði vandræði og ófrelsi, eins og þingmaður Norður-Þingeyinga gat um, og vil eg bæta því við það, sem hann sagði, að af þessu leiðir ekki einungis ófrelsi og eignatjón fyrir þá, sem verða fyrir þyngslum af þessum óráðs- og óreglu-manneskjum, heldur og líka er það hið mesta ófrelsi og armæða fyrir persónurnar sjálfar, þegar þær vegna óráðs og óreglu, og þar af leiðandi fátæktar, hljóta að skiljast að, og sviptast fjárráðum og fullu frjálsræði.

Það var engan veginn af því, að eg ekki áliti brýnustu þörf á lagfæringu í þessu efni, að eg ekki áskildi mèr breytingaruppástungu við undirbúningsumræðuna, heldur af því, að eg var áður

búinn að reyna, hvað vandasamt er að finna hinn rètta veg í þessu efni, og þessi atkvæðaskrá sýnir, að þeir eru fleiri, sem veitir ervitt að finna hann, því eg fæ ekki sèð, að neitt af því, sem á henni stendur, bæti að neinu gagni úr umræddum vandræðum. Það er sumum þingmönnum kunnugt, að eg hefi áður mælt með svaramanna-ábyrgðinni, og það gladdi mig, að heyra, að hinn háttvirti vinur minn, þingmaður Barðstrendinga, er nú kominn á sömu skoðun; og gefur þetta góðan grun um, að menn sèu að færast nær því að hlynna að málinu, og sjá þörfina; en þó eg sem fyrri sè þeirrar meiningar, að hæfilega þung og heppilega löguð ábyrgð á svaramönnum sè eitt hið fyrsta og helzta, sem í þessu efni gæti að gagni komið, get eg samt ekki fallizt á breytingaratkvæðið undir 1. tölulið, eins og það er lagað, og enda ekki heldur, þó því verði skipt til atkvæðagreiðslu, eptir uppástungu þingmanns Eyfirðinga, því eg óttast fyrir, að dómarnir geti fallið ýmislega um það, af hvaða orsökum menn verða öðrum til þyngsla; ófyrirsjáanleg slys og uppáfallandi tjón getur orsakazt af óreglu og óráði, en sem þó er opt vandasamt, og jafnvel ómögulegt, um að dæma.

Uppástunga þeirra 4 þingmanna undir tölulið 2. þykir mèr þýðingarlítil, því þó prestar og meðhjálparar synji einum um hjónaband eptir þessu leyfi, getur hann klagað fyrir yfirvaldinu, sem þá hlýtur að dæma eða úrskurða eptir gildandi lögum.

Uppástunga nefndarinnar undir tölulið 3. ætla eg að gefa atkvæði mitt, ekki af því, að eg búist við, að hún verki mikið, heldur til þess, að fella ekki málið með öllu. Eg get ekki álitið þessa uppástungu ranga eða ljóta, eins og mèr skildist þingmaður Árnesinga vilja sýna; eg álít hana meinlausa og gagnslitla, en sem sagt ætla þó að gefa henni atkvæði mitt, einungis í því skyni, að málið falli ekki alveg niður.

Viðauka-atkvæðið undir 4. tölulið hefir þingmaður Eyfirðinga sagt um hið sama, sem eg vildi segja, en eg skal bæta því við uppástungu hans, að líka er það siðferði, barnauppeldi, meðferð og hagtæring á efnunum, og margt fleira, sem sveitarstjórnir þurfa að líta á, þegar þeir eiga að dæma um, hvort hjón eigi að vera við búskap eða ekki.

Viðauka-atkvæðið undir tölulið 5. held eg sè óþarft, það mun vera skylda að af stýra hneykslunum.

Hallgrímur Jónsson: Það þykir mèr mikið bágt, ef þetta

mál fellur og verður að engu, eins og helzt lítur nú út fyrir, þar sem að hver höndin og tungan er svo að segja upp á móti annari. Eg lèt það þegar í ljósi við inngangsumræðuna, að þetta væri það nauðsynja-mál, sem raunar ekki hefði fengið góða áheyrn hjá stjórninni, en að ný nefnd, sem nú yrði sett, fyndi má ske eitthvert gott ráð, sem að gæti fengið náðuga áheyrn hennar, og eg vil ekki fella þetta mál þess vegna, þó að það fari fram á það sama, sem áður hefir ekki orðið bænheyrt, því eg sè það, að vèr reynum þó frá þessu þingi að biðja aptur um hið sama, sem stjórnin ekki hefir getað aðhyllzt að undanförnu. Eg, eins og aðrir, vil þá í stuttu máli gjöra grein fyrir atkvæðagreiðslu minni um það, sem hèr stendur á atkvæðaskránni. Það fyrsta vil eg helzt, því mèr virðist þó töluverð trygging í því, að svaramennirnir hafi þó nokkra ábyrgð. Eg er ekki svo hræddur um, að ábyrgð svaramanna í 2 ár þröngvi svo mikið giptingafrelsinu, með því að enginn svaramaður fáist; það er sjaldnast, að hjónin komist á sveitina hin fyrstu 2 árin; að vísu veit maður ekki, hvað miklu hann lofar fram í tímann, þegar maður gjörist svaramaður, og að því leyti er það varúðarvert. Það er sjálfsagt, að allir eru dauðlegir, og þá er líklega ábyrgðin úti, því ekki skil eg hún eigi að ganga að erfðum, og að því leyti verður ábyrgðin þýðingarlítil, en þetta er þó betra en ekkert, og ekki vil eg missa neitt af breytingaratkvæðinu, til að mynda eins og þingmaður Eyfirðinga fór fram á, að leitað sè sèrstaklega atkvæða um hverja málsgrein fyrir sig, eða eins og uppástungumaðurinn sjálfur meinti um seinasta liðinn, því mèr sýnist enginn færari til að dæma um óforsjálni þeirra hjóna, sem til vandræða verða, heldur en sveitastjórnin í þeim hreppi, sem þau eiga heima í, og hún sè því sá rèttasti dómstóll í þeim málum. En falli þetta atriði, þá tek eg hið næsta, því mèr þykir það þó nokkur bót, því eg veit margan þann prest, sem með þeirri neitunarheimild gæti og gjörði að koma í veg fyrir óefnilegar giptingar, en ekki þykir mèr betur fara orðið skylt, en heimilt, eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður vildi, það liggur eitthvað örðugra og ófrjálsara í því. Hið þriðja atriði þigg eg því að eins, að hin falli. Það er hógvær og góð ráðlegging, og hafa skal holl ráð, hvaðan sem þau koma, og þegar þau koma frá æðstu og beztu yfirvöldum landsins, efast eg ekki um, að þær kæmu að nokkrum notum; að öðru leyti þekki eg nú árangurinn af sumum ráðleggingum, og þó góðar sèu. Um viðaukaatkvæðin ætla eg lít-

ið að tala; að taka upp eða halda við fátækra búhokrum held eg sè bezt að sè alveg á sveitarstjóra ráði, því þeir sjá bezt og finna bezt, hvað við á í hvert skiptið, og verða að hegða sèr eptir kringumstæðunum og mögulegleikunum.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá láta ganga til atkvæða eptir atkvæðaskránni, er eg vona að hinir háttvirtu þingmenn hafi prentaða fyrir sèr. (Sjá II, bls. 164).

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálitið um kgl. álitsmál um brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu. Hinum háttvirta konungsfulltrúa verður sent eptirrit af því, og það svo lagt á lestrarsalinn.

Meira er þá ekki að gjöra í dag, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

14. fundur — 17. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 3. konungkjörni þingmaður, er hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu um, að í nefndinni í málinu um, að fastakaupmönnum verði gjört að skyldu, að taka sèr fastan bústað hèr á landi, er Jón Pètursson kosinn formaður, en Páll Vídalín skrifari. Enn fremur hefi eg fengið nefndarálit í málinu um þingtíðindin og þingtímann. Hinum háttvirta konungsfulltrúa verður sent eptirrit af þessu nefndaráliti, og það svo lagt fram á lestrarsalinn.

Þá er að taka til dagskrár, og kemur þá fyrst til undirhúningsumræðu málið um stofnun lagaskóla á Íslandi; hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu, eptir því sem þörf gjörist.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Nefndarálitið hljóðar þannig. (Sjá II, bls. 166).

Eg álít óþarfa fyrir mig, að mæla fram með nefndaráliti þessu

að svo stöddu; eg ætla heldur ekki að taka til máls út af ágreiningsatkvæði hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns. Hann lýsir því sjálfur yfir, að hann hafi hingað til farið einförum í máli þessu, og svo býst eg við að enn verði. Fyrst að hann er nú einn á bát, og ekki rær nema einni ár á borð, þá vil eg ekki ráðast á hana og brjóta hana fyrir honum, því þá er hætt við, að undan kynni að reka í landáttinni. Eg skal því að sinni ekki fara neitt lengra út í málið.

Konungsfulltrúi: Af því að niðurlagsatriði meiri hlutans fer því á flot, að lagaskóli megi sem fyrst komast á hèr á landi, gæti eg mælt með þessari uppástungu, ef eg ekki væri sannfærður um, að meiri hluti nefndarinnar skilur þetta: »sem fyrst« á annan hátt en eg. Mèr er það fullljóst, að þar sem brýna nauðsyn sem stendur ekki ber til þess, á stofnun lagaskólans ekki að komast á, fyrri en búið er að útkljá spursmálið um fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur, og eg er sannfærður um þetta vegna þess, að eg skoða málið frá Íslands hálfu, því það er auðsætt, að ef lagaskólinn verður stofnaður fyrri en hið löggefandi alþingi, sem á að hafa, hvað alþingi vantar nú sem stendur, bæði samþykkjandi vald og ábyrgð aðgjörða sinna, samþykkir það, þá verður gripið fram fyrir það, sem landið hefir heimtingu á að ekki verði afgjört án atkvæðis löggjafarþingsins; eg get fyrir mitt leyti svoleiðis ekki aðhyllzt orð niðurlagsatriðisins »sem fyrst« í öðrum skilningi en »sem fyrst, eptir að alþingið hefir fengið löggjafarvald«. En frá þessu sjónarmiði get eg ekki mælt með uppástungu meiri hlutans, því eg er ekki þeim mönnum samdóma, sem vilja þýða orðin: »vèr eigum að biðja og ekki þreytast« um veraldlega hluti; með tilliti til þeirra er það eptir minni sannfæringu í alla staði rèttast og skynsamlegast, að biðja þess, sem þörf er á, en forðast þær bænir, sem óþarfar eru, og ekki vonandi að verði bænheyrðar. En það held eg minni hluti nefndarinnar segi satt, og að hver þingmaður muni kannast við það, að oss vanhagi um margt meira en um lagaskóla.

Eg ætla ekki að fara lengra út í málið sem stendur, en þegar það einhvern tíma kemur fyrir þingið svoleiðis undirbúið, að það getur orðið leitt til lykta, skal eg, ef mèr þá gefst tækifæri til að ræða málið frá konungsfulltrúastólnum, skýra frá, hvernig það eptir minni meiningu getur lagazt sem bezt.

Með þessum athugasemdum skal eg ráða þinginu frá, að senda bænarskrá í þessu máli.

Framsögumaður: Það er mjög gott og gleðilegt, að eiga von á ráðleggingu hins hæstvirta konungsfulltrúa, en af því að hún ekki er komin fram enn þá, vil eg leyfa mèr að tala fáein orð gegn mótbárum þeim, sem hann hreifði. Hann kvaðst ekki mundu vera mótfallinn uppástungu meira hluta nefndarinnar, ef hann væri viss um, að eg og hinn háttvirti meðnefndarmaður minn legðum sömu þýðingu í orðin: »sem fyrst«, eins og hann. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að *nú sem stœði* væri ekki brýn nauðsyn á lagaskóla hèr; en eg vil segja, að sè nokkurn tíma nauðsyn á honum, þá sè það einmitt *nú*. Eins og kunnugt er, eru nú sýslur sýslumannalausar, og enginn fæst í þær. Væri hèr nú nokkur sú stofnun, er menn gætu numið lögfræði við, án þess að þurfa að fara utan, eyða þar afarmiklu fè og mörgum árum, þá mundi ekki lengi eins aumlega ástatt og nú er, hvað embættaskipan snertir. Eg get því engan veginn verið því samdóma, að lagaskólinn sè óþarfur, og vona líka, að enginn hinna háttvirtu þingmanna verði á þeirri skoðun. Eg get heldur ekki fellt mig við það, að stofnun þessi eigi að stranda á sama skeri og margt annað, nefnilega fjárhagsaðskilnaðinum. Ef allar nauðsynjar vorar eiga að bíða eptir honum, þá getur svo farið, að langt verði að bíða eptir sumu. Þar að auki sýnist mèr það næsta óviðurkvæmilegt af Dönum, að vilja ekki sýna lit á, að efna heitorð Friðriks konungs hins sjöunda.

Grímur Thomsen: Eptir því sem ástatt er hèr á landi, virðist mèr það mjög skynsamleg ósk, að nokkur sú stofnun væri hèr á landi, að menn gætu kynnt sèr íslenzk lög og tekið próf í þeim; þessi hugsun hefir og lengi vakað fyrir þeim, sem um undanfarin ár hafa farið þessu á flot. Þó eg sè samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa um, að bezt væri að fresta stofnun lagaskóla hèr á landi, þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn í kring, þá get eg þó ekki á hinn bóginn neitað því, að mjög er hèr líkt ástatt og í öðru landi, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi mjög vel þekkir, sem sè Slèsvík. Þar var það lengi rík ósk, að þeir, sem við embættum skyldu taka, hefðu kynnt sèr slèsvíksk lög og tekið próf í þeim. Þetta var veitt, án þess þó að slèsvíkskur lagaskóli væri stofnaður, heldur einungis ákveðið, að hver sá, sem embætti vildi fá í Slèsvík, skyldi koma með vottorð fyrir, að hann hefði

kynnt sèr slèsvíksk lög og tekið próf í þeim, og þetta veit eg að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sjálfur gjört. Þetta fyrirkomulag fullnægði krófum Slèsvíkinga. Það er bæði satt og víst, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það getur dregizt, að lagaskólinn komist á, þó þingið nú sendi konungi bænarskrá um það. En af því að óskin um þetta er bæði svo rík og skynsamleg, þá hefir mèr dottið í hug einn vegur, til þess að bæta úr þessu, þangað til heitorð það, sem hinn háttvirti framsögumaður benti til, getur uppfyllzt. Þess vegna ætla eg að vera svo djarfur að koma fram með breytingaratkvæði, eða, ef til vill rèttara, viðaukaatkvæði í þá stefnu: að þangað til lagaskóli komist hèr á, skuli dómendunum í hinum háa yfirdómi gjört að skyldu, að prófa þá menn í íslenzkum lögum, sem vilja sækja um embætti hèr á landi. Þessu mundi og enginn kostnaður fylgja; því þó eg viti, að yfirdómendurnir hafi mikið að gjöra, er eg samt viss um, að þeir mundu fúsir að bæta þessum starfa á sig fyrir ekki neitt, og telja sèr það sóma og virðingu. Eg er því vissari um þetta, sem uppástunga í líka átt hefir komið fram frá einum þeirra, hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni. Áður en eg stýla viðaukaatkvæði mitt, væri mèr ljúft að heyra, hvernig bæði meira og minna hluta nefndarinnar geðjast að því.

Jón Sigurðsson: Þetta mál er eflaust eitt af hinum helztu áhugamálum vorum, og eitt af þeim málum, sem allt af hefir átt erfitt uppdráttar hjá stjórninni. Það hafa heyrzt hèr raddir í dag, er segja, að ekki sè til neins, að vera að biðja um fè til lagaskóla úr ríkissjóðnum, það sè það sama eins og að berja í steininn. Sumir hafa og látið á sèr heyra, að engin brýn þörf væri á lagaskóla hèr í landi, eða innlendri lagakennslu, en mèr getur ekki skilizt betur, en brýnasta nauðsyn sè á innlendri lagakennslu, og það ekki einungis *nú,* heldur hefir það jafnan verið svo, og mun verða framvegis. Það er nefnilega alkunnugt, hversu ólík vor lög eru lögum Dana í mörgum greinum, og að litla sem enga kennslu er að fá við háskólann í okkar sèrstöku lögum, enda sèst það bezt á því, hvað ónóg lagakennslan við háskólann er fyrir þá, sem verða ætla embættismenn hèr á landi, að margir þeirra eru alþekktir að því, að vita sáralítið í íslenzkum lögum og rètti. Og þar sem að krófurnar til embættismannanna verða æ meiri og meiri, eptir því sem lögin breytast, og verða sèrstaklegri fyrir þetta land, þá verður nauðsynin á innlendri lagakennslu æ brýnni og brýnni.

Um þetta getum vèr allt að einu dæmt, sem ekki erum lögfróðir, eins og lögfræðingarnir sjálfir. (*Benedikt Sveinsson*: Heyr!). Það er og kunnugt, að allt af er að verða erfiðara og erfiðara að lesa lög við háskólann í Kaupmannahöfn, að minnsta kosti er það víst, að íslenzkir stúdentar, sem sigla til háskólans, þurfa æ lengri og lengri tíma til að ljúka sèr þar af, og sumir hverjir ná aldrei embættisprófi. En kostnaðurinn eykst ár frá ári, svo næstum er ókleyft nema fyrir flugríka menn, að kosta sig við háskólann. Allt það fè, sem gengur til háskólamenntunarinnar, gengur beinlínis út úr landinu, og er það að vonum, þó menn sèu farnir að kynoka sèr við, að láta sonu sína ganga háskólaveginn, og vildu heldur láta þá eyða því fè, sem þeir þurfa til menntunar sèr, í landinu sjálfu. Um þetta getum við bændur og búþegnar átt fullan atkvæðisrètt, því það erum við, sem fram leggjum kostnaðinn til háskólamenntunarinnar. Það er og eðlilegt, þegar svo mikinn tíma og fè þarf til þess, að nema lög við háskólann, og meðan sýslurnar eru ekki betri en þær eru, og ekki er um annan útveg að velja fyrir lögfræðinga frá háskólanum, en sækja hèr um einhverja sýslu, að þeir fari smámsaman fækkandi, sem leggi sig eptir lögfræði við háskólann; enda vil eg spá því, að bráðum verði þrot á íslenzkum lögfræðingum með þessu fyrirkomulagi, sem nú er. Eg held því, að fyllsta ástæða sè til, að halda máli þessu fram af alefli.

Jón Pètursson: Eg ætla öldungis ekki að tala um þörfina á stofnun þessari, hún er fyrir löngu viðurkennd bæði af þjóð og stjórn, og þarf engrar sönnunar við. Annað mál er það, hvort þeir, sem vèr verðum að biðja um fèð, vilja viðurkenna þessa nauðsyn. Vilji þeir neita oss um fèð, þá verður það að vera á þeirra valdi; vèr getum þar ekkert að gjört. Af því að langt getur verið í land, að stofnun þessi komist á, þrátt fyrir fyrirheiti hins hásæla konungs, þá held eg, að viðaukaatkvæði hins háttvirta þingmanns Rangæinga sè vel hugsað. Það er hálf-skrítilegt, að alþingi skuli allt af vera að ráða til laga og búa til lög; en hvar eru þessi lög lesin? Ekki við háskólann í Kaupmannahöfn; það getur verið, að þau sèu stöku sinnum «citeruð» sem undantekning. Eg vil spyrja, hvort ekki ætti betur við, að lög þau, sem í landinu gilda, sèu lærð sem regla, en sem undantekning? Þetta held eg að allir, sem lög hafa lesið, hljóti að játa. Eg get ekki

sèð neitt á móti, að senda bænarskrá um þetta. Vèr getum ekki að gjört, þó það verði til ónýtis.

Helgi Hálfdánarson: Eg heyrði ekki glögglega, hvernig hinn háttvirti þingmaður Rangæinga orðaði breytingaratkvæði sitt; eg heyrði að eins, að hann vildi, að yfirdómendunum yrði gjört að skyldu, að *reyna* menn í íslenzkum lögum, en hitt heyrðist mèr hann ekki tala um, sem eg þó bjóst við, að þeir einnig skyldu *veita tilsögn* í þeim. Eg held, að vel mætti biðja um, að þeim fyrst um sinn, fyrir hæfilega þóknun, væri falið á hendur, að veita stúdentum tilsögn í íslenzkum lögum, og að þeir, sem þeirrar kennslu hefðu notið, mættu að loknu prófi geta fengið sýslumannsembætti hèr á landi. Eg vil á síðan bera mig saman um þetta við þingmann Rangæinga. Eins og að landlæknirinn gat einn saman byrjað á að kenna læknisfræði, eins held eg þetta gæti vel farið, og að þetta þyrfti ekki að kosta mjög mikið. Það er líka ein grein laganna, sem stúdentarnir gætu fengið kennslu í kostnaðarlaust; það er kirkjurètturinn. Í honum gætu þeir heyrt fyrirlestra með prestaskólastúdentunum. Eg álít einnig, að forspjallsvísindi sèu nauðsynleg fyrir lagamanninn; en kennslu í þeim gætu þeir og fengið í sameiningu við prestaskólastúdentana, án þess nokkru þyrfti til að kosta fram yfir það, sem nú er. Hver þörf sè á innlendri lagakennslu, hefir hinn háttvirti framsögumaður sýnt og sannað, enda sèst það og berlega á þeim óyndisúrræðum, sem stjórnin hefir orðið að grípa til, er hún stingur upp á, að sameina sýslur í vesturamtinu. Hefði lagaskóli nú verið búinn að vera hèr nokkur ár, þá er eg viss um, að ekki hefði þurft að gripa til þessa, og að engin af sýslunum fyrir vestan hefði nú orðið sýslumannslaus. Væru hèr nú til þeir menn, er lært hefðu lög hèr á landi, mundu þeir vissulega sækja um sýslur þessar; því þó Barðastrandarsýsla sè aum, þá er hún þó ekki verri en svo, að ekki mun vera nema eitt prestakall í henni, er betra sè en hún.

Framsögumaður: Eg get þó ekki verið hinum háttvirta þingmanni Vestmannaeyinga samdóma um, að ekki sè nema eitt prestakall í Barðastrandarsýslu jafngott og hún; eg held þau sèu fleiri en eitt, ef til vill, og fleiri en tvö. Eg ætla ekki að svo stöddu að taka til máls út af breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Rangæinga; það getur vel verið, að það sè vel hugsað, en eg held, ef eg hef skilið það rètt, þá bæti það ekki úr því, sem mest er þörfin á. Eg skildi það líkt og þingmaður Vestmannaeyinga, að

meiningin væri, að yfirdómendurnir skyldu prófa þá í íslenzkum lögum, sem embætti vildu fá, en ekki veita þeim kennslu; en kennslan er einmitt tilgangur lagaskólans. Hvernig sem fyrirkomulagið yrði á skóla þessum, yrði þó lærdómurinn við hann langtum kostnaðarminni, en að sigla og verja ærnu fé og mörgum árum til þess að taka ytra próf í lögfræði; enda gjöra það nú fáir. Innlend kennslustofnun yrði oss bæði þarfari og kostnaðarminni, og eðlilegra er, að kostnaðurinn lendi í landinu sjálfu.

Grímur Thomsen: Eg held eg ætli nú að verða í dálitlum vandræðum með þetta viðaukaatkvæði mitt, því mèr finnst ekki hinir háttvirtu nefndarmenn í meira hlutanum vera alveg samdóma um það. Mèr virtist hinn 4. konungkjörni þingmaður taka því allvel, en framsögumaður miður. Eg vil þess vegna reyna til utan þings að koma mèr saman um það við þá, og gæti þá kennslan komið til umtals. Eg held annars, að hugsanlegt væri, að menn gætu glöggvað sig á lögum þeim, sem vèr höfum, svo sem Jónsbók, kirkjurèttinum og hinu íslenzka lagasafni. Eg veit ekki, hvort fyrirlestrar eru alveg nauðsynlegir, en gott væri, ef menn gætu haft þá. Um þetta getum við talað okkur saman. Þegar lagaskólinn kemst á, hefir hann annan tilgang; þar verða ekki kennd einungis íslenzk lög, heldur og almenn lög, sem sameiginleg eru bæði fyrir Danmörk og Ísland. Tilgangur minn er einungis að bæta úr hinni bráðustu nauðsyn, þangað til lagaskólin kemst á.

Pètur Pètursson: Eg vildi einungis leita upplýsingar hjá hinum háttvirta þingmanni Rangæinga viðvíkjandi viðaukaatkvæði hans. Eg vildi spyrja, hvort það væri meiningin, að þeir, sem gengju undir próf þetta í íslenzkum lögum, skyldu áður hafa tekið próf í lögum við háskólann í Kaupmannahöfn, eða það skyldu vera leikmenn, sem enga lagaþekkingu hefðu fengið. Væri nú meiningin, að þeir ættu áður að hafa tekið próf í lögum, þá yrði þetta talsverður viðauki, og held eg naumast, meðan sýslurnar ekki eru betri en þær eru, að þær verði útgengilegri, þó menn eigi að bæta þessu við sig fram yfir aðra, til þess að fá þær. Á hinn bóginn get eg ekki vel skilið, hvernig leikmenn, sem enga vísindalega menntun hafa fengið, eiga að geta tekið við sýslumannsembættum. Dæmi það, sem hinn háttvirti þingmaður kom með frá Slèsvík, er líklega rètt, en þó hygg eg, að við háskólann í Kaupmannahöfn hafi verið kennari í slèsvíkskum lögum og haldið fyrirlestri yfir þau.

Grímur Thomsen: Út af ræðu hins háttvirta 5. konungkjörna

skal eg geta þess, að síðan 3 árum eptir að «Appellationsretten» var stofnaður, hefir enginn kennari verið við háskólann í Kaupmannahöfn í slésvíkskum lögum. «Appellationsretten» átti að prófa menn í slésvíkskum lögum, en hvort honum var gjört að skyldu, að halda fyrirlestra yfir þau, man eg ekki fyrir víst, þó mèr sé það nær að halda. Hinn háttvíri varaforseti má geta því nærri, að mèr gat aldrei til hugar komið, að ætla með þessu saklausa viðaukaatkvæði mínu, að fara að brjóta niður gildandi lög og girðingar þær, er þau setja, og þess vegna heldur ekki sem stendur ákveða neitt um það, hvort leikmenn eigi að geta tekið próf við yfirdóminn, til þess að verða sýslumenn eður ei. Hinn háttvirti varaforseti veit, að embættin ekki eru til fyrir mennina, heldur mennirnir fyrir embættin. Eg vil biðja hann spyrja biskupinn yfir Íslandi, hvort ekki sè heimtuð sú þekking af prestaefnunum, að þeir geti staðið í stöðu sinni, þó prestaköllin séu rýr.

Jón Pètursson: Eg vil geta þess, að til þess að geta fengið sýslumannsembætti hèr á landi, hefir ekki verið heimtað, að menn beinlínis væru kandídatar frá háskólanum, heldur hafa ólærðir menn getað gengið þar undir «Præliminair-Examen» og tekið síðan próf í dönskum lögum, og fengið svo sýslu. Eins mætti hugsast, að þeir, er útskrifaðir væru hèr frá lærða skólanum, eður og þeir, er sönnuðu, að þeir hefðu fengið svo næga almenna þekkingu, sem «Præliminair-Examen» gefur, og síðan sönnuðu, að þeir væru vel að sèr í íslenzkum lögum, gætu fengið hinar rýrari sýslur.

Framsögumaður: Þegar hinn háttvirti þingmaður Rangæinga nú hefir upplýst meininguna í viðaukaatkvæði sínu, þá skilst mèr ekki betur, en að hann sè samdóma meira hluta nefndarinnar um, að nauðsyn sè á lagaskóla hèr á landi, og að meining hans sè alls ekki, að vera honum til fyrirstöðu, heldur álíti hann, að fyrirkomulag það, sem hann stingur upp á, sè betra en ekki neitt, þangað til lagaskólinn kemst á. Eg vildi því vita, hvort hann ekki gæti komið sèr saman við nefndina. Að öðru leyti hafa litlar mótbárur komið fram, nema ef telja skyldi það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, og þykist eg því ekki þurfa að mæla frekar fram með þessu máli.

Halldór Jónsson: Eg er meira hluta nefndarinnar meðmæltur, og þegar eg hugsa um, hvort ástæða sè til, að fresta þessu máli, þangað til fjárhagur Danmerkur og Íslands verði að skilinn, þá getur mèr skilizt, að ástæða væri til þess, ef að því væri að

vísu að ganga, að aðskilnaðurinn yrði byggður á réttarkröfum; en yrði hann þar á móti byggður á ástands- eða sanngirniskröfum, þá finnst mèr ekki vera tilefni til, að bíða þessa tíma, því eg get þó ekki efazt um, að innlend lagamenntun sè bæði landinu nauðsynleg, og að það sè næsta eðlileg sanngirniskrafa, að hún fáist; og eg fyrir mitt leyti treysti því, að hans hátign konungurinn viðurkenni þessa nauðsyn vora, og vilji eptir réttvísi sinni uppfylla hana. Og hvernig færi — eptir hverju væri að bíða, ef fjárhagurinn yrði alls ekki að skilinn? Þetta virðist þó ekki óhugsanlegt, því mèr finnst aðskilnaðurinn verði ekki gjörður án þess Ísland sjái sèr fært að ganga að þeim boðnu kostum, og gefi samþykki sitt til þeirra. Eptir þessu get eg ekki sèð nauðsynlegt eða gjörlegt, að láta það nauðsynjamál, sem hèr ræðir um, bíða eptir því, að fjárhagurinn verði að skilinn.

Sigurður Gunnarsson: Það er kunnugt, að þeir, sem læra lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, lesa þar harðla lítið í íslenzkum lögum. Kostnaðurinn við laganámið erlendis er fjarskamikill, og dregur ærið fè hèðan af landi. Þegar menn þurfa nú til þessa náms svo mikinn tíma og svo mikið fè, þá er eðlilegt, þó kandídatar frá háskólanum verði tregir til, að sækja um hinar vesölustu sýslur hèr á landi. Líkt þessu er nú að koma upp hjá kandídötum af prestaskólanum, að þeir eru tregir að sækja um hin vesölu brauðin, af því kostnaðurinn að læra til prests er miklu meiri en áður, og samsvarar nú engan veginn kostum hinna vesölu brauða. Ef hèr væri innlendur lagaskóli, mundi lærdómurinn verða miklu kostnaðarminni, og þá yrði hægra að fá sýslumenn, því heldur sem aumustu sýslurnar hèr á landi eru þó margfalt betri en hin fátækustu brauðin. Það er því auðskiljanlegt, að oss ríður alvarlega á, að lagaskóli komist hèr á sem fyrst, og enginn getur efazt um, að hèr yrði kennd íslenzk lög miklu betur en erlendis. Það er gjört ráð fyrir, að vèr fáum bráðum innlenda stjórn, og þar af leiðir, að vèr fáum innlend lög, sem verða fastar aðskilin frá hinum almennu lögum, en verið hefir. Og það er efalaust, að því sèrstaklegri sem lög yrðu hèr, því síður yrðu þau kennd í Kaupmannahafnarháskóla, og allir sjá, að því fyr sem hèr kemst á lagaskóli, þar sem kennd væru bæði hin innlendu og almennu lög, því líklegra er, að vèr hefðum betri not af innlendri stjórn. Því lengur sem dregst, að við fáum lagaskólann, þess lengri verða hèr vandræðin með lagamanna-embættin. Hvað viðaukaatkvæði hins

háttvirta þingmanns Rangæinga snertir, þá vil eg fastlega mæla með því til vara, en vil bæta við það fáeinum orðum, út af bendingu hins háttvirta þingmanns Vestmannaeyinga, nefnilega, að yfirdóminum yrði gjört að skyldu, fyrir hæfilega þóknun að veita tilsögn í íslenzkum lögum þeim, sem óskuðu þess. Ef yfirdómurinn hèr ætti að prófa kandídata frá háskólanum í íslenzkum lögum, þá gæti vel farið svo, að þeir yrðu ekki álitnir færir, að taka hèr við embætti vegna fákunnáttu í íslenzkum lögum; þeir mættu þá þakka fyrir, að geta fengið hèr kennslu til að standast prófið.

Konungsfulltrúi: Eg skal með tilliti til athugasemda hins háttvirta þingmanns Norður-Múlasýslu taka það fram, að eg í fyrri ræðu minni ekki stakk upp á, að fresta stofnun lagaskólans, til þess búið væri að koma á fjárhagsskilnaði milli Íslands og Danmerkur, heldur þangað til búið væri að útkljá spursmálið um fjárhagsskilnaðinn. Þó að eg nú sem stendur sjálfsagt ekki geti dæmt um það, hvernig alþingið muni taka í stjórnarbótarmálið, sem nú liggur fyrir — og getur skeð að nefndir þær, sem nú í hèr um bil 3 vikur hafa fjallað um málið — en hinn heiðraði þingmaður er sjálfur nefndarmaður — ekki sè færari til að dæma um það en eg — skal eg geta þess, að eg fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að spursmálið um fjárhagsskilnaðinn verður útkljáð á einhvern hátt, áður en alþingið í næsta skipti kemur saman.

Forseti: Fyrst að nú ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Þá kemur til undirbúningsumræðu málið um styrk til forngripasafnsins. Hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra frá málinu eptir þörfum.

Framsögumaður (*Helgi Hálfdánarson*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II., bls 168).

Eg álít, að eg þurfi ekki að svo stöddu, að mæla frekara með máli þessu, en vona, að allir sèu nefndinni samdóma um, að þetta sè verulegt nauðsynjamál, og að það yrði til mestu óvirðingar, ef slík byrjun liði undir lok. En öllum er auðsjáanlegt, að safnið getur ekki við haldizt, án þess það fái styrk. Því þó það fengi nú einhverstaðar inni, þá vantar það þó öll áhöld, sem þurfa til þess það verði geymt reglulega og sýnt. Það er og næsta ósanngjarnt, ef ekki ósæmilegt, að menn þeir, sem hingað til hafa veitt því forstöðu, skuli enga þóknun fá fyrir starfa sinn. Nefndin hefir

til vara stungið upp á, að styrkur þessi verði veittur af þeim 4000 dölum, sem árlega eru ætlaðir til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands. Nefndin áleit enga hættu, að biðja um þetta, því oss má vera sama, hvaðan gott kemur. Það gæti og verið, að þessir 4000 rd. væri hvort sem er ekki brúkaðir upp á ári hverju, og gæti styrkurinn fengizt af þeim, þá yrði þetta ekki nein ný útgjaldagrein fyrir ríkissjóðinn.

Konungsfulltrúi: Þar sem eg er þessu máli persónulega mjög hlynntur, verð eg í nokkurs konar vanda, þegar eg nú á að benda þinginu á þau atriði, sem geta orðið úrslitum þess til fyrirstöðu. Á meðan spursmálið um fjárhagsaðskilnað milli Danmerkur og Íslands ekki er útkljáð, og ósjeð er, hvað í þessu tilliti verði ákveðið, eða í stuttu máli, svo lengi fjárhagsmál Íslands er á reiki, mega menn ekki búast við — reynslan hefir sýnt og sannað það, — að mál þau, sem ekki eru alveg nauðsynleg til þess að halda stjórn landsins í sama horfi og hingað til, þó þau að öðru leyti kynnu að vera bæði fróðleg og gagnleg, nái framkvæmd hèr í landinu, ef til þess útheimtist fè úr ríkissjóðnum, en í þessum skilningi er mál það, sem hèr ræðir um, ekki nauðsynjamál.

Þá kemur önnur mótbára nú sem stendur, en hún er sú, að þegar árlegan styrk á að veita úr opinberum sjóði handa einhverri stofnun, er það vanalegt skilyrði fyrir þess konar veitingu, að reglugjörð sè samin handa hlutaðeigandi stofnun og samþykkt af hinu opinbera, en þess konar reglugjörð vantar öldungis með tilliti til forngripasafnsins, og þess vegna er ekki líklegt, að ríkisdagurinn eða stjórnin geti veitt forngripasafninu álitlegan styrk, fyrri en búið er að semja reglugjörð, sem veitir tryggingu fyrir því, að safnið verði eign almennings.

Ef úrslit stjórnarbótarmálsins í þetta skipti verða þau, að næsta alþingi fái löggefandi vald, vona eg fastlega, að þingið vilji veita forngripasafninu, þegar það er orðin almenningseign, þann styrk, sem hèr ræðir um, að öðrum kosti vil eg ráða forstöðumönnum safnsins, að semja reglugjörð handa því, og að senda hana til stjórnarinnar með bæn þeirra um, að hún verði samþykkt, og að stjórnin útvegi árlegan styrk handa safninu, og með þvílíkri beiðni skal eg mæla, ef til þess kemur.

En af því að eg er nefndinni samdóma í því, að forstöðumenn forngripasafnsins sèu maklegir þess, að þeir fái þóknun fyrir starfa sinn, skal eg skjóta því til yfirvegunar hinnar heiðruðu

nefndar, hvort ekki sè ástæða til að breyta uppástungunni á þann hátt, að alþingið mæli fram með, að þeim sè veitt einhver þóknun í þessu tilliti, og vona eg, ef svo fer, að uppástungan fái nokkurn árangur.

Þar sem nefndin til vara stingur upp á, að árlegur styrkur handa safninu verði veittur af þeim 4000 rd., sem árlega eru ætlaðir til ófyrirsjáanlegra útgjalda Íslands, skal eg að eins leiða athygli þingsins að því, að fastákveðinn árlegur styrkur eptir hlutarins eðli ekki getur talizt meðal ófyrirsjáanlegra útgjalda.

Framsögumaður: Það voru einkum 2 mótbárur, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi kom með á móti máli þessu. Hinn fyrri var þessi gamla og vanalega, að það yrði að bíða eptir fjárhagsaðskilnaðinum, og að ekki bæri svo bráða nauðsyn til þessa. Eg fæ þó ekki betur sèð, ef að safnið á annað borð er nauðsynlegt, sem allir játa, en að bráða nauðsyn beri til að veita því styrk, því annars hlýtur það að líða undir lok. En af því það er ekki með öllu víst, að vèr fáum fjárhagsaðskilnaðinn að ári, þá er varlegra fyrir oss, að biðja nú þegar bæði um þetta og aðrar nauðsynjar vorar, svo sem lagaskóla o. s. frv. Hin önnur mótbára var sú, að ekki væri til nein reglugjörð fyrir safnið, og ekki væri með öllu víst, hvort það væri landsins eign. Þessi mótbára hefir aldrei fyr heyrzt; því annars mundu forstöðumenn safnsins þegar fyrir löngu hafa samið slíka reglugjörð, og hægt mundi enn þá að semja hana, áður en bænarskráin yrði send til konungs. Að safnið sè eign landsins, getur engum vafa verið undirorpið; því presturinn, sem nú er á Setbergi, sendi í upphafi hina fyrstu gripi hingað með þeim ummælum, að hann gæfi landinu þá sem byrjun til forngripasafns. Í hinum sama tilgangi hafa og aðrir gefið því gripi. Eg vil skýrskota til hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga, sem hefir verið einhver mesti og bezti styrktarmaður safnsins, hvort gripir þeir, sem hann hefir gefið og útvegað því, hafa ekki einmitt verið gefnir landinu, en hvorki forstöðumönnunum nè Reykjavík, nè nokkrum einstökum mönnum.

Eiríkur Kúld: Mèr kom það mjög á óvart, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skyldi berja því við, að reglugjörð vantaði fyrir safnið; eg held, að hægt væri að bæta úr því. En það kom mèr þó meir á óvart, að hann skyldi efast um, hvort safnið væri eign landsins. Það var öldungis rètt, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði um prestinn á Setbergi, og það voru einmitt stiptsyfir-

völdin, sem tóku á móti gripunum sem eign landsins. Mèr þykir það undarlegt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skuli vera svo ókunnugur stiptamtmanninum, að hann viti ekki þetta. Það hefir verið sagt hèr, að safnið væri húslaust, og það mun satt vera; á það þá að eyðileggjast, af því að vèr ekki reynum að bjarga því? Þegar vèr nú engin önnur úrræði höfum en að leita til Danmerkur, verðum vèr það að gjöra, án þess að miða þetta við fjárhagsaðskilnaðinn, og vona eg, að allir styðji þetta af alefli.

Jón Pètursson: Mèr finnst hinn hæstvirti konungsfulltrúi vera mjög hlynntur máli þessu, þó hann hèldi, að ekki mundi neinn árangur verða af, að senda konungi bænarskrá um það. Mèr skildist hann benda á, að vísa málinu forsetaveginn (ýmsir: misskilningur); jæ ja; hann lofaði þá að minnsta kosti, að mæla með því, að forstöðumennirnir fengju þóknun, ef þess væri farið á leit.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla, að ekki þurfi að mæla mikið fram með þessu máli, því allir eru eflaust samdóma um, hvílíkt nauðsynjamál það er. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði reyndar, að ekki væri til neins, að biðja um neinn fèstyrk úr ríkissjóði, því að stjórnin mundi ekkert fè veita, nema einungis það, sem þyrfti með til þess, að halda stjórn landsins í gamla horfinu. Á þetta get eg nú ekki fallizt. Annaðhvort er, að vèr fáum fjárhagsaðskilnaðinn, eða vèr fáum hann ekki. Ef vèr fáum hann, áður en þetta kemst í kring, er engu spillt, og þá getum vèr tekið til vorra ráða; en fáum vèr hann ekki, þá fæ eg ekki betur sèð, en að það sè hrein og bein skylda stjórnarinnar og ríkisþingsins, að sjá oss fyrir þeim nauðsynjum vorum, sem vèr ekki getum án verið. Til slíkra safna er varið ærnu fè bæði í Danmörku sjálfri og víðar, og þykir mjög nauðsynlegt, en hví skyldi það ekki vera eins nauðsynlegt fyrir oss, að þekkja vora fornöld, eins og aðrar þjóðir? Það hefir verið sagt á ríkisþinginu í vetur, að það væri skylda Dana, að gjöra oss svo úr garði, við fjárhagsaðskilnaðinn, að vèr gætum staðið þeim jafnfætis, og móti því getur enginn sanngjarn maður borið, og sýnist mèr vèr þá eiga fulla kröfu á, að standa þeim ekki á baki í slíku, eða að fá styrk til þessa safns, því að safnið er eigi heldur oss einum til gagns, heldur getur líka verið Dönum til gagns; því að safnið mundi í ýmsu skýra sögu allra Norðurlanda. Að því er reglugjörðina um safnið snertir, þá getur vel verið, að hún sè þarfleg, en hún á ekki að koma frá þinginu, heldur á stjórnin að láta

semja hana og samþykkja síðan. Forstöðumennirnir eiga heldur ekki að semja hana; en til hvers væri að semja reglugjörð fyrir safnið, meðan enginn styrkur fæst til safnsins, meðan ekkert fè er til, til þess að koma safninu í lag, svo að það verði aðgengilegt; það er auðsætt, að það væri tilgangslaust, að semja reglugjörð þessa, og vera að til taka t. a. m. hversu opt í viku almenningi væri frjálst að sjá það, meðan það er byrgt niður í kistur og kassa, og enginn getur fengið að sjá það, og allra-sízt í nokkurri reglu. En þegar stjórnin væri búin að veita styrkinn, og safnið væri komið í lag, þá gæti hún sagt við forstöðumennina: komið þið nú með reglugjörð. Mèr skildist á hinum hæstvirta konungsfulltrúa, að hann mundi geta gefið því meðmæli sín, ef nefndin gjörði þá breytingu, að biðja um þóknun handa forstöðumönnunum; það er nú satt, að lítið er betra en ekki neitt, og mundu þeir þá geta sýnt safninu meiri alúð. En þetta er ekki einhlítt. Safnið liggur pakkað niður í kassa, og er húsvillt; því hafa að sönnu gefizt 47 dalir til þess að koma sèr upp kompu á framlopti kirkjunnar, en allir sjá, að þetta fè mun ekki hrökkva langt til þessarar kompu. Og þó að nú safnið einhvern veginn gæti staðið þarna, þá er það ekki nóg; það þarf púlt og það þarf skápa og ýmislegt handa gripunum; því það verður að geyma þessa forngripi, sem margir eru gamlir og hrörlegir, vel og vandlega, annars skemmast þeir og verða að engu. Þessi gjöf nær því ekki langt, og auk þess eru fleiri söfn á kirkjuloptinu, er þurfa svo mikið rúm, að forngripasafninu mun bráðum alveg úthýst. Eg ann forstöðumönnunum sannlega einhverrar þóknunar fyrir fyrirhöfn sína, og þeir ættu sannlega skilda þóknun fyrir það, sem komið er, en og verð að benda á, að þótt þeir fái einhvern styrk fyrir sig, þá er safninu engu að borgnara. Styrkurinn til safnsins verður að ganga á undan þóknuninni til þeirra; því að þótt þeir fengju enga þóknun, og vildu því eigi annast safnið lengur, þá getur þó auðið verið, að fá einhverja til þess; en það er til einskis, að fá þóknun handa þeim, ef safnið ferst allt um það. Það er mjög gleðilegt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi skuli vera málinu persónulega hlynntur, því að þá er eg sannfærður um, að hann muni gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til að fá safninu þennan styrk.

Benedikt Sveinsson: Það er nú búið að taka flest fram af því, sem eg vildi sagt hafa, en þó vil eg bæta því við, að það er öldungis satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að styrk-

ur til safnsins væri ekki nauðsynlegur í því skyni, að stjórn Íslands-mála gangi hèr eptir sem hingað til. En annað mál er það, hvort spursmálið um fjárhagsaðskilnaðinn eigi að verka á þessa fátæku og litlu þjóðstofnun, þennan að mèr virðist saklausa vísi til forngripasafns á Íslandi. Mèr finnst og ekki óviðurkvæmilegt, þó beðið sè um þóknun handa forstöðumönnum safnsins fyrir allt þeirra erfiði, ómak, áhyggju í framtíðinni. Eg skil heldur ekki annað, en Danastjórn og ríkisþingið vilji styrkja allt það sem er, og alla þá, sem eru Danmörku og Íslandi til sameiginlegs gagns og sóma. Fleira skal eg svo ekki tala í þessu máli.

Ólafur Pálsson: Það hefir verið tekið fram eins og ástæða fyrir, að ótiltækilegt mundi að biðja um styrk til safnsins, að það væri ekki með öllu nauðsynlegt. En þessu get eg nú ekki verið samdóma. Þegar safnið er komið svo á fót, eins og það er, þá væri það bæði skaði og óvirðing fyrir land og stjórn, ef það skyldi eyðileggjast og verða að engu sökum fèleysis. En eg vil nú spyrja: hver eru þá takmörkin á nauðsyn og ekki nauðsyn? Eg held það mundi verða allörðugt, að draga þá línu um margar þær stofnanir hèr á landi, er styrk hafa fengið og njóta hans enn, og um margt má segja í vissum skilningi, að landið geti staðizt án þess. En þegar nú ekki er annað fyrir, en að safn þetta tortýnist, þá finnst mèr full nauðsyn vera, að veita því styrk. Hvað varauppástungu nefndarinnar snertir, þá vil eg benda á, að þar stendur »fyrst um sinn«, þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn, sem er er vonandi að fari að reka að, kemst á. Á þetta álít eg að beri að leggja áherzlu, eins og meining nefndarinnar var.

Jón Sigurðsson: Vegna þess hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyja skoraði á mig um, að skýra frá í hverju skyni að eg hefði gefið forngripasafninu gripi þá, er eg hefi safnað handa því, skal eg geta þess, að allir þeir munir, sem eg bæði sjálfs mín og annara vegna hefi útvegað til forngripasafnsins, voru gefnir safninu með því útþrykkilega skilyrði, að það yrði Íslands eign; þetta var skýlaust tekið fram af mèr, þegar eg í öndverðu lagði hina fyrstu gripi til safnsins, eins og brèf mitt þar að lútandi mun sýna. Eg skal bæta því við, að hefðu eigendur gripanna vitað það fyrir, að svona illa mundi ganga fyrir safninu, eins og nú lítur út fyrir, og að það mundi einkis styrks aðnjótandi verða af hinu opinbera, þá hefðu þeir alls eigi gefið þá til safnsins. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat þess, að ekki mundi duga, að biðja um styrk úr rík-

issjóði handa safninu, fyr en reglugjörð væri samin um stjórn og fyrirkomulag þess, og að forstöðumenn safnsins hefðu átt að semja hana fyrir fram, þá get eg ekki séð, að þetta sé rètt, heldur er eg á sama máli eins og þingmaður Reykvíkinga, að stjórnin eigi að gangast fyrir því, að stiptsyfirvöldin láti semja reglugjörðina, jafnframt því sem hún gefur fyrirheit um hæfilegan styrk, til að halda safninu við lýði. Konungsfulltrúi efaðist um, að gripir þeir, sem safnið nú á, mundu geta haldizt saman, vegna þess engin reglugjörð væri til um stjórn og meðferð safnsins, og af því það stæði ekki undir vernd þess opinbera; en til þessa leyfi eg mèr að svara því, að mèr er kunnugt um, að allir munir safnsins eru innfærðir í eina bók, sem er autóríseruð af stiptamtinu, og geymd af forstöðumönnum safnsins, og hygg eg, að þar í sé næg trygging fyrir því, að gripir safnsins þurfi eigi að fara forgörðum fyrst um sinn. Konungsfulltrúi gat þess og, að hann vildi mæla með, að forstöðumönnum safnsins væri veitt þóknun. Eg skal fúslega játa það, að þeir eru þess meir en maklegir, að fá einhverja þóknun fyrir starfa sinn; en þó nú þetta fengist, þá er safninu sjálfu ekki að borgnara fyrir það; það er eins húsvillt fyrir því, og munirnir liggja undir skemmdum. Eigi því safnið allt ekki að fara forgörðum, lítur helzt út fyrir, að menn hljóti að fara að selja Englendingum og Frökkum eitthvað af gripum þess, til þess að forða nokkru frá algjörðri eyðileggingu. Mèr er nær að halda þeir mundu þiggja suma forngripi safnsins, og borga þá vel, væru þeir boðnir þeim, en eg vona, að bæði þingið og stjórnin muni sjá, að það væri ekki sómasamlegt til afspurnar, ef menn skyldu þurfa að grípa til þessa óyndisúrræðis, sökum þess að stjórnin ekki tímdi að leggja safninu lítinn styrk til viðurhalds. Þó nú kunni að vera ekki sem hentugastur tími að biðja um styrk handa safninu, eins og sumir þeir, er talað hafa, láta sèr um munn fara, þá vona eg samt, að stjórnin, þegar hún lítur á hina brýnu nauðsyn, sem er á því, að við halda safninu, muni veita þetta lítilræði, sem fram á er farið, einkum ef hinn hæstvirti konungsfulltrúi mælir með því, eins og mèr hálft um hálft heyrðist hann ætla að gjöra.

Sigurður Gunnarsson: Það hefur verið talað hèr margt um það, hversu áríðandi það væri, að við halda þessari sómasamlegu stofnun, og er eg alveg á sama máli, og eg vil bæta því við, að það er bæði skömm og skaði fyrir oss, ef þessi litli vísir forngripasafns eyðist og verður að engu, og eg fæ ekki séð, að stjórn-

in geti ekki verið kennd að því, að neita um svo lítinn styrk, til þess að safnið geti við haldizt og þróazt, en ekki eyðist og týnist niður í saurinn, þaðan sem margt af því er tekið upp. En af því tvísýnt er, eins og nú er andi stjórnarinnar, að styrkurinn fáist, ætla eg að taka mèr viðaukaatkvæði í þá átt, að þeir heiðarlegu menn, sem hafa eflt safnið og annazt það hingað til með svo miklum áhuga, fái árlega þóknun fyrir starfa sinn, sem stiptsyfirvöldin ákvæðu hversu mikill skyldi vera.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þessu næst kemur samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu málið um, hvort lögleiða skuli nokkuð af hinum dönsku lagaboðum frá 1867 og 1868 hèr á landi. Hinn 1. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og mun hann lesa nefndarálitið fyrir þingmönnum, og skýra frá því, er honum þykir þörf á.

Framsögumaður (Þórður Jónasson): Nefndarálitið hljóðar þannig. (Sjá II, bls. 170).

Eg hefi litlu hèr við að bæta; af þeim 14 lagaboðum, sem nefndinni voru fengin, til þess að yfirvega, hvort þau gætu með eða án breytingar átt við á Íslandi, hefir nefndin fundið einungis eitt af þeim þessa eðlis, nefnilega lögin frá 3. apríl 1868 um »Æresopreisning« eða mannorðsbót, en það áleit nefndin og að þingið ætti allraþegnsamlegast að biðja um að hèr yrði lögleitt í heild sinni. Nefndin þykist geta gengið að því vísu, að þingið muni aðhyllast þessa skoðun nefndarinnar, að það tilgreinda lagaboð eigi að lögleiðast hèr á landi, því allt, sem mælti með því í Danmörku, mælir með lögleiðslu þess hèr. Það gefur, eins og þingið veit, mönnum, sem ratað hafa í þá ógæfu, að gjöra sig seka í einhverjum eptir almenningsáliti vansæmandi misverknaði, kost á, að fá afmáða þá skerðingu á æru hans, sem leiðir af verknaði þeirra, og um leið að öðlast aptur þau rèttindi, sem eru bundin við óflekkað mannorð, og er þetta bæði mannkærleg og góð rèttarbót.

Það kom til tals í nefndinni um lagaboðið frá 1. maí 1868, sem fyrirskipar ýmsar ráðstafanir gegn því, að kólera flytjist inn í Danmörku, að heimfæra þetta lagaboð til Íslands með nauðsynlegum breytingum, en nefndin hvarf frá því af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í nefndarálitinu. Að öðru leyti skal eg leyfa mèr að athuga, að skyldi kólera eða líkur næmur sjúkdómur flytjast

út hingað, yrðu yfirvöldin að »handle discretionært» eptir atvikum og kringumstæðum. Svona hefir það gengið í Danmörku; kólera hefir komið þar eins og þjófur á nóttu.

Eg skal leyfa mèr að taka það fram, að úrfellir sá, sem nefndin hefir stungið upp á í 4. gr., er, ef til vill, ófyrirsynju, þar sem það þó getur verið, að tilfellið komi fyrir hèr á landi, og þá vantaði lagaákvörðun í því efni, og ræður nefndin því til, að halda lagaboðinu óbreyttu. Af greindum ástæðum vill nefndin því ráða þinginu til, að biðja allraþegnsamlegast, að lagboðið frá 3. apríl 1868 verði löggilt óbreytt handa Íslandi.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu konunglegt frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl. Hinn 2. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Nefndarálitið fèkk yfir höfuð góðar viðtökur hèr á þingi við undirbúningsumræðuna; þó eru hèr komin fram nokkur breytingaratkvæði, sem eiga að gjöra það enn þá betra, og sem eg skal fara fáeinum orðum um. Hvað breytingaratkvæðið undir tölulið 2. *a* snertir, þá álít eg það, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, óþarft, því það gjörir hvorki til nè frá. Breytingaratkvæðið undir tölulið 2. *b* finnst mèr þar á móti ástæða til að fallast á, því það er samkvæmt skoðun nefndarinnar um, að fangelsi sè þegar byggt í þeim sýslum, þar sem sýslumannssetrið er fast-ákveðið; nefndin var, þegar hún ræddi málið, ekki viss um, hvort Húsavík væri fast-ákveðið sýslumannssetur, en við ítarlegri rannsókn hefi eg komizt að raun um, að svo sè, og er þetta ákveðið í konungsúrskurði 1. maí 1851; eg get nefnilega ekki skilið ákvörðun þá, sem um þetta atriði var gjörð, þegar Þingeyjarsýslurnar voru sameinaðar, öðruvísi en svo, að hún ætti að gilda ekki einungis um, að hinn þá verandi sýslumaður ætti að sitja í Húsavík, heldur að þetta einnig ætti framvegis að vera reglan um sýslumanninn í hinni sameinuðu Þingeyjarsýslu. Breytingaratkvæðið undir tölulið 2. *c* vona eg að þingið felli við atkvæðagreiðsluna. Þetta breytingaratkvæði fer fram á það, að í þeim sýslum, sem fangelsi eru byggð í, skuli fangelsishegningar útteknar, en í hinum sýslunum, þar sem fangelsin ekki eru til, skuli hýðingarnar standa; þetta er gagnstætt meiningu

nefndarinnar, eins og nefndarálitið og nefndaruppástungurnar sýna. Það er sjálfsagt, að hýðingarnar ættu að aftakast á sama tíma um allt land, þegar hin nauðsynlegu fangelsi væru komin upp, eins og ráðgjört er í 307. grein hegningarlaganna; en eptir áliti nefndarinnar er ekki óumflýjanlega nauðsynlegt, að fangelsi sè í hverri sýslu, heldur getur það að minnsta kosti fyrst um sinn nægt, að stærra hèrað en ein sýsla hafi not af hverju fangelsi. Eg held allir muni viðurkenna, að það sè mjög svo óeðlilegt, og öldungis óhafandi, að sín löggjöfin gildi svo að segja í hverri sýslu í þessu tilliti, en það yrði þó ofan á eptir breytingaratkvæðinu. Breytingaratkvæðinu undir tölulið 3. *a* er eg mótfallinn, eins og það liggur fyrir. Eg er að vísu á því, að það væri æskilegt, að sýslumannssetrin yrðu fast-ákveðin, en þetta er svo að segja ómögulegt í sumum sýslum, þar sem engin opinber eign er, nema með því móti, að hið opinbera útvegi sýslumanninum frían bústað, en þar við mundi kostnaður fyrir hið opinbera talsvert aukast, og held eg því, að ekki sè farandi fram á, að þetta sè gjört að almennri reglu; eg vona því, að breytingaratkvæði þetta falli. Uppástungan undir tölulið 3. *b* kemur ekki vel við; hún gjörir ráð fyrir, að þegar sèu til föst sýslumannssetur bæði í Húnavatns- og Skaptafellssýslum, en þetta á sèr ekki enn stað; breytingaruppástungan er því varúðarverð, og get eg ekki ráðið til, að fallast á hana, enda bætir og uppástunga nefndarinnar undir tölulið 3 *c* úr því, sem í þessu tilliti þykir á bresta. Eg skal svo ekki tala fleira að sinni, en einungis mæla með því, að breytingaratkvæðin verði felld, nema breytingaratkvæðið undir tölulið 2. *b*.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til uppástungna þeirra, er standa á atkvæðaskránni, skal eg geta þess:

Töluliður 2. *a* þykir mèr alveg ónauðsynlegur, þar sem í 1. grein segir, að byggja skuli hegningarhús í Reykjavík, en ekki annarstaðar.

Töluliður 2. *b* er samkvæmt því, sem eg benti á við undirbúningsumræðuna, og skal eg þess vegna mæla með þessari uppástungu.

Töluliður 2. *c* virðist mèr öldungis óaðgengilegur, og skal eg í þessu tilliti skýrskota til þess, sem hinn háttvirti framsögumaður tók fram, bæði við undirbúningsumræðuna og nú í dag.

Töluliður 2. *d* og 3. *c*. Eg ætla að mæla á móti þessari uppá-

stungu, en með 2 og 3. grein frumvarpsins, sem ákveða, að sitt fangelsi skuli byggt í hverri sýslu í landinu.

Töluliður 3. *a*. Ef alþingið breytir ákvörðuninni um sýslufangelsi, hefi eg ekki neitt á móti þessari uppástungu, og það sama er að segja um varauppástunguna undir tölulið 3 *b*, því báðar liggja þær nær frumvarpinu en uppástungur nefndarinnar.

Páll Pálsson: Eg stend einungis upp til þess, að gjöra grein fyrir breytingaratkvæði mínu. Eg tók breytingaratkvæðið með fram af því, að mèr þótti 3. grein frumvarpsins aðgengilegri en breyting nefndarinnar, því eg skil ei annað, en að það sè brýn nauðsyn, að fangelsi sè byggt í hverri sýslu; eg játa reyndar að þetta hefir kostnað í för með sèr, en eg vil spyrja: er það ekki einnig kostnaði bundið, að flytja fanga, sem dæmdir er máske í 2 daga fangelsi, 14 dagleiðir til þess að út taka hegninguna? þetta gæti verið bóndi og það einyrki, sem þar við kæmi til að vanrækja heimili sitt um allt of langan tíma; það gæti og komið fyrir sýslumanninn, að þurfa að bregða sèr 6 dagleiðir til að halda rannsókn yfir þeim, sem grunaðir væru fyrir misbrot, og virðist mèr það einnig geta valdið ærnum, og það næsta ósanngjörnum kostnaði. Eg játa það með framsögumanni, að það er ekki gott, að binda fangelsin við fasta bústaði, meðan sýslumannssetrin ekki eru fastákveðin, en mèr getur ekki betur skilizt á frumvarpinu, en að fangelsin skyldu ráða sýslumannssetrunum, og sè svo, sem án efa er meining stjórnarinnar, þá get eg ekki haldið, að það sè ómögulegt fyrir stjórnina, að ákveða bústaði sýslumannanna fyrir fram, og í öllu falli eins hægt, eins og að ákveða staði fyrir fangelsin, sem þá eptir á ættu að verða föst sýslumannasetur. Breytingaratkvæðið undir tölulið 3. *b* tókum við til vara, ef 3. grein frumvarpsins og tölulið 3. *a* fèlli. Meira ætla eg ekki að tala með þessu breytingaratkvæði, en vona, að annaðhvort 3. grein frumvarpsins verði samþykkt, og hana verð eg að álíta bezta, eða þá að töluliður 3. *a* verði samþykktur af þinginu.

Sigurður Gunnarsson: Breytingaratkvæði mitt undir tölulið 2 *a* er vegið og fundið lètt. Eg skal því ekki mæla meira með því; þyki þinginu það óþarft, þá fellir það það. Eg sè nú líka á eptir, að eg hefi ei gætt rètt að í frumvarpinu, að þetta hegningarhús ætti eigi að vera nema eitt á landinu.

Davíð Guðmundsson: Áður en breytingaratkvæði mitt undir tölulið 2. *c* er fellt, ætla eg að tala fáein orð. Það hafa engar á-

stæður enn komið fram, sem hafa hrakið það, en margt er, sem talar með því. Eg tók breytingaratkvæðið til þess, að hjálpa upp á rètt þann, er sakamenn hafa. Flutningstíminn til fangelsanna er viðauki við hegninguna, og kostnaður sá, er af flutningnum leiðir, er öllum augljós; hann gæti, ef til vill, á nokkurra ára fresti komið til að nema eins miklu, og kostnaðurinn við að byggja fangelsi. Það hefir verið haft á móti hýðingunum, að þær væru ekki eins mannúðlegar og fangelsishegningin; eg hef ekki á móti þessu, en nú eru menn bæði vanir við þær, og svo í annan stað gjörir 307. grein í hegningarlögunum nýju ráð fyrir, að þær við haldist, þangað til fangelsin komist á í hverju lögsagnarumdæmi. Þetta er því engin ný hegning, sem breytingaratkvæðið innleiðir, enda álít eg og vafasamt, hvort sakamaður heldur kysi, að láta flytja sig langa leið í fangelsi, og auka með því við hegningartímann, eða að út taka hýðingu heima í hèraði, og fríast með því við ýmsan tilfinnanlegan kostnað fyrir sjálfan sig, auk alls þess kostnaðar, sem fyrirkomulag nefndarinnar leggur á almenning.

Framsögumaður: Mig furðaði stórum á því, að þingmaður Skagfirðinga skyldi fara að reyna til að verja breytingaratkvæði sitt. Hann sagði, að það innfærði enga nýja breytingu; en þetta er ekki rètt hermt. Eða er það ekki sannarleg nýmæli, að sín lögin svo að segja skuli gilda í hverri sýslu, eða með öðrum orðum, að í einni sýslu skuli vera við höfð fangelsishegning fyrir það afbrot, sem í annari sýslu straffast með hýðingu? Eg veit ei, hvort það var meining þingmannsins, að vilja «accordera» við sakamenn um, hvort þeir heldur vildu út taka hegninguna í fangelsi eða láta hýða sig; það hefir víst ekki verið meining hans, en hafi það verið, þá er það svo fjarlægt öllum sanni, að ekki þarf að mæla móti því. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga gjörði sig sekan í misskilningi, þar sem hann talaði um kostnaðinn, er leiddi af flutningi þeirra, er stæðu undir rannsókn, til varðhaldsfangelsanna; það er nefnilega ekki spursmál um, að brúka fangelsin sem varðhaldsfangelsi, nema fyrir þær sýslur, sem þau eru í. Það var og sagt, að flutningurinn væri viðauki við hegninguna; þetta er satt að því leyti, sem hlutaðeigendur eru sviptir frelsi sínu, meðan verið er að flytja þá til fangelsanna; en þetta eru þeir annmarkar, sem ekki er hægt að komast hjá, þó fangelsi væri í hverri sýslu; það er til að mynda munur, hvað styttra er að flytja sakamanninn frá Tjörnesinu til Húsavíkur, en frá Langanesi og þangað.

Páll Vídalín: Eg skal ekki verða langorður í þetta sinn, því þingmaður Vestur-Skaptfellinga tók flest það fram, er eg ætlaði að segja. Eg álít eins og hann frumvarpið miklu aðgengilegra en uppástungur eða breytingar nefndarinnar, og það einmitt af því, að í frumvarpinu er ætlazt til, að fangelsi verði byggt í hverri sýslu, en þar á móti á eptir breytingum nefndarinnar að eins 1 eða 2 fangelsi að vera í hverju amti. Það var þó einmitt það, sem alþingi 1867 bað um og tók fram sem skilyrði fyrir því, að hin nýju hegningarlög gætu átt hèr við, að fangelsin væru sett í hverri sýslu, þar eð hinn langi flutningur til amtsfangelsanna, sem nefndin hèr í Reykjavík stakk upp á, er öldungis óþolandi. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir og þess vegna látið í ljósi, að hann vildi fallast á breytingaruppástungur okkar þingmanns Vestur-Skaptfellinga við nefndina. Þó flutningurinn geti verið mislangur til fangelsisins innan sýslu, eins og framsögumaður tók fram, þá er þó munur á því, og að flytja sakamenn úr mörgum sýslum í eitt fangelsi; það er t. a. m. lengri flutningur úr Húnavatnssýslu til Akureyrar, en frá Langanesi til Húsavíkur. Þar sem framsögumaður fèllst á breytingaratkvæðið undir tölulið 2. *b*, af því að á Húsavík væri ákveðið fast sýslumannssetur, þá virðist mèr, að framsögumanni sèu hèr of mislagðar hendur, því fyrst er það, að eg hefi enga sönnun eða vissu fyrir því, að sýslumannssetur sè nú ákveðið í Þingeyjarsýslu, þótt það einhvern tíma hafi verið, og í öðru lagi verð eg að álíta, að þetta sama eigi sèr ekki síður stað í Húnavatnssýslu, því að Grund í Svínadal er þar gamalt ákveðið sýslumannssetur, og þessi ákvörðun veit eg ekki til að sè upp hafin. Eg er ekki að mæla á móti því, að fangelsi verði byggt á Húsavík, en eg vil einnig, að þau verði byggð í öllum sýslum landsins, og því verð eg að álíta frumvarpið betra en breytingar nefndarinnar, sem fara í gagnstæða átt.

Stefán Eiríksson: Eg stend nú upp einungis til að minnast lítið eitt á breytingaratkvæðin undir tölulið 3. *a* og *b*, og skal eg geta þess, að eg get ekki fallizt á tölulið 3. *a* vegna þess, að þar stendur: «að minnsta kosti við næstu sýslumanna-skipti», en sá dráttur á fangahúsabyggingu er óhafandi, og miklu verri en hjá nefndinni, þar sem hún einungis fer því fram, að fangahúsabyggingin í sýslunum dragist að eins, þangað til búið er að ákveða fasta bústaði sýslumanna; en sú ákvörðun getur ef til vill komizt á á næsta ári (*Páll Pálsson:* Það stendur í breytingaratkvæðinu:

«sem fyrst».); en þar á móti fellst eg á tölulið 3. *b* um, að fangelsi verði byggð í Skaptafells- og Húnavatnssýslum, því eins og eg hefi áður tekið fram, er óumflýjanlega nauðsynlegt, að fangahús verði sem allra-fyrst byggt í Skaptafellssýslu. Það, sem nefndinni gekk til, að koma fram með þá ákvörðun, að bústaðir sýslumanna yrðu fast-ákveðnir, var það, að hún vildi koma í veg fyrir þá afkáralegu aðferð, sem sett er í 3. grein frumvarpsins um, að sýslumenn skuli draga á eptir sèr fangahúsin um alla sýsluna.

Torfi Einarsson: Eg var einn af þeim fyrstu, sem á alþingi 1867 stakk upp á því, að fangelsi yrði byggt í hverri sýslu, en tók mèr að þessu sinni ekki breytingaratkvæði af því, að eg skildi nefndina svo, að þetta yrði með tímanum, eða svo fljótt sem auðið væri; eg er þess vegna með nefndinni, þó eg á hinn bóginn vilji vera sem vægastur við breytingaratkvæði þingmanna; því hver þekkir bezt til, hvernig til hagar hjá honum.

Eiríkur Kúld: Eg hefði ef til vill kunnað nógu vel við uppástungu nefndarinnar undir tölulið 3. *c*, ef hún ekki strandaði á sama skeri og töluliður 3. *a;* það getur sem sè í sumum sýslum verið ómögulegt að ákveða hentugt fast sýslumannssetur; þannig er t. a. m. ástatt í Barðastrandarsýslu, nema ef stjórnin vildi kaupa jörð til þess, og held eg, að það mundu nú þykja útgjöld fyrir ríkissjóðinn. Eg ætla því helzt að halla mèr að breytingaratkvæðinu undir tölulið 3. *b*. Að öðru leyti skal eg ei fara fleirum orðum um þetta mál.

Stefán Jónsson: Eg fæ ekki betur sèð, en nefndin hafi dregið úr frumvarpinu um byggingu fangelsanna, en eg er einn af þeim, sem er á því, að nauðsynlegt sè, að fangelsi verði byggt í hverri sýslu. Það er ekki jafnrètti fyrir sakamennina, að þeir úr sumum sýslum þurfi að hrekjast langar leiðir í aðra eða þriðju sýslu til fangahússins. Þetta má næstum álíta viðbót við hegninguna. Það er frelsistjón fyrir þá, á meðan á þessum hrakningum stendur, en það er ekki þeirra skuld, að fangelsin ekki eru til. Annað mál er, að mislangt geti verið að flytja sakamennina til fangelsanna innan sýslu, eins og áðan var sýnt; hjá því verður ekki komizt; það er að sínu leyti eins og í kirkjusóknum, að þar eiga sumir menn fjarskalega langt, en aðrir skammt til kirkjunnar, og svo er um flesta samkomustaði; en það er annmarki, sem ekki er hægt að bæta úr. Eg ætla því fremur að gefa frumvarpinu atkvæði mitt, en uppástungum nefndarinnar, af því eg verð að álíta,

að fangelsin eigi að koma upp sem allra-fyrst í öllum sýslum. Ef tekið er lán til byggínganna, má byrja sem fyrst að byggja fangelsin.

Benedikt Sveinsson: Eg hefi ekki talað fyr í þessu máli, og eg skal ekki rýra lof það, sem nefndin hefir fengið, enda er hún og skipuð þeim mönnum, er gefa trygging fyrir því, að lofið ekki hafi verið ástæðulaust. Eg skal samt lýsa því yfir, að eg vil helzt stjórnarfrumvarpið óbreytt. Eg játa það, að nefndin hefir tekið tillit til fátæktar landsins, og er þetta atriði vel takandi til greina, og í sjálfu sèr á góðum rökum byggt. En beri maður saman, hvort eðlilegra sè, að þessi lög, sem eru framkvæmd hegningarlaganna, eigi einungis að verða hálf lög, nefnilega, gilda í sumum sýslum landsins, en ekki sumum, beri maður það saman við það atriði, sem hefir vakað fyrir nefndínni, þá er eg ekki í vafa um, að fyrra atriðið á að vega meira. Eg álít því, að bezt hefði verið, að fallast á stjórnarfrumvarpið, og að stjórninni í álitsskjalinu til konungs væri að eins gefin bending um uppástungur nefndarinnar, og get eg ekki sèð, að neitt sè móti því í formlegu tilliti, að þessi bending sè tekin inn í álitsskjalið.

Jón Pètursson: Nefndin er á sömu meiningu og stjórnarfrumvarpið, sem sè, að í hverri sýslu eigi fangelsi að komast á. Nefndin álítur, að hver sýsla eigi að fá fangelsi, þegar mögulegleikar eru fyrir því, en heldur ekki fyr; þetta verður stjórnarfrumvarpið líka víst að meina, því það verður þó ekki byggt fangelsi á sýslumannssetri í einni sýslu, fyrri en búið er að ákveða sýslumanninum þar fastan bústað. Eg álít því, að augnamið lagaboðsins náist betur með uppástungum nefndarinnar, en eptir sjálfu frumvarpinu. Hvað breytingaratkvæðið undir tölulið 3. *a* snertir, þá eru margar sýslur, sem ekkert opinbert góz er í og ekki verzlunarstaðir; í þeim sýslum verða því ekki ákveðin föst sýslumannssetur, nema með því móti, að stjórnin kaupi jarðir til þess; eg get því ekki fallizt á þetta breytingaratkvæði. Að endingu skal eg geta þess, að eg skil ekki, að töluliður 3. *b* eigi við, þegar búið er að samþykkja tölulið 2. *d*.

Forseti: Eg skal geta þess, að þegar gengið er til atkvæða um tölulið 2. d, þá hugsaði eg mèr, að það yrði gjört með því skilyrði, að þar mætti síðan skjóta inn í því, sem stendur í tölulið 3. b, ef töluliðurinn 3. a fèlli.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður

hefir tekið það fram, sem eg þurfti og ætlaði að segja. Mèr finnst menn gjöra of mikið úr jafnrètti sakamanna með tilliti til flutningsins, einkum hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga; það er þó sannarlega meiri ójöfnuður, að flytja sakamenn af yztu landshornum til hegningarhússins í Reykjavík, en þó þeir sèu fluttir úr ýmsum sýslum til næstu fangelsa, en þetta er nauðsynleg afleiðing af því, að ekki er hægt að hafa nema eitt hegningarhús á landinu. Að öðru leyti skal eg ítreka það, eins og eg áður hefi tekið fram, að það er ómögulegt, að allar misjöfnur í þessu tilliti hverfi. Uppástunga þingmanns Árnesinga um, einungis að gefa stjórninni bendingu um uppástungur nefndarinnar í álitsskjalinu til konungs, virðist mèr eigi geta átt sèr stað; þingið getur ekki í öðru orðinu beðið um frumvarpið óbreytt með fangelsi í hverri sýslu, og þó jafnframt bent á, að ekki sè vert að setja nema 6 eða 7 fangelsi. Eg fyrir mitt leyti hefi ekki skilið ákvörðunina í 3. grein frumvarpsins um heimili sýslumanns á sama hátt og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður; eg skil þessa ákvörðun svo, að þar sè meint það heimili, sem hann hefir, þegar fangelsið á að byggjast. Eg skal að endingu geta þess, að eg get ekki af umræðunum um mál þetta sannfærzt um, að uppástunga nefndarinnar undir tölulið 3. ráði ekki bót á vankvæðunum, með því ákvörðun þessari er ætlað að leiða til þess, að fangelsunum smátt og smátt verði fjölgað, eptir því sem þörf gjörist og kringumstæðurnar leyfa.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að þingmenn hafi fyrir sèr. (Sjá II., bls. 171).

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um leigsölu brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu, svo og nefndarálit í málinu um að stofna hèr kennaraembætti í sögu Íslands og norrænum fornfræðum; verða nefndarálit þessi lögð á lestrarsalinn og hinum háttvirta konungsfulltrúa send eptirrit af þeim. Dagskrá er þá lokið; ýmissa kringumstæðna vegna verður fundur ekki haldinn á morgun, en eg mun boða fund til á fimmtudag kl. 12.

Fundi slitið.

15. fundur — 19. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Húnvetninga, er hafði tilkynnt forseta forföll sín. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tvær bænarskrár eða uppástungur frá hinum 3. konungkjörna þingmanni, aðra um fjárstyrk til að kaupa áhöld handa læknaskólanum, og hina um styrk handa ljósmæðrum.

Í dag kemur fyrst málið um að lögleiða hèr á landi nokkur dönsk lagaboð frá 1867 og 1868 til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Hinn 1. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Framsögumaður (Þórður Jónasson): Þegar mál þetta var til undirbúnings, komu engin mótmæli fram frá þingsins hálfu, og leiði eg hèr af, að hið heiðraða þing hafi yfir höfuð að tala aðhyllzt skoðun nefndarinnar, bæði hvað löggildingu lagaboðsins frá 3. apríl 1868 um mannorðsbót snertir, sem og það, að engin af hinum 13 lagaboðum, sem nefndinni voru fengin til yfirvegunar, gætu átt við á Íslandi.

Eg hefi engu að bæta við það, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna, og legg eg því málið svo vaxið undir álit og úrslit hins heiðraða þings án frekari ummæla.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að hinir háttvirtu þingmenn hafi prentaða fyrir sèr. (Sjá II., bls. 174).

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um forngripasafnið í Reykjavík. Þingmaður Vestmannaeyinga er framsögumaður. Eg veit ekki, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður (Helgi Hálfdánarson): Mál þetta fèkk svo góðan róm við undirbúningsumræðuna, að eg þarf ei frekar að tala um það. Eg ætla einungis að minnast á breytingaratkvæði þingmannsins úr Suður-Múlasýslu undir 4. tölulið. Eg veit vel, að tilgangur þess er góður, og eg játa, að það væri æskilegt, að þessir heiðursmenn fengju þóknun fyrir starfa sinn, en á hinn bóginn finnst mèr, að menn með því að aðhyllast þetta breytingaratkvæði kynnu einmitt að hindra það, að safnið sjálft fái nokkurn styrk, sem þó er hèr aðaltilgangurinn, og held eg því, að þingið gjöri rèttast í, að fallast ekki á breytingaratkvæðið.

Ólafur Pálsson: Eg vona að ályktarumræðan um mál þetta

þurfi ekki að verða löng, og að málið fái góð úrslit. Eg stend einungis upp til þess, áður en gengið er til atkvæða, að gefa upplýsingu um það, sem við undirbúningsumræðuna virtist ekki að vera öllum ljóst í þessu máli, sem sé um það, hvort safnið sé landsins eign, og hvort það standi undir stjórn stiptsyfirvaldanna eður ekki. Eg hef hèr í höndum hina prentuðu skýrslu um forngripasafnið; í henni er gjafabrèf séra Helga á Setbergi, sem lýsir því yfir, að gjöf hans sé landsins eign, og þar með er reglugjörð fyrir meðferð gjafarinnar; enn fremur er þar og brèf frá stiptsyfirvöldunum, dagsett 24. febr. 1863, hvar í þau þakklátlega viðurkenna gjöfina og taka að sèr yfirumsjón yfir safninu, og fela bókaverði Jóni Árnasyni, sem hafði skýrt þeim frá ofannefndri gjöf, umsjón safnsins; það getur því enginn efi verið á því, að safnið sé eign landsins. Hinn annar umsjónarmaður safnsins er skipaður með brèfi hinna sömu háyfirvalda 24. júlí næst á eptir. Hvað tillagið snertir, þá er eg að vísu einn af þeim, sem ekki vilja halda fram miklum fjárbeiðslum á hendur stjórninni, undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, og eg álít þær iskyggilegar; en af því hèr er brýn nauðsyn til staðar, þar sem það er bæði skaði og óvirðing, að safnið tortýnist, og hins vegar um lítilræði að gjöra, vona eg fastlega, að stjórnin verði við bón þingsins, og láti ekki yfirumsjónarmenn safnsins komast í vandræði með það. Á þetta vildi eg benda, áður en gengið er til atkvæða.

Sigurður Gunnarsson: Sízt ætlaði eg mèr að spilla fyrir forngripasafninu með breytingaratkvæði mínu undir tölulið 4. Eg skal í fáum orðum skýra frá, hvers vegna eg tók það; eg ímyndaði mèr, að ef neitað yrði um styrkinn, þá mundu máske hinir heiðvirðu menn, er hingað til hafa staðið fyrir safninu, gefast upp við starfa sinn, en það þótti mèr mestu skipta, að þeir hèldu áfram lofsverðri viðleitni sinni, að auka safnið og annast um það. Það er hraparlegt, hvernig gengur hèr á landi, þó einstakir menn sèu útbúnir af drottni með sèrlegum hæfilegleikum til einhverra nytsemda, þá verður þrávallt ekkert úr þeim; því ýmist hafa menn ekki vit á, að meta ágæti þeirra, ýmist veldur skortur á menntun eða örbyrgð. Þess vegna verður hèr svo opt ekkert úr beztu mannsefnum og beztu fyrirtækjum; mennirnir eru hæfir til þeirra, en þá vantar hjálp, vantar allt, sem þarf til að gjöra þá föðurlandinu til gagns. Hèr er nú að tala um tvo menn, sem hafa varið æfi sinni og efnum, til að gjöra föðurlandinu sóma og gagn með sèrlegum hæfi-

legleikum sínum. Til að styrkja þá að halda fram viðleitni sinni við forngripasafnið, stakk eg upp á breytingaratkvæðinu undir tölulið 4., ef eigi fengist veitt hitt lítilræðið, sem um er beðið, enda er eg og sannfærður um, að þó eigi fengist annað en þessi litla þóknun, þá mundum vèr eigi missa þessa heiðursmenn frá umsjón yfir safninu, heldur mundu þeir þá leitast því heldur við, að auka það og annast um, að það sem fengist færi eigi forgörðum.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg játa það, að eg er hræddur um, að ef stjórnin neitar um styrkinn, þá muni hún einnig neita um þóknunina; en þó umsjónarmenn safnsins fengju nú þóknunina, sem eg ann þeim og þeir eiga skilið, þá yrðu þeir þó að hætta eins fyrir það, því að það væri enginn styrkur fyrir safnið, sem nauðsynlega þarf hans við, til að geta haldizt saman og varizt skemmdum. Eg held því, að það liggi misskilningur í breytingaratkvæðinu undir 4. tölulið, og get því ekki gefið því atkvæði.

Torfi Einarsson: Eg kann ekki við að vera að tvískipta beiðninni, enda finnst mèr og, að stjórnin varla geti neitað um þennan 300 rd. styrk eptir þeim upplýsingum að dæma, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður gaf þinginu. Gamla viðbáran, að styrkurinn ekki geti orðið veittur af því, að menn hafi hèr ekkert að gjört, til að koma stofnuninni áfram, hverfur hèr. Eg gef því atkvæði mitt fyrir uppástungum nefndarinnar.

Guðmundur Einarsson: Eg vil biðja þingmenn að athuga, að breytingaratkvæðið undir tölulið 4. stendur neðst á atkvæðaskránni, og ættu menn þá að aðhyllast það, ef allt annað fèlli, sem á atkvæðaskránni stendur; því fengist ekki styrkurinn, þá væri þó betra, að þóknunin fengist handa umsjónarmönnunum en ekki neitt.

Eiríkur Kúld: Eg veit ekki, hvort eg hefi skilið þingmann Dalasýslu rètt, en mèr heyrðist á honum, að hann eins og bæri kvíðboga fyrir því, að þingið ekki mundi fallast á uppástungu nefndarinnar, en eg sè ekki, hvers vegna þingið nú ekki eigi að ganga eindregið í sömu átt eins og að undanförnu. Eg er ekki einn af þeim mönnum, sem er hræddur við að biðja um styrk úr ríkissjóðnum, því hvert eigum vèr annars að fara, meðan vèr ekki fáum fjárforræði sjálfir. Eg ætla því að gefa atkvæði mitt fyrir uppástungum nefndarinnar.

Forseti: Eg hafði hugsað mèr, að sú þýðing lægi í uppástungunni í 4. tölulið, hvort þingið vildi aðhyllast hana, og bera

hana fram sem varaatkvæði, ellegar ekki, nema ef þingmaðurinn fellur frá þessari uppástungu, og enginn tekur hana að sèr, svo að hún þar með falli niður.

Þar eð ekki fleiri taka til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að þingmenn hafi fyrir sèr prentaða. (Sjá II, bls. 176).

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um innheimtu á kröfum með forgangsrètti. Þingmaður Árnesinga er framsögumaður, og er honum heimilt að taka til máls, ef hann vill.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Það hafa engar verulegar mótbárur komið fram gegn nefndarálitinu, og þarf eg því ekki að vera margorður. Það er einungis eitt breytingaratkvæði sem komið er fram, og við kemur það einungis orðfærinu; eg játa það að vísu, að orðfærið og málið er ekki alls kostar gott á frumvarpinu, en get þó samt sem áður eigi ráðið þinginu til að fallast á breytingaratkvæðið, vegna þess að meiningin í því er alls eigi hin sama og í frumvarpinu. Munurinn er svo augljós, að eigi þarf að orðlengja um hann.

Konungsfulltrúi: Breytingaruppástunga hins heiðraða þingmanns Skagfirðinga, sem stendur á atkvæðaskránni undir tölul. 1., átti, eptir því sem uppástungumaðurinn gjörði ráð fyrir við undirbúningsumræðuna, einungis að vera orðabreyting, en mèr þykir orðabreytingin ekki hafa tekizt sem heppilegast. Hinn heiðraði framsögumaður tók það fram, en eg skal leyfa mèr að skýra nákvæmar frá því. Breytingaruppástungan leggur áherzluna á það, að fjárnám má gjöra til lúkningar kröfum þeim, sem hèr ræðir um, — en þetta hefir hingað til ekki verið neinum vafa undirorpið; — á hinn bóginn leggur frumvarpið áherzluna á það, að forrèttindi þau, sem um er að ræða, haldist við, þegar gjört er fjárnám til lúkningar kröfunum, þó að búi skuldunautsins ekki verði skipt sem þrotabúi; en vegna þess að opið brèf frá 23. júlí 1819 að eins hafði ákveðið forgangsrètt þessara krafa í þrotabúum, hefir það hingað til verið vafasamt, hvort kröfur þessar, þegar fjárnám er gjört í lausafè, haldast við þann forgangsrètt, sem opið brèf frá 23. júlí 1819 veitir þeim fyrir sjálfsvörzluveði, án þess nauðsynlegt sè til framkvæmdar greindra forrèttinda, að heimta að öllu búi skuldunautsins sè skipt sem gjaldþrota. Eg held, að

hinn heiðraði uppástungumaður ekki hafi ætlað að gjöra neina verulega breytingu við frumvarpið, en ef svo er, virðist mèr fyrri hluti frumvarpsins vera langtum heppilegar orðaður, en breytingaruppástungan, og eg skal þess vegna ráða þinginu til, að fella hana, ef hinn heiðraði þingmaður ekki kýs sjálfur að taka hana aptur.

Davíð Guðmundsson: Það getur eigi verið spursmál um annað, en að eg í öðru eins máli og þessu treysti lögfræðingunum betur en mèr, en eg skal þó leyfa mèr að geta þess, að eg tók breytingaratkvæðið í því skyni, að gjöra frumvarpið skiljanlegt, og fannst mèr það »premera« meiningu frumvarpsins, þar sem eg álít það með öllu óskiljanlegt. Eg ætla því ekki að mæla neitt frekara fyrir breytingaratkvæði mínu.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem hinir háttvirtu þingmenn munu hafa fyrir sèr. (Sjá II, bls. 177).

Forseti: Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu málið um hið konunglega frumvarp til tilskipunar um viðauka við fjárkláðalög 5. jan. 1866. Framsögumaður er þingmaður Árnesinga, og mun hann lesa nefndarálitið fyrir þingmönnum og skýra frá málinu, svo sem þörf þykir.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II, bls. 178).

Þingið sèr, að nefndin hefir gjört sèr far um sem mest að fylgja stjórnarfrumvarpinu, og þess vegna gjört sem fæstar breytingar við frumvarpið að henni var mögulegt. Eg ætla því ekki að sinni að fara fleirum orðum um þessar breytingar, því það eru færð skýr rök fyrir þeim í nefndarálitinu.

Konungsfulltrúi: Í hitt eð fyrra samdi alþingið frumvarp til viðaukatilskipunar við tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi; stjórnin gat ekki aðhyllzt þetta frumvarp, en af því fjárkláðamálið er eða var mesta áhugamál þingsins, og hún þess vegna óskaði að fara svo langt til móts við þingið, sem yfir höfuð var unnt, samdi hún frumvarp það, sem nú liggur fyrir þinginu. Þessi er saga frumvarpsins, og þess vegna er auðsætt, að ef þingið ekki getur samþykkt hin verulegu atriði uppástungna þeirra, sem stjórnin hefir gjört í frumvarpinu, þá er það einungis til tímaspillis að ræða það, því þá verður ástandið

óbreytt, eins og það er ákveðið við tilsk. 5. janúar 1866; stjórnin álítur frá sínu sjónarmiði ekki nauðsynlegt, að breyta tilskipuninni, eða að bæta þessari viðaukatilskipun við hana, heldur hefir hún, eins og eg nýlega tók fram, ætlað að sýna þinginu þá ívilnun, að fara svo langt til móts við uppástungur þingsins í þessu máli, sem henni virtist hættulaust að fara; álíti þingið, að þessar uppástungur séu óaðgengilegar, þykir mèr heppilegra, að þingið biðji, að frumvarpið verði ekki lögleitt, en að breyta því á þann hátt, að það ekki geti orðið lögleitt.

Þar sem stjórnin einungis getur veitt amtmönnum myndugleika til, að láta skera niður fè, sem sjúkt eða grunað er, innan þeirra takmarka, sem sett eru í 2. gr. frumvarpsins, og með því skilyrði, að amtmaðurinn hafi haft examineraðan dýralækni, ef hann er til, eða annars hlutaðeigandi lögreglustjóra, alþingismann og 2 bændur, er hreppsbúar kjósa, í ráðum með sèr, áður en hann lætur skera niður, þá dugir ekki að breyta þessari ákvörðun svoleiðis, að greinin verði samhljóða frumvarpi alþingis frá í hitt eð fyrra, því þá verður hún eins óaðgengileg nú, og hún var áður, frá stjórnarinnar hálfu. Það sama er segja um breytingar þær, sem hin heiðraða nefnd stingur upp á við 6. grein, þar sem kveður á um varðhald. Í þessari grein gefst amtmanni heimild til þess, að samþykkja varðhald, og amtmönnum, ef spursmál verður um að setja vörð amtanna á milli, heimild til að koma sèr saman um, hvað gjöra skuli í því efni, og þessi ákvörðun gefur einmitt amtmönnum sem frjálsastar hendur til að ákveða, hvort vörð eigi að setja eða ekki. Af því að stjórnin ekki gat aðhyllzt uppástungu alþingis frá í hitt eð fyrra um, að amtmenn skyldu ákveða almenna verði, er auðsætt, að nú dugir ekki að breyta 6. grein frumvarpsins á þann hátt, sem nefndin stingur upp á, með því að gjöra hana í öllu verulegu samhljóða 4. gr. í frumvarpi alþingis. Stjórnin getur eigi fallizt á, að almennir verðir séu nauðsynlegir, en hún vill koma svo langt til móts við alþingi, að hún leyfir amtmönnum upp á þeirra ábyrgð að samþykkja, að verðir verði settir, ef þeim þykir þörf á þessu. Eg skal ekki lengja tímann með því, að útlista, hver munurinn sè milli ákvarðana frumvarpsins og nefndarálitsins, en eg skal ítreka það, að ef uppástungur stjórnarinnar um þau atriði, sem eg nú hefi tekið fram, þykja þinginu óaðgengilegar, má ekki búast við að tilsk. 5. janúar 1866 verði gefinn þessi viðauki.

Hvað snertir hinar aðrar breytingar, sem nefndin hefir stungið upp á, skal eg geta þess, að eg skoða uppástunguna um að setja í stað orðanna «að neinum notum» í 1. gr. «svo til hlítar sè», sem orðabreyting, því sá, sem á að úrskurða í þessu máli, er amtmaðurinn, og ef hann álítur, að aðskilnaður og lækningar komi ekki að neinum notum, held eg hann líka muni álíta, að það sè ekki til hlítar. Af því að orðið «fyrst» í sömu málsgrein á við ákvörðunina í 2. gr. um takmörk þau, sem sett eru fyrir þá heimild, er greinin gefur amtmönnum, skal eg mæla á móti þessari breytingaruppástungu. Upp á breytingunni við 4. gr., að öðrum helmingi endurgjaldsins sè að jafna niður á alla fjáreigendur í hlutaðeigandi amti, nema hann sè meir en 150 rd., ella skuli jafna honum niður á alla fjáreigendur í landinu, er, ef eg hefi skilið nefndarálitið rètt, að mestu leyti stungið með tilliti til þess útvíkkaða svæðis, sem nefndin hefir gjört ráð fyrir, með því að stinga upp á, að 2. gr. verði felld úr; en þar sem frumvarpið með þvílíkri breytingu ekki getur orðið lögleitt, þykir mèr uppástunga sú við 4. gr., sem hèr ræðir um, óþörf, því varla getur orðið spursmál um, að niðurskurður á 5 bæjum nemi meiru en 300 rd. En eg skal fyrir mitt leyti mæla með því, að þessi helmingur verði greiddur af sýslu þeirri, sem í hlut á, og honum jafnað niður á alla fjáreigendur þeirrar sýslu, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 3. gr. tilskip. frá 5. jan. 1866, og eg skal þess vegna skjóta því til yfirvegunar hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún álíti þessa breyting hagfelldari en ákvörðun frumvarpsins, og ef svo er, hvort hún við ályktarumræðuna vilji stinga upp á þessari breyting, en eg skal láta það í ljósi, að eg ekki get mælt með, að þessum helmingi verði jafnað niður á alla fjáreigendur landsins eða hlutaðeigandi amts.

Á móti breytingunni við 5. gr. hefi eg ekki neitt. Við 6. gr. hefi eg áður getið þess, að breytingar nefndarinnar, að svo miklu leyti sem þær snerta myndugleik amtmannsins til að ákveða, hvort og hvernig eigi að setja vörð, sè frá sjónarmiði stjórnarinnar alveg óaðgengilegar. Eg skal bæta því við, að þar sem þessar breytingar fara þess á leit, að allan varðkostnað skuli borga úr jafnaðarsjóðnum, þá held eg líka, að stjórnin muni álíta þær óaðgengilegar, og einnig mèr þykja þær mjög ósanngjarnar og óeðlilegar. Mèr virðist einungis ástæða til að skipa varðhald, ef fjáreigendur í hinum heilbrigðu hèruðum sjálfir óska þess, og eru

fúsir til að taka þátt í þeim kostnaði, sem vörðurinn hefir í för með sèr, en um það á amtmaðurinn sjálfsagt að leita upplýsingar, áður en hann skipar varðhald; og þess vegna virðist mèr vel til fallið, þar sem frumvarpið kveður svo að orðum: «skal amtmanni heimilt að samþykkja», því þó að fjárverðir eptir landslagi hèr á landi aldrei geti veitt fulla tryggingu, er nauðsynleg til þess, að þeir yfir höfuð að tala geti veitt einhverja tryggingu, að þeir fjáreigendur, sem tryggja skal með verðinum, sjálfir hafi hag af og áhuga á, að hann verði haldinn sem bezt. En því skal eg bæta við, að amtsjafnaðarsjóðirnir hafa nægileg þyngsli að bera, þegar tillit er tekið til, bæði að þeir eiga að borga hinn helminginn, eða allt að helmingi kostnaðarins, og að jafnaðarsjóðir allra amta landsins sem stendur eru mjög bágt staddir.

Framsögumaður: Ræða hins hæstvirta konungsfulltrúa gefur mèr tilefni að fara fleirum orðum um þetta mál, en eg bjóst við að eg mundi þurfa. Eg get ekki annað en lýst gleði minni yfir þeim orðum konungsfulltrúa, að stjórnin í þessu máli hefði komið til móts við þingið, en eg leyfi mèr þá um leið að vona, að þessi ganga hennar verði heil en ekki hálf, og að hún að lokunum hafi fullkomið tillit til bæna alþingis í þessu máli. Þegar litið er á hinn blóðuga feril kláðans, þá verður hver og einn að játa, að stjórnin gjörir gott verk, ekki einungis fyrir oss Íslendinga, heldur og einmitt fyrir sjálfa sig, með því að aðhyllast það, sem bæði þing og þjóð þráir eptir, með því að koma málinu í skipulegt horf, og binda það föstum og tryggum lögum, og var eg manna fyrstur til þess á alþingi að stinga upp á, að þetta yrði gjört. Eg verð að játa það, að eg skildi ekki glögglega hinn hæstvirta konungsfulltrúa, þar sem hann sagði, að ekki væri að hugsa til að fá þær breytingar samþykktar hjá stjórninni, sem nefndin hefði gjört við frumvarp hennar; eg skil ekki, hvers vegna stjórnin leggur frumvarpið fyrir þingið, ef það ekki á vanalegan hátt hefir leyfi til að gjöra þær breytingar við það, sem það álitur bezt við eiga, með von um, að stjórnin taki þær til greina samkvæmt alþingistilskipuninni (*Grímur Thomsen:* Hærra!). Eg verð sem þingmaður að neita því, að eg hafi farið fram á nokkuð óleyfilegt, þó eg eptir beztu sannfæringu hafi ráðið til þeirra breytinga við frumvarpið, sem eg áleit og álít alveg nauðsynlegar og rèttar. Eg vildi gjarnan tala þetta svo hátt og skýrt, að þingheimi skildist, að eg hefði rètt að mæla. Með þessum almennu orðum ætla eg að minnast lítið eitt á hin

einstöku breytingaratkvæði. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnin gæti ekki fallizt á, að fella 2. gr. frumvarpsins burt, af því hún vildi koma í veg fyrir, að niðurskurðurinn yrði á mjög stóru svæði. En eg vil nú spyrja: Hvernig er þessi 5 bæja takmörkun, sem sett er í stjórnarfrumvarpinu? Hvernig á hún við aðalhugsun frumvarpsins? og hvernig á hún við, þegar litið er til framkvæmdarinnar? Eg skal þá geta þess, að þar sem bæirnir liggja saman, er fjáraðskilnaðurinn og lækningarnar einmitt hægastar. Frumvarpið gjörir þannig ráð fyrir niðurskurði einmitt í því tilfelli, sem hann ætti sizt að vera nauðsynlegur. En setji maður nú það dæmi, að næm sýki komi upp á bæjum, sem liggja sem lengst burtu hvor frá öðrum, já, hvernig færi þá? Hvernig færi, ef t. d. kláði eður önnur næm fjárveiki kæmi upp á einum eður fleiri bæjum á Langanesi, við Djúpavog, nálægt Reykjanesi og á Vestfjörðum um sama leyti. Þetta er þó hugsanlegt eptir þeim skoðunum, sem fram hefir verið haldið af læknunum í kláðamálinu góða. Nú mistakast lækningarnar, og hvað á svo að gjöra? Eptir frumvarpinu 2. gr. held eg niðurskurður sè óleyfilegur í þessu tilfelli, nema það væri meiningin, að skera mætti á hvað mörgum stöðum sem vildi, ef að eins hvergi væri skorið á einum stað á stærra svæði en 5 bæjum, sem saman liggja, og þetta er víst ekki rètt skilið, enda mætti þá beita svo gífurlegum niðurskurði, að eigi væri til hans hugsandi, og þó gæti hann orðið ónógur, af því að allt af yrði að skilja eptir einlæg millibil. Það er því augljóst, að 2. gr. frumvarpsins heimilar annaðhvort of mikinn eða of lítinn niðurskurð, en nefndin vildi hvorugt gjöra, enda sýnir og nefndarálitið, að nefndin gjörði ráð fyrir, að sjaldan mundi koma til mikils niðurskurðar, en það er auðvitað, að hann hlýtur að mega vera svo mikill, sem þörf krefur, þegar lækningarnar bregðast. Það er auðvitað, að það er á ábyrgð stjórnarinnar, að neita, að gjöra breytingar nefndarinnar, ef þingið fellst á þær sem á skynsamlegum rökum byggðar, að lögum, í þessum efnum sem öðrum. Þar sem konungsfulltrúi ekki gat fallizt á breytingu nefndarinnar við 1. grein, sem sè að breyta orðunum: «að neinum notum» í «svo til hlítar sè», þá er þó þessi breyting nefndarinnar fullkomlega á rökum byggð, og henni datt eigi í hug að álíta, að amtmenn álitu, að lækningar dygðu til hlítar, ef þær kæmu eigi að neinum notum, heldur hitt, að það væri allt annað, að lækningarnar dygðu til hlítar, en það að þær kæmu að nokkr-

um, já miklum notum, enda er það næstum óhugsandi, að lækningar, ef þær eru viðhafðar, komi að engum notum. Hvað breytingu nefndarinnar við 4. gr. frumvarpsins snertir, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki gat fallizt á, þá fæ eg þó eigi annað séð, en að hún sè heppilega valin af nefndinni, því það gelur þó auðsjáanlega orðið svo þung álaga fyrir hreppinn, að óbærileg sè, þó ekki sè um að tala, nema að endurgjalda skaða þann, er niðurskurður á 5 bæjum hefir valdið. Konungsfulltrúi sagði, að nefndin hefði miðað endurgjaldið við 150 rd. af því, að hún hefði haft fyrir sèr stærra niðurskurðarsvæði; en þessu verð eg að neita, því eg verð að biðja menn gá að því, að þó einungis væri skorið niður á einum bæ, eg til tek annan eins bæ eins og Mýdal, þar sem, þegar kláðinn kom upp hèrna um árið, var um 900 fjár, þá gæti þetta endurgjald orðið jafnvel óbærilega þungt fyrir einn hrepp, hvað þá heldur, ef þetta væri á 5 fjárríkum bæjum. Hvað breytingu nefndarinnar við 5. grein snertir, þá er hún fullkomlega á rökum byggð, því endir frumvarpsgreinarinnar er alveg óþarfur, þar sem þetta atriði er fullljóst tekið fram í tilskip. 5. jan. 1866. Hvað því viðvíkur, að verðirnir ekki gefi öldungis óyggjandi tryggingu, þá skal eg gjarnan játa það; en má eg spyrja: Má eigi segja hið sama um flestar mannlegar ráðstafanir og tilhögun? hvað gefur fulla tryggingu? eða hafa lækningarnar sýnt sig svo öldungis óyggjandi? Eg held ekki, því hið gagnstæða hefir þráfaldlega sýnt sig; en hvað vörðum yfir höfuð viðvíkur, þá getur stjórnin sannarlega ekki betur dæmt um, hvaða gagn þeir gjöra og hafa gjört, en vèr, sem lifum hèr og höfum reynsluna í þessu efni fyrir oss. Eg veit þvert á móti mörg dæmi upp á, að stemmt hafi verið stigu fyrir fjárkláðann með vörðum, en þrátt fyrir það hefir þó nefndin ekki farið því á flot, að verðir yrðu settir nema því að eins, að sèrleg hætta væri búin af útbreiðslu fjárkláðans um stærri hèruð. Út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi fann að breytingu nefndarinnar við 6. gr. frumvarpsins, get eg þess, að eg skal í þessu efni bera mig saman við meðnefndarmenn mína. Mèr láðist að tala um breytingu nefndarinnar á 1. grein frumvarpsins; þegar spurningin er um niðurskurð, þá er að vísu gott að hafa dýralækni við höndina, en þó er þess að gæta, að hèr er meira að athuga en tómt lækninga-spursmál; hèr er einnig spurningin um eignarrètt manna, og svo hitt, — og það er aðalatriðið, sem hingað til hefir eigi verið nægur gaumur gefinn — hvað oekonomisk-

ast sè, og hvort kosti meira, að lækna eða skera niður. Um þessi atriði getur nú dýralæknirinn eigi betur dæmt en aðrir valdir og kunnugir menn.

Eiríkur Kúld: Eg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Árnesinga um, að það er ekki gott að skilja í því, að þingið ekki skuli hafa leyfi til að gjöra breytingar við þetta frumvarp eins og hvert annað frumvarp, sem stjórnin leggur fyrir það, til að segja álit sitt um, en þetta skildist mèr væri meiningin, eptir því sem hinum hæstvirta konungsfulltrúa fórust orð; en eg verð að spyrja: til hvers er að leggja fyrir alþingi frumvarp, ef þingið má ei benda á það, sem því virðist fara betur? Eg ætlaði annars ekki að standa upp í þessu kláðamáli, sem mèr er orðið svo leiðinlegt, nema til að áskilja mèr breytingaratkvæði. Það hefir verið sagt, að verðirnir væru eigi nægileg trygging gegn útbreiðslu fjárkláðans, en hvað um það, þá er mèr þó kunnugt, að það eru verðirnir einir, sem hafa bjargað vesturamtinu frá, að kláðinn kæmist þangað, sem í svo mörg ár hefir verið alinn hèr í suðuramtinu. Mèr fannst dæmi þingmanns Árnesinga um kláðann, sem kæmi upp undireins svona á hverju landshorninu, ekki vel eiga við, því eg álít reynsluna fyrir löngu hafa fullsannað, að þessi drepkláði kemur ekki nema við »Smitte«. Eg kann ekki við breytingaruppástungu nefndarinnar við 4. grein; mèr þykja 150 rd. of lágt tiltekið; eg vildi binda upphæðina við 500 rd., því þá fyrst vildi eg að henni væri jafnað niður á alla fjáreigendur ekki í öllu landinu, heldur í því amti, þar sem niðurskurðurinn fram fer; í þessa átt vildi eg áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis. Eg get ekki fallizt á breytingu nefndarinnar við 6. grein frumvarpsins, en er henni alveg samdóma í að fella 2. grein frumvarpsins, því verið gæti að 5 bæir væru svo fjármargir, og enda fjárríkari en 12 bæir, að endurgjaldskostnaðurinn væri óbærilegur fyrir hlutaðeigandi hrepp.

Helgi Hálfdánarson: Það er að eins eitt atriði í þessu máli, sem eg vildi leyfa mèr að vekja athygli hins heiðra þings á, og er það við 4. grein í frumvarpinu. Mèr virðist það nefnil. næsta ísjárvert, að miða endurgjald þess skaða, sem eigandi hins sjúka fjár bíður af niðurskurðinum, við takmörk amtanna, eins og hèr er stungið upp á, bæði þar sem nefndin vill láta helminginn, nemi hann eigi meiru en 150 rd., greiðast af öllum fjáreigendum í amti því, þar sem orðið hefir að skera niður, og þar sem síðar stendur í þeim hluta af grein frumvarpsins, sem nefndin hefir aðhyllzt, að

hinn helminginn skuli greiða af jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á. Nú vil eg spyrja: Ef fjárkláði eða önnur næm fjárveiki skyldi koma upp á amtamótum, væri það þá sanngjarnt, að hjáliggjanda amts íbúar hinir næstu slyppu að fullu og öllu við að taka þátt í endurgjaldi hins niðurskorna fjár, þar sem niðurskurðurinn þó auðsjáanlega væri miklu fremur þeim til gagns og góða, en hinum fjarlægustu íbúum amts þess, er niðurskurðurinn færi fram í? Eg vil taka til dæmis, að fjárkláðinn kæmi upp á Húsafelli í Borgarfjarðarsýslu, og skorið væri niður á þeim stöðvum; mundi þá vera sanngjarnt, að Austur-Skaptfellingar greiddu jafnar skaðabætur sem Borgarfjarðarsýslubúar, en Hvítársíðumenn slyppu að öllu leyti við skaðabæturnar? eða að bændurnir austur á Langanesi greiddu jafnmikið sem vestustu sveitirnar í Húnavatnssýslu, ef fjársýkin kæmi upp rètt austan við Hrútafjarðará, en búendurnir fyrir vestan ána ekkert? Þetta sýnist mèr næsta öfugt koma niður og ósanngjarnt í hæsta máta. Og því vil eg, jafnframt því er eg með þessum orðum mínum vek athygli hins heiðraða þings á þessu atriði, áskilja mèr breytingaratkvæði við 4. grein í þá stefnu, að þau hèr uð, er næst liggja þeim stöðvum, er fjárveikindi koma upp á, taki þátt í endurborgun skaða þess, er af niðurskurðinum leiðir, þótt þau liggi í öðru amti, eða með öðrum orðum, að þeir búendur, er hafa beinlínis hag af niðurskurðinum, í hvaða amti sem þeir kunna að búa, greiði mest af þeim kostnaði, er af niðurskurðinum leiðir. Það er að vísu nokkuð dregið úr þessari ósanngjörnu endurgjaldsákvörðun í frumvarpsbreytingum nefndarinnar, þar sem hún vill láta breyta orðunum: «allir fjáreigendur í þeim hrepp« o. s. frv., svo að »allir fjáreigendur í því amti« o. s. frv. skuli því að eins greiða helming kostnaðarins, að hann eigi nemi meiru, en 150 rd., en ella allir fjáreigendur i landinu. En þó líkar mèr hvorki stjórnarfrumvarpsgreinin óbreytt nè heldur að öllu leyti þær breytingar, sem nefndin hefir stungið upp á viðvíkjandi þessari grein. Um hið fyr greinda breytingaratkvæði mitt vil eg áskilja mèr rètt til að bera mig saman við hina heiðruðu nefnd. Geti hún sannfært mig um, að það, sem eg hèr fer fram á, sè óþarft eða ógjörlegt, er eg fús á að falla frá því aptur.

Jón Hjaltalín: Eg stend nú ekki upp af því, að mèr komi til hugar, að nokkuð geti leitt af orðum mínum, heldur er það einungis af gömlum vana, að eg álít skyldu mína að halda sannfæringu minni á lopti nú sem fyr; en það er langt frá því, að

mèr detti í hug, að hinir heiðruðu þingmenn fari í þessu máli að mínum ráðum. Þeir munu nú sem fyr þykjast vita betur, hvað við á, þegar um fjárkláðann er að ræða. Svo hefir mèr að minnsta kosti heyrzt koma fram í ræðum sumra af hinum heiðruðu þingmönnum, er þegar hafa talað í þetta skiptið. Eg vil þá snúa máli minu til hins háttvirta framsögumanns, þar sem hann var að gjöra svo mikið úr hinum blóðuga ferli fjárkláðans. Eg vil nú leyfa mèr að spyrja hið heiðraða þing og sjálfan hinn háttvirta framsögumann: hvort mun blóðugri ferill fjárkláðalækninganna eða fjárniðurskurðarins? Eg veit hinir háttvirtu þingmenn munu flestir taka undir með framsögumanni, en eg ætla þá samt sem áður að halda við mína vissu sannfæringu, en hún er sú, að niðurskurðurinn hafi leitt eingöngu óblessun og hörmungar yfir Ísland. Já, eg verð að leyfa mèr að segja, að niðurskurðurinn hafi valdið landinu margfalt meira hnekkis og tjóns en fjárkláðinn, sem með því eina móti átti að verða læknaður. Þarna sjáið þèr, heiðruðu þingmenn, fullkominn blóðferil eptir hnífa niðurskurðarmannanna! Eg verð að segja þá vissu sannfæringu mína, að nefnd sú, sem átt hefir við mál þetta, hefir með engu móti verið því vaxin. Þetta mál hefir ekki að ætlan minni verið hennar meðfæri. Eg get sagt hinum háttvirta framsögumanni, að eg hefi hèrna hjá mèr ofurlitla bók, sem eg held hann hefði mjög gott af að lesa. Það er merkilegt, að hinn háttvirti framsögumaður, sem eg að öllu leyti hlýt að hneigja mig fyrir sem ágætasta júrista — þegar hann talar um eitthvað, sem þessu «Fagi» tilheyrir, — skuli svo hraparlega taka hamskiptum, þegar hann kemst út í fjárkláðamálið. Þá umhverfist hann með öllu, og skynsemi hans er þá í harða baklás komin. Eg vil ráða hinum háttvirtu þingmönnum til að merkja sèr það og láta sèr það loksins skiljast, að þeir, sem alls ekkert vita, hvað líffræði (Physiologie) er, og bera eigi hið minnsta skyn á slíka hluti, hætti með öllu, að gefa landi og lýðum lög um þau málefni, er viðvíkja physiologiskum orsökum og meðferð fjárkláða sjúkra kinda eða lífsreglum manna til heilsubótar eða öðru því um líkt. Það er næsta illt til þess að vita, að hinn háttvirti framsögumaður skuli eigi hafa lesið bók þá, sem eg áðan minntist á, og sem eg hefði verið fús á að lána honum, áður en hann samdi nefndarálitið. Mèr sýnist víst, að nefnd þessi hafi herfilega illa skilizt við starfa sinn. Hún talar um önnur næm fjárveikindi að nafninu, en hvað gjörir hún og hinn heiðraði framsögumaður hennar við fjársýkina miklu,

sem gengur og gengið hefir nú í ár austur í Rangárvallasýslu. Eða eru hinir háttvirtu þingmenn mèr ekki samdóma um það, að sú veiki sè sannkölluð eldplága, þar sem það er víst, að 90 fjár hefir drepizt af 100 á mörgum stöðum. Hvað vill nú framsögumaðurinn og nefndin gjöra við þessi ósköp? Ekki neitt. Hún lætur vera að tala um lungnaveiki í fè, hversu hættuleg sem er, en það eitt á að duga, að beita hnífnum, að bregða á barkann. Það er þetta sífellda murk og meira murk, sem menn halda að sè einhlítt, þar sem mest á ríður. Þessi hörmulegi niðurskurður, sem hefir eytt fjárstofni Íslendinga í full 13 ár! Já, eg segi þetta um niðurskurðinn, þótt hinn háttvirti framsögumaður eignaði það fjárkláðanum; því af honum sá hann sverð Demoklesar hanga yfir landinu; en það er auðheyrt, að hann veit eigi, hvað það er. Eg hefi þegar sagt, að lungnaveiki í sauðfè vofi yfir landinu, og það hið sama segi eg að nýju, þó reyndar þessi sjúkdómur sè hvergi svo illur og magnaður orðinn sem austur í Rangárvallasýslu. En nefndin talar að eins um niðurskurð, þennan eilífa niðurskurð, og fjárvörð gegn kláðanum. En má eg nú leyfa mèr að spyrja: Hefir þá nefndin hugsað sèr vörð gegn þessari fjárveiki. Sè nú svo, sem mig uggir að ekki sè, þá hygg eg bezt fyrir nefndina, að taka aptur til óspilltra málanna, og semja enn að nýju eitthvað nýtt, ef duga skal; því eg get fullvissað þingið um, að viðaukar nefndar þessarar eru með öllu ónýtir og til ills eins. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagðist ætla, að stjórnin mundi ekki geta gengið að þessum viðaukabreytingum nefndarinnar; en eg held nú, að einmitt stjórnin hafi gengið einu feti lengra í þessu máli, en hún hefði átt, með tilslökunum sínum. Eg segi þetta ekki í því skyni, að mèr detti í hug, að eg muni geta sannfært framsögumann; það er annara meðfæri en mitt. En hvað um það; látum hann aldrei sannfærast; en samt sem áður verð eg að leyfa mèr að krefjast þess hátíðlega af nefndinni, að hún skýri mèr og öllum þingheimi frá, hverjar ráðstafanir hún gjöri og hvað henni þyki óbrigðult meðal til þess, að út rýma úr landinu bráðafári, lungnasýki og ormasýki og öðrum þessu líkum almennum fjárveikindum. Þetta á nefndin allt ósagt hvað við á að gjöra. En eg fyrir mitt leyti kalla það meir en sorglegt, þegar einhverri nefnd hefir verið fengið eitthvert mikilsvarðandi mál í hendur, og hún stendur höggdofa og veit eigi sitt rjúkandi ráð, hvað við málið á að gjöra. En því er ver og miður, að einmitt svona er ástatt hèr, að því er

snertir þessar aumlegu aðgjörðir nefndarinnar. Eg held eg þyrfti að gjöra breytingaratkvæði eða ef til vill heldur viðaukaatkvæði við 1. grein frumvarps stjórnarinnar og nefndarinnar, er lyti að því, að amtmenn hefði smala í ráðum með sèr, áður en fènu er lógað á þennan margsagða skurðarhátt; því það get eg sagt þinginu, að í fyrra sumar hitti eg á embættisferðum mínum smala einn, sem var meira en í meðallagi skynsamur. Hann kom með til mín sauðfjárorma í glasi og sýndi mèr og skýrði frá öllu svo ljóslega og greindarlega, að mèr er nær að halda, að amtmönnum og lögreglustjórunum væri betra og hollara að hafa slíka drengi í ráðum með sèr í öllu því, er að fjársýki og fjárplágum lýtur, heldur en hávaðann af hinum háttvirtu þingmönnum. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga kemur, þykir mèr, nokkuð sjálfbyrgingslega fram í tillögum sínum um allt það, er þetta fjárkláða- og fjárveikindamál snertir. Hann, sem þó annars virðist vera laus við alla katólsku, hann er í þessu máli allt í einu kominn eitthvað meira en minna í ætt við pápann; því í þessu máli þykist hann fullkomlega *infallibilis*. Kláðinn, segir hann, er kominn upp og getur eigi komið upp öðruvísi en *per contagionem*. Þetta eitt á stöðugt að standa. En eg neita þessu með öllu enn sem fyr; eða vill hinn heiðraði þingmaður skýra mèr frá, hvernig fjárkláðinn kom fyrst upp í Ástralíu. Eða ætlar þingmaðurinn, að hann hafi sömu aðferð eins og gyðingurinn gangandi? Eg er viss um, að hinn fyrverandi forseti alþingis, ritstjóri Þjóðólfs, Jón Guðmundsson, mundi kalla það skelfingu, er af þeim fjárkláða leiddi, þar sem 1000 búendur urðu að borga smölunum 2 £ sterl. um daginn. Hann, sem svo opt í blaði sínu hefir verið að tala um uslann hèr á landi, mundi heldur kalla það usla, þar sem hver bóndi — eins og tíðkast í Ástralíu — á frá 10 til 80 þúsund fjár, og þó var þessi usli læknaður án nokkurra niðurskurðarlaga. Það getur vel verið, að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sè góður og mikill theolog, þótt hann í þessu efni beri á sèr nokkurn katólskukeim, eins og nú hefi eg sýnt, en því lýsi eg yfir eitt sinn fyrir allt, að sem Physiolog dugir hann ekki hót, fyrst hann tekur svo djúpt í árinni með umræðum sínum um þann hlut, sem hann ber ekkert skynbragð á. En eg ætla nú hvorki að halda margar nè langar ræður í þessu máli; það kemur svo ekki til nokkurs hlutar; það er nú útsèð um slíkt. En þess vil eg að endingu geta, að eg held eptirkomendur vorir hefðu gott af, ef forngripasafninu

væri gefin nákvæm saga um þetta fjárkláðamál með öllum þess gögnum og gæðum, svo það geymdist þar til ókominna alda niðjum vorum til lærdóms og heillarikrar viðvörunar.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Að því er snertir ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þá skilst mèr, að hún miklu fremur hafi verið löguð til þess, að láta þingheim hlæja, en að styðja eður fella nefndina með röksemdum og leiðbeinandi tillögum. Þingmaðurinn hljóp sannarlega hraparlega í gönur í ræðu sinni, og ætla eg eigi að elta hann á þessu gönuhlaupi. Eg tek að eins fram, að hèr ræðir ekki um lækningar, heldur neyðarúrræði, sem geti stuðlað til þess, að fjárkláði og fjárveikindi yfir höfuð verði að sem minnstu tjóni fyrir land og lýð, þegar lækningarnar af einni eður annari ástæðu mistakast. Og það er þannig víst um það, að nefndin hefir eptirskilið hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni nógu mikið svæði til lækningaaðgjörða sinna á kláðasjúku, lungnasjúku og öðruvísi sjúku fè; það þarf hann alls eigi að bera neinn kvíðboga fyrir. Eg kannast hátíðlega við það, engu síður en hinn heiðraði þingmaður, að mál þetta er næsta alvarlegt, og það hið sama gjöra víst allir hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir, og þingmenn yfir höfuð. En má eg spyrja þingmanninn: því ræðir hann þá eigi málið með þeirri alvöru, röksemdafærslu og grandgæfni, sem málinu er samboðin. Þar sem hann spurði viðvíkjandi fjársýkinni í Rangárvalla- og Árnessýslu, hvort nefndin hefði hugsað sèr, að varna útbreiðslu hennar með vörðum, þá vil eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort þessi veikindi séu næm eða smittandi. Sè svo, þá álít eg sjálfsagt, að stemma ætti stigu fyrir útbreiðslu hennar með lækningum og vörðum, og ef þetta eigi hrifi, þá með niðurskurði, en eg vona þó, að þingmanninum skiljist, að ekkert af þessu er verkefni nefndarinnar! Má eg eigi biðja þingmanninn, að snúa sèr að valdstjórninni. Aðgjörðaleysi hennar sýnist að benda á, að þingmaðurinn hafi eigi á rèttu að standa með þessa sýki. Að öðru leyti ætla eg eigi að svara fleiru upp á ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, nema því einu, að eg kalla það undarlegt af honum, að hann skyldi koma með þá uppástungu, að setja smala í stað alþingismanna til ráðaneytis með valdstjórninni; hann hefir víst ætlað að segja í stað þjóðkjörinna þingmanna, en eigi meint þar með líka hina konungkjörnu þingmenn; þó er það nú sannfæring mín, að margur sá smali mun á Íslandi, sem þekkir betur

en þingmaðurinn sjálfur, hvað örðugt er stundum og sumstaðar að lækna fé á Íslandi.

Eiríkur Kúld: Eg get sagt hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, að eg hef ávallt skoðað fjárkláðann frá oeconomiskri hlið; en það hefir hann vissulega eigi gjört; eða má eg spyrja hinn háttvirta þingmann: Hvort mundi fjárkláðinn nú kosta landið meir, en allt lækningakákið hefir kostað, ef þegar í upphafi hans hefði verið skorið niður í Miðdal, og hann þá upprættur með öllu? Þetta er nú hin oeconomiska hlið málsins, og þó þingmaðurinn sè ávallt eins óður og uppvægur gegn niðurskurði hins kláðasjúka fjár, þá hlýtur hann eins vel og hver annar hinna heiðruðu þingmanna að þekkja, hvort meiri hefir orðið skaði sá, er land vort hefir beðið af niðurskurðinum eða af lækningunum. Hvað snertir hið sjúka fé í Rangárvallasýslu, þá er eg samdóma hinum háttvirta framsögumanni máls þessa, að sè svo, að þar sè contagiös fjárveiki, þá eigi þar að setja verði hinu ósýkta fé til tryggingar, eða skera þar niður, allrahelzt ef hinn háttvirti þriðji konungkjörni treystist ei til, að ábyrgjast, að sýkin sè vel læknandi. Hinn sami háttvirti þingmaður sagði, að eg alls ekkert þekkti til fjárkláðans, náttúrlega af því eg væri ekki læknir eins og hann, en eg verð að segja honum það með sanni, að þó eg sè enginn kláðalæknir, þá þekki eg vel hinn sunnlenzka drepkláða og kláðamaurinn hèr, því eg skoðaði hann vandlega sem þingmaður 1857. Hvað þeirri uppástungu hans viðvíkur, að hann vill láta kláðamaurinn inn á forngripasafnið hèr í Reykjavík, þá skyldi eg ekkert hafa á móti því, ef hann treystist til, að koma honum öllum þangað, því ekki held eg að maurinn æti þar ryðgaða gripi til skemmdar, og væri hann þar innilokaður, kæmist hann síður til Vestur- og Norðurlands. Þá upplýsingu, sem hann ætlaðist til að eg gæfi um kláðann í Ástralíu, get eg ekki og álít mèr ekki skylt að gefa honum, en til þess að verða vel við bón hans, skal eg leyfa mèr að vísa honum til smala síns í Rangárvallasýslu; honum er víst tiltrúandi, að vera nógu fróður í þeirri grein, fyrst þingmaðurinn sjálfur áleit hann langtum hyggnari en nokkurn alþingismann.

Jón Hjaltalín: Eg get sagt hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga, að hann er maður villuráfandi í þessu máli, og veit ekki, hvað hann talar um. Hann þyrfti sannarlega að fá hjá mèr enn betri upplýsingar um fjárkláðann í Ástralíu, svo hann gæti dálítið skilið í upptökum fjárkláðans í Miðdal. Eg var í fyrra sum-

ar á Vesturlandi, og spurði þar smala nokkurn, hví kindur hans væru svo mórauðar, og svaraði hann mèr því, að það kæmi af því, að í þær hefði verið borið við bólukláða, og kvaðst hann nú eigi hafa misst eina kind. En nágrannar sínir — sagði hann — hefðu misst fjölda fjár af þessum bólukláða; og þetta vill hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga segja, að ekki sè neinn drepkláði. Eg skal segja honum það, að ári áður en hinn svo nefndi drepkláði kom í Miðdal, drápust 12 kindur í Laxnesi úr kláða, og þó vill þingmaðurinn segja, að í Miðdal hafi kindurnar drepizt ári síðar, af því að maður frá Hraungerði í Árnessýslu kom þangað. Eg vildi sannarlega óska þess, að mál þetta þyrfti í þetta sinn eigi að verða kappsmál; en fjársýkin í Rangárvallasýslu verður eigi hept með því, að fara í sömu stefnu eins og nefndin, og ætla eg að margur verði með sjálfum sèr að viðurkenna, að lækna mætti þó einstöku kind; en það er, þegar maður minnist á þessar lækningar, eins og eitthvert «noli me tangere» í augum þingmanna. Nielsen dýralæknir var hèr í fyrra, og gjörði mikið gagn; en þó er eins og að berja höfði í stein, ef maður minnist á dýralækningar. Það kemur því til lítils fyrir mig, að stinga upp á neinu í þá stefnu, er mèr virðist hin rètta, því reynsla undanfarinna 13 ára er búin að kenna mèr, að slíkt er með öllu árangurslaust, eins og tekið var fram af sýslumanni Barðstrendinga — þingmanni vildi eg sagt hafa — en það er hið sama, því reyndar ætti hann að vera sýslumaður; svo er hann skorinorður.

Framsögumaður: Það voru ekki mörg orð, sem eg ætlaði að tala að þessu sinni. Eg ætlaði að eins að svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni fáum orðum. Það er mjög óheppilegt, sem hann hefir tekið fram um niðurskurðinn. Hvað kemur til þess, má eg spyrja, að fjárkláðinn hefir ekki verið læknaður? Eða vill hann, að sjúku fè sè við haldið og þó ekki lækna að? Orð hans snerta eigi þingið, heldur eru þau ávítur gegn yfirvöldunum, að þau eigi hafi framfylgt lækningunum að gagni. En eg verð að ganga út frá því, að því eptirliti hefir verið framfylgt, sem föng hefir verið á, þó ekki hafi það orðið til hlítar, og lækningarnar eigi dugað, svo orðið hefir að skera niður. Það er annars óheppilegt, að þingmaðurinn er að tala um niðurskurð, og eins og gefa stjórninni bendingar með því, að koma þeim rekspöl á umræðurnar, sem henni eru móti skapi. Annað af því, er þingmaðurinn sagði, kom eigi máli þessu við, og þar sem hann talaði

um, að skynsemi mín væri hlaupin í baklás, þá er það réttara sagt, að skynsemi hans keyrði af afli utan hjá málinu. Eg bið þess nákvæmlega gætt, að ef niðurskurðurinn verður lögskipaður, þar sem nauðsyn krefur, þá sjá allir, að það er eðlilegra, en að skorið sé hinseginn niður án eptirlits hins opinbera, eins og sýndi sig í Árnessýslu í vor, og verð eg því fastlega, að framfylgja því, að niðurskurðurinn sé heimilaður með lögum. Það væri annars sannarlega sorglegt, ef einhver næm fjárveikindi kæmu upp hér eptir, og eigi hefði betur verið séð um en svo, að lagaskipun og lagaheimild vantaði, svo sami sorgarleikurinn byrjaði enn á ný, sem vér höfum verið sjónarvottar að núna upp í mörg ár með fjárkláðann.

Guðmundur Einarsson: Eg get ekki leitt hjá mér, að lýsa ánægju minni yfir orðum þeim, er hinn háttvirti framsögumaður síðast talaði, og eru þau vissulega þess verð, að þingið geti þeim gaum. Það eru einmitt lögin, sem niðurskurðurinn á að fara eptir, því eins og þau skipa niðurskurðinn, þegar hans er þörf, eins eru þau hin tryggasta girðing fyrir því, að fé sé skorið niður í ráðleysu og að óþörfu. Ræða hins 3. konungkjörna þingmanns var að mörgu leyti óviðkomandi málinu, og engan veginn eins alvarleg, og málinu sjálfu og þinginu er samboðið, því mál þetta er mjög alvarlegt og afleiðingaríkt; en þar sem hann minntist á kláða í Staðarsveit á Vesturlandi í fyrra-vor, vil eg geta þess, að eg hefi vissu fyrir því, að það voru að eins vanþrif og veiki, sem fram kann að hafa komið má ske af fóðurskorti og illviðrum, því ær létu þar lömbum mjög margar. Hinn sami þingmaður sagði, að það væri hirðuleysi manna að kenna, að kláðinn yrði ekki læknaður, en má eg benda á dæmi, að á Hóli í Lundareykjadal, þar var fénu haldið inni og gefið og lækningar við hafðar með allri alúð; en eigi að síður drapst það allt niður *(Halldór Kr. Friðriksson:* Já, úr kulda, en ekki kláða). Já, já, það er hið sama, því það sýnir þó, hve vandfarið er með lækningarnar, og að fé verður ekki læknað, nema með þeim og þeim skilyrðum, sem Sunnlendingar hafa allt of lítið gefið gaum; þar sem hinn 3. konungkjörni þingmaður sagði, að mönnum á Vesturlandi og á Norðurlandi hefði farizt óskynsamlega, þá hefir honum sannarlega missagzt, því einmitt frá þeim hafa Sunnlendingar fengið nýjan og heilbrigðan fjárstofn, svo Sunnlendingar mega að því leyti þakka þeim lífið í sér. Að öðru leyti álít eg þýðingarlaust og tímaspilli, að deila lengur um mál þetta.

Torfi Einarsson: Af því mèr heyrðust þingræðurnar orðnar meir til gamans en gagns, þegar farið var að minnast á smalagarminn fyrir vestan og kindurnar hans mórauðu, sem voru að drepast úr hor, þá vildi eg leyfa mèr að koma fram með ofurlítið viðaukaatkvæði, að þegar kláðasagan hèr á þinginu in extenso væri gefin forngripasafninu, þá væri einnig Hirðir heitinn látinn fylgja með. En þar sem þingmaðurinn minntist á, að þingið hefði gott af, að fara að ráðum skynsamra smala í þessu efni, þá er það ekki svo mikið háð, sem hann hyggur, því margur alþingismaður mun hafa verið smali, og ef hann vildi rifja upp fyrir sèr ræðu Magnúsar heitins Andrèssonar hèr á þinginu forðum, þá mundi hann sjá þar skoðanir í kláðamálinu, byggðar á gamalli smalareynslu, sem hann ekki fær hrakið.

Halldór Jónsson: Af því hinn hæstvirti konungsfulltrúi lèt í ljósi, að stjórnin mundi eigi vilja samþykkja breytingar þær, sem nefndin hefir á stjórnarfrumvarpinu gjört, þá vil eg koma fram með þá varauppástungu, að ef ekki fást löggiltar breytingaruppástungur nefndarinnar, þá verði þó frumvarpið löggilt óbreytt, því lítið er betra en ekki neitt, og eg get ímyndað mèr, að þær ákvarðanir, sem frumvarpið inniheldur, kynnu þó í einstöku tilfellum koma að haldi.

Forseti: Þar eð nú ekki fleiri taka til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Dagskráin er þar með tæmd, og ekki fleira til umræðu í dag. Eg ákveð fund á morgun klukkan 12, og segi þar með

Fundi slitið.

---

16. fundur — 20. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn 3. konungkjörni þingmaður, sem eigi gat komið á fund sakir embættisanna.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið tilkynningu frá nefndinni í fiskiveiðamálinu, að þar er kosinn formaður Hallgrímur Jónsson og skrifari Þórarinn Böðvarsson; sömuleiðis hefi eg

fengið nefndarálit í málinu um sjómannaskóla, og verður eptirit af því sent til hins háttvirta konungsfulltrúa, og það síðan sjálft lagt fram á lestrarsalinn, svo hinir háttvirtu þingmenn geti lesið það.

Samkvæmt dagskránni kemur í dag fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um stofnun lagaskóla. Framsögumaður í máli þessu er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Eg sè nú eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um mál þetta. Það, sem eg einkum vildi taka fram, var það, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat þess við undirbúningsumræðu þessa máls, að hann gæti aðhyllzt uppástungu meira hluta nefndarinnar, ef nefndin legði sama skilning í orðin «sem fyrst», sem sjálfur hann. Með tilliti til þessa vildi eg geta þess, að eg er fullviss um, að nefndin leggur alveg sömu þýðing í þessi orð, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi, það er að segja að hinn fyrirheitni lagaskóli komist á svo snemma, sem mögulegt er, því það er vitaskuld, að fyr ætlast nefndin eigi til, að því verði framgengt, enda á það hèr við, að «ultra posse nemo obligatur». Að því er snertir viðaukaatriðið undir 2. tölulið, þá er þess að geta, að meiri hluti nefndarinnar hefir aðhyllzt það af þeirri ástæðu, að henni gat eigi fundizt það hlaupa í bága við uppástungu nefndarinnar undir 1. tölulið, heldur þvert á móti yrði málinu til stuðnings, því ef þessi uppástunga fengi framgang, þá væri mjög svo góð undirstaða lögð að hinum eptiræskta lagaskóla, og því hefir meiri hlutinn aðhyllzt þetta svo sem til vara. Aptur á móti gat nefndin með engu móti fallizt á varauppástunguna undir 3. tölulið, með því að henni gat eigi betur sýnzt, en að einmitt í þessari uppástungu lægi, að ef hún yrði samþykkt, þá yrði máske þar við látið lenda, og stofnun hins fyrirheitna lagaskóla yrði þar með veittur fullkominn tálmi.

Konungsfulltrúi: Ef þingið ekki aðhyllist uppástungu minni hluta nefndarinnar, skal eg mæla með uppástungunni undir tölulið 2., þó með þeim fyrirvara, að hún verði skilin á þann hátt, að þingið biðji um, að stjórnin semji frumvarp um fyrirkomulag og ætlunarverk þess konar embættisprófs, og leggi það fyrir næsta alþingi.

Þar sem hinn heiðraði uppástungumaður við undirbúningsumræðuna tók dæmi frá því, að í Slésvík hefði verið fyrir skipað sèrstaklegt laga-embættispróf, skal eg að eins benda athuga hans að

því, að löggjöfin í Slésvík ekki einungis að öllu var önnur, en í Danmörku, heldur einnig á öðrum grundvelli byggð.

Stefán Eiríksson: Það er eins um þetta mál eins og öll önnur, þar sem um fjártillögur er að ræða, að hèr strandar allt á peningaleysi, og er það sorglegt til þess að vita, að ekki skuli neitt fè geta fengizt til að bæta úr bráðustu nauðsyn landsins. Allt strandar á þessu og allt á að bíða þangað til vèr fáum þetta ríkulega fjártillag úr ríkissjóðnum, hve nær sem það kann að verða. Mèr sýnist að þar sem um þetta mál er að ræða, þá sè nú einmitt brýnasta nauðsyn á, að lagaskólinn verði hèr stofnsettur, og því álít eg, að meiri hluti nefndarinnar hafi rèttilega tekið það fram, að skóli þessi komist á sem fyrst, því áður fyrri þegar rætt hefir verið um þessa þarflegu stofnun, þá var það haft sem ástæða móti stofnun þessari, að svo fáir útskrifuðust frá lærða skólanum á ári hverju, en nú er sú ástæða horfin, því nú er fjöldi af stúdentum í vændum árlega frá lærða skólanum, og þess vegna óumflýjanleg nauðsyn, að lagaskólinn komist á. Þess vegna lýsi eg því yfir, að eg mun greiða atkvæði með 1. tölulið á atkvæðaskránni, og jafnvel líka með 2. tölulið.

Helgi Hálfdánarson: Það, sem vakti fyrir mèr, þegar eg samdi varaatkvæði mitt undir 3. tölulið var það, að betra væri, ef uppástunga nefndarinnar undir 1. tölulið eigi fengist samþykkt af stjórninni, að fá að minnsta kosti til bráðabyrgða það lögleitt, sem varauppástunga mín fer fram á; enda ber eg svo mikið traust til dómandanna í hinum íslenzka landsyfirrètti, að eg álít óyggjandi víst, að sú kennsla, sem þeir veittu, væri í alla staði nægileg til þess, að dugandis-embættismenn gætu fengizt í sýslumannaembætti þau, sem engir fást nú í. Hvað þá mótbáru snertir, sem hinn háttvirti framsögumaður kom með, að þessi varauppástunga mundi verða stofnun hins eiginlega lagaskóla til tálma, þá get eg fyrir mitt leyti ekki sèð af henni neina hættu búna í því efni, því vèr höfum ljóst dæmi þessu til sönnunar, þar sem læknaskólinn er. Það er hinum heiðruðu þingmönnum kunnugt, að áður en hann var stofnsettur í því sniði, sem hann hefir nú, byrjaði landlæknirinn á því, að kenna stúdentum læknisfræði og útskrifaði þá frá sèr, og sú kennsla hefir komið að hinum beztu notum fyrir landið. Þessi kennsla varð alls eigi til fyrirstöðu því, að reglulegur skóli yrði síðar stofnaður og hann skipaður 2 kennendum, eins og nú er orðið. Því er það sannfæring mín, að þó að nú að eins

fengist til bráðabyrgðar það, sem uppástunga mín fer fram á, þá mundi það alls eigi verða því til hindrunar, að reglulegu fyrirkomulagi og umbótum yrði seinna komið á á lagaskólann og hann fullkomlega stofnsettur. Annars er langt frá mèr, að halda þessari uppástungu minni fast fram. Eg óska af alhuga, að lagaskólinn komist á, og að á honum verði sem allra-fullkomnast fyrirkomulag.

Tryggvi Gunnarsson: Eg er samþykkur meiri hluta nefndarinnar, að nauðsynlegt sè, að lagaskóli komist á hèr á landi, fyrst vegna þess, að eg álít það mjög nauðsynlegt, að hver geti stundað það, sem hann er bezt hæfur til, en einmitt af því, að hèr er enginn lagaskóli, hefir margur neyðzt til að fara í prestaskólann eða taka annað fyrir sig, sem hann var miður hæfur til, en þess, að vera lagamaður, af því að hann vantaði fè til að fara á háskólann og kosta sig þar í 6—8 ár; landið hefir þannig, ef til vill, misst fleiri góða krapta, en menn vita af. Annað er það, að þó foreldrarnir hafi einhver ráð að styrkja son sinn til að vera á háskólanum, þá er tilfinnanlegt fyrir þau, að verja fè sínu handa honum, til þess að hann læri næstum helminginn af tímanum (eptir því sem eg hefi heyrt) það, sem hann hefir lítil eða engin not af, þegar hann er orðinn sýslumaður hèr á landi. Í þriðja lagi, að komist lagaskóli og lagakennsla á hèr á landi, þá ganga peningarnir ekki út úr landinu, sem til þess er varið, heldur er þeim eytt hèr, og auk þess er það mikið líklegt, að þeir, sem minna kosta til lærdómsins, og ekki venjast við útlenzkt líf, verði ekki eins óánægðir í tekjulitlu sýslunum, svo sýslumenn fáist í hin tekjulitlu embætti, sem nú er svo erfitt, að til þess þarf að sameina sýslur.

Eg tel það sjálfsagt, að þeir, sem ætla sèr að sitja í hinum hærri embættum hèr á landi, læri við háskólann; en eg get ekki skilið, að hèr við lagaskóla gæti ekki fengizt nægileg kennsla til þess, að verða sýslumenn hèr á landi.

Ekki get eg skilið það, þó Danastjórn segi svo, að næg ástæða sè til að neita um fjárstyrk til lagaskóla, af því að fjárhagurinn sè eigi að skilinn; því verði farið eptir reikningskröfunum, þegar fjárhagurinn er að skilinn, þá má reikna kostnað til skólans upp í það, sem Ísland á að fá, en verði farið eptir ástandinu, sem stjórnin vill altið heldur taka til greina, þá sè eg ekki betur, en hún þurfi að leggja fè til skólans, hvort heldur hann er

kominn þá á eður ekki, af því skólinn er nauðsynlegur. Enn fremur er það, að komist lagaskólinn á hèr á landi, þá er líklegt, að færri fari hèðan á háskólann, og þá sparast Dönum þar með fjárstyrkur sá, er Íslendingar fá við háskólann, og getur það numið nokkuð upp í það, sem nú er beðið um til lagaskólans.

Af því mèr er mjög annt um, að lagakennsla komist sem fyrst á, þá ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir tölulið 3. til vara, ef enn þá kann að dragast nokkur ár, að lagaskólinn fáist.

Páll Pálsson: Eg er að öllu leyti samþykkur hinni heiðruðu nefnd, því mín skoðun er sú, að lagaskólinn sè í hæsta máta nauðsynlegur og brýn nauðsyn beri til, að hann komist sem allra-fyrst á; enda eru og allir á því, að hann sè mjög nauðsynlegur fyrir landið, og til þessarar nauðsynjar hafa menn þegar fyrir löngu fundið; það sýna hinar mörgu bænarskrár, sem þing eptir þing hafa komið frá landsmönnum hingað um þetta málefni, Eg get því engan veginn aðhyllzt þá skoðun, að enga bænarskrá skuli nú senda til stjórnarinnar um lagaskólastofnun af þeirri ástæðu, að fjárhagsaðskilnaðurinn er enn óútkljáður. Það á eigi að fæla þingið frá því að biðja um það, sem er nauðsynlegt og eigi verður hjá komizt. Hvað viðaukaatkvæðið undir 2. tölulið áhrærir, sem nefndin hefir fallizt á, þá get eg eigi að öllu leyti fellt mig við það; því mèr skilst eigi betur en að vèr miklu fremur missum í en græðum á því að fá það í lög leitt. Eg vil leyfa mèr að taka eitt ljóst dæmi, sem áþreifanlega sýnir, hve viðsjárverð þessi uppástunga er. Setjum svo, að juridiskur kandídat með bezta vitnisburði komi frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Ætti hann þá eigi að fá sýslumannsembætti hèr á landi, nema því að eins að hann á ný taki próf í lögum hèr á landi, og yrði til þess að verja talsverðu fè og tíma í annað sinni hèr hjá dómendunum í landsyfirrèttinum? Eg er hræddur um, að til þessa muni fáir vilja vinna og taka svo við rýrustu sýslunum, sem nú fæst enginn í. Miklu betur felli eg mig við varauppástunguna undir 3. tölul.; því þess finnst mèr fullkomin þörf, á meðan lagaskólinn eigi getur fengizt stofnsettur; því hvað eiga menn til Kaupmannahafnar að gjöra til að lesa lög, meðan lítil eður engin tilsögn er þar veitt í gildandi landslögum vorum? Menn geta sannlega á miklu betra og hagfelldara hátt aflað sèr kennslu í íslenzkum lögum hèr í Reykjavík, ef þessi varauppástunga fengi framgang. Sem sagt er eg því með nefndinni undir 1. tölul. og til vara með 3. tölul. En minni hluti nefnd-

arinnar vona eg að fari einfara hèr á þinginu; að minnsta kosti mun eg ekki verða fylgdarmaður hans.

Pètur Pètursson: Um málið sjálft ætla eg ekkert að ræða nú, en það var eingöngu viðaukaatriðið undir 2. tölul., sem eg vildi minnast lítið eitt á; því mèr finnst, að það fari alveg í aðra átt, en tilgangur nefndarinnar gat verið. Hennar tilgangur var sá, að gjöra Íslendingum hægra fyrir að lesa lög en nú er; sömuleiðis það, að margar eru sýslutekjurnar mjög svo rýrar, en námstíminn, sem júristarnir eyða í Kaupmannahöfn, svo afarkostnaðarsamur. Þess gat eg einnig við undirbúningsumræðuna og núna nýlega hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga, að það er ófært, að hver sá, sem hèr á landi vill setjast í lagaembætti, hversu aum sem vera kunna, þurfi í tilbót við embættisnám sitt í Kaupmannahöfn á ný að verja heilu sumri til að undirbúa sig undir þetta próf hjá landsyfirrèttinum. Af þessu leiðir þó sannarlega ný tímatöf og nýr kostnaðarauki. Mèr þykir það því nokkuð undarlegt, og skil eigi í því, hvernig nefndin hefir aðhyllzt þessa uppástungu, nema að eins væri hafðir í huga danskir júristar, er hèr ættu að ganga undir próf. En hvað yrði úr þessu annað en það, að vèr fengjum tóma danska júrista, sem eg fyrir mitt leyti held að landinu eigi geti verið þènt með; því þótt margir þeirra hafi reynzt hèr mjög vel, og sumir staðið í hæstu embættum lands þessa með sóma, þá mun eigi slíkt vera að þakka embættisvegi þeirra, sem þeir hafa gengið, heldur miklu fremur dugnaði og kostum mannanna sjálfra. Mèr þykir og það ógreinilegt í viðaukaatkvæðinu undir 2. tölul., að þar er yfirdóminum að eins ætlað að halda próf í innlendum lögum, en þess er hvergi getið, að hann eigi og að halda fyrirlestra í þessum fræðum. Hvað varauppástunguna undir 3. tölulið snertir, þá vildi eg miklu fremur aðhyllast hana, væri þar ekki beðið um fè úr ríkissjóði, sem eg álít að nú sem stendur sè árangurslaust með öllu.

Grímur Thomsen: Eg get eigi annað en furðað mig á hinum háttvirta varaforseta, að þar sem hann var að hafa móti uppástungunni undir 2. tölul., þá skuli hann að eins hafa litið á kostnaðinn; en á höfuðatriðið minntist hann ekki, en það er, eptir því sem mun hafa vakað fyrir nefndinni eins vel og sjálfum mèr, að þjóðlegri og betri lagakennsla fengist en nú er; en hitt var alls eigi meiningin, að spara með þessari uppástungu kostnað. En viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti þingmaður var að tala um mik-

inn kostnaðarauka, sem af þessu yrði að leiða, þá get eg með engu móti séð, að hann sé svo fjarskamikill eða óttalegur í augum; því hèr er að eins að ræða um 3—4 mánaða námslengingu, og gæti þó eigi valdið neinum miklum kostnaði. Eg hefi opt talað við landa í Kaupmannahöfn um það, sem hèr er um að ræða, og hef sannfærzt um, að nauðsynlegt væri próf í sèrstökum íslenzkum lögum. Eg get komið með dæmi eitt, að þetta mæli eg eigi ófyrirsynju. Sýslumaður var einu sinni austanlands, og bóndi einn benti honum eitt sinn á, að svo og svo væri þetta ákveðið í Jónsbók. Þá sneri sýslumaður upp á og sagði: Heldur þú, að eg dæmi eptir Jónspostillu eða öðrum guðsorðabókum? Þessi sýslumaður var þó latínskur júristi, og því furðar mig á varaforseta, að hann skuli ímynda sèr, að prófið ætti eingöngu að vera fyrir danska júrista eptir meiningu uppástungumanns og nefndarinnar. Þetta stendur hvergi í viðaukaatriðinu, og sú var heldur alls eigi meiningin. Það er að eins íslenzk lög, það er að segja öll þau lög, sem sèrstaklega gilda hèr fyrir landið, sem embættismannaefnin yrðu að hafa kynnt sèr og tekið próf í, áður þeim yrði veitt lagaembætti hèr á landi. Þessa þarf því fremur við, sem bráðum mun mega vonast eptir, að lögum vorum verði allmikið breytt. Eg bið þess vel gætt, með tilliti til orða hins hæstvirta konungsfulltrúa, að uppástungan undir tölul. 2. talar alls eigi um neitt próf í Kaupmannahöfn, sem yrði að vera gengið á andan prófinu hèr við yfirdóminn, heldur að hver og einn gæti tekið próf án þess áður að hafa tekið próf ytra í lögum (*Pètur Pètursson*: Og þá bændur líka?). Já, eg hef ekkert á móti því, að margir hverjir slíkir menn gætu tekið þetta próf og orðið embættismenn, t. a. m. stúdentar, eða þeir, sem verið hafa 1 eða 2 ár á einhverri verzlegri skrifstofu, t. d. hjá sýslumönnum. Að svo mæltu bið eg hinn háttvirta varaforseta fyrir viðaukaatkvæði mitt, og að hann sjái í gegnum fingur við það, þó eitthvað sé þar ekki nógsamlega tekið fram.

Jón Pètursson: Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga hefir tekið flest það fram, sem eg vildi sagt hafa viðvíkjandi viðaukauppástungunni undir 2. tölulið. Það er mín ætlun, að ef það fengist, sem þar er stungið upp á, þá væri nokkuð fengið, því menn fengju þá nokkurn veginn vissu fyrir því, að þeir, er fengju lagaembætti landsins, hefðu þekkingu á lögum þess og rètti, og líka yrði lèttara að afla sèr lagaþekkingar, og þegar kostnaðurinn yrði

minni, mundu ætíð hæfir menn fást í lèlegu sýslurnar, sem enginn nú vill líta við. Það væri sjálfsagt, að kandídatar og examinati juris frá háskólanum, er hafa þar numið það í íslenzkum lögum, sem er sameiginlegt bæði fyrir Ísland og Danmörku, yrðu ekki aptur hèr prófaðir í því, heldur að eins í því, sem er sèrstaklegt fyrir Ísland, en þar á móti yrði að reyna stúdenta, sem útskrifaðir eru hèr úr latínuskólanum, og eins hæfir hlytu að vera að nema lög, og hafa náð eins mikilli almennri menntun, og þeir, sem gengið hafa undir præliminair examen í Kaupmannahöfn, áður en þeir fara að lesa dönsk lög, bæði í lögum þeim, er gilda hèr sèrstaklega, og eins í þeim, sem eru sameiginleg fyrir Ísland og Danmörku. Því er það, að mèr finnst viðaukaatkvæðið mjög heppilega hugsað, og geti í bráðina bætt úr brýnustu nauðsyn, þó stjórnin ekki gæti stofnsett lagaskólann þegar í stað, sem eg reyndar treysti að stjórnin muni flýta sèr að koma sem allra-fyrst á.

Sigurður Gunnarsson: Um niðurlagsatriði nefndarinnur hefir þegar verið sagt allt, sem mèr fannst áríðanda; svo það er einasta um varauppástunguna undir 3. tölulið, að eg minnist þess, að eg veiti henni atkvæði mitt, því ef reglulegur lagaskóli kemst ekki bráðum upp, þá gæti það verið mikils vert, að stúdentar gætu fengið hèr kennslu í lögum — því þá mætti fela þeim sýsluembætti á hendur. Þetta gæti orðið til mikillar hjálpar, þegar svo báglega gengi sem nú, þar sem ekki er annað fyrirsjáanlegt, eptir núverandi fyrirkomulagi, en vesölustu sýslurnar verði sýslumannslausar. Það, sem fundið var að þessari uppástungu, var það, að beðið væri um þóknun úr ríkissjóði til að launa yfirdómendunum kennslustarfa þeirra; en mèr getur ekki skilizt, að þessi litla þóknun ætti að verða málinu til fyrirstöðu; hún yrði næsta lítil í samanburði við fjártillag það, sem stjórnin yrði að leggja fram, hve nær sem lagaskólinn kemst hèr upp, og eg get ekki ímyndað mèr annað, en stjórnin mundi fúslega veita þessa litlu þóknun.

Framsögumaður: Eg stend ekki upp til þess, að halda vörn uppi fyrir nefndina, því hún hefir engu aðkasti mætt frá hendi hinna heiðruðu þingmanna; en út af viðaukauppástungu hins háttvirta þingmanns Rangæinga, þá vona eg, að sú mótbára, sem hinn háttvirti varaforseti kom með út af henni, sè fullkomlega hrakin með hinni ljósu ræðu hins háttvirta uppástungumanns, er eg ætla að hinum háttvirta varaforseta fullkomlega hafi skilizt, svo að hann nú hafi ekkert út á hana að setja. Mèr finnst hann ann-

ars gjöra fremur lítið úr dönskum júristum hèr á landi, því það er honum eins kunnugt eins og mèr, að hinir mestu og hæstu embættismenn hèr í Íslandi hafa sumir hverjir verið úr þeirra flokki. Í þessu atriði vakti og fyrir nefndinni, hversu óbærilegur kostnaðurinn við lagalærdóminn í Kaupmannahöfn væri, eins og hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga tók svo ljóslega fram, svo og, hversu það er ótilhlýðilegt, að öllu hinu mikla fè, er til þessa gengur, ekki skuli vera varið í landinu sjálfu. Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti varaforseti var að spyrja um, hvort einnig bændur ættu að geta komizt í sýslumannaembætti hèr á landi, þá er það kunnugt, hversu opt ólærðir bændur hafa verið teknir í vandræðum til að gegna sýslumannastörfum, og í því tilliti hefir mönnum komið saman um það, að lítið væri þó betra en ekki neitt. En ef bændur eða óskólagengnir menn fengju kost á, að njóta kennslu í lögum hjá dómendunum í landsyfirrèttinum, þá kynnu þeir máske að verða eins færir til, að takast á hendur sýslumannsembætti, eins og sumir danskir menn með danskt juridiskt examen, og með því móti væri þá loku fyrir það skotið, að sýslurnar þyrftu að verða sýslumannslausar. Það eitt fannst mèr vanta í ræðu hins háttvirta þingmanns Norður-Þingeyinga, að eg held, að þessi kennsla yrði miklu affarasælli fyrir landið, heldur en hin mikla latínska lagakennsla í Kaupmannahöfn, einkum og sèr í lagi, þegar alþingi hefir fengið löggjafarvald, því þá mundi ávallt nýjum hèrlendum lögum verða við bætt, og kennsla í þeim lögum mundi með öllu verða ófáanleg, enda við háskólann í Kaupmannahöfn; því þar væru þau lög ókunn.

Forseti: Með því nú ekki taka fleiri til máls, þá er þessari álvktarumræðu lokið, og kemur þá til atkvæðagreiðslu samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona að allir þingmenn hafi prentaða fyrir sèr. (Sjá II., bls. 183).

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til undirbúningsumræðu málið um stofnun kennaraembættis í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda. Framsögumaður er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra þinginu frá málinu.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II., bls. 183).

Eins og hinir heiðruðu þingmenn geta sèð, þá hefir nefndin að eins tekið aðalhugsun þessa máls inn í álit sitt, án þess að

taka nákvæmlega fram um fyrirkomulag og tilhögun á kennslunni, því að um það hefir nefndin hugsað sèr að stjórnin gæti og ætti nákvæmar að skrifast á við stiptsyfirvöldin, og á þann hátt koma sèr saman við þau um alla nákvæmari tilhögun þessarar stofnunar, að því er allt sèrstaklegt snertir. Að eins vil eg ítreka það, að það virðist fullkomlega eðlilegt, að saga landsins sè hèr kennd, og mèr lízt það alls eigi efunarmál, að stjórnin hefir fúsan vilja á, að veita oss allt sitt liðsinni í þessu máli.

Konungsfulltrúi: Stefna sú, sem hin heiðraða nefnd hefir gefið uppástungunni, sem hèr ræðir um, þykir mèr vel til fallin, og eg skal þess vegna ekki mæla á móti því, að þingið fallist á hana, þó að eg á hinn bóginn skýrskoti til þess, sem eg hefi tekið fram við undirbúningsumræðurnar í lagaskólamálinu og forngripasafnsmálinu með tilliti til þess, nú sem stendur að útvega fè úr ríkissjóðnum til þess konar útgjalda.

Framsögumaður: Með tilliti til ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa þá skal þess getið, að nefndin sá og þekkti engan annan veg til þess að greiða fyrir máli þessu, en þann, að leita fjárstyrks úr ríkissjóðnum. En allt um það getur verið, að stjórnin sjái annan veg til að við hjálpa málinu en þennan, og tökum vèr því þá með þökkum, hvaðan sem gott kemur.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið um útsending og stytting alþingistíðindanna, þingfararkaup m. m. Framsögumaður er hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra svo þinginu frá málinu, sem honum þykir við þurfa.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II, bls. 185).

Eg vona, að nefndarálitið sjálft sýni ljóslega skoðun nefndarinnar á málinu og þær ástæður, sem hún hefir byggt álit sitt á, og að málið því liggi svo ljóst fyrir þinginu, að það í fljótu bragði geti ákveðið, hvort og að hve miklu leyti það getur fallizt á uppstungur nefndarinnar. Eg ætla því af þessari ástæðu eigi að tala meira, fyr en eg heyri undirtektir hinna heiðruðu þingmanna.

Konungsfulltrúi: Þó að þetta mál eptir uppástungu hinnar heiðruðu nefndar að mestu leyti sè innanþingsmál, skal eg fara fáeinum orðum um það, þar sem nokkrar bænarskrár þeirra, sem

fengnar eru nefndinni til meðferðar, fara þess á leit, að breytt verði ákvörðunum alþingistilskipunarinnar um þingfararkaup og fæðispeninga þingmanna. Eg skal með tilliti til þessara uppástungna láta þá skoðun mína í ljósi, að eg er nefndinni samdóma í því, að ákvarðanir 79. gr. alþingistilskipunarinnar sèu ákjósanlegri en uppástungur þær, sem fram eru komnar í bænarskránum. Það er, eins og þingmenn vita, forseti þingsins, sem á að endurskoða og ávísa reikningum þingmanna, og eg fyrir mitt leyti er viss um það, að á þennan hátt sè veitt sú bezta trygging fyrir því, að þessi útgjöld ekki verði stærri en staðizt getur með góðri reglu; eg skal þess vegna mæla með, að þingið fallist á uppástungu nefndarinnar í þessu tilliti.

Þó að kaupverð alþingistíðindanna sè svo lítið, að það nemi ekki meiru en t. d. í hitt eð fyrra naumlega 1 sk. hver örk, eða hèr um bil $^1/_6$ eða $^1/_8$ af því, sem vanalegt er að borga fyrir eins vandaðar bækur, er flutningskostnaðurinn, eptir því sem tilhagar hèr í landinu, mörgum tilfinnanlegur, og getur numið ef til vill meiru en kaupverðinu, og eg skal þess vegna ekki neita því, að kostnaður alþingistíðindanna að nokkru leyti kynni að hafa valdið því, að landsmenn ekki kaupi sèr þau; en á hinn bóginn held eg, að annað hafi verið meðverkandi í þessu tilliti, og það er stærð þingtíðindanna. Ef þau eptirleiðis verða umfangsminni, geta þau bæði orðið seld með lægra verði, flutt með minni kostnaði og lesin með meiri eptirsókn, skemmtun og fróðleik, en nú sem stendur. Þó að eg fyrir mitt leyti ekki muni mæla á móti niðurlagsatriðum nefndarinnar undir tölul. 1. og 2., álít eg uppástungu hennar undir tölul. 3. að greiða sem beztan veg fyrir útbreiðslu alþingistíðindanna meðal landsmanna, og þar sem þessi uppástunga er alveg samkvæm 78. gr. alþingistilskipunarinnar, skal eg ráða þinginu til að aðhyllast hana.

Einnig er eg hinni heiðruðu nefnd samdóma í því, að ekki verði gjörð nein breyting á þingsköpum alþingis til að framkvæma ósk þá, sem fram er borin í einni bænarskránni um styttingu þingtímans. Þingsköpin geta eptir minni meiningu ekki verið þrengri en þau eru eptir alþingistilskipuninni, og á þessu máli verður ekki ráðin bót með öðru móti, en ef nefndir þingsins vildu flýta sem mest fyrir málum þeim, sem þeim verða fengin til meðferðar, og ef landsmenn og þingmenn vildu nota uppástungurètt sinn með

sparsemi og skynsemi; þingsköpin geta í þessu tilliti ekki gjört neitt.

Forseti: Af því þetta mál kemur mèr að nokkru leyti við sem forseta þingsins, þá vil eg leyfa mèr að fara um það fáum orðum. Eg skal þá lýsa því yfir, að mèr sýnist uppástungan undir 2. tölulið heppileg, því eg hygg, að mikið af óþægindum þeim og vafningum, sem átt hefir sèr stað með útsendingu alþingistíðindanna, hafi komið af því, að engir reglulegir samningar hafa orðið gjörðir viðvíkjandi útsendingu þeirra og afgreiðslu, svo að allt hefir í þessu efni verið komið undir einstökum mönnum, alþingismönnum og öðrum, eptir því sem hver gat komið sèr við. Þar á móti get eg eigi fallizt á uppástunguna undir 1. tölulið, því hún getur ekki haft neina þýðingu, fyr en eptir það að uppástungan í 2. tölulið væri komin í kring, nema því að eins að alþingismenn sjálfir vilji takast á hendur, hver um sig, þá ábyrgð, sem leiðir af útsölu og flutning tíðindanna út um landið, og sè svo, þá er eg fús á að tala mig saman við þá um það; en eins og uppástungan fer fram á, treysti eg mèr fyrir mitt leyti eigi til að semja svo við nokkurn mann hèr í Reykjavík, að málinu verði borgið með því, þar eð eg hefi ekkert vald eða rètt til þess, að ákveða þennan kostnað nú þegar, eins og liggur í nefndaruppástungunni, eða leggja hann á neinn þingmann. Hèr verður fyrst að fá konungssamþykki til þessa, og eg efast reyndar ekki um, að það fáist, en fyr en það er fengið, get eg ekki sèð að neitt verði ákveðið í þessu efni, eða að það sè til neins verulegs gagns að forseti skerist í um útsending tíðindanna. Eptir þessu virðist mèr, að 1. töluliður, eins og hann er orðaður, ætti að falla burt. En að því er snertir 3. tölulið, þá er það skoðun mín, að nefndin hafi þar eigi fundið haganlegra eða kostnaðarminna fyrirkomulag á prentun alþingistíðindanua, en nú er og verið hefir. Það er að vísu satt, að mörgum munu virðast alþingistíðindin of löng, og hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir án efa rètt að mæla í því, að þau kynnu að þykja aðgengilegri, ef þau væri styttri; — en hvernig á að fara að því að stytta þau? Eg ímynda mèr, að mörgum þingmanna mundi þykja ræðum sínum misboðið, ef einungis væri tekið til prentunar ágrip úr þeim; því allir munu vera með því marki brenndir, að álíta sínar ræður eins góðar eins og annara, enda getur enginn neitað því, að allir þingmenn hafa jafnan rètt til að fá ræður sínar prentaðar svo fullkomnar sem föng eru á. En ef ekki kæmi á prent nema ein-

stöku atriði úr sumum ræðunum, en þá miklu meira úr öðrum, þá mundu þingmenn margir hverjir verða harðla óánægðir og álíta sèr órètt gjörðan; enda mundi og engin ritstjórn geta tekizt á hendur að sjá um prentun tíðindanna með þessu móti, nema hún ætti vissa von á mikilli borgun fyrir þennan vandasama starfa. Þetta mundi því valda bæði óþægindum og töluverðum kostnaði, sem mundi að minnsta kosti slaga hátt upp í það, sem sparaðist í prentkostnaðinum. Með þessu fyrirkomulagi þykist eg fullviss um, að sú almenna ósk landsmanna, að minnka sem allra-mest þingkostnaðinn, næðist alls ekki. Hinir háttvirtu þingmenn vita þar hjá sjálfir, að hèr er aldrei prentað nema ágrip af ræðum þingmanna; þingið er eigi svo vel útbúið með skrifara, að þeir nái ræðunum heilum, eins og þær eru fram fluttar; allt um það eru þó þær ræður, þótt eigi sèu alveg fullkomnar, nægilegar fyrir þingið og landsmenn, en mega varla styttri vera, ef þær eiga ekki að missa allan blæ og verða ekki annað en þurr skýrsla einungis. Af þessum ástæðum verð eg einnig að mæla á móti uppástungunni undir 3. tölul., eins og hinum 1., en aptur á móti álít eg, sem sagt, 2. tölul. góðan og nytsaman.

Framsögumaður: Eg er að öllu leyti samdóma hinum háttvirta forseta um það, að uppástungan undir 1. tölul. geti eigi komizt á, fyr en stjórnin hefir samþykkt það, sem beðið er um í 2. tölul., enda var það og ekki meining nefndarinnar, að forseti þingsins gæti reglulega fyr samið við mann hèr í Reykjavík um útsendingu og afgreiðslu þingtíðindanna út um landið, fyr en stjórnin hefir samþykkt, að kostnaðurinn við útsendinguna mætti borgast, eins og á er kveðið undir 2. tölul. Viðvíkjandi mótmælum hins háttvirta forseta gegn 3. tölul., þá skal eg geta þess, að eg og nefndin höfðum hugsað oss stytting alþingistíðindanna svo, að að eins væri á þinginu skrifað ágrip af ræðum þingmanna, og það yrði síðan framlagt fyrir þingmenn til yfirskoðunar og lagfæringar, á sama hátt og nú á sèr stað með þingræðurnar. Með þessu móti get eg eigi sèð neinn kostnaðarauka af styttingu þingræðnanna. Það er að vísu satt, sem hinn háttvirti forseti sagði, að ræðurnar nú koma fram í tíðindinum nokkuð styttri en þær eru fluttar, en að forminu til koma þær þó fram í heilu líki, og það eitt vantar í þær, sem annaðhvort þingskrifararnir eigi geta náð eða þingmenn sjálfir gleyma að bæta við á eptir. Mèr virðist ekkert geta verið á móti því, að stytta nokkuð þingræðurnar á þann hátt sem eg

hefi bent á, því auk þess sem með því móti sparaðist í prentunarkostnaði, yrðu alþingistíðindin léttari í vöfum og hægra að flytja þau víðs vegar út um landið.

Grímur Thomsen: Eg veit vel, að það mun vera þinginu ljóst, að þjóðinni er þetta viðkvæmt mál, að fá þingkostnaðinn nokkuð minnkaðan; því það liggur í augum uppi, að bænarskrárnar bera þá skoðun landsmanna með sèr, að þeim þyki þingið allt of dýrt. Og þó það nú sè langt frá mèr sem ungum þingmanni, að áfella þingið fyrir óþarflegan kostnað, og eg því vilji engan dóm leggja á það mál, þá mun mèr þó óhætt að segja svo mikið, að þingkostnaðurinn er ávallt að aukast þing eptir þing, og það mun víst, að þingið hefir kostað æði-miklu minna á hinum fyrri þingum en hinum síðustu. Reyndar hefi eg ekki nákvæmlega reikningslega vissu fyrir mèr í þessu efni, en yfir höfuð hygg eg þó, að svo muni vera, sem eg segi, jafnvel þótt eg álíti eigi nè geti dottið í hug, að þingmenn sèu svo lítilfjörlegir, að gjöra sig dýrari fyrir fósturjörðu sína, en þeir nauðsynlega þurfa og öll sanngirni mælir með. En til þess, að þingmenn hafi það traust á sèr hjá þjóðinni, sem nauðsynlegt er, þá er það ekki nóg, að vera hreinn, þó það sè höfuðatriði, heldur og að vera álitinn það og geta fært órækar sönnur á það fyrir landi og lýð, að svo er. En þetta virðist mèr hin heiðraða nefnd hafi eigi nógsamlega athugað, eða að minnsta kosti ekki tekið það fram til hlítar. Mèr finnst það því vera brýn skylda þingsins, að rannsakað sè, svo það sè öllum lýðum ljóst, að þingkostnaðurinn er að öllu leyti sanngjarnlega reiknaður og eigi hærra en nauðsynlega þarf með. Af þessari ástæðu er það, að eg er samdóma þeim af nefndarmönnum, er vildu, að tveir utanþingsmenn yfirskoðuðu ásamt forseta þingsins reikninga þingmanna; eg álít þetta mjög mikilsvarðanda fyrir þingmenn sjálfa, svo að þeir eigi ómaklega missi álit sitt meðal þjóðarinnar, enda er þetta fyllilega samkvæmt 79. § alþingistilskipunarinnar. En þetta er sem sagt alls eigi af því, að eg tortryggi í sjálfu sèr reikninga hinna heiðruðu þingmanna að því, er sjálfan mig snertir, því eg er sannfærður um þeir eru allir samvizkusamir menn. Eg áskil mèr þá breytingaratkvæði í þá stefnu, sem hinn ónefndi nefndarmaður, og ætla mèr að tala mig saman við hann um það betur síðar.

Jón Sigurðsson: Það er að sumu leyti, sem eg get eigi fellt mig við uppástungur nefndarinnar. Hvað þá 1. tölulið snertir, þá

finn eg að vísu, að hann er í góðu skyni fram borinn af nefndinni, til þess nefnilega, að lètta landsmönnum kostnað þann og örðugleika, sem flutningur þingtíðindanna hefir í för með sèr, og það situr sízt á mèr, sem á heima í einu af hinum fjarlægustu hèruðum landsins, að vera á móti því, að greiddur yrði gangur fyrir alþingistíðindunum út um landið; en samt sem áður verð eg að lýsa því yfir fyrir þinginu, að mèr þykja þeir menn, sem eigi hafa í sèr rænu eða manndáð til að ná alþingistíðindunum á sinn kostnað hèr úr Reykjavík, alls eigi verðskulda það, að þeim sèu færð þau ókeypis heim í hlaðið. Nefndin álitur víst, að það einasta aptri útbreiðslu þingtíðindanna út um landið, hvað erfitt og kostnaðarsamt er að nálgast þau hèðan úr Reykjavík, en sú held eg sè alls ekki aðalorsökin, heldur miklu fremur það, hve seint alþingistíðindin koma út frá prentsmiðjunni hèrna. Eg veit að minnsta kosti um íbúa míns kjördæmis, að þeir mundu eigi horfa í, að kaupa alþingistíðindin og nálgast þau á sinn kostnað, ef þau kæmu út í tíma. En nú er svo vaxið málið, að tíðindin hafa eigi verið albúin hèðan frá prentsmiðjunni, fyr en misseri eptir það, að þingi er slitið, og þá er eini vegurinn með þau til hinna fjarlægari hèraða landsins, að senda þau til Kaupmannahafnar vorið eptir hvert þing, og síðan koma þau loksins, ef ekkert ber út af, með haustskipum til Norðurlandsins, svo almenningur fær þau fyrst skömmu áður en þing er sett, og þá fer nú að vonum, þó áhugi manna á að lesa þau, sè farinn nokkuð talsvert að rèna. Og þessi mun vera aðalorsökin til þess, að þingtíðindin breiðast svo næsta lítið út um landið. Eg segi þetta eigi í því skyni, að eg sè að ásaka yfirstjórnendur prentsmiðjunnar fyrir aðgjörðir þeirra í þessu máli, því mèr er alveg ókunnugt um, hve mikla stund þeir leggja á, að flýta fyrir prentun þingtíðindanna. En víst er um það, að býsna-lengi hefir stundum staðið á prentun tíðindanna, og eg held sannarlega það hefði verið heppilegra, ef nefndin hefði komið fram með einhver ráð, til að flýta fyrir prentuninni. En skyldi nú svo fara, að þingið fèllist á það, að þingtíðindin væru flutt ókeypis út um landið, þá mun eigi um annað að gjöra, en að það fè, sem til þess þarf, sè tekið af alþingiskostnaðinum, eins og líka er uppástunga nefndarinnar; en eg vil þá spyrja hina heiðruðu nefnd, hvort hún ætli sig hafa gegnt sem trúlegast ætlunarverki sínu, með því að stinga upp á þessum þingkostnaðarauka, þar sem hún hefir þær bænarskrár til meðferðar víðs vegar að úr landinu, er fara

fram á það, að minnka þingkostnaðinn sem mest; því það gæti þó sannarlega orðið æði-mikill kostnaðarauki, ef hin fjarlægustu hèruð landsins heimtuðu, að fá þingtíðindin undir eins og þau væru fullprentuð heim til sín, og til þess ætla eg menn hafi fyllsta rètt, ef uppástunga nefndarinnar verður samþykkt; því sjálfsagt yrði að gjöra út aukapósta með tíðindin sinn á hvert landshornið, ef þetta fyrirkomulag ætti að verða að nokkrum notum. Eg bið þingið vel að athuga, hvort gjörandi sè, að bæta þvílíkum kostnaði ofan á alþingiskostnaðinn. Hvað uppástunguna undir 3. tölulið snertir, þá er eg alveg á sama máli, sem hinn háttvirti forseti, að eg álít hana með öllu óhafandi, því eg get eigi sèð, að þingtíðindin styttist neitt fyrir það, þótt innanþingsskrifarar semdu ágrip af ræðunum og þingmenn síðan ættu að yfirskoða þær og leiðrètta, eins og hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður stakk upp á og kvað verið hafa meining nefndarinnar. Eg held mèr við það, sem hinn háttvirta forseti stakk upp á, að það eitt yrði til að stytta þingtíðindin að nokkrum mun, ef fenginn væri einhver áreiðanlegur maður til að semja stutt ágrip af umræðunum og búa tíðindin undir prentun; en það er vitaskuld, að það yrði til að auka alþingiskostnaðinn, en ekki til að minnka hann, eins og þó mun hafa verið tilgangur nefndarinnar. Þetta yrði líka svo mikið vandaverk, að enginn fengist til að leysa það almennilega af hendi, og auk þess mætti búast við, að þingmenn yrðu óánægðir með það, hvernig ræður þeirra yrðu refereraðar, svo hvernig sem á þetta er litið, er uppástungan óhafandi.

Tryggvi Gunnarsson: Eg hafði áður ætlað mèr, að áskilja mèr viðaukaatkvæði í sömu stefnu og hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, en nú get eg sleppt því, en ætla að eins að leyfa mèr að bera skoðun mína saman við hans. Þetta viðauka-atkvæði er engan veginn sprottið af því, að eg vantreysti forseta, heldur vegna þess að eg álít, að það sè vandaminna fyrir hann, að hafa tvo menn með sèr, og þægilegra, ef það kæmi fyrir, að ástæða væri til að færa niður ferðakostnaðarreikning einhvers. Hvað 2. niðurlagsatriðið snertir, þá virðist mèr, að þingið leggi allt of mikið kapp á, að koma ræðunum hèr úr salnum út um landið, þegar það lætur sèr ekki að eins nægja, að gefa þingtíðindin, heldur gefa flutningskostnaðinn á þeim heim í hlaðið til þeirra, sem vilja nýta að lesa þau; eg held, að þingkostnaðurinn aukist, en ekki minnki með því lagi. Mèr þykir ekki ofætlun, þó þeir borgi flutn-

inginn, sem vilja eiga tíðindin, þegar þau eru ekki dýrari en þau eru, enda er það ekki fyrir mörgum, að þeir sjái eptir að borga flutninginn, heldur hindrar það mest, að ekki er hægt að ná tíðindunum til sín. Eg ætla því að aðhyllast það, sem er í fyrsta niðurlagsatriðinu, að ákveðin sè viss og duglegur maður, sem hafi á hendi útsendingu þingtíðindanna, því eigi nægir, að þingmenn semji við forseta einn um þetta; yfir þau tvö ár, sem þingið kemur ekki saman, getur að borið, að ýmsir vilji kaupa tíðindin. Af því eg veit til, að ágreiningur hefir orðið um það í Þingeyjarsýslu, að hreppstjórar hafa eigi mátt borga af sveitarsjóði flutningskostnað á þingtíðindum, sem hrepparnir áttu, þá er næst mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að hrepparnir fengju ókeypis flutning á sínum tíðindum, og maður sá, er hefir á hendi útsending tíðindanna, fengi borgaða fyrirhöfn sína af alþingispeningum.

Hvað viðvíkur 3. niðurlagsatriðinu, þá er eg alveg samþykkur hinum háttvirta forseta í því efni, og vil að eins bæta því við, að eg álít þingræður sèu eigi (beinlínis) prentaðar til lofs eður lasts þingmönnum, eður til að drepa á í fám orðum, að þessi eða hinn hafi fylgt rèttu eða röngu máli, heldur til að sýna þau rök, er þeir færa fyrir skoðun sinni, og skýra fyrir almenningi eða þeim, sem lesa vilja, bæði málin sjálf og meðferð þingsins á þeim. Eg játa, að sumar ræður eru ekki ríkar af röksemdaleiðslum, en aptur eru þó sumar, er gefa almenningi, sem annars er ókunnugur mörgum málum, talsverða upplýsingu í þeim. Eg er á því, að í þessu efni verði eigi ráðlegt að breyta frá því, sem er, þegar á allt er litið, en samt er mèr ekki nokkuð annt í þessu atriði.

Helgi Hálfdánarson: Eg er alveg samdóma því, sem hinn háttvirti forseti sagði um 3. niðurlagsatriði nefndarinnar, og get engan veginn álitið það ráðlegt, að einungis sè prentað ágrip af ræðum þingmanna. Þegar eg sá nefndarálitið, gat eg ekki sèð, hvernig nefndin ætlaðist til að þetta ágrip yrði. Mèr datt í hug að spyrja, hvort meining nefndarinnar væri sú, að ágripið ætti einungis að segja frá, að sá og sá þingmaður hafi mælt með málinu, og sá og sá móti því, án þess að ástæður þeirra væru tilfærðar. Ef þetta væri meiningin, þá mundu tíðindin styttast mjög svo mikið, en þetta get eg ekki álitið að sè nóg; ástæðurnar þurfa nauðsynlega að heyrast og verða almenningi kunnar, og þurfa því að takast upp í ágripið; en ef svo væri gjört, þá yrði styttingin ekki svo mikil, því það er ekki ætíð hægt að orða ástæðurnar stutt.

Annað, sem mèr kom til hugar að spyrja um, var það, hver ætti að búa til ágripið. Vèr höfum nú heyrt, að nefndin ætlast til, að innanþingsskrifararnir semji þetta ágrip, um leið og þeir heyra ræður þingmanna, en að þingmenn leiðrètti það síðan á eptir, en þá er ekki víst, að þingmenn yrðu ánægðir með ræður sínar, nema með því móti að þær yrðu hartnær eins langar, eins og þær eru nú, og held eg að stytting tíðindanna yrði harðla lítil, ef sú aðferð væri höfð. Væri nú hinn vegurinn valinn, að fá mann til að búa til ágripið, eptir að þingskrifararnir hefðu skrifað ræðurnar og þingmenn leiðrètt þær, þá ímynda eg mèr, að þetta yrði svo mikið vandaverk, að til þess þyrfti valinn mann, en við það mundi kostnaðurinn lítið sparast. Eg er sannfærður um, að þó þessi eina bænarskrá hafi kvartað yfir lengd tíðindanna, þá sè þessi umkvörtun fyrir það ekki almenn; þvert á móti þykist eg mega ganga að því vísu, að margur mundi verða óánægður, ef ræðurnar yrðu styttar, því tíðindin yrðu við það þurr og harðla leiðinleg. En hið lakasta við þetta væri þó það, að þjóðin gæti því síður sèð eða gjört sèr hugmynd um, hvernig þingmenn töluðu, eins og líka aðhaldið fyrir þingmenn til að vanda ræður sínar yrði minna, þegar þeir vissu, að ræðurnar ættu að koma út í ágripi; þá gætu ekki heldur seinni tíma menn sèð, hvernig forfeður þeirra hefðu talað, og gæti vel hugsazt, að þeim þætti það ókostur. Yfir höfuð álít eg, að það, að prenta einungis ágrip af ræðunum, væri fyrir menn út um landið hið sama og að loka þingsalnum fyrir þeim, sem hèr vilja hlusta á. Í öðrum löndum er það heldur ekki siður, að gefa einungis út ágrip af ræðum þingmanna. Sumstaðar eru þingræður að vísu ekki gefnar út á alþjóðlegan kostnað eins og hèr; en þar eru þá einstakir menn, sem láta prenta þær, og hafa atvinnu af því. Þar sem svo stendur á, þarf ekki að kosta til þessa á sama hátt og hjá oss. En þetta getur hèr ekki átt sèr stað.

Páll Pálsson: Mig langar til að fá upplýsingar hjá hinum heiðruðu nefndarmönnum um nokkur af niðurlagsatriðum nefndarinnar. Þess er getið í 1. niðurlagsatriðinu, að alþingismenn eigi að annast um sölu og útbýtingu alþingistíðindanna, og gjöra síðan skil fyrir andvirði þeirra; yrði þetta gjört að skyldu, ímynda eg mèr fáir alþingismenn mundu vilja takast hana á hendur, því vel getur verið, að tíðindin ekki yrðu seld; hvað ætti þá að gjöra við þau? ætti alþingismaðurinn að senda þau til baka? og á hvers kostnað ætti það að verða? Þetta er því að mínu áliti næsta óheppileg

uppástunga. Eg verð að játa það, að eg bjóst við, að nefndin mundi komast að annari niðurstöðu, enda gáfu og bænarskrárnar tilefni til þess. Það hefir verið kvartað yfir því, að kostnaður þingtíðindanna væri svo mikill, en hann mundi varla minnka við það, að fá mann til að semja ágrip af ræðunum, og svo væri ekki víst, hvort þingmenn vildu gjöra sig ánægða með slík ágrip af ræðum sínum, sem ósèð er hvort yrðu svo heppilega samin, sem menn kynnu að vilja ákjósa. Eg er með öllu samdóma hinum háttvirta þingmanni Rangæinga um, að nauðsynlegt sè að ákveða fastan ferðakostnað fyrir þingmenn, því þó það sè hægt, að ákveða sanngjarnan ferðakostnað þingmanna hingað til þings, þá á hvorki forseti nè nokkur þingmaður hægt með að semja sanngjarnan ferðakostnaðarreikning þingmanna frá þingi og heim til þeirra, því margt getur borið að, er hindri heimferð þeirra; þannig gæti hugsazt, að Katla væri hlaupin, áður en eg kæmist austur, svo eg, ef til vill, ekki kæmist heim fyr en seint og síðarmeir, en þann kostnað, sem af því leiddi, get eg ekki ætlazt til, að öll þjóðin vildi borga eður ætti að borga fyrir jafnónýtan þingmann og eg er. Eg vil því áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis í þessa stefnu, og mun eg koma mèr saman við hinn háttvirta þingmann Rangæinga í því falli. Eg get ekki verið alveg samdóma þingmanni Norður-Þingeyinga um, að ræðurnar í tíðindunum sèu að eins til að upplýsa málin, heldur eru þær til þess, að þjóðin og einkum kjósendur hvers þingmanns geti af ræðunum sèð, hvort hann sè gögnugur og greindur þingmaður, og þá þar eptir kosið hann aptur, eða reyna til að breyta um, ef ástæða þykir til koma, og því vil eg helzt hafa, að ræðurnar verði prentaðar óbreyttar; þess vegna væri og að mínu áliti rèttast fyrir þingið, að útvega sèr hraðskrifara, og gæti það að minni hyggju orðið fyrsta tilefni til, ef ekki eina ráðið til, að stytta þingræðurnar, því þá hættu menn að slá út í aðra sálma, og töluðu ekki það, sem málunum er með öllu óviðkomandi, en ef þingræðurnar yrðu styttri, þá minnkaði við það alþingiskostnaðurinn.

Stefán Jónsson: Viðvíkjandi 1. niðurlagsatriðinu skal eg geta þess, að hèr í Reykjavík hefir jafnan verið tiltekinn maður, sem hefir haft á hendi, að afhenda alþingistíðindin, þegar menn hafa beiðzt þess, og sè eg því ekki, að breytingaratkvæðið sè í því tilliti nauðsynlegt. Hvað 2. niðurlagsatriðið snertir, þá þykir mèr miður eiga við, að kostnaðinum við útsendingu tíðindanna sè slengt

saman við annan alþingiskostnað; það er ekki eingöngu flutningskostnaðurinn, sem stendur í vegi fyrir útsendingunni; eg get sjálfur borið nokkuð um þetta, því eg hef á ári hverju, þegar alþingi hefir verið haldið, selt 10—12 exemplör af tíðindunum, og hefi flutt með mèr það, sem út hefir verið komið af þeim í þinglok, en eg hef haft vissa kaupendur, sem hafa beðið mig fyrir fram. Sumir þingmanna, sem eiga skemmri leið hingað, hafa átt hægra með þetta en eg, aðrir aptur erfiðara, en hefðu þingmenn yfir höfuð gjört sèr far um, að fá tíðindin, þá er það ekki óyfirvinnanlegt. Viðvíkjandi 3. niðurlagsatriðinu, þá er eg þeirrar meiningar, að annaðhvort sè að hafa ræðurnar eins og þær eru, eða alveg að fella þær burt, því að stytta þær, yrði til þess, að minna seldist af tíðindunum, því allir, sem kaupa tíðindin, kaupa líka ræðurnar, sem þó eru nú prentaðar sèrskildar. Yrði það samþykkt, að senda tíðindin í hverja sýslu, þá yrðu menn að vita áður, hvað marga kaupendur í hverri sýslu maður fengi, því ella gætu tíðindin legið óseld upp til sveita, en allir sjá, að þau geymast þó að öllum líkindum betur hèr í Reykjavík. 1847 ætla eg Sekriterinn í Viðey tæki að sèr, að selja tíðindin, og kostaði hann upp á sendiferð með klyfjahesta með þau norður, en nokkur partur þeirra mun hafa orðið að endursendast, og verða menn að vera vissir um, að það, sem burt er flutt, geti selzt.

Eiríkur Kúld: Sem nefndarmanni er mèr kunnugt, að nefndin gjörði allt, sem í hennar valdi stóð, til að beina máli þessu í gott horf; en allt um þetta þá er svo langt frá því, að hún fái lof fyrir starfa sinn, að svo að segja allir, nema hinn hæstvirti konungsfulltrúi, hafa kastað til hennar smáhnútum, og sannast því á nefndinni, að enginn gjörir svo öllum líki, o. s. frv. Sá, sem tók einna harðast á nefndinni, var þingmaður Vestur-Skaptfellinga; honum þótti nefndin ekki hafa lokið starfa sínum nema að hálfu leyti. Eg vil benda honum á, að þegar nefndin fyrst var sett, var það til að íhuga bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu; síðan var fleiri bænarskrám slengt í nefndina, sem nokkurs konar ruslakistu, en allt fyrir þetta tók þó nefndin allt það tillit til bænarskránna, sem henni var mögulegt. Bæði hann og fleiri þingmenn hafa getið þess, að þeir ekki gætu fallizt á 3. niðurlagsatriði nefndarinnar; eg skal geta þess, að eg var ekki fastur á því, að fallast á þetta niðurlagsatriði, en lèt þó tilleiðast að fallast á það, einkum vegna þess að eg hafði með bænarskrá úr Barðastrandarsýslu um þetta efni,

svo og vegna þess, að eg sá, að kostnaðurinn við það mundi minnka, því þingmaður Vestur-Skaptfellinga sèr þó það, að ágrip af ræðunum er styttra en ræðurnar sjálfar, en við þetta styttast tíðindin, og um leið sparast kostnaður við prentun tíðindanna, og þau verða minni fyrirferðar til að sendast út um landið. Eg veit ekki, hvort þingmanninum er það móti geði, að ræður hans verði prentaðar í ágripi, en eg fyrir mitt leyti verð að segja það, að mèr er ekki sárt um, þó það, sem eg tala hèr á þingi, berist ekki orð fyrir orð út um landið. Þingmaður Suður-Þingeyinga hèlt, að uppástunga nefndarinnar um útsending tíðindanna væri óþörf, en hann stakk ekki upp á, hvernig þau ættu að sendast út; hann hefir líklega meint, að þau ættu að sendast í pósttöskunni, en þá held eg nú kostnaðurinn ekki minnkaði við það. Hinn sami þingmaður hèlt og, að hèr væri allt undir því komið, að flýtt væri fyrir prentun tíðindanna, en nefndin sá sig enga heimild hafa til þess, að fara að reka á eptir stiptsyfirvöldunum eða prentaranum í þessu tilliti. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga hèlt, að eina ráðið, til að stytta tíðindin, væri að fá hraðskrifara, en þetta er mótsögn, því þá kæmi út hvert orð, sem talað væri, og við það lengdust tíðindin, því nú koma ræðurnar út í styttra formi, því það er ómögulegt fyrir skrifarana, að ná öllu því, sem talað er hèr á þingsalnum; þar að auki mundi það vera talsverðum kostnaði bundið, að læra hraðskript, þar sem enginn hraðskrifari kann íslenzku. Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga hèlt, að nefndin hefði tekið of lítið tillit til bænarskránna, hvað þingfararkaupið snertir, en eg skal geta þess, að hún sá sèr ómögulega fært, að fara lengra, en hún fór í þessu tilliti. Eg skal líka geta þess, að þingið 1867, sem varaði í 73 daga, er að tiltölu 5 rd. ódýrara á mann, en þingið 1845, sem stóð í 36 daga. (*Grímur Thomsen*: Hver er munurinn á kostnaðinum?) Hann er mikill, en munurinn á dagatölunni er líka mikill. Það var ein bænarskrá, eg ætla hún væri úr Rangárvallasýslu, sem fór fram á, að hafa fast-ákveðið þingfararkaup og fast-ákveðna þóknun fyrir þingsetu, en þessu sá nefndin sèr ekki fært að koma á. Eg játa það, að það væri æskilegt, ef þetta gæti komizt á; en, sem sagt, nefndin treysti sèr eigi til þess, enda geta og ferðir hinna sömu þingmanna kostað misjafnt, annað árið meira, en hitt aptur minna, og svo er mikill munur á því, hvar þingmaðurinn á heima í kjördæminu; enn fremur getur hann átt heima fyrir utan kjördæmið. Hvað þóknunina snertir, sem bænarskrá

Rangæinga fer fram á, þá væri óskandi, að Íslendingar væru eins ríkir og Englendingar og sætu kauplaust á þingi, en þessu er nú ekki hèr að fagna; en ættu þingmenn að sitja hèr kauplaust fyrir einhverja þóknun að eins, yrði það til þess, að fáir duglegir þingmenn fengjust; og sannarlega ábatast þingmenn ekki á kaupi sínu; þvert á móti hafa þeir, sem langt eiga að, halla af þingferð sinni; þeir hafa mikinn baga af, að yfirgefa heimili sín, sem þeir þurfa að útvega forstöðu, meðan þeir eru fjærverandi; yrði því kaupið sett niður, gæti það orðið til þess, að ekki fengjust aðrir til að vera alþingismenn, en einhverjir hèr í Reykjavík, og máske helzt tómthúsmenn; en við þau þingmannaskipti ímynda eg mèr að fæstir ætli að þingið græddi mikið.

Þórarinn Böðvarsson: Eg var sá nefndarmaðurinn, sem stakk upp á því, að forseti tæki með sèr 2 menn til að skoða ferðakostnaðarreikninga þingmanna, og ætla eg mèr að taka mèr breytingaratkvæði í þá átt. Þetta er alls ekki af því, að eg rengdi forseta eða þingmenn, heldur gjörði eg það af því, að eg áleit það betra fyrir forseta og þingmenn, að óviðkomandi menn yfirskoðuðu reikningana, til þess ekki yrði sagt um þá, að þeir dæmdu í sinni eigin sök. Hvað nefndarálitið að öðru leyti snertir, þá sèst það bezt nú, að ekki var vanþörf á, að eg mæltist til, að tveim góðum liðsmönnum væri bætt við í nefndina. Hún fèkk 2 beztu liðsmenn, og fær álit hennar allt um það allillar viðtökur hjá þingmönnum. Út af ræðu hins háttvirta forseta skal eg geta þess, að það var ekki meining mín, að kostnaðurinn við útsendingu þingtíðindanna nú þegar beinlínis skyldi takast eptir 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, en eg meinti, að kostnaðurinn gæti orðið minni, og útsending tíðindanna greiðari, ef nú þegar væri samið við áreiðanlegan mann um, að hafa útsendingu og útsöluna á hendi, og hann þegar tæki til starfa síns. Hvað kostnaðinum við víkur, þá er auðvitað, að hann ætti að lenda á kaupendum, þangað til 2. niðurlagsatriðið væri að lögum orðið. Þar sem þingmaður Suður-Þingeyinga hèlt, að útsending alþingistíðindanna um landið gengi svo stirt, af því að svo seint gengi að prenta þau, þá er það tekið fram af þingmanni Barðstrendinga, að það gat ekki verið ætlunarverk nefndarinnar, að gefa sig við því, hvernig gengi með prentun tíðindanna. Allar bænarskrárnar, sem til nefndarinnar komu, fóru því fram, að spara kostnaðinn; þetta er einnig meining nefndarinnar eptir uppástungum hennar. Það er eins og mönnum taki

sárast til 3. niðurlagsatriðisins; mín meining er, að það sèu ekki ræðurnar beinlínis, sem upplýsi lögin, heldur eru það frumvörpin og ástæðurnar fyrir þeim og nefndarálitin, og þegar þar við bætist stutt ágrip af ræðum þingmanna, þá er eigi annað að skilja, en að menn fari að geta skilið lögin. Til skemmtunar verða alþingistíðindin líklega aldrei. Hvað það snertir, að útvega hraðskrifara til þingsins, þá er eg sannfærður um, að það væri ærnum kostnaði bundið, enda held eg og, að margir þingmenn mættu óska, að þeir væru ekki til.

Forseti: Það var ekki meining mín, að skorast undan því, að tala við alþingismenn um að takast á hendur útsölu tíðindanna hver í sínu kjördæmi; þvert á móti er eg fús til þess, að svo miklu leyti sem þeim þætti sèr það vera að nokkru gagni; en eg sagði hitt, að eg gæti ekki tekið þátt í útsendingu tíðindanna sem forseti öðruvísi en upp á ábyrgð alþingismanna sjálfra.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla að tala nokkur orð um niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölul. 3. Eg fyrir mitt leyti vil ekki stytta alþingistíðindin, því það gæti verið miklum vandkvæðum bundið, og haft þær afleiðingar, sem þinginu þættu óþægilegar, en af því mèr þykir hugsun nefndarinnar góð, þá hef eg hugsað mèr, að taka mèr breytingaratkvæði við 3. niðurlagsatriði nefndarinnar, sem eg ímynda mèr að kæmi saman við hugsun nefndarinnar. Eg vil sem sè, að svo mörg exemplör af alþingistíðindunum óstyttum sèu prentuð, að menn geti kynnt sèr þau í öllum hèruðum landsins. Exemplara talan þyrfti ekki að vera svo mjög há, og þar við kæmi maður í veg fyrir, að tíðindin lægju óseld. Á hinn bóginn væri æskilegt, að menn út í landinu gætu fengið prentað ágrip af alþingistíðindunum, og ætti prentun þess að vera lokið í þinglok; í þessu tilliti álít eg hentast væri, að gjörðabók þingsins væri prentuð, því hún inniheldur upplýsingar um þingmálin. Í þessa átt hefi eg í hyggju að taka mèr breytingaratkvæði við 3. niðurlagsatriði nefndarinnar. Þó vil eg hugsa þetta mál nákvæmar, því sannfærist eg um, að breytingaratkvæðið ekki sè veruleg bót í þessu máli, mun eg eigi bera það fram.

Hallgrímur Jónsson: Það er svo langt, síðan eg hafði beiðzt að tala, að margt af því, sem eg vildi hafa sagt, er nú þegar tekið fram, einkum af hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga, um það, hvers vegna alþingistíðindin gengi svo illa út, einmitt af því, að þau koma svo seint frá prentsmiðjunni, og menn eru búnir að

heyra úrslit málanna, bæði munnlega, brèflega og í blöðunum; eg veit, að svo er það í næstu sýslunum, og ekki mun það vera ólíkt í hinum fjarlægari, svo eg held það sè áhugaleysi manna, sem helzt stendur í vegi fyrir flutningunum, en ekki eiginlega þyngslin eða kostnaðurinn, og allir mega þó játa, að alþingistíðindin eru bóka ódýrust. Þegar eg fer að gæta að niðurlagsatriðum nefndarinnar, finnst mèr, að betur ætti við, að setja 2. atriði fyrri, og það fyrsta í stað þess, því hvorki forseti nè neinn annar getur ábyrgzt flutningskaupið af alþingistíðindunum fyrri en sú bæn er uppfyllt, sem 2. atr. fer fram á, og verð eg öldungis að vera á móti, að hún verði send, auk heldur óska þess, að hún fái áheyrslu; eg meina almenningi þyki nógur og allt of hár alþingiskostnaðurinn, þó hann verði ekki aukinn með þessari útgjaldagrein. Eg vil vera með því, að alþingismennirnir *sjálfir*, en ekki forseti, semji við hvern sem þeir vilja og álíta sèr áreiðanlegastan til að senda sèr eða á einhvern tiltekinn stað í sýslunni svo mörg exemplör af alþingistíðindunum, er þeir hafa vissu fyrir að verði þegin til hreppanna eða keypt; þeim má, og þeim á að vera umhugaðast um, að tíðindin út breiðist í kjördæmi þeirra, svo mèr þykir þeir fremur en forsetar þingsins rèttkjörnir til að annast um útsendingu og aðra útsölu þeirra; þetta er heldur ekki til að tala um að ómögulegt sè; það sýndi þingmaður Eyfirðinga með frásögu sinni. Ekki geðjast mèr vel að 3. atr. nefndarinnar, viðvíkjandi að stytta tíðindin; það er sjálfsagt, að þau eru löng og mikil fyrirferðar, en þvílík stytting, sem þar fer fram á, yrði líklega hvorki til svo mikils hagnaðar, hvað kostnaðinn snertir, eða útgengilegri, hvað gagnsmunina áhrærir. Eg segi fyrir mig, eg vil ekki missa ræðurnar eða ræðuformið, eins og það hefir verið í tíðindunum, jafnvel þó eg viti, að þær hafa aldrei verið talaðar svo; mèr eru þær opt og tíðum til mikillar upplýsingar um málin, og eg met þær meir til fróðleiks en þingmanninum, sem talað hefir, til lofs eða lasts. Eg held það væri þá bezt, að fella úr allar ræðurnar, og prenta einungis málin; það er síðari partinn; það mundi sannarlega minnka nokkuð verulega alþingiskostnaðinn, en það er hvorki samkvæmt ákvörðun alþingis eða hugsun manna yfir höfuð. Nokkrir hafa talað um, að fá hingað hraðskrifara; það ímynda eg mèr að mundi heldur auka kostnað en minnka; fyrst munu þeir vera í sjálfu sèr nokkuð kostbærir, og svo held eg þingtíðindin styttust ekki við það; prentunarkostnaðurinn yrði þá

ekki minni, og útsendingin heldur ekki hægri. Eins og eg hefi nú minnzt á, get og ekki orðið samdóma neinum nefndaratriðunum, eins og þau nú eru á að líta.

Sigurður Gunnarsson: Mèr líkar vel við niðurlagsatriði nefndarinnar. Eg stend einungis upp til þess að taka mèr breytingaratkvæði við 2. niðurlagsatriðið, sem sè, að ef það yrði ekki samþykkt, þá skuli þó að minnsta kosti flutningskostnaður alþingistíðinda þeirra, er hrepparnir fá gefins, verða borgaður eins og annar alþingiskostnaður, því þó alþingismenn vilji annast um flutninginn, mundi erfitt fyrir þá, að ná kostnaðinum inn, af því hrepparnir vilja varla þiggja tíðindin gefins, ef þeir þurfa að borga flutningskostnaðinn; svona er áhuginn lítill víðast á Austurlandi, að vilja fá þingtíðindin.

Framsögumaður: Flestum af mótbárum þeim, sem komið hafa fram gegn nefndarálitinu, er þegar greinilega svarað af meðnefndarmönnum minum, svo eg get verið því stuttorðari. Viðvíkjandi uppástungu þeirri, er kom fram í nefndinni um, að forseti tæki tvo menn til, að rannsaka ferðakostnaðarreikninga þingmanna með sèr, skal eg geta þess, að nefndin að vísu ekki var mótfallin uppástungunni í sjálfu sèr, en hún gat ekki álitið hana nauðsynlega, auk þess að nefndin hèlt, að hún mundi ekki fyrirbyggja grun þann um of háa ferðakostnaðarreikninga, sem uppástungan virðist gjöra ráð fyrir. Forseti þingsins á að úrskurða reikninga þingmanna, og nefndin hèlt, að hann mundi ávallt verða sá maður, sem hefði á sèr traust, ekki einungis þingsins, heldur einnig þjóðarinnar, og mundi því þjóðin allt eins vel trúa honum, og þó hann tæki með sèr 2 menn til þessa starfa. Það er auðvitað, að það er gott að vera sem hreinastur í augum þjóðar sinnar, eins og hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði, en nefndinni sýndist ekki ástæða til, að ráða til að gjöra þær ráðstafanir, sem væru í sjálfu sèr óþarfar og eigi heldur næðu augnamiði sínu. Þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, að það væri eigi ofætlun, að menn sjálfir nálguðust alþingistíðindin, en á þessu máli gat nefndin ekki verið, og því stakk hún upp á því, er stendur í 1. niðurlagsatriðinu, sem því einasta úrræði, er henni þótti tiltækilegt. Það hefir mikið verið rætt um styttingu þingtíðindanna, og hefir nefndin undir umræðunum fengið ýms undarleg spursmál, t. a. m. frá þingmanni Vestmanneyinga um, hvað langt ágrip þetta ætti að vera, hvort það einungis ætti t. a. m. að segja: «þessi og þessi þing-

maður mælti með málinu» og svo frv. Þessu skal eg einungis svara með því, að í nefndarálitinu stendur, að semja eigi greinilegt ágrip af ræðum þingmanna, en ágripið getur ekki kallazt greinilegt, nema til séu færðar ástæður þær, sem hafa verið teknar fram með og móti í málinu. Að alþingistíðindin við það yrðu þurrari og leiðinlegri, getur verið; en eg verð að játa það, að eg aldrei hefi skoðað tíðindin sem neina skemmtibók; ekki heldur get eg verið þingmanni Vestur-Skaptfellinga samdóma um, að þingtíðindin eigi að vera þingmönnum til dýrðar; þau ættu að geta verið til skýringar og upplýsingar um málin og meðferð þeirra á þinginu. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga vildi taka sér breytingaratkvæði við 2. tölulið, og skal eg að vísu játa, að það fer í skynsamlega stefnu, en þó verður því ekki neitað, að við tvöfalda prentun alþingistíðindanna, við það að gefa út tvær bækur í staðinn fyrir eina, mundi kostnaðurinn talsvert aukast, þó stærri útgáfan af tíðindunum yrði ekki prentuð í eins mörgum exemplörum og nú er. Vilji þingið ómögulega stytta þingræðurnar, þá sýndist mér hagkvæmt, að þingskjalaparturinn fengist sér á parti til kaups, því með því móti yrði hægri útflutningur á þingtíðindunum; því líklegt er, að margir út um landið einungis kynnu að óska að eignast þann partinn; eg skal því áskilja mér breytingar- eða viðaukaatkvæði í þá stefnu. Viðvíkjandi hraðskrifara-uppástungu þingmanns Vestur-Skaptfellinga, skal eg geta þess, að það er auðsjáanlegt, að slíkt mundi valda svo ærnum kostnaðarauka, að því, enn sem komið er, ekki getur orðið framgengt.

Ólafur Pálsson: Nokkrir háttvirtir þingmenn, og einkum framsögumaður, hafa tekið af mér það ómak, að hrekja mótbárur þær, sem komið hafa fram gegn nefndinni. Eg vil því einungis minnast á tvö atriði. Það var einkum hinn háttvirti þingmaður Vestur-Skaptfellinga, sem kom fram með það, að alþingismönnum mundi rísa hugur við þeim sendingum þingtíðindanna, sem þeir gætu búizt við að fá heim til sín, og við ábyrgð þeirri, er þeir tækju upp á sig við útsölu þingtíðindanna. Það var eins og hann bæri einhvern ótta í þessu tilliti. En eg vil biðja menn, að lesa með eptirtekt 1. tölulið í niðurlagsatriðum nefndarinnar, og þá mun það sjást, að þessi ótti er ástæðulaus; því þar stendur það svo að segja með berum orðum, að alþingismenn ráða því, hvað mikið af tíðindum þeim er sent, og það er hvergi sagt í 1. tölulið, að hver alþingismaður geti ekki seinna ákveðið bréflega exemplaratölu

þá, sem hann vill hafa, eða að hann þurfi þegar við þinglok að segja til hennar. Eg vildi líka minnast á viðaukaatkvæði það um að ákveða fast þingfararkaup handa þingmönnum úr hverju kjördæmi, sem mèr heyrðist vera í vændum, eða mèr virtist ekki betur en að sæi á höfuðið á því í fæðingunni, og að það mundi eiga von á ekki lítilli fæðingarhjálp. Hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptfellinga bar það fram sem ástæðu fyrir því, að menn þyrftu nú að spá lauslega fram í tímann, í öllu falli að því leyti, er viðvíkur ferðakostnaði þingmanna heim til sín frá þingi. En mèr finnst það ósamkvæmni hjá honum, að hann, einmitt með því, að vilja setja fast þingfararkaup, spáir fram í ókomnar aldir, og finnur ekkert ísjárvert í því. Hver getur sagt um gildi hinna sömu peninga, sem þingmenn nú fá, eptir svo sem 20 ár? Eg held það sè mesta ráræði, að ákveða þvílíkt fast. Það voru þessi tvö atriði, sem eg vildi minnast á.

Forseti: Það hafa 6 þingmenn beðið um orðið, en 13 beiðzt þess, að umræðunum yrði lokið, og skal eg því biðja þingmenn að skera úr með atkvæðum, hvort umræðunum skuli vera lokið.

Var það síðan samþykkt með atkvæðafjölda, að umræðunum skyldi hætta.

Forseti: Eg vil biðja þingmenn, sem fyrst að senda breytingaratkvæði sín í þessu máli.

Dagskrá er þá lokið, og ákveð eg fund kl. 12 á morgun.

Fundi slitið.

---

17. fundur — 21. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eptir umtali milli hins háttvirta konungsfulltrúa og mín er einum aukaskrifara bætt við, og mætir kand. Jón Bjarnason hèr á fundi í dag, og tekur þátt í innanþingsskrifara-störfum.

Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um stofnun skóla handa heyrnar- og málleysingjum; sömuleiðis hefi eg fengið nefndarálit um fyrirmyndarbú í Húnavatnssýslu; enn fremur nefndarálit um sýsluskiptingar í Vesturamtinu; einnig hefi eg fengið uppástungu um gufuskipsferðir kring um landið, og bæn-

arskrá viðvíkjandi stjórn prentsmiðjunnar. Uppástungur þessar og nefndarálit verða lögð á lestrarsalinn, og hinum háttvirta konungsfulltrúa send eptirrit af þeim.

Þá kemur samkvæmt dagskránni fyrst til umræðu málið um stofnun kennaraembættis í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda, og kemur þetta mál til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Hinn 4. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Framsögumaður (Jón Pètursson): Eg finn ekki ástæðu til, að tala frekar um þetta mál að sinni, og það því síður, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi er málinu hlynntur.

Forseti: Þar eð ekki fleiri taka til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er þingmenn munu hafa fyrir sèr prentaða. (Sjá II., bls. 189).

Forseti: Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu málið um stofnun sjómannaskóla á Ísafirði. Varaþingmaður Snæfellinga er framsögumaður, og mun hann lesa nefndarálitið fyrir þingmönnum, og skýra frá því, er honum finnst þörf á.

Framsögumaður (Daníel Thorlacius): Nefndarálitið hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 189).

Við inngangsumræðu þessa máls var því mjög vel tekið, bæði af þinginu og hinum hæstvirta konungsfulltrúa, nema að svo miklu leyti sem hann gat þess, að erfitt mundi verða að fá fjárstyrkinn til stofnunarinnar, en þetta er hin gamla viðbára, sem menn svo opt heyra frá konungsfulltrúastólnum. Eg vona samt, að þingið gefi málinu góðan gaum eptir sem áður. Eg get ekki betur sèð, en að stjórnin sè «moralsk» skyldug til, að koma öðru eins fyrirtæki og þessu á fót, sem beinlínis miðar til þess, að rètta við annan aðalbjargræðisveg landsbúa. Nefndin hefir í öllu verulegu haldið sèr við grundvallarreglur tillögunnar. Èg skal að svo stöddu ekki fara fleirum orðum um málið.

Konungsfulltrúi: Eg skal kannast við, að hinni heiðruðu nefnd hefir tekizt það vel, að benda þinginu að því, hvað það sè nauðsynlegt, að sjá ráð til þess, að landsmenn geti keppzt á (concurrerað) við útlenda fiskimenn, með því að við hafa sömu veiðiaðferð og þeir, og sèr í lagi að efla sem mest má verða þilskipaútveg og sjómannafræði hèr í landinu; en á hinn bóginn virðist mèr málið ekki vera svo óbrotið, að eg, með þeim undirbúningi, sem það nú hefir fengið af nefndinni, geti dæmt um það, hvort

niðurlagsatriði hennar sèu hin haganlegustu. Eg skal þess vegna ráða þinginu til, að biðja stjórnina að láta undirbúa frumvarp og leggja fram fyrir næsta þing um, að stofnuð verði hèr í landinu kennsla í sjómannafræðinni með sem haganlegustu fyrirkomulagi, en sleppa hinum sèrstöku niðurlagsatriðum, sem eg fyrir mitt leyti álít ekki nægilega undirbúin, og sem eg held að þingmenn, eða meiri hluti þeirra, ekki hafi meira skynbragð á, sem stendur, en eg.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg játa það, að þetta er eitt af þeim málum, sem varða oss Íslendinga hvað mest, því þar sem ræðir um sjávaraflann, þar er um einn af aðalatvinnuvegum þessa lands að tala. Eg er sannfærður um, að allir eru mèr samdóma í, að brýna nauðsyn beri til, að efla þennan atvinnuveg, enda er eg sannfærður um, að stjórnin sjálf muni finna til þess, að þetta er því nauðsynlegra, sem fiskiaflinn dregst frá landinu fyrir sakir fiskiveiða hinna útlendu fiskimanna; til þess því að Íslendingar geti keppt við útlenda menn, verða þeir að geta sókt út á djúpið, en til þessa þurfa þeir stærri skip, og þá jafnframt að hafa numið sjómannafræði. Hèr hefir verið stungið upp á, að stofna einn sjómannaskóla. Eg skal einungis geta þess, að ef mál þetta ætti að komast í gott horf, þyrfti að stofna hèr á landi, eigi að eins einn, heldur 3 sjómannaskóla. En úr því talað er um, að stofna að eins einn sjómannaskóla, þá finnst mèr eitthvað öfugt við, að setja hann úti á landshorni. Það gefur öllum að skilja, að það er allt eins örðugt fyrir Norðlendinga, að sækja skólann á Ísafirði, eins og þótt hann væri í Reykjavík, og vildi eg því að hann yrði stofnsettur hèr í Reykjavík. Heldur ekki er það satt og rètt, að hægra sè fyrir menn að koma sèr fyrir á Ísafirði, en hèr í Reykjavík; hèr eru um 2000 manns, en að eins 200 á Ísafirði, og er auðvitað, að hægra muni vera að koma sèr hèr fyrir, þar sem svo margir eru saman komnir, en þar sem fáir eru. Að menn á Ísafirði eigi hægra með að hafa ofan af fyrir sèr með því, að koma sèr fyrir á þiljuskip á sumrin, get eg ekki sèð að rètt sè, því hèr við Faxaflóa geta menn einnig verið á þiljuskipum á sumrin, enda væri það engin frágangssök, þótt þeir ættu að koma sèr fyrir einhverstaðar annarstaðar, en einmitt þar, sem skólinn er.

Úr því öllum kemur saman um, að brýna nauðsyn beri til, að stofna skólann sem fyrst, þá vil eg að menn byrji hann þar, sem hægast er, en þetta yrði hægra hèr í Reykjavík; hèr þyrfti t. a. m.

ekki að byggja hús handa skólanum, heldur mætti leigja húsið, og er þetta ekki alllítill munur í kostnaðinum. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi rèð til þess, að biðja stjórnina um, að leggja frumvarp um mál þetta fyrir næsta þing, þá fæ eg ekki sèð, að þessa við þurfi, því að mál þetta er umboðslegs eðlis, og nægir því hèr, að þingið biðji stjórnina um að stofna skólann, en hin umboðslega stjórn á að sjá um, hvernig skólanum verði á komið. Eg áskil mèr því breytingaratkvæði við 1. tölulið, nefnilega, að «Reykjavík» standi í staðinn fyrir «á Ísafirði», og við 2. tölulið í þá átt, að stjórnin leggi það fè til, sem til skólans þarf, hvort það verður mikið eða lítið.

Eiríkur Kúld: Sem nefndarmaður skoða eg mál þetta allt öðruvísi, en þingmaður Reykvíkinga; honum þótti allt vera sèr ljóst í þessu máli, en þó fannst mèr ræða hans mjög óglögg, og ekki fátt í henni, sem eins og rak sig hvað á annars horn. Hann hèlt það væri hægra fyrir Norðlinga, að komast til Reykjavíkur en til Ísafjarðar, en þarna sýnir hann ókunnugleika sinn, því það ber allopt að, að Norðlingar koma á fiskiskútum sínum til Ísafjarðar, og yrði það hin kostnaðarminnsta ferð fyrir menn að norðan, að komast að skólanum, ef hann væri á Ísafirði. Hann sagði og, að hægra væri fyrir menn að koma sèr fyrir hèr í Reykjavík, en á Ísafirði, en eg er svo kunnugur hèr í Reykjavík, að þetta er ekki svo; hèr er almennt kvartað um húsþrengsli og illt að koma sèr fyrir; enda er það og eðlilegt, að hægra sè að koma sèr fyrir þar, sem t. a. m. 200 manns eru, eins og á Ísafirði, en þar sem 2000 manns eru, eins og hèr í Reykjavík; því að rèttu hlutfalli við fólkstöluna eru fleiri hús á Ísafirði. Það gladdi mig að heyra, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hrósaði nefndinni fyrir það, hvernig hún hafði tekið í málið; ræða hans lýsti því, að hann vill málinu vel, og vildi beina því áleiðis, og kann eg honum þakkir fyrir það. Eg skal að lyktum geta þess, að ef uppástungur nefndarinnar ekki fá meðmæli þingsins, þá áskil eg mèr sem varauppástungu uppástungu hins hæstvirta konungsfulltrúa um, að biðja stjórnina um, að semja frumvarp í málinu og leggja fyrir næsta þing, því það er þó til að beina málinu áfram.

Stefán Jónsson: Eg er því samþykkur, að brýna nauðsyn beri til, að sjómannaskóli sè stofnaður hèr á landi; menn hafa hèr mest talað um staðinn, hvar skólinn ætti að vera, og neita eg því ekki, að eg er samdóma þingmanni Reykvíkinga um það, að ekki sè

sem heppilegast, að hann sè á Ísafirði, þegar á allt er litið, þó eg jafnframt játi, að eg vil heldur, að hann sè þar, en hvergi í landinu. Eg segi ekki með þessu, að eg álíti hentast, að skólinn sè settur í Reykjavík; eg fyrir mitt leyti álít hann bezt settan á Akureyri, og get eg fært sem ástæður fyrir því, að beggjamegin við Eyjafjörð munu vera hvað flest þiljuskip hèr á landi, og það miklu fleiri en hèr við Faxaflóa, og eg ætla fleiri en á Ísafirði. Það ber því nauðsyn til, þar sem svona er ástatt, að skólinn væri á Akureyri, til þess mönnum gæfist kostur á, að læra sjómannafræði. Þess ber og að geta, að hvað afstöðuna snertir, þá liggur Akureyri bezt fyrir öllu Norðurlandi til þess að sækja skólann; einnig yrði kostnaðurinn þar minni, því þar mætti fá hús til leigu og jafnvel til kaups handa skólanum. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði við 1. tölulið í þá átt, að orðið «Akureyri» verði sett fyrir framan orðið «Ísafjörð».

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla að svara þingmanni Barðstrendinga fáum orðum. Það getur verið, að hann sè kunnugur á Ísafirði, en það veit eg, að hann er þar ekki eins kunnugur og eg; enda var eg þar og seinna en hann. Mèr er það kunnugt, að þar er mjög svo þröngt og örðugt um hús, og því yrði torsótt fyrir menn, að koma sèr þar niður. Hann sagði, að Norðlingar ættu hægra með að sækja skólann á Ísafirði, en hèr í Reykjavík, af því þeir hleyptu á skútum sínum opt og tíðum inn á Ísafjörð; hann getur þó víst ekki ætlazt til, að Norðlingar færu að gjöra út skip, til að senda menn sína í skólann, því það mundi vart draga úr kostnaðinum. Hann sagði og, að það mundi verða kostnaðarminna, að fá þar hús handa skólanum en hèr; þetta held eg þó að sè skakkt. Það var nýlega smíðuð kirkja á Ísafirði, og er eg sannfærður um, að ef hún hefði verið gjörð hèr í Reykjavík, þá hefði hún orðið miklu ódýrari. Að því er það atriði snertir, að biðja stjórnina um að semja frumvarp um málið og leggja það fyrir næsta þing, þá sè eg ekki enn, að þess þurfi, og er ekki til annars en að tefja fyrir málinu í 2 ár; stjórnin þarf ekki annað en að gefa samþykki sitt til, að skólinn sè stofnsettur; hitt annað fyrirkomulag hans er umboðslegs eðlis. Ríkisdagurinn er heldur ekkert bundnari fyrir það, þótt frumvarp komi; og stjórnin hefir áður sýnt, að það er eigi allt búið, þótt frumvarp sè lagt fyrir þingið; hvernig fór ekki með frumvarpið um, að ábyrgjast hús hèr í Reykjavík gegn eldsvoða, sem þingið samþykkti óbreytt, og sem

nú í 8 ár er búið að liggja hjá stjórninni, án þess að nokkur lög sèu komin út um það. Þar sem þingmaður Eyfirðinga vildi að skólinn yrði stofnsettur á Akureyri, þá sè eg ekki, hvað það gagnar málinu, að hver einn þingmaður fari að halda fram þeim fjórðungi, sem hann er úr; eg mæli ekki með Reykjavík, af því eg á heima í Sunnlendinga-fjórðungi, heldur af því, að það liggur í hlutarins eðli, að það á bezt við, að allar þess konar menntastofnanir sèu hèr.

Þórarinn Böðvarsson: Vèr höfum nú fengið styrk til að stofna lagaskóla, svo styrk handa forngripasafninu, kennaraembætti í sögu Íslands og fornfræðum o. fl., en þetta er allt á pappírnum enn, og verður hætt við þar eingöngu fyrst um sinn. Ef eg væri viss um, að það kæmi fyrir nokkuð, að biðja stjórnina nú sem stendur um fjárstyrk, þá skyldi eg ekki vera sá seinasti og ekki taka minnst til, en mèr þykir líkast, að bænir þessar komi fyrir lítið eða ekki, og svo ætla eg að flestum þingmönnum muni sýnast með mèr. En ef það er tilgangur þingsins, að telja upp allt, sem oss vanhagar um og vèr þurfum, þá er mikið of skammt farið enn. Oss vanhagar um mjög svo margt ; oss vantar búnaðarskóla, Realskóla, póstskipsferðir kring um landið, fè til að bæta póstgöngur og vegi, verksmiðjur til að koma upp iðnaði o. fl.; oss vantar líka sjómannaskóla, en umfram allt vantar oss korn. Eg er kunnugur þar vestra, og skal eg geta þess, að eg veit, að sumir beztu aflamennirnir þar voru og eru ólærðir menn, eða kunna sárlitið í sjómannafræði; þetta er ekki sagt til þess, að mæla á móti sjómannaskóla, því eg álít að brýna nauðsyn beri til, að hann komist á. Það hefir mikið verið talað um staðinn, hvar skólinn ætti að vera, og er sumt, sem mælir með því nú sem stendur, að hann yrði settur á Ísafirði; tel eg helzt sem ástæðu fyrir því, að skólinn yrði þar, að þar er sem stendur maður mjög vel að sèr í sjómannafræði. Allt um þetta álít eg samt, að hentast væri að sjómannaskólinn yrði stofnaður hèr á Suðurlandi; á Ísafirði yrði kostnaðarsamara að hafa skólann, og þar að auki liggur staðurinn afskekktur og liggur ekki eins vel fyrir öllu landinu. Þar eru flestir hlutir dýrari en hèr syðra; ber það til þess, að landbúnaður er þar miklu minni í grennd, og verður að sækja margt það, sem til vista heyrir, langt að. Það sem og mælir með því, að stofna skólann hèr á Suðurlandi, er það, að þiljuskipaveiðin gæti komizt upp og eflzt hèr á Faxaflóa. Úr því

ekki er talað um, að stofna nema einn skóla fyrir allt landið, vildi eg helzt mæla með því, að hann annaðhvort yrði settur hèr í Reykjavík eða Hafnarfirði.

Eiríkur Kúld: Hinn heiðraði þingmaður Gullbringusýslu taldi það helzt til fyrirstöðu þessu máli, að margt væri það, sem oss vanhagar eins mikið um, og þar á meðal að oss vantaði búnaðarskóla, og skal eg leyfa mèr að minna hann á, að nefnd hefir verið sett til að íhuga það mál nú hèr á þingi. Þar sem þingmaður Reykvíkinga mælti móti því, að stjórnin væri beðin að semja frumvarp um þetta mál, og leggja það fyrir næsta þing, þá skal eg geta þess, að það væri óþarfi, og það væri ekki fyrir það vísara, að fá fè hjá ríkisdeginum til stofnunar skólanum, með tilliti til þess, verð eg að segja, að það væri æskilegt, ef málið ei þyrfti að dragast svo lengi, en eg held að þingmaðurinn geti ekki nú sannfært þingið um, að ríkisþingið strax veiti þetta fè, sem hèr er stungið upp á, en eg held, að það verði þó heldur hvötin meiri, ef stjórnin leggur frumvarp fyrir um skólastofnunina. Í annan stað skal eg og minna hann á það, að eg tók þessa uppástungu einungis til vara. Mèr þótti það undarleg ástæða hjá þingmanni Gullbringusýslu gegn því, að sjómannaskólinn yrði stofnaður á Ísafirði, að þar væri mest þiljuskipaveiði, en minni hèr á Faxaflóa, því eg álít það, að þiljuskipa-útvegurinn sè kominn lengst áleiðis á Ísafirði, einmitt ástæða fyrir því, að brýnustu nauðsyn beri til, að stofna skólann þar, því einmitt þar er þá líka sjómannaefnunum hægra, að læra hina verklegu æfingu, sem er svo áríðandi; þeir gætu nefnilega verið að sumrinu á þilskipum Ísfirðinga, og um leið unnið sèr nokkuð inn.

Torfi Einarsson: Eg tók eptir því, að það var sagt áðan, að hinir ólærðu sjómenn væru hinir beztu aflamennirnir. Þetta sýnir einmitt, að þeir eru móttækilegastir fyrir menntunina, og þess vegna um leið, að brýn nauðsyn er til þess, að skólinn komist á hjá þeim. Eg man og eptir því, að meðan Ísfirðingar kenndu sjómannafræði »privat«, þá var það gjört að skilyrði, að ekki aðrir mættu taka þátt í kennslunni, en þeir, sem áður hefðu verið sjómenn í 3 ár; þetta var og skynsamlegt. Að öðru leyti skal eg geta þess, að mèr finnst málið í sjálfu sèr lítið vinna við það, að menn hèr sèu að þrátta um það, hvar skólinn eigi að setjast á stofn.

Stefán Eiríksson: Það voru að eins fáein orð, sem eg vildi tala um þetta mál; því eg álít þetta mál svo mjög nauðsynlegt,

og vil að það fái góðan framgang; því mèr finnst eins óumflýjanlegt, að þessi framfarastofnun um sjómannaskóla komist á í landinu, eins og hver önnur, þar sem hèr er að ræða um efling eins af helztu atvinnuvegum landsmanna, og er hún að því leyti eins nauðsynleg og hver önnur menntastofnun. Þess vildi eg geta, að eg get ekki með nokkru móti fallizt á þá uppástungu nefndarinnar undir 1. tölul., að skólinn verði stofnsettur á Ísafirði, því það liggur þó í augum uppi, að það yrði næsta erfitt og hèr um bil ókljúfandi fyrir menn úr fjarlægustu hèruðum landsins, að hafa not af þessum skóla svona yzt út á landshorni; því allir sjá, hversu mikill örðugleiki er á því, að komast þangað austan úr Múlasýslum. Ekki finnst mèr heldur heppilegt, að hann verði stofnsettur á Akureyri; eg vildi þá allt eins vel stinga upp á því, að hann yrði stofnsettur á Djúpavogi, því þar er líka allmikil þilskipa-útgjörð og góðir sjómenn. En í öllu falli vil eg ekki, að hann verði settur á Ísafirði, heldur þykir mèr allra-rèttast, að hann verði stofnsettur hèr í Reykjavík. Því verður þó ekki neitað, að Reykjavík er miðpunktur landsins; eg er ekki fyrir þennan hèraða- eða amtarík; því mèr sýnist það næsta hègómlegt, að vera að miða allt við sína sveit, án þess að hyggja að almennu gagni lands og lýðs. Eg játa það að vísu, að erfitt mun verða, að fá nægilegt fè til þessa fyrirtækis, og að hæpið muni verða, að stjórnin vilji þegar í stað veita það úr ríkissjóði; en einmitt þess vegna felli eg mig vel við uppástungu hins hæstvirta konungsfulltrúa um, að þingið biðji stjórnina að leggja frumvarp um þetta efni fyrir næsta þing, og þá gefst þinginu færi á að sjá, hvernig stjórnin tekur í málið, og svo mundi fèð til stofnunarinnar einnig fást um leið frá stjórninni.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga fór ekki sem rèttast með orð mín. Hann gleymdi því í ræðu minni, sem eg lagði einmitt mesta áherzlu á, en það var það, að eg sagði og segi enn, að vegna þess að Ísfirðingar eru lengst allra landsmanna komnir áleiðis í þiljuskipaútgjörðum, þá geta þeir fremur en allir aðrir tekið framförum í því efni, og haldið fram þilskipaveiðum, og þurfa því síður sjómannaskólans við heldur en aðrir, sem skemmra eru komnir áleiðis í því efni, en sem þó vissa er fyrir að slík stofnun getur þróazt hjá og staðizt; og svo hygg eg einmitt muni vera ástatt hèr á Suðurlandi. Þar sem hinn háttvirti þingmaður tók það fram, er hann mælti með því, að skólinn

væri settur á Ísafirði, að þar væri þilskipaveiði stunduð, og menn gætu því æft sig í sjómennsku, en slíkt gæti ei átt sèr stað hèr syðra, þá skal eg geta þess, að mèr er það kunnugt, að á þessu sumri voru undir 30 menn á þiljuskipum úr Garða-prestakalli, reyndar ekki á innlendum skipum, heldur á útlendum eða dönskum; en það finnst mèr ekki gjöra neitt til; því þetta sýnir þó nógsamlega, að hèr geta menn fengið nóg færi á, að æfa sig í þilskipaveiðum og sjómennsku yfir höfuð, engu síður en vestra, en hitt er hægt að sjá, að hægast er að sækja hingað fyrir alla landsbúa, enda þurfa Ísfirðingar ekki að senda menn hingað á mála, en vèr mundum þurfa að senda menn þangað.

Jón Sigurðsson: Þeir, sem hingað til hafa talað í þessu máli, hafa mest rætt um það, hvar þessi ímyndaði sjómannaskóli ætti að standa, og hafa þingmenn ekki orðið á eitt sáttir um það. Sumir vilja hafa hann á Ísafirði, sumir á Akureyri, sumir á Djúpavogi, og enn aðrir í Reykjavík eða Hafnarfirði. Því stinga menn ekki upp á, að setja skólann niður upp undir Arnarfelli; þar yrði hann þó nokkuð nálægt miðju landsins!? Eg vil að menn hætti að þrefa um slíkt, og eg vil því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að í staðinn fyrir orðin «á Ísafirði» verði sett: «hèr á landi». Það er ekki til neins að vera að deila um, hvar skólinn eigi að vera, meðan engin vissa er fyrir því, að peningar fáist til þess hann geti komizt á. Viðvíkjandi 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, þá vil eg eins og hinn heiðraði þingmaður Reykvikinga ekki ákveða þá peningaupphæð, sem um er beðið, og fellst eg því á það breytingaratkvæði, sem hann áskildi sèr í þá stefnu, og vil eg síðar bera mig saman við hann og ákveða þetta nákvæmar.

Benedikt Sveinsson: Eg vildi fara fáum orðum um mál þetta, einkum og sèr í lagi af því, að eg get ekki fellt mig við flestar af ræðum þeim, sem enn hafa fallið hèr í salnum um málið. Það var að eins hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga, sem mèr fannst benda athygli þingsins í fullkomlega rètta átt, og verð eg að vera orðum hans að öllu leyti samdóma; því mèr getur ekki þótt það annað en skrítinn misskilningur hjá hinum heiðruðu þingmönnum, að vera að ræða um það, hvar skólinn handa sjómannaefnum á að stofnsetjast hèr á landinu, skóli, sem að eins er til á pappírnum og í hugsun manna, en er alls ekki kominn á. Að þessu bið eg hina heiðruðu þingmenn vel að gæta. Hvað því viðvíkur, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi lèt í ljósi í ræðu

sinni, að hann væri fyrirtækinu sjálfu velviljaður, þá þykir mèr það sannarlega gleðilegt; því það er vitaskuld, að fyrirtækið sjálft og nauðsyn þess yfir höfuð er í sjálfu sèr aðalmergur þessa máls. Það er óbifanleg sannfæring mín, og eg held allra Íslendinga, sem líta rètt á hagi vora og ástand, að það sè hið fyrsta og vissasta úrræði til þess að bið bágborna ástand vort eigi vari um aldur og æfi, að vjer af alefli hlynnum að atvinnuvegunum hjá oss, bæði til lands og sjávar; en með hverju er þá hægt að greiða fyrir atvinnuvegum vorum? Já, eg verð að svara: fyrst og fremst verður sú allsherjar meðvitund að komast inn hjá þjóð vorri, að atvinnuvegir vorir ekki sèu notaðir skynsamlega, en eigi og geti notazt skynsamlega; því þegar þessi meðvitund er orðin rótgróin hjá oss, þá getur eigi hjá því farið, að eigi á löngu líði, áður en vèr sjáum ráð til, að atvinnuvegir vorir beri oss blessunarríkari ávexti en nú; og það mun vera nú sem stendur bágt að segja, hversu mikið vèr Íslendingar gætum bætt atvinnuvegi vora, ef í engu skorti atorku og gott og haganlegt stjórnarfyrirkomulag. Þetta mál á því að vera hið mesta áhugamál þingsins. En hèr er því miður annað atriði, sem undir nærverandi kringumstæðum verður aðalatriði; það er nefnilega fèð, sem útheimtist til að koma þessari stofnun á fót; og um það gat hinn hæstvirti konungsfulltrúi þess, að þingið ekki gæti vænzt þess, að það yrði veitt af stjórninni, meðan ekki væri búið að ákveða og ráða til lykta fjárhagsmáli Íslands; og þess vegna benti hann þinginu á, að beiðast þess, að stjórnin legði fyrir næsta alþingi frumvarp um þetta mál, til þess það þá gæti legið fyrir þinginu betur undirbúið, en nú er það. En beri maður þetta saman við þau orð hins hæstvirta konungsfulltrúa, að fjárhagsspursmálið muni verða útkljáð, áður en næsta alþingi kemur saman, og á þessum orðum hefi eg fulla ástæðu til að byggja, eigi síður en hinu, þá ætla eg, að eigi græðist neitt við það, að beiðast, að frumvarp frá stjórninni verði lagt fyrir næsta þing; því ef fjárhagsaðskilnaðurinn er þá kominn á, þá höfum vèr undir eins eo ipso fjárráð til að koma skólanum á. Verði fjárhagurinn þar á móti enn óaðskilinn, þá stæði allt í stað, þá eins og nú, og þá væri annaðhvort að hætta við málið, ellegar þá að biðja um fèð úr ríkissjóði. Og hvað er svo unnið með þessari aðferð? Þess vegna sè eg eigi ástæðu til, að fella burtu úr 2. niðurlagsatriði nefndarinnar orðin «úr ríkissjóði»; og eg get ekki annað en verið

með öllum 2. tölulið í heild sinni. En eg álít mig skyldugan til, að sýna þjóðinni og kjósendum mínum, hvers vegna eg gef atkvæði með þeim bænum til stjórnarinnar frá þinginu, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir lýst yfir að ekki muni geta fengið áheyrn hans hátignar konungsins. Eg vil nefnilega að eins bera þá bæn fram fyrir hans hátign konunginn undir þessum kringumstæðum, sem er fullkomlega á sönnum og réttum rökum byggð, byggð á óumflýjanlegum nauðsynjum landsins; eg vil eigi, að þingið og þjóðin rétt eins og berji höfðinu við steininn, sem menn segja, og einmitt í þessu efni álít eg að það eigi sér ekki stað, heldur að bæn vor sé á gildustu ástæðum byggð. En það kalla eg gilda ástæðu, að þetta mál og þess konar mál snertir rétt-skoðaða sameiginlega hagsmuni bæði Íslands og Danmerkur, og getur orðið báðum löndunum með tímanum til ómetanlegs hagnaðar. Þetta sýnist mér liggja í augum uppi, því þó að fjárhagur Íslands og Danmerkur verði aðskilinn, þá eru «Interesse-spursmál» beggja landanna þar með ekki aðskilin, og meðan fjárhagurinn er ekki aðskilinn — þess bið eg gætt — þá eru «Interesse-spursmál» Dana og Íslendinga einmitt enn þá meir tengd. Gætum þess, að það liggur og blasir beint við, að framför atvinnuveganna hér á landi er að vísu beinlínis Íslandi til hagnaðar, en jafnframt líka Danmörku til óbeinlínis hagnaðar. Frá þessari skoðun get eg ómögulega rifið mig lausan, og þess vegna álít eg rétt vera, að leita í ríkissjóð Dana, til að fá svo mikið fé, sem nauðsynlegt er til þess að stofnun þessi, sem óneitanlega mjög mikið mundi bæta fyrir og hrinda í rétta stefnu öðrum aðalatvinnuvegi Íslands, sjávaraflanum, geti komizt á. Það væri hér allt öðru máli að skipta, ef mál þetta væri þess eðlis, að það væri svo sérstaklegt fyrir Ísland, að það alls ekki snerti Danmörku, því þá dytti mér ekki til hugar, að leita í ríkissjóðinn, eins og nú stendur á. Eg tek það fram, að mér þykir það næsta sorglegt og bágt til þess að vita, að þau mál, sem af mætti búast, að mundu auka fjárstofn í landinu, ef þau fengju framgang, þau skuli — segi eg — stranda öll á sama skerinu, því nefnilega, að ekkert fé fæst til að við hjálpa þeim, og þetta mál, sem hér er um að ræða, er einmitt eitt af þessum málum. Já, eg kalla það sorglegt, ef framgangur þessa máls skyldi stranda bæði hjá þinginu og stjórninni. Eg vil að öðru leyti áskilja mér rétt til, að koma með viðauka eða breytingar við tölul. 2., ef mér svo sýnist. Eg vil hugsa mig um það nákvæmar. Ef um stað

fyrir skólann væri að ræða, sýnist mèr, að hann vafalaust ætti að setjast þar á fót, þar sem áhugi manna er mestur í þessum efnum; og það mun vera á Ísafirði; því þó eg sè ekki eins kunnugur þar, eins og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, þá er eg þó ekki þar svo ókunnugur, að eg eigi viti, að þeir eru allra Íslendinga lengst áleiðis komnir í sjómennsku, og öllu, sem þar að lýtur; enda þykir mèr auðsætt, að Akureyri er hvergi nærri eins góður staður fyrir slíka stofnun. En hins vegar er eg viss um það, að Norðlendingar, sem eg ávallt skal unna og óska góðs, mundu fljótt koma á fót slíkri stofnun hjá sèr, þegar hún væri komin á fyrir vestan, og menn sæju fram á hinn vissa árangur af slíkri stofnun.

Sigurður Gunnarsson: Það finnst mèr hègómi, að vera að þrefa um það núna, hvar setja skuli þennan skóla á landinu; því áskil eg mèr það breytingaratkvæði við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, að í staðinn fyrir «á Ísafirði» verði sett: «hèr á landi, þar sem hentugast þykir». Út af 2. niðurlagsatriðinu skal eg geta þess, að það er ekki alveg víst, hvort hús þyrfti að byggja handa skólanum, og eg ætla, að bezt sè, að ákveða ekki neina vissa fjárupphæð. Eg vil því reyna að koma mèr saman um breytingaratkvæði við 2. niðurlagsatriðið í sömu stefnu, sem þingmenn Suður-Þingeyinga og Reykvíkinga áskildu sèr.

Framsögumaður: Það hafa allmargir talað í máli þessu, og hefir mönnum einkum borið á milli um það, hvar skólinn ætti að verða stofnsettur. Eg skal nú geta þess, að eg álít hèrumbil sama, hvort skóli þessi verður stofnsettur á Ísafirði, Akureyri eða Reykjavík, einasta að honum verði komið á einhverstaðar í landinu, þar sem hentugast þætti, því eg er alls ekki fyrir þetta fjórðungakrit. En það vakti fyrir nefndinni með að stinga upp á því, að sjómannaskólinn yrði settur á Ísafjörð, og henni var það fullljóst, að hvergi á Íslandi eru eins mikið stundaðar þiljuskipaveiðar sem þar, og þar eru þeir menn, sem geta tekizt á hendur kennslu í slíkum skóla, en þeir eru víst mjög fáir fyrir norðan, sem um það eru færir, og í Reykjavík held eg að enginn sè, er kunni sjómannafræði, eða sè fær um að kenna þessa mennt. En hvað kostnaðinn við að hafa skólann á Ísafirði snertir, þá mundi hann að mínu áliti verða líkur, og þótt skóli þessi yrði settur á stofn í Reykjavík, eða líklega þó minni, þar sjómannaefnin á sumrin gætu komið sèr út á þiljuskip og við það innunnið sèr talsvert, ef skólinn yrði á Ísafirði.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið um leigsölu brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu. Framsögumaður er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra þinginu frá málinu, eptir því sem honum þykir við eiga.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín): Eg skal þá leyfa mèr að lesa nefndarálitið upp. (Sjá II., bls. 191).

Það er engin von til, að mál, sem þannig er vaxið, sè öllum þingmönnum ljóst, og vænti eg því eptir, að þeir eigi taki illa upp þær skýringar, er eg finn ástæðu til að koma fram með. Það hefir nýlega verið sagt, að vèr ættum að hlynna að atvinnuvegum landsins, bæði fyrir oss og niðja vora, og er það rètt mælt og fagurlega framborið. Þegar menn því vilja líta skynsamlega á brennisteinsnámamálið, þá verða menn fremur öllu öðru að hafa það fyrir mark og mið, að þessi mikilsverði atvinnuvegur, sè eigi skemmdur eða tepptur; því eg get sagt hinum heiðruðu þingmönnum það, að brennisteinsnámið er eigi lítilsvert. Að vísu er hvert pund af brennisteininum eigi mikils virði, en brennisteinninn er þó skilyrði og undirstaða fyrir öllum efnafræðislegum verksmiðjum; og því vil eg biðja þingmenn vel að athuga, hvaða mál það er, sem þeir eiga hèr við, og hve mikilsvert það er, bæði fyrir oss og niðja vora. Verknaðurinn, sem brennisteinninn við heldur, getur verið óþrjótandi auðsuppspretta, og ekki sízt ætti hann að geta verið það á Íslandi. Verksmiðjurnar þyrftu eigi að hætta starfa sínum, þótt hafísar og harðindi komi yfir landið. Þau efni, sem brennisteinninn er hafður til, eru svo mörg. Vèr þekkjum t. a. m. púðrið, sem er hin mesta nauðsynjavara, og sem eigi verður búið til án þess, að hafa brennistein; púðurgjörð er sem stendur enn þá eigi um hönd höfð hèr á landi, en kæmi að því, þá er «hollur heimafenginn baggi», og ætla eg, að það eigi hèr við, að Íslendingum væri betra, að búa sèr til sitt púður sjálfir, en að flytja það að mörg hundruð mílur utan úr löndum. Það er einnig annað efni, sem búið er til úr brennisteininum, það er brennisteinssýran. Það kemur víst enginn sá dagur fyrir, að ekki sè viðhöfð brennisteinssýra, til eins eða annars, þar sem um nokkrar framfarir er að ræða, og er mjög auðvelt, að læra að búa hana til. Á henni hvílir aptur margt, til að mynda «Husblas», sem lesa

má um í gömlu Fèlagsritunum, sömuleiðis «Gips»; ekkert er hægra en að búa til «Gips», þegar maður hefir brennisteinssýru. Til þess þarf eigi annað en að hafa nóg af muldum skeljum og hella yfir þær brennisteinssýru; þá hefir maður «Gips», sem er hinn bezti áburður fyrir súra jörð og ónýta, og held eg, að allir Íslendingar sjái, að þetta er hið bezta ráð til að fá nógan og góðan áburð. Þingmönnum er þetta víst svo óljóst, sem von er, en þetta er þó alstaðar við haft. Not brennisteinsins eru svo mörg, að eg get ekki talið þau öll. En þá væri sannarlega illa farið, ef útlendingar hefðu svo allan okkar brennistein í höndum sèr, að vèr yrðum að kaupa hann aptur af þeim. Eg vil enn minnast á eitt, að menn eru nú farnir að brúka brennisteininn fyrir sóttvarnarmeðal, og í rauninni er hann eitthvert hið skaðaminnsta efni til þessa. Það þarf ei annað en kveykja á brennisteinsmola, og þá hverfur allt sóttnæmi við brennisteinsgufuna. Þetta hefir og lengi vakað fyrir Íslendingum. Loksins finnst mèr og vert að geta þess, að brennisteinsmoldin er ágætur áburður, og drepur grasmaðk, sem á opt að gjöra mikinn skaða hèr á landi; en eg ætla eigi framar að tala um þetta, heldur að eins lýsa þeirri von minni, að þingið muni fallast á niðurlagsatriði nefndarinnar, sem hún hefir samið eptir beztu sannfæringu. Að öðru leyti skal eg leitast við, að svara mótbárum þeim, er hreift kann að verða, að líkindum annaðhvort af vanþekkingu eða misskilningi.

Konungsfulltrúi: Hin heiðraða nefnd hefir farið svo mörgum orðum um sögulegt ástand brennisteinsnáma þeirra, sem hèr ræðir um, að eg fyrir mitt leyti álít ónauðsynlegt að reka málið lengra í þá stefnu. Það stendur heima, að ríkissjóðurinn á námur þessar, að þær við og við hafa verið notaðar, og gefið eigandanum meiri og minni arð, en að þær á hinn bóginn hafa verið ónotaðar og arðlausar mestan hluta tíma þess, sem þær hafa verið eign konungs eða ríkissjóðsins, og eg þori að fullyrða, að nú sem stendur sè örðugt, ef ekki ógjörandi, að skýra greinilega frá, hvað mikinn ágóða þær í raun og veru hafi borið, því menn hafa í þessu tilliti ekki neitt annað að byggja skoðun sína á, en sögusögn, eins og hin heiðraða nefnd einnig lýsir yfir. Þó að eg svoleiðis ekki beinlínis mótmæli því, sem nefndin í þessu tilliti hefir tekið fram, get eg á hinn bóginn ekki viðurkennt, að það sè í öllu rèttilega hermt. Hin heiðraða nefnd kemur til þeirrar niðurstöðu, að ekki sè ráðlegt að stjórnin taki tilboði því, sem hèr liggur fyrir, og hún

hefir tilgreint ástæður sínar fyrir því. Mèr sýnast nú þessar ástæður helzt vera byggðar á lausum grundvelli, og það sama má segja um skoðun nefndarinnar, þar sem henni virðist það vera landsstjórninni, þegar hún kemst á, innanhandar, að ná margfalt meiru upp úr norðlenzku brennisteinsnámunum, en Mr. Loch býður. Þar sem uppástunga nefndarinnar svoleiðis er byggð á fljótlegri ágizkun, er ekki hægt að sýna og sanna, hvort hún hefir rètt að mæla eða ekki, og eg skal ekki reyna til þess, heldur einungis taka það fram, að boð það, sem hèr liggur fyrir, veitir landinu að minnsta kosti nokkrar tekjur af þessum námum, þó að þær ekki nemi meiru en allt að 100 £ eða hèr um bil 900 rd. árlega, á meðan námurnar, sem stendur, ekki gefa neinar tekjur, og ef til vill ekkert geta gefið um langan tíma, ef uppástunga nefndarinnar verður samþykkt. Einnig skal eg geta þess, að amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu í brèfi því frá 15. febrúar þ. á., sem lagt er fyrir þingið, telur það vafalaust í hag hins opinbera, að námurnar verði notaðar sem fyrst, og að skilmálarnir, sem settir eru af stjórninni, sèu sèrlega hagstæðir. Eg er viss um það, bæði að hin heiðraða nefnd hefir látið sèr annt um, að kynna sèr málið sem bezt, og að álit hennar er byggt á sannfæringu hennar um það, sem er landinu mest í hag, og einnig að þingmenn muni gefa atkvæði sín í málinu, þegar til þess kemur, eptir því, sem þeim þykir haganlegast og arðsamast fyrir landið.

Þegar eg nú skal fara fáeinum orðum um einstök atriði nefndarálitsins, skal eg fyrst geta þess, að mèr virðist ekki nefndin hafa kynnt sèr til hlítar þá skilmála, sem stjórnin sjálf hefir sett fyrir því, að gengið verði að boðum þeim, sem hèr liggja fyrir; eg skal í þessu tilliti benda hinni heiðruðu nefnd að því, að þegar í brèfi dómsmálastjórnarinnar frá 10. desember 1866 er skýrt tekið fram, bæði að Testareykjanámurnar ekki sè konungseign, heldur eign Múlakirkju, og þess vegna sèu undanteknar frá leigumálanum, og að leiguliðinn eða leyfisnauturinn sjálfur eigi að ná samkomulagi við einstaka hlutaðeigendur um þá lóð, sem útheimtist til húsabyggingar, vega o. s. frv., sem hann kann að þurfa við verkun og flutning brennisteinsins; enn fremur að hann hafi ábyrgð þess, að námurnar verði notaðar forsvaranlega, og að hann í þessu tilliti sè háður reglum þeim, sem dómsmálastjórnin eða amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu setja honum. Hvað niðurlagsatriðið tölulið 2. snertir, þykir mèr uppástunga nefndarinnar vel til fallin,

og sama er að segja um tölulið 6, að beiðandi, sem veð fyrir því að hann gæti skyldna sinna, þegar við móttöku leyfisbréfsins greiði vissa upphæð út í hönd, þó með þeirri athugasemd, að stærð hennar verði að ákveða af stjórninni í hlutfalli við það, sem samið verður um hina árlegu leigu. Þegar henni (ársleigunni) í tölulið 5. er breytt svo fjarskalega, get eg ekki skilið það á annan veg, en að nefndin ætlist til, að varauppástunga hennar fái sama árangur og aðaluppástungan, að stjórnin neiti að selja námurnar á leigu að sinni, því það er ekki líklegt, að beiðandinn vilji ganga að þessum kjörum, hvorki með tilliti til upphæðar ársleigunnar, nè árabils leigumálans.

Hvað snertir tölulið 3., skal eg geta þess, að mèr virðist sjálfsagt, að það muni vera leiguliðanum í hag, að fá innlenda vinnumenn, ekki einungis að hálfu, heldur einnig til fulls og alls, ef innlendir menn vilja ganga að hinum sömu kostum og útlendir, en þess vegna álít eg uppástunguna óþarfa, og skal því mótmæla henni. Ef ágreiningur kynni að rísa milli stjórnarinnar annars vegar og leiguliðans hins vegar, stingur töluliður 7. upp á, að stjórnin ein skeri úr þeim ágreiningi. Dómsmálastjórnin hefir í brèfi frá 17. september 1867 stungið upp á, að úr þess konar ágreiningi verði skorið af gjörðarmönnum, kosnum af báðum málspörtunum. Mèr þykir það standa á sama, hver þessara vega verður farinn, en eg er nefndinni samdóma í því, að málinu ekki verði skotið til dóms og laga.

Það er auðsætt, að tilgangur stjórnarinnar er, að leigan af námum þeim, sem hèr ræðir um, eigi að renna í sjóð landsins, en mèr þykir ekki þörf á, að ákveða þetta með berum orðum, eins og nefndin stingur upp á í tölulið 8., og á hinn bóginn finnst mèr ekki vera ástæða til í þessu máli, að reyna til þess að stofna sjóð með nýju fyrirkomulagi, en þetta liggur líklega fyrir utan tilgang nefndarinnar með þessa uppástungu.

Framsögumaður: Eptir því sem mèr skildist á ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, þá er bæði hann og amtmaður í norður- og austuramtinu fúsir á, að taka þeim tilboðna leigumála, en eg álít að það væri breint ófært, og til óbætanlegs skaða fyrir allt landið í framtíðinni, ef þingið aðhylltist þá skoðun. Ef vèr ekki erum nú svo langt á veg komnir, að vèr getum stundað atvinnuvegi þá, sem forfeður vorir gjörðu á 17. öld, þá held eg að bezt sè fyrir oss, að hætta við allt sjálfsforræði fyrst um sinn. Það er

nú búið að þrengja svo mjög að atvinnuvegum vorum, einkum sjávarútvegnum, að ekki er vanþörf á, að vèr reynum til að vernda það litla, sem eptir er. Mèr finnst boð herra Locks vera með öllu óaðgengileg, og alveg ógjörandi að ganga í þá stefnu; en hann er ekki sá einasti útlendingur, sem slík boð vill gjöra. Eg hefi átt tal við marga, er slíkt hafa viljað reyna, og hefi eg sagt þeim, að ekki væri til neins, að fara því á flot; stjórnin mundi ekki leigja námurnar, því að okkur langaði til að sjá, hvernig gengi hèr í Krisivík, ef vèr kynnum að geta lært eitthvað af því. Eg vil færa til eitt dæmi, sem öllum hlýtur að vera ljóst, til að sýna, hve varlega er farandi í slíkum efnum. Danastjórn hefir um langan aldur átt »Kryolith«-námu á Grænlandi, og er eg viss um, að ef einhver hefði fyrir svo sem 20 árum síðan boðið henni 200 dali í leigu fyrir hana, þá hefði hún tekið því feginshendi. Nú vildi svo til, að maður nokkur skoðaði námu þessa, og af því hann var efnafræðingur, sá hann, hvað um var að vera; hann fèkk nú aðra menn með sèr, til þess að yrkja námuna, og samdi við stjórnina, að borga henni dálítið af hverri lest. En nú sem stendur hefir stjórnin 60,000 dala inntekt af námu þessari um árið, og mundu flestir eða allir í Danmörku hafa álitið þetta ómögulegt fyrir 20 árum síðan. Það er öldungis ekki byggt í lausu lopti, það sem nefndin segir að námurnar hafi af sèr gefið, því enginn hefir enn rengt það, sem Hannes biskup segir í ritum sínum, og vona eg að hinn hæstvirti afkomandi hans, er nú situr hèr í salnum, verði eigi fyrstur manna til þess. Hann segir, að þær hafi gefið af sèr 10,000 dali. Mèr er þetta reyndar ekki kappsmál, og þó kappsmál landsins vegna, því það er nóg þrengt að atvinnuvegum vorum, þó landsmenn sèu ekki útilokaðir frá atvinnuvegum þeim, sem hèr hafa verið notaðir, eða geta orðið notaðir. Eg verð að benda á annað, þó eg gjöri það nauðugur. Stjórnin hefir selt ýmsar eignir, sem nú gefa af sèr í árlega rentu eins mikið og upphæð þá, er stjórnin fèkk fyrir þær. Þannig seldi hún Elliðaárnar fyrir 1200 rd., en nú gefa þær árlega af sèr 900—1000 rd., og hvernig á slíkt að geta forsvarazt? Eg held það sè líka jörð, og eg gæti sagt, jarðir hèrna víða um land, sem stjórnin hefir selt, og það vantar víst ekki mikið á, að sumar þessar jarðir gefi nú jafnmikla rentu árlega, og þær voru seldar fyrir. Það er sorglegt, þegar eignir landsins eru seldar svona, og svo stendur landsstjórnin uppi peningalaus, og getur ekkert gjört fyrir

peningaleysi, þegar til þarf að taka, hvað nauðsynlegt sem það er. Eg vil þess vegna ráða þinginu, að fara varlega, og láta ekki ginnast af þessu agni, sem nú er lagt fyrir það, þessu árlega afgjaldi, því eg held, að vèr sèum litlu nær, þó vèr fáum 900 dölum meir á ári; en það veit eg, að það er Íslendingum sjálfum að kenna, ef þeir ekki hafa tvöfalt meira en það upp úr námunum, og eru þar á ofan vissir um, að þær verði ekki skemmdar. Eg er viss um, að þingið ekki vill eiga á hættu, að skemmdur sè góður atvinnuvegur fyrir öldum og óbornum fyrir svo lítinn stundarhag, sem 600—900 dalir eru, þegar á allt er litið.

Grímur Thomsen: Mèr virtist hinn háttvirti konungsfulltrúi vera fremur harður við nefndina, því mèr heyrðist ekki betur en hann segja, að nefndin hefði byggt uppástungur sínar á lausum grundvelli. Það liggur í stöðu konungsfulltrúa, að ef einhver nefnd eða þingið yfir höfuð er á annari skoðun um eitthvert mál en stjórnin, þá hlýtur hann að halda taum stjórnarinnar, þó hann persónulega kynni að vera hinni skoðuninni hlynntur. Eg vil biðja þess gætt, að hafi nefndin byggt uppástungur sínar á lausum grundvelli, þá mun hægt að sýna og sanna, að stjórnin hafi á alls engum grundvelli byggt. Skjölin viðvíkjandi máli þessu, sem fyrir oss voru lögð, voru ekki svo mörg, að vèr ekki gætum lesið þau, enda gjörðum vèr það og; en hitt er augljóst, að stjórnin hefir ekki rannsakað, hversu mikinn arð mætti af námunum hafa. Hún hefir hugsað sem svo: vèr höfum engar tekjur af námunum; hèr býðst nokkuð, það er bezt að þiggja það strax. Vèr lásum, sem sagt, skjöl þessi, og vèr gjörðum meira; vèr lásum ritgjörð þá, sem bezt er til um þetta efni á vorri tungu, og finna má í 4. bindi Lærdómslistafèlagsins. Hún er eptir hinn nafnfræga Hannes biskup Finnsson, og veit eg, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi muni bera svo mikla virðingu fyrir þessum forföður sínum, að hann ætli honum ekki að hafa byggt á lausum grundvelli. Þar segir, að námurnar hafi gefið af sèr 10,000 dali árlega, og verið þó ófullkomlega yrktar. Hann ritaði þetta 1784, og segir, að norðlenzku námurnar sèu þá í fullum krapti nema Krafla, er skemmzt hafði í eldsumbrotunum 1727, og mun varla efi á, að þær mundu nú gefa talsvert meira af sèr með betri tilfæringum. Hvað hin sèrstöku niðurlagsatriði nefndarinnar snertir, þá þótti hinum hæstvirta konungsfulltrúa upphæðirnar í 5. tölulið gífurlega háar, en eg bið þess gætt, að mesta upphæðin nær ekki nærri helming af

10,000 dölum, enda er og sjálfsagt, að sá, er yrkir námurnar hafi nokkurn arð. Ef breytingaratkvæði kæmi í þá átt, að lækka tölur þessar, þá kynni eg fyrir mitt leyti ekki að vera ófús á, að fallast á það, en vil þó áskilja mèr fyrst, að bera mig saman við hinn háttvirta framsögumann og hina aðra meðnefndarmenn mína.

Pètur Pètursson: Meðferð máls þessa hefir gjört þau áhrif á mig, að eg held, að þó námur þessar sèu, sem menn kalla, lifandi, þá verði þær um langan tíma dauðar fyrir oss, og því held eg, að betra sè að hafa þeirra nokkur not, en að þær liggi um aldur og æfi sem dauður hlutur, og er eg þess vegna samþykkur uppástungu stjórnarinnar um, að gefa kost á að yrkja þær. Hvort sem nú verður ofan á, uppástunga stjórnarinnar eða varauppástunga nefndarinnar, þá ætla eg að áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá stefnu, að beiðandi auk þessa borgi prestinum til Mývatnsþinga 10 £ árlega. Mèr finnst það sanngjarnt, að Englendingar þessir borgi ríflegt offur til sóknarprestsins, því þeir munu gjöra nógan átroðning og usla. Eg ætla líka, ef þingið hvorki skyldi fallast á uppástungu stjórnarinnar nè nefndarinnar, að áskilja mèr varauppástungu þess efnis, að beiðandi borgi að minnsta kosti 1 £ af hverri «Commercelæst», er hann flytur út af hreinsuðum brennisteini, því mèr finnst það sanngjarnast, að miða leiguna við arð þann, sem hann hefir af námunum. Eg vil einungis gjöra þá athugasemd, að eg álít jafngott, þó varauppástunga nefndarinnar falli; það mætti minnast á öll atriði hennar í álitsskjalinu, nema atriðið undir tölulið 5., því eg álít þá upphæð, sem þar er farið fram á, hreina frágangssök fyrir beiðanda, meðan hann ekki veit neitt, hvernig námurnar reynast. Einn af nefndarmönnum, hinn háttvirti þingmaður Rangæinga, hèlt reyndar, að hann mundi geta fallizt á, að tölurnar væru lækkaðar, en slíkt gæti leitt til gjörræðis, og mundi hleypa miklum talnafjölda inn á þingið. Hvað 3. tölulið snertir, þá er eg á því, að beiðandi muni mestmegnis eða alveg hafa innlenda menn til vinnu, og held eg því, að orðin: «að hálfu« megi falla úr. Orðin »svo framarlega« í sömu grein finnast mèr koma eitthvað óþægilega við; það er eflaust einhver ritvilla í því. Eg er öldungis samdóma nefndinni um það, sem segir í 7. tölulið, »að stjórnin ein skeri úr þeim ágreiningi, sem út af þessum samningi kynni að rísa milli stjórnarinnar og beiðanda«; því mèr finnst það fremur samboðið tign stjórnarinnar, heldur en að mæta sem málspartur og láta gjöra um málið. Hvað 1. tölulið snertir,

þá hefir stjórnin að vísu látið það á valdi lóðareiganda, hvort þeir kæmu sèr saman við beiðanda, en þeir geta orðið svo ósanngjarnir, að frágangssök verði fyrir beiðanda, og ætti því vel við, að hafa gjörðarmenn hèr um. Eg veit heldur ekki betur, en að svo sè gjört í öðrum löndum, þar sem um opinber verk ræðir, t. a. m. járnbrautir; þá má einstaklingurinn ekki vera svo ósanngjarn, að það, sem gjöra skal í almennings-þarfir, kollsteypist, og vil eg því skjóta inn í greinina þessum orðum: «eptir mati óvilhallra gjörðarmanna».

Framsögumaður: Það er misskilningur af hinum háttvirta varaforseta, þar sem hann segist vilja fylgja uppástungu stjórnarinnar, því hèr liggur engin uppástunga frá henni fyrir. En þó furðar mig meira á þeim misskilningi hjá honum, að hann skuli ekki sjá, hversu ísjárvert það er, að selja útlendum í hendur atvinnuvegi vora, sem geta gefið af sèr arð, er fleirum þúsundum skipti. Þetta vill hann selja undan landinu fyrir lítilfjörlega ársleigu, og eiga þar á ofan á hættu það, sem verst væri, að þessar námur verði um alla æfi eyðilagðar fyrir aldna og óborna. Það kunna sumir að halda, að það, sem eg segi, sè yfirdrifið og á lausum grundvelli byggt, en það er ekki svo. Það, sem eg segi í þessu efni, er byggt á því, sem eg veit og þekki, og sem hinir heiðruðu þingmenn ættu líka að þekkja, að minnsta kosti þeir af þeim, sem lærðir eru. Hvernig ætli hefði farið fyrir Sikiley, ef námurnar þar hefðu fyrir 50 árum síðan verið leigðar fyrir 10,000 rd. árlega, því nú gefa þær 3 miliónir árlega, og hefir Productionin tifaldast hin síðustu árin. Eg held oss muni minnst um fáein hundruð dali um árið handa landstjórninni, en hitt er mikils varðandi, ef atvinnuvegir vorir og tekjuuppsprettur eyðileggjast. Hinn háæruverðugi þingmaður fór, eins og eðlilegt er, að hugsa um kirkjuna (*Pètur Pètursson*: Prestinn); allir vilja hlynna að þeim. Hann hèlt og, að Lock mundi ekki taka aðra til vinnu en Íslendinga, en eg held vèr höfum enga sönnun fyrir því; geti hann fengið Englendinga fyrir 1 shilling um daginn, gefur hann naumast Íslendingum 1 rd.; eg held að Englendingum þætti ekkert að, að verða af með nokkuð af þessum lýð, sem þeir fá nú ekki komið frá sèr til Australíu, og eptir því sem eg þekki Lock, þá er hann mesti sparnaðarmaður. Það er bezt að spyrja þá að, sem hann keypti Palagonitinn að hèrna um árið, hvaða hagnað þeir hafa haft af honum. Eg verð að segja það, þó eg gjöri það

nauðugur, að það er maður, sem stjórnin ætti sem minnst að hafa með að gjöra, eptir því sem hann hefir sýnt sig hèr. Mèr þykir það mjög slæmt, ef meiri hluti þingsins ekki fellst á skoðun nefndarinnar; en fari svo, þá mun eg, þó eg verði einn á bandi, og það hefi eg verið fyrri, nota mèr rètt þann, er alþingistilskipunin heimilar minni hlutanum; eg segi ekki þetta sem hótun, því eg veit, að þingmenn eru svo skynsamir, að þegar þeir hafa heyrt það, sem með og móti mælir, þá geta þeir vegið það rèttilega. En eg álít það skyldu mína, að láta stjórnina vita það, sem rèttast er.

Benedikt Sveinsson: Það er lítil ástæða fyrir mig að taka til máls, því hinn háttvirti framsögumaður og þingmaður Rangæinga hafa með nægilega ljósum rökum sýnt, að uppástungur nefndarinnar sèu á góðum rökum byggðar. Eg segi, að það sè með nægilega ljósum rökum sýnt bæði í nefndarálitinu og af ræðunum, og eg hefi ekki heyrt neina þá mótbáru koma fram, er eg geti lagt áherslu á. Þó eg gjöri það nauðugur, verð eg samt að gjöra dálitla athugasemd við dæmi það, sem hinn háttvirti framsögumaður kom með. Hann sagði, að stjórnin hefði selt Elliðaárnar fyrir skemmstu. Þessu neita eg hátíðlega. Eg þarf ei að tala hèr af persónulegum ástæðum. Eg neita því líka, að stjórnin hafi selt veiðina í Elliðaánum neinum einstökum manni; hún er óseld enn að nokkru leyti; því konungur, ríkissjóður og kirkja eiga hèr enn hlut að máli. En hún mun hèr um bil 1857 hafa selt veiðina á vissum parti Elliðaánna, nefnilega fyrir Ártúns- og Bústaðalandi; áður, löngu áður seldi hún veiðina með þeim jörðum, sem hún hefir selt smámsaman. Dæmið var rètt valið til að sýna hlutfallið milli arðs og verðs, en eg efast ekki um, að mörg slík dæmi mætti finna, er vera ættu oss hvöt og ástæða til, að fara varlega í þessu efni. Þangað til eg heyri sterkari mótbárur en hingað til hafa fram komið, ætla eg ekki að bæta neinum röksemdum við, en komi þær, áskil eg mèr rètt til, áður en til atkvæða er gengið, að koma fram með fleiri yfirgnæfandi ástæður með nefndinni, en enn þá er gjört. Hvað hin einstöku niðurlagsatriði nefndarinnar snertir, þá hafa engar verulegar mótbárur komið móti þeim, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafði í rauninni ekki á móti nema 5. tölulið, en hann stendur í nákvæmu sambandi við aðalhugsun nefndarinnar, og verður ei aðskilinn við hana.

Grímur Thomsen: Eg verð að bæta dálitlu við það, sem eg áðan sagði. Hvað tölulið 7. snertir, þá hafði íslenzka stjórnar-

deildin stungið upp á: «að leigunautur með tilliti til notkunar «námanna, verði að haga sèr eptir reglum þeim, sem almennt gilda «um meðferð slíkra náma». Þetta virtist nefndinni vera nokkuð laust, því hún vissi ekki, að almenningi mundu kunnar reglur þær, er gilda fyrir notkun brennisteinsnáma. Nefndin áleit, að bezt væri, að láta þetta vera á valdi stjórnarinnar, því hún á hægt með að kynna sèr reglur þessar. Dæmi það, sem hinn háttvirti framsögumaður tók, skildist mèr þingmanni Árnesinga þykja ekki alls kostar vel við eiga, enda mun hægt að finna nóg önnur. Eg vil nú tiltaka «Dobbeltspath»námurnar í Helgustaðafjalli, og vona eg, að hinir háttvirtu þingmenn úr Múlasýslunum gjöri svo vel að leiðrètta, ef eg hermi rangt. Fyrir nokkrum árum leigði stjórnin námur þessar kaupmanni nokkrum fyrir 50 eða 100 dali um árið. Helmingur námanna er reyndar privateign, enda var leigan svo sem ekki neitt. Eg veit nú ekki fyrir víst, hversu mikinn ágóða hann hafði af þeim, nema eitt árið; þá hafði hann fengið Franz sáluga Siemsen til þess að selja Dobbeltspathið fyrir sig. Hann ferðaðist til Englands, Frakklands og Þýzkalands, og mun það hafa kostað nokkuð, en samt varð ágóðinn það ár 10,000 rd. Þetta sýnir, hvað námur hèr á landi geta gefið af sèr, þó stjórnin álíti þær lítils virði. Síðan hefir miklu minna selzt af Dobbeltspathinu, því markaðurinn var of hlaðinn. Mig minnir ekki betur, og það mun standa í stjórnartíðindunum, að nú sèu námur þessar leigðar Örum & Wulf, og það fyrir mjög lítið afgjald. Þegar nú hinar gömlu byrgðir eru uppgengnar, þá koma líklega 2 eða 3 ár eins góð fyrir þá og það, er eg áðan gat um. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður gat þess, að í 3. tölulið væru orðin «svo framarlega» ekki heppileg, og játa eg, að þau eru ekki sem skiljanlegust; heldur ætti að standa: «nema svo að eins». Hvað það snertir, að útlendingar munu ekki verða til vinnu hafðir, þá vil eg geta þess, að Englendingar hafa þá menn mjög til vinnu, er «Kulis» kallast, og eru þeir hèr um bil sama sem þrælar. Þeir hafa mjög haft þá í nýlendum sínum til starfa, svo sem Canada og Australiu; í Melbourne hafa þeir verið við gullgröpt. Nú í ár fannst gull á Sutherland í Englandi, og eru «Kulis» látnir grafa. Eg veit ekki, hversu þægilegt væri, að fá ótakmarkaðan fjölda af illþýði þessu inn í landið, að minnsta kosti held eg það yrði prestunum til lítillar uppbyggingar.

Framsögumaður: Eg vil einungis bæta fáum orðum við það,

sem hinn háttvirti þingmaður Rangæinga sagði. Kaupmanni þeim, er hann áðan gat um, heppnaðist þó ekki að fleyta rjómann; það voru aðrir búnir að því áður. Árið 1835 kom hèr frakkneskt herskip, og voru á því vísindamenn; þeir skoðuðu námur þessar og sáu fljótt, hvað um var að vera, og tóku með sèr 30 lestir af Dobbeltspathi. Eg talaði einu sinni við gamlan námumann frá Kóngsbergi; hann sagði, að íslenzku silfurbergsnámurnar hefðu lengi verið bezta mjólkurkýr fyrir sig, því hann hefði selt hnefastór stykki fyrir 2 rd. til 15 marka, en svo hefði það allt í einu fallið 1837, og hefði hann ekkert skilið, hvernig á því stóð, fyr en hann komst að því, að allt var fullt orðið af silfurbergi frá Frakklandi. Það er því ekki einungis á sjónum, sem Frakkar ásælast auðæfi vor, heldur hirða þeir þau einnig í fjöllunum, ef þeir sjá þau. Stjórnin verndar þau ekki, og þjóðin verður að snapa gams.

Pètur Pèturssson: Hinn háttvirti þingmaður Rangæinga var hræddur um, að Englendingar mundu koma hingað með allrahanda óþjóðalýð, en af því hefði nefndin átt að draga þá ályktun, að enginn útlendingur mætti vera að vinnu þessari, því að Íslendingar gætu komizt þar, sem menn segja, í mátulega fýsilegan fèlagsskap, þar eð það gæti leitt til siðaspillingar, ef þeir væru í samvinnu og sambúð með prælum þessum. Eg er annars fallinn frá, að hreifa við varauppástungu nefndarinnar, það er svo margt í henni, sem mèr ekki líkar. Þannig er 10 ára fresturinn, sem til er tekinn í 5. tölulið, allt of stuttur, og svo vil eg fella burtu síðasta hluta af 6. tölulið. Eg ætla einungis að halda mèr við varauppástungu mína, að beiðandi borgi 1 £ eða 2 af hverri «Commercelæst», er hann flytur út af hreinsuðum brennisteini. Vèr vitum þá, að hverju vèr höfum að ganga, því flytji hann mikið burtu, fáum vèr og mikið gjald. Sömuleiðis held eg mèr við viðaukaatkvæði mitt um, að Lock skuli gjalda prestinum til Mývatnsþinga 10 £ árlega. Hin fyrri uppástunga mín er einungis til vara, því eg ætla að fallast á uppástungu stjórnarinnar.

Framsögumaður: Mál þetta, sem hèr ræðir um, skoða eg sem álitsmál frá stjórninni, en alls ekki sem uppástungu; þingið hefir því fullan rètt til þess, að gjöra við það, hvað því sýnist, og stjórnin getur ekki tekið það illa upp fyrir þinginu, þó það verði nefndinni samdóma. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður vill láta gjalda 1 £ af hverri lest; en eg vil þá spyrja hann, hvort hann meinar af hreinsuðum eða óhreinsuðum brennisteini, því það

verður býsna-munur á því. Þannig liggja nú 600 Tons af óhreinsuðum brennisteini suður við Krisivík, en það mun verða talsvert minna, þegar búið er að hreinsa hann. Ef illþýði það, sem nóg er til af í Englandi, kemur hingað, þá held eg segi eins og Einar Þveræingur, að þunnskipað mun verða lögstjórnarvald vort, og mundi það þá fá að eiga við pilta, sem það hefði ekki fyrri vanizt. Það hefði því verið gott, að nefndin hefði með öllu afskorið, að slíkt fólk gæti hèr komið, en hún vildi ekki gjöra það, því hún hèlt Íslendinga enn þá svo færa, að þeir gætu gengið maður mót manni, þó hún vissi, að þeir mundu helzt of meinlausir til þess, að eiga við menn, er einskis svífast. Eg vona, að þingið vilji það bezta og rèttasta í þessu efni, því eg veit, að þingmenn eru bæði föðurlandsvinir og skynsamir menn. Eg er heldur ekki hræddur um, að stjórninni mislíki það, sem þingið gjörir, því hún hefir leitað álita þingsins um málið til þess að fara eptir því.

Pètur Pètursson: Eg skal geta þess, að eg hefi lagt sömu merkingu í orðið «uppástungu» og «álitsmál».

Jón Sigurðsson: Það kynni að þykja undarlegt, ef eg þegði öldungis í máli þessu, þar sem eg bæði hefi verið í nefndinni, og er að líkindum námunum kunnugastur allra þingmanna. Eg var í fyrstunni helzt á því í nefndinni, að fallast á uppástungu stjórnarinnar um, að leigja námurnar með viðunanlegum kjörum fyrir ríkissjóðinn, en við umræðurnar í nefndinni, og einkum af fortölum hins háttvirta framsögumanns, fèllst eg á, að það væri varlega gjörandi. Mèr finnst hann reyndar gjöra nokkuð mikið úr arðinum, sem hafa megi af námunum, og gjöra sèr allt af glæsilegar vonir um það, en þó mun hann hafa mikið til síns máls, því þar sem námurnar hafa ekki verið yrktar í yfir 20 ár, þá eru mjög mikil líkindi til, að þær sèu nú orðnar býsna-brennisteinsríkar, að minnsta kosti sumar þeirra. Menn hafa reyndar fyrir satt að Kröflunámur hafi ónýtzt í jarðeldinum, þegar Krafla spjó 1727. En hvað Hlíðarnámur snertir, þá eru þær almennt álitnar í hinum mesta blóma, og eg hefi sjálfur sèð, að þar er mjög mikil brennisteinsmyndun á sumum stöðum, og útlit fyrir, að þær námur sèu orðnar ríkar af brennisteini. Að Fremri-námum held eg enginn hafi komið, síðan Jónas heitinn Hallgrímsson skoðaði þær nálægt 1840, nema ef vera skyldi að fjárleitamenn hafi komið þar stöku sinnum á haustin, sem þó engan gaum hafa gefið námunum; en seinast þegar þar var grafið eptir brennisteini, var þar mikil nægð

af honum, ekki einasta heitum brennisteini eða nýmynduðum, heldur hèldu menn, að fjarska-mikið af köldum brennisteini földum væri í námunum, og í kringum þær, og á sama máli minnir mig Jónas heitinn Hallgrímsson væri. Eg er því á sama máli og hinn háttvirti framsögumaður, að námurnar geti gefið af sèr mikinn arð, sèu þær rètt og haganlega notaðar. En aptur er eg á nokkuð annari skoðun en hann um það, hvort haganlegt sè að geyma námurnar ónotaðar, þangað til vèr getum notað þær sjálfir; því eg held, að sá tími liggi harðla fjærri, að við höfum krapta til að yrkja námurnar af eigin efnum, eins og eg mun reyna að leiða rök að. Hliðarnámar liggja hèr um bil 7—8 mílur frá sjó, og Fremrinámar 12—15 mílur; eigi nú að fara að vinna námurnar með nokkrum krapti, er vitaskuld, að veg þyrfti að leggja frá námunum til sjóar, og til þess held eg þurfi meira fè, en vèr getum fram lagt að sinni; þess vegna er eg ekki á móti því, að taka aðgengilegu boði um leigumála á námunum, heldur en að þær liggi ónotaðar um óákveðinn tíma. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það fram, að amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hefði verið því meðmæltur, að leigutilboð herra Locks væri tekið, og er eg viss um, að hann hefir gjört það í bezta tilgangi. En eg skal leyfa mèr að benda á það, að hann (amtmaðurinn) er ekki færari en hver annar að dæma um, hvern arð hafa mætti af námunum, eða hver leiga væri hæfileg af þeim, því hann er námunum engu kunnugri en hverjir aðrir; og eg verð að segja það, eins og mèr finnst, að það má virðast harðla mikil forsómun af stjórninni, að láta ekki einhvern þann mann, sem vit hefir á, skoða námurnar, þegar svona er komið, að eptirspurn er orðin um þær, því það sjá allir, að ef þar er svo og svo mikil uppspretta af brennisteini, sem menn almennt ætla, þá er eptirgjald það, sem herra Loch hefir boðið eptir námurnar, ekki til neins. Eg vil nú áskilja mèr viðaukaatkvæði við aðaluppástungu nefndarinnar í þá átt, að stjórnin láti skoða námurnar af þeim manni nokkrum, er þekkingu hefir á slíku, og að hún síðan láti fara að nota námurnar sem fyrst á sem haganlegastan hátt fyrir landið. Hvað 5. tölulið snertir, þá held eg, að gjald það, sem nefndin hefir stungið upp á, sè ekki of hátt, ef námurnar eru svo auðugar af brennisteini, sem menn ætla, en líklegt þykir mèr, að 10 ára tíminn, sem nefndin hefir bundið leigumálann við, sè of stuttur, og geti gjört leigusamninginn öldungis óaðgengilegan. Eg skal benda á það, sem

eg hefi áður tekið fram, að hver, sem nota ætlar námurnar, þarf að leggja veg frá þeim til sjóar, sem getur orðið mjög kostnaðarsamt og frágangssök, sè leigutíminn ekki lengri en 10 ár. Eg vil því áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis um að lengja tímann til 20 eða 25 ára. Þetta gjöri eg þó einungis til vara, því eg ætla að bera mig saman við mína háttvirtu meðnefndarmenn um bæði þessi breytingaratkvæði, sem nú hefi eg ráðgjört. Hvað það snertir, sem stendur í tölulið 3., að innlendir skuli að hálfu til starfs teknir í námunum, þá virðist mèr slíkt á gildustu rökum byggt. Eg segi fyrir mig, að eg vildi helzt, að enginn ynni þar að nema innlendir menn, en nefndinni þótti of hart, að gjöra þetta að skilyrði.

Framsögumaður: Stjórninni má kunnugt vera, hvernig á námunum stendur, en hitt er henni líklega ekki kunnugt, að nú er önnur vinnuaðferð, en þegar hún var að fást við þær. Danastjórn hefir aldrei tekizt vel með neinar námur; þegar hún hafði silfurnámurnar í Norvegi var sagt, að meira silfur hefði verið grafið niður en upp; en nú gefa þær af sèr 100,000 spesíur árlega. Það er mjög erfitt fyrir menn í fjarska, að dæma um slíkt, og því hefir allt námuverk verið Dönum örðugt, þótt allir viti, að þeir sèu hinir beztu jarðyrkjumenn, og geti í því verið okkar fyrirmynd um langan aldur. Það væri sannarlega varúðarvert, að fá útlendingum það í hendur, er þeir geta öldungis eyðilagt, ef þeir ekki líta á annað en stundarhaginn.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið álitsskjal nefndarinnar viðvíkjandi ráðstöfunum til að bæta úr kornskorti og skorti á aðflutningum.

Því næst voru lesin upp álitsskjöl til konungs í þessum málum: 1, um löggildingu nokkurra danskra lagaboða frá 1867 og 1868; og 2, um breytingar á lyfjavoginni, og voru þessi álitsskjöl samþykkt af þingmönnum.

Dagskránni var þá lokið, og ákvað forseti fund á mánudaginn kl. 12.

Fundi slitið.

18. fundur — 23. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um tekjur spítalasjóðsins; hinum háttvirta konugsfulltrúa verður sent eptirrit af því, og það svo lagt fram á lestrarsalinn.

Þá er að taka til dagskrár, og kemur þá fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu hið konunglega frumvarp til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. Jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. Hinn háttvirti þingmaður Arnesinga er framsögumaður. Vilji hann taka til máls, þá er það í hans valdi.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Mál þetta var talsvert rætt við undirbúningsumræðuna um daginn, og það hafa svo litlar breytingar verið gjörðar við uppástungu nefndarinnar, að eg þarf ekki að vera margorður. Það eru einungis 3 breytingaratkvæði, sem komið hafa. Hvað þá snertir það, sem undir 4. tölul. stendur, þá vil eg geta þess, er eg einnig tók fram um daginn, að mælikvarði sá, sem nefndin fór eptir, var ekki gífurlegur niðurskurður; breytingaratkvæðið gjörir ráð fyrir niðurskurði á stærra svæði en nefndin; til þess vonar nefndin að ekki komi, og því get eg ekki fallizt á það, enda vona eg, að hinn háttvirti uppástungumaður haldi því ekki mjög fast fram. Hvað 10. tölulið snertir, þá get eg ekki fallizt á hann, eptir því sem hinum hæstvirta konungsfulltrúa fórust orð um þetta mál. Sé svo, sem hann benti til, að stjórnin ekki mundi fallast á breytingar nefndarinnar, þó þingið aðhylltist þær, þá liggur annaðhvort við borð, að stjórnin gjöri frumvarpið óbreytt að lögum, eða þá að öðrum kosti gjöri ekkert við málið, og í þessu tilliti álít eg réttast og sjálfsagt fyrir þingið, að láta stjórnina hafa öldungis óbundnar hendur, hvort hún heldur vill gjöra frumvarpið óbreytt að lögum eða láta málið falla, enda er það ábyrgðarhluti fyrir þingið, að ráða til þeirra laga, sem það er óánægt með. Þess vegna held eg, að 10. töluliður sé ónauðsynlegur, enda vona eg, að hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu haldi honum ekki fast fram. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi láta orðið «fyrst» í 1. gr. frumvarpsins standa, en eg sé ekki að það gjöri annað en skaða. Ef ekki má skera nema á þeim 5 bæjum, sem sýkin kemur fyrst á, þá fæ eg ekki skilið, hvað gjöra skal við sýkina á öðrum bæjum, þegar búið er að þreyta

lækningar til ónýtis. Hvað á þá að gjöra? Þegar búið er að reyna lækningar lengi og þær duga ekki, þá fæ eg þó ekki annað séð, en menn verði hvað helzt að grípa til þess neyðarúrræðis, að lóga fènu. Hvað 2. grein frumvarpsins snertir, þá áleit nefndin, að það væri alveg ógjörandi, að takmarka niðurskurðinn við 5 bæi, og tók eg það ljóslega fram við undirbúningsumræðuna; eg vil spyrja: hvað á gjöra, þegar kláði kemur á stærra svæði en 5 bæi, og lækningar ekki duga? Ef það er nauðsynlegt að skera á 5 bæjum, af því lækningar ekki duga, þá hlýtur að vera eins nauðsynlegt, að skera á fleiri bæjum, ef lækningar ekki duga á þeim; það liggur í augum uppi. Eg vil taka eitt dæmi: kæmi kláði upp á sviðinu frá Höfnum og hingað inn til Reykjavíkur, — mèr er reyndar ekki ljóst, hve margir búendur á svæði þessu eiga kindur, en flestir munu eiga nokkrar, þó fáar séu, — þá vantar þar skilyrði þau, sem frumvarpið sjálft gjörir ráð fyrir til þess að lækningar geti heppnazt, svo sem fóður, hús, góða hirðingu o. s. frv. Setjum nú svo, sem eg vona og óska að aldrei verði, að kláðinn eða önnur næm fjárveiki breiddist út um allt þetta svið, og að lækningarnar dygðu eigi til hlítar, þá heimilar frumvarpið ekki amtmönnunum að láta skera niður nema á þeim 5 bæjum, sem kláðinn fyrst gjörði vart við sig á; en þá held eg, að margir 5 bæirnir verði eptir með kláða. Nefndin stingur ekki upp á, að fella greinina úr af þeirri ástæðu, að hún vilji lauma inn yfirgripsmiklum óhappasælum niðurskurði; það hefir henni öldungis ekki til hugar komið, en hún vill fella hana úr, af því hún setur fast takmark, sem ekki getur sameinazt við eðli málsins, sem allt er komið undir atvikum. Eg vona hinir háttvirtu þingmenn séu sannfærðir um, — og það er skylda þeirra að vera það, — að eg tala þetta satt. Eg álít því vafalaust, að þingið eigi ekki að fallast á 2. grein frumvarpsins, heldur á uppástungu nefndarinnar, af því hún er nauðsynleg. Hvað verðina snertir, þá skal eg játa eins og áður, að þeir veita ekki óyggjandi tryggingu, en eptir mínu, og eg held eptir flestra manna áliti gefa þeir hina beztu tryggingu mót útbreiðslu kláða og næms fjárveikinda yfir höfuð, sem kostur er á hèr á landi. Þeir gefa einnig hið bezta tækifæri til, að við hafa lækningar, því ef útbreiðslu sjúkdómsins verður varnað, þá getur hið opinbera stundað lækningarnar á hinu takmarkaða kláðasviði með fullu afli, og þarf engan kvíðboga að bera fyrir, að sýkin dreifist út; þá eru menn líka í hinum heilbrigðu hèruð-

um óhræddir og rólegir, meðan verið er að lækna, þó langur tími gangi til þess. Þetta stendur í svo nánu sambandi við alla búnaðurhætti vora og ásigkomulag landsins. Það er ómögulegt að passa fèð svo nákvæmlega, sem þarf á hverju heimili fyrir sig, nema ef vera skyldi ærnar, en geldfèð rennur um allt, þegar það er heilbrigt, og eins gjörir það, þó það hafi kláða eða aðra veiki, meðan það stendur lífs uppi. Verðirnir eru því í rauninni einmitt nauðsynlegir fyrir lækningarnar, en fyrir niðurskurðinn ekki. Sè kláði hjá nágranna mínum, verð eg hræddur um, að hann komist til mín, en viti eg, að sterkur vörður er á hafður, þá er eg rólegur. Þetta liggur í augum uppi, og skora eg á hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann að sýna mèr, að þessi skoðun sè röng. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi stakk upp á, að setja sýslu í staðinn fyrir hrepp, og þykir mèr það nokkuð bæta, en álít þó uppástungu nefndarinnar rèttasta. Eg veit að öðru leyti og vona, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi taki uppástungur nefndarinnar til ítarlegrar yfirvegunar, og beini síðan málinu til konungs eptir því, sem hann álítur bezt og rèttast.

Þórður Jónasson: Eg stend nú einungis, eins og viðkvæðið er hjá sumum þingmönnum, upp til þess að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, og ætla eg þá að lýsa því yfir, að eg aðhyllist stjórnarfrumvarpið, eins og það liggur fyrir; þó aðhyllist eg uppástungu nefndarinnar við 4. grein frumvarpsins, um að hlutaðeigandi hreppur fái hjálp annarstaðar frá, þegar borgunin fyrir það fè, sem skorið hefir verið, fer fram úr 150 rd., því fátækum hrepp getur orðið nógu þungt, að greiða þessa borgun, auk heldur meiri, en mèr þykir nefndin fara of langt eptir hjálpinni; mèr þykir nóg að fara til innbúanna í sjálfri sýslunni, og það því fremur, sem frumvarpið þröngvar svo um niðurskurðarsvæðið, að endurgjaldið, sem hèr ræðir um, aldrei getur orðið stórvægilegt.

Um uppástungur nefndarinnar verð eg að segja það, að þær bera þess vott, að enn þá lifir í kolunum, sem logaði svo vel á, meðan stóð á kláðamálinu, nefnilega á niðurskurði og fjárvörðum. Úrfellirinn úr fyrstu grein frumvarpsins á orðinu «fyrst», og þó einkum uppástungan um að fella 2. grein frumvarpsins með öllu úr, lýsa því, að nefndin vill hafa óbundinn niðurskurð, í stað þess að stjórnin er á gagnstæðri skoðun, en þó hefir hún látið undan, og leyft hann í einstökum tilfellum, en bundið hann innan þröngra takmarka, af tómri eptirlátsemi við þingið. Getur þingið ætlazt

til, að stjórnin fari nú lengra, en hún er búin í þessa niðurskurðarstefnu? eða hefir stjórnin ekki dæmin fyrir sèr, að óbundið niðurskurðarvald getur orðið að fyllsta gjörræði. Verður því neitað, að fjöldi fjár hafi hèr verið skorinn niður öldungis ófyrirsynju, hlutaðeigendum til óbætanlegs tjóns, og seinasti niðurskurðurinn, sem átti að heita gjörður eptir samkomulagi, en sem þó var mörgum sárnauðugur, þó þeir yrðu að láta undan, varð mörgum manni til hins mesta skaða, og hefi eg það af munni margra þeirra, er þar áttu hlut að. Því er miður, að þetta er hverju orði sannara. Er nú nokkur skynsamleg ástæða til að biðja um, að annað eins sjálfræði verði aptur leitt hèr inn og löggilt? eg get fyrir mitt leyti ekki verið á þeirri skoðun.

Þá eru nú fjárverðirnir; þeir eru að okkar dómi og nefndarinnar líka hvergi nærri tryggjandi, en hins vegar fjarskalega kostnaðarsamir, og ættu því aldrei að setjast, nema í brýnustu nauðsyn, að því leyti sem þó er í þeim nokkur trygging. Þessi skoðun kemur og fram í stjórnarfrumvarpinu, og því leggur það amtmönnum í vald, að setja verði, þegar þeir álíta það óumflýjanlegt, og það má ætla amtmönnunum, að þeir muni fara mjög varlega í að skipa fjárverði, og nóg trygging í því fyrir því, að þeir verði ekki settir ófyrirsynju. Eg skal taka fram, að frumvarpið leggur verðina í vald amtmanna, en nefndin snýr því við; hún gjörir þeim að skyldu, að skipa fjárverði; hún leggur það með þessu móti á vald almennings, hvort verði þurfi að skipa eða ekki; amtmennirnir hafa einungis að hlýða og framkvæma, almenningur að skipa, og þá má geta nærri, að verðir verða heimtaðir, undir eins og einhverstaðar heyrist að kláðavart sè orðið. Þetta er því mikil og veruleg breyting á frumvarpinu, sem eg með engu móti get aðhyllzt, og sem eg vona þingið ekki aðhyllist, og eg þykist mega fullyrða, að stjórnin ekki heldur gjöri það. Viðvíkjandi niðurlagi 6. greinar finnst mèr það eðlilegt og sanngjarnt í alla staði, að þeir, sem einkum hafa gagn af verðinum, borgi kostnaðinn. Yfir höfuð þykir mèr frumvarpið miðla svo nærgætnislega málum milli lækninga og niðurskurðarmanna, að þingið ætti að fallast algjörlega á frumvarpið, það liggur ekki beinlínis fyrir, að minnast á lækningar fjárkláðans, þær hafa aldrei haft mikinn byr hvorki hjá þingi nè þjóð; þær hafa verið kallaðar kák, og einungis til þess að ala kláðann, og hallmælt á báða bóga, en þær höfðu þrátt fyrir allar mótspyrnur mikinn árangur. Fèð var læknað í öllum suður-

hluta Borgarfjarðarsýslu, í Kjós, í Höfnum og í öllum efri hluta Árnessýslu, og þessar sveitir eru nú miklu betur staddar en þær, sem skáru niður, sem sýnir, hvað niðurskurðurinn yfir höfuð er óhollur. Eg gjöri ráð fyrir, að menn hafi að minnsta kosti lært svo mikið af kláðamálinu, sem nú er, sem betur fer, endað, að menn, ef svo bæri undir, færi í það með stillingu og ráðdeild, og berjist ekki fyrir skoðunum sínum með þeim ákafa, sem átti sèr stað, meðan stóð á kláðamálinu, og ekki verður neitað að einnig komið hafi fram í umræðunum um þetta lagafrumvarp.

Framsögumaður: Það ætlar lengi að rætast, að meira sè talað í máli þessu en þörf er á. Eg ætlaði ekki að taka til máls framar, en ræða hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns neyðir mig til þess. Hann áfellir nefndina harðlega, og þó mest fyrir það, að hún vilji útiloka lækningar. En eg vil spyrja: á sú mótbára við? Hvar talar frumvarpið um lækningar? Eg veit, að hinn háttvirti þingmaður hefir haft tækifæri til, að beita tilskipun þeirri, sem stjórnin hefir viljað láta fara eptir í kláðamálinu, og sem hún nú vill gjöra viðauka við? Hún grípur nú sjálf til þess neyðarúrræðis, sem eg að vísu játa að mest hefir verið við haft í kláðamálinu, en hún vill binda það vissum takmörkum. Þessi mótbára hins 1. konungkjörna gegn nefndinni fellur því um sjálfa sig. Hann byrjaði á því, að enn þá lifði í kolunum. En hvaða kol eru það? Er það kláðinn sjálfur eða umræðurnar um hann? Það væri betur að hann væri læknaður, en þar um get eg hvorki sagt já eða nei. En setjum nú, að hann sè læknaður, og að vèr höfum þetta hörmungar og eymdarástand bak við oss, þá ættum vèr nú rólegir og kapplaust að geta íhugað, hvor vegurinn betri sè, sá, sem stjórnarfrumvarpið stingur upp á eða nefndin. Þessu svaraði hinn 1. konungkjörni þingmaður alls ekki, heldur var flest það, er hann sagði, málinu óviðkomandi og að eins almennar athugasemdir. Það hefir verið margítrekað, og eg tek það enn þá fram, að það er ekki tilgangur nefndarinnar, að koma á ótakmörkuðum niðurskurði, og skil eg ekki hvernig þingmaðurinn fer að segja slíkt; en nefndin vill, að skorið sè niður eptir því sem brýn nauðsyn útheimtir, og það vill stjórnarfrumvarpið í aðalhugsuninni líka. Munurinn er einungis sá, hver þessi þörf sè. Stjórnin vill láta skera að eins á 5 bæjum, en nefndin vill, að það sè óbundið og leggur það á vald amtmanns. Þetta er rètt. Því það er óhugsandi, að menn geti sèð fyrir fram öll þau tilfelli og atriði, sem að höndum geta

borið í þessu efni. Eg bið þess vel gætt, að eptir uppástungu nefndarinnar eru það amtmennirnir, sem eptir ráði hinna beztu manna eiga að ákveða, hve nær og hversu mikið skera skal. Eg fæ þá ekki skilið, hvernig hinn 1. konungkjörni fer að segja, að það sè almenningur, sem ráði þessu. Þá eru nú verðirnir. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að eptir uppástungum nefndarinnar gætu amtmenn ekki ráðið vörðunum, en þetta er ekki rètt, því það er einmitt amtmaður, sem í hvert skipti sker úr, hvort nauðsyn beri til að setja vörð; það verður því ekki með sanni sagt, að hèr sè gengið of nærri valdi amtmannanna, þegar það er lagt undir þeirra dóm, hve nær verðina skuli setja, en sá mælikvarði, sem þeir eiga að fara eptir, þegar spurningin er um, að setja vörð, er hin yfirgnæfandi hætta, sem er fyrir útbreiðslu sjúkdómsins, og það er auðvitað, að þegar þeir sjá og viðurkenna þessa hættu, já, þá hljóta lögin að skylda þá til, að koma í veg fyrir hana með sóttvörnum. Eg fæ því ekki betur sèð, en að mótbárur þær, sem komið hafa fram á móti nefndinni, sèr í lagi frá hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni, sèu alveg úr lausu lopti teknar. Það er alkunnugt, að sóttvarnir yfir höfuð hafa verið og eru meira og minna viðhafðar í Danmörku sjálfri. Eg tek til dæmis löggjöfina um kóleru, og eg þarf ekki að lesa þèsa austan úr Ástralíu, til þess að geta fullvissað hinn háttvirta vin minn, hinn 3. konungkjörna þingmann, um, að það er almenn regla í hinum »civiliseraða« heimi, að setja sóttvarnir; eg man svo langt, að eg var í Kaupmannahöfn, þegar kólera gekk, og þá voru sóttvarnir fyrirskipaðar, að því leyti sem unnt var, og sameinazt gat með óumflýjanlegum samgöngum og viðskiptum manna í milli, en eg bið hinn háttvirta vin minn að gæta þess, að ferðalög og samgöngur maursins á Íslandi eru ekki nauðsynlegar. Eg skal að lyktum einungis skýrskota til þingmanna, hvort verðirnir hjá oss ekki hafi gjört gagn, og er eg sannfærður um, að þeir, sem hafa reynsluna fyrir sèr í þessu efni, muni vera mèr samdóma í, að verðirnir hindruðu mest og bezt útbreiðslu kláðans góða, en ekki lækningarnar.

Tryggvi Gunnarsson: Eg er yfir höfuð samþykkur stefnu nefndarinnar, og álít, að breytingar þær, sem hún hefir gjört, sèu talsvert til bóta; þó skal eg geta þess, að eg felli mig við breytingaratkvæði hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, að setja 500 rd. í stað 150 rd. undir staflið *b,* tölulið 4. Eptir stefnu

nefndarinnar verður að jafna niður á land allt, undir eins og einn þriðji partur af niðurskurðinum kostar 152 rd., en að jafna þessu á 170 hreppa, er allt of smámunalegt, þá kemur að meðaltali ekki 1 rd. á hvern hrepp. Eg vil segja, að ekki þurfi að skera eptir þessu nema á einum bæ, til þess að þá þurfi að jafna kostnaðinum á land allt, sem væri allt of mikil fyrirhöfn. Eg álít, að það væri engin ofætlun fyrir heilt amt, að bera 500 rd. kostnað, og álít, að með þessari upphæð sè alls ekki ráðgjörður voðalega mikill niðurskurður, og sízt meiri en í 2. gr. frumvarpsins. Mismunurinn frá því verði, sem sauðkindin leggur sig, og því, sem hún seldist fyrir á fæti, er það verð, sem hèr ræðir um að jafnað verði á jafnaðarsjóðina. Sè skorið á vorin, má gjöra ráð fyrir, að ærin gjöri á blóðvelli t. d. 2 rd. 48 sk., en seldist á fæti 6 rd. 48 sk., er þá hið mismunandi verð 4 rd., og þá þyrfti ekki að skera nema 375 ær eður fullorðið fè, til þess niðurskurðurinn kostaði 1500 rd. eður að þriðjungi 500 rd., og er þetta ekki meiri fjártala en svo, að skorið væri á 2 bæjum. Eg get því ekki sèð, að það sè rètt skoðun, að með þessu sè ráðgjörður meiri niðurskurður en farið er fram á í frumvarpinu.

Eg gef atkvæði mitt fyrir því, að 2. gr. frumvarpsins falli burt, því hún er bæði gagnslaus og skaðleg; hún er skaðleg að því leyti, að hún gjörir niðurskurð ómögulegan, þegar hann er, ef til vill, sem nauðsynlegastur, t. d. þegar kláði kemur fram á 3—4 bæjum, og þar er álitið nauðsynlegt að skera, þá getur kláðinn breiðzt svo út, að hann verði kominn á 6 bæi, þegar búið er að fá samþykki amtmanns fyrir því, að þar megi skera fèð, en vegna þess að kláðinn er þá kominn á 6 bæi, sem saman liggja, þá verður að hætta við niðurskurðinn, og þannig ónýt orðin yfirvaldaskipanin, og öll sú fyrirhöfn, sem gjörð var til að ná samþykki amtmanns og ráðaneytis hans, og sýnist þó, að engu síður væri nauðsyn að skera fyrir kláðann, þegar hann er kominn á 6 bæi, en meðan hann var á færri bæjum. Gagnslaus er hún frá hennar eigin sjónarmiði, því hún kemur ekki í veg fyrir það, sem hún auðsjáanlega á að gjöra, nefnilega mikinn niðurskurð. Þegar kláðinn er í mörgum sveitum, þá verður hægt að skera niður á stóru svæði, að eins nokkrir bæir kláðalausir sèu á milli hverra 5 bæja, sem kláðasjúkt fè er á.

Ekki get eg gefið atkvæði mitt fyrir viðaukaatkvæðinu undir tölul. 10., að frumvarpið verði gjört að lögum óbreytt, ef þessar

breytingar fást ekki, sem nefndin hefir gjört, því hvort heldur eg er lækningamaður, niðurskurðarmaður eður hvorttveggja, þá vil eg heldur ekkert, en þetta frumvarp, eins og það liggur hèr fyrir.

Guðmundur Einarsson: Hinn háttvirti framsögumaður hefir ljóslega tekið flest það fram, sem eg hafði hugsað mèr að tala í máli þessu, og skal eg því ekki vera langorður. Eg lýsi því yfir, að eg er samdóma nefndarálitinu í heild sinni, og get ekki annað en álitið, að stjórnarfrumvarpið sè fremur óheppilega, orðað í sumum atriðum. Ákvörðun sú, sem 2. grein frumvarpsins inniheldur, getur t. a. m. bæði orðið skaðleg fyrir þær sveitir, þar sem kláðinn er útbreiddur, og þar hjá komið yfirvöldunum í mestu vandræði, þegar þau þyrftu að beita framkvæmd niðurskurðarins. Eptir þessari stefnu yrði niðurskurðurinn hvorki heilt nè hálft, og af því mundi rísa hin mègnasta óánægja; eg er þess vegna á því, að nefndin hafi gjört öldungis rètt í því, að stinga upp á að fella greinina alveg burt. Eg er einnig samdóma nefndinni í, að nauðsynlegt sè, að fella burtu orðið »fyrst» í 1. grein frumvarpsins, og eru þegar leidd rök að því, bæði af framsögumanni og öðrum þingmönnum, hve skaðlegt það gæti orðið að einskorða lögin svo. Hvaða gagn hefði til að mynda orðið að því, þegar kláðinn kom upp í Mýdal og hann hafði dreifzt þaðan austur yfir fjall, þó þá hefði verið skorið að eins niður í Mýdal og á bæjunum þar í kring? Reynslan hefir sýnt, að alvarlegri aðgjörða þarf en svo, og ekki dugir kák eitt, að minnsta kosti meðan lögreglustjórnin er ekki aðkvæðameiri og þrautbetri, en hún hefir sýnt sig í kláðamálinu. Eg er í vafa um, hvort eg á að fallast á breytingaratkvæði þingmanns Barðstrendinga undir 4. tölulið a um að láta upphæðina nema 500 rd. í staðinn fyrir 150 rd.; mèr þykir sem sè hin fyrri upphæðin heldur mikil, en aptur hin síðari heldur lítil. Eg fellst einnig á breytingu nefndarinnar við 6. grein frumvarpsins, því saga kláðans í 12 undanfarin ár hefir ljóslega sýnt og sannað, að ákvörðun stjórnarfrumvarpsins í þessu efni er næsta ónóg og óhagkvæm. Hvað verðina snertir, þá er reynslan búin að sýna, að þeir hafa verið til ómetanlegs gagns, og það var öldungis rètt tekið fram af hinum háttvirta framsögumanni, að það væru verðirnir, sem einnig hjálpuðu til þess, að lækningum yrði við komið. Eg þykist sannfærður um, að hefðu menn með rósemi og stillingu getað komið sèr niður á, að brúka allar varnaraðferðirnar gegn útbreiðslu kláðans, sem beitt hefir verið, og þannig eptir því, sem bezt átti

við, ýmist skera niður eða lækna eða halda vörðum uppi, þá hefði betur farið en farið hefir, og kláðanum orðið útrýmt bæði á fljótari hátt og kostnaðarminni. Á 10. tölulið get eg alls ekki fallizt, og nái ekki breytingar nefndarinnar samþykki stjórnarinnar, þá vil eg, að ekkert að þessu sinni nái lagagildi í þessu máli.

Halldór Jónsson: Eg ætla ekki að mæla mikið með viðaukaatkvæði mínu undir tölulið 10. Eg skal geta þess, að eg er samdóma nefndinni, og mun eg gefa breytingum hennar atkvæði mitt, flestum eður öllum. Viðaukaatkvæðið tók eg því sem nokkurs konar neyðarúrræði, sem sè ef að breytingar nefndarinnar næðu ekki samþykki stjórnarinnar; því eg álít, að oss væri betra að fá frumvarpið samþykkt heldur en ekki neitt, og því vil eg ekki hafna því, sem eg álít að geti orðið til gagns. Eg skal svo ekki tala meira fyrir 10. töluliðnum, en það er undir þingmönnum komið, hvernig þeir greiða atkvæði sitt, og verður það að vera komið undir því, hvort þeir álíta eins gott, að allt standi eins og nú er, eins og að tilsk. 5. janúar 1866 fái þann viðauka, sem í hinu konunglega frumvarpi er framboðinn.

Stefán Eiríkssan: Það er búið að tala svo margt og mikið um þetta leiðinlega kláðaþref, að eg er búinn að fá meir en nóg af því, að hlýða á þessar löngu umræður, og vildi eg því óska, að gengið væri til atkvæða sem fyrst. Eg ætla heldur ekki að álasa stjórninni fyrir aðgjörðir hennar nú í málinu, því hún hefir tekið tillit til uppástungna þingsins 1867, og því að eins hefir stjórnin lagt frumvarpið fyrir þing nú, að hún hefir þó vissulega ætlazt til, að þingið segði álit sitt um frumvarpið, og gjörði breytingar við það, eins og hvert annað faumvarp, og þær breytingar, sem nefndin hefir gjört við frumvarpið, ímynda eg mèr að stjórnin muni ganga inn á, með því að breytingarnar, sem nefndin hefir gjört, eru mestmegnis smá-orða-breytingar, án þess að grundvelli frumvarpsins sè raskað að neinu. Eg skal geta þess, að eg fellst alveg á breytingar nefndarinnar, hvað 2. grein frumvarpsins snertir, því eg álít það alveg rètt, að fella hana burt, og af því, sem sagt, að eg vona, að þingið aðhyllist flestar ef ekki allar upppástungubreytingar nefndarinnar, þá álít eg, að ekki ætti að biðja um það, sem farið er fram á undir 10. tölul., og eg fyrir mig að segja gef ekki atkvæði mitt með honum.

Pètur Pètursson: Ef að breytingar nefndarinnar við stjórnarfrumvarpið ekki verða samþykktar af þinginu, þá álít eg, að þing-

ið gjörði rètt í, að fallast á 10. töluliðinn, því mèr skildist ekki betur, en hinn háttvirti framsögumaður segja, að stjórnin og nefndin gengju út frá sömu grundvallarskoðun í málinu, sem sè að skoða lækningarnar sem aðalregluna, en niðurskurðinn sem undantekning. Mèr finnst því mikið unnið við, að stjórnarfrumvarpið næði lagagildi, því þá yrði þó niðurskurðurinn heimilaður að lögum. Eg ætla að öðru leyti ekki að dæma um, hvort breytingar nefndarinnar sèu heppilegri en stjórnarfrumvarpið, en skal einungis geta þess, að mèr þykir það óheppilegt, ef þingið felldi 10. tölul., og vèr hefðum þá engin lög í þessu efni, nema lögin frá 5. jan. 1866, og þetta álit mitt styrkist því fremur við það, sem eg er samdóma hinum háttvirta framsögumanni í, að ekki sè mikill munur á skoðunum nefndarinnar og stjórnarinnar í málinu.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg stend eigi upp af því, að eg vænti þess, að orð mín hafi nokkurn árangur í þessu máli; eg hefi hingað til í því gengið mína götu, og þingið sína, og svo mun enn verða. Á þremur undangangandi þingum, þegar mál þetta hefir verið hèr til umræðu, hefi eg þagað, en nú ælta eg að tala fáein orð.

Það er víst og satt, að þingið hefir leyfi til að gjöra breytingar við frumvörp þau, sem lögð eru fyrir það, en eg álít það á hinn bóginn mjög svo varúðarvert fyrir þingið, að stinga upp á þeim breytingum sem það veit víst, að stjórnin með engu móti getur aðhyllzt, eða gjöra þær uppástungur, sem eigi geta samrýmzt því frelsi, sem almenn lög heimila. Það er sannarlega varúðarvert fyrir þingið; að taka svo í nokkurt mál, að stjórnin ef til vill neyðist til að »oktroyera» lögunum upp á oss, eða að öðrum kosti kasta þeim alveg. Það hefir verið sagt, að enn þá lifði í kolunum, og þetta er satt, ekki reyndar í kláðakolunum, heldur í niðurskurðarkolunum; það sýnir nefndin fyllilega með uppástungum sínum. Það hefir og verið sagt, að lítill munur væri á ákvörðunum í frumvarpi stjórnarinnar og uppástungum nefndarinnar í málinu; en þetta er alveg ósatt; þegar nefndin ræður til, að fella orðið «fyrst» úr 1. grein frumvarpsins og alveg að fella burt 2. grein þess, þá segir hún með því, að niðurskurðurinn megi alstaðar fara fram, þá megi alstaðar murka (Benedikt Sveinsson: þetta er röng hugsan); það dugar ekki að bera á móti þessu, því þetta er rètt ályktun, og liggur bert fyrir. Það dugar ekki, að skera á 5 bæjum, nei, það verður að skera alstaðar, því þegar bara 1 bær er á milli staðanna,

þá á eptir nefndinni að byrja að skera á 2., 3. og 4. staðnum, og svo koll af kolli, svo lengi sem niðurskurðarmennirnir hafa nokkurn bæ grunsaman. Stjórnin takmarkar niðurskurðarleyfið að eins við 5 bæi, og það þá 5, þar sem kláðinn fyrst kemur upp; en nefndin vill hafa hann takmarkalausan. Þessi er hinn mikli mismunur á skoðum stjórnarinnar og nefndarinnar, en þessi ósk nefndarinnar á að vera svo hulin, það á að vera svo «fínt», að menn taki ekki eptir því, og með því á að lauma fyllsta niðurskurði inn í lögin. En það skauzt líka fram úr framsögumanni, hver tilgangurinn væri, þegar hann sagði, að það kynni að þurfa að skera niður í allri Gullbringusýslu, vegna fóðurskorts, húsaleysis og umhirðingarleysis; en eg skal geta þess, að Hafnamenn, sem ekkert fóður hafa handa skepnum sínum, læknuðu allt sitt fé allt um það, og er þá auðsèð, að fóðurskorturinn þarf eigi að vera lækningunum til fyrirstöðu. Þar sem þingmaður Barðstrendinga allt af er og hefir verið að nudda á því, að fèð á Hóli í Lundareykjadal hafi drepizt af kláða, þá er það merkilegt, að hann skuli aldrei ranka við sanuleikanum, þótt búið sè að segja honum hann á hverju þingi; því að það er með öllu órètt, að fèð hafi drepizt þar úr kláða, heldur var það óvarkárni dýralæknisins, að hann lèt klippa fèð, svo vorkuldarnir drápu það. Þegar um lækningar er að tala, þá kemur allt af þessi gamla skoðun fram, að allur kláði sè aðfluttur; en hvaðan er kláði kominn að upphafi? Hvaðan var hann þá aðfluttur? En auk þess verður að gæta þess, að áður en kláðinn kom hèr upp á Suðurlandi, var kláði í Hýnavatnssýslu (*Páll Vídalín:* Það er ósatt). Það er víst. Eg neita því ekki, að kláði sè sóttnæmur, en þess eru svo mörg dæmi, að hann getur komið upp af sjálfum sèr, og sóttnæmið er hvergi nærri eins mikið og Íslendingar ætla. Að því, er verðina áhrærir, þá eru þeir sannlega að litlu liði. Eg neita því ekki, að þeir stundum kunna að geta orðið að nokkru litlu gagni; en gagnið getur þó aldrei samsvarað þeim þungbæra kostnaði, sem þeir hafa í för með sèr. Þingmaður Barðstrendinga hèlt, að niðurskurðurinn væri sú eina rètta «Ökonomi»; en það vona eg allir sjái, hvort skynsamlegra er, að lækna skepnur sínar fyrir nokkra skildinga, eða að drepa þær allar niður, og þannig svipta sig bjargarstofni sínum og atvinnu; þetta sèst bezt á sveitunum hèr á Suðurlandi, því þær sveitirnar, sem læknuðu, standa sig hezt, enda þótt þær hafi verið með lækningarnar í ein 9—10 ár; en t. a. m. Mosfellssveitarbúar biðu

það tjón, að þess verður langt að bíða, að þeir bíði þess bætur, eins og auðsætt er, þegar meðalbóndi beið mörg hundruð dala skaða við niðurskurðinn 1866, og hefir ekki beðið þess bætur síðan. Það stendur ei til, að stjórnin tali um lækningar í frumvarpinu, því hún hefir loks fyrir þrábeiðni þingsins látið að orðum þess, og leyft niðurskurð innan vissra takmarka. Eptir nefndaruppástungunum á amtmönnum eigi að vera heimilt, að setja vörð, þegar þeim þykir þess þörf, heldur eiga þeir að vera skyldir til þess, þegar niðurskurðarmennirnir segja, að nauðsyn beri til þess. (*Davíð Guðmundsson:* Amtmaðurinn er þó primus inter pares). Lesi þingmaðurinn orðin betur, þar stendur: amtmaðurinn skal o. s. frv. Eg skal svo ekki tala meira um þetta mál, og eg þarf ekki frekar að gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Eiríkur Kúld: Það er ekki gustuk, að svara ræðu hins háttvirta vinar míns þingmanns Reykvíkinga, því hann getur ekki borið hönd fyrir höfuð sèr, og reyndar hefði eg nú átt að lofa honum sèr til fróunar að eiga seinasta orðið um kláðann. Hvað breytingaratkvæði mitt undir tölulið 4. a snertir, þá hefir hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga tekið allt það fram, er mælir með því, svo eg þarf ekki að verja það frekar; einungis skal eg geta þess, að eg tók það af því, að mèr þótti 150 rd. vera of lítið til að skipta niður á allt landið, en að öðru leyti skal eg ekki halda fast fram breytingaratkvæðinu. Eg fellst á tölulið 6. b, því eg get ekki betur sèð, en að það sè sanngjarnt, að þeir, sem ala kláðann, taki þátt í að borga varðkostnaðinn. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að verðir hefðu að óþörfu verið settir í norður- og vestur-ömtunum; en þessu verð eg að neita sem alveg röngu, því það er alkunnugt, að verðirnir einmitt hafa hjálpað til þess, að varna útbreiðslu kláðans til beggja þessara amta. Hinn sami háttvirti þingmaður sagði, að lækningarnar eigi hefðu tekizt, af því þær hefðu haft svo miklum mótspyrnum að mæta, en eg held, að þær mótspyrnur hafi engar komið að vestan eða norðan, svo að þær hefðu þurft að hindra lækningarnar á Suðurlandi, og ætið hefðu þær átt að geta tekizt þess vegna hèrna í sjálfri Reykjavík, og hvernig fór það? æði lengi var kláðinn hèrna, og eg held aldrei fullkomlega læknaður, að minnsta kosti sá eg um þingtímann 1867 hèr grænflekkóttar kindur kláðugar vera að rölta hèr upp í holtunum. Þar sem þingmaður Reykvíkinga minntist á og fann að, að eg hefði viljað skoða kláðamálið frá hinni ökonómisku hlið

og álitið, að niðurskurður í tíma hefði kostað minna en allar þessar lækningar, sem hann treysti á, þá vil eg einungis geta þess, að hann hefði átt að gefa skýrslu um, hvað hann hafi ábatazt á lækningatilraunum sínum; hann þurfti þó ekki að sækja kláðalyfin eins langt og sumir í norður- og vesturamtinu mundu hafa þurft, um margar þingmannaleiðir; hèr var hjá honum allt við höndina, kláðalyfin, kláðalæknar og hvað eina; en hvernig fór? Eg neita því ekki, að kláðann megi lækna, en hitt er víst, að það aldrei getur orðið einhlítt, og varla nema kák, eptir því sem hèr á landi stendur á. Að það liði í kolunum játa eg með hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni, ekki má ske í niðurskurðarkolunum, heldur í kláðakolunum, því mèr er sagt, að kláðinn væri rètt nýlega í Ölfusinu, og hver vill þá ábyrgjast, að hann verði ekki ef til vill kominn í haust í Mosfellssveit og víðar, en meðan kláðinn er til, þá er engin önnur trygging gegn honum betri en verðirnir, úr því ei er skorið niður.

Framsögumaður: Væri eg eigi í nefndinni og þar hjá sem framsögumaður skyldur til að halda uppi vörn fyrir aðgjörðum nefndarinnar, þá mundi eg hafa þagað og eigi lengt umræðurnar um mál þetta; en eg er neyddur til að svara þeim aðfinningum við nefndarinnar aðgjörðir, sem frá ýmsum þingmönnum hafa komið, og þó einkum frá vini mínum hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga, þeim aðfinningum, segi eg, er bera það fram, að aðgjörðir vor nefndarmanna hafi eigi einungis verið óheppilegar, heldur jafnvel hrekkvísar. Eg segi það aptur, að slíkum ákúrum álít eg mig skyldugan að svara eptir stöðu minni sem framsögumanns í máli þessu. Mèr kom það í hug, þegar þingmaður Reykvíkinga byrjaði ræðu sína, að hèr ættu þessi gömlu orð við: «Parturiunt montes», en er eg heyrði ræðu hans til enda, sá eg, að minna varð úr ósköpunum (eða «nascitur ridiculus mus»). Hann sagði, að alþingi hefði rètt til að gjöra skynsamlegar breytingar við frumvarp frá stjórninni; þetta er í alla staði satt og rètt; en hann sagði og, að þingið yrði í breytingum sínum að fara varlega, það er að segja, eigi gjöra þær breytingar, sem óhugsanlegt væri að stjórnin mundi fallast á; þetta er líka satt; hann sagði enn fremur, að breytingarnar við frumvörp stjórnarinnar væri þá óskynsamlegar og óvarlegar, þegar þær gengju móti grundvelli hinna gildandi laga og almennu frelsi; það er líka satt; en hinn heiðraða þingmann vantaði að sanna, að þetta ætti sèr stað

með þær breytingar, er nefndin hefir gjört á stjórnarfrumvarpi þessu. Það er æfinlega óheppið fyrir menn, hvort sem það er þingmaður Reykvíkinga eða aðrir, þegar menn eiga að sanna einn hlut, og mönnum sèst alveg yfir það, hvað þeir eigi að sanna, því þá má ganga að því vísu, að sönnunin brestur, svo árangurinn verður eins og hjá þingmanninum allsnakin petitio principii. Eg vil nú leyfa mèr að spyrja þingmanninn: Hvað er frelsi manna? Er það óbundið sjálfræði, sem engum lögum er háð? Já, eg skal reyndar ekki neita, að svona hefir hugmynd frelsisins á stundum verið skilin, og svona mun þingmaðurinn skoða frelsið í sambandi við fjárkláðann og næmar fjárveikjur. En er þetta hið rètta frelsi? Er eigi einmitt hið rètta frelsi lögum bundið? Því segi eg það, að hafi nefndin gengið á móti frelsi manna, þá hefir frumvarp stjórnarinnar gjört það engu síður. Eða má eg spyrja hina heiðruðu þingmenn: Finna þeir eigi frelsi sitt bundið við tilskipunina frá 5. jan. 1866? Og eg vil enn fremur spyrja: Hvaða lög eru það, sem ekki takmarka frelsi manna? Þar sem þingmaðurinn sagði, að stjórnin myndi octroyera frumvarpið upp á landið, þá bið eg hinn háttvirta þingmann vel að gæta þess, að þótt hann sitji allnærri konungsfulltrúastólnum, og þó eg af hjarta óskaði honum, að hann hefði tækifæri til að tala þaðan máli stjórnarinnar, þá bið eg hann gæta þess, að meðan hann ekki er kominn upp í konungsfulltrúasætið, þá skortir hann alla heimild til þess, að við hafa slíkar getgátur, að eg eigi segi hótunaryrði í frammi; og að öðru leyti bið eg hinn heiðraða þingmann, að hafa vel í minni þessi orð sín, er hann hefir borið fram hèr á þinginu, sem reglu fyrir sjálfan sig, þegar ræðir um breytingar á stjórnarfrumvörpum. Eg veit vel, að hann framfylgir grundvallarskoðunum sínum, sem hann ber fram í máli þessu hèr á þinginu í stjórnarinnar stað; en eg get ekki neitað því, að það voru sum orð í ræðu hans, sem mèr þóttu ekki falleg. Eg kalla það ljót orð, að segja að nefndin hafi viljað lauma inn ótakmörkuðum niðurskurði, og þetta byggði hann á því, að nefndin hefir ráðið þinginu til að fella burtu orðið «fyrst» í 1. grein stjórnarfrumvarpsins. Já, nú fyrst þykir mèr gaman að tala við þingmann Reykvíkinga! Í þessum orðum sínum sýnir hann fyrst, hversu skoðanir hans eru herfilega teknar úr lausu lopti. Eg þykist vita, að hann muni enn kunna hugsunarfræðina sína, og ekki hafa enn með öllu gleymt henni; og því þykir mèr það næsta undarlegt af honum, að segja að mótsetningin móti «fyrst» sè

«allt af». Eg veit svo mikið í hugsunarfræði, að eg segi, að mótsetningin á móti «fyrst» er «í annað eða þriðja eða fjórða sinn» o. s. frv., en með engu móti «allt af». Er ekki þetta satt, má eg spyrja? Skilur hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga ekki, að nú tala eg ómótmælanlegan sannleika? Það, sem vakti fyrir nefndinni með þessari sinni breytingu, var það, að valdstjórnin hefði nauðsynjarinnar vegna óbundnar hendur í aðgjörðum sínum, til þess að sporna við uppákomnum vandræðum. Og þess vegna fæ eg eigi betur séð, en þessi breyting nefndarinnar sè að fullu og öllu á hinum beztu rökum byggð. Þar sem þingmaðurinn enn fremur var að tala um «að murka», þá þykir mèr þetta orð einnig næsta ljótt. En eg veit, af hvaða rótum orðið er runnið; það er komið upp í Hirði gamla, sællar minningar! Það er gamall draugur, sem þingmaðurinn er nú að vekja til lífs og apturgöngu. En má eg spyrja: Hver á að murka? Eptir stjórnarfrumvarpinu er það beinlínis amtmaðurinn, og eptir uppástungum nefndarinnar er það eigi síður amtmaðurinn. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga mun varla fá svo herfilega blindað sjónir þingmanna, að þeir eigi sjái þetta; þó hann beri mikið traust til sjálfs sín. Eptir því, sem þingmaðurinn sagði, skildist mèr ekki betur, en að amtmennirnir hefðu í öllu falli nógu rúmt svið, þótt niðurskurðarvald þeirra væri bundið við 5 bæja takmarkið; en þingmaðurinn flaskar hèr eins hraparlega á mótsetningunni móti tölunni 5, eins og orðinu «fyrst»; hún ætti nefnil. eptir hans setningu að vera sama sem allar tölur; en hún er ekki fremur það, sem er meira en 5, heldur en hitt, sem er minna en 5. Og hafi ræða hans þannig verið móti allri heilbrigðri skynsemi og réttri hugsun, eins og nú er sýnt, þá er henni í rauninni eigi svarandi einu orði. Þar sem þingmaðurinn sagði, að nefndin færi «fínt» að, með því að lauma inn niðurskurði, þá liggur í þessu skens til valdstjórnarinnar, en ekki til nefndarinnar, því það liggur í þessum orðum hans, að hann trúi ekki valdstjórninni til að beita valdi sínu, sè það eigi rígbundið, samkvæmt tilgangi stjórnarinnar; eg vil biðja þingmanninn vel að gæta þess, að það er ekki eg eða nefndin, sem á að beita þessu valdi, heldur eru það amtmennirnir. En beri maður nokkurt traust til valdstjórnarinnar, eins og vera á, þá er auðsætt, að eigi má binda of mjög hendur hennar, svo hún geti í hvert skipti farið því fram, sem hún álítur bezt við eiga. Þar sem þingmaðurinn tók dæmi úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, og sagði, að þar

hefði ekki þurft að skera niður, þá neita eg því ekki, að æskilegt væri, að ekki hefði þurft að skera niður einmitt hjá þingmanninum sjálfum; og því neita eg ekki, að mörgum hverjum hèr um svæði hefir tekizt miklu betur að lækna en þingmanninum sjálfum. Þingmaðurinn talar mikið um sögur, og eg ímynda mèr að verið geti, að hann sè heilmikill sagnafræðingur og sagnameistari, og að það væri sannarlega æskilegt, að allar sögur hans viðvíkjandi kláðamálinu verði teknar upp í skrautbindið af árbókum Íslendinga! en hèr á ekki við, að segja sögur eða að fara út í einstakleg atriði; það er málið í heild sinni, sem hèr liggur fyrir, og hin almennu dæmi, er geta verið því til styrkingar. Vèr eigum að hafa það vakandi fyrir augum, að þingið á að forðast það, sem á að forðast, og fylgja því, sem á að fylgja, svo að einungis sannleikurinn á að vera það mark og mið, sem menn hafa fyrir augum. Þar sem hann enn fremur var að tala um oekonomiskan hagnað, þá get eg þess, að eg er ekki hèr að halda fyrirlestra á þinginu um «oekonomie», en spyrja vil eg þingmanninn, hvort það hafi verið «oekonomie», þegar kindurnar voru soðnar lifandi fyrir honum í keitubaðinu vorið 1867, eptir því sem hann sjálfur skýrði frá hèr á þingi. Eg álít, að í þessu máli sè það hin eina rètta «oekonomie», að skera niður, þegar þess þarf við og lækna, þar sem lækna má. Eða hver vill mótmæla því, að stundum og sumstaðar eigi og verði að skera niður. Eg vil taka til dæmis: Ef fjárkláði eða önnur næm fjárveikindi kæmi upp austur í Öræfum. Hvernig ætli þá ætti að fara að lækna? Ætli það mundi ekki kosta meira en lítið, að senda mann annaðhvort allar götur suður á Eyrarbakka eða austur yfir Breiðamerkursand, og svo austur eptir sveitum til Djúpavogs, og vegir opt og tíðum með öllu ófærir, eins og kunnugt er. Eg verð að biðja menn að gæta að því, að víðar eru kindur en í höfðum þingmanna hèr í salnum; þær eru sem kunnugt er út um fjöll og firrnindi, kletta og klungur, gjár og gjótur, og þessa bið eg vel gætt; það væri því ekki úr vegi að fá í þessu efni ráð hjá reyndum og góðum smala, eins og hinn háttvirti 3. knnungkjörni þingmaður var að ráða þinginu til við undirbúningsumræðu þessa máls, því þeir myndu sannarlega sanngjarnar og betur tala um þetta mál, heldur en hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga. Hvað vörðunum viðvíkur, þá vildi hvorki eg nè hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir hafa þá verði, sem hindra heppilegt samkomulag þings og þjóðar við stjórnina,

og slíkum verði ræð eg hinum háttvirta þingmanni að halda eigi lengur uppi. Eg er sannfærður um, að eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir talið stjórnina á og fylgt því örugglega fram, að hún slakaði til við vilja þingsins og þjóðarinnar, eins muni hann koma fram framvegis, og eigi hvetja stjórnina til, að fara eptir tillögum hins heiðraða þingmanns Reykvíkinga í máli þessu.

Jón Sigurðsson: Það hefir verið farið allmörgum orðum um mál þetta, en þó eru það ekki svo mjög nefndarmennirnir, sem nú hafa lengt umræðurnar, að undanteknum hinum háttvirta framsögumanni, sem hefir hlotið að halda vörn uppi fyrir nefndinni, samkvæmt stöðu sinni og skyldu, heldur eru það aðrir, sem hafa talað bæði margt og mikið og sumt það, er málinu er með öllu óviðkomanda, einkum hinn heiðraði þingmaður Reykvíkinga, sem nú, eins og hann sjálfur sagði, hefir fundið hjá sèr sèrstaka köllun til að tala í málinu, eptir svo langsama þögn. En þar af flýtur, að eg finn mèr skylt, að gjöra nokkrar athugasemdir við ræðu hans. Hann sagði það eitt meðal annars, að kláðinn væri nú dáinn út, og verð eg að segja, að það gleddi mig stórlega, ef svo væri; og það lítur út fyrir, að bæði hann og fleiri þingmenn hafi álitið það sjálfsagða skyldu sína, að gjöra útför kláðans dýrðlega og setja honum vegsamlegan minnisvarða í þingtíðindunum. Honum þótti það vel við eiga, að hafa upp orð konungsfulltrúa, þau er hann við hafði hèr um daginn, þegar málið var fyrir til undirbúnings, að konungur mundi ef til vill oktroyera upp á okkur frumvarpi því, er hèr liggur fyrir, ef þingið ekki nú fèllist á það í einu og öllu; en mèr sýnist, að það hefði verið rèttara af þingmanninum að láta vera, að við hafa slíkar hótanir, meðan hann þó ekki er kvaddur til að fara upp í konungsfulltrúastólinn, því eg get fullvissað hann um það, að hvaðan sem þessleiðis hótanir koma, þá munu þær síður en ekki bæta eða mýkja skap þingmanna, hvort sem heldur er að ræða um þetta mál eða önnur meira umvarðandi. Eg ætla eigi með einu orði að verja aðgjörðir nefndarinnar, því bæði hefir hinn háttvirti framsögumaður varið þær svo algjörlega, og svo virðast mèr allar mótbárur, sem fram hafa komið gegn nefndinni, svo harðla lèttvægar, að þær biði eigi svara. Þar sem þingmaður Reykvíkinga var að tala um hina oekonomisku hlið þessa máls, þá skal eg reyndar játa það, að eg hefi ekki skorið niður hjá mèr, og hefi því engan oekonomiskan hag haft af niðurskurðinum fyrir mig

persónulega, en eg vil spyrja hann: Hvaða oekonomiskan hagnað hefir sjálfur hann haft af öllum sínum lækningum? Það væri sannarlega fróðlegt, ef hann vildi leggja fram fyrir þingið skýran reikning yfir allan þann hag, sem hann hefir haft af lækningunum. Af því að þingmaður Reykvíkinga fór að segja þinginu sögu, skal eg líka leyfa mèr að segja því sögu, sem hann hefir sagt mèr sjálfur, og er hún svo hljóðandi, að hèr um árið, þegar kláði var hjá honum sjálfum, þá var baðað hjá honum eptir opinberri ráðstöfun — því þá lá reiðingurinn svo á þingmanninum, að hann vildi ekki baða sjálfur — nú sagði hann, að fè sitt hefði verið alheilbrigt, áður en baðað var, en að kláði hefði komið upp í því strax eptir baðið. Má eg nú spyrja, var þetta oekonómiskt, að setja kláða í fèð með baðinu, eða hve mikinn hagnað hafði þingmaðurinn af þessum lækningum? Hvað breytingaratkvæðið undir tölulið 4. a, snertir, þá skal eg geta þess, einkum þar eð annar þingmaður hèlt fram þessu breytingaratkvæði meira en uppástungumaður sjálfur, að nefndin hugsaði sèr, að eigi mundi koma til svo mikils niðurskurðar, sem uppástungan gjörir ráð fyrir, nema að eins í einstöku tilfellum. Þar sem þingmaður Reykvíkinga enn fremur sagði, að nefndin hefði viljað «lauma» inn alveg ótakmörkuðum niðurskurði, þá er það með öllu rangt, og sú var aldrei hennar meining, heldur vildi hún að eins, að amtmennirnir fengju vald til, að beita niðurskurði, þegar brýn nauðsyn til bæri; og mundi sjaldnast koma til þess, að mikið fè yrði niður skorið, en ef til þess kæmi, þá áleit nefndin, að endurborgun skaða þess, er hlutaðeigendur þar við biðu, yrði sem minnst tilfinnanleg, ef allir fjáreig» endur í landinu tækju þátt í henni. Hvað varauppástungunna undir 10. tölulið snertir, þá játa eg það, að hún mun vera af góðum hug framflutt, en mèr sýnist hún eigi muni geta komið að neinu liði, og jafnvel þótt hinn háttvirti varsforseti leitaðist við að mæla henni bót og álíta hana mjög nauðsynlega, þá hygg eg, að eins lítið muni út af henni koma, eins og þá er Njáll forðum lagði bótina á gjaldið; og því er það, að eg ræð þinginu alveg frá að fallast á hana.

Stefán Jónsson: Eg get ekki skilið, hvað veldur þeim útúrdúrum, sem margir þingmenn hafa komizt í í máli þessu, og eg held, að varla myndi veita af viku, ef allir þingmenn ættu að tala eins mikið um mál þetta, og sumir þegar hafa gjört; en það er engan veginn nefndin, sem hefir gefið tilefni til þessara óþörfu og

ástæðulausu ræðna, heldur hafa sumir hlaupið út í gönur og alveg horfið frá hinni alvarlegu hlið þessa máls, og verið að rekja kláðaferilinn frá upphafi, en þessi aðferð hefir orðið einungis til tafar og vakið orðastríð og óþarfa málalenging. Umtalsefnið er hèr að eins, hvort og að hve miklu leyti breytingar nefndarinnar eru á rökum byggðar. Menn hafa einblínt á kláðann einn, eins og engin önnur fjárveikindi væru til á Íslandi, en hann. En löggjöfin og frumvarpið, sem hèr ræðir um, nefnir þó með fram «önnur næm fjárveikindi», og það er ekki óhugsandi, að þau geti komið fyrir. Þingmaður Reykvíkinga, sem lengst hefir nú hlaupið í gönur í þessu máli, veit, að hvergi eru meðul að fá gegn fjárkláða, nema hèr í Reykjavík, og því er ómögulegt að ná til þeirra, nema hèðan úr nærsveitunum; þess vegna er engin furða, þó nefndin áliti, að stundum eigi að skera niður og setja verði, þegar það er óumflýjanlega nauðsynlegt, og engin önnur úrræði eru möguleg, enda gefur og sjálft stjórnarfrumvarpið leyfi til þessa, þar sem það við hefir orðin: »skal amtmanni heimilt«. Það er undravert, hvað þingmaður Reykvíkinga og hinn 3. konungkjörni geta verið stífir í þessu máli, eptir því sjónarmiði, sem þeir allt af hafa haft í þessu máli, þ. e.: að kláði geti komið upp, hvar sem vera skal, en vilja þó fyrirbyggja, að verðir sèu settir, eða nokkurri veikri skepnu verði lógað, þó hvergi sèu meðul til, og þá ætti eptir þeirra setningu, að sleppa öllu í afskiptaleysi. Auk þess er það ranghermt af þingmanni Reykvíkinga, þar sem hann segir, að orðið «virðist» sè komið upp hjá nefndinni; það er einmitt orð stjórnarfrumvarpsins, eins og þingmaðurinn getur lesið. Mèr sýnist það öldungis eðlilegt, þótt meira traust sè borið til amtmannanna en hvers einstaks manns, og því sýnist mèr ekki heldur nein ástæða fyrir þingmanninn, að vera að fetta fingur út í þetta. Mèr virðist þingmenn hefðu átt að ganga að máli þessu með rólegum og alvarlegum huga, en ekki gjöra sig hlægilega með spotti og spaugi. Það er eitt með öðru góðu, sem sagt hefir verið á móti nefndinni, að enginn viti neitt, hvað bezt hentar í þessu máli, nema hann sè læknir, og þess vegna verði þeir að ráða úrslitum málsins; en eg verð að segja, að þetta er röng skoðun; eg vil halda, að þeir, sem í mörg ár hafa sýslað við sauðfè og hirðingu þess, sumar og vetur, eins og eg er viss um, að flestir af þeim bændum, sem hèr eru á þinginu hafa gjört, eg vil segja, að þeir geti fullkomlega dæmt um, hvað við á í þessu máli, eins vel og sumir lærðir menn,

sem aldrei hafa neitt átt við fè, annað en að baða það veikt. Yfir höfuð hefir nefndin farið svo hóflega og gætilega í aðgjörðum sínum á máli þessu, sem henni var framast unnt. Hvað varauppástunguna undir 10. tölulið snertir, þá er það vafalaust, að hún er framborin í góðu skyni; en eg efast eigi um, að stjórnin muni vilja samþykkja breytingaruppástungur nefndarinnar, og þó svo aldrei verði, þá er eg sannfærður um, að hún mun þá samt löggilda frumvarpið óbreytt, eins og það hefir komið frá hennar hendi, en ekki fleygja því og láta svo búið standa. Þess vegna verð eg að álíta breytingaratkvæðið með öllu óþarft og ekki við eiga.

Páll Vídalín: Eg stend ekki upp til þess að halda svörum uppi fyrir nefndarálitinu eða breytingum nefndarinnar, því hinn háttvirti framsögumaður og aðrir nefndarmenn hafa gjört það; en eg stend upp til að vekja athygli þingmanna á ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar. Í þeim stendur svo: »Hins vegar verður ekki á móti því borið, að þau tilfelli geta að höndum borið, þar sem ráðstöfunum þeim, sem fyrirskipaðar eru í tilskipun 5. janúar 1866, ekki verður komið í kring, þar sem landshögum víða á Íslandi er svo varið, að ef næm fjársýki, er mikið kveður að, kæmi upp, þá yrði því ekki við komið, að framkvæma aðskilnað þann og lækningar á hinu sjúka fè, sem 4. gr. tilskipunar skipar fyrir, af því skilmálarnir fyrir því, næg fjárhús og fóður, eru ekki fyrir hendi». Síðan er talað um að dýralæknar sèu ekki til og opt vanti læknismeðul, sem með þarf. Nú get eg ekki betur sèð, þegar menn gæta að þessu í ástæðunum, en að nefndin hafi gjört alveg rètt í, að sleppa 5 bæja takmarkinu, því það sjá allir, að þessar ástæður, sem stjórnin sjálf tekur fram, og alveg eru rèttar, eru eins til staðar, þó bæirnir kunni að vera 6 eða fleiri en 5. Þess vegna verð eg að álíta, að nefndin hafi gjört alveg rètt í, að taka burtu þessa 5 bæja ákvörðun í frumvarpinu. Menn hafa fundið að því, að nefndin hafi sleppt út orðinu »fyrst» í 1. gr. frumvarpsins, en eg held, að nefndin hafi gjört rètt í að fella það; því að það getur svo hæglega misskilizt, eins og hver maður getur sèð; því það er með öllu ómögulegt opt og tíðum að segja, hvar fjárkláðinn kemur fyrst upp; hann getur komið upp víða jafnsnemma. Hvað vörðunum viðvíkur, þá vita menn, að þeir eru hin eina verulega trygging fyrir útbreiðslu kláðans, því meðan lækningunum var fram haldið voru verðirnir það eina, er verndaði Norðurland fyrir eyðileggingu. Eg mótmæli því með öllu, sem þingmaður Reyk-

víkinga sagði, að kláðinn hafi fyrst komið upp í Húnavatnssýslu. (Halldór Friðriksson: Sönnun?) Jafnvel þó eg álíti, að sönnunarbyrðin í þessu efni hvíli á þingmanninum sjálfum, skal eg þó benda til, að sú er sönnun fyrir þessu, að hefði kláðinn verið þar áður og innlendur, þá hefði til ónýtis verið, að skera niður, þar eð þá hefði ekki verið hægt að skera fyrir sýkina; en þetta er gömul kredda úr Hirði, sem er marghrakin og reynd að vera ósannindi ein. Að öðru leyti ætla eg ei meira að tala, en get þess að eins, að eg tel slíkar ræður, sem þingmanns Reykvíkinga, að eins til ónýtis og ills eins, og það sjá allir, að hèr á ekki að breyta lækningalögunum hið minnsta, heldur eiga þau að standa óhögguð, og ekki á að grípa til niðurskurðar nema í þessum sèrstöku tilfellum, sem ástæður frumvarpsins benda til. Yfir höfuð verð eg að álíta nefndina beinlínis að hafa fylgt ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvarpi hennar, svo að hún með breytingum sínum, hafi hitt hjarta hennar, svo að nær hafi eigi verið unnt að komast.

Konungsfulltrúi: Eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, að þar sem stjórnin hefði lagt þetta frumvarp fyrir þingið, ekki vegna þess að hún sjálf áliti það nauðsynlegt að breyta tilsk. 5. jan. 1866, heldur einungis vegna þess, að hún óskaði að fara svo langt til móts við uppástungur alþingis frá í hitt eð fyrra, sem henni virtist hættulaust að fara — væri þessu frumvarpi nokkuð öðru vísi háttað, en öðrum frumvörpum, þar sem stjórnin álíti nauðsynlegt að breyta hinum gildandi lögum. Hinn heiðraði framsögumaður og þingmaður Barðstrendinga misskildu það, sem eg í þessu tilliti hafði sagt, og þar sem báðir þessir þingmenn eru svo skarpvitrir, og eg ekki þori að gjöra ráð fyrir, að þeir ekki hafi viljað skilja orð mín, má búast við, að ekki heldur aðrir þingmenn hafi skilið þau, og skal eg þess vegna, áður gengið verði til atkvæða, skýra ýtarlegar frá því, sem þó eptir minni meiningu nægilega skýrt er tekið fram af mèr við undirbúningsumræðuna. Eg held, að allir þingmenn geti sèð að mikill munur er á frumvarpi einhverju, sem stjórnin býr til í máli, sem ekki hefur áður verið rætt á þinginu, og því frumvarpi, sem samið er í máli, er ár eptir ár hefir þar verið rætt, og þar sem mesti ágreiningur hefir verið milli skoðunar stjórnarinnar og alþingis. Þegar stjórnin í þess konar máli, þó að hún ekki við ástæður þingsins sè sannfærð um nauðsyn þess, að breyta gildandi lögum — og eg skal bæta því við, þó að ástæður þingsins ekki hafi verið þess eðlis, að

þær geti sannfært hvorki stjórnina, nè yfir höfuð að tala menn, er ekki skoða málið sem málspartar (eg skal taka til dæmis hinn háttvirta forseta þingsins — ekki að síður reynir til þess að sýna þinginu, að hún óski að fara svo langt til móts við uppástungur þess, sem hún getur ábyrgzt, því það tók hinn heiðraði framsögumaður réttilega fram við undirbúningsumræðuna, að hún ein hefir ábyrgðina af löggjöfinni nú sem stendur, á meðan þingið er ábyrgðarlaust, og þess vegna í dag getur neitað því, sem það játaði í gær (eg skal taka til dæmis spítalamálið), þá er sannarlega mikill munur á stöðu stjórnarinnar til breytinga þeirra, sem þingið stingur upp á við þess konar frumvarp. Heldur þingið, má eg spyrja, að stjórnin ekki hafi nákvæmlega yfirvegað allar ástæður þær, sem þingið áður hefir borið fram í málinu? Af því stjórnin hefir ábyrgð þess, er hún í þessu tilliti gjörir, þykir mèr þingið ekki hafa rètt til að gjöra ráð fyrir, að hún ekki hafi tekið allar þessar ástæður til yfirvegunar. En má ske nefndin hafi fundið nýjar ástæður, sem ekki áður eru komnar fram? Eg get ekki sèð það. Nefndin hefir einungis — eg skal viðurkenna það, að hún hefir gjört það með hógværum orðum — ítrekað það, sem optar en einu sinni er sagt af þinginu í þessu máli. En fyrst nú á öllu stendur, eins og eg hefi sagt, þá vil eg spyrja hina heiðruðu þingmenn, hvort þeim ekki þyki líklegt að stjórnin, ef þingið svarar upp á spurningu hennar, hvort það geti samþykkt uppástungur, sem hún sjálf álítur ónauðsynlegar, en sem hún ekki að síður gjörir einungis til þess að sýna þinginu þessa ívilnun, og vegna þess hún álítur sèr fært að sýna slíka ívilnun — þó að hinn heiðraði 3. konungkjörni þingmaður um daginn segði um hana, að stjórnin hefði farið feti lengra en hún átti að fara — vèr viljum ekki þiggja þessa ívilnun; ef þú ekki vilt gefa oss allt, viljum vèr ekki hafa neitt — að stjórnin, segi eg, þá muni svara: þar sem þingið ekki vill taka á móti hendinni, sem eg rètti því svo langt sem eg gat, þá tek eg hana aptur, því það er í öllu tilliti óhætt. Það var þetta, sem eg við undirbúningsumræðuna benti þinginu á, mèr datt ekki í hug, og eg held það hafi ekki dottið öðrum, en hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga í hug — því hjá honum kemur svo mikið óvart — að neita frjálsum atkvæðisrètti alþingis.

Hinn heiðraði þingmaður Norður-Múlasýslu hefir tekið bendingu minni á þann hátt, að hann hefir borið fram varauppástungurnar undir tölulið 10.; með þessu getur að vísu orðið ráðin bót á

málinu; en því skal eg skjóta til yfirvegunar þingmanna, hvort ekki sè heppilegra að fella breytingaruppástungur nefndarinnar undir tölul. 1. b og c, og 2 a og 6.; en samþykkja þær, sem standa undir tölul. 1. a, 4. og 5.; og frumvarpið í heild sinni með þessum breytingum, en með því ætla eg að mæla, vegna þess að mèr þykir það skynsamlegra frá þingsins hálfu.

Framsögumaður: Út af ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, þá skal eg að eins geta þess, að eg hefi eigi viljað misskilja orð hans, en vera kann að eg hafi misskilið þau, og sama þori eg að fullyrða um hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga. Hann sagði, að eg hefði rètt haft að mæla, þar sem eg sagði, að löggjöfin væri í ábyrgð stjórnarinnar; en eg skal geta þess, að með orðum mínum meinti eg það ekki, að stjórnin hefði ábyrgð, o: ein ábyrgð á öllum lögum, heldur meinti eg, að ef frumvarp væri lagt fyrir þingið og þingið gjörði breytingar við frumvarpið, og stjórnin svo gengur eigi að þessum breytingum, þá væri það ábyrgð stjórnarinnar. Það er að nokkru leyti rètt, að stjórnin hefir ábyrgð á lögum þeim, sem hún gefur. En ef lögin eru ávöxtur af tillögum bæði stjórnarinnar og þingsins, þá hefir þingið einnig mikla ábyrgð á öllum þeim misfellum, sem á lögunum kunna að verða. En reki maður þetta mál lengra, þá má sýna, að það er samvinna milli þingsins og stjórnarinnar, sem er hin rètta og eðlilega undirrót laganna, en formlegt gildi þeirra, það er verk stjórnarinnar, en það er sitt hvað, sem eigi má blanda saman; þetta eru þeir tveir «factorar», sem mynda innihald laganna, eða með öðrum orðum: Lögin eiga að vera þess kyns ávöxtur; þá fyrst eru það eðlileg lög. Þess vegna get eg eigi skilið í því, að þetta frumvarp stjórnarinnar sè rètt að kalla ívilnun frá hendi stjórnarinnar, heldur vil eg ætla, að því að eins láti stjórnin að vilja þingsins, að hún finni ástæðu til að samþykkja tillögur þess, og að stjórnin gett eigi lagt það frumvarp, sem er einungis ívilnunarfrumvarp, fram fyrir þingið. Það er satt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að þetta er ekki nýtt mál, og að stjórninni hefir gefizt tækifæri til að yfirvega það svo rækilega, sem hún frá sínu sjónarmiði hefir bezt getað, og eg efast ei um, að hún hafi gjört það. En um það efast eg, að skoðun stjórnarinnar og þingsins sè svo sameinuð orðin, sem vera ber, í frumvarpinu óbreyttu, og um það veit eg að stjórnin líka hlýtur að efast, úr því hún lagði það fyrir þingið, því meiningin með þessari gjörð stjórnarinnar er einmitt sú

spurning til þingsins: Álítur þingið rètt, að gjöra frumvarpið svona lagað eða óbreytt að lögum? og sè svo, að þetta sè rètt skoðun, sem eg hygg vera muni, þá hlýtur einnig þingið að hafa rètt og skyldu til að segja álit sitt um málið. Hvort sem því «initiativið» er sprottið frá þinginu eða stjórninni, þá getur það eigi með nokkru móti verið meining stjórnarinnar, að þingið fallist á frumvarpið óbreytt, nema það sè sannfært um, að breytingar sèu ónauðsynlegar. Það skyldi annars sannarlega gleðja mig, ef unnt væri, að búa til alveg óaðfinnanleg lög, annaðhvort af þinginu eða stjórninni, en því er miður, að þetta er örðugra en frá megi segja. Reynslan sýnir, að það er örðugt að finna, hvað er hið rètta og sanna í hverju efni, og reynslan sjálf er hèr aptur hinn bezti leiðtogi, og það er á þessari dýrkeyptu reynslu, sem nefndin byggir tillögur sínar. Eg skýrskota í þessu til eins dæmis úr sögu vorri; það dæmi á hèr vel við. Eg minnist hins ágæta Íslendings Jóns sál. Eiríkssonar, sem lifði, þegar fjárkláðinn geisaði hèr í fyrra skiptið, og stóð við hönd stjórnarinnar; hann sá á endanum, að lækningarnar eingöngu voru eigi einhlítar, og hann hefir eptirlátið oss það eptir sinn dag af honum ritað, að það eitt gleddi sig, að nú vissu Íslendingar, þegar kláði aptur kæmi upp, hvað við hann ætti að gjöra. Og hafi Jón sál. Eiríksson orðið að gjöra þessa játningu, hvað mættu og ættu þá ekki einnig þingmenn að gjöra, eptir að hafa haft reynsluna fyrir sèr sjálfir svona mörg ár? Meira tala eg eigi í máli þessu.

Jón Hjaltalín: Hinn háttvirti framsögumaður máls þessa kom með sumt það í ræðu sinni, sem sannarlega hefir «interesserað» mig mikillega. Það er þessi gamla «Infallibilitas», sem menn vilja fara að slengja á aðra. Eg verð að segja þingmanninum það, að þó eg meti Jón Eiríksson mikils, þá trúum vèr þó ekki á hann eða orð hans; honum gat sannarlega skjátlazt eins vel og mörgum öðrum, og honum skjátlaðist líka á sínum tíma; hefði hann lifað nú, er alls eigi víst hann hefði þá hina sömu skoðun, og hann hafði fyrir 100 árum síðan. Annað merkilegt atriði var það í ræðu framsögumanns, þar sem hann var að bera saman fjárkláðann og kóleru. Eg veit nú reyndar ekki, hvað það á skylt saman. Eg skal játa það, að eg fyrirgaf ábyrgðarmanni Þjóðólfs, þegar hann var að bera saman fjárkláða og nautapest, því eg vissi, að hann vissi ekki, hvað hann var um að tala, eins og svo margir, sem spjalla mikið og langt í máli þessu, en að bera kóleru sam-

an við fjárkláða, það get eg ómögulega fyrirgefið hinum háttvirta framsögumanni. Það er undur að heyra slíka herfilega villu af skynsömum mönnum. Því er ver og miður, að mèr gleymdist að koma í tíma með viðaukaatkvæði í máli þessu; en það er víst hægt úr því að bæta, því hèr er von í dag á bænarskrá um prentfrelsi og prentsmiðjumál, svo það mætti ef til vill koma því þar undir, ef það mál verður tekið til meðferðar hèr í salnum, þó eg raunar sè alveg sannfærður um, að framsögumaður á alls engan þátt í þeirri bænarskrá. Fyrir 628 árum var Íslendingur einn skorinn hèr niður að ráðum stjórnarinnar; það var Snorri Sturluson, sem skrifaði Heimskringlu. Frá því er hann var skorinn niður, veit eg eigi til að svo stórt mál hafi komið fram á þingi Íslendinga, fyr en vera skyldi þetta vandamál eða niðurskurðarmál. Eg vildi nú stinga upp á því, að samin væri álíka bók eins og Heimskringla Snorra um kláðamálið, sem bezt væri að kalla annaðhvort «Varðakringlu» eða «Niðurskurðarkringlu», og prenta hana á öllum norðurálfunnar tungumálum. Það mundi verða fræg bók, eigi síður en Heimskringla, og þar í kynnu bæði Englendingar, Frakkar og Þjóðverjar ef til vill að sjá, að Íslendingar væru þó talsvert «originale» enn, eigi síður en á dögum Snorra, og þeir væru þá í standi til að þjóta upp til handa og fóta og hjálpa stjórnarbót Íslendinga áfram vegna «Kringlanna». Eg vil biðja hinn heiðraða framsögumann að lokum að gefa mèr skýringu yfir, hvaða samband er á milli fjárkláðans og kóleru.

Forseti: Þar eð eigi taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og er þá að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem eg vona þingmenn hafi prentaða fyrir sèr (sjá II., bls. 199).

Forseti: Þessu máli er þá lokið, en 3 mál eru eptir á dagskránni, og með því að nú er orðið framorðið, þá vil eg slíta fundi þegar, en ákveða fund í dag kl. 5, til þess að ræða þau mál, sem eptir eru á dagskránni.

Fundi slitið.

---

19. fundur — 23. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Dagskrá verður nú haldið áfram, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu málið um kennslu málleysingja. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður er framsögumaður og mun hann lesa nefndarálitið fyrir þingmönnum og skýra frá því, er honum þykir þurfa.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið. (Sjá II., bls. 202).

Eg vona, að þingið sjái það ljóslega af nefndarálitinu, að öll nefndin vildi sem bezt hlynna að máli þessu og er því meðmælt. Það var ljóst fyrir allri nefndinni, að málið ætti þetta skilið, og það er einmitt byggt á þessari skoðun, að meiri hluti nefndarinnar eigi vildi koma fram með aðrar uppástungur en þær, sem hann hèlt að gagnað gætu málinu; hann vildi ekki aðhyllast þær uppástungur, sem hann hèlt að eigi mundi vera von um að fá framgengt, og sem þess vegna ekkert mundu styðja málið; hann áleit málinu betur borgið með því, að halda sèr við hitt, sem von væri um að mundi geta fengið. Þess vegna vildi meiri hlutinn ekki ganga eins langt og minni hlutinn. Meiri hlutinn vildi eigi biðja um föst laun handa heyrnar- og málleysingjakennaranum, því slíkt væri að stofna nýtt embætti, en það heldur meiri hlutinn að engin von væri um að geta fengið; auk þess er kennari sá, sem hèr er um rætt, nýbyrjaður að kenna, og hafði einungis mjög stuttan tíma búið sig undir að vera kennari. Að vísu hefir hann fengið vitnisburð um, að hafa tekið ágætum framförum þennan stutta tíma; en fyrir þetta hefir hann og fengið þá miklu viðurkenningu af hinu opinbera, að honum er trúað fyrir kennslu heyrnar- og málleysingja og veittur rèttur til að fá borgunina með þeim á sama hátt og heyrnar- og málleysingjaskólanum í Kaupmannahöfn. Það er mikið traust, sem hlutaðeiganda hefir þannig verið sýnt, og meiri hlutinn vill með uppástungu sinni undir 1. tölulið um 200 rd. styrk gjöra honum mögulegt, að halda áfram kennslunni. En áður en lengra sè farið, áður en honum sèu ákveðin nokkur föst laun, vill meiri hlutinn láta sjást árangur af kennslu hans, láta reynsluna sanna, að hann sè maklegur þess trausts, sem honum þegar hefir verið sýnt; þetta virðist eigi meir en sanngjarnt. Þetta er ekki gripið úr lausu lopti, eins og minni hlutinn virðist ætla. Það getur varla verið vafi um það, að það muni myndast áreiðanleg meining um kennsluna, og þegar kennarinn framvegis sækir um styrkinn, þá verður hlutaðeigandi yfirvöldum, sem koma bænarskrá hans á

framfæri til stjórnarinnar, hægt með skýrslum og vottorðum að mæla fram með honum eptir maklegleikum. Meiri hlutinn vonar að vísu, að styrkur sá fáist, sem stungið er upp á undir 1. tölulið; en af því þetta þó engan veginn er víst, vildi meiri hlutinn sjá ráð til þess, að bæta að nokkru kjör hlutaðeiganda með vara-uppástungunni undir 2. tölulið. Í þessari uppástungu er í raun og veru farið fram á viðbót við það, sem nú er borguð. Að vísu heimilar brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 4. sept. 1867, að senda heyrnar- og mállaus börn til prestsins sèra Páls Pálssonar á opinberan kostnað, og að jafna niður borguninni á sama hátt og tíðkast til heyrnar- og málleysingja, sem sendir eru til Kaupmannahafnar; en upphæð borgunarinnar er þar á móti óákveðin; hún hefir ekki ávallt verið hin sama til heyrnar- og málleysingja-skólans í Kaupmannahöfn. Sèra Páll Pálsson gjörði sig ánægðan með 120 rd., með fram með tilliti til þess, að kennslan hjá honum er ófullkomnari, eins og von er, einkum að því leyti að hún yfirgrípur ekki kennslu í hinu verklega. Til þess að styrkja hlutaðeiganda, vildi meiri hlutinn því til vara hækka borgunina upp í 140 rd. Að því yrði svo til hagað, að borgunin gæti fengizt fyrirfram, varð meiri hlutinn að álíta bæði sanngjarnt og nauðsynlegt, en hvort þetta getur látið sig gjöra nú þegar, þar um get eg ekki haft neina meiningu. Meiri hlutanum leizt eigi ráðlegt að aftaka, að senda börn til Kaupmannahafnar, og þótti eigi enn sem komið er vera næg trygging fyrir góðri og áreiðanlegri kennslu hèr í landi. Hèr á það einnig við, að þörf er á að hlutaðeigandi ávinni sèr traust með kennslunni, að hann sýni sig maklegan þessara einkarèttinda. Uppástungan í 3. niðurlagsatriðinu miðar til þess, að gjöra innheimtuna greiðari og vissari, og mundi gjöra það að verkum, að borgunin yrði greidd fyrri, hvort sem hún gengi sem endurgjald til jarðabókarsjóðsins fyrir fè, sem þaðan hefði verið greitt til bráðabyrgða, eða hún ætti beinlínis að ganga til kennarans. Af því, sem áður er sagt, er það auðsætt, að meiri hluti nefndarinnar eigi getur fallizt á uppástungu minni hlutans, að beðið sè um að stofnaður verði heyrnar- og málleysingjaskóli hèr á landi, með því hann telur víst, að slíkt mundi eigi geta fengið áheyrn. Eg hefi þá skoðun í þessu máli eins og öðrum, að ef maður vill styrkja eitthvert mál, þá gjöri maður það bezt með því, að fara fram á það eina, sem nokkur líkindi eru til að geti fengið framgang, en ekki með því að biðja um það, sem maður getur

fyrirsèð að ekki muni verða neinn árangur af, og svo er um það, þó nú væri farið að biðja um skóla. Eg ætla svo eigi að tala fleira að sinni, en býst við því, að hinn heiðraði þingmaður Vestur-Skaptfellinga muni sjálfur mæla fyrir uppástungum minni hlutans.

Páll Pálsson: Eg get lýst því yfir, að eg í mörgu tilliti er samþykkur meiri hlutanum. Það af ágreiningsatriðum mínum, sem eg vil halda fastast fram, er það undir tölul. 3. í minni hlutanum. Eg get játað það, að vera kann, að eg hafi ekki tekið þetta atriði nógu ljóslega fram á nefndarfundunum, enda ber niðurlagsatriðið það með sèr, að eg hef fallið frá því, að binda skyldukennsluna við mína eigin persónu, heldur einnig tiltekið málleysingjaskólann í Kaupmannahöfn, því auðsætt er, að ekki er gjörlegt að binda slík einkarèttindi við einn einstakan mann. Eg viðurkenni það líka, að það væri til að skerða rèttindi einstakra manna, ef þeim væri fyrirmunað að senda börn sín til menntunar, þar sem þeir helzt kynnu að kjósa, en hitt álít eg heldur ekki sè rètt, að láta foreldrana vera öldungis sjálfráða með, hvort þeir láti kenna börnum sínum nokkuð eða ekkert. Í tilskipun frá 11. apríl 1817 er foreldrum og forráðamönnum mállausra og heyrnarlausra barna í Danmörk einnig gjört að skyldu, að senda börn sín mál- og heyrnar-laus til skóla þeirra, er fyrir slík börn voru þar stofnaðir, en það er nú þar heldur ekki bundið við neinn einstakan skóla. Skólarnir eru nú sem stendur 2, og hinn 3. var einnig stofnaður í Slèsvík, og þar mun hann enn þá halda áfram störfum sínum. Mèr getur ekki annað en virzt, að brýna nauðsyn beri til, að foreldrar og forráðamenn mál- og heyrnarlausra barna sèu skyldugir til að láta börn sín menntast, eins og hver önnur börn, í sínum kristindómi, og það er eigi einungis nauðsynlegt fyrir þau, heldur og einnig fyrir þjóðfèlagið, svo þau geti orðið nytsamir menn í mannlegu fèlagi. Eg get því eigi skilið, að þetta atriði sè eigi á góðum og gildum rökum byggt, og þetta eigi ekki síður við hèr á landi en í Danmörku. En til þess að þessi kennsla, sem verið getur að sè að sumu leyti í veikleika hjá mèr, geti orðið föst og þurfi eigi að hníga til grunna, þegar mín missir við, þá hefi eg leyft mèr að beiðast þess, að reglulegur skóli væri stofnaður. En af því eg sá fram á, að sá skóli mundi ef til vill verða þunnskipaður hèr á landi, ef hann að eins yrði skipaður mál- og heyrnarlausum, þá kom mèr í hug, að gjöra þessa stofnun arðmeiri og

kraptmeiri, með því að stinga upp á, að við kennsluna á heyrnarlausum og málleysingjum væri bætt kennslu á blindum, eins og líka er við þess konar stofnun í Stokkhólmi í Svíaríki, því mèr er það kunnugt, að á Íslandi eru þó ekki allfá, jafnvel 10—20 blind börn; en eins og vitanlegt er, er þeim ekkert og verður ekki heldur kennt hèr á landi sem stendur. Mèr gat og dottið í hug, að við kennslu þessa mætti enn sameina kennslu á þeim börnum, sem eru að einhverju leyti hálfvitar, og annars er jafnvel ei unnt að uppfræða. Dæmi til þessa er við prívatskóla kand. Kellers í Kaupmannahöfn. Eg játa það satt vera, að mörg vandkvæði munu vera á því, að þetta gæti fengizt þegar í stað, en sè það, sem upp á er stungið, annars nauðsynlegt, þá hygg eg, að það gèti varla spillt fyrir málefninu, þótt beðið sè um fè til skólans. Hvað uppástungu minni hlutans undir 2. tölulið a og b snertir, þá get eg eigi neitað því, að mèr finnst það alls eigi of mikið, þó að mèr sèu borgaðir 50 rd. fyrir hvert það barn, er eg kenni; því eg vil leyfa mèr að geta þess, að auk þess, sem eg sjálfur kenni börnunum, þá þurfa og heimilismenn mínir að kenna þeim ýmislegt, einkum innivinnu, sem mèr er eigi sjálfum unnt að kenna þeim, og gengur allmikill tími til þess. Eg sá það og fyrir mèr haft við skólann í Kaupmannahöfn, og veit það líka fullvel, að börnin geta eigi unnið fyrir brauði sínu, þó þeim hafi verið kennt það í andlegum efnum, sem þau þurfa að vita sèr til sáluhjálpar; þess vegna hefi eg einnig kennt börnum þeim, sem eg hefi haft til kennslu, ýmislegt verklegt, og til þessa gengur allmikill tími fyrir fleiri en mig af heimilisfólki mínu, svo kostnaðurinn í því efni er þó talsverður; og með því eg gekk út frá þessu, þá sýndist mèr ekki ósanngjarnt, að biðja um 50 rd. fyrir hvert af börnum þeim, er hjá mèr lærðu. Eg get ekki neitað því, að mèr virðist rèttast, að styrkurinn sè miðaður við tölu barnanna, sem, ef til vill, á stundum kynnu að verða mjög fá, eins og þau líka kynnu að geta orðið fleiri, en þá verður líka fyrirhöfnin meiri við kennsluna. En á þetta atriði legg eg þó enga verulega áherzlu, en get þess til, að eg muni mega taka til þakka, ef uppástunga meiri hluta nefndarinnar undir tölul. 1. a gæti fengið framgang, heldur en að eg fái alls enga þóknun, eins og nú á stendur. Hvað snertir uppástungu meiri hlutans undir tölul. 1. b, þá skýrskota eg til þess, sem eg hefi tekið fram í ágreiningsatkvæði mínu við álit meiri hluta nefndarinnar. Eg get sem sè ekki betur sèð, en að slíkrar beiðni getur ekki þurft

við af þingsins hálfu. 2. tölul. meiri hlutans er eg alveg samþykkur, en hefi að eins bætt við hann 4. tölulið í niðurlagsatriðum míns ágreiningsálits, og eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn virði mèr til vorkunar, þótt eg beiðist þess, sem þar er farið fram á. Að 3. tölulið meiri hlutans hefi eg ekkert að finna. Hvað snertir niðurlagsatriði mitt undir 4. tölulið, þá getur verið, að það sè ekki sem heppilegast orðað, sem sè að í staðinn fyrir: «og sem borgast» ætti að standa: «að svo miklu leyti sem hún er borguð» nfl. meðgjöfin. Eg játa það, að það er óheppilega orðað, og verð því að biðja hina heiðruðu þingmenn að laga þetta hjá sèr í hinum prentuðu niðurlagsatriðum nefndarinnar.

Konungsfulltrúi: Þar sem bæði meiri hluti og minni hluti nefndarinnar stingur upp á því, að styrkur verði veittur handa þeirri kennslu, sem hèr ræðir um, er ágreiningurinn þeirra á milli í raun og veru minni en hann sýnist vera. Eg er fyrir mitt leyti nefndinni samdóma í því, að æskilegt sè, að hið opinbera styðji þessa kennslu svoleiðis, að henni geti orðið framgengt á sem beztan hátt, en á hinn bóginn ber mèr að leiða athygli þingsins í þessu máli og í öðrum sama eðlis að því, að hið fjárhagslega ástand Íslands getur orðið því til fyrirstöðu, að sá styrkur, sem stjórnin kynni að óska að útvega kennslunni, verði veittur. Það er auðskilið, að á meðan fjárhagur Íslands er alveg á reiki, er sèrhvert mál, sem útheimtir fjárveitingu úr ríkissjóðnum, meira eða minna komið undir því, hvernig spursmálið um fjárhagsskilnaðinn verður útkljáð; en þó að eg voni, að þetta spursmál verði útkljáð á einhvern hátt, áður en alþingið í næsta skipti kemur saman, get eg ekki, sem stendur, skýrt þinginu frá, hvernig úrslitin muni verða, því það er komið undir því, sem mèr er ókunnugt, hvernig þingið tekur í stjórnarbótarmálið, sem það á að ræða áður langt líður.

Með þessum fyrirvara skal eg nú fara fáeinum orðum um niðurlagsatriði nefndarinnar. Uppástunga meiri hlutans undir tölulið 1 *a*, virðist mèr veita þann styrk handa forstöðumanni kennslunnar, sem bæði má álíta nægilegan og að öllu betur til fallinn en uppástunga minni hlutans undir tölulið 2. *a* og *b*, því eptir þeim verður styrkurinn of óákveðinn, bæði þegar litið er til forstöðumannsins og til ríkissjóðsins. Meðgjöfin með hinum heyrnar- og málausu börnum á að vera samsvarandi því, sem uppeldi og kennsla þeirra í rauninni kostar, en styrkur sá, sem hèr ræðir um, á eptir minni skoðun að vera þóknun fyrir störf forstöðumannsins.

Uppástunga meiri hlutans undir tölulið 1 *b*, virðist mèr á hinn bóginn óheppileg, því eg get ekki annað en verið á sama máli og minni hlutinn um það, að forstöðumaður kennslunnar í brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 4. sept. 1867 hafi heimild til að ákveða 140 rd. meðgjöf með hverju barni, og að hann ekki með því fyrst um sinn að gjöra sig ánægðan með 120 rd. árlega hafi fráskrifað sèr rètt til að taka sömu borgun og Dövstumme-Institutet í Kaupmannahöfn.

Uppástungur meiri hlutans undir tölulið 2. og 3. þykja mèr eiga vel við, og eg skal þess vegna mæla með þeim.

Hvað snertir fyrsta niðurlagsatriði minni hlutans, skal eg mæla á móti því af ástæðum þeim, sem hinn heiðraði framsögumaður tók fram og eg skal leyfa mèr að skýrskota til.

Þegar þar næst er að ræða um spursmálið, sem stendur undir tölulið 3. minni hlutans, skal eg geta þess, að eg er fremur á máli minni hlutans, þar sem mèr þykir það æskilegt, að það eptirleiðis verði gjört að skyldu, að útvega öllum heyrnar- og mállausum börnum þá kennslu, sem hèr ræðir um, þó með því skilyrði, að bæði verði sett viss aldurstakmörk, eins og gjört er í Danmörku í fundaziunni frá 17. april 1807, og að landsmönnum verði frjálst að kjósa, hvort þeir vilji senda þessi börn til skólans í Kaupmannahöfn eða hèr í landinu. Bæði er þetta í sjálfu sèr eðlilegt, og þar sem í Kaupmannahöfn er sagt til í ýmsum iðnaði, t. d. skósmíði, skraddarasaumum o. fl., getur þetta í einstöku tilfellum verið hlutaðeigendum ákjósanlegra.

Loksins skal eg með tilliti til uppástungu minni hlutans undir tölulið 4. geta þess, að stiptamtmaðurinn sem stendur ekki hefir myndugleika til að ávísa borgun þeirri, sem hèr ræðir um, úr jarðabókarsjóðnum, og að það þar að auki nú er svo áliðið, að ekki er von á að þessi borgun í ár geti orðið greidd fyrirfram, eins og uppástungan fer fram á, fyrir hverja 6 mánuði, og held eg þess vegna betra sè, að aðhyllast tölulið 2. meiri hlutans, en fella þessa uppástungu.

Framsögumaður: Mèr þykir það gleðilegt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi auðsjáanlega er máli þessu mjög svo hlynntur, og að því leyti hann greinir á við meiri hlutann, þá er sá ágreiningur í því fólginn, að hann jafnvel gengur lengra en meiri hluti nefndarinnar. Hvað því viðvíkur, hvort nauðsynlegt sè, að gjöra það að almennri skyldu, að allir, sem hafa mál- og heyrnar-laus

börn til forráða, skuli senda þau til kennslu annaðhvort til Kaupmannahafnar eða til slíkrar stofnunar hèr á landi, þá skal eg geta þess, að meiri hluta nefndarinnar sýndist það að vísu æskilegt, að öll slík börn fengju notið þess konar kennslu, en aptur þótti okkur það ísjárvert, að leggja þær byrðar, er af því hlyti að rísa, á landið í slíku bágindaári og hallæri, sem nú er. Hvað snertir varauppástungu meiri hluta nefndarinnar undir 1. tölulið b, þá vildi meiri hlutinn þar með gjöra bót á kjörum hlutaðeiganda, að honum yrði greiddir 140 rd. fyrir hvert barn á ári, þar sem hann nú sem stendur að eins fær 120 rd. Eg vona annars, að máli þessu greiðist góður vegur hèr á þinginu, enda er það svo mikils varðanda, að það er í alla staði þess maklegt, að úrslit þessi verði góð.

Tryggvi Gunnarsson: Eg kann betur við, að upphæð styrksins fari eptir fjölda barnanna, sem kennt er, heldur en hann sè fastákveðinn; því 200 rd. eru óþarflega mikil kennslulaun fyrir eitt barn, en of lítið fyrir 10—12, og ætla eg því í þessari grein að fallast á álit minni hluta nefndarinnar. Við 2. atriði í uppástungu meiri hlutans get eg vel fellt mig. Sömuleiðis er eg meðmæltur 3. atriði meiri hlutans, hvað það snertir, að kostnaðurinn skuli gjaldast úr jafnaðarsjóðum amtanna, en ekki af sveitarsjóðum, eins og við gengizt hefir. Í þessum hörðu árum eru gjöldin til sveitasjóðanna mest í aukaútsvörum, og hefir því mállausra-gjaldið ekki hvílt beinlínis á lausafjárhundruðunum, sem þó er hið eðlilegasta, að því sè jafnað niður eptir lausafjárhundraða tölu. Eg ímynda mèr, að þetta atriði annars eigi að eins við, þegar foreldrar eða forráðamenn málleysingjanna ekki geta goldið kennslukaup þeirra sökum fátæktar, því annars tel eg sjálfsagt, að foreldrarnir eigi sjálfir að borga það, þegar þeir hafa efni á því; en þetta er eigi hægt að sjá að greinin beri með sèr, og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa stefnu. Eg neita því ekki, að nauðsyn sè, að föst stofnun kæmist hèr á sem fyrst, til að kenna heyrnar- og málleysingjum; en það mun árangurslaust, að fara þess á leit í þetta skipti, því frá þessu þingi verður beðið um fjárstyrk til margs, sem enn brýnni nauðsyn ber til, og sem óttast má fyrir að ekki fáist; en hvernig sem um það fer, þá verð eg að vera meðmæltur því, að mjög eðlilegt sè, að það sè gjört að skyldu, að öllum heyrnar- og málleysingjum séu kennd kristin fræði og einhver þarfleg vinna, svo þeir komist í kristinna manna tölu og

geti orðið nýtir sèr og öðrum. En því get eg ekki verið samþykkur, að mönnum sè bannað, að senda börn sín til málleysingjaskólans í Kaupmannahöfn; það væri allt of mikið einkaleyfi fyrir einn mann hèr á landi, meðan ekki er komin meiri reynsla fyrir kennslunni, og engin föst stofnun komin hèr á, en aptur þykir mèr eðlilegt, þó foreldrar eða forráðamenn þeirra barna, sem send eru til Kaupmannahafnar borgi það, sem kennslan verður dýrari þar en hèr á landi, og vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði í þessa stefnu. Hið fjórða atriði í uppástungu minni hlutans mun falla um sjálft sig, því ekki er hægt að borga fyrirfram fyrir 6 mánuði á þessu ári, þar sem eigi eru eptir nema rúmir 4 mánuðir af því.

Páll Pálsson: Viðvíkjandi ræðu hins heiðraða þingmanns Norður-Þingeyinga vil eg leyfa mèr að geta þess, að eg verð að miða ársmeðgjöfina frá þeim degi, sem börnin koma til mín, og til jafnlengdar árið eptir, en þau koma vanalega annaðhvort á haustin eða þá í júlímánuði, enda vona eg það sè auðsætt, að óhægt er, ef ekki óhugsandi, að flytja mállaus börn vestan eða norðan af landi um nýársleytið. Eg sè því eigi, að frá þessari hálfu geti neitt verið tilefni til að hrinda 4. atriði í uppástungu minni hlutans, með því líka að á hinn bóginn munu allir þingmenn skilja, að það er engin lèttvæg viðbót við annan kostnað og fyrirhöfn mína við kennsluna, að verða að leggja út fyrirfram allt meðlagið með börnunum til að afla matfanga á haustum og annars þess, er með þarf til heimilisfanga. Eg hefi að vísu ætlazt til, að fá borgun fyrirfram, að minnsta kosti fyrir hverja 3 mánuði, og jafnvel áskilið mèr það bæði við forráðamenn barnanna, sem og við amtmennina þá, þegar er börnin hafa verið send mèr, en mèr hefir ekki heppnazt að fá það, enda er ekki von, að amtmennirnir geti sent mèr fèð, fyr en þeir hafa fengið það sjálfir. Eg er að vísu vonardaufur um, að 4. atriði uppástungunnar fái framgang, eptir því sem eg heyri að umræðurnar stefna, en þó það ekki verði, þá er það vitaskuld, að eg ekki muni fyr en í síðustu lög senda heim aptur undir veturinn börn þau, er hjá mèr eru, eða til mín kunna að koma í haust, jafnvel þó eg ekki sjái, hvernig úr því verður ráðið. Eg hlýt að vera hinum hæstvirta konungsfulltrúa samþykkur um, að aldurstakmörkin sèu nauðsynleg, og mun eg leyfa mèr að taka þá bendingu hans inn í uppástungur mínar. Hvað því næst snertir það atriði, sem hinn háttvirti framsögu-

maður gjörir svo mikið úr, að kostnaðurinn geti orðið mjög ísjárverður, ef skyldukennsla verður ákveðin, þá ætla eg að leyfa mèr að geta þess, að eptir skýrslum þeim, er mèr hefir gefizt færi á að sjá hjá biskupinum yfir Íslandi, eru alls hèr á landi nú 17 börn mál- og heyrnarlaus fyrir innan tvítugsaldur, og með því ekki mun verða ástæða til þess hèr fremur en í öðrum löndum, að byrja kennslu þeirra fyr, en þau eru 10 ára, eða kalla þau til kennslu, eptir að þau eru orðin tvítug, munu börnin, er kenna þyrfti, ekki verða fleiri en 3 eða í hæsta lagi 4 úr hverju amti, og getur sá kostnaður naumast kallast «ísjárverður» eður óbærileg álaga. Að 50 rd. sè of mikill styrkur í kennslulaun með hverju barni, virðist mèr ekki verða sagt með neinni sanngirni, því þótt það sè ríflegt, þegar börnin eru 10 eða 12, þá yrði það harðla lítið, þegar þau eru eitt eða tvö, og við hvorutveggja má búast. Breytingaratkvæði hins heiðraða þingmanns Norður-Þingeyinga vona eg að eg geti aðhyllzt í öllu verlegu, en þó vil eg áður tala mig saman við hann nákvæmar í því efni.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er lokið undirbúningsumræðu þessari; kemur þá samkvæmt dagskránni til umræðu, og, ef þinginu svo sýnist, til nefndarkosningar bænarskrá 3 þingmanna um gufuskipsferðir kringum landið. Flutningsmaður er hinn virðulegi þingmaður Suður-Þingeyinga.

Jón Sigurðsson: Eg skal þá leyfa mèr að lesa uppástunguna. (Sjá II., bls. 212).

Eg vil ekki vera fjölorður um málið að sinni. Það hefir verið rætt hèr á þingi mörgum sinnum áður, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir skýrt þinginu frá árangrinum af tillögunum um málið á síðasta þingi, og er hann harðla lítill. Má vera, að svo verði enn, en mèr fyrir mitt leyti sýnist, að menn eigi ekki að láta þreytast fyrir það, heldur halda málinu áfram, með því að hèr er um hið mesta nauðsynjamál að ræða, og vil eg leyfa mèr að biðja þingið, að taka málið til meðferðar og kjósa nefnd í það.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, vil eg biðja menn að ganga til atkvæða um, hvort nefnd skuli kjósa í þetta mál.

Voru þá atkvæði greidd og ályktað með miklum atkvæðafjölda, að nefnd skyldi kjósa, og samþykkt, að 3 menn skyldu vera í nefndinni.

Var síðan gengið til kosninga, og hlaut Jón Sigurðsson frá Gautlöndum 19, Grímur Thomsen 9 og Tryggvi Gunnarsson 8 atkvæði.

Síðan var málið afhent þingmanni Suður-Þingeyinga, er hafði fengið flest atkvæði.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá úr Reykjavík um yfirstjórn landsprentsmiðjunnar. Flutningsmaður er hinn virðulegi þingmaður Reykvíkinga.

Halldór Kr. Friðriksson: Bænarskráin er svo hljóðandi: (Sjá II., bls. 209).

Eg er í hálfgerðum vanda staddur með þessa bænarskrá, því að eg get ekki sagt, að eg sè samþykkur skoðunum þeim, en hún lætur í ljósi, og vildi jafnframt óska, að margt í henni hefði verið öðruvísi orðað; enda er eg eigi svo kunnugur þessu máli, sem skyldi, því að eg veit eigi annað um það, en það, sem staðið hefir í blöðunum. En af því hún hefir í sèr fólgnar æði-harðar ákærur gegn yfirstjórn prentsmiðjunnar, vil eg leyfa mèr að stinga upp á, að kjósa nefnd í málið, til þess að fullskýrt verði, hvort ákærur þessar eru á nokkrum rökum byggðar, því að enda þótt að eg geti ekkert haft á móti því, að ákærur og aðfinningar gegn yfirvöldunum komi fram, þegar þær eiga við rök að styðjast, eins vil eg, að þeim sè þannig vísað frá, þegar þær eru gjörðar út í bláinn, að slíkar ákærur eigi komi fram aptur.

Konungsfulltrúi: Bænarskrá sú, sem nú var lesin upp, er eptir minni meiningu þess eðlis og innihalds, að hún ekki verðskuldi það, að þingið skipti sèr af henni, því hún er byggð á helberum misskilningi um það, sem hún fer fram á. Eg fæ ekki sèð betur, en að málið sè alveg og eingöngu umboðslegs eðlis, og ekki í neinu snerti spursmálið um prentfrelsið, heldur einungis eitt atriði þeirra samninga, sem yfirstjórnendur prentsmiðjunnar hafa gjört við einn vinnumann hennar. Ef hann er óánægður með það, getur hann sjálfsagt samkvæmt samningi þeim, sem við hann er gjörður, með missiris-fresti upp sagt vinnunni, en beiðendunum er þetta alveg óviðkomandi. Beiðendur hafa sýnt og sannað í bænarskránni, að þeir ekki hafa neitt skynbragð á því, sem þeir tala um, og bænarskrá þeirra er í öllu eptir minni meiningu sóma þingsins ósamboðin.

Ólafur Pálsson: Eg gat nærri því kennt í brjóst um hinn háttvirta þingmann Reykvíkinga, að hann skyldi þurfa að flytja bænarskrá þessa, sem inniheldur svo ógrundaðar og ótilhlýðilegar árásir gegn háyfirvöldum landsins. Mèr virtist líka hálfvegis eins

og hann fyndi til þess, að fleira yrði að gjöra en gott þætti. En þegar menn nú taka sèr bænarskrá þessa í hönd og lesa undirskriptirnar, þá lítur helzt út fyrir, að þær hafi fengizt með einhvers konar smalamennsku, en þegar eg nú hins vegar lít á mannval það, sem hèr er innanbæjar og í grenndinni, þá þykir mèr nú smalamennskan ekki hafa tekizt sem bezt. Hèr eru 28 nöfn; af þeim er gildur $^1/_4$ partur vinnumenn og þar á meðal unglingspiltar, sumpart yngri en 18 ára; þá koma lausamenn, svo húsmenn, sem sumir lifa hèr í óleyfilegri húsmennsku; þá eru og þeir með, er styrk hafa þegið af sveit. Það er ekki svo að skilja, að eg vilji gjöra lítið úr þessum mönnum, hvort þeir eru heldur ungir eða fátækir, eða af hvaða stètt sem þeir eru. Það er langt frá mèr; enda hafa líka flækzt einhvern veginn með nokkur nöfn þeirra manna, er alstaðar mundu kallaðir valinkunnir menn, og skil eg ekki vel, hvernig á því stendur. Það er enn þá eitt við bænarskrá þessa, er vekur eptirtekt manns, og það er, að svo mörg nöfn eru með sömu hendinni, en þó stendur ekki nokkurs staðar undir, að nafnið sè handsalað, eins og þó er títt. Eg vil spyrja hinn háttvirta flutningsmann, hvort hann geti gefið nokkra upplýsingu um þetta. Þá er og eitt enn, er mèr þykir skrítilegt, og það er, að sumir þeirra, sem hèr eiga nöfn sín undir, voru farnir langt upp í sveit, þegar bænarskráin varð til, og eru þar enn. Það væri æskilegt, ef hinn háttvirti flutningsmaður gæti frætt þingið um, hvernig á þessu stendur, og hvort þeir hefðu gefið nokkrum fullmakt til, að rita nöfn sín; þetta gæti gefið þingmönnum nytsamlegar bendingar, þar sem þeir eiga að meta þessa bænarskrá. Þá hefi eg þriðju spurninguna til hins háttvirta flutningsmanns, og er hún sú, hvort hann vilji ekki taka bænarskrána aptur og stinga henni hjá sèr. En eg vona að öðru leyti, að þingið eindregið felli hana, því ekki hefi eg vitað auðvirðilegri eða lúalegri bænarskrá koma á þing en þessa.

Halldór Kr. Friðriksson: Til svars ræðum þeim, sem fluttar hafa verið, skal eg einungis geta þess, að bænarskráin talar ekki um nein samningsrof, heldur kvarta beiðendur yfir að «Censur» sè innfærð. Hefði um samningsrof verið að ræða, þá hefði forstöðumaðurinn sjálfur kvartað. Mèr finnst spurningin vera: er þetta eiginlegt ritbann eða ekki? Eg held, að bænarskráin ætti þó að koma í nefnd, til þess að þingið gæti lýst því hátíðlega yfir, að það vildi vera laust við slíkar bænarskrár, ef hún er ástæðu-

laus. Að því er við víkur spurningum hins háttvirta 6. konungkjörna þingmanns, þá get eg ekki gefið honum neinar upplýsingar. Það getur verið, að sumir þeirra, er undir bænarskránni standa, séu yngri en 18 ára, en það eru þá líklega sèrlega greindir unglingar. Mèr finnst, að út á mennina, sem undir bænarskrána hafa skrifað, verði ekki sett; eg játa það reyndar, að eg þekki þá ekki alla, en eg sè þó, að þar eru með heiðvirðir tómthúsmenn, og svo eru líka bókbindarar og stúdentsefni með. Hvað það snertir, að sama hönd er á mörgum nöfnum eptir því, sem hinn 6. konungkjörni sagði, þá skal eg ekki um það dæma; eg er ekki glöggur á hendur, en eg get vel skilið, að sumir hafi beðið einhvern annan að rita nafn sitt, og mun slíkt allopt við gangast við undirskriptir á bænarskrám. Annars get eg engar upplýsingar gefið um þetta; mèr var send bænarskráin forsigluð, og eg fann ekki neina ástæðu til að grennslast neitt eptir þessu og öðru henni viðvíkjandi, en áleit það beina skyldu mína, að bera hana fram.

Eiríkur Kúld: Eg stend upp til að mæla á móti nefnd í þessu máli. Þegar eg sá bænarskrá þessa á lestrarsalnum, og svona var orðið áliðið tímann, datt mèr í hug, «að víða koma Hallgerði pistlingar». Þegar eg fór að skoða bænarskrána, sá eg, að hún er sú langóhreinasta að utan allra þeirra, er til þings hafa komið, þegar eg hefi verið á þingi; og þegar eg fór að lesa hana, tók ekki betra við; sá eg þá, að það, sem saurugt er að utan, opt er ekki hvítt að innan. Eg varð nú reyndar hissa á þessu, þar sem bænarskráin er komin fram á þeim stað landsins, sem opt hefir verið sagt um, að hann þenki og álykti, en eptir upplýsingum þeim, er hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður gaf, sè eg, að þetta getur brugðizt, og eðlilega þegar höfundarnir eiga þá lýsingu, er hann gaf þeim. Hvað nú efni og frágang bænarskrárinnar snertir, þá álít eg þinginu alveg misboðið með slíku. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi tók það skýrt fram, að prentaranum, sem ekki er annað en vinnumaður stiptsyfirvaldanna, hafi ekki í neinu misboðið verið við áminnzt stiptsyfirvaldabrèf. Auk þessa er stýllinn og allur frágangur á bænarskránni svo ókurteis og óvandaður í alla staði, að það er eins og einhver þorskkeimur að henni. Fyrst að flutningsmaður nú ekki getur tekið bænarskrána aptur, af því búið er að lesa hana upp (*Forseti*: Það má samt.), og hann þó víst ekki álítur neina prýði að henni í skápum þingsins, því auðvitað er, að hún verður strax felld frá þinginu, vil eg leyfa mèr að

stinga upp á nýjum vegi, þó eg ekki viti, hvort hann er sem formlegastur. Það er vanalegt að senda margt forsetaveginn, en eg vil ekki ata þann veg með svona óhreinni bænarskrá, heldur vil eg stinga upp á, að bænarskránni sè vísað dyravarðarveginn, svo hún gæti komizt aptur til stúdentsefnisins, því sagt hefir verið, að einn, sem undir hana er skrifaður, hafi verið einhvern tíma í skóla, og gæti hann víst vitað, hver sá rètti höfundur er, og skilað henni þannig til sama lands heim aptur.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg álít ekki, að eg hafi rètt til að taka hana aptur.

Jón Hjaltalín: Það er sannarlega «Tycho Brahes dagur» í dag fyrir kunningja minn, þingmann Reykvíkinga. Á fyrri fundinum í dag fèkk hann nóg af kláðaslettum; en þær bar hann nú allvel; aptur hefir mèr heyrzt honum verða þyngra fyrir brjóstinu, eptir að hann gjörðist flutningsmaður þessarar bænarskrár, og vil eg því biðja þingið losa hann við hana sem allra-fyrst. Eg þekki eigi höfundana, nema einn, að minnsta kosti þekki eg merina hans, því hún er allt af í túninu hjá mèr; eg ætlaði að fá hann til að hirða hana, en frètti þá, að hann væri fyrir löngu síðan kominn upp í sveit. Eg álít að þingið gjöri bezt í, að leggja bænarskrá þessa «að acta». Eg vona, að nefnd verði ekki sett. Eg held vèr höfum nóg annað alvarlegt að gjöra. Bezt er að koma henni einhvern veginn fyrir sem fyrst.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli setja eða ekki.

Var þá gengið til atkvæða, og bænarskráin felld frá nefnd með 23 atkvæðum. Hinn 5. konungkjörni þingmaður greiddi ekki atkvæði.

Dagskrá var þá lokið, og ákvað forseti fund næsta dag kl. 12.

Fundi slitið.

---

20. fundur — 24. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Eins og kunnugt er, er nú liðinn mánuður eða 4 vikur, síðan að alþingi var sett, og er því sá lögskipaði þingtími

út runninn. En nú stendur svo á, að mörg mál eru óútkljáð, og hafa þó hinir háttvirtu þingmenn gjört allt, hvað í þeirra valdi stóð, til þess að flýta fyrir málunum. Eg skal því leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann vill lengja þingtímann, svo sem þarf, til að ljúka málum þeim, sem þingið hefir til meðferðar. Eptir mínu áliti getur þingið með engu móti lokið störfum sínum fyr en 10. september. En það er á valdi hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann vill lengja þingtímann til þess dags eða einhvers annars að sinni.

Konungsfulltrúi: Að vísu hefi eg ekki fengið sèrstaklegan myndugleika til að lengja þingtímann, en ekki að síður er eg, eins og venjulegt hefir verið að undanförnu, fús til að gjöra þetta upp á mína ábyrgð; þar sem nefndarálit um 2 konungleg frumvörp ekki enn þá eru komin til þingsins frá nefndum þeim, sem þingið hefir kosið, má búast við, að þessi frumvörp ekki geti orðið fullrædd innan loka næstu viku, og eg skal þess vegna eptir áskorun hins heiðraða forseta, ákveða lengingu þingtímans til 4. septembermán., og vona eg, að allir þingmenn vilji kosta kapps um, að öll mál, sem þingið hefir til meðferðar, en sèr í lagi hin konunglegu frumvörp, geti orðið útkljáð innan þess tíma.

Eiríkur Kúld: Sem formaður í nefndum þessum skal eg geta þess, að nefndarálitið í öðru málinu er þegar undirskrifað, og hitt mun geta orðið það eptir 2 daga.

Forseti: Vèr tökum þá til dagskrár, og kemur þá fyrst til undirbúningsumræðu málið viðvíkjandi korneklu og aðflutningum. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga er framsögumaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra mönnum frá málinu, svo sem þarf.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Nefndarálitið hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 215).

Þingið tók máli þessu svo vel fyrst, þegar það kom til umræðu, að eg vona fastlega, að það taki vel í það enn, og álít eg ekki að það þurfi frekari útlistunar frá minni hálfu. Í uppástungunni var farið fram á, að til taka vissa kaupstaði, er korninu skyldi skipta niður á. Þetta hèlt nefndin að ekki væri ráðlegt, en áleit betra, að láta amtmenn hafa óbundnar hendur í því efni, svo þeir gætu farið eptir kringumstæðunum. Aptur hefir nefndin fallizt á sömu kornupphæð og nefnd var í uppástungunni. Nefndin sá að vísu, að óhægt mundi, ef til vill, að fá korn til landsins nú

þegar í haust, en þó hèlt hún, að það mætti takast á einstöku staði. Hvað niðurlagsatriðið við tölulið 3. snertir, þá vil eg geta þess, að nefndin kannaðist fullkomlega við, hversu stjórnin, einkum á seinni árum, hefir verið fús á að bæta úr þessum vandræðum eptir tillögum amtmannanna, en hún hèlt þó, að nauðsynlegt væri, að taka þetta fram, til þess að þingið styrkti tillögur amtmannanna.

Konungsfulltrúi: Eg tók það fram við inngangsumræðuna, að mèr virðist þetta mál mikilsvarðandi, og að eg, ef nefndin gæti komizt til einhverrar niðurstöðu, sem stjórnin gæti aðhyllzt, vildi styðja til þess, sem bezt eg mætti. Nefndin hefir nú tekið til greina uppástunguna bæði með tilliti til neyðar þeirrar, sem yfir kynni að vofa þegar í haust, og með tilliti til þess ástands, sem var hèr í suðuramtinu og í vesturamtinu í fyrra, þar sem skortur á aðflutningum af kornvörum til landsins ekki minna en fátækt margra sveita olli því, að menn máttu búast við hungursneyð. Það er sèr í lagi þessi kornskortur, er hvert ár getur átt sèr stað, sem eg hugsa mèr að þingið og stjórnin eigi að sjá um að ráðin verði bót á, og til þess þykir mèr 1. niðurlagsatriði nefndarinnar vel fallið, ef mögulegt verður að koma því í kring, sem til þess útheimtist. Eg skil þessa uppástungu á þann hátt, að tilgangur hennar sè, að ráða bót á kornskortinum, ef hann skyldi koma upp á, og ekki er mögulegt vegna árstímans að útvega korn með öðrum kostum, en þar á móti skil eg hana ekki á þann hátt, að yfirvöldin, þar sem ekki er kornskortur, hafi myndugleika til að ráðstafa þessu korni, eða með öðrum orðum: tilgangurinn er að af stýra neyð og hallæri, að svo miklu leyti, sem þau eru sprottin af kornskorti, en ekki þegar fátækt manna eður sveitarfèlaga veldur þeim, því þá verða þessar kornbyrgðir alveg ónógar, og þar að auki eiga yfirvöldin ekki, með því að ráðstafa þeim, að keppast á við kaupmenn. Þegar hungursneyð er fyrirsjáanleg, má grípa til allt annara úrræða, og eins og hin heiðraða nefnd hefir það traust til amtmanna landsins, að þeir muni gjöra skyldu sína, getur þingið einnig haft sama traust til stjórnarinnar, að hún eptirleiðis, eins og hún hingað til altíð hefir gjört, muni taka tillögur amtmannanna í þessu tilliti til greina; eg álít þess vegna niðurlagsatriðið tölulið 3. bæði ónauðsynlegt og miður vel til fallið, og eg skal skjóta því til yfirvegunar hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún ekki muni finna ástæðu til, að taka þetta niðurlagsatriði aptur.

Hvað snertir framkvæmdina á uppástungunni undir 1. tölulið, skal eg taka það fram, að mèr þykir hún þurfa svo mikils undirbúnings við, að ekki er vonandi að hún geti komizt í kring þegar á þessu hausti. Það er ekki lítilræði, sem á að lagast í þessu tilliti, bæði með að útvega fè til að kaupa 1000 tunnur af korni, semja við kaupmenn um að taka þetta í vörzlur sínar o. fl., og til þess verða ekki nema fáeinir dagar, á meðan póstskipið liggur við Kaupmannahöfn. Eg býst við að ógjörandi sè að koma öllu þessu í lag á svo stuttum tíma; en á hinn bóginn er mèr það kunnugt, að amtmennirnir í suður- og vesturamtinu þegar hafa leitað styrks þess, sem þeir, eptir skýrslum þeim, er þeir þegar hafa fengið, þykir nauðsynlegur, og eg efast ekki um, að amtmaðurinn í norður- og austuramtinu einnig hefir gjört það í þessu tilliti nauðsynlega, samt að stjórnin muni taka uppástungur þeirra til greina, svo að þingið getur treyst því, að komið verði í veg fyrir neyðina, sem ef til vill vofir yfir landinu nú sem stendur. Með þessum athugasemdum skal eg ekki mæla á móti tölulið 2.

Mèr þykir það heppilegt, að nefndin hefir einungis tekið aðalatriði málsins fram, en skotið framkvæmdinni og hinum sèrstöku atriðum hennar til úrskurðar hins umboðslega valds, sem þau eptir málsins eðli heyra undir.

Framsögumaður: Eg kann hinum hæstvirta konungsfulltrúa, nú sem fyrri, þakkir fyrir undirtektir hans í máli þessu. Hinn helzti galli, sem hann fann á niðurlagsatriðum nefndarinnar, var það, að honum þótti 3. töluliður óþarfur. Eg held honum heldur ekkert fast fram. Nefndin ber fullkomið traust til amtmanna landsins, að þeir muni sjá, hve nær þörfin er brýn, og hún ber líka það traust til stjórnarinnar, að hún taki fullt tillit til álita amtmannanna í þessu efni, en hún áleit þó gott, að þingið styrkti að þessu líka. Hvað 2. tölulið snertir, þá leit nefndin vel á það, hve áliðið sumars nú er orðið, en hún hèlt þó, að ske mætti, að korn gæti fengizt í haust á nokkra kaupstaði, og vildi hún, að gjört yrði til þess það, sem unnt væri. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat um, að amtmennirnir í suður- og vesturamtinu hefðu þegar leitað styrks hjá stjórninni í þessu efni. Eg vissi nú reyndar til, að svo mundi vera, en hitt er mèr ekki ljóst, hvort þeir hafi beðið um korn eða peninga. Hafi þeir beðið um peninga, þá þarf þó korn að vera að fá til kaups, ef ekki á almennur skortur að verða

eins fyrir það, þó peningar væru til fyrir að gefa. Eg skal leyfa mèr að biðja hinn hæstvirta konungsfulltrúa um upplýsingu á þessu.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til þess, sem hinn heiðraði framsögumaður leitaði upplýsingar um, skal eg geta þess, að mèr er ekki kunnugt, hvað skeður í vesturamtinu í því tilliti; en þegar amtmennirnir hafa leitað peningastyrks, þá held eg, að þeir einnig muni annast um það, að korn verði flutt hingað, til þess að þeir geti brúkað peningana.

Sigurður Gunnarsson: Eg get ekki betur sèð, en að nefndin hafi leyst verk sitt svo af hendi, sem hèr var takandi í mál, einkum hvað 1. grein snertir. Eg hefi opt heyrt talað um kornskort fyrir vestan og sunnan, en færri hefi eg heyrt minnast á neyð þá, sem gengið hefir yfir norður- og austuramtið á næstliðnum vetri og var hún þó svo mikil á Austurlandi, að fólk varð þar horað sumstaðar, og hefði jafnvel dáið af hungri, ef ekki hefði viljað svo heppilega til, að miklar kornbyrgðir voru þar í einum kaupstað, og faktorinn hjálpaði fjölda manna með hinni mestu góðvild og nærgætni. Að ekki verður betur statt næsta ár, er hèr um bil sèð fyrir, enda er mèr kunnugt, að menn hafa í þeim hèruðum farið þess á leit við amtmanninn í norður- og austurumdæminu, að hann útvegi kornlán hjá stjórninni, til þess að bæta úr skorti, sem verða mundi. Það er að vísu harðla lítil kornhjálp, sem hèr er beðið um í 1. niðurlagsatriði í nefndarálitinu; en hvað sem því líður, þykir mèr vanta þá ákvörðun aptan við þessa grein, að amtmenn ákveði hver í sínu amti, hvar hentast sè að kornið komi og sè geymt. Áskil eg mèr viðaukaatkvæði um þetta. Oss í Suður-Múlasýslu væri til að mynda lítið gagn að því, þó korn kæmi á Akureyri til að bæta úr hungri um Austurland. Um 2. tölulið skal eg ekki fara mörgum orðum; það mun torvelt, að fá korn í haust fyrir þessa bæn, þó þess þurfi með. 3. tölulið álít eg ekki svo áríðandi.

Pètur Pètursson: Eg er samdóma nefndinni um það, að nauðsyn sè að biðja stjórnina um að senda korn til þess að bæta úr neyð þeirri og bjargarskorti, sem yfir vofir, en hitt efast eg um, að hollt sè að fara að stofna hèr forðabúr. Eptir því sem nú hagar til verzlun hjá oss, held eg það gæti orðið að tjóni. Það, sem kaupmenn kaupa af korni, verða þeir þegar að borga út í peningum, en það þurfa þeir ekki, þegar um aðrar vörur er að ræða; það er því kaupmanninum í hag, að kaupa sem minnst korn. Eg er hræddur um, ef kaupmenn vissu af slíku forðabúri,

þá mundu þeir hlífa sèr við kornkaupum sem mest þeir gætu, og það ekki sízt, þegar korn er í jafnháu verði og nú; enda væri þá lètt á þeim hinni siðferðislegu skyldu, sem á þeim hvilir, til þess að flytja hingað nægilegt korn. Eg held það yrði ekki altènd, að amtmenn gætu fengið skýrslur um kornflutninga og ástandið, fyr en á haustin. En það korn, sem á haustin er flutt hèr til landsins, verður talsvert dýrara bæði fyrir stjórnina og landsmenn, en það sem á sumrin er flutt, því bæði verður «Assurance» hærri, og eðlilegt er, að viðkomandi kaupmaður líti nokkuð á sinn eiginn hag. Eg er hræddur um, þó meiningin sè góð, þá verði þessi stofnun aldrei að góðum notum. Auk þess kynnu sumir að álíta, að þetta væri byrjun til konungsverzlunar, og er eg ekki viss um, að menn óski eptir henni. Eg ætla því að áskilja mèr breytingaratkvæði við 1. og 2. tölulið í þá átt, að þingið biðji um, að stjórnin hlutist til um, að sent verði nægilegt korn, til þess að bæta úr bjargarskorti þeim, sem nú vofir yfir, og skal eg orða það nákvæmar síðar.

Guðmundur Einarsson: Eg hef nokkuð annan skilning á þessu en hinn háttvirti varaforseti, því eg held, að slíkt forðabúr gæti aldrei orðið kaupmönnum nè landsmönnum til tjóns. Kaupmaðurinn, sem flytur kornið og geymir, á að verða skaðlaus eptir nákvæmari ákvörðunum, sem þar um verða gjörðar. Þegar neyðina ber að höndum, á kaupmaður að selja korn þetta eptir fyrirsögn amtmannsins, en þegar ekki þarf á því að halda, má hann selja það, en jafnan á hausti hverju hafa þó til vara ákveðinn kornforða. Eg álít tilhögun þessa eiga mjög vel við ásigkomulag lands vors. Þó að byrgðir sèu til sumstaðar að sumrinu, þá er það ekki nóg. Þannig er mèr kunnugt, að kaupmaður nokkur hèr í bænum muni nú hafa mikinn kornforða, en ef enginn samningur er við hann gjörður, þá getur vel verið, að hann selji hann allan upp á haustlestunum; sama getur átt sèr stað í Stykkishólmi og víðar, og til hvers er þá að grípa á útmánuðunum eða að vorinu, þegar neyðin þrengir að? Hinn háttvirti varaforseti kom á endanum með konungsverzlunina, sem nokkurs konar grýlu, en hana hræðist eg alls ekki, og eg vona, að aðrir verði á sama máli, enda mun slíkt liggja fjærri hugsun nefndarinnar, og eiga ekki alls kostar vel við.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Dalamanna hefir tekið það flest fram, er eg vildi hafa svarað hinum háttvirta varaforseta. Hann hèlt, að þetta væri byrjun til konungsverzlunar, en

það getur ekki átt sèr stað, því nefndin hafði ekki hugsað sèr, að stjórnin seldi korn þetta sem kaupmaður. Honum leizt ekki á, að stofna forðabúr; eg veit nú ekki, hvort þetta má svo kalla; hann hèlt, að kaupmenn mundu þá flytja minna korn. Nefndinni datt og í hug, að slíkt gæti vel að borið um einstöku kaupmenn, en áleit, að slíkt ætti ekki að vera til fyrirstöðu; það eru líka dæmi til, að sumir kaupmenn hafa, þrátt fyrir hina siðferðislegu skyldu, flutt minna korn, þegar það hefir verið í háu verði, en þá aptur meira af kaffi, sykri, brennivíni o. s. frv. Þessa hygg eg finnist dæmi ekki langt frá Reykjavík. Hinn háttvirti varaforseti hèlt, að amtmenn ekki gætu vitað um kornbyrgðir, fyr en að haustinu til; það getur verið, að þeir viti ekki upp á víst, hversu margar tunnur korns eru að fluttar í hvern kaupstað, en þeir vita æfinlega, hvernig árar og hvernig ástatt er í sveitunum, og það er nóg. Það er öldungis satt, að nefndin ætlar sèr ekki að bæta úr öðru en kornskorti, en það getur þó verið, að sú tilhögun, sem hún fer fram á, óbeinlínis bæti úr öðrum skorti. Það getur komið fyrir, að fátæklingur fái ekki neitt hjá kaupmanni, og gæti þá amtmaður hjálpað, svo að hann ekki dæi úr skorti. Eg get ekki skilið, hver munurinn var á breytingaratkvæði hins háttvirta varaforseta og uppástungum nefndarinnar, og skal eg þess vegna ekki tala neitt um það að sinni, fyr en eg sè breytingaratkvæðið.

Sigurður Gunnarsson: Upphæð sú af korni, sem nefndin hefir stungið upp á, virðist mèr það lítilræði, þegar því er dreift út um allt land, að það getur engin áhrif haft á aðflutninga kaupmanna, enda yrði þetta lánskorn einungis notað handa hinum fátækustu, er ekkert gætu fengið hjá kaupmönnum, varla með ábyrgð sveitarstjóra. Þessir aumingjar, þurfa hjálp á hverju ári, einkum meðan eins árar og núna. Hinir efnaðri sitja fyrir korni kaupmanna. Til tjóns fyrir kaupmenn getur það aldrei orðið; þó þeir flyttu minna korn en áður; þegar korn er í háu verði, geta þeir varið meiru af eigum sínum til að kaupa þær vörur, sem þeir hafa meiri hagnað af.

Jón Pètursson: Eg er samþykkur hinum 5. konungkjörna þingmanni um, að æskilegt væri, að 1000 tunnur korns væru fluttar hingað í haust, eða svo fljótt sem verður, eptir nánari ráðstöfun stjórnarinnar, en mèr lízt ekki á, að gjöra það að vana, hvort sem neyð er í landi eða ekki. Afleiðingin mundi verða sú, að kaupmenn flyttu þeim mun minna korn, því þeir vissu, að þessar

kornbyrgðir væru fyrir, og að þeir þyrftu eigi, að flytja það korn, sem stjórnin tæki af þeim ómakið að flytja. Kaupmenn græða minnst á kornsölu af öllum þeim vörum, sem þeir selja hèr á landi. Einn kaupmaður hefir sagt við mig, að kornið væri «luxus-vara» í hans verzlun, því af því hefði hann engan gróða nè gagn. Þessi kornflutningur stjórnarinnar yrði þar að auki til ills, því hann leiddi menn til að kasta áhyggju sinni upp á stjórnina, í stað þess að bjarga sèr sjálfum, og stendur af slíkum hugsunarhætti hinn mesti háski; þar að auki er hætt við, að farið verði að biðja um meira, þegar fram líða stundir o. s. frv. Sèu menn hræddir um of litlar kornbyrgðir, eða að korn kaupmanna verði skemmt, eru verzlunarfèlög hentugust til að ráða bót á því. Það er farið að brydda á slíkum fèlögum nú fyrir norðan; kornskorturinn er að líkindum það, sem mestmegnis hefir skapað þau, og þau munu ráða bezt bót á honum. Slík fèlög spilla einnig atvinnu kaupmanna, og hvetja þá þannig til að byrgja sig nógu vel sjálfa með nægar byrgðir af óskemmdu korni, og gjöra með því fèlögin óþörf.

Helgi Hálfdánarson: Mèr virðist hugsun nefndarinnar um forðabúrin alveg rètt, og held, að hin mesta og brýnasta þörf sè á því, samkvæmt því er ný og gömul reynsla hefir sýnt hèr á landi, að slíkum forðabúrum yrði komið á fót. En með hverju á að borga þessar 1000 tunnur? hvaðan á stjórnin að taka peningana fyrir þær? Eg er hræddur um, að stjórnin beri fyrir, að þingið hafi ekki bent á það, og neiti þess vegna, að verða við bæn þess. En nú á landið varasjóð, sem er til þess ætlaður, að hjálpa í neyðinni. Mèr virðist rèttast, að biðja um peningana til láns úr þeim sjóði. Korn er ávallt svo útgengileg vara, að sjóðurinn hlýtur að geta fengið lánið aptur, ef rètt er að farið. Eg er hræddur um, að 1000 tunnur verði nokkuð lítið, og mun eg því leyfa mèr að stinga upp á 1200 tunnum, og að suðuramtið fái 500, vesturamtið 300, og norðuramtið 400; og er þetta þó heldur of lítið en of mikið. Að tiltekið væri í álitsskjalinu, á hverjar hafnir kornið skuli flutt, og hèr um bil, hvað mikið á hverja þeirra, finnst mèr nauðsynlegt. 3. atriði í uppástungu nefndarinnar finnst mèr að mætti burt falla. Skaða þann, er sumir halda að leiða kunni af stofnun forðabúranna, nefnilega að kaupmenn muni þá flytja of lítið korn til landsins, óttast eg alls ekki, því það hefir þrávallt borið við hingað til, þótt engin hafi verið forðabúrin, að kaupmenn

hafa flutt of lítið korn til landsins, og mundi það ekki verða lakara hèr eptir en hingað til, þó forðabúr kæmust á.

Páll Pálsson: Eg er einnig yfir höfuð að tala samþykkur niðurlagsatriðum nefndarinnar. Nú er það vitaskuld, að amtmennirnir geta ekki sèð kornskortinn fyrir, fyr en eptir haustkauptíð, og þá liggur einmitt því meir á, að kornbyrgðirnar sèu fyrir, því það sjá allir; að of seint er að biðja um korn til vetrarins svo seint á haustin, þar sem kornið getur ekki fengizt fyr en næsta vor. Hvað þá mótbáru snertir, að kornforðabúrin mundi olla ódugnaði, þá getur mèr ekki skilizt það, því flestir munu vilja klóra í bakkann sem lengst, og það ekki síður, þó þeir viti að aðrir vilji styrkja þá. Eg held, að eptir þessi mörgu hörðu ár, sem liðið hafa, mundu allir búendur vera farnir að þiggja af sveit, ef það gæti ollað ódugnaði, eður gjört alla hirðulausa um að bjargast sjálfir, að þeir vita, að einn eður fleiri hafa neyðzt til að þiggja af sveit. Eg er samþykkur hinum heiðraða þingmanni Vestmannaeyja um, að valt sè að reiða sig á, hvað menn kalla siðferðislega skyldu kaupmanna í þessu efni. Eg gjöri harðla lítið úr þeirri ástæðu, og í öllu falli þykir mèr meiri trygging fyrir því, að korn fáist í landinu, ef kornforðabúr er til, heldur en að byggja að öllu leyti á siðferðislegum hvötum kaupmannanna. Að ákveða vissar hafnir í álitsskjalinu, tel eg nauðsynlegt, því annars er hætt við, að kornið komist of seint á haustin þangað, sem amtmaðurinn ákveður, og ef til vill sumstaðar aldrei á sinn stað, ef fyrst á að tefja sig á, að snúa sèr til amtmannsins.

Þórarinn Böðvarsson: Eins og nú er ástatt í landinu, er eg í aðalefninu samþykkur niðurlagsatriðum nefndarinnar, en eg vil þó leyfa mèr, að taka fram eitt atriði, og það er, að eg held margir ókostir verði því samfara, að hafa kornið liggjandi í landinu, eða með öðrum orðum: að vilja gjöra úr þessum 1000 tunnum ævarandi kornforðabúr, hvernig sem í ári lætur. Að allir kaupmenn muni flytja minna korn, fullyrði eg ekki, en sumir gera það án efa, þegar þeir vita af stjórnarkorninu við hliðina á verzlunarkorni sinu. Þar næst eru 1000 tunnur ekki nærri nóg, þegar hart er í ári og sannur kornskortur er í landinu, en þegar vel árar og enginn skortur er, eins og áður hefir opt verið, og vonandi er að optar verði, þá er þessu stjórnarkorni ofaukið, og það að eins til skaða, af því engin þörf er á því. Vil eg því áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að vèr að vísu biðjum um 1000 tunnur

í haust, en að vèr framvegis í því efni förum eptir, hvernig á stendur og í ári lætur.

Framsögumaður: Það kom til tals í nefndinni, að fá kornið goldið úr kollektu-sjóðnum, en af því oss var ekki svo kunnugt um efnahag og ástand sjóðs þessa, að vèr einu sinni vissum, hvort hann hrykki til fyrir 1000 tunnum af korni, vildum vèr engu hreifa um það. Að þessi kornaðflutningur valdi því, að kaupmenn flytji þeim mun minna hingað, held eg engin ástæða sè til að óttast. Þessar 1000 tunnur eiga ekki að keppa við kornverzlun kaupmanna, heldur eiga þær að vera til í landinu, þegar neyðin þrýstir að, og orðið er kornlítið eða kornlaust hjá kaupmönnum. Hvað snertir hina siðferðislegu skyldu kaupmanna, til að hafa kornbyrgðir, þá verð eg að endurtaka það, að þótt þeir gættu hennar svo fyllilega, sem ætlazt verður til — og mèr er sjálfum kunnugt, að það gerir generalkonsúl Clausen, er á verzlunina í Stykkishólmi — þá er uppástunga nefndarinnar alls eigi óþörf, og vil eg í því tilliti að eins minna á eitt dæmi. Í fyrra haust voru í Stykkishólmi að tiltölu miklar kornbyrgðir, svo miklar, að allir álitu nægja. En svo lofar einn kaupmaður í Reykjavík, að hann þetta sama haust skuli senda hingað svo og svo mikið korn, og selja það miklu ódýrara en aðrir kaupmenn hèr, en sendir ekkert, og um sama leyti hafði kaupmaður norður á Skagaströnd sèð sèr einhvern hag eða sóma eða hvorttveggja af, að senda til sölu maðkað korn. Af þessu leiddi, að fjöldi manna, er annars aldrei hefði í Stykkishólm komið, streymdi þangað til kornkaupa í fyrra-haust, og allt kornið þar var gengið upp á svo sem hálfum mánuði. Hefðu þá verið svo sem 200 tunnur eptir geymdar í Stykkishólmi, hefðu þær getað af stýrt nokkuð vandræðunum þar í fyrra-vetur, og sem nefndin ætlar að reyna að ráða bót á með uppástungu sinni framvegis. Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sagði, að kaupmenn hefðu ekki nema skaða af kornsölu sinni, en að þeir hafi ei liðið skaða við að flytja hèr upp korn í fyrra og í ár, sèr hver maður, er ber saman kornverðið í Danmörku og hèr um sama leyti. Hafi nokkur kaupmaður kallað kornið »luxusvöru», þá hefir hann víst aldrei borðað brauð. Að ráðin verði bót á kornskortinum með verzlunarfèlögum, væri að vísu æskilegt, en eigi slík verzlunarfèlög að fá nokkurn þroska, yrðu einkum efnamennirnir að taka þátt í þeim, en fyrir nefndinni vakti einkum kornskortur fátæklinganna.

Sigurður Gunnarsson: Ekki óttast eg, að stjórnarkornið venji

menn á, að setja mesta von sína og traust til stjórnarinnar, og færa sig meira og meira upp á skaptið í slíkum bænum. Reynsla þessara tíma, hvernig oss er neitað um hjálp til svo margra nauðsynja vorra, getur kennt oss hið gagnstæða. Miklu heldur get eg vænt annars, þegar menn vegna þess hversu mikil umsvif þurfa til þess, að fá þetta stjórnarkorn, og það hlýtur opt að verða dýrara en korn kaupmanna, þegar borga þarf fyrir flutning, geymslu og útbýtingu stjórnarkornsins, þá mundu menn þreytast við það, og hætta að nota sèr það, en taka heldur upp annað ráð, sem opt hefir verið talað um, það ráð að stofna kornforðabúr í sveitunum, sem hrepparnir ættu og forstöðumenn þeirra önnuðust um. Mèr virðast ummæli þingmanns Vestmanneyinga um að borga kostnaðinn til að fá þetta lánskorn af kollektusjóðnum, á svo góðum rökum byggð, að eg ætla að áskilja mèr breytingar- eða viðaukaatkvæði í þá stefnu.

Benedikt Sveinsson: Eg verð að neyðast til að lýsa því yfir fyrir hinum heiðruðu þingmönnum, að eg get eigi skilið þá vegi, sem nefndin hefir valið og sem þingið allt til þessa hefir gengið út frá, og eg vona, að þingmenn fyrirgefi mèr skilningsleysi mitt. Eg hef fyrir mèr úrræði nefndarinnar í áliti hennar; eg hef einnig fyrir mèr leiðbeiningar hins háttvirta konungsfulltrúa, enn fremur ræður þingmanna og ástæður hins heiðraða uppástungumanns, sem sè þær, að hungursneyð vofi yfir Íslandi, en eg skil ómögulega þá niðurstöðu, sem nefndin hefir komizt að. Það skil eg vel, að bersýnileg hungursneyð vofir yfir oss Íslendingum, og eg álít, að hinn háttvirti uppástungumaður, þingmaður Barðstrendinga, eigi skildar þakkir af þinginu fyrir uppástungu hans, enda játaði og hinn hæstvirti konungsfulltrúi þetta að vera hið mest áríðanda og umvarðanda mál. Eg er í þessu máli eigi skilningslaus viðvíkjandi því, sem eg sè með augunum, og liggur beint fyrir skilningarvitunum, en það skil eg ekki, að þau meðul sèu rètt valin, sem hèr liggja fyrir. Sumir hafa sagt, að úrræði nefndarinnar væru rètt og einhlít. Eg skil það ekki. Eg játa, að úrræði hins hæstvirta konungsfulltrúa eru mèr skiljanlegri, en þó skil eg hvorugt. Hèr í salnum fèllu í gær þau orð, sem voru óviðkomandi þessu máli og óviðkomandi því máli, sem þau áttu að snerta. Það var hinn háttvirti vinur minn, hinn 3. konungkjörni þingmaður, sem þá bar fram þau orð, er eg nú vil minnast á, og þó þau sèu hèr kannske óviðkomandi, þá vona eg þó, að hinn háttvirti forseti lofi mèr að

minnast á þau, án þess að taka af mèr orðið; það eru þau orð, þar sem hann brigzlaði mèr um authoritetstrú á Jóni heitnum Eiríkssyni. En vèr höfum honum það að þakka, að vèr getum haft góð úrræði í þessu máli, og vitum, á hvaða fè vèr eigum að vísa. En ekki nóg með það, að nefndinni hefir yfirsèzt þetta, hún hefir villzt í fleiru. Hinn háttvirti 4. og 5. konungkjörni þingmaður bentu glöggt á það, að að eins sè hèr að ræða um það, að bæta úr nauðsyninni í bráð. Eg segi það sè alveg rangt, að ætla með þessu máli, að blanda sèr óbeinlínis inn í verzlun kaupmannanna. Bænin um, að stjórnin bæti úr þessu áhugamáli voru, á ei að koma þannig fram, að hún standi í nokkru sambandi við kaupmenn, nè heldur þannig, að ótilhlýðilegri ábyrgð verði velt yfir á stjórnina. Eg vil biðja um skýrslu frá nefndinni um, hvers vegna hún gat tekið þennan skakka veg, að alþingi biðji um tillag úr ríkissjóðnum, — því í uppástungum nefndarinnar er ekki nefndur neinn viss sjóður og ríkissjóðurinn hlýtur því að vera beinlínis hafður í huga — til þess að stofna ævarandi forðabúr á Íslandi. Mèr virðist, að nefndin með þessu gjöri tilraun til, að gjöra Íslendinga að eilífum ómögum stjórnarinnar og sjálfra sín. Nú bið eg hinn háttvirta vin minn, hinn 3. konungkjörna þingmann, að gæta að, hvað eg segi. Nú vil eg líta til Jóns sál. konferenzráðs Eiríkssonar. Hann var sá maður, sem, ef mig minnir rètt, með leyfi hinnar dönsku stjórnar safnaði saman sjóði til að af stýra hungursneyð og hallæri á Íslandi. Þessi maður, hvers blóð eg ætla að renni í æðum mèr, hann er nú farinn í gröfina, en meðan hann lifði, bar hann þarfir Íslands manna bezt fyrir brjósti sèr, og leitaðist við að sjá fyrir oss Íslendingum síðar meir; þessi maður gat sannarlega lesið í óskrifaða nauðsynjabók Íslands í fleiru en fjárkláðanum viðvíkjandi; því hann, sem sagt, var sá maður, sem stofnaði kollektusjóðinn eður styrktarsjóðinn handa Íslandi. Þessi sjóður er og enn til; og hvað var þá eðlilegra en það, hefði nefndin stungið upp á, að fá þetta bráðabyrgðatillag úr þessum sjóði; mèr sýnist nú bezt, að vèr Íslendingar brúkum það fyrst, sem vèr eigum, áður en vèr leitum ríkissjóðsins. Hinn heiðraði framsögumaður játaði, að hann vissi eigi, hvernig þessum sjóði liði, en eg kalla þetta undarlega viðbáru, þegar vèr þó vitum að hann er til. En það er satt, þessi sjóður er eig til þess ætlaður, að grípa inn í verzlun kaupmanna, eður til þess, eins og eg sagði, að gjöra Íslendinga að eilífum ómögum Dana-

stjórnar. Það get eg sagt þingmanninum; en fleira tala eg eigi um það að sinni, en vona þess að eins, að þingmenn sjái, að þessi sjóður er íslenzkur styrktarsjóður, og þó verið geti, að hann reynist ónógur, til að bæta úr neyð Íslands nú í þessu efni, þá sýnist mèr auðsætt, að biðja eigi konung vorn um viðbót úr ríkissjóði, að því leyti, sem hann eigi hrökkur til. Að svo miklu leyti fellst eg því á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, enda er það ætlan mín, að engir geti betur dæmt um þessar þarfir landsmanna en einmitt amtmennirnir. Eg vil biðja hinn heiðraða framsögumann, að skýra fyrir mèr, hvers vegna nefndin hefir tekið þennan veg; má ske eg sannfærist um, að hún hafi rètt fyrir sèr. Eg vil áskilja mèr viðaukaatkvæði í þá stefnu, að kaupmönnum eigi sè liðið að selja maðkað eða skemmt korn framvegis á Íslandi, og að hallærinu, sem yfir vofir, verði af stýrt fyrir reikning kollektusjóðs eða styrktarsjóðs Íslendinga, en sè hann eigi nógur, þá yrði bætt við úr ríkissjóði, svo sem með þarf.

Jón Hjaltalín: Eg vil ekki fara að villast út í fjárkláðann, þegar um þetta mál er að ræða; en það verð eg að segja, að eg hefði búizt við betra frá nefndinni, sem var skipuð svo skynsömum mönnum, eins og tilfellið er; því mèr sýnist nefndarinnar álit vera aumlega úr garði gjört, bæði að formi og efni. Eg gat þess síðast, að 1000 tunnur mundu með öllu ónógar til að bæta úr yfirvofandi hungursneyð, því þótt fáar bænarskrár hafi komið inn á þingið um þetta efni, þá báru þær þó þess full-ljósan vott, að nú væri eins mikil hungursneyð yfirvofandi eins og í fyrra, og það þeim mun meiri, sem nú má búast við henni í öllum ömtum landsins, en í fyrra var það þó að eins í einu amti. Þess vegna getur mèr eigi annað sýnzt, en aðgjörðir og uppástungur nefndarinnar hafi verið alveg ónógar, og jafnvel óheppilegar, eins og hinn 4. og 5. konungkjörni þingmaður gáfu þinginu ljóslega í skyn. Eg vil nú hugsa að eins um, að fá nægilegt verð fyrir korn, því væri það til, mundu kaupmenn hafa nóga matbjörg út að býta; en þeim er sannarlega vorkunn, þó þeir vilji ekki færa hingað mikið af kostbærri vöru, sem þeir ekkert geta, ef til vill, fengið fyrir, og þeir hafa sýnt árið sem leið hina mestu mannúð Íslendingum til handa, bæði stórkaupmannasamkundan (Grosserer Societeten) í Kaupmannahöfn og eins hinir íslenzku kaupmenn hèr. Hinn heiðraði þingmaður Árnesinga man það víst, eins vel og eg, að fyrir 4 árum síðan kom hingað inn á þingið frumvarp frá stjórninni um, að leggja

toll á brennivín og aðrar óhófsvörur, og það var stungið upp á ekki hærri tolli en svo sem 4000 rd. á alla kaupmenn í landinu. Það þótti mèr nú næsta lítið, eg verð að segja fyrir mig; mèr þótti þá meiri þörf á korni fyrir Íslendinga en brennivíni, og eg nefndi þetta hèrna í salnum þá um árið, en þessu var lítill gaumur gefinn af þingmönnum, sem felldu þessa uppástungu gjörsamlega með hinum núverandi þingmanni Árnesinga í broddi fylkingar. En eg talaði þá við kaupmenn, skynsömustu menn, um þetta, og þeir sögðu við mig: »Þín uppástuuga er góð, því að það er það eina úrræði til að sjá landinu borgið fyrir hungursdauða og dýrtíð». Hefði þingið og þingmaður Árnesinga þá ekki verið á móti mèr, þá hefðum vèr nú mörg þúsund dali til að hlaupa í í vandræðunum; en það má ekki koma við slíkt hèr á þinginu; allt á að bíða, þangað til Íslendingar fá sjálfsforræði. «Á meðan grasið grær, deyr kýrin», er danskur málsháttur, og held eg það rætist hèr í þessu máli. Íslendingar hafa ráð til að kaupa brennivín og annan óþarfa fyrir mörg þúsund dali, en korn geta þeir ekki keypt, svo að nóg sè; en má eg spyrja: hvar er það fè, sem verið er á að vísa? hvaða vald höfum vèr yfir kollektusjóðnum? og þó svo væri, hvað ætli hann mundi hrökkva til svo mikils, því eg er hræddur um, að þessar 1000 korntunnur dugi næsta lítið, því vèr vitum, að 1700 tunnur, sem kaupmenn hèr af góðvild veittu til að af stýra bjargarskortinum, reyndust þó ekki fullnógar. Eg verð að efast um það, að amtmennirnir þekki betur ástand landsins en margir aðrir; eg held enginn þekki það betur en höndlunarbækurnar; því lítum á Þjóðólf frá 24. marz í vetur; þar stendur þá, að skuldir hèrna hjá kaupmönnum í Reykjavík hafi vaxið um 16000 dali næstliðið ár, og því vorkenni eg kaupmönnum, þó þeir sèu deigir á að flytja korn, svo lengi sem þeir hafa aðra vöru, sem þeir betur geta staðið sig við að selja. Það er alþingi, en ekki kaupmenn, sem hefir hrakið tolluppástungu stjórnarinnar; það vill allt af heimta, en ekkert til leggja; nú stöndum vèr uppi eins og þvara, og vitum ekki fótum vorum forráð, og guð hjálpi Íslendingum, ef ástandið er eins aumlegt og það er sagt. Eg vildi því, að nefndin vildi betur gá að, að koma með eitthvað það, sem væri að dálitlu liði. Eg hefi hugsað mèr einn veg, sem væri þó dálítið betri en ekki neitt, og hann væri sá, að stjórnin legði næsta ár bráðabyrgðartoll á brennivín og annan skaðlegan óþarfa, því þessi kollektusjóður, hvað ætli hann forslái? Nei, ef peningar

væru til, þá fengist nóg hjá kaupmönnum, og það eru peningar, sem vèr þurfum að drífa upp, og hingað til höfum vèr forsmáð hag vorn í þessu efni. Eg vil biðja þingið, að þakka kaupmönnum dánumennsku þeirra næstliðið ár. Eg ætla ekki að stinga upp á neinum viðaukaatkvæðum, því það mun ekki vera til neins; eg vildi helzt óska, að nefndin tæki aptur allar sínar uppástungur, og sannfærðist um það, að þær eru verri en ekki neitt.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg skal nú gjarnan játa það, að bæði uppástungumanni og nefndinni hefir gengið gott til með uppástungum sínum, en eg verð að geta þess þó, að mèr finnst nefndin ekki hafa gjört sèr ljósa hugmynd um það, hvað hún vill biðja um, því menn verða að gæta að því, að eðlilegt er, að kaupmenn verði að gá að því, hvað þeir geti selt, og sömuleiðis, að eðlilegt er, að þeir flytji hingað svo mikið, sem þeir geta gjört sèr í hugarlund að seljist. Eg bið framsögumann að gæta að því, að skortur á korni, sem verið hefir þetta árið hèrna, er eigi sprottinn af viljaleysi kaupmannanna, heldur af því að þeir sáu, að kaupeyri mundi vanta, og þeir því eigi fá vörur sínar seldar. Það, að hèðan hafi menn orðið að fara vestur á Stykkishólm, og kaupmenn hèr því valdið kornskortinum vestra, eins og framsögumaður sagði, er ekki alls kostar rètt skilið, að gefa kaupmönnum hèr það að sök. Það er ekki þeim, heldur gufuskipsferðunum að kenna; því að kornskorturinn hèrna í Reykjavík í fyrra sumar varð einungis af því, að gufuskipið kom 3 vikum síðar, en það átti að koma. Kaupmenn vita það, að það er skaði fyrir þá að liggja með vörur sínar lengur en þeir þurfa nauðsynlega, en reiða sig á aðflutning eptir hendinni með póstskipinu, en það kemur þá ekki í tækan tíma; þetta getur ekki verið að kenna viljaleysi kaupmanna. Þegar skipið kemur hèr í tækan tíma, þá er hèr eigi að óttast fyrir neinum kornskorti; og ef kaupmenn eiga það víst, að Íslendingar geti keypt, þá munu þeir sannlega eigi leggjast undir höfnð, að flytja. Þar sem framsögumaður enn fremur talaði um »nógan hagnað«, sem kaupmenn hefðu á verzlun sinni, þá þykja mèr þessi orð illa valin, því eg er sannfærður um, að kaupmenn setja eigi hærra verð á kornvöru sína en svo, að þeir að eins geti orðið skaðlausir. Vèr ættum því að þakka kaupmönnunum miklu fremur fyrir það, að þeir vilja sem minnst græða á nauðsynjavörunum; en lán kaupmanna verð eg að álíta skaðleg, bæði fyrir sjálfa þá, og eins fyrir viðskiptamenn þeirra.

Menn verða að gá að því, að þegar kaupmenn lána kornið út, verða þeir einhverstaðar að hafa leiguna frá, því annars gætu þeir ekki staðizt; væri nú nægur kaupeyrir fyrir hendi, þá mundi nóg korn vera til að fá til kaups, og forðabúranna ekki við þurfa, nema þegar harðæri gengi, svo að Íslendingar gætu eigi keypt, og þá hefði eg ekki neitt á móti þeim að mæla, en þá hefði og verið réttara að útvega amtmönnunum peninga til þess að geta hjálpað mönnum til að kaupa korn, þegar nauðsyn krefði. Ef því gufuskipsferðunum milli Íslands og Danmerkur yrði fjölgað, til þess að því hægra yrði að nálgast kornið, þá mundi alls eigi forðabúranna þurfa sökum kornskorts. Það er augljóst, að 1000 tunnur er ekki meir en sandkorn í hafi, og seinasta árið sýnir berlega, að það hefði ekki munað mikið um það til útskiptingar; ætti því kornforðinn að vera nægilegur, veitti ekkert af því, að hann væri 3000 tunnur.

Benedikt Sveinsson: Þingmaður Reykvíkinga hefir ljóslega tekið það fram, að þetta mál væri, eins og eg sagði áðan, óviðkomandi verzlun kaupmanna, og þarf eg því ekki að fara fleirum orðum um það; en á hinn bóginn vona eg, að hin heiðraða nefnd sýni mèr með skynsamlegum rökum, hvers vegna hún hefir bent á, að fá þennan styrk úr ríkissjóðnum, sem eg, eins og eg áðan tók fram, ekki vil knýja á nema til vara, sem sè að svo miklu leyti sem styrktarsjóður Íslands ekki hrykki til. Eg skal svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni fáeinum orðum upp á ræðu hans, er hann fyrir skemmstu flutti; hann talaði bæði í gær og í dag á þann hátt, er berlega sýndi, að hann hefir sèrlega löngun til að komast í hnútukast við mig, ef svo mætti segja. Hann brá mèr um, að eg 1865 hèr á þingi hefði verið á móti því, að tollur yrði lagður á áfenga drykki; þetta er ekki rètt hermt; eg hef tíðindin frá 1865 fyrir mèr, og finn eg ekki að eg með einu einasta orði hafi mælt á móti þessum tolli yfir höfuð; annars eru þessar bendingar þingmannsins þessu máli óviðkomandi, og ef hann vildi hafa þennan toll fram, yrði hann eða stjórnin að koma með beina uppástungu þar að lútandi; hinn sami þingmaður spurði mig einnig um hag kollektusjóðsins, en eg get hvorki nè heldur vil gefa honum neina skýrslu hèr að lútandi. Reikningar sjóðsins eru í hendi stjórnarinnar, en eigi hjá mèr; eg veit og, að hann sem konungkjörinn þingmaður muni geta komizt að, hvernig hagur sjóðsins er. Eg bið þingið gæta að því, að í öðru eins máli

og þessu er rangt að leita styrks úr ríkissjóðnum, fyr en ef kollektusjóðurinn ekki hrökkur til; vèr eigum ekki að leyta hjálpar úr ríkissjóðnum fyr en þörf gjörist.

Stefán Jónsson: Mèr virðist þingmaður Árnesinga álasa nefndinni of mikið fyrir það, að hún hafi ráðið þinginu til að leita styrksins úr ríkissjóðnum; en nefndin hefir ekki með einu einasta orði bent á ríkissjóðinn; hún hefir hvorki nefnt þann sjóð nè aðra sjóði. Nefndin vissi mikið vel af kollektusjóðnum, og henni var einnig kunnugt, að stjórnin vissi af honum, en hitt var það, að nefndinni þótti sèr óviðkomandi, úr hvaða sjóði stjórnin tæki styrkinn; eg sè því ekki ástæðu til að breyta 1. niðurlagsatriði nefndarinnar. Hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni og þingmanni Reykvíkinga þótti 1000 tunnur vera of lítið tiltekið af nefndinni; þetta sá nefndin og fram á, en hún treystist ekki til að stinga upp á meiru vegna ýmissa annmarka. Hinn 3. konungkjörni þingmaður gjörði sitt ýtrasta til, að rífa nefndarálitið niður, en hann byggði ekkert upp aptur í staðinn; hann benti ekki á neitt, er gæti bætt úr vankvæðum þeim, er hèr eru fyrir hendi. Þessi sami þingmaður og þingmaður Reykvíkinga álitu, að nauðsynlegt væri, að peningar væru fyrir hendi, til að kaupa korn fyrir. Þetta er í sjálfu sèr mikið gott, en það er því að eins að gagni, að korn sè til; það eru dæmi til, að þó menn hafi haft peninga í vasanum, þá hafa menn nærri því orðið að deyja úr sulti, af því matvæli voru ekki að fá; á hinn bóginn mun það sjaldan að bera, að fólk deyi úr harðrètti, ef mat er nokkurstaðar að fá, þar sem til verður náð.

Að lyktum skal eg geta þess, að mèr virðast ræður þingmanna eins og vera hver á móti annari; sumum hefir þótt nefndin stinga upp á of litlu, sumum aptur upp á of miklu; þegar á allt er litið, þá sýnist mèr þetta benda á það, að nefndin hafi hitt meðalveginn í málinu.

Framsögumaður: Mèr hefir brugðizt sú von mín, að nefndin mundi fá lof og meðhald þingsins, því 3 hinna háttvirtu þingmanna hafa harðlega álasað henni fyrir aðgjörðir sínar. Þingmaður Árnesinga skoraði á nefndina, að skýra sèr frá, hvers vegna hún hefði ráðið til að fara þann veg, sem hún hefir stungið upp á; hann sagðist hvorki skilja nefndarinnar uppástungur, eða tillögur hins hæstvirta konungsfulltrúa, og þó bætti hann því við um leið, að sèr litist betur á að fara þann veg, sem konungsfulltrúi

benti á, heldur en að fara eptir uppástungum nefndarinnar; það er nú sama fyrir hinn háttvirta þingmann Árnesinga, að leita sèr skilningsauka hjá mèr, þegar skilninginn svona skorta fer hjá honum, sem hann leitaði að ull í geitarhúsi; en eg skal samt láta hann vita það, að eg get ekki betur sèð, en að konungsfulltrúi og nefndin sèu alveg á sama máli, og vona eg svo, að þingmaður Árnesinga virði mèr og nefndinni til vorkunar, þó eg ekki að þessu sinni geti leitt hann í allan skilning, úr því hann hefir sjálfur sagt, að skilningi sínum væri svona undarlega varið. Þingmaður Árnesinga sagði, að nefndin heimildarlaust hefði ráðið til, að leita styrksins úr ríkissjóði; en þetta er með öllu rangt; það lítur út fyrir, að þingmaðurinn ekki hafi lesið svo mikið sem niðurlagsatriði nefndarinnar, því nefndin hefir ekki með einu einasta orði bent á ríkissjóðinn; hann óskaði og eptir upplýsingum frá nefndinni um hag kollektusjóðsins; en eg sè ekki neina ástæðu til að gefa honum neinar upplýsingar í þessu efni, úr því hann sjálfur ekki hefir getað orðið við bón hins 3. konungkjörna þingmanns, um að skýra honum frá ástandi þessa sjóðs. Að öðru leyti skal eg geta þess, að nefndin fór ekki neitt út í það, af hvaða sjóð styrkurinn yrði tekinn, af því að henni þótti það vera of «administrativt» til þess, og vildi alls ekki stinga upp á kollektusjóðnum, því stjórnin gat sjálf tekið til hans, ef hún vildi, fyrir það. Hinn sami þingmaður hèlt og, að það mundi ekki verða mikið úr þessum 1000 tunnum, þegar búið væri að dreifa þeim út um 1800 ferhyrningsmílur, en nefndin ætlaðist aldrei til, að korninu yrði sáð út um 1800 ferhyrningsmílna svæði, heldur var meining hennar sú, að hjálpa þeim, sem allra nauðstaddastir væru. Hann talaði og um, að þetta væri að grípa inn í rètt kaupmanna, en þetta er ekki rètt, af því að hèr er ekki að ræða um korn kaupmannanna, heldur um korn stjórnarinnar, eins og líka nefndin ætlast hèr til að hjálpa þeim, sem kaupmenn ekki hjálpa. Hinn 3. konungkjörni þingmaður vildi, að nefndin tæki málið aptur í hönd sèr, og vandaði betur gjörðir sínar, en eg fyrir mitt leyti er ófáanlegur til þess, og þar sem hann var að tala um, að leggja toll á brennivínið til að hjálpa málinu við, þá er honum velkomið fyrir mèr, að gjöra uppástungu í þessa átt. Hinn sami þingmaður hèlt og, að amtmennirnir væru eigi kunnugri ástandi manna yfir höfuð en hverjir aðrir, en þetta er rangt, því amtmennirnir fá opinberar skýrslur um hið almenna ástand, og er því trúandi til, að vera kunnugri því en aðrir. Þing-

maður Reykvíkinga vildi hjálpa þessu máli áfram, með því að fjölga gufuskipsferðunum; þetta kynni að vera gott fyrir Reykjavík sjálfa, og þá, sem næstir henni eru, en allir sjá, hvaða gagn af því mundi leiða fyrir Vestur-, Norður- og Austurland, meðan gufuskipsferðir í kringum landið eru ei á komnar. Þar sem nefndinni hefir verið brugðið um, að hún hafi farið of skammt, þá álít eg þetta að eins heimsádeilu. Það er satt, upphæðin er ekki mikil, en komi hún haganlega niður, þá getur hún orðið að talsverðum notum.

Forseti: Eg veit ekki, hvort hinir háttvirtu þingmenn eru mèr samdóma um, að umræðurnar um þetta mál sèu orðnar nógu langar, en eg fyrir mitt leyti held, að ekki sè mikils árangurs að vænta, þó umræður verði lengri; það hafa reyndar tveir þingmenn beðið sèr hljóðs, en þeir hafa báðir talað áður, og vil eg því skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort umræðunum skuli hætt.

Var þá samþykkt með atkvæðafjölda, að umræðunum skyldi hætta.

Benedikt Sveinsson: Eg get ekki sèð, að forseti eða þingmenn hafi rètt til að taka af mèr orðið, því eg ætla að eins, að leiðrètta misskilning, sem kom fram hjá þingmanni Barðstrendinga út af ræðu minni; eg sagði aldrei, að nefndin hefði gripið inn í rètt kaupmanna, heldur sagði eg, að uppástunga hennar gripi óeðlilega inn í verzlun kaupmanna m. fl.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið.

Þá kemur samkvæmt dagskránni til undirbúningsumræðu málið um fyrirmyndarbú og búnaðarskóla í Húnavatnssýslu. Framsögumaður er þingmaður Húnvetninga, og mun hann lesa nefndarálitið fyrir þinginu og skýra frá því, er honum þykir þurfa.

Framsögumaður (Páll Vídalín): Nefndarálitið hljóðar þannig. (Sjá II., bls. 218).

Eg finn ekki ástæðu til, að bæta neinu við að sinni, með því eg vona þess, að þingið veiti málinu eins góðan byr út úr þinginu, eins og inn í það. Þetta mál er þar að auki ljóst og einfalt, og, að eg vona, nægilega skýrt í nefndarálitinu, svo að varla er þörf á að hafa miklar umræður um það. Einnig vona eg, að hinn háttvirti konungsfulltrúi verði málinu meðmæltur, þar sem það fer í sömu stefnu og hin konunglega auglýsing 1855 bendir til.

Konungsfulltrúi: Þegar þetta mál um stofnun búnaðarskóla og fyrirmyndarbús seinast var rætt á alþingi árið 1863, áleit

þingið það rèttast, að stofna sinn skóla í hverju amti landsins, og að kostnaðurinn til þessara skóla ætti að útvegast með því að leggja $1\frac{1}{2}$ sk. skatt a hvert jarðarhundrað eptir hinu nýja jarðamati, og var þetta fyrirkomulag að mestu leyti samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar, sem þá var lagt fyrir þingið. Þessi stefna þykir mèr að öllu vel til fallin, og svo þegar nú ræðir um, að reisa þess konar fyrirmyndarbú í einu hèraði landsins. Eg skal þess vegna mæla með því, að alþingið nú vilji stinga upp á, að frumvarp stjórnarinnar frá 1863 verði lögleitt með þeirri breytingu, að búnaðarskóli norðuramtsins verði fyrst settur í Húnavatnssýslu, þar sem innanhèraðsmenn, eptir því sem fyrir liggur í þessu máli, hafa sýnt svo mikinn áhuga á því, að þeir þegar af eigin rammleik hafa safnað talsverðu fè til þessa fyrirtækis. Að öðru leyti virðist mèr málið gjöra ráð fyrir svo mörgum umboðslegum ráðstöfunum, að ekki sè tiltækilegt að koma því í kring, án þess að hlutaðeigandi amtmaður starfi að því með ráðum þeirra manna, sem hafa tekið það upp á sig að koma því áfram. Eg skal láta þá skoðun mína í ljósi, að mèr þykir líklegt, að stjórnin muni vera fús á, að styðja málið sem bezt má verða, og að mèr virðist það vel til fallið, þar sem nefndarálitið miðar styrk hins opinbera við það, hvað mikið Húnvetningar sjálfir muni útvega til stofnunar fyrirmyndarbúinu; en á hinn bóginn skal eg ítreka það, að málið er svo sèrstaklegs eðlis, og einmitt svo umboðslegt, að naumlega getur orðið heppilega skorið úr því, nema á umboðslegan veg. Eg álít þess vegna, að þingið einungis eigi að biðja um lögleiðslu frumvarpsins frá 1863, með þeim breytingum, sem þingið þá stakk upp á, og með þeim viðauka, að fyrirmyndarbú og búnaðarskóli fyrir norðuramtið verði stofnaður fyrst í Húnavatnssýslu, þar sem einstakir menn þegar hafa tekið svo vel í málið, og þegar þessi stofnun er komin svoleiðis á fót, að hún getur staðizt án árlegs styrks, eða að minnsta kosti með minni styrk, en frá byrjuninni útheimtist, að þá verði stofnaður annar þess háttar skóli í norðuramtinu. Einnig álít eg uppástungu nefndarinnar undir tölulið 2. vel til fallna að svo miklu leyti sem hún fer fram á, að leita styrks hjá stofnunum þeim í Danmörku, sem altíð hafa látið sèr annt um að efla landbúnað hèr í landinu, en miður vel til fallna, að svo miklu leyti sem hún stingur upp á, að stiptamtmaðurinn skuli leita þessa styrks; þó að eg haldi að stiptamtmaðurinn muni vera fús á, að reyna til þess, virðist mèr þessi vegur ekki vera sá bezti,

því hann getur með engu móti skýrt svo frá málinu og stöku atriðum þess, sem hlutaðeigandi amtmaður getur gjört, einmitt vegna þess, að málið er alveg umboðslegs eðlis, og að öllu leyti komið undir því, hvernig stofnuninni í heild sinni verður hagað, en það verður að ákveða af hlutaðeigandi amtmanni með ráðum umsjónarmanna fyrirmyndarbúsins.

Framsögumaður: Það gleður mig, að hinn háttvirti konungsfulltrúi tók svo vel í þetta mál, sem hann gjörði, þar sem ræða hans sýndi, að hann vildi málinu vel; en þar sem hann benti þó til, að þingið ætti að biðja um, að frumvarp það, er alþingi samþykkti 1863, fengi lagagildi, og þannig, að amts-fyrirmyndarbú yrði stofnað í Húnavatnssýslu, þá er þetta að gefa málinu nokkuð aðra stefna, en nefndin hugsaði. Að vísu fá Húnvetningar með því ósk sína uppfyllta, að fyrirmyndarbú verði þar stofnað, en eg óttast fyrir, að stjórnin verði síður fús á að verða við þessari bæn. Eigi að síður vil eg bera mig saman við meðnefndarmenn mína um þetta atriði, og sömuleiðis um það, er konungsfulltrúinn sagði, að betur ætti við, að snúa sèr til amtmannsins fyrir norðan um hið 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, því eg játa, að amtmaðurinn fyrir norðan hefir allajafna verið þessu máli velviljaður og styrkt það; en nefndinni gekk það til, er hún benti á, að snúa sèr til stiptamtmannsins, að málið með því mundi fá fljótari framgang.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá um styrk til læknakennslunnar frá hinum 3. konungkjörna þingmanni. Hann er sjálfur flutningsmaður, og mun lesa uppástungurna og skýra frá henni.

Jón Hjaltalín: Bænarskráin hljóðar þannig. (Sjá II., bls. 321).

Eg er ánægður með, að bænarskrá þessari sè vísað forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna, því eg ber hið bezta traust til þeirra í þessu efni. Þó eg hafi tekið 200 dali til, þá mundi mèr gott þykja, ef nokkuð fengist, þó minna væri, einkum meðan menn eru í óvissu um tekjur spítalasjóðsins, sem eg heyri sagt nú muni verða mjög á reyki.

Konungsfulltrúi: Þar sem hinn heiðraði uppástungumaður fer því á flot, að þingið vísi þessu máli forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna, skal eg ekki mæla á móti þessu, en að eins benda á það, að úr læknasjóðnum er borgað samkvæmt konunglegri aug-

lýsingu til alþingis 1867 í tvö ár 200 rd. tillag á ári til að kaupa fyrir bækur og áhöld, og að samkvæmt konungl. auglýsingu til þessa alþingis er veitt úr læknasjóðnum allt að 100 rd. á ári í borgun fyrir húsnæði (er nú sem stendur kostar ekkert), eldsneyti og ljósmat handa læknakennslunni, og til þess að kaupa nauðsynleg áhöld handa henni; þetta er að vísu ekki mikið fé, en eptir minni meiningu er það nauðsynlegt að fara hægt í þessu tilliti.

Eg efast ekki um að stiptsyfirvöldin muni taka málið, ef því verður vísað til þeirra, undir nákvæma yfirvegun, en hitt er meira efasamt, hvort þau muni sjá sèr fært, að samþykkja uppástunguna og mæla með henni við stjórnina.

Jón Hjaltalín: Eg er vel ánægður með, ef bænarskráin kemst í þær hendur, sem eg hefi stungið upp á, og vil alls ekki keppa um, að nefnd sè sett.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, skal eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort vísa skuli bænarskrá þessari forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna, sem er sú eina uppástunga, er fyrir liggur.

Þá var gengið til atkvæða, og samþykkt með 22 atkvæðum, að svo skyldi gjört.

Forseti: Þá kemur til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið ályktar svo, bænarskrá frá hinum 3. konungkjörna þingmanni um styrk handa ljósmæðrum. Hann er sjálfur flutningsmaður, og mun hann skýra frá bænarskránni eptir þörfum.

Jón Hjaltalín: Bænarskráin hljóðar þannig. (Sjá II., bls. 222).

Eg skal ekki bæta neinu hèr við, nema að eins óska þess, ef tíminn leyfði, að nefnd væri sett, ef hún kynni að komast að þeirri niðurstöðu, að hrepparnir veittu nokkurn styrk til þessa. En eg er líka vel ánægður með forsetaveginn til stiptamtmanns.

Torfi Einarsson: Eg heyrði ekki, hvort hinn háttvirti þingmaður gjörði nokkra beina uppástungu um, hvaðan kostnaðurinn skyldi tekinn og vil eg því leyfa mèr að spyrja hann að því.

Jón Hjaltalín: Nei, það gjörði eg ekki.

Konungsfulltrúi: Í tilefni af þessari uppástungu skal eg geta þess, að eptir að landlæknirinn í sumar hafði leitt athygli stiptamtmannsins að því, að launin handa hinum yfirheyrðu ljósmæðrum hèr í landinu ekki nemi meiru en 1 rd. 66 sk. til hverrar þeirra, hefir stiptamtmaðurinn, eptir því, sem hann hefir skýrt mèr frá,

farið þess á leit við stjórnina, að kjör ljósmæðranna verði bætt á þann hátt, að 1. úr ríkissjóðnum verði veitt stærra árstillag til útbýtingar meðal þeirra, en það, sem ákveðið er með konungsúrskurði 20. júní 1766, 2., enn fremur að eins mikið tillag, og veitt fengist af ríkissjóðnum, verði greitt úr læknasjóðnum, og 3., að öllu landinu verði skipt í ljósmóðurdæmi (Districter), og í hverju þeirra sett sín ljósmóðir, og henni veitt laun samtals 20 rd. árlega, en innbúar ljósmóðurumdæmisins ættu að borga það, sem upp á þessa upphæð vantar, eptir að tillaginu bæði úr ríkissjóðnum og læknasjóðnum væri útbýtt milli allra yfirheyrðra ljósmæðra, að undanteknum þeim, sem settar eru í Reykjavík og á Vestmannaeyjum, og sem eru launaðar á annan hátt.

Þar sem uppástunga sú, er hèr liggur fyrir, fer í sömu stefnu, held eg, að stiptamtmaðurinn, ef málinu verður vísað til hans, muni leiðbeina því til stjórnarinnar í sambandi við þá uppástungu, sem hann er búinn að senda henni um þetta mál. Eg skal þess vegna mæla fram með að málinu verði vísað forsetaveginn.

Jón Hjaltalín: Með því hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir skýrt frá, að stiptamtmaðurinn hafi tekið svo vel í mál þetta, er eg fullánægður með, að því sè vísað forsetaveginn til hans.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er umræðu þessari lokið, og er þá að ganga til atkvæða um, hvort vísa skuli bænarskránni forsetaveginn til stiptamtmanns.

Var þá gengið til atkvæða, og samþykkt með 24 atkvæðum, að svo skyldi gjört.

Því næst voru lesin upp tvö álitsskjöl til konungs:

1., í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa. (Sjá II., bls. 223), og

2., í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs um, að kærendur fái að sjá álitsskjöl um kærur sínar. (Sjá II., bls. 227).

Forseti: Dagskránni er þá lokið, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 1.

Fundi slitið.

---

21. fundur — 25. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu; eg hefi látið prenta nefndarálitið, og mun það verða lagt fram á lestrarsalinn á morgun, og jafnframt sent hinum háttvirta konungsfulltrúa.

Samkvæmt dagskránni kemur nú til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um leigusölu brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu. Hinn 3. konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og vill kann ske taka til máls.

Framsögumaður (*Jón Hjaltalín*): Eg hefi áður við undirbúningsumræðu þessa máls tekið fram ástæður mínar fyrir því, hvers vegna eg álít ekki rètt, að leigja Lock brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, og get eg því í þetta sinn verið því stuttorðari. Eg álít rèttast að fallast á aðaluppástungu nefndarinnar undir 1. tölulið. Hvað varauppástunguna snertir, þá vil eg síður að þingið fallist á hana, en að öðru leyti skal eg geta þess, að eg þó álít hana betri en ekkert. Brennisteininum er svoleiðis varið, að hann er nauðsynlegur til margra hluta; þannig er hann brúkaður, þar sem verksmiðjur eru. Hvað verðið á honum snertir, þá getur það verið mjög svo mismunandi; árið 1859 var hann t. a. m. í mjög háu verði; þá var hann brúkaður mikið á Englandi, og á Frakklandi var hann þá mikið við hafður til að drepa með orma á víntrjánum; eg get bent þinginu á sjúkdóm hjá oss, sem brennisteinninn væri bezta meðal móti, en þessi sjúkdómur er grasmaðkurinn; eg tek þetta dæmi til að sýna þingmönnum, hvaða gagn við getum haft af brennisteininum. Eg get ekki annað en álitið það mjög svo ísjárvert, að leigja þessum herra Lock námana, því hann er, held eg, klókur maður; eg hefi hèr fyrir mèr samning eptir hann, sem hann hefir gjört við vissa menn hèr í bænum; þessi samningur er meistaralega gjörður fyrir hann, því hann bindur hann ekkert, en einungis rígbindur þá, sem hann kemur við. Milli 1850 og 1860 skrifaði franskur maður «chemisk» brèf, sem eru útlögð á margar tungur, og getur þar um, að á Sikiley og Íslandi sè svo mikið til af steina-áburði, að bæði Frakkar og Englendingar stæðu sig við að sækja hann þangað. Hvað viðaukaatkvæðið undir 2. tölulið snertir, þá get eg ekki séð, að það sè til neins verulegs gagns, og vil eg því ekki mæla með því, að það verði samþykkt. Skyldi aðaluppástungan undir 1. tölulið falla, þá hefi eg ekki á móti því, að þingið samþykki tölulið 5. c og d. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni.

Konugsfulltrúi: Þegar eg við undirbúningsumræðuna tók það fram, að örðugt væri, ef ekki ógjörandi, að skýra greinilega frá því, hvað mikinn ágóða brennisteinsnámurnar í Þingeyjarsýslu í raun og veru hafi gefið eigandanum, af því ekki væri mögulegt að byggja skoðun sína um það á öðru en á sögusögn, bætti eg því við, að þó eg ekki beinlínis vildi mótmæla því, sem hin heiðraða nefnd í þessu tilliti hefði tekið fram, gæti eg á hinn bóginn ekki viðurkennt, að það væri rètt hermt; eg áleit þess vegna uppástungu nefndarinnar á lausum grundvelli byggða, eða sprottna af fljótlegri ágizkun. Hinn heiðraði framsögumaður og hinn heiðraði þingmaður Rangæinga báru mèr þetta á brýn, og hèldu fastlega fram skoðun nefndarinnar, sem byggðri á hinum bezta grundvelli, skýrslum Hannesar biskups Finnssonar. Að vísu datt mèr ekki í hug, að vefengja orð þessa nafnfræga höfundar, föðurföður míns, en eg var í nokkrum efa um það, hvort nefndin hefði skilið skýrslu hans rètt, og hefi eg þess vegna aptur lesið þær. Eg ætla ekki að rekja þetta spursmál út í æsar, því það er ekki svo áríðandi með tilliti til máls þess, sem hèr ræðir um, en skal að eins geta þess, að skoðun sú, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, í öllu er orðin staðfest við nákvæmari yfirvegun þess, sem mèr getur bezt skilizt af riti Hannesar biskups í heild sinni, og eg skal ítreka það, að ógjörandi er að byggja fasta áætlun um það, hvað mikinn arð námur þær, sem hèr ræðir um, hafa gefið eða geta gefið, á þeim skýrslum, sem fyrir liggja.

Það er satt, þegar nefndin segir, að bræðsla brennisteinsins á vorum dögum sè fullkomnari og ódýrari en að fornu, en á hinn bóginn er einnig kaupverð brennisteinsins langt um lægra nú en þá, og flutningskostnaðurinn, sem er, að eg held, aðalkostnaðurinn við verkun brennisteinsins hèr í landinu, líklega eins dýr og þá. Hinn heiðraði þingmaður Suðurþingeyinga skýrði þinginu frá, að frá námunum til sjávarins væri 7—12 mílur vegar; ef brennisteininn skal flytja þennan veg á hestbaki, má gizka á, að kostnaðurinn verði ekki minni en 1 sk. fyrir pundið, og að minnst þurfi 30 hesta til flutnings á hverri lest; ef leyfisnauturinn á að búa járnbraut, má ætla að hún kosti hèr um bil 1 millíón ríkisdala, og rentur af þessum höfuðstóli og af þeim, sem gengur til húsabygginga og þess konar, á að reiknast fyrirfram, áður en námurnar fara að gefa arð, en það nemur eptir kaupverði brennisteinsins nú sem stendur árlega meira en 300 lestum eða 600

tons af hreinsuðum brennisteini. Þegar litið er til þessa, held eg að ekki verði búizt við að landstjórnin um langan tíma geti náð meiru, eða svo miklu úr norðlenzku námunum, sem því, er Mr. Loch býður; hvert hann er áreiðanlegur maður, er mèr alveg ókunnugt, og eg held, að það sè miður heppilegt, að hinn heiðraði framsögumaður hefir dregið þetta spursmál inn í umræðurnar. Þingið má treysta því, að stjórnin, ef hún semur við Mr. Loch, útvegi alla þá tryggingu í þessu tilliti, sem nauðsynleg er, og þess vegna er niðurlagsatriði nefndarinnar undir tölulið 6, með þeirri breytingu, sem eg benti á við undirbúningsumræðuna, eptir minni meiningu vel til fallið. Yfir höfuð að tala held eg þingið fari sem beztan veg, með því að fela stjórninni á hendur, að semja annaðhvort við Mr. Loch eða hvern annan lysthafanda um þessar námur, ef þingið óskar, að þær verði notaðar sem fyrst, en að öðrum kosti að láta það álit sitt í ljósi, að námurnar verði ekki leigðar fyrst um sinn. Frá stjórnarinnar hálfu er hvorki þetta nè önnur mál, sem lögð eru fyrir þingið, kappsmál.

Þar sem mèr þykir ólíklegt, að Mr. Loch eða nokkur annar leyfisnautur muni ganga að þeim kjörum, sem sett eru í uppástungunni undir tölulið 5. 6, skal eg fremur mæla með viðaukaatkvæðinu undir tölul. 5. a, og varauppástungunni undir tölul. 5. c, eins og eg ekki skal mæla á móti stafl. d undir tölul. 5, ef mögulegt er að bæta því við samninginn; að öðru leyti skýrskota eg til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna við einstök niðurlagsatriði nefndarinnar.

Þórður Jónasson: Við undirbúningsumræðuna fóru ræður þingmanna, að mèr virtist, í sömu stefnu og aðaluppástunga nefndarinnar, sem ræður frá, að setja brennisteinsnámana á leigu, og að visu taldi hinn heiðraði framsögumaður margar ástæður fyrir þessari skoðun nefndarinnar, en sumar af þeim voru þó nokkuð langsóttar.

Það er hverju orði sannara, að það á að gæta allrar varúðar í þessu máli, en of mikið má að öllu gjöra. Það er mögulegt, að þeir tímar muni koma, að brennisteinsnámarnir nyrðra fáist leigðir fyrir hærri leigu, og enda miklu hærri en nú býðst, einkum ef svo er, sem segir í nefndarálitinu, að brennisteinsnámarnir á Sikiley sèu allt af að þrotna, en hins vegar er þetta atriði ekki upplýst af nefndinni, og væri því æskilegt, að hinn heiðraði framsögumaður vildi skýra það atriði fyrir þinginu, því það er mikið verulegt

atriði í málinu. Eg skal leyfa mèr að taka fram, að það liggur ekkert fyrir um það, hvað brennisteinsnámarnir nyrðra eru ríkir; hitt vita menn, að þeir eru í miklum fjarska frá sjó, og miklum kostnaði bundið að vinna þá; þetta atriði er mikilsvert í málinu; menn sjá það bezt á Krisivíkurnámunum, að sá, sem fyrst keypti þá, hætti við, af því hann ekki gat staðizt kostnaðinn, og á félagið, sem nú hefur keypt námurnar, virðist að vera komið eitthvert hik, að minnsta kosti fer félagið sèr ótrúlega hægt, ef mikill arður er í aðra hönd, en brennisteinn er, hversu nytsamur sem hann svo er í mörgum greinum, þó þess konar produkt, sem er mjög ódýrt. 100 pund af brennisteini í stöngum kostar í kaupum og sölum ekki nema 5 rd. 32 sk., en pundið af óhreinsuðum brennisteini kostar að eins 4 sk. Brennisteinsnámur eru því engin gullkista, nema því ríkari sèu og hægt með alla að- og útflutninga, en þetta síðast-talda á ekki heima við brennisteinsnámurnar, sem hèr ræðir um, heldur miklu fremur hið gagnstæða.

Þegar nú þessa er gætt, og enn fremur er litið til þeirrar óvissu, sem á því er, hvað námarnir sèu ríkir, og hvort nokkur muni gefa sig fram til þess að leigja þá, og að þeir hafa legið ónotaðir í mörg ár, virðist mèr áhorfsmál, að hafna tilboði Locks kaupmanns, sem hèr liggur fyrir; en annað mál er það, hvort hann eigi að fá þá fyrir svo mörg ár, sem hann biður um, fyrir þá leigu, sem hann býður; mèr fyrir mitt leyti sýnist nefndin þó stinga upp á of háu eptirgjaldi, og að það sè sama og að neita honum, og vildi eg því helzt leggja til, að færa leiguna niður, t. a. m. í 100 £ um árið, enda heyrðist mèr ekki betur, en að einn af nefndarmönnunum væri á sömu skoðun. Svo finn eg einnig, ef nokkuð verður úr fyrirætlun Locks, fulla ástæðu til að taka uppástungu hins 5. konungkjörna þingmanns til greina.

Yfir höfuð að tala hneigist eg í þessu máli til þeirrar meiningar, að þingið eigi ekki að leggja á móti tilboði Locks kaupmanns, að taka námana á leigu, en að þingið eigi að ákveða leiguna, eins og eg tók fram, nokkuð hærri en hann býður, því annaðhvort eru námarnir lítilsvirði, eða leigutakandi getur borið leigu t. a. m. 100 £ árlega, auk þóknunarinnar til prestsins í Reykjahlíðarbrauðinu, sem stungið hefir verið upp á, en þar á móti þykir mèr tilboð Locks, eins og það liggur fyrir, óaðgengilegt, og því get eg ekki aðhyllzt það; þá er betra að bíða byrjar.

Framsögumaður: Eg ætla að svara hinum hæstvirta kon-

ungsfulltrúa og hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni fáeinum orðum. Konungsfulltrúinn gat þess, að ekki væri hægt, að ákveða flutningskostnaðinn; en þetta get eg ekki séð að sé nein frágangssök, enda er mönnum og kunnugt frá fyrri tíðum, hvað flutningurinn á hinum óhreinsaða brennisteini til Húsavíkur kostaði; það var langtum minna, en menn halda; en nú yrði hann þó helmingi minni, þegar tekið er tillit til þess, að nú geta menn hreinsað hann við námana; hann gat þess einnig, að járnbraut til Reykjahlíðar mundi kosta meir en 1 millíón ríkisdala, en þetta er ekki rètt, því járnbrautir eru ekki svo dýrar, enda mundi og heldur ekki hèr neinna járnbrauta við þurfa, og sèst það bezt af því, að engar járnbrautir voru hèr, þegar námarnir gáfu árlega af sèr 18000 ríkisdali. Konungsfulltrúi sagði og, að þetta væri eigi kappsmál af hendi stjórnarinnar; eg vona að þetta sè svo, en eg get ekki annað sèð, en að það sè skylda þingsins að sjá um, að fleygja því ekki frá sèr út í bláinn, sem eg er sannfærður um að vèr með tímanum, ef vèr verndum námana og leyfum ekki öðrum að skemma þá, getum haft hinn mesta arð af. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður var ekki meðmæltur nefndinni, og hèlt það væri ísjárvert, að hafna boði herra Locks kaupmanns, og vildi enda setja árgjaldið niður. Hvaða ósköp er mínum háttvirta vin og sessunaut annt um að verða af með námana; hann er þó ekki kunnugri þessum námum en hinn nafnfrægi frakkneski «Geolog», sem hefir sagt, að þær með tímanum gætu orðið hin mesta auðsuppspretta fyrir landið. Eg veit að hinn 1. konungkjörni þingmaður er góður «júristi», en þegar um «Industri» er að ræða, þá hefi eg ekki eins mikið traust á honum! Það, sem hinn 1. konungkjörni þingmaður talaði um fèlagið í Krisivík, álít eg einan spádóm. Þegar það er nú gefið, að brennisteinsnámarnir á Sikiley ganga árlega til þurðar, þá sè eg ekki betur, en að það sè brýn skylda vor, að vernda brennisteinsnámana hjá oss, sem geta orðið oss að mestu auðsuppsprettu, og vil því ekki ráða til að fleygja þeim frá okkur út í bláinn.

Að Íslendingar sjálfir með tímanum ekki geti ráðizt í að vinna námana, hefir hinn 1. konungkjörni þingmaður heldur ekki neina sönnun fyrir.

Eg skal svo ekki tala meira um málið að sinni, en vil innilega ráða þinginu til, helzt að fallast á aðaluppástungu nefndarinnar undir 1. tölulið.

Grímur Thomsen: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat þess, að ofætlun myndi verða, að gjöra upp áætlun um ágóða þann, er unnt væri að hafa af námunum. Eg skal játa, að nokkuð muni satt í þessu, en eg verð þá að minna hinn hæstvirta konungsfulltrúa á, að engu síður munu hæpnir reikningar yfir kostnað járnbrauta, því að mèr er það kunnugt, að í Sikiley er allur brennisteinn fluttur frá námunum á múldýrum; þar eru nefnilega enn sem stendur engar járnbrautir, er brennisteinninn sè fluttur eptir; og því ímynda eg mèr, að herra Lock myndi hugsa sig um, áður en hann færi að leggja járnbraut frá námunum til sjávar. En þetta liggur ekki fyrir til umtals, heldur er hèr að eins spurning um, hvort arður sè nokkur í tilboði Locks eða hvort tilvinnanda sè að ganga að tilboði hans. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri áríðandi að vita upp á víst, hvort brennisteinsnámurnar á Sikiley fari minnkandi eða eigi, og í því skyni vil eg taka það fram, að mèr er það með fullri vissu kunnugt, að svo er; eg hefi sèð í statistiskum skýrslum enskum, að mismunurinn á þeirri upphæð, sem brennisteinsflutningarnir frá Sikiley til Stóra-Bretlands numdi 1866 og 1867, var 50000 £, eða með öðrum orð- Englendingar gátu 1867 ekki fengið á Sikiley brennistein nema fyrir 50000 £ minni en 1866, og þó fer þörfin á brennisteini ávallt vaxandi. Árið 1866 var nfl. flutt til Stóra-Bretlands frá Sikiley 1,222,409 centner fyrir 420,897 £, en árið 1867 voru það að eins 1,152,111 centner fyrir 375,217 £. Á þessu má sjá, hve mjög námunum á Sikiley fer aptur, og af því getur aptur leitt, að námur hèr á landi verði innan skamms mjög útgengilegar Nefndin vildi eigi þennan litla hag af tilboðum Locks, þegar þau annars vegar girða fyrir þennan gróða, er ef til vill mætti hafa af námunum síðar meir. Að því, er breytingaratkvæðin snertir, þá virðast mèr sum af þeim mikið góð, t. a. m. breytingaratkvæði hins hæstvirta varaforseta undir tölul. 5. c, en þó vil eg, að jafnframt væri ákveðið, hversu mikið mætti flytja út af brennisteininum á ári hverju, því hugsað gæti eg mèr, að leigunauturinn gengi of hart að námunum og skemmdi þær með því að tæma þær um of; að því er snertir 2. tölul., þá veit eg eigi, hvort eg get gefið honum atkvæði mitt, þar eð eg efast um, að skoðunin geti orðið til neinnar hlítar nema með mikilli fyrirhöfn, t. d. ef grafa þyrfti í námunum, eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður tók fram. Konungsfulltrúi gat þess, að stjórnin mundi sjá um, að námunum

eigi yrði spillt, en þetta ætla eg henni verði erfitt, einkum ef verkamennirnir væru sèr í lagi þessir «coolies», er eg hefi getið um, og einnig með tilliti til þess, verð eg að halda fast við tölul. 3.

Ólafur Pálsson: Þrátt fyrir þær ástæður, sem teknar hafa verið fram fyrir því, get eg eigi fallizt á aðaluppástungu nefndarinnar. Heldur hlýt eg að vera í þeirra flokki, sem álíta það ísjárvert, að hafna alveg því, sem boðið er. Að því er manninn sjálfan snertir, þá ber eg engan kvíðboga fyrir, að stjórnin láti þennan herra Lock eða nokkurn annan mann fara í kring um sig, þó það kunni að hafa tekizt við aðra. Eg get því eigi fallizt á tölul. 1. Aptur á móti mun eg greiða atkvæði mitt fyrir tölul. 3. og 4. sem varauppástungu. Viðvíkjandi leigunni, þá verður því eigi neitað, að varauppástunga hins háttvirta varaforseta undir tölul. 5. c er miklu sanngjarnari og eitthvað staðbetri en tölul. 5. b, og mun eg því gefa atkvæði með henni. Tölul. 3. a fellst eg á, því mèr lízt ótiltækilegt, að setja tímabilið svo stutt, að það sè alveg fráfælandi, og sömuleiðis 5. d, því það er svo eðlilegt, að maðurinn greiði ríflegt offur til prestsins þar, sem hann hefir atvinnuveg sinn, þó hið gagnstæða hafi tíðkazt bæði hèr í bæ og annarstaðar, að menn, sem hafa allan atvinnuveg sinn hèr á landi, greiði ekkert, ef þeir eiga heimili annarstaðar. Eg álít það rangt og, ef til vill, ólöglegt. Töluliðina, sem koma þar á eptir, fellst eg á.

Framsögumaður: Eg vil taka það fram út af því, er sagt hefir verið, að eg lastaði Lock, sem þó ekki er rètt hermt, að það er eigi lítilsvert í svo áríðandi máli, að vita við hvaða pilta menn eiga. Vèr erum hèr sem ráðanautar stjórnarinnar, og megum því eigi láta hjá líða, að gefa henni þær bendingar, sem við vitum að eru á rökum byggðar. Það er ekki lítið í húfi, að fá brennisteinsnámur í hendur þess manns, er búast má við að skemmi námurnar; það hefir að vísu verið sagt, að stjórnin mundi sjá um það, en eg held það geti verið spursmál um, hvort henni sè það unnt. Eg hefi sèð með mínum eigin augum 1851, að þær námurnar, sem næstar voru, voru skemmdar af meðferðinni, eins og maður einn á 18. öld hafði þegar sagt. Það er hægt að skipa það á pappírnum, að eigi megi skemma námurnar, en að sjá um, að því sè hlýtt, það mun verða erfiðara. Að því er snertir tölulið 3. 3, þá verð eg að halda honum fast fram, því það er meira vert, en margur kann að ætla, að fylla landið með þeim óþjóðalýð, sem Lock kann að koma með.

Tryggvi Gunnarsson: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefir tekið þau atriði skýrt fram, er helzt vakti fyrir nefndinni, þegar hún komst að þeirri niðurstöðu, að ráða frá því, að herra Lock væru leigðir námarnir, fyrst að fé það, sem boðið væri í leigu, væri allt of lítið, svo ríkissjóðinn mundi ekki draga neitt um það, og landið hefði skaða af því, og enn fremur að brennisteinsnámurnar í útlöndum fari minnkandi, svo líklegt sè að námur okkar verði að sama skapi útgengilegri. Það er og í sjálfu sèr enginn skaði að biðinni, því brennisteinninn eykst í námunum því meira, sem þær eru lengur óhreifðar, og í þriðja máta er það, að brennisteinsnám gæti orðið mikilsverður atvinnuvegur fyrir innlenda menn, og því ísjárvert að fá það að öllu leyti í hendur útlendingum. Á þessum rökum byggði nefndin uppástungur sínar og þar eð þau eigi hafa verið hrakin, þá vil eg óska, að þingmenn hafi þessar ástæður hugfastar, þegar til atkvæða er gengið.

Torfi Einarsson: Eptir því, sem mèr skildist af umræðunum áðan, þá gæti kostnaðurinn við flutninginn orðið talsvert minni, ef brennisteinninn væri hreinsaður með hverahita; hann gæti einnig á ýmsan veg minnkað, ef haganlega væri að farið, t. a. m. með því að aka brennisteininum á vetrardag; 2 hestar geta dregið meira á sleðum en 12 hestar geta borið. Að öðru leyti vil eg lýsa því yfir, að eg fellst að öllu leyti á aðaluppástungu nefndarinnar, og mun því greiða atkvæði mitt með tölulið 1.

Halldór Jónsson: Eg vil vekja athygli þingsins á því, að töluliður 5. a á ekki að öllu leyti við tölulið 5. b, því ef ákveðinn væri 20 ára fresturinn, þá væri engin ákvörðun um, hver leigan ætti að vera seinustu 10 árin; en þetta mætti laga með því, að setja í tölulið 5. b 15 ár í stað 5 ára, þar sem meiningin mun vera, að leigan skuli ekki hækka yfir 400 £.

Sigurður Gunnarsson: Eptir minni sannfæringu vil eg einasta fallast á tölulið 1. Það er svo margt, sem aptrar mèr að fallast á varauppástungurnar, og sèr í lagi eitt, sem enginn hefir tekið fram. Menn geta vel ímyndað sèr, að leigunauturinn lèti grafa allt það bezta úr námunum 2—3 hin fyrstu árin, upprætti það, og skemmdi um leið margar lifandi námur, lýsti svo þrotabúi hjá sèr, og hætti við allt. Þetta litla, sem hann gyldi af námunum fyrstu árin, — þetta litla segi eg, því lítið er það hèr og stjórnin getur dável ákveðið það miklu minna, en hèr er stungið upp á, — það væri þá allt það gagn, sem landið hefði af nám-

unum, og þeir að engu eða litlu gagni á eptir um svo og svo langan tíma eða alla tíð.

Jón Sigurðsson: Af því að tölulíður annar á atkvæðaskránni er frá mèr, þá kynni það að virðast viðkunnanlegra, að eg talaði nokkur orð. Eg var yfir höfuð að tala samdóma hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum, og vildi alls eigi gjöra neinn ágreining með viðaukaatkvæði mínu undir tölulið 2., en eg skildi nefndina svo, að sú væri hennar meining, að það væri æskilegt að farið yrði að nota námurnar sem fyrst, svo framarlega sem það þætti tiltækilegt, að fara að yrkja þær nú þegar, og til að ganga úr skugga um það, verð eg að álíta öldungis nauðsynlegt, að jarðfróður maður, sem vit hefði á, væri látinn skoða þær; því eg verð enn að taka fram það, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna, að námurnar hafa ekki verið rannsakaðar í fjölda-mörg ár. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður var að vísu sendur 1851 til að skoða námurnar, en hann skoðaði aldrei þær námurnar, sem mest eru verðar, nefnilega Fremri-námur, og þær hefir enginn sèð, síðan Jónas Hallgrímsson skoðaði þær. Einkum væri ómissandi, að námurnar væru skoðaðar, ef landsmenn sjálfir vildu fara að nota þær, eins og framsögumaður virðist helzt að vilja, því meðan menn enga hugmynd hafa um, hve mikill brennisteinn er í námunum, þá er eins og blindur dæmi um lit, að tala um hvern arð megi af þeim hafa, því tilkostnaðurinn við að vinna þær hlýtur að verða mikill, þar sem námurnar liggja 8 til 15 mílur frá sjó, og hann getur því að eins borgað sig, að mikið sè í aðra hönd. Þetta gætu menn fengið að vita, ef maður, sem vit hefði á, skoðaði námurnar, og þá fyrst gæti það orðið tekið í mál, sem æskilegast er, nefnilega að landsmenn sjálfir yrkti námurnar, eins og nefndin einnig hefir viljað.

Framsögumaður: Eg vil að eins geta þess, viðvíkjandi viðaukaatkvæðinu við aðaluppástungu nefndarinnar (staflið 2.), að slíka skoðun er ómögulegt að gjöra á þann hátt, að fullnægt verði tilgangi hins heiðraða uppástungumanns. Það er fyrst þegar farið er að yrkja námurnar, að menn sjá, hvers virði þær eru og hvernig á með þær að fara, og höfum vèr dæmið fyrir oss frá Krisivík.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og vil eg þá biðja menn um, að ganga til atkvæða um uppástungurnar á atkvæðaskránni. Eg vil geta þess, að um hið fyrsta atriði hefir verið beðið um nafnakall.

Pètur Pèturssson: Fyrst nafnakall á að vera, ætla eg með leyfi hins háttvirta forseta, að skýra frá ástæðunum fyrir atkvæði mínu. Flestir hlutaðeigendur játa, að þeir sèu máli þessu lítt kunnir, og eg er ekki viss um, að vèr sjálfir öflum okkur svo mikils ágóða af að yrkja námur þessar, að eg vilji hafna viðunanlegu boði frá öðrum. Það er hætt við, að það dragist, að vèr förum sjálfir að yrkja þær, eins og það hefir dregizt hingað til, og allir þekkja málsháttinn: «meðan grasið er að gróa, deyr kýrin». Ef afgjaldið að eins er goldið í rèttu hlutfalli við ágóðann, og til þess miðar varauppástungan undir 5. c í atkvæðaskránni, finnst mèr, að vèr ættum að vera vel ánægðir. Það getur verið, að beiðandinn í fyrstunni geti naumast staðizt að greiða 2 £ af hverri «Commercelest» af hreinsuðum brennisteini, eins og eg hefi stungið upp á. En sèu Sikileyjarnámurnar að þverra, og verðið á brennisteini hljóti bráðum að stíga, þá hlýtur líka ágóði beiðandans að vaxa. Hinn háttvirti framsögumaður hefir skýrt oss frá, að nafnfrægur frakkneskur vísindamaður hafi ráðið frá, að láta nokkurn Englending fá námurnar. Eg ber mikla virðingu fyrir slíkum ráðum, en það er örðugt að segja, af hvaða rót þetta ráð er runnið. Það hefir í margar aldir verið rígur milli Frakka og Englendinga, og eg fyrir mitt leyti hefði heldur tekið tillit til þessa góða ráðs, ef hann hefði ráðið oss, að láta engan útlendan mann fá námur vorar til kaups eða leigu.

Framsögumaður: Hinn háttvirti varaforseti sagði: «meðan grasið grær, deyr kýrin», en kýrin mjólkar ekki, þegar hún er dauð, og námurnar heldur ekki, þegar búið er að eyðileggja þær. Eg skal þar næst segja hinum háttvirta þingmanni frá, hvernig stóð á heilræði frakkneska mannsins. Hann sagði: «þegar Sikileyjarbrennisteinion þrýtur, og það kann að verða fyr en menn varir, eru brennisteinsnámur ykkar Íslendinga hin mesta auðsuppspretta, og þá væri ykkur bezt að hafa ráð yfir þeim sjálfir, en þið megið búast við, að Englendingar vilji reyna að ná í þær, af því þeir þurfa á svo miklum brennisteini að halda». Hefði maðurinn verið að hugsa um hag Frakklands, hefði hann ekki farið að segja svona, því Frakkar þurfa líka brennistein, en maðurinn talaði af sannfæringu, og hafði hag Íslands fyrir augum. Hinn háttvirti varaforseti kvað það ísjárvert, að hafna viðunanlegu boði, en mèr þykir boðið ekki viðunanlegt, nè heldur varauppástungan undir 5. c, og því vil eg hafna því, heldur en verða fyrir ámæli af þeim, er eptir

oss koma, fyrir að hafa látið spilla fyrir þeim og oss góðri auðsuppsprettu, er vèr áttum að varðveita.

Forseti: Eg ætla þá að biðja hina háttvirtu þingmenn að ganga til atkvæða. (Sjá II., bls. 228).

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu konunglegt álitsmál um sýsluskiptingar í vesturamtinu. Framsögumaður er hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra frá málinu, sem þörf er á.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg skal þá leyfa mèr að lesa upp nefndarálitið. (Sjá II., bls. 230).

Framsögumaður: Þótt nefndin, eins og af þessu má sjá, ekki hafi getað orðið á eitt sátt, hafa báðir hlutar hennar komið fram með skýr og glögg niðurlagsatriði í þessu vandamáli. Úrslit þess eru mjög mikilsvarðandi, því undir þeim er komið eigi að eins, hvað vel tvö sýslumannsembætti verða skipuð, heldur jafnvel hvort þau verði skipuð, eða hvort sýslurnar eigi að verða yfirvaldslausar.

Eptir því sem dómsmálastjórnin áður hefir látið í ljósi, má telja víst, að enginn árangur muni geta orðið af uppástungu meiri hlutans um Barðastrandarsýslu og minni hlutans um Snæfellsnessýslu, og þarf því um það ekki lengra að fara. Þó þingið aðhylltist þessar uppástungur, þá gætu þær ekki greitt hið minnsta fyrir málinu. Það er ekki til neins að fara fram á það, sem maður fyrir fram veit að ekki fæst.

Aptur á móti vil eg mæla með 2. tölulið nefndarálitsins. Oss var það öllum fullljóst í nefndinni, að það er vankvæðum bundið, að skipta Barðastrandarsýslu upp á milli Ísafjarðar- og Dalasýslu, en ógjörningur er það ekki eða frágangssök, einkum ef fengjust þær 4 reglulegar póstferðir á ári, er um er beðið jafnframt. Á þeim er brýn nauðsyn, þótt Barðastrandarsýsla sè embætti sèr, en einkum ef henni verður skipt, og finnst mèr, að maður ekki þurfi að vera vonlaus um, að þessar póstferðir kunni að geta komizt á, þó eg sjálfsagt ekki geti fullyrt neitt þar um. Eg skal sömuleiðis mæla með uppástungunni undir staflið 3. um að leggja Hnappadalssýslu við Snæfellsness, og get ekkert sèð ísjárvert í því, ef Snæfellsnessýsla á þann hátt getur orðið svo lífvænleg, að í hana fáist maður, er sje hæfur til og fær um að gegna henni, og Mýrasýsla jafnframt verður svo góð eptir, að hæfur maður fáist í hana.

Hvorttveggja þetta held eg geti orðið, ef farið er að uppástungu meira hlutans. Mýrasýsla verður að frá skilinni Hnappadalssýslu lík að tekjum eins og Dala- og Borgarfjarðarsýslur (þ. e. hèr um bil 900 rd.) um árið, og jafnframt mikið hæg.

Guðmundur Einarsson: Eg viðurkenni það fyllilega, að það eru neyðarúrræði, að skipta Barðastrandarsýslu, og eg hefi að eins fallizt á þá uppástungu vegna þess, að eg vissi, að vandræði voru fyrir hendi, að fá enda settan sýslumann í sýsluna, og amtmaðurinn í vesturamtinu fullvissaði um, að ekki væri hugsandi til, að fá fè úr ríkissjóði til að fá bætt embættið með. En til þess nú að leggja nokkra bót með, áskildi eg í nefndinni, að reglulegum póstgöngum yrði komið á um sýsluna, og af því eg sè, að þetta er ekki nógu skarpt tekið fram í niðurlagsatriðum nefndarinnar, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði þess efnis, að 4 póstferðir reglulegar verði á ári hverju um alla Barðastrandarsýslu og að heimilum hlutaðeigandi sýslumanna.

Að taka Hnappadalssýslu frá Mýrasýslu, er líka neyðarúrræði, sem bætir lítið sem ekkert úr; því Mýrasýsla verður fyrir hið sama óaðgengilegra embætti, en Snæfellsnessýsla þó hvergi nærri aðgengileg, sem hún þarf þó að vera; eg get því engan veginn mælt alvarlega fram með þessari uppástungu, þó að eg hafi aðhyllzt hana.

Eiríkur Kúld: Nú vildi eg óska mèr sigursæld Epaminondasar, svo að eg við lok þessa máls, ef það verður ofan á, að leggja skuli Barðastrandarsýslu niður, geti hrakið allt það, sem því verður talið til meðmælis, með nægum rökum, því þá get eg sagt eins og Epaminondas: «eg dey ósigraður». Nefndin hefir í þessu máli klofnað í þrennt, og sinn hlutinn stungið upp á hverju neyðarúrræðinu, og ekkert af þessum þremur úrræðum ræður þó sanna bót á vandræðunum.

Þeir, sem þekkja til vestra, vita bezt, hvernig fara muni, ef skipta á Barðastrandarsýslu, eins og upp á er stungið, og þá, sem ekki eru kunnugir, vil eg biðja að líta á uppdrátt landsins. Skiptingin er ónóg, meira að segja óhafandi, því vesturhluti sýslunnar verður við hana sýslumannslaus, nema að nafninu einu. Og þótt póstgöngunum verði fjölgað, er ekki stórum bættara, en það er ekki einu sinni víst það verði, eins og á hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni mátti heyra áðan. Það, sem ávinnst við póstgöngurnar, er í rauninni ekki annað en það, að hreppstjór-

arnir í vesturhluta sýslunnar geta skrifað sýslumanninum á Ísafirði 4 brèf á ári, og fengið má ske svar aptur. En það, sem póstgöngurnar ekki ráða úr, er, að Dalasýslumaðurinn að vísu getur þjónað austurhlutanum á sumardag, en ekki á vetrardag, svo í lagi fari, þótt hann væri allur af vilja gjörður. En um vesturpartinn er það að segja, að fyrir sýslumann, sem býr á Ísafirði, er eins örðugt að þjóna honum á sumrin, eins og að þjóna eystri hlutanum á vetur frá Dalasýslu, og á vetrin hvorki meira nè minna en ómögulegt. Fjallvegirnir geta verið ófærir frá veturnóttum til sumarmála; ekki kemur heldur sjóveður, þótt sýslumaðurinn sè á ferðinni, en gegnum alla sýsluna er annað sporið á landi en annað á sjó, eða rèttara sagt: annað á fjalli og hitt á firði. Þegar nú kemur fyrir stórkostlegt mál um hávetur, eins og var á öndverðri þessari öld á Sjöundá í Rauðasandshreppi, eða þegar óskundi er gjörður af völdum einhverra af hinum mikla fjölda frakkneskra fiskimanna; í vesturhlutanum eru 2 kaupstaðir, en 3 firðir, sem þeir hópum saman því nær daglega flykkjast inn á á sumrin, já, þá kemst enginn til sýslumannsins, og því síður kemst hann neitt. Og þó hann komist, þá verður dýr ferðin hans fyrir jafnaðarsjóðinn, miklu dýrari en þeir 300 rd., er stungið hefir verið upp á, og með þessu öllu kemur hann þó allt af of seint. Í stuttu máli, skiptingin er sama og yfirvaldsleysi. Nei, hið einasta ráð er að skipta Dalasýslu. Þegar Hörðudals-, Miðdala-, Haukadals- og Laxárdalshreppur eru lagðir við Snæfellsnessýslu, verður hún hèr um bil 1000 dala embætti, og 1200 með Hnappadalssýslu, og mætti þá fara þess á leit við hinn núverandi sýslumann í Dalasýslu, að taka hana; vilji hann það ekki, er vonandi, að einhver annar nýtur maður fáist í embættið, því þá verður það allgott, og ekki sèrlega örðugt. Barðastrandarsýsla með 4 vestustu hreppum Dalasýslu verður hèr um bil 700 rd. embætti, það er að segja, hún verður aðgengileg, og ekki stórum örðugri en hún er nú. Sýslumaðurinn verður þá bezt settur í Reykhólasveitinni. Á móti því má segja, að stjórnin hafi þar enga jörð að vísa sýslumanninum á til ábúðar, og það er satt; en ein jörð er þar til, sem eg ímynda mèr að hann ætti hægt með að fá til ábúðar, og það með aðgengilegum kostum, því svo stendur á, að þar er lènsjörð Flateyjar-prestakalls, sem Flateyjarprestinum er ómögulegt vegna fjarlægðar að nota sjálfum, en hann mundi ekkert hafa á móti, að byggja hana sýslumanni sínum. Að Snæfellsnessýsla með þessu móti verði of góð, get eg ekki viður-

kennt. Hún þarf að vera rètt-góð, því hún er, og verður einkum, nokkuð örðug, en þar er margt og mikið að starfa fyrir sýslumann, meira og mikilvægara en í flestum öðrum sýslum á Vesturlandi, því þar er bæði mikil verzlun, skipaferð og aðsókn úr sveitum, og stór fiskiver í meiri hlut sýslunnar. Eg hlýt að leyfa mèr að endurtaka það, að fyrst sagt er að tillagið úr ríkissjóði sè engin von um að fá, þá er það að taka Hnappadalssýslu frá Mýrasýslu óyndisúrræði, og að skipta Barðastrandarsýslu er alveg ófært, en skipting Dalasýslu það eina, sem ræður bót á vandræðunum, og eg hlýt því að áskilja mèr rètt til að koma fram með beina uppástungu í þá stefnu.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er vissulega illt, þegar embætti eru svo launalítil, að enginn vill þiggja þau; því að eg er allajafna þeirrar skoðunar, að embættismönnunum eigi að launa vel; og þá fyrst verði af þeim heimtað með fullum rètti, að þeir ræki vel embætti sitt. Það er víst, að Barðastrandarsýsla er tekjulítil, svo að lítil líkindi eru til, að nokkur sýslumaður fáist í hana núna fyrst um sinn. Til þess að bæta úr þessu, hefir verið stungið upp á, að skipta Barðastrandarsýslu millum Dalasýslu og Ísafjarðarsýslu, og skal eg nú leyfa mèr að reyna að skýra fyrir þinginu, hversu hagkvæm sú skipting yrði. Allir, sem til þekkja, verða að játa, að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu er bezt settur á Ísafirði, og það verður hann einnig, þó nokkuð af Barðastrandarsýslu sè lagt undir hann. Eg vil nú biðja hina heiðruðu þingmenn, að fylgja mèr svo lítinn spotta. Frá Ísafirði til Dýrafjarðar er að vísu ekki mjög langur vegur, en þó eru á þeim vegi 2 heiðar, sem færar eru reyndar á sumrum, en á vetrum er Breiðadalsheiði ekki fær, nema þegar hjarn er. Þegar í Dýrafjörð er komið, þá er annaðhvort að fara fyrir innan, og er sá vegur víst $1\frac{1}{2}$ þingmannaleið, eða sýslumaðurinn verður að skilja eptir hesta sína fyrir norðan fjörðinn, og fara sjóveg yfir hann, og leigja sèr síðan aðra hesta hinu megin við fjörðinn, til þess að komast yfir Rafnseyrarheiði og að Arnarfirði; en nú verður hann að nýju að skilja eptir hestana, og kaupa sèr flutning yfir Arnarfjörð, sem er hèr um bil 3 vikur, annaðhvort yfir á Bíldudal, eða inn í Suðurfirði; því að úr Geirþjófsfirði er fyrst vegur yfir á Barðaströnd; en hvort sem hann fer á Bíldudal, eða í Geirþjófsfjörð, verður hann enn að nýju að leigja sèr hesta, og er það næsta mikil óhægð á því; því að þar er lítið um hesta. Yfir á Barðaströndina er fjallvegur, sem

er mjög illur yfirferðar, og eg held lítt fær á vetrum. Svona er þá þessi leiðin, yfir 4 heiðar og 2 firði, og að fá sèr tvisvar hesta. Nú má segja, að hann geti farið aðra leið. Jú, satt er það; hann getur farið sjóleiðis inn Ísafjarðardjúp, inn í Vatnsfjörð, eða inn á Langadalsströnd. Það fer hann á dag. Svo fer hann yfir Skálmardalsheiði, og verður það önnur dagleiðin; svo heldur hann áfram þriðja daginn yfir Þingmannaheiði, og nú er hann kominn á Barðaströnd, og nú á hann að halda eptir allri Barðaströnd, og út á Rauðasand, svo í Patreksfjörð og þaðan aptur í Tálknafjörð, að eg sleppi öllum krókum. Til þess enn að sýna, hversu haganleg skipting þessi er, skal eg geta þess, að ef sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu fer þessa leið, liggur leið hans um nokkurn þann hluta Barðastrandarsýslu, sem leggja á við Dalasýslu, því að Múlahreppur, sem hann verður að fara um, liggur í þeim hluta Barðastrandarsýslu. Ísafjarðarsýsla hefir hingað til verið talin full-örðug, enda eru 14 hreppar í henni; en nú á að fara að bæta við hana 5 hreppum að auk, svo að nú á hún að verða 19. Það hefir og verið talað um óskunda þann, er útlendir fiskimenn gjöra við strendur vorar; en nú eru þeir hvergi eins opt fyrir vestan og við strendur Barðastrandarsýslu; það er að segja: um Patreksfjörð, Tálknafjörð og Arnarfjörð. Sýslumaðurinn þar getur reyndar ekki mikið að gjört, til að aðstoða sýslubúa sína gegn óskunda þeirra; en minna mundi hann þó geta aðstoðað þá, ef hann sæti á Ísafirði. Eg vona, að öllum hljóti nú að vera það ljóst, að sá hluti Barðastrandarsýslu, sem lagður yrði til Ísafjarðarsýslu, mundi verða yfirvaldslaus, nema ef sýslumaðurinn skyldi komast þangað á sumrum til þess að þinga. Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, tók dæmi af máli skömmu eptir aldamótin, en eg þekki dæmi frá 1830, eða litlu síðar, og hann þekkir það líka, að þá varð sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu að fá annan mann í sýslunni til þess að rannsaka mál fyrir sig, sem kom fyrir í syðri hluta sýslunnar. Ef þetta getur komið fyrir, þegar sýslumaður situr í Barðastrandarsýslu, hvað mun þá ekki, ef hann situr á Ísafirði? Það er sjálfsagt, að hægra verður að gegna þeim hlutanum, sem til Dalasýslu á að leggja, en þó verður það fullörðugt á vetrum, því að það er langur vegur, yzt utan af Skarðsströnd fyrir innan allan Gilsfjörð, og svo fyrir botnana á öllum þeim fjörðum, sem í Barðastrandarsýslu liggja, vestur að Barðaströnd, og þótt sýslumaðurinn sæti á Reykjanesi, verður opt fullörðugt, að ná í hann samt.

Eg get ekki verið samdóma hinum háttvirta framsögumanni um það, að skipta skuli Dalasýslu. Barðastrandarsýsla er fullörðug, eins og hún er, en örðugri verður hún, ef hálfri Dalasýslu er við hana bætt. Eg held líka, að sýslumaðurinn, sem þar er, mundi ekki fýsast eptir þeim skiptum, en heldur kjósa að halda Dalasýslu, eins og hún er; því hún er hæg og þægileg, þó launin sèu ekki svo mikil. Minni hluti nefndarinnar hefir og einnig fundið, að þetta mundi og ógjörandi, því að hann hefir stungið upp á, að þetta skyldi að eins vera 5 ár til reynslu. Hvað þá snertir að taka Hnappadalssýslu frá Mýrasýslu, þá held eg það næsta athugavert; það er satt, að Snæfellsnessýsla þarf þess í fyllsta máta með, að hún sè bætt, en þá verður að gæta þess, að gjöra ekki Mýrasýslu svo rýra, að enginn vilji hafa hana; og eg ætla það mjög viðsjált, að taka svona frá einni sýslunni til að bæta aðra, og þannig gjöra allar sýslurnar jafnrýrar. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að hún mundi samt gefa af sèr 900 rd. Það getur verið hún gjöri það í sumum árum, en naumast í öllum. Snæfellsnessýsla er ekki viðunandi, en þótt hún væri bætt með því, að leggja Hnappadalssýslu við hana, þá er athugandi, að við það verður Mýrasýsla næsta rýr. Það er sjálfsagt, að Snæfellsnessýsla er vandasöm, en ekki heyrðist mèr þingmaður Barðstrendinga gjöra mikið úr þeirri ástæðu, þegar eg um daginn kom með uppástungu um, að hækka laun sýslumannsins í Gullbringusýslu, og er það embætti þó ólíkt vandasamara. Hið eina ráð, sem eg held sè til þess, að bæta Snæfellsnessýslu, er að sameina við hana þau 2 umboð, sem þar eru, þegar þau losna, og þá verður sýslan svo góð, að engin vandræði verða að fá sýslumann þangað.

Helgi Hálfdánarson: Af því eg er uppalinn í Barðastrandarsýslu, og er töluvert kunnugur á Vesturlandi, vil eg leyfa mèr að fara fáeinum orðum um þetta mál. Eg verð þá að segja, að eg get hvorki fellt mig við uppástungu meiri nè minni hlutans, sem hèr liggja fyrir. Meiri hlutinn vill biðja um 300 dali úr ríkissjóði til þess að bæta sýsluna með. Þetta held eg fáist nú ekki, því vèr höfum reynsluna fyrir oss í því með svo margt annað, sem beðið hefir verið um úr ríkissjóðnum; enda álít eg og það miður æskilegt, að þetta fengist; því þegar fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, sem vonandi er að bráðum verði, hlyti það gjald að lenda á landinu. En eg held, að menn ættu að varast, að leggja þannig álögur á landið fyrir fram, þar sem öðru verður við komið. Hvað nú uppá-

stungu minni hlutans snertir, þá álít eg, að ógjörningur sé, að skipta Barðastrandarsýslu milli Ísafjarðar- og Dalasýslu, því þá yrði vestari hluti hennar, eins og búið er að taka fram, svo að segja sýslumannslaus sökum hinnar miklu fjarlægðar frá Ísafirði; en auk þess hefðu og Ísafjarðarsýslubúar mikinn baga af því. Það væri t. a. m. ekki þægilegt fyrir menn af Hornströndum, er komnir væru að finna sýslumann á Ísafirði, að þurfa að elta hann suður í Breiðuvík í Barðastrandarsýslu, eða bíða þangað til hann kæmi þaðan aptur. En fyrir sýslumann Ísfirðinga væri þetta heldur ekki þægilegt, því síður sem hann er líka bæjarfógeti á Ísafirði og þarf þess vegna að taka þar stöðugt þátt í bæjarmálefnum. Eg ætla að áskilja mèr breytingaratkvæði í líka stefnu og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga tók fram um skiptingu á Dalasýslu. Hvað það snertir, að taka Hnappadalssýslu frá Mýrasýslu, þá virðist mèr það ísjárvert. Eg held, að það sè alls eigi ráðlegt, að rýra tekjur þeirra embætta, sem nú eru, sízt þeirra, sem eins og Mýrasýsla, eru ekki meir en í meðallagi, og hafði eg hugsað mèr breytingaratkvæði við það atriði í sömu stefnu og þingmaður Reykvíkinga tók fram, sem sè þess efnis að sameina heldur umboðin við Snæfellsnessýslu, nær sem þau losna.

Forseti: Með því að nú er orðið áliðið dags og margir hafa enn beðið sèr hljóðs, þá held eg, að bezt sè að hætta í dag, en halda umræðunum áfram á morgun, og skal eg þá ákveða fund kl. 12.

Fundi slitið.

---

22. fundur — 26. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands. Það er lagt fram á lestrarsalinn og hinum háttvirta konungsfulltrúa sent eptirrit af því. Eg hefi líka fengið uppástungu frá nefndinni í þessu máli um, að þingið sendi ávarp til konungs. Eg vona að nefndarálitið í málinu um konunglegt frumvarp til laga, er nákvæmar ákveður um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu,

verði fullprentað í dag, svo að hver þingmaður geti fengið sitt exemplar.

Vèr tökum þá til dagskrár, og er þá fyrst áframhald af undirbúningsumræðu um málið viðvíkjandi sýsluskiptingum í vesturamtinu. Hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og er það á hans valdi, hvort hann vill taka til máls nú þegar.

Konungsfulltrúi: Þó að eg sè lítt kunnugur um þau hèruð, sem hèr ræðir um, þykir mèr það samt eptir umræðunum í þessu máli sennilegt, að uppástunga minni hlutans undir tölul. 2. ekki sè hafandi, og mèr virðist minni hlutinn sjálfur í nefndarálitinu gjöra ráð fyrir því sama. Ef svo er, skal eg mæla með breytingaruppástungu þeirri, sem hinir heiðruðu þingmenn Barðastrandar- og Vestmannaeyjasýslu hafa áskilið sèr um skiptingu Dalasýslu, og vona eg, að sýslumaður Dalasýslu muni vera fáanlegur til að aðhyllast þá skiptingu.

Eg er á sama máli og þeir þingmenn, sem óska, að sýsluembættin, eða að minnsta kosti nokkur þeirra, sèu sæmileg, og mèr þykir þess vegna æskilegast, að láta Mýra- og Hnappadalssýslu vera saman, en bæta Arnarstapaumboði, þegar það einhvern tíma losnar, við sýslumannsembættið í Snæfellsness og suðurhluta Dalasýslu. Þess vegna virðist mèr ekki vera ástæða til endilega eða «definitivt» að leggja Hnappadalssýslu saman við Snæfellsnessýslu, heldur fyrst um sinn að láta sýslumanninn í Snæfellsnes- og syðri hluta Dalasýslu, ef nauðsynlegt þykir að bæta nokkru við þá sýslu, vera settan í Hnappadalssýslu; en þegar umboðið verður sameinað sýslumannsembættinu í Stykkishólmi, þá aptur að sameina Hnappadalssýslu við Mýrasýslu.

Eg skal játa það, að mèr þykja þess konar bráðabyrgðarráðstafanir í rauninni ekki æskilegar, en þegar leysa á úr vandræðum, virðast mèr þær leyfilegar. Eg skal skjóta því til hinna heiðruðu þingmanna, sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði um skiptíng Dalasýslu, hvort þeir ekki muni finna ástæðu til að taka þessar bendingar til greina.

Þar sem dómsmálastjórnin í brèfi því frá 9. f. m., sem lagt er fyrir þingið, hefir tekið fram, að ekki geti verið um það að ræða, eins og nú stendur á, að útvega launaríkun af ríkissjóðnum fyrir hvort þessara embætta sem er, skal eg ráða þinginu frá, að aðhyllast uppástungurnar undir tölul. 1. og 4., og eg skal bæta því við það, sem mèr virðist hinn heiðraði þingmaður Vestmanna-

eyja benda á, að þegar nýtt fyrirkomulag á að komast á í umboðsstjórn landsins, þá verði fleiri spursmál sama eðlis að leggja fyrir, og það er ósèð enn þá, hvernig úr þeim eigi að greiða.

Framsögumaður: Á síðasta fundi komu að vísu fram mörg mótmæli gegn nefndinni, en öll miðuðu þau til þess, að finna að sumum af uppástungum nefndarinnar og kollvarpa þeim, en síður til hins, að setja neitt í staðinn, að undanteknum breytingaratkvæðum þeim, er þingmaður Barðstrendinga og þingmaður Vestmanneyinga tóku sèr í þá stefnu, að skipta Dalasýslu milli Snæfellsnessýslu og Barðastrandarsýslu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir nú mælt með þessu, og álitið það tiltækilegra, heldur en uppástungu minni hlutans við tölulið 2. Eg fyrir mitt leyti er ekki mótfallinn því, að þessi skipting kynni í sjálfu sèr að vera tiltækileg, og eins og sjá má af nefndarálitinu, var þessu hreift á nefndarfundum. En eg er ekki viss um, að menn nái tilgangi sínum með þessu, því Dalasýsla er ekki laus, og menn vita ekki, hvernig sýslumaðurinn, sem nú er í Dalasýslu, tekur undir þetta. Að vísu er það, eins og vandi er til, áskilið í veitingarbrèfi hans, að hann verði að taka þeim breytingum, er kunni að verða gjörðar á embætti hans, en þó efast eg mjög um, að stjórnin gjöri svo stórkostlega breytingu á embættinu að honum nauðugum, því embættið ekki einungis breytist, heldur verður í rauninni allt annað. Það getur verið, að uppástunga þessi sè hin aðgengilegasta í sjálfu sèr, þó eg hafi nokkurn efa þar um, en eg held þó, að hún sè ísjárverð, eptir því sem nú stendur á, af þeirri ástæðu, sem eg áður hefi til fært, af því að tvísýnt er um, að með henni verði bætt úr þeim vandræðum, sem nú þegar þarf úr að ráða. Með þessu móti yrði Barðastrandarsýsla mjög erfið, þó hún reyndar ekki yrði eins erfið og Ísafjarðarsýsla, ef helmingur Barðastrandarsýslu yrði til hennar lagður. Það hefir verið mikið gjört úr erfiðleikum þessum, og eg hef tekið það fram áður, að þeir sèu miklir; en það þykir mèr of mikið að segja, að það, sem erfitt er, sè ómögulegt, en það virðist mèr þingmaður Reykvíkinga og þingmaður Barðstrendinga gjöra. Það er satt, að það yrði opt erfitt, að ná í sýslumann á Ísafirði fyrir Barðstrendinga, og stundum ómögulegt, en það er svo víða, sem menn á útkjálkunum ekki geta náð í sýslumann á vetrartíma; eg vil taka til dæmis Langanes; þar er enn verra að ná þaðan í sýslumann, sem býr í Húsavík, en af Barðaströnd í sýslumann á Ísafirði. En það er eina bótin,

að mál koma mjög sjaldan fyrir á hinum strjálbyggðu útkjálkum landsins. Þingmaður Reykvíkinga dæmdi nefndina hart, og mátti ráða það af ummælum hans, að hann er búinn að gleyma, hvernig til hagar á Vesturlandi, og er það fyrirgefanlegt, en hitt er það síður, að hann skuli tileinka sèr kunnugleika, sem hann ekki hefir, því á sumrin þarf maður ekki nema hálfan annan dag til þess, að fara af Ísafirði til Barðastrandarsýslu, hvar sem vera skal. Ein aðalástæða þingmannsins móti skiptingu Barðastrandarsýslu var sú, að ef sýslumaðurinn sæti á Ísafirði, þá gæti hann ekki verndað Barðstrendinga fyrir fiskiskútum Frakka; en eg man ekki betur, en að eg hafi heyrt hingað til, að sýslumenn hafi lítið getað aðgjört, til að af stýra þeim óskunda, sem talið er að útlendir fiskimenn stundum gjöri hèr á landi, og svo mundi enn fara, þó allt stæði við sama og nú er, að Barðastrandarsýsla hèldist óskert, að lítilli lögreglustjórn mundi verða við komið í þessu tilliti á þeim stöðum, sem fjarlægir væru bústað sýslumanns. Þessi ástæða er því mjög lèttvæg. Þingmaðurinn hèlt, að það mundi ekkert bæta, þó fjölgað yrði póstgöngunum, og þótti uppástungan ófullkomin, af því hún tók ekki til leið þá, er póstarnir skuli ganga, en þetta átti ekki við að gjöra, því það væri sjálfsagt rètt, að láta umboðsstjórnina ráða því. Eg álít það mjög áríðandi, að embættin verði skipuð, og því ætti þingið að fallast á þá uppástungu, sem bezt svarar til þess augnamiðs. Af því óvíst er um skiptinguna á Dalasýslu, held eg að þingið ætti að fallast á uppástungu minni hluta nefndarinnar, að minnsta kosti til vara. Mönnum er nauðugur einn kosturinn, þegar enginn fæst í embættin, og ekki einu sinni til þess, að taka við Constitution. Þingmaður Reykvíkinga mælti móti því, að leggja Hnappadalssýslu til Snæfellsnessýslu, og rengdi skýrslu mína um laun sýslumannsins í Mýrasýslu, en eg tók hana beinlínis eptir skýrslum sýslumannsins þar, og það þó fyrir eitthvert hið rýrasta árið. Eg verð um þetta atriði að halda fastlega fram uppástungu meiri hluta nefndarinnar. Snæfellsnessýsla yrði við þetta litlum mun erfiðari, en hún er nú, og Mýrasýsla töluvert hægari, og það, sem einkum ber á að líta, er, að Snæfellsnessýsla verður miklu lífvænlegri en hún var, og Mýrasýsla þó viðunandi embætti á eptir. Hnappadalssýsla er líka í geistlegu tilliti sameinuð Snæfellsnessýslu, og sýnist því vel við eiga, að hún einnig sè það í verzlegu tilliti.

Daníel Thorlacius: Af því eg er kunnugur nokkuð fyrir

vestan Breiðafjörð, verð eg að tala fáein orð. Eg er alveg samdóma meiri hluta nefndarinnar um, að ófært sè að skipta Barðastrandarsýslu, eins og minni hlutinn fer fram á, og mundi það verða ókljúfandi fyrir sýslumanninn, sem sjálfsagt ætti að búa á Ísafirði, að gegna sýslustörfum í svo víðlendri sýslu, þar sem heiðar eru opt ófærar yfirferðar frameptir öllu vori, og mega ekki heita mannavegur nema um hásumar. Þeir, sem kunnugir eru, vita það, og þeir, sem ókunnugir eru, þurfa ekki annað en líta á kortið til þess að sjá, að með þessu móti kæmi sýslan til að ná frá Hornbjargi og suður fyrir Látrabjarg og nokkuð inn með Breiðafirði, og er þetta því nær allur vesturkjálkinn. Mig furðar, að nefndin skuli hafa tekið svo linlega fram skiptingu á Dalasýslu, og ætla eg þess vegna að sameina mig við þingmann Barðstrendinga um breytingaratkvæði í þessa átt. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi mælti einnig fram með þessu. Við þessa tilhögun yrði Snæfellsnessýsla og Barðastrandarsýsla báðar viðunandi, en litlum mun erfiðari en áður, því það er hægra fyrir sýslumanninn í Snæfellsnessýslu að gegna sýslustörfum í Laxárdal, sem yrði á sýsluenda, heldur en að gegna þessum sömu störfum fyrir vestan Jökul, og væri hann með þessari tilhögun mjög vel settur í Stykkishólmi. Það liggur að sönnu beint við, að leggja Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu, því ekki er nokkur von á, að sótt verði um hana, eins og hún nú er, en mèr þykir samt ísjárvert, að rýra svo mjög Mýrasýslu, að hún yrði ekki viðunanlegt embætti. Það var reyndar sagt hèr í salnum í gær, að hún yrði eptir sem áður embætti upp á 900 rd. Þetta er mèr nú ókunnugt; en væri svo, þá er þetta viðunanlegt. Eg ætla samt að gjöra viðaukaatkvæði við 4. tölulið þess efnis, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu fái árlega 300 rd. úr ríkissjóði, ef svo skyldi fara, að Mýrasýsla álitist, þegar Hnappadalssýsla er frá skilin, óaðgengilegt embætti. Kjör sýslumannsins í Snæfellsnessýslu gætu og nokkuð skánað, ef Stykkishólmur fengi kaupstaðarrèttindi, því bæjarfógetalaunin yrðu þó ætíð um 200 rd.

Hjálmur Pètursson: Eins og eg verð að vera þeim mönnum samdóma, sem hafa mælt í móti því, að skipta Barðastrandarsýslu, og verð eg enn sem fyrri, að álíta það með öllu ógjörlegt, þrátt fyrir mótmæli hins háttvirta framsögumanns, eins verð eg fastlega að mæla á móti, að Hnappadalssýsla sè slitin frá Mýrasýslu og lögð til Snæfellsnessýslu. Eg verð að álíta þess háttar kák bæði

ófullkomið og óheppilegt á þessum tíma; í því er í raun og veru engin bót, að rýra eitt embættið til að ríkka annað. Þó væri talandi um þetta, ef Mýrasýsla væri einhver bezta sýsla landsins, en þessu er ekki svör að gefa, eins og líka meðnefndarmenn mínir hafa játað, þar eð þeir að eins álíta, að hún yrði lífvænlegt embætti, einkum vegna hægðarinnar; það munu líka allir játa með mèr, að Mýrasýsla hefir hingað til ekki verið talin með þeim beztu sýslum, þó Hnappadalssýsla hafi fylgt henni. Þó eg ekki vilji rengja skýrslu hins háttvirta framsögumanns, þá efast eg þó um, að Mýrasýsla ein sèr gefi nú af sèr 900 rd. í hreinar tekjur. Mèr finnst líka liggja í þessu of mikil jafnaðarhugsun, að vilja jafna sýslurnar hverja með annari; mèr finnst, að það gæti orðið skaðlegt, ef öll eða flest sýsluembættin væru gjörð jöfn, því við það hyrfi að nokkru leyti sú hvöt, sem embættismannaefni og embættismenn hafa til að rækja vel köllun sína, þar þeir gætu ekki átt von á, að njóta verðugleika síns í tilliti til þess, að fá betra embætti; en með því að leggja Hnappadalssýslu til Snæfellsnessýslu, finnst mèr stigið eitt fet í þessa átt. Líka get eg ímyndað mèr, ef slíkt væri byrjað, að þá mundi ekki skorta uppástungur og bænarskrár framvegis í sömu átt, og get eg í því efni dregið dæmi af bænarskrá þeirri, sem nýlega kom hèr um launaviðbót handa sýslumanninum í Gullbringusýslu, og er ekki svo ólíklegt, að bráðum komi uppástunga um, að taka nokkra hreppa frá Árnessýslu og bæta við Gullbringusýslu o. s. frv. Hvað Snæfellsnessýslu sjálfa áhrærir, þá játa eg, að hún þarf uppbótar við; en eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá er engan veginn nægileg bót fyrir hana, þó til hennar væri lögð Hnappadalssýsla, og því ekki samsvarandi þeirri rýrnun, sem Mýrasýsla liði hèr við, með því Snæfellsnessýsla er erfiðari en Mýrasýsla; en eg held, að það mætti bæta Snæfellsnessýslu með því, að láta sýslumann hafa Arnarstapa og Skógarstrandarumboð, þegar þau losna, sem mundu bæta 400 rd. við launin. Líka má gjöra ráð fyrir, að Stykkishólmur öðlist með tímanum kaupstaðarrèttindi, eins og þingmaður Snæfellinga gat um; mundi sýslumaður þá verða þar bæjarfógeti, og við það fá 200 rd., líkt og á Eyjafirði og Ísafirði, en þar eð þetta bætir ekki bráðaþörfina, virðist liggja beint við, að laun þessa embættismanns sèu bætt úr ríkissjóði fyrst um sinn. Hafi eg skilið rètt orð hins hæstvirta konungsfulltrúa um daginn, þá sagði hann, að stjórnin mundi finna sèr skylt, að veita það fè úr ríkissjóði, sem við þarf

til stjórnar landsins; þetta þykir mèr líka mjög líklegt; það mun vera skylda hennar, og þetta gjörir mig öruggari, að halda fast fram uppástungu minni. Verði nú samt ekki önnur ráð, en að skipta sýslunum í vesturamtinu, og jafna þær hverja með annari, þá verð eg að álíta það eina tiltækilega og verklega úrræði, að skipta Dalasýslu, eins og þingmaður Barðstrendinga hefir stungið upp á, en að þessu sinni er eg þó ekki alráðinn í, að gefa því atkvæði mitt. Mèr skildist ekki fullkomlega, hvort þingmaður Barðstrendinga ætlaðist til, að Snæfellsnessýsla fengi bæði hálfa Dalasýslu og líka Hnappadalssýslu; það álít eg óþarft, og hafi sú verið meiningin, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði um það. Verði 3. töluliður samþykktur, vil eg breyta 80 rd. í 60 rd. Við 4. tölulið vil eg eptir orðin: «fyrst um sinn» bæta inn í: «þangað til umboðin losna», og áskil eg mèr rètt til að bera fram þessar breytingar. Þingmaður Snæfellinga ráðgjörði viðaukaatkvæði við 4. tölulið, og getur verið, að við getum komið okkur saman um það.

Torfi Einarsson: Það er nú sumt fallið í burtu, af því sem eg vildi sagt hafa, en hvað þessar póstgöngur snertir, þá held eg, að ekki verði mikil bót að þeim, því þær yrðu einungis milli Stykkishólms og Ísafjarðar. Vèr þar vestra getum ekki kvartað yfir átroðningi af póstum, því aldrei kemur póstur í Strandasýslu, nema bara í hreppinn sem sýslumaðurinn býr í. Það hefði þurft hreppspósta um alla Ísafjarðarsýslu, ef gagn hefði átt af að verða, en það mun nú ekki fást. Nú er annað atriði; það á sem sè að fara að brytja Dalasýslu. Þegar nú á svo stórlega að bæta öll embættin sunnanfjalls í vesturamtinu, þá held eg verði að fara að hugsa um Strandasýslu. Menn hafa þar allt af hugsað sèr eina ráðið til að bæta Strandasýslu væri að sameina hana við Dalasýslu, en þegar búið er að brytja hana, sè eg ekki annað fyrir, en Strandasýsla verði nokkurs konar rófa á Ísafjarðarsýslu, og það kann eg nú ekki við. Það er líka góður spotti af Ísafirði og austur að Hrútafjarðará. Verði Dalasýslu skipt, þá vil eg, að Laxárdalshreppur og Hvammshreppur leggist til Strandasýslu, og ætla eg að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt.

Eiríkur Kúld: Það gladdi mig, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi var meðmæltur breytingaratkvæði mínu, og að hann álítur ótiltækilegt, að leggja Barðastrandarsýslu niður. Eg er annars ekkert fastur á, að skipta einu sinni Dalasýslu, heldur hefi eg að eins gripið til þessa út úr vandræðum, af því eg heyrði það af skýrslu

hins háttvirta framsögumanns, að Barðastrandarsýsla væri það olbogabarn, að ei fengist hún uppbætt úr ríkissjóði. Eg kalla hana olbogabarn, því ef eg man rètt, þá fèkk hinn 4. konungkjörni þingmaður, þegar hann var sýslumaður í Strandasýslu, 200 rd. launaviðbót úr ríkissjóði, og Eggert Briem mun hafa fengið 150 rd. viðbót, þegar hann var í Ísafjarðarsýslu; en fyrir Barðastrandarsýslu er ríkisfjárhirzlan svo harðlega læst, að þó sjálfur amtmaðurinn í vesturamtinu knýi á, þá lýkst hún samt ekki upp. Eg verð að vísu að ætla, að það sè siðferðisleg skylda hverrar stjórnar, að sjá þegnum sínum fyrir því, að yfirvöld sèu til, er gæti laganna og verndi þegnanna borgaralegu rèttindi, en af því stjórnin nú ei getur veitt fè til þess, að bæta sýslumannsembættið í Barðastrandarsýslu, svo í nokkru lagi sè, þá virðist mèr eina úrræðið, að skipta Dalasýslu. Hinn háttvirti framsögumaður bar mèr og þingmanni Reykvíkinga á brýn, að við í ræðum okkar í gær hefðum gjört erfiðleika að ómögulegleika, en eg held, að framsögumaður sè nú sjálfur búinn að kannast við ómögulegleikana. Ferðalag þingmanns Reykvíkinga í gær var öldungis rètt, þangað til hann komst að Gilsfirði, og hann ætlaði að sýna fram á, að Barðastrandarsýsla yrði fjarska-erfið, ef nyrðri hluta Dalasýslu væri við hana bætt, þó sýslumaðurinn sæti á Reykjanesi. Mèr virtist sem þingmaðurinn þá kæmist eitthvað út í Gilsfjörð; þar hætti hann að ferðast, og fór aldrei upp úr firðinum aptur, líklega af því að hann hefir ei munað til, að vegur liggur úr Saurbænum yfir í Hvammssveit, og hann stuttur, það er Svínadalur. Viðvíkjandi því, sem þingmaður Mýramanna sagði, þá var það meining mín, að helming Dalasýslu og Hnappadalssýslu alla skuli leggja til Snæfellsnessýslu; en þó gæti Hnappadalssýsla orðið kyrr við Mýrasýslu, ef stjórnin vildi, til að bæta kjör sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, leggja fyrir næsta þing frumvarp um, að gjöra Stykkishólm að kaupstað; það er líka samkvæmt óskum manna þar, og þó nokkrar torfærur kunni þar á að vera, mundi stjórnin yfirvinna þær; fengi þá sýslumaður 200 rd. viðbót, eins og á Akureyri og Ísafirði. Hvað því viðvíkur, að leggja umboðin til sýslunnar, þá mundi það embætti verða erfitt, því umboðunum fylgja meiri skriptir en nokkru sýslumannsembætti, og mikil ferðalög, bæði innan sýslu og utan. Hinn háttvirti framsögumaður var hræddur um, að sýslumaðurinn í Dalasýslu mundi tregur til þessa, en eg held hann megi til eptir veitingarbrèfi sínu, að taka öllum breytingum, sem á embætti hans

kunna að verða gjörðar, og þess utan er eg á sama máli og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, að hann mundi ei verða ófús á, að taka annað embætti, þegar það verður eins gott eða jafnvel tekjumeira. Þingmaður Strandasýslu kallaði hana litla sýslu, og er það að vísu satt, en aldrei hefir þar þó skort sýslumann. Hann vildi krækja í Hvammssveit og Laxárdal, því nóg væri eptir samt handa hinum sýslunum, en því get eg ekki verið samdóma.

Jón Pèturssonr: Barðastrandarsýsla er örðug, og verði vesturhluti hennar lagður við Ísafjarðarsýslu, verður nærri ómögulegt að þjóna allri þeirri sýslu svo vel sè. Eins verður það líka ógnarlega örðugt, að þjóna allri Barðastrandarsýslu og hálfri Dalasýslu, og vil eg því ekki ráða til þess að slík samsteypa sè gjörð. Og ef menn nú gjörðu 3 sýslur úr Snæfellss-, Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum, hvernig ætluðu menn þá að fara að, ef Strandasýsla losnaði, og enginn vildi sækja um hana? er hæglega gæti að borið, því eg held, að menn varla geti talið hana nema upp á 300 rd.; þá kæmu ný vandræði upp, og þá dygði ekki, að skipta henni millum þeirra 2 sýslna í vesturumdæminu, er henni þá lægju næstar, því þær væri hver út af fyrir sig fyrir fram embætti, er því nær væri ókljúfandi að gegna, þó þau eigi fengju nýjan viðauka. Eg er einn af þeim, sem tel þessar sýsluskiptingar mestu óyndisúrræði. Sýslurnar í vesturamtinu eru allflestar örðugar og tekjulitlar, og það er ekki að búast við, að fáist í þær maður, sem varið hefir miklu fè og löngum tíma til að menntast í Kaupmannahöfn, einkum þegar illa lætur í ári, eins og nú. En öðrum er ekki á að ýta, því enn erum vèr ekki búnir að fá innlendan lagaskóla. Heldur ekki býst eg við, að stjórnin vilji bæta launum úr ríkissjóði við sýslurnar, og þegar þær nú ekki verða bættar á neinn hátt, þá ætla eg að leyfa mèr að koma fram með nýja uppástungu, því ný ráð þurfa við nýjum vandræðum; það er, að láta hreppstjórana í Barðastrandarsýslu hafa þar hin umboðslegu sýslumannsstörf fyrst um sinn, en láta sýslumann Ísfirðinga vera dómara í vesturhlutanum, og sýslumann Dalamanna í austurhlutanum. Það eru duglegir hreppstjórar í Barðastrandarsýslu nú, t. d. Hafliði í Svefneyjum, og eg get ekki sèð, að þetta sè nein frágangssök fyrst um sinn, eða að það sè verra en það, sem annars verður ofan á, að sýslan sè skipuð að nafninu til, en sýslumannslaus í rauninni.

Guðmundur Einarsson: Því meir sem þetta mál er rætt, því

ljósar sýnir það sig, að það er hið mesta vandræðamál. Hinir heiðruðu þingmenn Barðstrendinga og Reykvíkinga töldu mestu örðugleika á ferðum sýslumanna um sýslurnar, og er það ekki of sagt; þó þykir mèr, að of borið sè í framsögu þeirra. Eg játa það einnig, að hinar fyrirhuguðu póstgöngur um sýsluna ráða engan veginn bót á vandræðunum, en nokkuð bæta þær þó úr þeim. Að skipta Dalasýslu, er sumir stinga upp á, er þeim vandkvæðum bundið, að Barðastrandarsýsla verður við það enn nú erfiðari og viðlendari, og þó ekki nema í hæsta lagi 900 rd. embætti. Snæfellsnessýsla, sem á að bæta upp með hinum bluta Dalasýslu, verður ekki betri en Dalasýsla er nú, en langtum erfiðari. Að sameina Snæfellsnessýslu við umboðin, gjörir þetta embætti fjarska-umfangsmikið, bæði að skriptum, og ferðalögum innan- og utansýslu, og er bundið mikilli peninga-ábyrgð. En úr því vèr annars viljum vera að hreifa þessum uppskiptingi, eigum vèr þá ekki að gjöra það að gagni, og fría stjórnina við öllum peningabónum í þessu tilliti? Þegar um slíkt er að ræða, þá vil eg ekki binda mig við fjórðungaskiptin í landinu. Eg sting þá upp á, að skipta Mýrasýslu upp á milli Borgarfjarðarsýslu og Snæfellsnessýslu; það verða tvær beztu sýslur með því móti. Sömuleiðis sting eg upp á, að sameina Strandasýslu og Dalasýslu við næstu sýslumanna-skipti, og síðan verja hinu hækkaða árgjaldi að meiru leyti á einhvern hátt til ríkunar sýslumannsembættinu í Barðastrandarsýslu, og áskil eg mèr breytingaratkvæði í þá átt, ef hinir halda áfram breytingaratkvæðum sínum viðvíkjandi uppskiptingu Dalasýslu, sem mèr lízt ekki vel á. Þessi uppástunga er að vísu stórkostleg, en hún er bæði tiltækileg og bætir svo úr, að þá þarf ekki að knýja á stjórnina um fè til uppbótar embættum þessum.

Sigurður Gunnarsson: Aðrir hafa tekið fram flest af því, sem eg vildi nefna. Eg heyri, að það ætla að verða vandræði úr að lækna meinsemdir valdstjórnarinnar á Vesturlandi. Eg er í engum vafa um, hver ráð eru næst til þess. Sýslumennirnir eru erindsrekar stjórnarinnar til að gæta hèr laganna; það er því hennar, að bæta kjör þeirra, þegar þeim nægir ekki afgjald sýslnanna; og þó menn berji því við, að ríkisþingið sitji fyrir fjárráðum Danmerkurríkis, og vilji eigi leyfa fè úr ríkissjóði til vorra sýslumanna, þá getur það eigi verið gild mótbára. Meðan ríkissjóðurinn er fyrir allt ríkið og stjórn vor annast lagagæzlu í ríkinu, þá finnur ríkisþingið skyldu sína að veita fè til lagagæzlu í ríkinu, þar sem

þess þarf, eins hèr á landi. Annars furðar mig á, hvað mikið menn gjöra hèr úr örðugleikanum, ef sýslum væri skipt á Vesturlandi. Eg er svo kunnugur þar, að eg veit þeim yrði þó vel þjónandi fyrir það. Það er ekki svo opt, að sýslumenn þurfa að fara um sín umdæmi, nema þessa einu ferð á sumrin. Og þó þær yrðu nokkru örðugri en nú er, hvað væri samt að telja þá örðugleika móti því, sem læknunum er ætlað? Og eg er viss um jafnvel af eigin reynslu, að sumir prestar, sem þjóna örðugum annexíum, ferðast meira á ári en sýslumenn í örðugustu sýslum. Þegar hèr er verið að tala aptur og aptur um of lítil laun sýslumanna, þá dettur mèr í hug, hvað því muni valda, að engir koma með bænir á þingið um launaviðbót handa prestunum. Þessi Barðastrandarsýsla er nú talin ótæk, því launin séu þar ekki nema 3—400 rd.; en það eru held eg undir hundrað prestaköll hèr á landi, sem miklu minni laun fylgja, sumum minni en 100 rd. Það eru því eigi sýslumenn einir, er sýnast þurfa launaviðbót, heldur miklu fremur fjöldi presta. En margt af þessu er eigi eins og sýnist. Ef haganlega er að farið, gætu öll embætti hèr veitt viðunandi uppeldi þeim, er þau hefðu á hendi, og fyrsta og bezta ráð til, að fá hèr nóga sýslumenn í fátækar sýslur, mundi vera að gjöra undirbúninginn undir embættin kostnaðarminni, með því að koma hèr upp innlendri lagakennslu. Þeir, sem lærðu hèr lögin heima, yrðu lítilþægari og nægjusamari, en hinir geta verið, sem hafa lært lög á háskólanum.

Helgi Hálfdánarson: Það var eitt atriði, er eg gleymdi í gær, og sem eg nú vil taka fram. Það hefir verið sagt, að á móti því, að fara fram á að skipta Dalasýslu, væri það, að sýslumaðurinn, sem nú er þar, mundi eigi vilja fallast á þá breytingu; hið sama getur þá líka verið enn á móti því, að sameina hálfa Barðastrandarsýslu við Ísafjarðarsýslu. Mèr þykir mjög tvísýnt, að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu mundi vilja þiggja þann hluta Barðastrandarsýslu, sem hèr er ráðgjört að bæta við hann; þessi partur sýslunnar er víst töluvert lakari en hinn, og munu sýslumannstekjur af honum ekki nema 200 rd., fyrst 400 rd. eru tekjur af Barðastrandarsýslu allri. Mèr þykir því mjög ólíklegt, að sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu mundi þykja til vinnandi, að leggja á sig alla þá fyrirhöfn og erfiðleika, sem nefndri sameining yrðu samfara, fyrir ekki fulla 200 rd.; en að þröngva sýslumanninum til þess móti vilja hans, væri óvanaleg aðferð, og er ólíklegt, að

neinn vilji það. Hið eina, er mèr virðist tiltækilegt af því, sem hèr hefir verið stungið upp á, er að skipta Dalasýslu. Barðastrandarsýsla með hálfri Dalasýslu yrði ekki erfiðari en sumar sýslur eru nú, t. d. Ísafjarðarsýsla eða Þingeyjarsýsla, og að því er tekjurnar snertir, yrðu bæði Snæfellsnes- og Barðastrandarsýsla með því móti vel lífvænleg embætti.

Framsögumaður: Í umræðum þessum hafa komið fram nokkrar nýjar uppástungur, og vil eg minnast á sumar þeirra. Það hefir t. a. m. verið stungið upp á, að biðja stjórnina um lagafrumvarp til að gjöra Stykkishólm að kaupstað og sýslumanninn í Snæfellsnessýslu að bæjarfógeta, og bæta svo kjör hans með því, að útvega honum 200 rd. launaviðbót sem bæjarfógeta; en þessir 200 rd. yrðu þó að takast úr ríkissjóði, svo frá þeirri hlið væri það hið sama, sem að biðja um fè til að bæta sýsluna beinlínis úr ríkissjóði, nema hvað erfiðleikarnir væru meiri, til að koma hinni síðari uppástungu í kring. Þingmaður Barðstrendinga stakk upp á, að biðja um, að stjórnin legði fyrir næsta þing frumvarp til reglugjörðar fyrir Stykkishólm sem kaupstað, en til þess virðist mèr eigi vera nein ástæða að sinni. Það mál er öldungis ekkert undirbúið, og eg held svo ókunnugt þingmönnum, að eg held, að þeir geti ekki haft neina áreiðanlega meining um, hvort rètt sè, að fara fram á þetta. Eg er að öllu leyti samdóma hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni, er hann sagði, að það væri ísjárvert, nú á þessum tímum að vera að biðja um ný embættislaun, þótt fè fengist til þess úr ríkissjóði, því auðvitað er, að þegar fjárhagsaðskilnaðurinn kemst á, sem líklega er eigi langt að bíða, þá ganga þessi laun yfir á landssjóðinn. Aptur á móti þykir mèr ótiltækileg uppástunga sú, er hann síðar kom með, um að fela hreppstjórunum á hendur hina umboðslegu stjórn. Þetta getur eigi átt sèr stað, nema að því leyti sem sýslumenn láta þá í sínu umboði framkvæma ýms embættisverk, eptir því sem heimild er til í lögum; því vitaskuld er, að þeir mundu eptir því, sem unnt er, hafa hreppstjórana sèr til aðstoðar. Uppástunga þingmanns Dalamanna þykir mèr of stórkostleg, og þarf hún svo mikillar íhugunar við, að eg ætla eigi í þetta sinn að fara um hana fleiri orðum. Mèr líkaði vel það, sem þingmaður Suður-Múlasýslu sagði í upphafi ræðu sinnar, þar sem hann tók það fram, að of mikið mundi vera gjört úr erfiðleikum þeim, sem væru á að gegna sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu og norðurhluta Barðastrandarsýslu; en aptur

get eg eigi fallizt á niðurstöðu þá, er hann komst að, þegar hann sagði, að stjórnin mundi leggja fè til þess, að bæta embættin, og er það því undarlegra, að þingmaðurinn skuli búast við því, sem þingið hefir fyrir sèr skýrslu, er ljóslega sýnir, að árangurslaust muni verða að fara fram á þetta. Enn fremur hefir verið talað um, að bæta Snæfellsnessýslu með því, að leggja Arnarstapa-umboð við hana; þetta er að vísu ekki ógjörningur, en það embætti er þó nokkuð ósamkynja, og getur komið í bága við sýslumannsembættið. Sú launabót mundi og að miklu leyti vinna sig upp með hinni miklu peninga-ábyrgð og öðrum erfiðleikum, er því fylgdu, enda liggur og þetta mál eigi fyrir þinginu. Það var ástæðulaust, er þingmaður Barðstrendinga ályktaði, að Barðastrandarsýsla sè nokkurt olbogabarn fyrir því, þótt stjórnin leggi eigi til hennar áþekka uppbót og þá, sem einhvern tíma fyrrum var veitt öðrum sýslum, þegar allt öðruvísi stóð á. Hann bar það og fram, að það væri mórölsk skylda stjórnarinnar að sjá um, að embættismenn væru nægir, svo þegnarnir gætu komið málum sínum fram, og er þetta nokkuð skrítið, því auðvitað er, að stjórnirnar geta því að eins sèð um, að til sèu nægir embættismenn, að þegnarnir leggi fram nægilegt fè til að launa þeim. Að öðru leyti vona eg, að mál þetta sè hèr um bil út rætt, svo nú megi sjá fyrir endann á þessum umræðum.

Torfi Einarsson: Það voru eigi mörg orð, er eg vildi tala í þetta sinn. Þingmaður Barðstrendinga gat þess, að Strandasýsla hefði jafnan verið vel stödd með sýslumenn, en í þau 22 ár, sem eg var þar hreppstjóri, voru þar 8 sýslumannaskipti; fyrst var hinn 4. konungkjörni þingmaður, nefnilega Jón Pètursson, því næst Vigfús Thorarensen, þá Jón Guðmundsson, og loks Sigurður Sverrisen, en milli þessara sýslumanna var tvisvar settur kammerráðið á Skarði og tvisvar Þorvaldur í Hrappsey, eður samtals 8 sýslumannaskipti á 22 árum, og ef það á að heita nægilegt, þá má flestu það nafn gefa. Það er annars undarlegt, að fyrst menn eru að tala um að bæta sýslur, að menn þá skuli eigi snúa sèr að þeirri sýslunni, sem vafalaust er langvesölust. Tekjurnar af Barðastrandarsýslu eru þá 400 rd., en eins og hinn 4. konungkjörni þingmaður tók fram, mun vera vel í lagt, ef tekjurnar af Strandasýslu eru 300 rd., og verður því eigi neitað, að einhver ósanngirni er í því, að láta hana verða út undan, þegar aðrar sýslur eru bættar.

Jón Hjaltalín: Af því eg er ættaður að vestan, þá langar mig til að tala fáein orð í máli þessu. Það, sem mèr virðist tiltækilegast, er, að skipta Dalasýslu; tekjurnar af henni munu vera nálægt 1000 rd., svo leggja mætti 500 rd. til hvorrar, Snæfellsnes- og Barðastrandarsýslu. Þessum erfiðleikum, sem menn eru að tala um, get eg eigi gjört svo mikið úr. Hve langtum erfiðari eru eigi læknaembættin, sem ná yfir 3 sýslur; ekki þurfa sýslumennirnir að kvíða fyrir, að verða kallaðir upp um miðjar nætur, eins og þeir. Eptir því sem eg þekki til, þá felli eg mig bezt við tillögur þingmanns Barðstrendinga og Vestmanneyinga, því erfiðleikarnir á að gegna embætti í suðurhluta Dalasýslu úr Stykkishólmi eru engir; ferðirnar eru dögum optar, bæði landveg og sjóveg, þar á milli. Um Hnappadalssýslu vil eg eigi tala að þessu sinni, enda ætla eg, að Snæfellsnessýslu væri lítil bót að henni.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri sem ótímabær burður, er eg stingi upp á, að stjórnin legði fyrir næsta þing frumvarp viðvíkjandi því, að Stykkishólmur fengi kaupstaðarrèttindi, en þar eð hann eigi færði frekari ástæðu fyrir þessum orðum sínum, hirði eg eigi um að leitast við að hrekja þau. Hann tók það einnig nokkuð óstinnt upp fyrir mèr, er eg gat um skyldu stjórnarinnar, að sjá um, að nægir sèu embættismenn, og tók jafnframt fram skyldu þegnanna að gjalda þeim nægileg laun, en eg sè eigi, hvers vegna íbúar Barðastrandarsýslu eigi að gjalda hærri gjöld af litlum gjaldstofni en allir aðrir landsbúar. Það hefir verið sagt, að tekjurnar af Strandasýslu væru að eins 300 rd., og þykir mèr það næsta ólíklegt, nema þar sè undan skilið umboðið, sem þar eru sýslumannsins beztu tekjur. Eg get ekki neitað því, að mèr lá við að sundla, er eg heyrði uppástungu þingmanns Dalamanna, og vil eigi að þessu sinni ganga frekar inn á hana, því hún var svo stórkostleg. Þegar menn hafa sagt, að ferðalög gengju vel í Barðastrandarsýslu, þá vil eg taka það fram, að þau ganga einnig illa, sem von er, þar sem fjöll og firrnindi, firðir og flóar skiptast á. Mèr þótti það mikið efnilegt, er hinn 4. konungkjörni þingmaður stakk upp á, að setja 13 sýslumenn í Barðastrandarsýslu, nefnilega 11 hreppstjóra og 2 eiginlega sýslumenn, og það eitt þykir mèr að, að hann eigi áskildi sèr breytingaratkvæði í þá stefnu, því mèr hefði þá við ályktarumræðuna má ske gefizt tækifæri til, að sýna fram á ágæti eða fágæti slíkrar uppástungu. Með þessu móti verður

umdæmi hvers sýslumanns að minnsta kosti eigi of víðlent, en að öðru leyti vil eg eigi eyða fleiri orðum til að tala um hana.

Davíð Guðmundsson: Þegar um eitthvert peningaspursmál er að ræða, þá bera menn jafnan almennt meira vantraust til stjórnarinnar, en mèr virðist ástæða til; því eg get eigi skilið annað, en stjórnin hljóti að vilja leggja fè til þess, sem er sannarleg nauðsyn; hèr er verið að ræða um, að bæta kjör tveggja valdsmanna, og liggur þá beinast við, að það sè í þágu sjálfrar stjórnarinnar, auk þess, sem sýslubúum er áríðandi að hafa yfirvald sitt innanhèraðs, og því fremur virðist mèr ástæða til, að stjórnin leggi fè til þessa, sem það er í vændum, að fjárhagsaðskilnaðurinn komist bráðum á, og þá er undir okkur sjálfum komið, hve mikið vèr viljum meta þann kost, að hafa vel launuð embætti. Eg vil ekki að þessu sinni tala um önnur embætti, t. d. prestanna; en að því er þessi embætti snertir, er hèr er um að ræða, þá er auðsætt, að þau þurfa launabót, og verður henni eigi komið á með því, að sameina sýslurnar, því menn geta fljótt sannfærzt um, hvílíkir erfiðleikar sèu því samfara, bæði með því að heyra kunnuga menn lýsa því, og með að virða fyrir sèr á kortinu alla þá víðáttu, sem ráð er fyrir gjört að yrði á sýslunum. Það hefir verið stungið upp á, að leggja Hnappadalssýslu við Snæfellsnessýslu, en jafnframt hefir verið sýnt, að við það batnar eigi sýslan til hlítar, en þó rýrist Mýrasýsla að talsverðum mun. Eg get því eigi fallizt á tölulið 2. og 3., en aptur á móti vil eg halda mèr til töluliðs 1. og 4.

Hjálmur Pètursson: Eg man ekki, hvort eg tók það skýrt fram áðan í ræðu minni, að eg vildi áskilja mèr rètt til viðauka við tölulið 4.; eg vil það standi með ljósum orðum, að Mýra- og Hnappadalssýsla sè eitt embætti, eins og verið hefir, og vil eg því áskilja mèr rètt til þessa viðauka.

Framsögumaður: Hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga virðist eigi vera skilningsgóður, þar sem eg á hlut að máli. Hann talaði um, að mótmæli mín móti uppástungum hans um frumvarp um kaupstaðarrèttindi Stykkishólms hefðu eigi verið studd við neinar ástæður; en honum hefir sèzt yfir, að eg beinlínis tók fram, að málið væri öldungis óundirbúið, og þingmönnum eigi svo kunnugt, að þeir gætu haft nokkra ljósa hugmynd um, hvort ástæða sè til, að fara fram á það, sem uppástungan lýtur að. Hann sagði og, að eg hefði tekið það óstinnt upp fyrir sèr, að hann nefndi Barðastrandarsýslu olbogabarn stjórnarinnar; eg tók honum þetta að

vísu eigi illa upp, en eg álít þessi ummæli hans ótilhlýðileg, og eg sagði, að skyldu stjórnarinnar, að sjá um, að til sèu embættismenn, sè samfara skylda þegnanna, að launa þeim. Barðastrandarsýsla er eigi höfð neitt út undan fyrir því, þótt menn þar eigi lengri leið til yfirvalds síns, en sumstaðar annarstaðar, því það er eðlilegt og nauðsynlegt, að þar sem strjálbyggt er, þar sèu umdæmin stærri eða svo stór, að embættismaðurinn geti lifað af tekjum þeim, er íbúar hèraðsins eiga að greiða.

Jón Pètursson: Eg vil áskilja mèr rètt til að koma með breytingaratkvæði, ef mèr svo sýnist, í þá átt, er eg hefi drepið á.

Forseti: Með því ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið, og kemur þá næst til ályktarumræðu málið um kennslu málleysingja. Eg skal geta þess, að konungsfulltrúi hefir gengið af þingi, og sett í stað sinn hinn 1. konungkjörna þingmann.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg vona, að eg þurfi eigi að fara mörgum orðum um þetta mál, því uppástungur meiri hluta nefndarinnar eru svo lagaðar, að eg vona, að þingið fallist á þær. Eg skal einungis geta þess, að mèr þykir það ísjárvert, að gjöra nám málleysingja hèr á landi að fullkominni skyldu, meðan hèr eigi er settur reglulegur skóli, því kennsla sú, er þeir nú eiga kost á, getur hætt, þegar minnst varir. Að því er snertir tölulið 6., þá fellst eg alveg á hann, því það var einmitt meining nefndarinnar, og að hún tók hana eigi fram, var af því, að henni þótti það óþarft; nú sem stendur er svo á kveðið, að foreldrar og vandamenn borgi með börnunum, þegar þeir hafa efni á því, og þessu fyrirkomulagi vildi nefndin alls eigi breyta, eður skilyrðunum fyrir því, hve nær hið opinbera á að borga með börnunum. 9. tölulið vil eg einnig fallast á, því sanngirni virðist mæla með því, er hann fer fram á.

Páll Pálsson: Eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, er eg í flestum aðalatriðum samþykkur mínum háttvirtu meðnefndarmönnum, enda þótt eg hafi ekki getað komizt hjá því, að greina á við þá í sumu. Það, sem farið er fram á í tölulið 1., er að mínu áliti svo þarflegt, að eg vona menn fallist á það. Að vísu eru líkindi til, að við eigi fáum bænheyrslu í þessu atriði nú þegar, en þó get eg varla trúað því, að það spilli fyrir málum vorum, sem nauðsynleg eru, þó vèr biðjum, og að minnsta kosti gæti það þó sýnt, að mál þetta er áhugamál. Hvað snertir tölulið 2. og 3. a, þá má mèr á líku standa, hvort heldur verður ofan á,

því eins og eg stundum gæti haft hag af tölulið 2., eins gæti hann stundum orðið mèr til skaða, en mèr þykir þó eðlilegra, að miða launin við fyrirhöfnina, sem að mestu fer eptir tölu málleysingjanna, sem hjá mèr verða til kennslu. Töluliður 3. b vona eg að eigi verði samþykktur, því mèr getur ekki skilizt, að þörf sè á, að biðja um það, sem þegar er veitt. Tölulið 4. vona eg einnig að þingið fallist á, því eg get ekki betur sèð, en að það sè næsta sanngjarnt, sem þar er farið fram á, en eg vildi leyfa mèr að stinga upp á því við hinn háttvirta forseta, hvort eigi mætti við atkvæðagreiðsluna skipta honum í tvennt, svo að fyrst væru greidd atkvæði um fyrri partinn, að þessum orðum: «handa Íslandi» inclusive, og síðan um seinni hlutann. Tölulið 5. er eg með, og sömuleiðis tölulið 6., því eins og framsögumaður tók fram, var það einmitt meining nefndarinnar, og kom henni eigi til hugar, að breyta þeirri ákvörðun, sem gjörð er í brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar dags. 4. sept. 1867. Töluliður 6. er því að mínu áliti skaðlaus, en eg held hans þurfi eigi með. Töluliður 8. er, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, einhver hinn markverðasti töluliðurinn á atkvæðaskránni, og sem án efa er undirstöðuatriði málefnis þessa, enda vona eg, að þingmenn greiði atkvæði með honum, og styðji þannig þá ákvörðun, er stemmir stigu fyrir, að þessir aumingjar sèu látnir alast upp án allrar menntunar, bæði í trúarefnum, sem og í verklegu og siðferðislegu tilliti. Eg hefi að vísu til tekið 10—20 ára aldur, sem hagkvæmastan til að boða málleysingjana til kennslu, en þar fyrir vildi eg alls eigi, að þeim, er eldri væru, væri fyrirmunað að öðlast færi á, að afla sèr menntunar, eins og einnig ráð er fyrir gjört í konunglegri reglugjörð 17. apr. 1807, 2. atr., sem skipar fyrir um kennslu þessa í Danmörku, ef þeir annars gætu álitizt hæfir til þess, að geta haft not af kennslunni. Tölulið 9. fellst eg á. Að því er tölulið 11. snertir, þá getur það að vísu orðið árangurslítið, að halda honum fram, en eg vona þó, að hverjum manni hljóti að vera það ljóst, að mèr er eigi unnt, að leggja svo út fyrir fram allan þann kostnað, er eg þarf að hafa, til að kaupa það, sem við þarf, til að halda 7 málleysingja allt árið, og eiga ekki von á meðgjöfinni fyr en einhvern tíma síðar meir; eg vil taka til dæmis, að nú eru hjá mèr 2 börn, sem borgað er með af hinu opinbera, og eg á von á, að 3 bætist við í haust; eg vil ekki dyljast þess, að eg hefi eigi fè til, að útvega nú þegar fyrir fram allt það

er eg þarf á að halda til þess, en fæ eigi borgunina fyrri en eptir 1 ár, eða enn lengri tíma. Það kom t. a. m. til mín í septemb. í fyrra piltur úr Mýrasýslu, og enn er eg eigi búinn að fá nema hálfa meðgjöfina fyrir þetta ár, sem liðið er, og á ekki von á að fá hinn helminginn, fyrri en í vetur eða þá einhvern tíma enn seinna, því amtmaðurinn í vesturamtinu skorast, eins og vonlegt er, undan að greiða fé þetta, fyrri en hann fær það sjálfur frá sveitarstjórnunum, en þessa bið þoli eg eigi, og neyðist því til að beiðast þess, að eg á einn eður annan hátt fái lagfæringu á þessu fyrirkomulagi.

Stefán Eiríksson: Eg ætla mèr ekki að vera langorður að þessu sinni, en einungis lýsa því yfir, hvernig eg muni greiða atkvæði í þessu máli. Það munu allir játa, að stofnun þessi er mjög nauðsynleg, en til þess, að fyrirtæki þessu verði haldið áfram, verður meðgjöfin að greiðast forstöðumanninum í tæka tíð, en eptir skýrslu hans hefir þegar liðið á annað ár, áður en hann fær hana; þetta sjá allir að getur orðið til þess, að hann verður að hætta við þetta heiðvirða fyrirtæki; því í þessum árum er það ekki svo lètt, að afla sèr heimilisfanga handa 4 til 6 mönnum, fyrir utan skylduhjú. Að öðru leyti líkar mèr vel við uppástungur meiri hluta nefndarinnar, og eptir mínu álíti er meiri og minni hluti nefndarinnar víða hvar samdóma. Þegar eg nú sný mèr að atkvæðaskránni, þá held eg stjórninni þyki nóg um fjárbænir; vèr höfum nú beðið um lagaskóla, sjómannaskóla og búnaðarskóla, m. m., svo eg álít tölulið 1. tilgangslítinn, því bæði mundi stjórnin verða treg til fjárútlátanna, og svo eru ekki svo margir heyrnar- og málleysingjar hèr hjá oss, að skólans við þurfi að sinni. Það er auðvitað, að sá maður, sem hèr um ræðir, getur fallið frá, eins og hver annar dauðlegur maður, en þá koma dagar og þá koma ráð, og þá er allur tími fyrir höndum, að setja á stofn skóla þennan, ef nauðsyn krefur. Tölulið 2. álít eg og svo ónauðsynlegan, en þar á móti gef eg tölulið 3. a og b atkvæði mitt, af því mèr þykir sú borgun, sem þar er farið fram á, fullsómasamleg, og svo hefi eg jafnvel vonir um, að hún fáist, heldur en það, sem farið er fram á undir tölulið 2. Sömuleiðis fellst eg á 4. tölulið, enda þótt mèr skildist á hinum hæstvirta konungsfulltrúa við undirbúningsumræðuna, að hann ekki mundi fallast á það, sem þar er farið fram á. Að endingu skal eg geta þess, að eg fellst á flest á atkvæðaskránni, eins og eg hefi tekið fram, nema töluliðina 1. og 2.

Davíð Guðmundsson: Eg hefi það traust til stjórnarinnar, að hún veiti oss fè til þess að koma nauðsynlegum stofnunum á fót, en ekki ónauðsynlegum, og það álít eg þennan skóla vera sem stendur, er 1. töluliður talar um, með því að oss er alls ekki illa borgið með kennslu daufdumbra. Það er heldur ekki í þessari 1. uppástungu bent neitt á, hvernig fyrirkomulag skólans ætti að vera, og þar að auki mundi vanta kennara við hann; eg greiði því atkvæði gegn 1. tölulið; sömuleiðis er eg mótfallinn 2. tölulið, en af umhyggju fyrir prestinum sèra Páli greiði eg atkvæði fyrir tölulið 3. a. Eg fellst á 4. og 5. tölulið, en þann 6. álít eg óþarfan. Tölulið 7. gef eg atkvæði mitt, en 8. töluliðinn álít eg óhafandi, nema því að eins, að töluliður 9. verði samþykktur. Tölulið 11. gef eg ekki atkvæði.

Jón Hjaltalín: Eg var einn af meðlimum þessarar nefndar, og er það kunnugt, að bæði eg og formaður nefndarinnar vildum hlynna að málinu í alla staði; mèr kom því undarlega fyrir, þegar eg sá breytingar minni hlutans, sem komu fram eins og «deus ex machina». Þessar breytingar voru nefndinni með öllu ókunnar á nefndarfundunum; eg get því ekki gefið minni hlutanum atkvæði mitt. Eins víst og það er, að eg vil hlynna að þessu máli, eins tek eg öllum þeim bendingum, sem eg sè að miða málinu til góðs, og þess vegna gef eg 6. og 9. töluliðum atkvæði mitt.

Framsögumaður: Það er rètt og satt, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að minni hlutinn gat ekki um ágreiningsatkvæði sitt á nefndarfundunum við okkur meiri hlutann, og svo var nefndarálitið samið, að meiri hlutanum var ágreiningsatkvæðið ókunnugt; eptir að eg hafði sent nefndarálitið frá mèr, sýndi uppástungumaður mèr ágreiningsatkvæði sitt; eg fann enga köllun til, að kalla nefndina aptur saman á fund, enda vissi eg og, að þingmaðurinn hafði fullan rètt til að taka sèr breytingaratkvæði í sömu átt. Með tilliti til atkvæðaskráarinnar skal eg geta þess, að ef 1. og 2. töluliðir eru samþykktir, skilst mèr ekki betur, en að hitt, sem eptir kemur á atkvæðaskránni, sè fallið, nema það sè skoðað sem varauppástungur, en þetta gæti spillt fyrir málinu.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg vona að þingmenn hafi prentaða fyrir sèr. (Sjá II., bls. 234).

Forseti: Þessu næst kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um stofnun sjómannaskóla á Ísafirði. Varaþingmaður Snæfellinga er framsögumaður, og er honum heimilt að taka til máls, ef hann vill.

Framsögumaður (*Daníel Thorlacius*): Bæði við inngangs- og undirbúningsumræðu þessa máls gaf þingið því góðan róm, eins og líka hinn hæstvirti konungsfulltrúi var málinu hlynntur. Margar af breytingum þeim, sem fram eru komnar á atkvæðaskránni, eru að mestu ekki nema orðabreytingar; en út af 1. tölulið skal eg geta þess, að eg skil það ekki, að stjórnin skuli betur en þingið geta vitað, hvar hentast er að setja skólann; eg fyrir mitt leyti álít hentugast að setja hann á Ísafirði, og held því fast fram, og því gef eg atkvæði móti 1., 2. og 3. tölulið. Hvað þessar tölur snertir, þá er eg ekki svo fastur á að halda þeim, einasta að skólinn fengist, og er mèr alveg sama, hvort upphæðin til þess, er með þarf til skólans, er til tekin eða ekki; en um 7. tölulið stendur mèr rètt á sama, hvort hann verður samþykktur eða ekki.

Forseti: Eg skal geta þess, að það er sá verulegi munur á milli 1. og 2., 3. og 4. töluliðar, að 1. töluliður vill einungis biðja um sjómannaskóla hèr á landi, án þess að til taka, hvar skuli setja hann, en í hinum töluliðunum er stungið upp á, að til taka staðinn, annaðhvort á Ísafirði, eða í Reykjavík o. s. frv. Þar af leiðir, að ef 1. töluliður verður samþykktur, þá falla 2. og 3. töluliður, og uppástungan í 1. tölulið kemur inn í 4. tölulið sem breyting.

Framsögumaður: Eg stakk upp á því, að skólinn yrði settur á Ísafirði, og því er eg á móti því, að samþykkja 1. tölulið.

Pètur Pètursson: Af því eg er einn þeirra, sem álít mál þetta mjög svo áríðandi, ætla eg að gefa atkvæði mitt fyrir 7. tölulið.

Benedikt Sveinsson: Við undirbúningsumræðu þessa máls áskildi eg mèr rètt til breytingaratkvæðis, en við nákvæmari yfirvegun fèll eg frá, að nota mèr þennan rètt. Tölulið 7. álít eg þýðingarlítinn. Við undirbúningsumræðuna tók konungsfulltrúi það fram, eptir því sem mèr skildust orð hans, að fjárhagsaðskilnaðurinn milli Íslands og Danmerkur yrði kominn á, áður en næsta þing kæmi saman. Eg bið gætt þessara orða hins hæstvirta konungsfulltrúa; því rætist þessi orð hans, já, þá hefir þingið, einmitt hið næsta þing sem löggefandi þing öll ráðin í höndum sèr viðvíkjandi þessu máli, og þá er töluliður 7. alveg þýðingarlaus. Það sjá allir. En rætist þessi orð ekki, sem eg er hræddur um að

einmitt verði ofan á, og verði nú fjárhagsaðskilnaðurinn ekki kominn á, þá skil eg ekki, til hvers gagns það er fyrir málið, að fara fram á það, sem 7. töluliður biður um, ef menn óttast fyrir því, að ekkert fè fáist úr ríkissjóði til stofnunarinnar; því eg vil spyrja: er nokkur skynsamleg ástæða fyrir því, að þingið megi fremur næst en nú biðja um það, sem ekki getur fengizt, af þeirri ástæðu, sem er og verður óhögguð? Eg fyrir mitt leyti skil nú ekki, hvað er á móti því, að biðja um fè úr ríkissjóði til þessa fyrirtækis, meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur einmitt er óaðskilinn, eður ekki aðskilinn; hèr ræðir nefnilega um að bjarga öðrum aðalatvinnuveg Íslands frá að gjöreyðast, og hrinda honum á það framfarastig, sem gjörir aðrar kröfur til stjórnarinnar ónauðsynlegar, kröfur, sem stjórnin einmitt ekki getur uppfyllt, og Íslendingar verða, eptir því sem á stendur, að fram fylgja. Eg þarf ekki annað en að nefna orðið: »Útlendar fiskiveiðar við strendur Íslands», til þess að gjöra hugmynd mína skiljanlega fyrir hinu heiðraða þingi og stjórninni. Eg bæti því við, að þessi hjálp er óumflýjanlega nauðsynleg, eigi ekki öll framfaraviðleitni við Íslendinga á sjó að detta í dá, og vèr má ske flýja af landi burt, til að leita oss annarstaðar atvinnu á sjó eður landi. Eg vona, að hið heiðraða þing sjái, að framför þessa atvinnuvegs á Íslandi snertir bæði hag Danmerkur og Íslands, og einmitt þess vegna hika eg mèr ekki í minnsta máta við, að ráða þinginu til, að biðja um fè úr ríkissjóði, nefnilega til þess, að bæta hag Danmerkur og Íslands með því, að koma þessu velferðarmáli voru og þeirra í betra horf. Eg fæ því ómögulega sèð, að ræður þeirra þingmanna, sem mælt hafa á móti því, að biðja um fèð úr ríkissjóði, séu á rèttum og sönnum rökum byggðar, úr því það er óneitanlegt, að hèr ræðir um mál, sem snertir bæði hag Danmerkur og Íslands. Hvað tölulið 5. snertir, þá hallast eg fremur að honum en uppástungu nefndarinnar undir 6. tölulið.

Ólafur Pálsson: Eg viðurkenni það fyllilega, að þetta mál er nauðsynjamál, og það væri æskilegt, að hafa þvílíkan skóla, sem hèr ræðir um; en eg verð á hinn bóginn að játa það, að eg er ekki útbúinn með því trausti, að það hafi nokkurn árangur, að biðja um styrkinn úr ríkissjóði að þessu sinni, og það því fremur, sem vèr þegar höfum beðið um margt, sem ekki eru líkindi til að fáist. Eg skal því lýsa því yfir, að eg ekki get gefið neinu á atkvæðaskránni atkvæði mitt, nema varauppástungunni undir 7. tölu-

lið, því þar við er þó þessu nauðsynjamáli þokað áfram um eitt fet, og svo mikið, sem að svo komnu verður vænt.

Jón Hjaltalín: Það er sannarlega þörf á sjómannaskóla hèr á landi; því fiskiveiðum vorum er ár frá ári að hnigna. Það eru flutt út nú 2000 skpd. af saltfiski, og 500 skpd. af hörðum fiski minna en áður. Kennir þess einkum kring um Snæfellsnes. Frá Búðum fluttust í fyrra 20 skpd. móti 500 áður, frá Ólafsvík 200 móti 1200. Það kemur af því, að Frakkar hafa dregið fiskinn frá grunnmiðunum. Stjórnin getur ekki, hvað fegin sem hún vildi, og þótt hún sendi allan sinn flota, ráðið bót á því, og einasta hjálparmeðalið er, að vèr gjörum sjálfir út þilskip, og til þess þarf sjómannaskóla. Frakkar eru áleitnir. Á Newfoundlandi gátu ekki 5 ensk herskip haft hemil á þeim, og enskur maður sagði við mig í fyrra, að við mættum þakka guði fyrir, að þeir væru ekki farnir að leggja lóðir hjá okkur, eins og þeir gerðu á hinum fjarlægari grynningum við Newfoundland, og eyðilegðu þar með allt fiskirí fyrir þeim innfæddu. Sjómannaskóli sá, er stungið er upp á, er lítill vísir í þá stefnu, er vèr verðum að fylgja, og eg er því nefndinni meðmæltur, en ekki með uppástungunni undir nr. 7, því það verður að vinda bráðari bug að því, að koma upp fiskiveiðunum okkar, en svo, að við förum að spjalla um konunglegt frumvarp um þennan skóla ár 1871.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hafði núna móti venju svo glæsilegar vonir um, að fè fáist úr ríkissjóði til þessarar sjómannaskólastofnunar, strax og alþingi nú fer fram á það, að eg þegar mundi taka aptur uppástungu mína undir nr. 7, ef eg væri eins vongóður og hann. En eg er það nú ekki, og vil eg því heldur láta þingið fella varauppástungu mína, þegar að henni kemur, sem eg vel að merkja vildi óska að ekki yrði. Eg vil í því tilliti að eins taka það fram, að það, sem við þurfum, eru þiljuskip, en jafnframt þurfum við sjómannaskóla til að kenna þeim mönnum, er með þiljuskipin eiga að fara, og að þilskipaútvegurinn sè það eina ráð, til að ná í nokkuð af þeirri miklu björg, er hèr við land er sótt af frakkneskum fiskimönnum á þann hátt, að aflinn á opnum bátum er eða verður smámsaman alveg eyðilagður, er bæði af mèr og öðrum þingmönnum margtekið fram. Hvar skólinn er eða verður, gildir mig einu, ef hann bara er einhversstaðar hèr á landi, en af því að á Ísafirði eru flest þiljuskipin og flestir sjófræðingarnir, held eg raunar, að hann væri betur settur

þar, en bæði í Reykjavík og á Akureyri, því á Ísafirði yrði sjómannaefnum hægast að læra þá verklegu sjómennsku, sem eg verð að álíta mjög áríðandi. Eg er nærri því á því, að greiða atkvæði með uppástungunni undir nr. 6, en að ákveða kostnaðinn í dalatali hèrna, því reynslan sker þó betur úr þeirri spurningu, en nokkurt nefndarálit, og við verðum að fara eptir, ekki hvað við ætlum hann kosti, heldur hvað hann kemur til að kosta.

Tryggvi Gunnarsson: Ekki get eg verið alveg samþykkur hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga. Mèr finnst það vera fastari hugsun, að ákveða, hvar skólinn skuli vera, og hve miklu hèr um bil þurfi að kosta til hans; því sè ekkert ákveðið um hvorugt þetta, þá hefir það meiri tíma í för með sèr, að fá skólanum komið á. Stjórnin hlýtur að spyrja sig fyrir, hvar hentugast sè að skólinn standi, og hve mikið fè þurfi til hans; eg verð því að vera meðmæltur 3. og 6. tölul. á atkvæðaskránni (*Halldór Kr. Friðriksson:* Stjórnin setur þá skólann, þar sem henni lízt bezt á); nei, hitt er eg hræddur um, að neiti stjórnin um styrk til að efla svo mjög nauðsynlegan atvinnuveg landsins, sem sjávarútvegurinn er, þá gjörir hún það af þeim ástæðum, að allt sè óákveðið og í lausu lopti, og því vil eg taka til vara uppástunguna undir tölul. 7., að geti stjórnin eigi veitt það strax, þá leggi hún frumvarp fyrir næsta þing um þetta efni, og miðar þá málinu dálítið áfram.

Jón Sigurðsson: Fyrir mitt leyti vil eg hlynna að því eptir megni, að kennslustofnun í sjómannafræði verði komið á fót hèr í landi, og því hefi eg gjört breytingaratkvæði undir tölulið 1. Eg er nú hræddur um, að ágreiningurinn um það, hvar sjómannaskólinn eigi að vera, muni spilla fyrir góðum afdrifum málsins sjálfs; því umræðurnar bera þess ljósan vott, að sinn vill hafa hann á hverjum stað, og hefir hver af þeim, sem talað hafa, fært til síns máls glæsilegar ástæður. Eg fyrir mitt leyti ætla, að sjómannaskólinn, ef til vill, sè bezt settur á Akureyri; því það er vafalaust, að sjávarútgerð er lengst á veg komin við Eyjafjörð af öllum sjóplássum hèr á landi. En bæði um staðinn og kostnaðinn er það að segja, að það er óþarfi að vera að vandræðast um þau atriði, á meðan allt er óvíst um það, hvort nokkur sjómannaskóli verður stofnsettur eða ekki, enda er örðugt að segja neitt með vissu um það hèr nú. Varauppástungu þingmanns Barðstrendinga er eg meðmæltur, því hún getur orðið þörf, og spillir engu.

Stefán Jónsson: Mèr þykir undarlegt, að biðja einungis um sjómannaskóla, og skýra málið ekkert betur. Eg kann betur við, að til greina, hvar óskað sè að hann skuli vera, og hvað menn ímyndi sèr hann muni kosta. Það er ekki hèraðakritur um, hvar hann eigi að vera, heldur ólíkar skoðanir. Eg ætla, að hann sè bezt settur á Akureyri. Þar eru æðimörg þiljuskip í grenndinni; eg ætla um 30, þegar talin eru með þau skip, sem eru í Þingeyjarsýslu austan Eyjafjarðar, og næstu sveit úr Skagafjarðarsýslu, o: úr Fljótum, og fara þau æ fjölgandi. Á Akureyri má vel fá hentugt húsnæði keypt eða leigt, og Akureyri liggur í miðju landi, en ekki á útkjálka, og liggur því betur en Ísafjörður, og fullt eins vel, ef ekki betur, en Reykjavík.

Framsögumaður: Mèr heyrist flestir af hinum háttvirtu þingmönnum tala mest um, hvar skólinn eigi að vera, en mèr virðist það miður áríðandi, meðan ekki er víst, að nokkur skóli komist á stofn. Að öðru leyti held eg, að skólinn sè bezt settur á Ísafirði; þar eru margir, sem kunna sjómannafræði og geta kennt þessa mennt; þar kemur ekki hafísinn eins mikill og á Akureyri, en eg álít mjög hentugt og alveg nauðsynlegt fyrir sjómannaefnin, að geta komið sèr út á sumrin, til þess að læra hið verklega í sjómennsku. Hús má víst líka fá þar handa skólanum, og þar er, nú sem stendur, mest fengizt við þiljuskipaútveg. Þess vegna held eg, að einmitt ætti að benda stjórninni á Ísafjörð, sem hinn hentugasta stað. Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um, hve nauðsynlegur skólinn er. Það sjá allir, að ef þessu fer fram, þá muni útlendir fiskimenn alveg eyðileggja fiskiveiðar vorar, og hið einasta til þess, að koma þeim í gott horf, er að brúka sömu veiðiaðferð og þeir; en til þess þarf menn, er kunna að sigla og rata að landinu aptur; en hinn beinasti vegur, til að koma þessu í lag, er sjómannaskóli. Þeir, sem ekki kunna sjómannafræði, fara opt varhluta af miklum afla, af því þeir þora ekki að sleppa sèr frá landinu. Í sumar fórst fyrir vestan þilskip með 7 eða 8 manns einungis sökum þess, að enginn «Navigateur» var á skipinu, og þannig eru mjög mörg dæmi.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er ekki hèraðakritur eða sveitakritur, sem mèr gengur til, þegar eg ræð til þess, að sjómannaskólinn skuli vera í Reykjavík, jafnlítt og eg ætla það um þá, sem vilja hafa hann á Ísafirði eða Akureyri; heldur ræð eg til, að velja þann stað, er eg tel hentugastan til þess, að skólinn geti fullnægt þörf-

um alls landsins. En það er að segja bæði um staðinn og kostnaðinn, að, ef fèð fæst, þá spyr stjórnin bæði amtmennina um það, hver staður muni hentugastur, og hve mikið muni til skólans þurfa. Þess vegna er uppástungan undir tölul. 5. töluvert betri en uppástungan undir tölulið 6., því að sú upphæð, sem þar er til tekin, getur bæði verið mátuleg, of mikil og of lítil (*Daníel Thorlacius:* Hún er nóg). Nefndinni getur virzt svo, en það er ekki alveg víst fyrir það. Það nægir í þessu máli, að fá góða byrjun, og því finnst mèr uppástungan í tölul. 5. nægileg. Varauppástungunni í tölul. 7. hlýt eg að vera mótfallinn, því mèr virðist hún stefna að því, að ónýta allar uppástungurnar, sem á undan eru, já, beinlínis til að ónýta málið. Að það verði nokkurt aðhald fyrir ríkisdaginn, sem árangur verði af, þótt stjórnin leggi fyrir alþingi frumvarp um stofnun sjómannaskóla, og alþingi samþykki það óbreytt, hlýt eg að neita, því að reynslan hefir sýnt, að ekki sè svo, og að ríkisdagurinn telur sig óbundinn fyrir slík frumvörp. Við höfum áður samþykkt konungleg frumvörp óbreytt hèr á þingi, og — þau eru ekki komin út enn í dag.

Bergur Thorberg: Eg álít, að það hafi mikla þýðingu fyrir þetta mál, að fallast á 7. töluliðinn, því málinu er þar við þokað nokkuð áfram, og undir eins komið í betra horf. Eg ætla mèr því að gefa atkvæði mitt fyrir 1., 4. og 7. tölulið. Eg fyrir mitt leyti verð að játa, að eg get ekki sèð, að það muni vera til nokkurs, að biðja að svo stöddu um fè úr ríkissjóði til stofnunar skólans, enda gæti og vel verið, að stjórnin sæi ráð til að útvega styrkinn á einhvern annan hátt, t. a. m. með því að leggja toll á sjávarútveginn hèr á landi, sem menn einmitt vilja hjálpa áfram með sjómannaskólanum, eða með einhverju þvíumlíku.

Konungsfulltrúi: Eg skal leyfa mèr að mæla fram með varauppástungunni undir nr. 7. Uppástungumaður, hinn heiðri þingmaður Barðstrendinga, og aðrir þingmenn, sem með henni hafa mælt, hafa fært svo ljósar og greinilegar ástæður fyrir benni, að eg ætla, að þingið eigi að aðhyllast hana, eins og líka það, er konungsfulltrúi mælti við undirbúningsumræðuna í þessu máli, var í þá stefnu, sem er uppástungunni samkvæm. Og skal eg svo eigi orðlengja þetta frekar.

Torfi Einarsson: Það er auðvitað, að eg sem nefndarmaður muni fella mig bezt við uppástungur hennar. Það hefir mest verið talað um vandræðin við að útvega fèð, en eg skil ekki annað,

en að vèr sem þingmenn sèum skyldir í öðru eins nauðsynjamáli og þessu, að biðja um fèð úr ríkissjóðnum, allt svo lengi hann er sameiginlegur sjóður Íslands og Danmerkur, en það er á stjórnarinnar ábyrgð, ef hún neitar, og er eg þess vegna á sama máli og nefndin. Um staðinn ætla eg ekki að tala, því það finnst mèr líkt og að smíða negluna á undan skipinu, en get þess einungis, að þá er ekki annað en að fallast á 1. töluliðinn. Tölulið 7. gef eg ekki atkvæði, því það er auðsèð af því, sem bæði hinn hæstvirti konungsfulltrúi og fleiri þingmenn hafa tekið fram, að hann er til þess gjörður, að draga málið.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem þingmenn munu hafa prentaða fyrir sèr. (Sjá II., bls. 238).

Forseti: Dagskrá er þá lokið, og mun eg ákveða fund til á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

23. fundur — 27. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit i málinu um hákarla-niðurskurð, og sömuleiðis nefndarálit í málinu um fiskiveiðar útlendra; verða nefndarálit þessi lögð á lestrarsalinn, og hinum háttvirta konungsfulltrúa send eptirrit af þeim.

Samkvæmt dagskránni kemur nú í dag til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um bætur á kornskorti og aðflutningum. Framsögumaður er þingmaður Barðstrendinga.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld): Eg finn ekki ástæðu til, að fara mörgum orðum um málið að sinni, því enda þótt mörg breytingaratkvæði sèu hèr komin fram, þá ganga þau þó öll í sömu átt og nefndin, sem sè að koma í veg fyrir almenna neyð sökum kornskorts. Töluliður 1. b hef eg ekkert á móti, nema að svo miklu leyti, sem hann getur kallazt óþarfur, því það er auðvitað, að stjórnin hefir leyfi til að taka styrkinn úr hvaða sjóði sem henni lízt; töluliður 1. c finnst mèr og óþarfur, því stjórnin gæti ekki

gjört annað í því tilliti, en að áminna yfirvöldin um að gjöra skyldu sína, sem sè að rannsaka það, sem stafliðurinn fer fram á. Töluliður 2. a fer í sömu stefnu og 1. a, og munurinn á því, sem þessir töluliðir fara fram á, og nefndinni er, að nefndin bindur hjálpina við lengri tíma en í haust eða vetur. Tölulið 2. b get eg ekki gefið atkvæði mitt. Tölulið 3. kann eg ver við en uppástungu nefndarinnar, því það mundi verða erfiðleikum bundið, að fá nægilegt korn alstaðar út hingað upp til landsins í haust. Töluliður 4. er í sjálfu sèr æskilegur, en nefndin treystist ekki til, að fara lengra en hún fór. Tölulið 6. gef eg atkvæði, því hann er skýring við uppástungu nefndarinnar. 7. töluliður fer í sömu stefnu og töluliður 1. b, sem eg áðan talaði um, og skal því að svo stöddu ekki tala meira um þessi breytingaratkvæði.

Konungsfulltrúi: Í þessu máli ræðir um tvennt, sumsè að af stýra neyð þeirri og hallæri, sem kynni að vofa yfir þegar í haust, og að ráða bót á kornskorti, sem getur átt sèr stað hvert ár, þegar aðflutningur kornvöru til landsins ekki verður nægilegur. Hvað hið fyrra atriði snertir, hefi eg við undirbúningsumræðuna tekið það fram, að þingið geti treyst því, að amtmennirnir þegar hafi leitað þess styrks við stjórnina, sem þeim þykir þörf á, hver í sínu umdæmi, til þess að komið verði í veg fyrir neyð í þetta skipti, og að stjórnin muni taka tillögur amtmannanna til greina. Eg skal bæta því við, að þingið í rauninni vantar þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um, hvernig í þessu tilliti stendur á í hinum einstöku hèruðum landsins, á meðan skal eg vera á máli þeirra, sem álíta, að á mörgum stöðum megi búast við neyð og hallæri í vetur. Eg tók það fram við undirbúningsumræðuna, að uppástungur nefndarinnar væru ónógar, þegar hungursneyð er fyrirsjáanleg, og að þá verður að grípa til allt annara úrræða, og eg skal bæta því við, að uppástungur þær, sem standa á atkvæðaskránni tölulið 1., 2. og 3., þykja mèr bæði ónógar í þessu tilliti og of óákveðnar. En á hinn bóginn þykir mèr uppástunga nefndarinnar undir tölulið 5. vel til fallin, til þess að forðast þá neyð, sem, ef til vill, getur átt sèr stað hvert ár, þegar skortur á kornaðflutningi veldur henni. Hinir heiðruðu þingmenn hafa komið ýmsum mótbárum fram gegn þessari uppástungu, og þó mèr virðist hinn heiðraði framsögumaður nægilega hafa hrundið þeim, skal eg fara fáeinum orðum um þessar mótbárur. Sumir þingmenn hafa fundið það að uppástungunni, að hún sè kaup-

mönnum of nærgöngul, og að hún geti leitt til þess, að konungsverzlun aptur komist á hèr í landinu. Eg tók það fram við undbúningsumræðuna, að ekki geti orðið spursmál um það, að yfirvöldin ættu að verzla með þetta korn, eða að ráðstafa því, nema þegar kornskortur væri, og að á þann hátt ættu þeir ekki að concurrera við kaupmenn. Eg get ekki hugsað mèr, að þetta vara- (Reserve-) korn með nokkru móti geti verið kaupmönnum til skaða, ef skynsamlegt fyrirkomulag gæti komizt á. Aðrir þingmenn hafa fundið það að uppástungunni, að hún gefi kaupmönnum tækifæri eða hvöt til að flytja þeim mun minna korn til landsins. Eg er í þessu tilliti á sama máli og hinn heiðraði framsögumaður, að kaupmenn hvorki flytji meira nè minna af kornvörum hingað, en þeir álíta, að þeir muni selja með þeim kostum, að þeir hafi hag af, og ef svo er, þá getur ómögulega þetta vara-korn haft nokkur áhrif á aðflutning kaupmannanna.

Sumir þingmenn hafa borið það móti uppástungunni, að það ef til vill, mundi verða kostnaðarsamara, að flytja korn hingað á hausti, en á sumri hverju, en uppástungan gjörir ráð fyrir, að hvert ár verði fluttar hingað 1000 tunnur varakorns, án þess að ákveða árstímann, þegar það skuli flytja, og sjálfsagt mun stjórnin, ef hún getur aðhyllzt uppástunguna, sjá um, að það verði flutt á hentugasta tíma; en það er einmitt kostur uppástungu nefndarinnar, að hún einungis tekur fram aðalatriði málsins, en skýtur framkvæmdinni til hins umboðslega valds.

Þar sem hinir heiðruðu þingmenn hafa stungið upp á að hækka upphæð þá, sem nefndin stingur upp á, skal eg leiða athygli þingsins að því, að eg fyrir mitt leyti álít upphæð nefndarinnar nægilega, og að það sjálfsagt, eins og nú stendur á, mun veita örðugt að útvega fè það, sem með þarf til þessa fyrirkomulags, úr ríkissjóðnum, og að mèr þykir það ísjárvert í þessu tilliti, að fara lengra en nefndin. Hvað snertir kollektusjóðinn, sem nokkrir þingmenn hafa talað um, get eg ekki sem stendur skýrt nægilega frá, hvernig ástand hans er, en það er mèr kunnugt, að fleiri kornlán, sem hin seinustu ár eru veitt ömtum landsins, eru veitt úr þessum sjóði, og þar sem þau að mestu leyti enn þá eru óendurborguð, má búast við, að sjóðurinn sem stendur ekki sè mikill. Að öðru leyti vona eg, að fyrirkomulag það, sem hèr ræðir um, geti komizt á án mikilla árlegra útgjalda, þegar rètt er samið við kaupmenn um það, og að útgjöldin að mestu leyti geti orðið takmörk-

uð til, að vera til bráðabyrgðar, á móti endurgjaldi hvert ár. En eins og eg áður tók fram, á að útkljá hin einstöku atriði fyrirkomulagsins á umboðslegum vegi, og einmitt vegna þess eg vona, að stjórninni muni heppnast að koma öllu þessu fyrir, án mikilla útgjalda, skal eg mæla með uppástungu nefndarinnar, þó að mèr hafi ekki sèzt yfir þau vandkvæði, sem eru fólgin í fjárhagslegu ástandi Íslands.

Með þessum athugasemdum og með því að öðru leyti, að skýrskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna, skal eg ráða þinginu til, að aðhyllast tölulið 5. og 8., en fella hinar aðrar uppástungur.

Halldór Jónsson: Breytingaratkvæði þau, sem fram eru komin, ganga í sömu stefnu og nefndin, nefnilega að reyna að koma í veg fyrir neyð og dýrtíð. Sem nefndarmaður fellst eg samt heldur á uppástungur nefndarinnar, og sèr í lagi tölulið 5., sem hefir þann kost við sig, að taka tillit til framtíðarinnar, sem öll ástæða er til að óttast fyrir. Töluliður 2. b og töluliður 3. ganga að vísu í líka stefnu og nefndin, en sá galli er á þeim uppástungum, að ef amtmenn í þessu tilliti eiga að ráða, mundi það verða til þess, að kornið kæmist ekki í tæka tíð til landsins. Tölulið 2. b gef eg atkvæði, því það virðist eðlilegt, að grípa til kollektusjóðsins, eins og hèr er ástatt; eg hreifði og þessu í nefndinni, en fèll þó frá því aptur sökum þess, að nefndina vantaði nægar skýrslur í þessu efni, enda gekk og nefndin út frá því, að stjórnin mundi grípa til kollektusjóðsins, það sem hann hrykki til, og skjóta því til, sem á vantaði, úr ríkissjóði.

Bergur Thorberg: Af breytingaruppástungum þeim, sem fram eru komnar, hefi eg ekki getað sannfærzt um, að rèttara sè að fara annan veg í þessu máli en þann, sem nefndin hefir bent á. Eg felli mig vel við sum af breytingaratkvæðunum, það er að skilja, að svo miklu leyti þau leggja áherzluna á, að fá hjálpina sem bráðast; þetta er og tekið fram í uppástungu nefndarinnar undir 8. tölulið, og því er nauðsynlegt, að samþykkja þann tölulið, en hann snertir í rauninni hið sama og breytingaratkvæðin. Það hefir verið tekið fram, að tvísýnt væri, að hjálpin fengist í haust, en þetta sýnir einmitt, að nauðsynlegt er að samþykkja 5. töluliðinn, því eins og hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu tók fram, þá getur það vel að borið, að ef amtmenn eiga árlega að gjöra uppástungur um, hvað mikið korn skuli sendast til hvers

amts, þá komi öll hjálp um seinan. Það getur vel verið, að amtmenn varla með vissu viti um kornbyrgðir hver í sínu amti fyr en á haustin; amtmaðurinn í vesturamtinu getur allajafna ómögulega vitað um kornbyrgðir á þeim stöðum í hinum ömtunum, sem næstir eru vesturumdæminu, og sem getur haft mikil áhrif á, hve mikla kornhjálp yfir höfuð þarf. Þó hjálp sú, sem 5. töluliður fer fram á, sè ekki mikil, þá getur hún samt, sè vel á henni haldið, komið að góðum notum á neyðartímum. Eg vona því, að ef þingið samþykkir tölulið 8., þá bæti það úr því ástandi, sem nú er, enda legg eg og mesta áherzlu á, að hjálpin fáist þegar í haust, því þó amtmaðurinn í vesturamtinu hafi beðið stjórnina um peningalán í þessu tilliti, þá bætir það í sjálfu sèr ekki úr kornskortinum, en getur að eins orðið til að styrkja þá, sem ei geta keypt það korn, sem fyrir hendi er, sèr til bjargar. Að því er suðramtið snertir, þá er allt hægra viðfangs í þessu tilliti, því gufuskipsferðirnar gjöra það að verkum, að hèr er hægra að nálgast kornið.

Þórarinn Böðvarsson: Að því er áhrærir breytingaratkvæði mitt undir tölulið 2. a, þá gengur það í sömu stefnu og nefndin hefir farið, og álít eg, að skiptingin milli amtanna sè á skynsamlegum rökum byggð; nú sem stendur, að minnsta kosti, eru miklar líkur til þess, þar sem svo margir voru í nefndinni og þeir kosnir sem næst því að varð, þannig, að nefndin gæti verið kunnug sem víðast um landið. Breytingaratkvæði mitt undir tölulið 2. b víkur frá nefndinni, en eg get samt ekki álitið annað, en að það sè rètt, því mèr skilst ekki betur, en að það sè byrjun til konungsverzlunar, að biðja um þennan árlega forða; þetta stjórnarkorn þyrfti að borgast með peningum út í hönd, en vel geta komið þau ár, að vèr ekki þyrftum á því að halda, og eg vona, að Íslendingar eigi eptir ólifuð mörg þess konar ár, eins og þeir til þessa hafa lifað svo mörg ár, og það tugum saman, að þeir hafa ekkert korn fengið hjá stjórninni; þá þyrfti þetta korn að liggja óselt, en þetta sjá allir að er næsta óhaganlegt. Þess hefir og verið getið, að það væri ekki nóg, að biðja um 1000 tunnur; eg er og á þeirri meiningu, að það sè ekki nægilegt, ef verulegt hallæri ber að höndum, og hvað skiptinguna á þeim snertir milli amtanna, þá get eg ómögulega sèð, að hún geti orðið rètt og sanngjörn um aldur og æfi. Getur nú verið, að þetta sè með af því, að mèr sè ei ljóst, hvernig nefndin hefir hugsað sèr mál þetta, en eg er satt að segja hræddur um, að henni sè ei fullljóst, hvernig þetta forðabúr á að

geta haldizt um aldur og æfi, eg vil segja stjórninni og landsbúum, að skaðlausu. Eg hefi að vísu heyrt nefndina segja, að ef kornið sè ei tekið, þá ætlist hún til, að kaupmaður taki það til sín og selji sem sína vöru, en slíkt er mjög út í bláinn, og er það ljóst, að margt getur það að borið, að þetta geti ei orðið. Hver getur t. a. m. haldið, að kaupmaður taki til sín og selji það korn, sem sína vöru, sem keypt var fyrir 12 rd. ári áður, ef kornið er það ár, sem hann á að selja það, fallið niður í 6 eða 8 rd.?

Pètur Pètursson: Hvað þessa atkvæðaskrá snertir, þá er það álit mitt, að ef þingið fellst á 5. töluliðinn, þá sè rèttara, að samþykkja tölulið 3. í sambandi við hann, en tölulið 8., því sè 5. og 3. töluliðir samþykktir, þá er stjórnin beðin að senda hingað til landsins sem fyrst gott og óskemmt korn. Það gekk yfir mig, að framsögumaður skyldi hafa það móti tölulið 3., að kornhjálpin fengist of seint eptir því, sem þar væri farið fram á, því þar er þó einmitt tekið fram eða beðið um, að hjálpin, ef mögulegt sè, fáist þegar í haust, og að þessu leyti er töluliður 3. samhljóða uppástungu nefndarinnar undir 8. tölulið; en að öðru leyti hefir töluliður 3. það fram yfir uppástungur nefndarinnar, að eptir beiðni hennar á einungis að senda hingað upp 1000 tunnur korns. Annars skal eg geta þess, að eg hef ekki mikið á móti 5. tölulið, þar sem eg ber gott traust til hinnar umboðslegu stjórnar landsins, en hvað atkvæði mitt snertir, þá gef eg fyrst tölulið 3. atkvæði, og síðan 5. tölulið.

Benedikt Sveinsson: Af því, sem enn er framkomið í þessu máli, get eg eigi sannfærzt um, að uppástunga nefndarinnar undir tölul. 5. sè heppileg, eður jafnvel einu sinni skiljanleg. Konungsfulltrúinn hefir að vísu tekið það fram, að henni mætti haganlega koma fyrir, en eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna, eru þó svo margir meinbugir á henni, að þetta er í mesta máta vafasamt, og hinar ýtarlegri upplýsingar, er síðan hafa fram komið, benda og ljóslega til þess, að þingið geti eigi, ef það tekur rètt í málið, sem eg efast eigi um, fallizt á þennan tölulið. Hinn 5. konungkjörni þingmaður tók það rèttilega fram, að vèr eigum að leggja einungis áherzlu á, að útvega bráðabyrgðarhjálp til að bæta úr þeim kornskorti, sem nú er í landinu, en ekki gjöra ráð fyrir ævarandi kornskorti og sulti. Að vísu þarf eigi að óttast fyrir, að stjórnin kæmist í nokkurt verzlunarkapp við kaupmenn með þessum árlegu 1000 tunnum, og drægi þannig úr aðflutningum þeirra;

til þess er það ef lítið. En það er einnig of lítið, til að bæta úr kornskorti þeim, sem nú er. 1000 tunnur eru vissulega eigi meira en $^1/_{60}$ hluti þess, sem landsbúar árlega þurfa, og hvað hrökkur það, ef um verulegt hallæri er að ræða? Eg vil segja, að það sè mikils til of lítið, til að af stýra þeim vandræðum, er nú má búast við. En eins og hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu tók fram, það er bæði of mikið og of lítið, of mikið þegar ekki þarf á því að halda, en of lítið, þegar við verulegan kornskort er átt. Yfir höfuð get eg með engu móti fellt mig við uppástungu nefndarinnar um þetta árlega korntillag, því nefndin byggir á, að ásigkomulag það, sem nú er, sè fast, og gjörir ráð fyrir, að við framvegis verðum í sama ómagaástandi, eins og við nú erum. En þess verður vel að gæta, að hèr er að eins að ræða um þau vandræði, sem nú eru, sem komin eru af öldungis sèrstaklegum ástæðum, er eg í þetta sinn eigi vil fara að rekja, og þingið hefir enga heimild til að örvænta svo um framfarir landsins, að jafnan framvegis þurfi á korntillagi að halda, eins og nefndin fer fram á, þótt óhöpp hafi komið fyrir, svo það í þetta sinn þurfi styrktar við. Eg álít, að það sè siðferðisleg skylda kaupmanna, að flytja svo mikið korn, að eigi þurfi að óttast fyrir manndauða af kornskorti, en tölul. 5. gæti gefið kaupmönnum ástæðu til að færast undan þessari skyldu sinni. Á hinn bóginn gæti það og gefið tilefni til, að menn reiddu sig of mikið upp á þetta stjórnarkorn, svo menn hirtu eigi um að byrgja sig í tíma, en þegar til þess ætti að taka, væri það þrotið og forðabúrin tóm. Í stuttu máli: umhyggja kaupmanna fyrir að hafa nægar vörubyrgðir mundi minnka, og umhyggja landsmanna fyrir að hafa nægan heimilisforða mundi einnig minnka. Og þegar þess er gætt, að það, sem okkur liggur mest á, er að fá stjórnina til að útvega okkur nú nóg korn, þá er eigi ólíklegt, að ákvörðun nefndarinnar í tölul. 5. kynni að verða þessu aðalatriði til tálmunar, því miklu erfiðara er fyrir stjórnina, að útvega nú nægilegt korn, þegar hún framvegis verður og að sjá fyrir kornveitingum. En það þykir mèr áríðandi, að korn það, sem til landsins kemur, sè gott og óskemmt, því skemmt korn og maðkað bætir að eins að nafninu einu úr kornskortinum, og er í rauninni verra en ekkert. Að því er snertir breytingaratkvæðin undir tölul. 1., þá vil eg halda þeim sèrlega fast fram, ef aðrar þær ákvarðanir komast að, sem fara í líka stefnu, t. d. tölul. 3., því á honum er enginn verulegur mun-

ur og á tölul. 1. a; orðin «nú sem stendur» og «þegar í haust» eru alveg sömu meiningar. Það er að vísu ástæðulaust, að fara þessu fram, ef ómögulegt er að koma því við; en það er vissulega eigi ómögulegt, að senda hingað skip, þótt nokkuð sè farið að líða á sumarið. Að því er snertir tölul. 1. b, þá skýrskota eg til orða hins háttvirta þingmanns Norður-Múlasýslu. Kollektusjóðurinn er einmitt til þess ætlaður, að styrkja Íslendinga, þegar eins stendur á og nú. Það er mikið satt að stjórnin þekkir hann, og það þarf eigi þess vegna að minna hana á hann, en alþingi þekkir hann líka, og það væri mjög óheppilegt, ef þingið í þessu máli, sem er sannarlegt lífsnauðsynjamál fyrir fjölda af löndum vorum, benti eigi á neinn sèrstakan sjóð, og gæfi þannig í skyn, að það ætlaðist til, að fèð væri veitt úr ríkissjóði, því það liggur beinast við, þegar sjóðurinn er eigi tilgreindur, og gæti það orðið til að spilla málinu. Eg rengi að vísu engan veginn orð hins hæstvirta konungsfulltrúa, að nú muni eigi vera fyrirliggjandi í kollektusjóðnum svo mikið fè, sem nægilegt væri til þessa, en þá virðist mèr eðlilegt, að ríkissjóðurinn legði fram það, er til vantar, og gæti hann þá fengið það endurgoldið, þegar lán þau, sem kollektusjóðurinn á, yrðu borguð. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að tölul. 1. c væri óþarfur, og hann færi eigi fram á annað, en að stjórnin áminnti yfirvöldin um, að gæta skyldu sinnar, en eg held, að það sè þó nauðsynlegt, að þingið gefi bendingar í þessa átt, og byggi á þeirri factisku ástæðu, að nú hefir viðs vegar eigi verið annað til boða hjá kaupmönnum en skemmt korn og maðkað, því þetta gæti orðið hvöt fyrir kaupmenn til að við hafa framvegis meiri varkárni í þessu tilliti, þá er þeir kaupa kornið, og get eg elgi skilið, að ákvörðun þessi geti verið meiðandi fyrir nokkurn mann.

Jón Hjaltalín: Eg segi nú eins og Caesar forðum: Eg sè ekki, að nokkur veruleg hjálp sè í því, er nefndin hefir farið fram á. Það lá svo beint við fyrir hana, að gæta að því, sem er undirrót fyrir korneklu þessari, sem er óhófið og munaðarvaran, sem allt af er að aukast og bolar svo kornið út. Eg hefi tekið þetta fram fyrri, en því hefir eigi verið gaumur gefinn, og í þetta sinn liggur eigi fyrir þinginu að tala um það. En þegar eg nú lít á atkvæðaskrána og virði fyrir mèr þau atkvæði, er þar standa, þá held eg, að eg felli mig bezt við tölul. 3., því mèr virðist hann skynsamlegastur og betri en tölul. 1., sem annars fer í líka átt;

en ef báðir þessir liðir falla, þá vil eg þó heldur halla mèr að uppástungu nefndarinnar heldur en engu. Þessi tími ætti að kenna mönnum, hvað komið getur fyrir; seint er að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í, og þó höfum við enn þá ekki reynt hungursneyð, en hún er sannarlega óttaleg, því hungrið er ekki eitt sèr, heldur fylgja því alls konar sjúkdómar. Til þess nú að gjöra nokkuð, þá vil eg greiða atkvæði mitt með tölul. 3. eða 1., eða þá 5., þó eg vilji tölul. 3. helzt. Þingmaður Árnesinga var að tala um, að mórölsk skylda hvíldi á kaupmönnum til að flytja nóg korn til landsins, en hinar siðferðislegu skyldur eru margar, og vèr getum eigi vænt þess, að þær verði allar uppfylltar, og kaupmönnum ferst það eigi síður en öðrum. Eg fyrir mitt leyti get eigi kastað þungum steini á kaupmenn fyrir það, þótt þeir hiki sèr við, að flytja mikið korn; skuldir landsmanna við þá eru miklar, og þeir þurfa að sjá um sig eins og aðrir; en hræddur er eg um, að þegar það er orðin föst regla, sem nefndin fer fram á undir tölul. 5., þá muni tilfinning kaupmannanna fyrir skyldu sinni að flytja korn eigi verða meiri, og yfir höfuð að tala er eg hræddur um, að sú ákvörðun hafi engar góðar afleiðingar. Guð hjálpar þeim, sem hjálpar sèr sjálfur, en þegar hjálpin bÿðst, þá er hætt við, að menn slái slöku við, og svo mun fara með þessar 1000 tunnur, að þær munu eigi hvetja menn til að bjarga sèr. Þetta atriði gjörir það, að eg nauðugur greiði atkvæði mitt með tölulið 5.

Davíð Guðmundsson: Mál það, er við nú höfum til umræðu, er bæði ógeðfellt og illt viðfangs; því hefir að vísu verið hreift í góðu skyni, þar eð ástandið er eins og það er; ógeðfellt er það, þar eð það er sprottið af eymdarskap vorum og vottur þess, að oss enn þá þann dag í dag, árið 1869, vantar vit og vilja til að bjarga oss sjálfir; og illt er það viðfangs vegna þess, að allar skýrslur um þetta efni vanta. Þetta kom og hvorttveggja fram í nefndinni, en vèr þorðum þó eigi fyrir samvizkunnar sakir að ráða til, að vísa málinu frá, þótt við nauðugir hefðum það til meðferðar, og vildum því heldur stinga upp á þessum 1000 tunnum heldur en engu, því þó þær eigi til hlítar gætu ráðið bót á yfirstandandi neyð, mundu þær þó verða til þess, að bjarga lífi margs fátæklings, er eigi á kost á að ná í korn kaupmanna, áður upp gengur. En svo að eg nú snúi mèr að atkvæðaskránni, þá er fyrst að athuga 1. a; það fer í sömu stefnu sem nefndin og byggir eins og hún á eymdarskap vorum og basli, og eg felli mig betur við það en

nefndina, því það gjörir þó eigi ráð fyrir, að þessi vesalmennska verði ævarandi, og gefur enga átyllu til konungsverzlunar hèr aptur, þar eð töluliður 1. a hefir orðin «nú sem stendur», en nefndin orðið «árlega». En einmitt þessi orð «nú sem stendur» eru það, er gefa mèr ástæðu til, að mótmæla töluliðnum, því menn vita eigi nú, hvernig ástatt er; menn vita eigi, hvort nokkurt hallæri vofir yfir; sè það eigi, þá er hann þýðingarlaus, en sè þar á móti hallæri fyrir höndum á komanda vetri, þá er nú svo seint orðið, að lítil líkindi eru til þess, að korni verði hèðan af komið að minnsta kosti í suma fjórðunga landsins; uppástungan undir tölulið 1. b er að vísu í því tilliti betri en uppástunga nefndarinnar, að hún vísar til konungs, en eigi til ríkisþingsins, en gallinn er sá, að enginn veit með vissu um ástand kollektusjóðsins, eða er þingmaður Árnesinga því svo kunnugur, að hann geti sagt með vissu, að í honum sèu til 12,000 rd., eða svo sem nægir til að útvega fyrir það korn, er nefndin hefir stungið upp á, og þegar það er haft fyrir augum, að fá einhvern veginn nægilegt korn nú, þá álít eg, að uppástunga nefndarinnar sè miklu hyggilegri, þar sem hún eigi bindur neitt hendur stjórnarinnar, heldur leggur henni í sjálfsvald, hvaðan hún eigi að taka fè það, er á þarf að halda. Breytingaratkvæðið undir tölulið 1. c get eg reyndar að nokkru leyti fellt mig við, en það hefir þó 2 ókosti; annar er sá, að það miðar til að halda okkur í nokkurs konar bernsku, og hins vegar er stjórninni eigi unnt, að vera fóstra okkar, enda eigum við sjálfir að vera svo framtakssamir, að við eigi þurfum að halda á aðstoð hennar í þessum efnum. Uppástunga þingmanns Gullbringusýslu er í raunínni ekki ólík nefndinni í öðru en því, að hún virðist heimta 1000 tunnur af korni í haust, hvort sem það sè mögulegt að koma því hingað eða ekki. Eg kann allt eins vel við uppástungunа undir tölulið 3., eins og uppástungu nefndarinnar, af því amtmennirnir munu þó fara sem næst um, hve mikið þurfi, hver í sínu amti. Hvað tölulið 4. snertir, virðist mèr á litlu standa, hvort sagt er 1000 eða 1200. Hvað loks hið 10. atriði snertir, þá get eg að vísu ekki forsvarað annað fyrir samvizku minni, en að greiða atkvæði með því, en eg viðurkenni, að mèr er mikil skapraun að því, að þurfa þess.

Helgi Hálfdánarsson: Eg ætla nú ekki að rekja hvern tölulið í atkvæðaskránni, en að eins fara fám orðum um uppástungu mína undir tölulið 4. Eg viðurkenni, að það er ekki stór munur

á 1000 tunnum og 1200, en hugsun mín var sú, eins og fleiri þingmanna, að 1000 tunnur væri of lítið, og að biðja þyrfti um meira; en á hinn bóginn fann eg, að viðsjárvert er, að fara mjög hátt. Suðuramtið fær eptir minni uppástungu mest, sem eg held að sè rètt, bæði þegar litið er til fólkstölunnar í ömtunum, og þess, að hingað til Reykjavíkur sækja opt margir úr vesturamtinu, nefnilega úr Mýrasýslu. Mönnum kann að virðast, að þessum 1200 tunnum ætti að skipta milli amtanna í öðru hlutfalli en eg hefi stungið upp á; en eg vil segja, að ef að eins kornið er til í landinu, þegar kornskortur verður, hvort heldur í ár eða seinna, þá gjörir það í sumum tilfellum minna til, þótt ekki sè það einmitt í því amtinu, þar sem þess þarf mest með. Það getur opt borið við, að skorturinn verði í allt öðru hlutfalli meðal amtanna en fólkstalan, og í sínu hlutfallinu hvert árið. Að annað eins lítilræði eins og 10 eða 12 hundruð tunnur af korni hafi nokkur áhrif á aðflutninga kaupmanna, get eg ekki ímyndað mèr; en þar sem menn eru að tala um siðferðislega skyldu kaupmanna, þá vil eg geta þess, að þó kaupmenn vorir kannist við þessa skyldu og vilji gæta hennar, þá er allt annað að vilja og að geta. Þótt kaupmenn væru allir af vilja gjörðir, er það eigi einhlítt til að byrgja landið nægilega með kornvörum, því kaupmenn ráða ekki við hafísinn, og ekki við storm og stórsjó, er brýtur kornskip þeirra á leiðinni. Hvað loks snertir áminninguna til yfirvaldanna um að annast, að ekki sè selt hèr skemmt korn, þá finnst mèr, að hún ætti bezt við í Kaupmannahöfn eða á þeim stöðum, þar sem kaupmenn kaupa kornið, en ekki hèr, því kaupmenn vorir selja oss kornið, eins og þeir fá það, og geta í flestum tilfellum ekki að því gjört, hvernig það korn er, sem hingað kemur til verzlana þeirra.

Jón Pètursson: Eg get fellt mig við flest breytingaratkvæðin; þó virðist mèr, að töluliður 1. b eigi betur við, ef hann fram kæmi að eins í ástæðunum í bænarskránni, sumsè að þar yrði minnt á styrktarsjóðinn, en í atkvæðaskránni. Á forðabúrunum hef eg óbeit: þau ala upp ódugnað og óforsjálni, og þar að auki ættu að liggja hèr um bil 10,0000 rd. ávaxtarlausir í kornforðabúrunum ár frá ári, í það minnsta þegar vel árar. Þegar hungursneyð væri í landinu, þá gengi að vísu kornið út; en þegar það væri ekki og kornið fengist nóg hjá kaupmönnum og, ef til vill, með betra verði, þá yrðu byrgðirnar að liggja í forðabúrunum, opt kann skè í mörg ár; af peningunum, er stæðu í því, hlypu árlega vextir, 400 rd.; ef

kornið hefði verið keypt til forðabúrsins dýrt, þá yrði þetta því tilfinnanlegra; það yrði nú að seljast úr forðabúrinu út með innkaupsverðinu, þar við bættust vextirnir, er yrðu að leggjast á kornið, pakkhúsleiga og borgun til þess, er geymdi kornið og hefði ómakið fyrir því. Kornið gæti eptir þessu orðið dýrt. Og ef stjórnin nú eigi vildi gefa frest með greiðslu vaxtanna, heldur heimtaði þá árlega, eins þó kornið lægi óselt, hver ætti þá að borga vextina? Eg er því meðmæltur tölulið 3., en eigi, sem þó raunar er hið sama, 1. eða uppástungu nefndarinnar.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður fann að því hjá nefndinni, að hún ekki hefði séð fyrir, að vextir og geymslukostnaður mundi falla á kornið, en nefndinni fannst það vera umboðslegs eðlis. Eg man nú ekki allar þær mótbárur, sem fram hafa komið gegn nefndarálitinu, en eg man, að þingmaður Skagfirðinga sagði frèttir úr nefndinni, og voru það þær, að nefndinni hefði í rauninni verið hálfilla við þetta mál. Eg fyrir mitt leyti álít þetta mishermt; eg heyrði engan nefndarmann segja það á fundum nefndarinnar. Þingmaður Skagfirðinga hefir kann ske sagt það við sjálfan sig. Hann talaði um, að þetta væri sultarmál, en slík sultarmál þykir öllum þjóðum sèr skylt að annast svo vel, sem þær framast megna. Þingmanni Árnesinga þóttu 1000 tunnur of lítið; það er satt, að þetta er lítið til að af stýra hallæri, en nefndin ætlaðist ekki beinlínis til þess, heldur til að bæta úr kornskorti. Það leit út, eins og hann vildi hafa 60,000 tunnur. Svo mikið held eg ekki fáist, og þó það fengist, held eg að ódugnað og óforsjálni leiddi af því, og þannig meira ógagn en gagn. En svo mikils þarf ekki heldur, sem betur fer, því þó hèr kunni að vera eða verða kornskortur, er það nokkuð annað en hallæri. Að því er hinn sami þingmaður og aðrir óttast, að 1000 tunnur muni draga dug úr kaupmönnum um aðflutninga, ímynda eg mèr, að það aldrei geti átt sèr stað, einkum af því 1000 tunnur eru svo lítilfjörleg viðbót við það, sem kaupmenn flytja, og eins og það er siðferðisleg skylda fyrir kaupmanninn, að hafa nægilegt korn til sölu, eins er það hvöt fyrir kaupmenn að flytja korn hingað, að þeir geta haft hag af kornsölunni, og þeir munu og hafa það, að minnsta kosti í fyrra. Að minnsta kosti sagði einn maður mèr hèr nýlega, að rúgtunnan í fyrra hefði kostað sig alls 9 rd. hingað komin að meðreiknuðum öllum kostnaði (Fragt, Assurance, Commissions-launum o. s. frv.), og þá seldu kaupmenn hèr

tunnuna á 11 rd., og engin ástæða er til að ætla, að kaupmönnum hafi verið kornið dýrara en honum. Að stjórnin geti sent korn í haust til allra staða á landinu, þótt hún geti það til nokkurra, hlýt eg að efast um, og hvað það snertir, að fá fèð fyrir kornið úr styrktarsjóði Íslands, þá var oss nefndarmönnum, eins og eg áður hefi skýrt frá, ókunnugt um hagi þess sjóðs, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sá sèr heldur ekki fært að upplýsa ástand hans til hlítar í dag. Að nefndin hefir stungið upp á, að árlega skuli vera hèr þessar 1000 tunnur að grípa til, kemur af því, að vèr vorum hræddir um, að það kynni optar að að bera, er skeði í fyrra, og vèr ætlum að reyna að ráða bót á nú, nefnilega að hèr verði kornskortur. Hvað loks snertir tölulið 1. c, þá skoða eg það sem áminningu til yfirvaldanna hèrna, eins og eg hefi áður tekið fram, og sem dæmi upp á, að yfirvöldin hèr hafa fundið sèr skylt að hafa gát á slíku, og það með fullri ástæðu að minni hyggju, vil eg geta þess, að þegar það frèttist í vor, að einn kaupmaður í Stykkishólmi mundi hafa skemmt korn, lèt amtmaðurinn í vesturamtinu strax lækninn með tveim valinkunnum mönnum skoða kornið, og komust þeir þá að þeirri niðurstöðu, að kornið væri ætilegt og ekki skaðlegt fyrir heilsu manna, þótt það væri ekki eins gott og vera bæri. Að heimta, að gát sè höfð á kornsölunni til íslenzkra kaupmanna erlendis, þarf ekki. Við eigum við okkar kaupmann, en hann verður aptur að leita rèttar síns hjá sínum seljanda. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður kvaðst gefa atkvæði sitt nauðugur, ef 3. liður væri felldur. Það er nú skaði, því «viljugan er hvern bezt að kaupa», og eg vil því ráða honum til, heldur ekki að greiða atkvæði, úr því það er móti sannfæringu hans. Honum varð tíðrætt um luxus, kaffi, brennivín, sykur, eins og fyr hefir skeð, en þótt vel mætti vera minna keypt af slíkum vörum hèr, má ekki gleyma því, hvað Íslendingar hafa fátt sèr til skemmtunar og hressingar í samanburði við aðrar þjóðir. Ef hinn heiðraði þingmaður heldur svona áfram að ráða mönnum til smáskamta, fer fólk kann ske að gruna hann um, að hann sè orðinn Homöopath, og það vildi eg þó sízt hafa á samvizkunni, að hafa leitt hann til þess, í það minnsta í læknisfræðinni.

Sigurður Gunnarsson: Þótt uppástunga mín undir 6. tölulið sè umboðslegs efnis, held eg það sè betra, að hafa hana með greininni. Ekki get eg skilið, að stjórnin þurfi að gjöra út skip með þetta hjálparkorn, svo það þurfi að auka kostnaðinn, að láta það koma á

margar hafnir. Stjórninni yrði að vera auðvelt, að koma þessu litla korni hingað með verzlunarskipum, á hverja þá höfn, sem amtmaður stingi upp á. Mèr finnst eiga vel við, að fá fè þetta, sem þarf til að borga kornið, til láns af styrktarsjóði Íslands. Hann var til þess stofnaður að af stýra hungursneyð. Mig furðar á, að mörgum virðist vera svo ókunnugt um hann. Eg játa, að eg veit eigi um hag hans, en það man eg, að 1844 átti hann svo mikið, að mikla hjálp mátti fá þaðan. Eg efast þó ekki um, að mikið sè til í sjóðnum, og að útgefnir sèu árlega reikningar yfir tekjur hans og útgjöld, eins og heimtað er um alla opinbera sjóði hèr á landi. Og vitaskuld er, að stjórnin hlýðir sínum eigin ráðstöfunum um þá sjóði, sem hún annast sjálf. Verði það, sem er nú í styrktarsjóði Íslands, ekki nægilegt, gæti viðbótin komið úr ríkissjóði. Það lán, sem þegar væri fengið úr styrktarsjóði, gelzt smátt og smátt aptur, svo allt yrði nóg til svo lítils, sem hèr er beðið um. Og hvergi á betur við, að fè styrktarsjóðs Íslands sè á veltu, en á Íslandi sjálfu.

Grímur Thomsen: Þegar verið var að ræða hèr um verzlunarfrelsið fyrir nokkrum árum, lýsti það sèr á ræðum manna, að þegar það væri fengið, gæti hèr aldrei orðið kornskortur, því þá mundi koma svo mikil keppni meðal kaupmanna, að ávallt væru hèr nógar byrgðir, og aldrei þyrfti framar að kvabba á stjórnina. Þetta kom nú samt fyrir í fyrra, og eins og þessi atkvæðaskrá ber með sèr, er hèr nú um líkt að ræða, og það ekki einungis fyrir þetta ár, heldur og framvegis. Eg verð að vera samdóma þingmanni Gullbringusýslu og þingmanni Skagfirðinga, þó eg reyndar ekki sè neitt hræddur um, að úr þessu verði konungsverzlun, en hitt er eg hræddur um, að þetta muni verða til þess, að auka óframsýni manna og skeytingarleysi í að útvega sèr björg. Eg skal færa til dæmi, sem gjörðist í mínu hèraði árið sem leið. Svo stendur á, að í Hafnarfirði er ágæt kolaveiði, og lifðu margir fátækir menn á henni; en þegar gjafakornið kom, hættu þeir við veiðina. Hinn háttvirti sessunautur minn, sem á að halda svörum uppi fyrir Gullbringusýslu, getur leiðrètt, ef eg hefi mishermt nokkuð. Eg skal líka til færa dæmi úr Húnavatnssýslu, og getur hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga leiðrètt mig, ef mèr ekki segist rètt frá. Þegar kornskorturinn fór að þrengja að mönnum, fóru þeir að afla til grasa fram yfir venju, en ekki er alls kostar víst þeir hefðu gjört það, ef nægilegt korn hefði verið. Þetta álit hafa menn og haft í öðrum

löndum á forðabúrum. Hinn háttvirti framsögumaður sagði reyndar, að þau væru í öllum siðuðum löndum, en að því er mèr er kunnugt, þá eru ekki slík forðabúr til í neinu landi, að stjórnin standi fyrir þeim, en opt er það, að einstakir menn eða verzlunarfèlög hafa stofnað þau. Eg man, að þetta kom til tals á stórþinginu í Noregi 1817; þá vildu margir, að forðabúr væru stofnuð þar; þá reis upp maður, sem sumum þingmönnum eflaust mun kunnur, Magnus Falsen að nafni; hann leiddi mönnum fyrir sjónir, að þó margir kynnu að hafa mikla hjálp af þeim, þá mundu þvílík forðabúr, er stjórnin stæði fyrir, auka óframsýni almennings, og fór svo, að málið var fellt; en síðan stofnuðu einstöku menn forðabúr. Líkt fór og í Svíaríki í hitt eð fyrra, þegar hungursneyðin var í Lapplandi; þá var uppástunga um þetta felld á þingi Svía af þessum sömu ástæðum, en einstakir menn stofnuðu þar og forðabúr á eptir. Eg býst nú samt við, að meiri hluti þingsins fallist ekki á þessa skoðun, og skal eg því nú snúa mèr að því, sem stendur hèr á atkvæðaskránni. Eg vil ekki til taka neina vissa kornupphæð, enda held eg, að það, sem upp á er stungið, bæði 1000 og 1200 tunnur, sè allt of lítið; eg kann því betur við 3. tölulið, því þar er beðið um nægilegt korn. Þá felli eg mig og við tölulið 2. b, því þar er gjört ráð fyrir, að amtmenn skuli sjá um, að nægilegt korn sè til þess, að af stýra vandræðum. Eg er samdóma hinum háttvirta þingmanni Gullbringusýslu um, að 1000 tunnur munu stundum verða of mikill og stundum of lítill forði, og því sè eigi vert að binda sig við það. Hvað það snertir, að leggja áherzlu á, að stjórnin sjái um, að eigi sè sent hingað skemmt korn, þá finnst mèr slíkt ekki eiga við, því það væri að gjöra henni gersakir um, að hún gæti látið sèr til hugar koma, að senda oss skemmt korn. Á Stykkishólmi var í sumar skoðaður stór kornbingur, og fundust ekki í honum nema 6 eða 8 maðkar (*Eiríkur Kúld*: Ekki nema 4); slíkt álít eg rangt að kalla skemmt korn; enda efast eg um, að nokkur kornbingur sè til í Kaupmannahöfn, sem ekki finnst einn einasti kornmaðkur í. Eg get þess vegna ekki gefið tölulið 1. c atkvæði mitt, en aptur á móti tölul. 3., 2. b og 10.

Stefán Eiríksson: Það eru nú orðnar býsna-langar umræður um þetta kornmál; það er hvorttveggja að eg er ekki vanur, að lengja þingræðurnar mikið, enda skal eg nú heldur ekki gjöra það. Það hefir af ýmsum verið fundið það að nefndinni, að hún hafi

beðið um of lítið korn. Einkum hvín sú mótbára frá þingmanni Árnesinga og hinum 4. konungkjörna þingmanni; en nefndin vildi heldur til taka það minnsta, heldur en að hlaupa í gönur með kornbænir þessar, því hún gat vel ímyndað sèr, að það mundi verða vandkvæðum bundið fyrir stjórnina, að útvega stórkostlega mikið korn, enda held eg, að suðuramtið að minnsta kosti hafi fullt í fangi með að borga sínar 350 tunnur, og sama mun mega segja um hin ömtin. Hvað 5. tölulið snertir, þá hafa margir það móti honum, að beðið sè um kornið árlega; en þegar menn nú gá að því, að amtmennirnir eiga að vera aðalumsjónarmenn um kornskort þennan, þá mundu þeir að eins biðja um kornstyrk þennan árlega, þegar þeir eptir skýrslum frá sýslumanni og hreppstjórum sæju, að brýn nauðsyn bæri að höndum. Eg get því alls ekki sèð, að breytingaratkvæði þau, sem gjörð hafa verið, eða umræður þær, sem orðið hafa, hafi bætt uppástungur nefndarinnar hið allra minnsta, og því álít eg, að þingið gjöri rèttast í, að fylgja nefndinni, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur.

Tryggvi Gunnarsson: Eg skal ekki tefja tímann með því, að fara að rekja öll atriði þau, er á atkvæðaskránni standa, en einungis geta þess, að eg mun gefa atkvæði mitt þeim töluliðum, sem miða til þess að bæta úr bráðri neyð, en ekki þeim, sem fara fram á, að fá allt af árlega hjálp; slíkt virðist mèr benda á litlar vonir um framfarir. Eg mun því gefa atkvæði mitt með töluliðunum 1. a, 3. og 8., þó mèr þyki það að 1. a, að þar segir: «nauðsynlegar kornbyrgðir», en engin viss upphæð nefnd. Stjórnin kynni að spyrja: hvað er nauðsynlegt? og þá er líklegt, að hún geti ekki svarað því, eður vitað nákvæmar en þingið nú, hvað nauðsynlegt er að senda mikið í haust til landsins. Það finn eg einnig að tölulið 3., að þar er til tekið, að amtmennirnir skuli ákveða, hversu mikið korn að senda skyldi, en hvernig er hægt að fá fljótlega álit amtmannsins fyrir norðan um það, hve mikið korn þurfi til Norður- og Austurlandsins? Þar sem nú er að tala um bráða nauðsyn og kornflutning í haust, þá álít eg nauðsynlegt, að til taka einhverja fastákveðna upphæð, og ætla eg því að aðhyllast tölulið 2., ásamt þeim töluliðum, er eg hefi áður nefnt. Mèr finnst það eðlilegt, að bent sè á styrktarsjóðinn, eins og farið er fram á í tölulið 1. b, því hèr á þingi er beðið um svo margt úr ríkissjóðinum, að gott er einhvern tíma að geta bent á annan sjóð; það gæti einnig ef til vill orðið til þess, að menn fengju upplýsingar

um ástand sjóðsins. Mèr skildust orð hins háttvirta þingmanns Árnesinga svo, að 1000 tunnur væru ekki nema $^1/_{60}$ partur af því, sem landið þyrfti af korni, en hann meinti alls ekki, að það væri $^1/_{60}$ af því, sem í forðabúrið ætti að fara. Einhverju líku þessu bað og þingmaður Árnesinga mig að skila til hins háttvirta framsögumanns.

Páll Pálsson: Við undirbúningsumræðu máls þessa var eg nefndinni í öllu verulegu samþykkur, og það er eg líka enn, en þó verð eg að játa, að eg felli mig fullt svo vel við tölulið 2. b, og yfir höfuð við 2. tölulið; hann fer yfir höfuð í sömu stefnu og nefndin, en það þykir mèr betur við eiga, að binda sig ekki við þessar 1000 tunnur á ári hverju; amtmennirnir vita bezt, hvers með þarf, og álit eg það næga tryggingu fyrir, að vèr höfum ætíð nægilegt af korni að hlaupa í, og að vèr fáum hvorki of mikið nè of lítið. Það furðaði mig, að hinn heiðraði þingmaður Rangæinga skyldi vara þingmenn svo alvarlega við, að koma með nokkra áminningu til stjórnarinnar um gott og óskemmt korn, en þó fallast á 3. tölulið, því þar stendur með berum orðum: «af góðu og óskemmdu korni». (*Grímur Thomsen* og *Pètur Pètursson:* Það liggur engin áherzla á því). Jú, það er þó sannarlega. Eg get ekki fallizt á 1. tölulið, helzt af því, að þar stendur: »í aðalkauptúnum«. Með þessu móti mundi ekki svo hægt að af stýra vandræðum í hèruðum þeim, er langt liggja burtu frá kauptúnum þessum, og held eg því bezt, að láta amtmenn ráðstafa korninu. Töluliður 2. virðist mèr sneiða hjá skeri því, er mèr hefir heyrzt margir vilja sneiða hjá, og sem eg líka vil forðast, sem sè forðabúrunum, er illa mælist fyrir hjá mörgum. Þó eg segi þetta, þykist eg ekki hafa breytt skoðun minni í neinu verulegu. Eg er því samdóma, að vel eigi við, að benda á styrktarsjóð Íslands í ástæðunum fyrir álitsskjalinu. Eg er, sem sagt, á sömu meiningu og við undirbúningsumræðuna, því eg sè ekki, að svona lítið af korni geti leitt til neinnar ómennsku eða skeytingarleysis um, að menn vilji sjálfir útvega sèr bjargræði. Heldur ekki fæ eg sèð, að svona lítið geti fælt kaupmenn vora frá, að flytja jafnmikið korn og hingað til, því þó þeir ef til vill ekki hafi jafnmikinn beinlínis hag á korninu og sumum öðrum vörum, þá ganga einmitt þessar vörur út hjá þeim, af því þeir hafa kornið líka; þeir kaupmenn, sem lítið eða ekkert korn hafa, fá að minni ætlun ekki marga skiptavini, og geta því heldur ekki selt hinar vörurnar, og hafa kaup-

menn þannig óbeinlínis mikinn hag af korninu, þó hann kunni að vera dálítið minni af því sjálfu, en öðrum vörum.

Framsögumaður: Eg verð að svara hinum háttvirta þingmanni Rangæinga fáeinum orðum. Dæmi það, sem hann tók úr Hafnarfirði um kolana, þekki eg ekki; mèr þykir líkast, að menn hafi þar verið búnir svo lengi að svelta sig eptir korni frá kaupmönnum, að þeir hafi orðið fegnir að borða það, þegar það bauðst, eða þeir hafa verið hræddir við spítalalöggjöfina, en ekki átt kost á að kynna sèr hana, og því haldið, að þeir ættu að gjalda af kolunum, og þess vegna hætt að veiða þá. Eg þekki heldur ekki dæmið, sem hann kom með úr Húnavatnssýslu; en það veit eg, að öðruvísi stendur á fyrir vestan. Þegar eg reið til þings, voru þar nægar kornbyrgðir komnar, en þó var fjöldi manna í sölvafjörum og að grasatekju. Þingmaðurinn er, eins og eðlilegt er, kunnugri en eg í öðrum löndum; en eg held þó, að kornforðabúr sèu í öðrum löndum, og það í Danmörku sjálfri. Eg veit ekki betur, en að sjóliðið hafi forðabúr, og mun það einu sinni hafa lánað íslenzkum kaupmanni, Knudtzon, korn; sama mun vera að segja um landherinn.

Hallgrímur Jónsson: Það er nú reyndar óþarfi, að eg fari að auka kostnaðinn með nokkurri umræðu, því hann mun þegar fyrir allar þessar umræður orðinn svo mikill, að nokkrum korntunnum nemur, sem væri þó nokkur líkn handa þeim allrabágstöddustu; en þetta allt er til að undirbúa hjálpina á sem haganlegastan hátt. Þó að öll atriðin á atkvæðaskránni sèu gjörð í góðum tilgangi, þá felli eg mig þó mjög misjafnt við þau, og ætla eg stuttlega að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, þegar til þess kemur. Eg er þá með tölulið 1., a, b, og einkum c; þar af leiðir, að eg fellst líka á 3. tölulið. En falli nú þessir báðir, þá er eg ekki viss um, hvað eg tek. Betur kann eg við, að kornupphæðin sè ákveðin, því ekki er hægt að segja fyrir fram, hvað mikið þarf á hvern staðinn; þannig geta verið svo miklar kornbyrgðir í vesturamtinu, að þar þurfi lítils með, en aptur í norður- og austuramtinu svo litlar, að ekki hrökkvi það, sem því er ætlað, auk þess sem þar lítur illa út með aðflutninga og annan landbúnað í ár; þar á móti sýnist ekki eins bágt útlit hèr syðra, og svo er mögulegt, að hingað verði einnig hægra að fá flutt korn, t. a. m. með fyrsta póstskipi í vor. Annars virðist mèr kornupphæðin vera það minnsta, fyrst nokkuð var nefnt, en það er líklega nóg, til að auka

skuld á skuld ofan, sem eg veit ekki hvar að lokum lendir. Hvað forðabúrin snertir, þá hafa þau sína kosti og ókosti, og hefir þar um verið nokkuð talað, og jafnvel þó sumum fátæklingum verði að bera máske nokkurs konar oftraust til þeirra, og að hinu leyti megi segja, að neyðin kenni naktri konu að spinna, þá þykir mèr dæmi þau, sem þingmaður Rangæinga kom með, miður heppileg vera til umræðu hèr á þingi. Það getur orðið honum til heiðurs fyrir hyggindi sín og nærgætni, en til eptirtektar og að umræðuefni fyrir þá, sem fyrir utan standa og heyra á slíkar dæmisögur.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá biðja menn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, er eg vona að þingmenn hafi prentaða fyrir sèr. (Sjá II., bls. 239).

Forseti: Eg skal geta þess, að hinn háttvirti konungsfulltrúi er genginn af fundi, og hinn 1. konungkjörni þingmaður kominn í hans stað.

Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um fyrirmyndarbú og búnaðarskóla í Húnavatnssýslu. Hinn háttvirti þingmaður Húnvetninga er framsögumaður, og er það á hans valdi, hvort hann vill taka til máls.

Framsögumaður (Páll Vídalín): Eg þarf nú ekki margt að tala, því við undirbúningsumræðuna komu engin mótmæli gegn máli þessu, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf því góðar undirtektir; einungis benti hann mönnum á, hvort ekki mundi ráðlegast að biðja um, að frumvarpið frá 1863 yrði að lögum gjört, og í öðru lagi, hvað hitt annað niðurlagsatriði nefndarinnar snertir, hvort að þingið ekki heldur vildi vísa málinu forsetavegínn til amtmannsins í norður- og austuramtinu, en til stiptamtmanns. Nefndin tók nú bendingar þessar til yfirvegunar, en gat þó ekki breytt skoðun sinni, því hvað fyrra atriðið snertir um það, að frumvarpið yrði lögleitt, þá er auðsætt, að fyrirmyndarbúið yrði þá ekki fyrirmyndarbú Húnavatnssýslu, eins og til var ætlazt, heldur fyrir allt amtið. Það yrði og að stofna fyrirmyndarbú í hinum ömtunum, ef fylgja skyldi frumvarpinu 1863, en það veit eg ekki hvort hin ömtin kærðu sig um; þegar og þannig væri komið, er eg hræddur um, að minnka færi um fríviljugar gjafir til fyrirmyndarbús Húnvetninga bæði frá Húnvetningum sjálfum og öðrum, með því það væri þá komið í allt aðra stefnu. Hvað það snertir að snúa mèr með 2. niðurlagsatriði nefndarinnar til amtmannsins í norður- og

austuramtinu, þá gat nefndin ekki sèð, að það væri í neinu betra. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði að vísu, að stiptamtmanninn vantaði hinar nanðsynlegu skýrslur og upplýsingar um málið, sem amtmaðurinn fyrir norðan gæti fengið, en aðalatriði þessa máls eru öll í nefndarálitinu, svo að stiptamtmaðurinn getur þar af fengið nægar upplýsingar, eður eins og amtmaðurinn í norður- og austuramtinu á kost á að fá. Það er ekki af því, að nefndin ekki treysti amtmanninum fyrir norðan, en henni virtist og virðist þessi vegur til stiptamtmannsins bæði væri fljótari og eðlilegri frá þinginu.

Konungsfulltrúi (P. Jónassen): Eg skal eptir gefnu tilefni og með tilliti til 3. atriðis á atkvæðaskránni leyfa mèr að taka það fram, að stiptamtmaður getur ekki, eptir eðli hlutarins, skorizt í málið á þann hátt, sem uppástungan ætlast til, fyrri en vissa er fengin fyrir því, að stofnunin komist á fót.

Grímur Thomsen: Eg er hræddur um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi ekki gætt vel að því, hvað í 3. tölul. stendur. Það er ekki farið fram á að leita styrks til stjórnarinnar, en hefði svo verið, þá er það satt, að formlegra hefði verið, að þingið hefði látið forseta rita amtmanninum í norður- og austuramtinu um málið. En hèr er einungis meint til hinna sèrstöku stiptana, er styðja landbúnað í Danmörku, svo sem Landhusholdnings-Selskabet og det Classiske Fideicomis. Eg vil bæta því við, að eg efast alls ekki um, að Húnvetningar einnig leiti til amtmannsins í norður- og austuramtinu, og mun það verða málinu til mikils framgangs, ef þeir báðir styðja það, stiptamtmaður og hann; það eru tvö atkvæði, sem gefa málinu áherzlu. Stiptamtmaðurinn er eflaust kunnugri í Danmörku, því hann er fæddur þar og upp alinn, og gæti verið, að hann «privat» gæti gefið málinu stuðning. Eg get ekki efazt um, að fè fáist til þessa, því að í konunglegri auglýsingu til alþingis 1865 stendur, að styrkur muni verða veittur, þegar einstakir menn hafi skotið saman til fyrirmyndarbús.

Forseti: Þar eð nú ekki taka fleiri til máls, er ályktarumræðu þessari lokið, og skal eg þá skjóta málinu til atkvæða, samkvæmt atkvæðaskránni, sem hinir háttvirtu þingmenn hafa prentaða fyrir sèr. (Sjá II., bls. 242).

Því næst voru lesin upp álitsskjöl til konungs í þremur málum; 1. í málinu um að stofna kennaraembætti í sögu Íslands og fornfræði norðurlanda (Sjá II., bls. 243); 2. í málinu um styrk til

forngripasafnsins (Sjá II., bls. 244), og 3. um málið viðvíkjandi lagaskóla (Sjá II., bls. 247).

Dagskrá var þá lokið, og ákvað forseti fund næsta dag kl. 12.

Fundi slitið.

---

24. fundur — 28. ágúst.

Allir á fundi, nema þingmaður Vestur-Skaptfellinga, er hafði tilkynnt forseta, að hann gæti eigi komið á fund í dag. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um gufuskipsferðir kring um landið, og mun afskript af því verða send konungsfulltrúa, og það svo lagt fram á lestrarsalinn.

Samkvæmt dagskránni kemur nú í dag til undirbúningsumræðu málið um breytingu á lögum 10. ágúst 1868 um spítalagjaldið. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, og mun hann lesa upp álitsskjal nefndarinnar, og skýra frá málinu að því leyti, sem þörf er á.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Nefndarálitið hljóðar þannig. (Sjá II., bls. 250).

Eg er nú nærri því orðinn móður af að lesa þessar löngu ástæður, einkum minni hlutans, og vil því að sinni að eins drepa á fá atriði í máli þessu, sem er hið mesta áhugamál allra þeirra, er helzt eiga hlut að, og ber salurinn hèr nú þess beztan vott; hèr eru nærstaddir allir þeir, sem nálægir hafa getað verið, og margir mundu hugsa hingað með mikilli áhyggju, ef þeir vissu, hvert umræðuefnið væri nú. Um þennan áhuga vitna eigi óljósast þær hinar mörgu bænarskrár, sem til þingsins hafa komið, sem eigi eru færri en 14, með yfir 600 nöfnum. Eg vil þora að fullyrða, að margir hafi meiri áhuga á þessu máli, en stjórnarbótarmálinu. Minni hluti nefndarinnar álítur óhæfu, að nema úr lögum ný lög, öldungis undir eins, og aðrir hafa líka talað um, að það væri naumast samboðið virðingu alþingis, að biðja um að breyta því 1869, er það sjálft samdi og bað um 1867. Það getur enginn fundið meira til þess, en meiri hluti nefndarinnar, hve óþægilegt það er, að afbiðja nú, það sem beðið var um 1867, en hon-

um þótti ei annað fært. Eg viðurkenni fúslega, að þetta er töluvert óþægilegt, en til þess verður þó að taka meira tillit, að það er nauðsynlegt, að breyta þessum lögum, eða réttara sagt, nema þau úr gildi; þau eru ófær, eins og þau eru. Það er ekki lítilsvert, hvað óánægjan með þau er almenn og samhljóða, og það svo almenn og samhljóða, að hún hefir ekki verið það eins um nokkurt lagaboð, svo menn viti. Votturinn um það er, að enn í dag er enginn maður farinn að breyta eða búa sig undir, að breyta eptir þeim, af því alla hryllir við því og enginn þykist geta það, og mér finnst því, að alþingi væri miður samboðið, að traðka í þessu máli óskum og vilja landsbúa, en að fara eptir honum, einkum þegar hann er á góðum rökum byggður.

Lagaboðið hefir marga bresti eða ókosti, og þá mjög verulega. Innheimta gjaldsins er nærri því ókljúfandi. Formaðurinn kann ekki allt af að skrifa og reikna, og má þó ekki án þess vera eptir lagaboðinu; hásetar geta verið margir, og þeir sinn úr hverri áttinni, þeir geta farið á miðri vertíð, kann ske fleirum sinnum á sömu vertíð, og aðrir komið í staðinn. Þar næst kemur gjaldið mjög misjafnt og ósanngjarnlega niður, og það svo mjög, að ekki einungis er goldið sama af þorski og af ísu, (og 1 þorskur er eins mikils virði og 5 ísur, eða 10—20 þara-þyrsklingar), heldur leggst gjaldið þyngst á örvasa gamalmenni og hálfvaxna unglinga, af því þeir eru ekki færir um, að róa lengra en út í þarann. Þeir fá æði-margt að tölunni til, en hver kindin er lítilsvirði, og þar að auki er þetta einasta lifsbjörgin fátæklinganna, þeirra daglega brauð og aleiga, sem aflast í dag og er borðuð upp á morgun. Að leggja harðast á þá fátækustu og ónýtustu, getur ekki verið rétt, auk þess sem ekkert gjald fæst inn með þessu móti, því veiðin er matbjörgin dag frá degi; hún er ekki geymd, þangað til komið er að krefja skattinn, nei! þá er hún upp jetin, og þá er ekkert til. Þar næst leggur lagaboðið ekkert á lúðu, skötu og löngu, ekkert á hnýsu og sel. Það er þannig hlaupið yfir heila flokka af sjávarafianum, og það engan veginn litla. Ekki held eg það sè heldur heppilegt, og að minnsta kosti ekki venja í neinu lagaboði, og allrasízt í skattalögum, að eiga það alveg undir góðfýsi gjaldþegnanna, hvað mikið gjaldið verði, eða með öðrum orðum, að hve miklu leyti lagaboðinu er hlýtt. En hèr verður þetta þó tilfellið, því allt eptirlit er því nær með öllu ómögulegt. Það einasta í öllu lagaboðinu, sem nefndin gat fellt sig við, var sú hug-

mynd, er þar kemur fram, að leggja gjaldið á arðinn eptir jöfnuði og réttu hlutfalli, en í þeirri mynd, sem þessi grundvallarregla kemur fram í í lagaboðinu, gat nefndin raunar með engu móti fallizt á hana. Og af því vèr getum ekki betur séð, en að það sè fullt eins vel samboðið þinginu og virðingu þess, að reyna að fá lögin alveg sett úr gildi, eins og að breyta hèr um bil hverju orði og hverri hugsun í þeim, hefir nefndin komið fram með uppástungunna undir 1. tölulið. En ef hún verður samþykkt, þarf eitthvað í staðinn fyrir hið aftekna lagaboð, og því er fram komin uppástungan undir 2. tölulið. Reyndust þar gallar, mætti breyta því smátt og smátt, eða þá taka 3. tölulið. Eg skal reyndar geta þess, að nefndin hefði verið mjög fús til, að taka stjórnarfrumvarpið frá 1867, og gjöra við það nokkrar breytingar, en meiri hlutinn áleit þó réttast, að hafa þetta, eins og það stendur í niðurlagsatriðunum, einmitt fyrir þá sök, að hann hèlt, að þetta væri það, sem helzt gæti fengizt, enda þóttist hann eigi kjörinn til, að segja álit um frumvarp þetta. Eg ætla að geta þess, að við höfum ekki ásamt þessu fram lagt nefndarálitið frá 1867, af því okkur var kunnugt, að þingið hafði aðgang að þeim, ef þingmenn vildu.

Ástæður minni hlutans eru svo langar, að eg nenni ekki að svo stöddu, að fara í gegnum þær og hrekja þær, en ætla að eins að taka það fram, að mèr finnst fullsannað, að ómögulegt sè að byggja neitt brúkanlegt upp á grundvelli lagaboðsins, úr því hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu ekki gat fengið neitt betra úr því, en niðurlagsatriði minni hlutans, eptir að hann hafði hugsað um málið í meir en 2 ár, og setið yfir þessum fáu greinum í 10 daga. eptir að meiri hlutinn hafði lokið áliti sínu, og þó að sögn haft góða menn til aðstoðar. Æði-mikið af göllunum á lagaboðinu koma aptur í uppástungum minni hlutans, og þarf ekki að endurtaka það. Ef fylgja ætti grundvallarreglu tilskipunarinnar, þá verður að gjöra það á allt annan veg, en gjört er bæði í tilskipuninni og uppástungum minni hlutans, ef nokkurt vit á í að verða; það dugir ekki, að bæta að eins við þessum $^1/_4$, eigi þessi jöfnuður, sem menn segja að tilskipunin vilji ná, að nálgast nokkuð, þá verður að taka til allar fiskitegundir, og leggja skattinn á þær allar, eptir endalausum brotum, en við það kemur það því fremur í ljós, hve óhæfileg grundvallarreglan er. Gjaldið á enn að taka af smáfiski, sem á hverju kvöldi fer úr fjörunni beint í pottinn, og af aleigu eða daglegri björg gamalmenna og drengja, sem ekkert eiga;

sjá tölulið 1. staflið a. Hræddur er eg líka um, að margt verði vafasamt við lifrarsöluna eptir hlutföllum, og loks vil eg geta þess, að 12. maí er ekki vertíðarlok alstaðar, heldur ber hann opt upp á miðja vertíð á miklum hluta Vesturlands. Að skipta gjaldhæðinni eptir þessum tíma, er alveg af handahófi. Það er engan veginn það sjálfsagða, að allur þorskur komi fyrir 12. maí, heldur á þvert á móti það gagnstæða sèr stað víðs vegar um landið, að það aflast mikið af hinum smærri fiskitegundum fyrir þann tíma. Eg vil því ekki orðlengja um þetta að sinni. Minni hlutinn og margir ef ei allir þingmenn hafa viðurkennt, að tilskipunin frá 10. ágúst 1868 sè ósanngjörn og óhæfileg, en þessar breytingar gjöra hana í sannleika engu betri, nema að því leyti, sem þær setja gjaldið lítið eitt niður, en ekki eptir neinni verulegri reglu. Eg get ei gjört svo lítið úr meiri hlutanum, að hann hefði ei getað breytt tilskipuninni betur en þetta, ef hann hefði álitið, að breyting ætti hèr við. En eg skal ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, heldur lofa öðrum að, því að þess mun nú þörf.

Torfi Einarsson: Eg man nú ekki nákvæmlega allt, sem hinn háttvirti framsögumaður sagði. En það, sem fyrst kemur fyrir í þessu máli, er það: til hvers eigum við að vera að auka spítalagjaldið? Til að bæta læknaskipunina. Er þá þörf á því? því neitar víst enginn, en ekki verður það gjört án fjártillaga. Eg skal þar næst geta þess, að spítalagjaldið er gamall skattur, en eigi nýr, og að allir voru á eitt sáttir um það 1867, að það skyldi öðruvísi lagt á en þangað til, og að það skyldi jafnframt hækkað. Gjaldið hefir enn fremur þann kost, að það rennur í vorn eiginn sjóð og vorar þarfir, en ekki í ríkissjóðinn. En vandaverk hlýtur það að vera, að búa til spítalagjaldslög, því yfirvöldin, og nefnd sú, er $1\frac{1}{2}$ ár sat yfir því 1867, og sem ágætismenn sátu í, gátu ekkert nýtilegt til búið. Eg ætla ekki að vera margorður um grundvallarregluna núna. Menn hafa sagt, að einn sjávarbóndi yrði kann ske að borga 50 rd. á ári í spítalagjald. En á hann ekki aðganginn að hásetunum með það, sem hann borgar fyrir þá? En ef hann á að borga það fyrir sjálfan sig, þá hefir afli hans verið svo mikill, að það er ekkert þyngslagjald, því hann hefir þá fengið 40,000 tólfræð. En aðalmótbáran er einmitt þetta: Gjaldið verður svo óguðlega hátt á okkur, sem öflum mikið, en sá, sem fær bara eitt hundrað, hann munar ekkert um það. Eptir því ætti sá að borga minnst af hverju hundraði, sem flest fær hundruðin. Væri það

rèttlátt? Er ekki lagaboðið í þessu tilliti betra en stjórnarfrumvarpið? því get eg ekki ætlað að nokkur neiti.

En — miklar gullnámur mega fiskiveiðarnar við Faxaflóa vera. Það grunaði engan 1867, og leitaði eg þó allra upplýsinga, að þær gæfu af sèr allt að hálfri annari milíón, en það hlýtur þó að vera, ef það er rètt reiknað, sem stóð í ritgjörðinni í Þjóðólfi, að gjaldið til læknasjóðsins gæti orðið 12—15,000 (dalir?) á ári. Með þessu vilja menn sýna, að afgjaldið sè ranglátt, en þeir hafa ekki varað sig á, að þeir með reikningnum einmitt hafa sýnt, hve ákaflega mikill gróðinn er. Eg held því fast við grundvöll lagaboðsins með sem minnstum breytingum, en vildi þó í niðurlagsatriðunum til taka allar þær breytingar, er eg gat ímyndað mèr að gætu átt sèr stað. Hið heiðraða þing ræður nú, hvernig það vill vinna úr þeim. Eg verð að lyktum að geta þess, að eg get ekki kallað útásetningar við lögin annað en spádóma, á meðan lögin eru alveg óreynd, en nú ætla eg ekki að tala um fleira að sinni. Mèr mun bjóðast tækifæri aptur, áður en lokið er þessari umræðu.

Konungsfulltrúi: Eg skal að eins fara fáum orðum um stöðu stjórnarinnar til þessa máls, sem að vísu er mjög óvanalegs eðlis. Stjórnin lagði í hitt eð fyrra frumvarp fyrir þingið til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna í þeim tilgangi, að koma á betri tilhögun á tekjum spítalanna og að auka tekjur læknasjóðsins. Alþingi stakk upp á verulegum breytingum við þetta frumvarp, og þó að gjaldheimtan eptir þeim yrði mjög erfið — eins og bæði konungsfulltrúinn, sem þá var, og minni hluti þingsins ýtarlega tók fram við umræðurnar, — virtist stjórninni ástæða til að aðhyllast uppástungur alþingis, og lögleiddi hans hátign konungurinn því þessar ákvarðanir undir 10. ágústm. f. á. Tilskipunin er þinglesin á manntalsþingunum í vor, og á henni í fyrsta skipti að fram fylgja til 12. maí 1870. Að vísu eru margar bænarskrár komnar til þingsins í þetta skipti, sem lýsa yfir óánægju beiðandanna með þessa tilskipun, og eg skal ekki mæla móti því, að mótbárur þær, sem komnar eru fram í þessum bænarskrám, kynnu að hafa nokkuð til síns máls; en á hinn bóginn skal eg taka það fram, að reynslan ekki er enn þá búin að sýna og sanna, hvort þær allar sèu á sem beztum rökum byggðar. Nefnd sú, sem þingið hefir kosið til að segja álit sitt á málinu, hefir skipt sèr í tvennt; meiri hlutinn stingur upp á, að tilskipun 10. ágúst 1868 verði numin úr lögum hið allrafyrsta eða fyrir

næsta gjalddaga, og að frumvarp stjórnarinnar frá 1867 annaðhvort verði gjört að lögum óbreytt og eptir því goldið á vori næstkomanda, eða lagt fyrir næsta alþingi, en að þangað til það verður að lögum, verði gjaldið til læknasjóðsins greitt eptir tilskipun 27. maí 1746, en minni hlutinn stingur upp á nokkrum breytingum við tilskipan frá 10. ágúst f. á., án þess að breyta aðalreglu þeirri, sem hún er byggð á, sem sè að gjaldið eigi að miðast við aflann.

Ef þingið aðhyllist uppástungur meiri hluta nefndarinnar, er auðsætt, að stjórnin muni komast í mestu vandræði, með því að samþykkja það, sem uppástungan fer fram á. Fyrst er það, að þá koma bænarskrár þingsins frá í hitt eð fyrra og þessa þings í beinustu mótsögn hverjar við aðrar. Hvernig á stjórnin að skera úr þessari mótsögn? Getur hún haft meira traust til þessa þings en til ráða alþingis frá í hitt eð fyrra? Ef þingið í hitt eð fyrra með atkvæðafjölda áleit gjaldmátann eptir stærð aflans réttan, en þingið nú álítur gjaldmátann óhafandi, þá getur skeð, að alþingið 1871 áliti einhvern þriðja gjaldmáta einan hafandi, og svo framvegis án enda. Eg fæ ekki sèð, hvernig stjórnin getur skorið úr þessum vandræðum svo óhætt sè. Í öðru lagi get eg ekki skilið, hvernig niðurlagsatriði meiri hlutans geti komið til greina svoleiðis, að gjaldið verði borgað á vori næstkomanda, annaðhvort eptir lögum, sem ekki geta orðið þinglesin fyrri en seinna, eða eptir tilskipun 1746, sem þegar er numin úr lögum.

Eg hefi einungis bent á vandræði þau, sem uppástungur meiri hlutans mundu hafa í för með sèr, ef þær verða samþykktar á þinginu; en eg skal bæta því við, að eg, ef þær ekki að síður verða ofan á, fremur skal mæla með niðurlagsatriðinu undir tölulið 2., þar sem mèr þykir líklegast, að stjórnin, ef hún getur fundið úrræði til þess, að samþykkja það, sem meiri hlutinn stingur upp á, heldur muni kjósa tölulið 2., en uppástunguna undir tölul. 3.

Hvað snertir niðurlagsatriði minni hlutans, skal eg að svo stöddu að eins geta þess, að mèr þykir ísjárvert, áður en reynslan er búin að sýna og sanna, að einhver ný lög þurfi breytingar við, að stinga upp á þess konar breytingum, en að öðru leyti skal eg eptir því, sem umræðurnar verða hèr í salnum, nákvæmar skýra frá minni skoðun um þær við ályktarumræðuna.

Jón Hjaltalín: Mèr ætlar nú að fara, eins og Grettir sagði, að spár mínar eiga sèr ekki langan aldur, því eg spáði því á alþingi 1867, sem nú er fram komið. Minni hlutinn vill auðsjáan-

lega læknasjóðnum vel, en — góð meining enga gjörir stoð. Hann sagði, að 1867 hefði nefndin setið við þetta mál í 1½ ár, en það var að eins rúmur mánuður. Nefnd þessi byggði tillögur sínar þá ekki að eins á sjálfri sèr, heldur og á 3 eða 4 amtmannsálitum. Til minnkunarinnar ættum við ekki að taka mjög mikið tillit, því dæmi eru til sama frá öðrum þingum, og hefir engin minnkun þótt, enda er ekki enn í dag farið að búa sig undir að fullnægja lögum þessum, og hèðan af verður það ekki gjört. Lögin eru þannig ómöguleg, og þá fer stjórnin ekki að neyða þeim upp á okkur. Meiri hlutinn er því á rèttri stefnu. Það er sama að ætla sèr að telja hverja kind úr sjó, eins og að ætla að mæla mjólk úr kú og byggja þar á skattalög. Það verður allt af að leggja á gróðastofninn, en ekki á breytilegan arð eða ágóða. Í Danmörku borgar maður skatt af einni tunnu lands, en ekki af því, sem á henni fæst.

Lög þessi voru samþykkt hèr á þingi með litlum atkvæðamun 1867. Minni hlutinn sendi ekki stjórninni ágreiningsatkvæði sitt, af því við þóttumst vissir um, að atkvæði meiri hlutans ekki yrði að lögum, en eg vildi óska við hefðum gjört það, því þá hefði stjórnin víst skilið, að þau lög yrðu ómöguleg.

Ólafur Pálsson: Eg verð, eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, að lýsa því yfir, að mèr þykir meiri hluti nefndarinnar hafa leyst verk sitt vel af hendi, og get eg í öllu verulegu vel fallizt á niðurlagsatriði hans, einkum með hliðsjón af þeirri bendingu, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf um 2. tölulið. Það hafa komið fjölda-margar bænarskrár um þetta mál til þingsins með fjölda nafna, og sýnir það, hve mikið áhugamál þetta er, og það bendir á, að öðrum eins úrslitum og meiri hlutinn fer fram, mundi af landsmönnum verða tekið með ánægju. Eg get nú ekki sèð neitt ískyggilegt fyrir þingið í því, að fallast á uppástungu meiri hlutans, þegar til vara er beðið um, að frumvarpið frá 1867 verði lagt fyrir næsta þing. Eg get því ekki verið samdóma minni hlutanum, því það er og hefir allt af verið sannfæring mín, að grundvöllurinn fyrir frumvarpinu frá 1867 sè sá eini, sem nokkuð stöðugt verður byggt á. Eg játa fúslega, að fögur hugsun liggur til grundvallar fyrir áliti minni hlutans, en tilraunir hans til að laga tilskipunina af 10. ágúst 1868 hafa bezt af öllu sannfært mig um, að tilskipunin er óhafandi. Eg fæ ekki betur sèð, en að breytingar hans sèu í raun rèttri ekki annað en inni-

leg bón um, að hún verði úr lögum numin. Það má ekki um þær segja, að þær séu ný bót á gamalt fat, sem aldrei hefir þótt haldgott, heldur öllu fremur, að þær séu eins og silkibætur á strigaflík. Minni hlutinn er allt af að eltast við þennan jöfnuð; en honum fer þó ekki ólíkt og þeim, sem greip skýið í staðinn fyrir gyðjuna sjálfa. Hvað jöfnuðinn snertir, þá verður nú minna úr honum, þegar þess er gætt, að gjalda á jafnt af þorski, ísu og og steinbít; því það hafa greindustu formenn sagt mèr, að óhætt væri að leggja 5 ísur móti gildum þorski, og gjalda þeir þá fimmfalt, er ísu afla, og hvaða jöfnuður er í því? Eg kæri mig nú ekki um að taka fleira fram, því hinn háttvirti framsögumaður hefir gjört það. Hann hefir sýnt fram á, hvernig af handahófi er gengið fram hjá ýmsum fiskitegundum. Það er einkennilegt, að minni hlutinn virðist allt af gjöra ráð fyrir, að allur aflinn sè geymdur í sameiningu fram til vertíðarloka; það kann að vera að þetta eigi sèr stað í Strandasýslu, en hèr er því ekki svo varið, nema ef til vill stöku sinnum með netaþorsk; annars er aflanum skipt þegar í fjörunni í hvert skipti eptir róður, og hver fer með sinn hlut heim til sín að kveldi. Eg skil nú ekki vel, hvernig þá ætti að hafa eptirlit á, að öll kurl kæmu til grafar. Það er eitt nýmæli komið hèr, og það er, að kvarðinn er nú orðinn nauðsynlegt áhald á skipi hverju, eins og ífæra eða krókstjaki. Að vísu hefi eg ekkert á móti þessu, en eg er nú hræddur um, að sjómönnum vorum kynni að leiðast að mæla hverja bröndu í vetrarkuldanum, og jafnvel þykja það seinlegt. Því kann að verða svarað, að það sè óþarfi; það megi mæla þær eptir sjónhending, og sjá út hvern fisk, sem er minni en $^1/_2$ alin; en þegar þetta skal gjöra undir eiðstilboð, þá gjöri eg ekkert úr því, og mèr þykir þetta of gálausleg skoðun á eiðinum. Hvað breytinguna á 4. gr. snertir, þá vil eg spyrja: hvernig á formaðurinn að leggja hald á hlutinn, þegar hver háseti fer heim með sitt að kveldi, og það stundum $^1/_4$ úr þingmannaleið, eins og sumstaðar er fyrir austan fyrir Söndum? Eg fæ ekki sèð, að formaðurinn geti innheimt þetta gjald eða mælt hvern fisk, eins og hinn háttvirti framsögumaður líka tók fram. Sá, sem tíundar skipið, skal greiða gjaldið af hendi; en nú getur verið, að skipseigandi búi langt frá veiðistöðunni, og er þá hætt við, að honum veiti erfitt að ná öllu inn. Eg játa, að minni hlutanum gengur ekki nema gott til, og hugsunin, sem liggur til grundvallar fyrir áliti hans, er fögur, en að ná fullkomnum jöfn-

uði, verður jafnan óvinnandi í þessu eins og mörgu öðru. Það er hægt að færa til dæmi upp á þetta. Þannig eru 6 ær tíundaðar sem hundrað á hverri jörð sem er, og er það ekki jöfnuður, að það sè jafnt á kostajörð, þar sem fè gengur sjálfala allan vetur, og á megurðarjörð, þar sem heyja verður fyrir því með ærnum kostnaði; eins er með kúna; hún er tíunduð jafnt á þeirri jörðunni, þar sem maðurinn slær kýrfóðrið á $1\frac{1}{2}$ degi, og á hinni jörðinni, sem verið er að reita kýrfóðrið í mánaðartíma; þetta er heldur ekki jöfnuður, en hjá þessu verður ekki komizt; það er óvinnandi, að elta þennan jöfnuð út í allar æsar; það þarf að meta alla fyrirhöfn og allan kostnað, jafnvel að mæla alla málnytu. Eg vildi einungis benda á missmíði þau, er mèr finnst hèr á vera, og vona, að minni hlutinn haldi ekki uppástungum sínum mjög fast fram, þar sem hins vegar er ljóst, hver vilji almennings er. Eg get ekki sèð, að það sè nein óvirðing fyrir þingið, að sjá sig um hönd í tíma í jafnáríðandi máli og þetta er, eða að biðja um, að úr lögum verði numin sú tilskipun, sem auðsjáanlega hefir mistekizt.

Torfi Einarsson: Eg verð að biðja hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann að forláta, þó eg hèldi, að nefndin, sem sett var 1864 eður 3 árum áður en það var lagt fram, kynni að hafa brúkað meira en mánuð til starfa sinna; því eg álít, að mikið vandaverk sè, að búa til skattalög, sem byggð eru á sanngirni, og það eiga þau þó eflaust að vera. Hann sagði, að tilskipunin væri óbrúkandi; það skil eg ekki að menn geti sagt, meðan ekki er farið að reyna að brúka hana; það getur ekki verið annað en spádómur. Það mun verða líkt með ærnar og mjólkina hjá hinum 6. konungkjörna þingmanni og þorskinn og ísuna hjá mèr. Dæmi hans sýnir, að aldrei verður fullum jöfnuði náð, því öll verk mannanna eru ófullkomin, en það geta menn optast forðazt, að leggja hundraðfalt meira á einn en annan. Eg ætla nú ekki að tala um breytingar þær, sem eg hefi stungið upp á, því eg veit ekki, hvort þær einu sinni verða ræddar. Spursmálið er um, hvort höggva skuli tilskipunina úr lögum. Eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, virðist mèr það vera mjög ískyggilegt fyrir þingið, að vera að biðja um eitt í dag, annað á morgun. Eg held, að eg verði nú að fara að spá, eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður gjörði 1867 og aptur nú; og spái eg þá, að nógar bænarskrár muni koma til næsta þings frá þeim sýslum, sem nú senda

engar, til þess að biðja um breytingu á frumvarpinu, ef það yrði að lögum. Menn munu segja sem svo: Vèr skulum ekki spara, að senda alþingi bænarskrár; það gildir einu, hvernig þær eru, bara að undirskriptirnar sèu nógu margar; við skulum láta þær vera með 1260 nöfnum; það fær þingið ekki staðizt, sem varla er heldur von, því enginn má við margnum.

Tryggvi Gunnarsson: Öllum mun koma saman um það, að sanngjarnara sè, að gjalda af ágóðanum fremur en kostnaðinum, eður aflanum fremur en skipunum; en þar skilja menn, að aðrir álíta, að ómögulegt sè að byggja á þann grundvöll, að leggja gjaldið á aflann, en hinir segja, að það sè mögulegt. Eg er nú með því, að þessir ómögulegleikar sèu ekki meiri en svo, að ekki þurfi að breyta meiru en einu orði í tilskipun 10. ágúst 1868, til þess þeir hverfi að mestu í augum almennings, og það er að færa gjaldið svo niður, að það verði ábati, að svara gjaldinu eptir henni, fremur en eptir frumvarpinu eður tilskipun 27. mai 1746; eg er sannfærður um, að þyrftu menn að svara 10,000 rd. eptir frumvarpinu, en 5,000 rd. eptir tilskipuninni, þá gjörðu menn ekki svo mikið úr ómögulegleikunum að breyta eptir henni, og óskuðu þá eigi svo mjög eptir, að frumvarpið yrði lögleitt. Þetta skín líka út úr mótbárum þeim, sem koma fram móti tilskipuninni. Aðalástæður meiri hlutans og meðmælanda hans fyrir því, að ómögulegt sè, að hlýða tilskipuninni, virðast mèr vera óráðvendni gjaldanda í framtali sínu, og fákunnátta, að þeir hvorki kunni að telja eður leggja saman tölur; en mjög undarlegt er það, að sjávarbændunum, sem jafnframt eru landbændur, skuli vera trúað fyrir því, að telja fram búpening sinn, sem flest útgjöld hvíla á, en ekki trúað til að telja fiskinn, sem að eins eitt gjald hvílir á, og mèr þykir naumast trúlegt, að menn sèu almennt hèr á Suðurlandi svo fákunnandi, að ekki sè einn á bát hverjum, sem kann að skrifa tölustaf og telja til hundraðs; í hið minnsta veit eg ekki til, að þeim hafi orðið skotaskuld úr því, að segja til um hlutarupphæð sína, sem hafa viljað setja það á sig. Það er hart, að bera löndum sínum svo illa söguna, að löggjöfin geti ekki komizt til framkvæmda af áður sögðum ástæðum; en væri það nú satt, að menn kynnu ekki að telja, þá eru þeir skyldir að lögum, að læra að telja, þegar það er lögleitt, að greiða skal gjaldið af upphæð hlutar.

Auk þess, sem mèr þykir fullmikill vansómi fyrir þingið, að

biðja nú þegar um, að það sè numið úr lögum, sem þingið fyrir tveim árum bað um að löggilt væri, og fara aptur fram á, að frumvarpið, sem seinasta þing felldi, verði aptur í lög leitt, þá álít eg einnig varasamt, að biðja um þessa breytingu, því eg er viss um, að á Norðurlandi yrði hin megnasta óánægja, ef frumvarpið væri lögleitt, eður annað, sem byggt er á sama grundvelli, og þá mundi strax á næsta þingi koma fram margar bænarskrár, sem vildu fá þeim lögum aptur breytt, eins og líka full ástæða er til; það er ekki jöfnuður, að svara þar sama gjaldi af skipi, sem gengur til veiða 4 til 8 vikur og aflar 30 rd. virði, eins og af skipi hèr á Suðurlandi, sem gengur til veiða mestan hlut af árinu og aflar fyrir 5,000 rd. Hið sama má og segja um gjaldið af bákarlaveiðunum eptir frumvarpinu; eptir því á að svara 50 rd. af 10 lesta skipi, en í vor var búið að halda skipunum af Eyjafirði til veiða í 10 vikur, og nokkur þeirra voru ekki búin að afla 50 rd. virði, eður svo mikið, sem svarar spítalagjaldinu, og vil eg segja, að þetta sè að borga af kostnaðinum.

En svo sem eg álit nú það vera vansæmandi fyrir þingið, að biðja um, að tilskipunin sè numin úr lögum, og þingið með því alls ekki fyrirbyggði óánægju yfir land allt, þá er eg sannfærður um, að sú bæn yrði árangurslaus, því eg er alveg samþykkur því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnin getur ekki tekið því líkt til greina; hvernig getur hún álitið, að þetta þing hafi þá yfirburði yfir næstliðið þing, að því sè nú treystandi? og ef nýjar óskir koma í þessu máli frá þinginu 1871, hverju á hún þá að trúa?

Af sögðum ástæðum get eg ómögulega aðhyllzt meiri hluta nefndarinnar, að tilskipun 10. ágúst 1868 «verði numin úr lögum hið allrafyrsta, og frumvarpið 1867 verði óbreytt gjört að lögum», en vil halda fast við grundvöllinn í nefndri tilskipun; en það vil eg játa, að hún er eigi svo vel úr garði gjörð, sem skyldi, og betur færi, að breyta henni dálítið, einkum gjaldhæðinni, svo hún yrði vinsælli, og ætla eg því að aðhyllast minni hlutann og drepa á það í fám orðum, sem í niðurlagsatriðum minni hlutans hefir helzt mætt mótmælum.

Hinn háttvirti framsögumaður talaði um, hve óhaganlegt væri, að til taka víst mál á fiskinum, en mèr sýnist nauðsynlegt, að ákveða eitthvert takmark um lengd þess fiskjar, sem gjalda skal af, því eigi getur verið meiningin, að svara skuli af svo smáum þorska-

sciðum, sem eigi eru eins mikils virði og gjaldið er. Eg hefi sèð dregnar á land margar tunnur af þeim smáseiðum, sem mörg hundruð hefðu eigi gjört 12 sk. eða hálfa alin að verði, en hver á að til taka málið af þeim fiski, þegar gjaldið á að hætta, ef það er ekki skýrt ákveðið í lögunum. Eitthvert mál á fiskinum hefir einnig hlotið að liggja til grundvallar hjá mönnum, sem hafa talað og hugsað um þetta mál; sumir veit eg hafa hugsað sèr, að gjalda skyldi af fiski þeim, sem hèr er tekinn í verzlun, væri salttækur eður alnbogafiskur, stútungur o. s. frv.; en þetta er allt óákveðið mál, og getur verið misskilningi undirorpið, og álít eg því allrarèttast, að ákveða víst mál í lögunum, og það verður ekki vit í tilskipuninni nema það sè gjört. Að því er snertir 1. grein b, hjá minni hlutanum, þá er eðlilegt, að lifrin fylgi fiskinum, og að eigi sè sèr á parti goldinn spítalahlutur af henni, og er því rètt, að mèr virðist, að taka það fram, að svara skuli einungis af hákarlslýsi. 2. og 3. grein hjá minni hluta nefndarinnar miðar til að lagfæra það, sem erfiðast virðist viðfangs, nefnilega gjaldgreiðslan og gjaldheimtan, því þar er svo á kveðið, að borgunin megi vera í landaurum, og með því fellur sú mótbára burt, að erfitt verði að svara gjaldinu af því, að það eigi að greiðast í peningum. Þar er og gjört ráð fyrir, að hreppstjórar sèu settir fyrir umboðsmenn, er heimti saman gjaldið, og er sýslumönnum gjörður með því mikill lèttir, þar sem þeir eiga ekki að ganga nema að hreppstjóranum einum; og þó það sè borið fyrir, að sjóðurinn missi við þessi innheimtulaun, þá fellur það í maklegar hendur; það er eigi sannngjarnt, að hreppstjórum sè gjört að skyldu, að heimta saman gjaldið, og semja allar þar að lútandi skrár og skýrslur alveg borgunarlaust, og það því síður, sem þeir hafa svo mörg önnur störf á hendi. Að vísu hefir einn þingmaður sagt, að með þessu móti mundi hreppstjórinn í hrepp nokkrum fá allt að 1000 rd. í tekjur, og eru það víst ýkjur, en þótt þeir með þessu móti fengju dálitlar tekjur, þá sè eg ekkert á móti því. Þess er vissulega þörf, enda mun þess eigi langt að bíða, ef landið fær sjálfsforræði, að hreppstjórum verði ætluð laun, og ef þau laun væru ákveðin við lausafjárhundraðatölu í hverri sveit, þá mundu hreppstjórar í sjóplássum verða mjög út undan, því þar er óvíða mikil lausafjártíund, en með þessu móti yrði sá ójöfnuður að nokkru leyti jafnaður. Meiri hlutinn hefir rètt fyrir sèr í því, að við gjaldheimtuna er bæði fyrirhöfn og kostnaður fyrir húsbændur og aðra, en með þessu

móti yrði það annaðhvort tekið burt eða sanngjarnlega launað. Hvað breytingu þá snertir, að ákveða 1. janúar fyrir 12. maí, þá er það óneitanlega haganlegra, því um þann tíma stendur ekki á vertíð, þar sem eg þekki til, en 12. maí stendur yfir hákarlaveiði norðan- og vestanlands. Hinn 6. konungkjörni þingmaður tók það fram, að eigi væri sanngjarnt, að gjalda hið sama gjald af stórum fiski sem smáum, og er það satt, ef gjaldið væri miðað eingöngu við stóran fisk eða eingöngu við smáan fisk, en þegar það er miðað við meðalfisk yfir höfuð, þá verður það eigi ósanngjarnt, því einn fiskurinn bætir annan upp; en þar eð fiskurinn er venjulega stærri og dýrmætari á vetrarvertíðinni, en aðra tíma árs, þá hefir og minni hlutinn farið fram á, að gjaldið væri hærra þann tímann. Þar sem hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður hefir sagt, að eigi væri unnt, að leggja hald á afla þann, sem væri á hverju kveldi fluttur langar leiðir burt, þá er þó vitaskuld, að fiskurinn hlýtur að koma í fjöruna, áður en hann er fluttur í burtu, og má þá taka hann þar.

Grímur Thomsen: Þótt eg sé sannfærður um, að hinn háttvirti framsögumaður mundi svara betur en eg mótbárum þeim, er komið hafa fram gegn meiri hluta nefndarinnar, þykir mèr þó ástæða til, að hvíla hann í þetta sinn. Þingmaður sá, er síðast talaði, hèlt fram skoðun minni hlutans, enda höfðum við búizt við því, að þingmenn að norðan og vestan mundu eigi fella sig við tillögur vorar. Þeim þykir það ósanngjarnt, að leggja gjaldið á skipin, en þingmenn þessir muna víst eigi eptir því, að gjaldið er að eins lagt á þau skip, sem haldið er út til veiða, og þótt afli nn sé misjafn eptir árferðinu, þá jafnar hann sig upp, þegar um mörg ár er að ræða; það skip, sem aflar lítið í ár, aflar aptur vel að ári, og svo er því varið með allar atvinnuvegsálögur, að árin verða að vinna hvert annað upp. Það er annars furða, að þingmenn að norðan og vestan skuli halda svo fast fram tilskipuninni frá 10. ágúst 1868, því einmitt úr þeim hèruðum hafa þinginu borizt bænarskrár, er segja, að hún sé stýluð til að eyða fiskiveiðum Íslendinga. Önnur bænarskráin úr Barðastrandarsýslu segir, að sig furði á, að yfirvöldin skuli hafa mælt með þessari tilhögun, og því fremur að meiri hluti þingmanna skyldi hafa farið fram á slíkt, «þeir hefðu þó», segir bænarskráin, «átt að hafa betur vit á». Niðurlagsatriði bænarskránna er að vísu mismunandi, en öll taka þau það fram, að ómögulegt sé að hlýða tilskipuninni, og lýsa þeirri

ósk beiðandanna, að gjaldið sè lagt á skipin. Út af því, er hinn háttvirti konungsfulltrúi mælti, að stjórnin mundi komast í efa og eigi vita, hverju hún heldur ætti að hallast að, ef tillögur þingsins eitt árið færu í gagnstæða stefnu við tillögur þess annað árið, þá vil eg taka það fram, að menn mega eigi vænta mikils af ráðgjafarþingi, sem að eins er í einni deild, og jafnframt vil eg minna á orð hins hæstvirta konungsfulltrúa sjálfs um daginn, er hann sagði, að stjórnin ein hefði ábyrgð á löggjöfinni nú sem stendur. Það var vissulega merkilegt, að stjórnin skyldi koma þessari löggjöf á, þrátt fyrir það, sem konungsfulltrúinn sagði sjálfur á þinginu 1867, að ómögulegt væri að hafa nokkra umsjón með, að henni væri hlýtt, því fyrst stjórnin hefir alla ábyrgð, þá má hún með engu móti innleiða lög, sem hún sèr að ómögulegt er að fylgja. Það hefir verið tekið fram í nefndarálitinu, að gjaldið eptir hinni nýju tilskipun yrði mjög þungt á gjaldendum, þegar sumir bændur mundu mega gjalda 50 rd. eða meir, og eru það engar ýkjur, því eg hefi skýrslu frá aflabónda einum um það gjald, er hann hefði orðið að greiða eptir tilskipuninni fyrir tímabilið frá 12. maí 1868 til 12. maí 1869, og er hún þannig:

Um vorvertíðina til Jónsmessu í 38 hluti, sem hver var til jafnaðar 6 hndr. tólfræð	228 hndr.
Frá Jónsmessu til Mikaelsmessu í 6 hluti, sem hver var 8 hndr.	48 —
Haustvertíðina 18 hluti og 8 hndr. í hvern	144 —
Frá jólum til kyndilmessu 20 hluti og 1½ hndr. í hvern	30 —
Vetrarvertíðina 36 hluti, sem hver var 2½ hndr., og 9 hluti, sem hver var 2 hndr.	108 —
Af þessum	558 hndr.

ætti eptir tilskipuninni að gjalda 279 ál., sem reiknast eptir verðlagsskrá 1869—70, meðalalin í fiski á 27⅔ sk., og nemur það 80 rd.; þegar þar við bættist spítalahlutur af lýsi, sem gjöra má af hjer um bil 12 tunnum 2 rd. 14 sk., verður spítalagjaldið alls 82 rd. 14 sk., og til að sýna, hve fjarska-hátt og ósanngjarnt gjald þetta er, þá vil eg geta þess, að öll önnur gjöld hins sama bónda til opinberra þarfa nam hvergi nærri þessari upphæð; þau voru nefnilega þinggjald 14 rd., til prests 6 rd., til kirkju 2 rd., útsvar til fátækra 38 rd., vegabótagjald 3 rd. 16 sk., eður samtals 63 rd. 16. sk. Eg vil nú spyrja þingmenn, hvaðan sem þeir eru, hvort þeir álíti sanngjarnt, að þetta eina gjald til spítalans sè hærra en öll önnur gjöld til opinberra þarfa; að minnsta kosti vona eg, að

hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu álíti það eigi; og það var hann, er talaði svo fallega og sem svo mikill rómur var gjörður að, er hann sagði, að til þess lögunum yrði fylgt, yrðu þau að vera sanngjörn, en það er mismunandi, hvort eitt er sanngjarnt í sjálfu sèr, theoretiskt, eða hvort það kemur svo fram í reyndinni. Að vísu viðurkenni eg, að breytingar minni hlutans miða til að ráða bót á þessu atriði, en grundvöllur sá, er stjórnin byggði gjaldið á í frumvarpinu 1867, er heldur eigi ósanngjarn, því í rauninni byggir það einnig á arðinum, þegar það gjörir mun á stærð skipanna, af því gjöra má ráð fyrir, að aflinn sè því meiri sem skipið er stærra, og þegar það sèr í lagi leggur hátt gjald á hákarlaskipin, af því hákarlaaflinn er að tiltölu sá fjótfengnasti og arðsamasti sjávarafli.

Halldór Kr. Friðriksson: Það hefir verið talað um, að óeðlilegt sè, að koma nú þegar með bænarskrá um, að nema úr lögum tilsk. 10. ágúst 1868, og að stjórnin kæmist í mótsögu við sjálfa sig, ef hún tæki það til greina, en þessu get eg eigi verið samdóma; það er eigi eins dæmi, að stjórnin hefir verið beðin, að breyta því aptur næsta ár, sem hún hefir verið beðin um árið áður; þannig var með helgidagatilskipunina og verzlunarlögin, sem út komu 1854, og sem breytt var eptir tillögum alþingis 1855; stjórnin þarf heldur alls eigi að taka sèr þetta svo nærri, þegar hún gætir að í fyrsta lagi tillögum nefndarinnar, er sett var hèr í Reykjavík, því þó hún hefði eigi málið eins lengi til meðferðar, eins og þingmaður Strandasýslu sagði, þá íhugaði hún það vandlega; en því lengur sem hún hafði málið til meðferðar, því meiri líkindi eru til, að hún hafi hugsað málið vel. Þegar nú þar við bætist álit amtmannanna og stiptsyfirvaldanna, er fór í sömu átt, og í þriðja lagi, að mjög lítill atkvæðamunur var á þinginu í hitt eð fyrra, og að allur þorri þeirra, er fylgdu meiri hlutanum, voru miður kunnugir sjávarútvegi og fiskiveiðum hèr syðra og vestra, þá verður eigi annað sagt, en að yfirgnæfandi ástæður sèu fyrir stjórnina til að efast um, að skoðun þeirra sè á rökum byggð. Konungsfulltrúinn áleit þá tillögur meiri hluta þingsins mjög óheppilegar, en hann hefir þó mælt fram með þeim, af því að þeir, er framfylgdu þeim, voru bændur, og að gjaldið því mundi verða vinsælla, heldur en ef farið væri eptir uppástungum frumvarpsins eða meiri hluta nefndarinnar; en hann gætti eigi að því, að þetta voru landbændur, sem ekki þekkja til og ekki eiga neitt að gjalda eptir

hinni nýju tilskipun, og láta sig því litlu skipta, hve mikið gjaldið er, og hvernig það kemur niður; en bæði er gjaldið allt of hátt, og hinir mestu erfiðleikar á að ná því saman. Að vísu kunna menn að segja, að 30 rd. gjald, er einum formanni getur borið að greiða af hendi, sé eigi óbærilegt, ef hver sá, sem hlut tekur, eða hver háseti geldur það, er honum ber, en við þessu er eigi að búast, heldur lendir alla-jafna meira eða minna á formanninum af því gjaldi, sem hásetarnir eiga að gjalda, og sem hann aldrei fær endurgoldið, og þá bætir það eigi úr, sem minni hluti nefndarinnar núna stingur upp á, að einungis skuli gjalda af fullu hundraði; því að eptir því getur formaðurinn eigi gengið eptir neinni borgun hjá hásetunum, fyr en hundrað er komið í hlut, svo fari háseti úr skiprúmi, áður en fullt hundrað er komið, þá fær formaðurinn ekkert. Það er aðalkostur við öll skattalög, að auðvelt sé að fylgja þeim, bæði fyrir þá, er gjalda eiga, og þá, er gjaldið eiga að heimta, en þetta á sér eigi stað um tilsk. 10. ágúst 1868, því það þarf meira en að kunna að telja, til að geta fylgt henni; það þarf bæði að kunna að reikna og skrifa, því engum manni er unnt að muna fyrir víst aflann yfir allt árið. Þess var getið, að yrði tilskipuninni breytt, þá mundu eigi koma færri bænarskrár til þingsins 1871 um, að hún yrði aptur lögleidd, að minnsta kosti mundu þá koma bænarskrár úr þeim 11 sýslum, sem engar bænarskrár hefðu nú komið úr; en eg er óhræddur við þessar bænarskrár, því þess verður að gæta, að þegar um sjávarafla er að ræða, þá verður sannlega mest að taka tillit til þess, er á sér stað hér við Faxaflóa; því að hér eru fiskiveiðarnar mestar og hinn eini atvinnuvegur manna, en í Ísafjarðarsýslu og á Snæfellsnesi eru þær minni og ekki hinn eini atvinnuvegur manna, þótt þar sé afli mikill. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga hefir víst eigi kynnt sér málið til hlítar, fyrst hann ætlar, að uppástungur minni hlutans séu svo miklar og verulegar bætur; erfiðleikinn verður hinn sami á gjaldheimtunni, og óánægjan hin sama, því jafnerfitt verður fyrir formanninn, að ná gjaldinu af hásetunum, enda þótt gjaldið sé nokkru minna. Reikningur hans hefir og verið eitthvað geggjaður, þá er hann hélt að skip hér á Suðurlandi öfluðu fyrir 5000 rd., en á Norðurlandi fyrir að eins 30 rd., en eg vil eigi fara frekara út í það; að eins vil eg taka það fram, að ræða þingmannsins miðaði öll að því, að verja breytingaratkvæði minni hlutans, en eigi tilskipunina (*Tryggvi Gunnarsson*: Eg mælti

með grundvelli hvorratveggja), já, breytingaratkvæðin og grundvöll þeirra. Framsögumaður benti skýrt á ýmsan ójöfnuð í tilskipuninni og tillögum minni hlutans, þegar gjaldið er jafnt af öllum fiskitegundum, svo misjafnar sem þær eru að verði, eða þegar sumum mikilsverðum fiskitegundum er sleppt; þannig er t. d. mikill lönguafli við Ísafjarðardjúp, sem þeir eigi greiða neinn spítalahlut af (*Grímur Thomsen*: Og þó eru Ísfirðingar óánægðir). Er þetta sanngirni? Þá er það sannarlega merkileg ákvörðun, sem minni hlutinn fer fram á í uppástungu sinni, að eigi sè goldið af minna en fullu hundraði. Það væri gaman að vita, hve miklir spítalahlutirnir yrðu sumar vertíðirnar, þegar enginn maður fær hundrað í hlut (*Torfi Einarsson*: Það er mikill munur á, hvort sagt er í hlut eða á skip). Það kemur eigi til, fyrst formaðurinn má eigi heimta af hásetunum, fyrri en 100 er komið í hlut, og sýnir þetta meðal annars, hversu hugsun minni hlutans er öldungis í lausu lopti, og ákvarðanir hans settar rètt út í bláinn og af handa-hófi. Það er og einn kostur á hverri skattalöggjöf, að gjaldinu sè svo fyrir komið, að það komi allt þeim til góða, er það á að fá; en þetta verður eigi, þegar sjöttungur þess gengur frá til að launa umboðsmönnum. Eg vil eigi fara að minnast á alinmálið; að fara að til taka það, það sýnir, í hvaða vandræðum minni hlutinn hefir verið, og að hann eigi hefir vitað, hvernig hann átti að snúa sèr, að hann hefir eigi viljað breyta til, þótt hann sæi, að engar nægar ástæður væru fyrir uppástungum sínum, enda er þessi ákvörðun svo óhugsandi í framkvæmdinni, að þetta verður aldrei nokkurn tíma meira en orðin ein. Eptir minni skoðun hefði verið rèttara að ákveða gjaldið lægra og sleppa svo umboðsmönnunum, því þeirra þarf eigi við, ef gjaldið er hæfilegt og á rèttum grundvelli; það er satt, að það er kvartað yfir því, að formennirnir skuli eiga að standa skil á öllu gjaldinu í peningum; en það er mikill munur á því, hvort greiða skal lítið gjald í peningum eða mikið. Að leggja hald á aflann er öldungis þýðingarlaust, þegar formaðurinn annars vegar verður að bíða þangað til hundrað er komið í hlut, og mjög vafasamt, að formenn hafi nokkurn rètt til þess; að minnsta kosti getur það valdið miklum snúningum og vafningum, þrætu og þrasi. Eins og hinn 6. konungkjörni þingmaður tók fram, er það þar að auki víða, einkum hèr austanfjalls, að menn flytja afla sinn heim á hverju kveldi $^1/_4$ úr þingmannaleið eða jafnvel meira, t. d. austur á Síðu, þar sem

menn róa suður í Meðallandi, en þeir fara allajafna heiman að morgni, og heim að kveldi. Af þeim, sem þiggja af sveit, geta formennirnir heldur engu gjaldi náð. Tími sá, sem minni hlutinn ákveður, nefnilega frá 3. febrúar til 12. maí, lýsir ókunnugleika hans. Í Ísafjarðarsýslu byrjar vorvertíðin t. a. m. eigi fyr en um sumarmál, og eg man jafnvel eptir því, að hún eigi mátti heita byrjuð einu sinni fyrri en 12. maí, og er þá auðsèð, að af öllum meginafla þeirra er að eins goldið helmingsgjald. Eg veit sannarlega eigi, hvaðan hann hefir tekið þessa ákvörðun, nema ef vera skyldi eptir því, sem títt er hèr á Suðurlandi, og þótt hèr sè venjulega á þeim tíma aðalvertíðin, þá er annarstaðar hèr á landi með öllu ástæðulaust að gjaldið sè hærra um þennan tíma en annan. Yfir höfuð að tala, tillögur minni hlutans og tilskipunin frá 10. ágúst 1868 er með öllu óhafandi og stjórnin verður að breyta henni, en hitt er erfiðara að koma sèr fyrir með, hvernig eigi að fara að næsta vor, eða þangað til hún yrði numin úr lögum, þar eð eigi verður búið að þinglesa ónýtinguna næsta vor. En meðan á þessu stendur, vil eg að spítalahlutur sè goldinn eptir tilskipun frá 1746.

Helgi Hálfdánarson: Þó mikið sè þegar búið að ræða um þetta mál, ætla eg að leyfa mèr að lengja umræðurnar dálítið, en skal svo mikið, sem eg get, sneiða hjá að taka það upp aptur, sem tekið hefir verið fram áður. Eg sný mèr þá fyrst að minni hlutanum. Við breytingar hans er einn kostur, eða að minnsta kosti virðist vera, nefnilega sá, að þær lækka mjög mikið hina þungbæru álögu, sem hin nýja spítalalöggjöf leggur á sjávarútveginn, og þess er vissulega þörf. En breytingarnar, sem minni hlutinn hefir gjört í þessa stefnu, eru svo miklar og margar, að eg veit ekki nema þessi eini kostur við uppástungu hans verði einmitt ókostur. Það var rètt hugsun hjá meiri hlutanum á síðasta þingi, að vilja stuðla til þess, að læknasjóðurinn gæti auðgazt sem mest, hefði menn þá jafnframt gætt þess, að gjöra ekki álöguna ósanngjarnlega háa. Allir vilja, sem von er, geta fengið lækni sem næst sèr, og það er víst, að hin brýnasta þörf er á, að læknir fengist í hverja sýslu. En til þess það geti orðið, þurfa tekjur læknasjóðsins að vera miklar. En minni hlutinn hefir nú dregið svo mikið úr, að eg veit ekki nema að tekjurnar yrðu of litlar, ef breytingar hans yrðu að lögum. Í fyrsta lagi rýrir hann tekjurnar með því að ákveða, að ½ alin skuli goldin af hverju tólfræðu hundr-

aði, einungis af því, er aflast frá 3. febr. til 12. maí, en hálfu minna af því, er aflast á öðrum tímum árs. Þetta gjörir mjög mikinn mun, og í sumum árum hart nær helmings-mun; því þau ár koma fyrir, að mjög lítið aflast á tímabilinu frá 3. febr. til 12. maí. Annað til að rýra gjaldið, er sú ákvörðun minni hlutans, að eigi skuli goldið nema af hundraði fullu. Þetta gjörir og töluverðan mun, og rýrir gjaldið ekki alllítið. Á sumum vertíðum fengi læknasjóðurinn mjög lítið, ef þetta yrði regla. En reglan er ekki heldur sem sanngjörnust. Það er ekki sanngirni að leggja gjald á 120 fiska, en ekkert á 119 fiska. Í 3. lagi vill minni hlutinn, að ekkert sè goldið af þeim fiski, sem er að eins hálf alin að lengd eður minna. Þetta rýrir og tekjur sjóðsins ekki svo lítið, þó hèr sè mikið komið undir því, hvort menn eiga að mæla fiskinn með höfði og hala eða eigi. Hið 4., sem hèr er gjört til að rýra gjaldið, er það, að eigi skuli goldið af háfi. Ef gjalda ætti af háfslýsinu, væri þetta rètt, því háfurinn sjálfur fyrir utan lýsið er mjög lítils virði. En hèr er svo að sjá, sem ekkert eigi að gjalda af háfslýsinu, eða neinu lýsi, nema hákarlslýsi, og rýrir þessi 5. breyting minni hlutans að mjög miklum mun tekjur læknasjóðsins. Í 6. lagi vill minni hlutinn, að ekkert skuli gjalda af því lýsi, er eigi nær heilli tunnu, sem og gjörir töluverðan mun, og í 7. og síðasta lagi: eiga hreppstjórar, eptir uppástungu minni hlutans, að fá $^1/_6$ alls gjaldsins. Þetta allt rýrir gjaldið svo fjarskamikið, að annaðhvort verður að vera, að eptir hinni nýju spítalalöggjöf, eins og hún nú er, verði gjaldið svo hátt, að það nær engri átt, eða að það verður eptir þessar breytingar á henni miklu minna en það ætti að verða. En eins og menn ættu að varast hið fyrra, eins ættu menn á hinn bóginn að varast hið síðara, og er eg hræddur um, að minni hlutinn hafi farið of langt í þessu síðara tilliti, og að gjaldið verði eptir hans uppástnngu, ef til vill, of lítið fyrir læknasjóðinn. En þó nú svo væri, að minni hlutinn hefði ekki farið of langt í þessu tilliti, og menn vildu viðurkenna, að það sè kostur við uppástungu hans, að hún lækkar svo mikið álöguna, þá lætur minni hlutinn samt annan aðalókost hinnar nýju tilskipunar haldast, sem sè þann, að smátt og stórt verður að telja allt árið um kring af því, er fiskast af þorski, ísu og steinbít. Menn hafa nú sagt, að allur vandinn við þetta sè sá, að menn þurfi að kunna að telja. En eg held, að það sè ekki rètt. Eg get ekki betur sèð, en að allir formenn að minnsta kosti verði að kunna

að reikna, og það ekki einungis samlagningu, heldur jafnvel þríliðu. Eg vil taka til dæmis: Það rær maður á skipinu að eins einn róður og fær 17 í hlut. Nú þarf skipseigandi eða formaður að vita, hvað mikið hann á að heimta af manni þessum upp í spítalagjaldið. Setjum nú, að alinin sè á 26 sk. eða hálf alin á 13 sk.; hann verður þá að kunna að reikna þetta þríliðudæmi: ef 13 sk. á að gjalda af 120 fiskum, hvað mikið á þá að gjalda af 17 fiskum? Hèr þarf þó meira en að kunna að telja. En minni hlutinn lætur ekki einungis þennan erfiðleika haldast, heldur eykur hann líka með því, að bæta því við, að mæla skuli hvern fisk. Hvílík óhægð og tímatöf gæti verið að því, er þegar búið að sýna. Í 4. grein vill minni hlutinn, gefa skipseiganda eða formanni vald til að leggja hald á svo mikið af hlut háseta, sem nægir fyrir spítalagjaldinu. Þetta kann eg ómögulega við; mèr finnst það vera að leyfa mönnum að taka rètt sinn sjálfir. Eg kannast við, að það er í sjálfu sèr rètt hugsun, sem vakað hefir fyrir minni hlutanum; en mig furðar það stórlega, að svo vitur og margreyndur maður, sem hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu er, skuli ekki sjá, hvaða vandkvæðum þetta fyrirkomulag er bundið.

Eg sný mèr þá að uppástungum meiri hlutans, og er eg honum samþykkur í aðalefninu. Það, sem farið er fram á í 1. tölulið, er alveg nauðsynlegt, eins og margbúið er að sýna. 2. tölulið meiri hlutans get eg sízt fallizt á, því eg verð að játa það með minni hlutanum, að við hið konunglega frumvarp frá 1867 er það ósanngjarnt, að ekkert tillit er þar haft til þess, hvað mikið eða lítið skipin afla. Þá er aðgætandi við það, að eptir því frumvarpi verður gjaldgreiðslan miklu hægri og óbrotnari, og eins hitt, að ómögulegt er að sneiða hjá öllum ójöfnuði. En það er líka að mínu áliti sá ókostur við frumvarpið frá 1867, að það er ekki náttúrlegt hlutfall milli gjaldsins af 2 manna förum og stærri skipum. Gjaldið, sem kemur á bátana eða þá, sem á þeim róa, verður langmest. Af tveggja manna förum eru að eins 3 hlutir, og kemur þar eptir frumvarpinu $3\frac{1}{3}$ fiskur á hvern hlut; en á áttæringum, þar sem eru 10 hlutir, kemur að eins $1\frac{1}{2}$ fiskur í spítalagjald á hvern hlut, og enn minna á hvern hlut á hinum stærstu skipum, þar sem hlutir eru flestir. Auk þessa er sá ókostur við frumvarpið frá 1867, að gjaldið af þiljuskipum verður svo feyki-hátt, sem er varúðarvert, þar eð menn ættu einmitt að hlynna að því, að þiljuskip fjölgi sem mest. Eg vil því leyfa mèr að bera upp breyt-

ingaratkvæði við 2. tölulið í þá stefnu, að ef frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir þingið 1867, verður gjört að lögum, verði 1. grein þess breytt þannig, að á opnum skipum skuli 1 alin goldin af hverjum hlut, er til skipta kemur, en á þiljuskipum skuli talið svo, að hlutir séu þar helmingi fleiri en menn eru á skipinu, og skuli ein alin eða meira goldið af hverjum hlut. Með þessu móti yrði mælikvarðinn, sem goldið væri eptir, hinn sami á öllum skipum. Að rètt sé að álíta, að á þiljuskipum séu helmingi fleiri hlutir, en menn eru á skipinu, byggi eg á því, að það er algengt hèr sunnanlands á þilskipum, að hver maður á skipinu fær helming af því, sem hann dregur, en skipseigandinn helming af öllum aflanum. 3. tölulið meiri hlutans álít eg betri en 2. tölulið, því eg held bezt sé, að flýta sèr ekki um of með þetta, þar eð reynslan er búin að sýna, að þetta er ærið vandamál. Eg vil helzt biðja stjórnina, að fella nýju spítalatilskipunina þegar úr gildi, en leyfa að gjalda megi eptir hinni gömlu fyrst um sinn, þangað til búið er að íhuga málið að nýju á næsta þingi. En við 3. tölulið vil eg gjöra þá viðauka-uppástungu, að í álitsskjalinu verði athygli stjórnarinnar leidd að þeirri uppástungu minni, er eg þegar hefi nefnt, en jafnframt líka að því, hvort ekki muni hagfelldast, að halda hinum gamla grundvelli, sem hin gamla spítalatilskipun hefir lagt, þannig, að skipt sé einum hlut meira en ella af hverju skipi, tiltekinn dag á ári hverju, eða, ef menn hèldu, að of lítið fengist á þann hátt, að skipt væri spítalahlut tvisvar á ári. Mèr er næst að halda, að þessi gamli gjaldmáti sé hinn hagfelldasti, því það er auðsjáanlega hægast og minnst tilfinnanlegt fyrir gjaldendur, að mega gjalda þannig af aflanum in natura. Og það er sannarlega aðalkostur við öll skatta- og tollalög, að fyrirkomulagið sé þannig, að þeir, sem gjalda eiga, finni sem allraminnst til álögunnar, en þann kost álít eg að gamla spítalagjalds-aðferðin hafi.

Benedikt Sveinsson: Eg vildi helzt ekki hafa þurft að tala í þessu máli, en afskipti mín og tillögur mínar í því 1867 gjöra mèr það óumflýjanlegt, að tala nokkur orð, og það, sem eg hefi ásett mèr að tala um í málinu, er einungis frá almennu sjónarmiði. Menn hafa gjört sèr ýtrasta far um að rífa niður tilskipunina frá 10. ágúst 1868. Væru nú þær mótbárur, sem komið hafa fram gegn tilskipuninni, á sönnum rökum byggðar, þá hefði og nefndin eða, rèttara sagt, meiri hluti nefndarinnar á rèttu máli að standa. Ein af aðalmótbárum meiri hluta nefndarinnar gegn

tilskipuninni er sú, að henni verði ekki framfylgt sökum þess, að gjaldheimtan eptir henni sè ómöguleg; meiri hlutinn segir þess vegna, að ómögulegt sè að telja þann fisk, sem á skip komi; þetta felli eg mig ekki vel við, því það er alkunnugt, að Íslendingar eru fremur fróðir menn, og að þeir kunna vel að telja. Eg veit heldur ekki, hvernig við ættum að taka við fjárhag vorum, ef við ekki kynnum að telja; það er því öllum auðskilið, að þessi mótbára hefir lítið að þýða, enda er það og uppáboðið í konungsbrèfi 26. maí 1824, að telja fuglinn bæði á Vestmannaeyjum og sumstaðar í Skaptafellssýslu, en það sjá allir, að eins hægt er að telja fiskinn eins og fuglinn. Þessi mótbára getur því engan veginn verið nægileg til að fella lögin úr gildi. Á alþingi 1867 var það skýrt tekið fram, að grundvallarreglan fyrir lögunum frá 10. ágúst 1868 væri rètt og sanngjörn; ef þetta er rètt og satt, þá vona eg, að enginn geti haft á móti því, að rètt sè að búa til lög á þessum grundvelli, því sè grundvallarreglan rètt, þá hljóta og þau lög, sem á henni eru byggð, að verða rètt og sanngjörn. Það sjá allir, og eg vona þingmaður Reykvíkinga sè mèr samdóma í því, að rèttara er að taka toll af því, sem til er fyrir hendi, en af engu, eða minna en engu; en frumvarp stjórnarinnar 1867 fór fram á það, að tollur væri lagður á skipin án tillits til, hvort þau öfluðu nokkuð eða ekkert. Eg játa það, að örðugleikar eru við innheimtuna, en á hinn bóginn eru þeir ekki svo, að ekki sè mögulegt, að komast fyrir þá. Eða, eg vil leyfa mèr að spyrja: mætir maður ekki erfiðleikum og ómögulegleikum hjá meiri hlutanum? Jú; hinn hæstvirti konungsfulltrúi benti á þetta, en því miður umræðurnar hafa enn þá ekki gengið nógu glögglega í þessa átt; eg vil að eins benda á það, að erfiðleikarnir hjá meiri hlutanum sýna sig ljósast í því, að hann biður um, að löggjöfin sè numin úr gildi, áður en hægt er að framfylgja henni.

Í annan stað tók hinn háttvirti þingmaður Vestmannaeyinga fram, að gjaldið yrði of hátt, ef farið væri eptir lögunum frá 10. ágúst 1868. Þetta getur verið mikið rètt, og á þessu vankvæði er það skylda þingsins að ráða bót, en það er með því móti, að það gjöri uppástungur minni hlutans að sínum uppástungum, að minnsta kosti til vara.

Eg skil annars ekki í því, að vèr Íslendingar skulum vera að gjöra þá hlægilegustu útúrdúra, til þess að hafna þeim lögum, sem ganga út á, að hjálpa við lífi og heilsu vorri. Eg fyrir mitt leyti

er viss um, að Íslendingar eru þeir sómamenn, að þeir fremur greiði gjald þetta ríflega, en að þeir í greiðslunni bruki undanbrögð og hrekki. Eg vona, að þingið sjái, að eg gjöri þetta mál ekki að kappsmáli, heldur að eg bæði vilji styðja meiri og minni hlutann.

Jón Hjaltalín: Eg get ekki betur sèð, en að breytingar minni hlutans gjöri tilskipunina en þá flóknari og örðugri að framkvæma; þegar menn eiga að fara að leggja eið út á, að þeir hafi tíundað hverja $^1/_2$ álnar bröndu, þá fer mèr nú ekki að lítast á. Minni hlutinn hefir ætlað að gjöra hreppstjórunum hægra fyrir, en eg held, að þeim verði mun hægra að fara eptir frumvarpinu en eptir tilskipuninni. Það er ekkert spaug, að koma hèr fram því, sem er svo þvert á móti áliti almennings; stjórnin hefir einu sinni reynt það, en löggjöfin strandaði, og eins spái eg fari með þessa tilskipun. Hjá þessu skeri hefir meiri hluti nefndarinnar sneitt. Eg skil ekki annað, þegar málið er vel og grandgæfilega flutt fyrir stjórninni, en að hún fáist til, að löggilda frumvarpið frá 1867; eg held henni þyki það betra, en horfa upp á löggjöf, sem ómögulegt er að fram fylgja. Hvað jafnaðinn snertir, þá er hann sá Sisyphus-steinn, sem vèr þurfum ekki að reyna að fást við, en það ættum vèr að gjöra vort til, að löggjöfin sè svo úr garði gjörð, að henni verði fram fylgt. Frumvarpinu frá 1867 er hægt að fram fylgja, og gjörir það hreppstjórunum helmingi lèttara fyrir en tilskipunin.

Forseti: Það er nú orðið áliðið dags, og 13 þingmenn hafa enn þá beðið sèr hljóðs. Umræðan yrði því ekki með neinu móti leidd til lykta í dag; þess vegna álít eg rèttast, að hætta nú að sinni, og verður þá umræðunum haldið áfram á fundi á mánudaginn kl. 12. Eg skal geta þess, að eg hefi fengið nefndarálit frá nefndinni í landbúnaðarmálinu.

Fundi slitið.

---

25. fundur — 30. ágúst.

Allir á fundi, nema hinn fjórði konungkjörni þingmaður.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni liggur nú fyrir að halda áfram undirbúningsumræðu um málið um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir. Framsögumaður hefir beðið sèr hljóðs.

Framsögumaður: Þótt eg vel viti, að margar mótbárur gegn nefndinni frá þeim þingmönnum, er enn eigi hafa talað í máli þessu, kunni að vofa yfir, þá ætla eg þó rèttast, að taka þegar til máls, og er það þá einkum ræða hins hæstvirta konungsfulltrúa, sem eg vildi svara nokkrum orðum. Að því er þá fyrst og fremst snertir þau orð í ræðu hans, er hann kvað uppástungur meiri hlutans eigi mundu ná samþykki stjórnarinnar, og að þeim þannig með engu móti gæti orðið framgengt, þá er það að vísu satt, að nefndin gat ekki sèð fyrir, hvað stjórnin mundi sjá sèr fært að ganga að, en hins vegar vil eg skjóta því til hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns, eins og nefndin þegar hefir leitað hans atkvæða um það mál, sem eins af meðlimum nefndarinnar, hvort nefndin muni hafa farið nokkru því á flot, er frá lagalegu sjónarmiði hlýtur að vera því til fyrirstöðu, að stjórnin fallist á tillögur meira hlutans í máli þessu. Hvað því enn fremur viðvíkur, að þingið leiddi stjórnina í vafa, með því að vera að biðja um, að nema það úr lögum, er það fyrir skömmu hefir beðið um að yrði að lögum gjört, þá vil eg svara því til þess, að það var hvorki allt landið, sem 1867 bað um að fá þetta í lög leitt, nè heldur nema rúmur helmingur þingmanna. Eg skal bæta því við, að það voru hinir beztu kraptar þingsins á móti, margir hinir skynsömustu og hyggnustu menn, enda þótt sumir þeirra leiddust í þá freistni að vera með því, að biðja um löggjöf þessa þannig lagaða. Stjórnin getur og sèð, að allir hinir konungkjörnu þingmenn voru þá móti meiri hlutanum 1867. Að tilskipunin frá 1746 sè við þessa nýju löggjöf úr lögum numin, þá skal eg að vísu ekki neita að svo kunni að vera, en eptir því sem eg hefi tekið eptir í tilskipuninni 1868, þá stendur þó hvergi með berum orðum þar, að tilskipunin frá 1746 sè úr lögum numin; en vel má vera, að svo megi álíta. Eg efast annars ekki um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi, er á þinginu 1867 var mótfallinn uppástungum meiri hlutans, muni nú einnig hafa hina sömu skoðun, og fylgi því fast fram við stjórnina, að þessi hin sama löggjöf, sem hann var mótfallinn að öðlaðist lagagildi, verði sem fyrst úr lögum numin. Þegar eg nú skoða málið frá hlið spítalasjóðsins, þá virðast mèr uppástungur minni

hlutans, ef þeim yrði framgengt, leiða til óvissu fyrir þá, er þessum sjóði eiga að stjórna. Þeir geta aldrei vitað, hvað mikil gjöld má ætla sjóðnum; það getur munað þúsundum dala, og, ef lagt er á sjóðinn, eins og hann ber eitt árið, þá getur hann orðið alveg gjaldþrota um fleiri ár, þegar afli er miklu minni. Það, sem hinir norðlenzku þingmenn helzt hafa móti því, að fella löggjöfina frá 1868, mun vera það, að hèr syðra er sjávaraflinn meiri en þar nyrðra, en þeir gá eigi að því, að fiskiaflinn er hèr aflaður á mörg skip. Þess ber vel að gæta, að hèr á Suðurlandi eru 3 vertíðir, og þar á milli eru stöðugir róðrar einkum um sumar; það má svo að orði kveða, að eitt skipið gangi á hverri vertíðinni, og fæst opt sárlítill afli á hvert skip; þannig hefir það um mörg ár undanfarið verið, og meðalhlutir hafa að öðruhvoru ekki náð einu hundraði. En það, sem gjörir löggjöfina tilfinnanlegasta hèr, er sumaraflinn, því hèr aflast þá opt þessi mikla gnótt af smáfiski. Tilskipunin frá 10. ágúst 1868 vill að vísu ná jöfnuði og byggja á sanngirni; en þessi jafnaðargrundvöllur næst ekki, enda sleppir hún alveg úr mörgum verulegustu fiskitegundum, en tekur aptur ýmislegan smáfisk, er helzt ætti að sleppa og ekkert gjald að leggjast á. Margir hafa talað um það sem hina mestu óhæfu og minnkun, að biðja um breytingu á því, sem þingið nýlega hefir beðið um sem lög, þá segi eg þar til, að allir þingmenn eru þó á því, að biðja um viðauka við tilskipunina og breyta henni verulega, og það hygg eg verði nú mest minnkunin, því tilskipunin mun við það verða tölu-vert lakari. Eg vil biðja þess vel gætt, að þessar breytingar, sem fram eru komnar, gjöra ekkert að því, að breyta því, sem almenningi finnst leiðast og jafnvel tilfinnanlegast við löggjöfina, sem eru þessi umsvif og þessir reikningar við þessar nýju álögur. Það eina, sem gæti mælt fram með breytingum þessum, væri það, að gjaldið er sett niður, en þessi niðursetning er alveg af handahófi. Fyrst er ein fiskitegund alveg felld úr, auk þeirra, sem áður voru ógreindar, en sumum fiskitegundum haldið, sem eru engu verulegri. Þetta nýja brot er einnig af handahófi; það er í engu rèttu hlutfalli við aflann, sem fæst á þeim tíma, eins og skiptin á tímanum eru einnig af handahófi. Meiri hlutinn byggði sínar uppástungur eigi á bænarskránum, heldur á eigin áliti sínu og sannfæringu. Einn af þeim, sem talað hafa með minni hlutanum, var þingmaður Norður-Þingeyinga, en mèr virtist ræða hans svo vaxin, að hann eigi hefði staðið upp til þess að upplýsa málið,

heldur til þess að tala. Hann vitnaði til tíundar á fènaði, en það dæmi er næsta óheppilegt, því hèr er um allt annað að ræða, sem sè um sjávarafla árið um kring. Hann verður þó að sjá, að það er allt annað, að telja fènað, og þó hann væri miklu meiri, en hann er nú hjá mörgum búanda á Íslandi, en að telja afla af öllum fiskitegundum árið um kring af mörgum skipum, svo nákvæmlega, að eiður verði að unninn. Menn hafa sagt, að eigi þyrfti annað en að telja, en eg hygg meira muni þurfa; menn þurfa einnig að kunna að reikna, og það allörðugan brotareikning á álnunum, eins og liggur í augum uppi. Þingmaður Árnesinga talaði margt, sem eg nú man ekki allt. Hann, sem svo opt sèr fljótt og glöggt, honum verður það stundum og honum varð það núna, að sjá það, sem ekki er. Nefndin hefir aldrei sagt, að það væri með öllu ómögulegt, að fylgja löggjöfinni, að minnsta kosti ekki í öllum tilfellum; hún hefir að eins sagt, að það væri mjög erfitt, svo erfitt, að það væri ekki leggjandi á landsbúa. Já, það eru til ómögulegleikar í þessu efni, þeir ómögulegleikar, sem þingmaður Árnesinga verður að viðurkenna, allt eins og nefndin, og það er, að taka þar skil, sem þau eru ekki til, að taka mikið gjald hjá þeim, sem ekkert gjald hafa að láta. Meira ætla eg eigi að tala að sinni.

Þórður Jónasson: Við undirbúningsumræðuna í þessu máli, það er að segja um það, hvort nefnd ætti að setja í málinu, taldi eg tormerki á því, að biðja um breytingu á lagaboði í sömu andránni, sem það væri lögleitt, því það rýrði álit þingsins og kippti fótunum undan allri staðfestu í lögunum, sem menn, og allrasízt stjórnin, mundi geta aðhyllzt, en svo komst eg inn í nefndina, sem sett var í málinu. Af samræðunum við meðnefndarmenn mína sannfærðist eg þá um, að það mundi vera brýn nauðsyn, að fá tilskipuninni breytt, enda væri þetta ljóst af þeim mörgu bænarskrám, sem komnar væru út af tilskipuninni til þingsins. Meiri hluti nefndarinnar komst þá til þeirrar niðurstöðu, að sá eini vegur til þess að fá breytingunni komið fram, væri sá, að biðja um, að stjórnarfrumvarpið frá 1867 yrði lögleitt, því nefndin áleit, að stjórninni gæti eigi mislíkað, þó beðið væri um hennar eigið frumvarp óbreytt. Að vísu hefir einn af þeim heiðruðu þingmönnum stungið upp á fleirum breytingum við þetta frumvarp, en eg álít að þær geti ekki komið til greina, þar sem frumvarpið ekki liggur fyrir þinginu. Annar heiðraður þingmaður áleit, að það leiddi af uppástungu minni hlutans, að þá yrðu engin spítalalög

næsta ár; en mèr skilst það ekki, því stjórnin getur nú þegar annaðhvort löggilt frumvarpið frá 1867 eða þá í vetur komanda, og tilskipunin svo komið út hingað með fyrsta skipi. Það yrði þá hægðarleikur, að fá töluna á bátum og skipum búna til manntalsþinga, og afgreiðslan mundi ekki mæta erfiðleikum, þegar almenningur þó vissi, að tilskipunin væri komin út, en meiri hlutinn hefir líka tekið fram, að stjórnin gæti frestað löggildingu lagaboðsins fyrir næsta ár og lagt svo fyrir, að gamla tilskipunin frá 1746 skyldi gilda á meðan eða þá tilskipunin nýja, svo þar eru engin vandræði á ferðum. Eg sá á þessu enga ómögulegleika, en eg skal eigi orðlengja hèr um, en einungis leyfa mèr að taka fram, að fari meiningar manna mjög á dreif, verður niðurstaðan efalaust sú, að allt stendur við sama, en það álít eg eptir kringumstæðunum mjög miður farið. Um uppástungur minni hlutans skal eg ekki fjölyrða; annmarkarnir á þeim hafa verið skýrt teknir fram; þeir verða enn nú meiri en á tilskipuninni; en það, sem mest er vert: tekjur læknasjóðsins verða eptir minni hlutans uppástungu miklu minni, en þær voru eptir tilskipun frá 1746, og það atriði er mikilsvert, því það kemur alveg í bága við þá almennu og sanngjörnu ósk landsmanna, að koma læknaskipuninni á betri fót, en hún getur ekki komizt það, nema með auknum tekjum, en minni hlutinn hefir játað, að uppástungur hans miðuðu til að minnka þær, en ekki ríkka.

Eg tek það upp aptur, ef þingið fer í umræðum sínum mjög á víð og dreif, og ekki aðhyllist uppástungur meiri hlutans, mun það, að mínu áliti, spilla fyrir málinu, eða það mun standa allt við það, sem komið er.

Eiríkur Kúld: Þótt eg sè ekki spámaður, eins og hinn háttvirti 1. konungkjörni gaf sig út fyrir, þá ætla eg þó að spá því, að uppástungur meiri hlutans verða ekki samþykktar af stjórninni. Stjórninni má sannarlega virðast það undarlegt, ef þingið snýr svona allt í einu við blaðinu, og vill allt annað í gær og annað í dag, og mèr sýnist því meiri hlutinn hafi lagzt á eitt með sunnlenzku bænarskránum til að reyna til, að gjöra þingið eins og að skopparakringlu og athlægi í augum þjóðar og stjórnar. Þingið, sem einmitt er að biðja um löggjafarvald, ætti nefnilega að biðja um þá löggjöf numda alveg úr lögum í ár, sem það beiddi um í hitt eð fyrra, — hversu hlægilegt hviklyndi sýndi þá þingið? Á þessari löggjöf eru að vísu gallar, en óvinsæld löggjafarinnar, sem enn er að eins ímyndun, því lög-

gjöfin er ekki reynd, og að nokkru leyti fólgin í breyting stjórnarinnar á uppástungum þingsins 1867, nefnilega að miða ei gjaldið við fullt hundrað. Þegar vèr skoðum uppástungur meiri og minni hlutans, þá bætir minni hlutinn mjög svo úr löggjöfinni, og það er sitt hvað, að kasta lögunum sem alveg óhafandi eða að endurbæta þau, og dæmin sýna, að engin vanvirða þykir, að endurbæta nýja löggjöf, eins og t. a. m. engin minnkun hefir þótt að bæta upp kláðalöggjöfina með viðaukum þeim, er nú voru lagðir fyrir þingið. Margir hafa talað mikið móti minni hlutanum, en sumt og flest af því er nú löngu hrakið, sumu hefi eg gleymt, en fáeinu ætla eg að svara, sem eg man að enn hefir eigi verið hreift. Þingmanni Rangæinga þótti það óbærilegt, að löngunni væri sleppt (*Grímur Thomsen:* Það hefir víst verið þingmanni Reykvíkinga). Eg bið þingmanninn forláta; — en eg bið þingmenn vel að gæta þess, að þyrsklingurinn hèr á Suðurlandi er alveg gjaldfrí; þegar nú menn syðra amast við löggjöfinni fyrir það, þó hún slaki til við Vestfirði um lönguna, sem er minni þar, en allur þyrsklingsaflinn hèr syðra, þá datt mèr í hug, að þeir væru rangeygðir, af því hún væri góðgjörðasöm við Vestfirðinga. Mèr þykir það undarlegt, að hlægilegt skuli þykja, að miða fiskinn við $^1/_2$ alin, þar sem slík álnarákvörðun um flattan fisk er einmitt í Jónsbók, og enginn hlær að álnarmáli þar, en af því nú kemur í lög mál á fiski, verða menn æfir og gjöra það eins og hlægilegt. Hvað því viðvíkur, að menn þurfi að hafa með sèr með miklu ómaki kvarða til skips, eins og sagt hefir verið í skopi og haft til foráttu við minni hluta nefndarinnar, þá sè eg ei, að slíkt þurfi að verða til neins erfiðleika, því menn þurfa ekki annað en merkja álnarmark á bitann í skipinu. Að löggjöfin 1868 eigi að vera ómöguleg að framfylgja, það hefir nú fyr heyrzt, en hjá hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni; þetta heyrðist líka á þinginu 1867. Úr þessu bæta nú uppástungur hins heiðraða minni hluta, með því að láta hreppstjóra sjá um innheimtuna í stað þess, að það áður voru sýslumennirnir, og mig furðar sannarlega mjög á því, að þessi háttvirti þingmaður, sem annars er svo einkar-annt um, að tekjur læknasjóðsins aukist sem mest, skuli nú vera að malda i móinn gegn þeim uppástungum, er fara í sömu átt; hann, sem á hverju þingi kemur með bænarskrár um, að fá styrk til læknakennslu, hann nær ekki upp í nefið á sèr, þegar á að auka tekjur læknasjóðsins á þann hátt, er greiðendur finna lít-

ið til. Það kann reyndar að vera, að menn hèr syðra í kring um Reykjavík sèu ánægðir með læknaskipunina, því hún er líka hvergi eins góð og fullkomin sem hèr; hèr eru nógir læknar, spítali kominn, en hvorttveggja vantar nyrðra og vestra, og mèr er kunnugt, að Vestfirðingar eru óánægðir yfir því, að geta ekki fengið næga lækna. Hvað það snertir, að gjaldið sè svo fjarskalega hátt, þá vil eg neita því, og sýna með dæmi hið gagnstæða. Þegar menn undir Jökli vetrar- og vorvertíð fá 3 hundraða hlut, þá má telja þetta meðalhlut, eptir því sem nú hefir verið um allmörg ár, þá yrði af þessari upphæð gjaldið 31 sk., en af öllu skipinu eptir hlutatölu rúmir 5 rd. hèr um bil. Til þessa gjalds finna menn, segi eg, alls ekki hið minnsta. Þingmanni Rangæinga mun þykja eg enn næsta berorður í þessu efni, þar sem eg hafði bænarskrár tvær um þetta, en eg bið hann að lesa betur niðurlagsatriði þeirra og sjá, hvað þar stendur. Hingað til hefir hann ekki nema lesið þau hálf, að því er virðist. Önnur bænarskráin heldur sèr við hina sömu grundvallarreglu, sem löggjöfin 10. ágúst 1868, það er við aflann, en eigi við skipin, en við hvorttveggja. Dæmi það, er hann tók upp á það, að útgjöld sjávarbóndans með þessu yrðu miklu meiri en landbóndans, er ástæðulaust, því vitaskuld er, að önnur útgjöld landbóndans eru miklu fleiri og meiri en sjávarbóndans, og þessi löggjöf kemur einmitt líka á hvorttveggja. Eg bið og þingmenn vel að gæta þess, að margir landbændur senda vinnumenn sína hundruðum saman til sjávar, og af hlutum þeirra gjalda þeir einnig spítalagjald eins og sjávarbóndinn. Þar sem þingmaður Reykvíkinga sagði, að bezti hluti þingmanna hefði verið í minni hlutanum á þinginu 1867, þá verð eg að segja, að þetta sèu óþarfa-gersakir; eg játa það, að eg var í meiri hlutanum á þinginu 1867, ekki af því að eg var þingmaður Barðstrendinga, heldur sem þingmaður alls landsins, og sem þingmaður, er mèr jafnannt um hverja stètt í landinu; því er alveg ótilhlýðilegt og ástæðulaust fyrir þingmanninn, að bera slíkar slettur á borð fyrir oss þingmenn. Hin önnur ástæða þingmanns Reykvíkinga var nú svo sorgleg, að mèr lá við, að fara að gráta, þegar hann kom fram með hana, þar sem það lá í orðum hans, að formenn hèr kynnu ekki að skrifa, ekki telja og ekki muna; væri þetta sagt satt, þá held eg að fáir mundu segja: sá er fermingarfær, sem ekki kann að lesa og telja eða muna. Undir Jökli veit eg svo mikið að enginn sá bátur fer á sjó, að eigi sèu á honum að

minnsta kosti einhver, máske 3—4 skrifandi, auk heldur lesandi og teljandi menn. Þetta, ef satt væri, gæfi ekki miklar nè háar hugmyndir um menntun og uppfræðing þeirra, sem búa næst vísindabrunni Reykjavíkur, en eg vona, að það sè rangt og mishermt. Af ræðu minni mun nú hinu heiðraða þingi ljóst, hvernig eg muni gefa atkvæði mitt í máli þessu.

Torfi Einarsson: Eg kalla það leiðinlegt, að vera að tala um stjórnarfrumvarpið frá 1867; það var nokkuð búið að ræða um það þá, og eg skyldi víst hafa setið, hefði nú verið lengur vært að sitja. Eg verð þá að gjöra samanburð á tilskipuninni og frumvarpinu. Hvernig fer, ef frumvarpið er tekið, en tilskipuninni kastað í tilliti til hákarlsafla? Eg set, að aflist 5 tunnur af lýsi á 15 lesta skipi, sem gengið hefir frá Eyjafirði í sumar, þá er spítalagjaldið eptir frumvarpinu $2^1/_2$ hundr. á landsvísu, og hafi nú 10 lesta skip frá Ísafirði komizt út snemma í vor og fengið 150 tunnur lýsis, verður þá greiðslan eigi nema 5 vættir. Þingmaður Reykvíkinga sagði 1867, að þetta mætti liðka, og það var líka reynt, því síðast var með breytingaratkvæði búið að koma því niður í 10 fiska, en það er þó að eins smækkun á gjaldinu, en ójöfnuðurinn stendur eins eptir sem áður. Eg er sannfærður um, að eigi er unnt að fá gjald sanngjarnt af þilskipum, sem nokkru nemur, ef það á hinn bóginn á ekki að verða óbærilegt. Ekki fer betur, ef 80 lesta þilskip hleypur út og fiskar 2—4000 af fiski, en á að gjalda 6 hndr. og 80 ál. í spítalagjald eptir frumvarpinu; eg tók það ljóslega fram 1867, að af útfluttu lýsi eptir landshagsskýrslunum 1864 og 1865 hefði átt að borgast hèr um bil 2000 rd, og verður þetta að vera undir áætlun, en setjum að $^1/_4$ verði eptir, þá er kastað burt 1500 rd. Þegar málið er skoðað frá sjónarmiði landsmanna, þá er hèr syðra stofnaður spítali og 2 læknaembætti, en margar sýslur hafa 120 ár borgað í læknasjóðinn án þess að hafa átt kost á að nota sèr spítalahjálpina, og þessir menn ættu nú eptir frumvarpinu að borga ef til vill 60 af 120, á meðan hinir borguðu að eins 1 af 120, og svo fyrirbyggir það alla von um framfarir læknaskipunarinnar. Maður einn úr Strandasýslu sagði mèr nýlega, er á spítalanum hafði verið, að þetta væri blessuð stofnun, og eg er sannfærður um, að svo muni vera. Þingmaður Reykvíkinga hèlt langa dælu út af minni hlutans uppástungu undir tölul. 1. a, en skildi víst ekkert í henni, og hefði víst getað sparað alla þá ræðu, hefði hann lesið greinina með skilningi. Annars held eg breyt-

ingaruppástungum mínum eigi svo fastlega fram, en fel þær á vald þingsins. Eg hefi ekkert á móti því, að framsögumaður og aðrir fleiri beri upp breytingaratkvæði um, að hækka tekjur læknasjóðsins. Það getur og verið, að eg hafi of mikið lækkað fisk gegn lýsi. Þar sem þær fiskitegundir, sem framsögumaður kvartar undan að vanti, miða til að bæta upp fiskiaflann, en ekkert er til að bæta upp lýsið, nema ef einhver flytur hákarl í land. Annars hefir verið farið hörðum orðum um niðurlagsatriði minni hlutans, og skal eg í því skyni játa, að mín beztu verk eru ófullkomin, og þetta, ef til vill, ekki eitt af hinum beztu verkum mínum, enda hefi eg ekki svo mjög skoðað þetta frá lagalegu sjónarmiði, sem eg áleit að lægi fyrir utan minn verkahring. Í lagalegu og formlegu tilliti hafði eg sjálfur vonazt eptir axarsköptum frá mèr, en eg veit, að það er skylda hinna lögfróðu þingmanna að bæta úr þeim. Hvað innheimtuna snertir, þá eiga bæði eptir frumvarpinu og tilskipuninni hásetar að borga skipseigendum í fiski, og þessir aptur í peningum, og kemur þá allt í sama stað niður, nema að það er að eins meira eptir tilskipuninni. Eg er ekki vanur, að hafa langan formála fyrir því, sem eg ætla að tala um; eg verð að segja, að mèr er ógeðfellt að hreifa sumu, sem fram hefir komið í bænarskránum, því eg hefi kynnzt við marga heiðarlega menn hèr á Suðurlandi, og nýlega talað við bónda, sem mèr hefði verið eius kært að vera í spítalanefnd með, og þeim, sem eg hefi átt kost á, þó við ekki með öllu sèum á sömu skoðun. Þingmaður Rangæinga færði þinginu sem góða og gilda vöru bænarskrá frá kjósendum sínum, sem segir, að tilskipun 10. ágúst 1868 miði til að gjöra menn að þjófum, lygurum og meinsærismönnum; þetta mundi hafa þótt ókurteysi af mèr, hefði eg látið mèr slíkt um munn fara, að lög, sem hans hátign konungurinn gefur út, miði til slíks, því það er ekki laganna skuld, þó þeir sèu óráðvandir, sem eptir þeim eiga að lifa; hèr er freistingin ekki svo stór; látum vera, að einhver hefði freistazt til að draga vísvitandi undan 120 fiska, þá getur hann komizt hjá að sverja, með því að borga 5 fiska í sekt, og þó eg voni, að enginn Íslendingur sè svo spilltur, að hann vilji selja sál og samvizku fyrir 5 fiska, þá hefi eg þó stungið upp á að sleppa smáfiskinum, svo gjaldendur þyrftu ekki að flaska á eiðnum, svo framarlega að ekki stæði á fyrir þeim eins og kellingunni, sem sagði: »eg ætlaði ofan hvort sem

var«. Annars tala eg ekki framar, fyr en eg sè mèr eigi vært að sitja lengur.

Halldór Jónsson: Þó eg sè frá þeim hluta landsins, þar sem víðast hvar er, að öllum jafnaði, lítill fiskafli, og víðast ekki nema á einni vertíð eða seinni part sumarsins, verð eg þó fremur að hallast að niðurlagsatriðum meira hluta nefndarinnar, og getur þó ekki dulizt fyrir mèr sá ójöfnuður, sem af því verður að leiða, ef jafnt gjald væri lagt á öll skip og báta í landinu, eins þar sem ekki er nema ein vertíð, eins og þar sem þær eru þrjár. Sami ójöfnuður á sèr annars stað, þó gjaldið væri lagt á eptir tilsk. 27. maí 1746, og svo er það þar á ofan komið undir tilviljun, hvernig aflast þann eina dag, sem spítalahlutinn skal gjalda á. En þrátt fyrir þetta verð eg að álíta, að tilskipun 10. ágúst 1868 sè enn óaðgengilegri, og virðist mega álíta þetta sannað með því, sem fram hefir verið tekið bæði um hina flóknu og erfiðu gjaldheimtu, og hina megnu óánægju, sem hún þegar hefir vakið; að þessi óánægja eigi sèr stað víðar en kring um Faxaflóa, hefir hinn háttvirti þingmaður Rangæinga upplýst af sjálfum bænarskránum, og þó engin bænarskrá væri send úr minu kjördæmi, er mèr þó kunnugt, að megn óánægja átti sèr stað yfir löggjöf þessari í þeim fjörðum austanlands, þar sem mestur afli er vanur að vera, einkum á Seyðisfirði. Það, sem annars mesta óánægju hefir vakið yfir tilskipun 10. ágúst 1868, er sjálfsagt það, að gjaldið eptir henni verður nokkuð hátt, og þó það lækki nokkuð á gjaldendum eptir uppástungum minni hlutans, þá lækka þó enn þá meira, eins og hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga tók fram seinast, tekjur læknasjóðsins við umboðslaunin, án þess þar við lètti á gjaldendum. Eg get því ekki aðhyllzt álit minni hlutans, en verð, eins og eg sagði, fremur að fallast á niðurlagsatriði meiri hlutans, þó að eins að nokkru leyti; því þau fara því fram, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi leiddi fyrstur athygli að, að spítalagjaldið verði greitt á næsta vori annaðhvort eptir nýju lagaboði, óþinglesnu, eða eptir tilsk. 27. maí 1746, sem þegar er numin úr lögum, og þar sem tilskip. 10. ágúst 1868 verður, eins og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga tók fram, að ógildast með gildandi lagaboði, þá finnst mèr rèttast og eðlilegast verða greitt úr þessu með því breytingaratkvæði, sem eg vil áskilja mèr, að nokkuð verði fellt aptan af sèrhverju niðurlagsatriði, nefnilega í 1. tölul. orðin: «eða fyrir næsta gjalddaga», í 2. tölul. orðin: «og eptir því gjaldið á

vori næstkomanda», og í 3. tölul. orðin: «en að þangað til — 1746». Eptir þessu væri þá sjálfsagt, að á næsta vori yrði gjaldið eptir þar þá gildandi lagaboði, og er vonandi, að lagaboðið sè eigi svo fjarstætt, að þetta megi heita ógjörningur eða að það hnekki mikið efnahag gjaldanda, og eg get eigi ímyndað mèr, að þetta sè ómögulegt af þeirri ástæðu, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni tók fram, nefnil. að menn hefðu ekki búið sig neitt undir þetta.

Stefán Jónsson: Eg held eg sè búinn að gleyma mestu af því, sem eg ætlaði mèr að segja í fyrra dag, þegar eg bað um orðið. Eg skal geta þess, að þegar eg á að dæma eptir því, sem fram hefir komið í þessu máli, þá get eg ekki betur sèð, en að allt of mikil stífni sè við höfð af meiri hluta nefndarinnar; á þessu bryddir þegar í nefndarálitinu, og það er aldrei góðs viti. Meiri hlutinn hefir reyndar rifið niður spítalalöggjöfina og minni hlutann, og að sumu leyti með litlum ástæðum, en ekki fundið upp á öðru ráði til að bæta úr vandræðunum, en að halda sèr til stjórnarfrumvarpsins frá 1867. Það hefði verið heppilegra, hefði meiri hlutinn reynt að slaka til í áliti sínu, eins og minni hlutinn hefir gjört, eða þá að reyna að bæta löggjöfina, með því að koma sèr saman við minni hlutann. Það hefir verið sagt, að ómögulegt væri að innheimta gjaldið, vegna þess að búið væri að eyða því, þegar ætti að heimta það, svo gjaldgreiðslan hlyti að koma niður á skipseiganda; en þetta mætir manni eins eptir stjórnarfrumvarpinu 1867, því gjaldheimtan er jafnt áskilin eptir frumvarpinu og tilskipuninni frá 10. ágúst 1868; annars finnst mèr að meiri hluti nefndarinnar og þeir, sem honum fylgja, reyni til í þessu máli að búa til alla þá ómögulegleika, sem við verður komið. Það var og tekið fram, að menn fyrir norðan væru óánægðir með tilskipunina, en mèr er vel kunnugt, að óánægja manna þar eingöngu var sprottin af því tvennu, að spítalagjaldið yrði of hátt eptir tilskipuninni, og svo í annan stað vildu menn þar ekki gjalda toll af hverju smáseiði, en úr þessu hefir minni hlutinn bætt. Það hefir og verið sagt, að tvígoldið væri af lýsinu, en þetta er rangskilið, því það er ekki ætlazt til, að goldið sè af lýsi úr þorski eða háf. Eg felli mig annars yfir höfuð vel við uppástungur minni hlutans, nema uppástunguna undir 3. tölulið, því þar við rýrast tekjur spítalans, enda sè eg enga þörf á því, að hreppstjórar hafi þessa innheimtu á hendi, og það því síður, sem gjaldendum er í mörgu falli þægilegra, að greiða gjaldið til sýslumannsins.

Daníel Thorlacius: Eg hafði reyndar enga bænarskrá meðferðis til þingsins viðvíkjandi spítalalöggjöfinni, en samt var mèr það kunnugt, að Snæfellingar voru óánægðir með hana, og var það eingöngu sökum upphæðar gjaldsins, en á hinn bógjun viðurkenndu menn og, að grundvöllur tilskipunarinnar væri sanngjarn og rèttur, og sú er einnig mín skoðun. Það hafa verið talin öll möguleg tormerki á innheimtu gjaldsins, en eg get ekki betur sèð, en að hægt sè að komast eptir, hvað aflast á hvern bát. Þannig er það fyrir vestan, að eg ætti hægt með að komast að, hversu mikið hver bátur aflar af fiski, t. d. á vetrarvertíðinni, kring um allan Jökul; þar telur hver sinn hlut, og eg þekki þar engan formann, sem ekki er skrifandi, enda kann þar og hver háseti rètt að telja sinn hlut. Hvað umboðslaunin snertir, þá er eg sannfærður um, að spítalinn ekki mundi missa neins í af tekjum sínum, því það má ætla, að umboðsmaðurinn þeim mun betur mundi ganga eptir, að gjaldið greiddist reglulega, heldur en ef formennirnir eða einhver annar ætti að senda gjaldið til sýslumannsins, og þótt sjöttungur gengi frá þessu gjaldi, þá er eg sannfærður um, að spítalinn hefði engan halla af, að hafa umboðsmann fyrir sína hönd í veiðistöðunum. Eg skal að lyktum geta þess, að eg fæ ekki skilið, að það sè stjórninni mögulegt, að samþykkja frumvarpið frá 1867 samkvæmt uppástungum meiri hluta nefndarinnar, því með því að lögleiða tilskipun frá 10. ágúst 1868, hefir hún einmitt álitið þann grundvöll, sem þar er lagður, rèttari, en grundvöll stjórnarfrumvarpsins frá 1867. Eg lýsi því þess vegna yfir, að eg óhikað mun gefa minni hluta nefndarinnar atkvæði mitt.

Guðmundur Einarsson: Eg er nú einn af þeim, sem hvorugum flokknum fylgir, því, eptir því sem eg fæ sèð, er þingið tvískipt í máli þessu. En það þykir mèr mikið mein, ef annað eins mál og þetta fellur, eða meiningar manna geta ekki sameinazt. Mál þetta hefir mikla þýðingu, og er því auðsjáanlega fylgt með miklum áhuga af landsmanna og þingsins hálfu. Báðir flokkarnir hafa mikið til síns máls, og ættu þeir þess vegna að reyna til, að nálgast hvor annan, en það er ekki svo auðgjört, því gjaldstofnsgrundvöllurinn er sinn hjá hvorum flokknum. Eg fyrir mitt leyti verð að vera á því, að grundvöllur sá, sem frumvarpið byggir á, sè óeðlilegri, en þó hygg eg, að hann sè ekki með öllu óhafandi, sè svo liðlega á hann byggt, sem unnt er, og úr ójöfnunum dregið eptir því sem framast verður. Grundvöllur sá, sem tilskipunin

byggir á, er að minni ætlun miklu sennilegri, nær mínu skapi og með hliðsjón til álaganna hinum fyrri rèttvísari. Eg er nú mjög hræddur um, eins og eg sagði áðan, að örðugt verði að sameina þessar 2 skoðanir hèr á þinginu, eða þá í annan stað, að fá nýtilega löggjöf út úr því, sem hèr kann að verða ofan á; en í eins áríðandi máli og þessu ríður á, að komast hjá öllu flaustri og öllu kappi, að svo miklu sem verður. Mál þetta er verulegt skattamál, og miðar til þess, að auka og efla sjóð þann, sem er sannarlegt lífsspursmál vor Íslendinga. Menn ættu því að vanda löggjöf þessa, sem bezt mætti verða; menn mega því ekki hrapa að neinu, og held eg að biðin sè góð. Eg álít því tiltækilegast á þessu stigi málsins, að reyna tilskipunina frá 10. ágúst 1868 í svo sem 2 ár, því ekki eru það nema grílur eintómar, að ota því fram, að hún sè með öllu óhafandi; menn vita það ekki fyrri, en farið er að reyna hana; við reynsluna sjá menn fyrst hina verulegu galla, og þá hefir þingið síðar meir nokkuð að styðjast við, og getur betur ráðið bót á þeim. Eg er því næst þeirri skoðun, að löggjöf þessa eigi að reyna tveggja ára tíma, en biðja um að nýtt frumvarp verði lagt fyrir alþingi 1871. Eg skal ekki fara út í hin einstöku atriði málsins; það eru nógu margir, sem ræða um þau; en þess vil eg þó geta, að eg skil ekki, hvernig þingið á að fara að biðja um það, sem meiri hlutinn fer fram á, eða það, sem hinn háttvirti þingmaður Norður-Múlasýslu stakk upp á, að fara eptir tilskipuninni við næsta gjalddaga, en löggilda svo frumvarpið frá 1867. Þetta get eg ekki sèð, að geti samrýmzt við alþingistilskipunina frá 1843, því frumvarp þetta er dautt og órætt mál. Eg vil þess vegna áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis um, að nýtt frumvarp verði lagt fyrir alþingi 1871, en áður en eg orða seinni hlutann, skal eg geta þess, að eg held að svo muni fara, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að stjórnin verði í vandræðum; þess vegna vil eg, að stjórnin hafi óbundnar hendur, svo að hún geti innheimt gjaldið á þann hátt, sem hún álítur haganlegastan, þangað til nýtt frumvarp fær lagagildi, svo framarlega sem hún finnur ástæðu til, að nema úr lögum tilskipun frá 10. ágúst 1868, fyrri en að hin ráðgjörða löggjöf kæmist í kring.

Sigurður Gunnarsson: Það er nú þegar búið að taka flest það fram, sem eg vildi sagt hafa, og skal eg leitast við, að taka sem minnst upp af því aptur. Tilgangur þessarar löggjafar er, að auka tekjur læknasjóðsins, svo læknum verði fjölgað, og er sá til-

gangur næsta góður, því ekkert getur nauðsynlegra verið fyrir þetta líkamlega líf, en að verja það áhrifum sjúkdóms og dauða, þegar kostur er á. Hèr á Suðurlandi er nú kominn spítali og læknar svo margir, að hvergi á landinu eru jafnmargir á jöfnu svæði, er hjálpað geti lífi og heilsu manna. Hèr um kring Faxaflóa eru nú, eða verða bráðum 4 til 5 læknar, og er það ólíkt því, sem er á Austurlandi, því á svæðinu frá Skeiðará og að Langanesi, sem er tvöfalt stærra, en sveitin kring um Faxaflóa, frá Öndverðarnesi til Reykjaness, og miklu örðugra, hefir aldrei verið nema einn einasti læknir og opt enginn; þrátt fyrir þetta er þó langmest kvartað yfir því hèr umhverfis Faxaflóa, að menn eigi að gjalda riflegar en áður, til þess að efla spítalann og koma á betri læknaskipun. Það hafa nú verið bornar fram ýmsar ástæður mót tilskipuninni, og meðal þeirra sú, að innheimtan yrði ókljúfandi; en það er annað, sem ríður meira undir, það, að mönnum þykir álagan of þung. Þó eg hefði enga bænarskrá meðferðis úr Suður-Múlasýslu móti spítalalögunum, var mèr þó kunnugt, að mönnum í mínu kjördæmi þótti gjaldið mikið of hátt, einkum af því hvað hart er þar í ári, og hæsti aflinn er þar ísa og smáfiskur á haustum, en spítalagjaldið sýnist svo mikil skerðing lítillar lífsbjargar. Þegar eg hugleiði nú ástandið fyrir austan, eg hefi verið þar lengi við sjó, og róið sjálfur til fiskjar, og þekki vel, hvernig þar hagar til, þegar eg hugleiði þetta, þá skilst mèr ekki betur en að grundvöllur sá, sem frumvarpið frá 1867 byggir á, sè óhagkvæmari á Austurlandi, en sá, sem tilskipunin 10. ágúst 1868 byggir á, því eptir frumvarpinu yrðu þeir opt að borga spítalahlut, sem engan afla hefðu fengið. Það er svo í mörgum fjörðum þar, að ekki aflast svo mikið ár eptir ár, að fyrirhöfninni svari, og af hverju eiga menn þá að gjalda, og þó má sanna, að bátarnir eru gerðir út til fiskiveiða. Eg hef reynt að íhuga vandlega báðar þessar skoðanir, og get eg ekki komizt að annari niðurstöðu, en að rèttara sè, að leggja gjald þetta á arðinn af skipunum, eins og tíund er lögð á arð fjárins. Umkvartanirnar yfir löggjöfinni eru án efa sprottnar af því, að mönnum þykir gjaldið of hátt; úr þessu vill nú minni hlutinn bæta. Af því að löggjöf þessi er svo mikilvæg til að efla það, sem á að hjálpa lífi og heilsu manna, sýnist ekki hæfilegt að æðrast, þó hún auki nokkuð gjöld manna til þeirra hluta. Ef gjaldið yrði lækkað dálítið, held eg eflaust að tilskipunin yrði ekki svo óvinsæl, sízt eptir nokkur ár, því hún er á eðlilegum grundvelli byggð, þess

vegna verð eg að vera með minni hlutanum. Mótbárur þær, sem komið hafa fram gegn honum, finnast mèr léttvægar, enda hafa þær flestar verið hraktar, t. a. m. að sleppt væri stórdráttum, en það er góður kostur til þess að bæta upp smádrættina, sem mönnum þætti vest að borga af. Þessi ákafa mótbára, að menn geti eigi haldið saman tölu þess, sem aflast á hvern bát, og því síður náð spítalahlut af öllum hásetum, finnst ekki eins mikils verð og menn láta. Það er þó hægt fyrir formann, þegar talið er af skipi, að kasta frá fiskum upp í spítalahlutinn af óskiptu, og hirða með sínum afla, eða láta virða, halda svo einasta saman tölu þess, sem spítalinn á að fá. Fleiri ráð væru og til, sem hægt væri að finna, ef viljinn væri góður. En, skyldi nú samt uppástunga meiri hlutans undir 1. tölulið verða ofan á, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að tilskipun 27. maí 1746 verði lögleidd aptur hèr á landi, þó með þeim breytingum, að gjalda skuli tvisvar á ári spítalahlut, í fyrra sinni á sama tíma og verið hefir, og í annað skipti eptir því sem amtmenn kveða á á hverjum stað; þá skal og goldin $^1/_2$ alin af hverri tunnu hákarlslifrar, sem aflast á hákarlaskipum. Löggjöfin um spítalahlut af fuglatekju standi og í gildi. Eg vil enn minnast á eitt atriði. Minni hlutinn stingur upp á, að hreppstjórar skuli hafa $^1/_6$ gjaldsins fyrir innheimtuna, og finnst mèr það mjög eðlilegt, því verður er verkamaðurinn launanna; þó sjóðurinn missi nokkuð af tekjum sínum við þetta, þá held eg það verði ekki hjá því komizt, að borga eitthvað fyrir fyrirhöfnina. Ef innheimtumenn eru eigi nema svo sem 1 í sýslu, þá er þó því síður væntandi, að öll kurl til grafar komi.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr hafa nú þegar verið sendir margir pyttlingar frá ýmsum þingmönnum, og er eg búinn að gleyma sumum þeirra; seinast fèkk eg núna einn góðan frá sessunaut mínum, þingmanni Barðstrendinga. Það er sorglegt, að hann skuli geta verið að halda aðra eins ræðu og þá er hann vèk að mèr núna. Eg sagði, að ekki væri heimtandi af formönnum, að þeir gætu haft nákvæma tölu á öllu því, sem á land kemur, eða reiknað, hvað hver skuli gjalda allt árið um kring, og þetta er þó sannarlega annað, en að menn kunni ekki að telja, og að menn séu því ekki fermandi. Það er allt annað mál, hvort formaðurinn er skrifandi og reiknandi, eða að skipa honum, þegar hann kemur þreyttur af sjó, að kveldi dags, að skrifa þegar allt upp. Það er tekið fram í bænarskránum, að minnsta kosti í bænarskrá Reyk-

víkinga, að ekki sè allt af sami formaðurinn, heldur geti einn verið haustvertíðina, annar vetrarvertíðina og þriðji vorvertíðina. Á nú sá síðasti að ábyrgjast, að hinir báðir hafi talið, og talið rètt? þar sem það er þó auðsætt, að honum getur með öllu verið ómögulegt, að fá upp nokkra hlutatölu hjá hinum fyrri; þeir geta verið langt í burtu, og jafnvel dauðir, og þá er hægt að sjá, að eigi er auðið að leggja honum þessa byrði á herðar, og því síður þá, að standa skil á öllu gjaldinu. Sumir hafa sagt, að eins hægt væri að telja fiskinn, eins og að telja fènaðinn til tíundar, en slíkt getur varla verið í alvöru talað. Það verður með engu móti heimtað, að sjávarbóndinn geti t. a. m. á vorin vitað það, sem aflazt hefir á skip hans, sem ganga sitt í hverri veiðistöðunni hèr við Faxaflóa, eitt hèr á nesinu, annað suður í Vogum, og þriðja suður í Garði, og er skrítið að segja, að menn megi ekki vera að tala um fjárhagsráð, og Íslendingar sèu þá eigi færir um að taka þau að sèr, ef eigi verði heimtað af sjávarbændum, að hafa skýran reikning yfir allt það, sem aflast á útveg þeirra allt árið um kring. Það hefir verið sagt, að meiri hlutinn vildi taka mikið gjald af engu; þetta er reyndar ekki satt; en sá er þó munurinn, að minni hlutinn vill taka mikið gjald af litlu, en sleppa hinu stóra; þetta hefi bæði eg og hinn háttvirti framsögumaður ljóslega sýnt og sannað. Eg bið þingmenn gæta þess vel, að ekki er nóg, þegar verið er að gefa lög, að einblína á einn hrepp, og hvað þar hagar, heldur verða menn að hafa allt landið fyrir augunum. Það er ekki nóg, þó þingmaður Strandasýslu treysti sèr til að hafa nægilegt eptirlit í Steingrímsfirði, því þegar því verður ekki við komið annarstaðar, þá eru lögin óhafandi, og þegar spítalalöggjöfin er óhafandi og óhagkvæm hèr við Faxaflóa, þá er það nóg til þess að ónýta hana. Eg skal játa, að allir munu vilja gjalda heldur meira en minna til læknasjóðsins, en vèr erum þó allir menn, og örðugleikarnir eru fjarska-miklir, enda finnast jafnan misjafnir sauðir í mörgu fè. Að því er örðugleikana snertir, þá sýna uppástungur minni hlutans, að þeir eru miklir, og umræður þeirra sanna, eins og menn hafa sagt við mig utanþings, að hann og þeir, sem honum fylgja, hafi engan málsveg, enda sèu ástæðurnar harðla lítilfjörlegar. Eg vil spyrja þingmann Strandasýslu, hvort hann hafi hugsað sèr, hve stór sá fiskur er, sem er ½ alin á lengd; sá fiskur er sannarlegt smákóð, eins og þingmaður Eyfirðinga komst að orði, sem ekki fer fram úr því (*Torfi Einarsson:* Eg þekki þau). Minni hlutinn

vill nú slengja innheimtunni upp á hreppstjórana, til þess að útvega þeim laun; þetta getur verið gott fyrir hreppstjóra, þar sem vel aflast, en aptur fá sumir ekkert. Auk þess sem þessi afdráttur þó rýrir tekjur læknasjóðsins, þá er það óeðlilegt, að veita laun af slíkum tekjum óviðkomandi mönnum, og eins óeðlilegt, að veita sumum hreppstjórum tekjur, svo sem $^1/_3$ hluta þeirra, en láta hina alla verða út undan. Á sama stendur fyrir spítalasjóðinn, hvort gjaldið er ógoldið eða hreppstjórinn fær það, og á sama stendur gjaldanda, hvar það lendir. Það er æfinlega áríðandi, að gjaldheimtan sè lètt, og að gjaldið lendi þar sem það á að lenda. Það var sorglegt, að hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga skyldi fara að koma með dæmið úr Jónsbók, sem hann kom með; það er eitt af þessum sorglegu atvikum, þegar menn kæra sig ekki um ástæður, en tala út í bláinn; þó Jónsbók nefni þorsk, sem alin sè í öxarþærur, og sjáist á borði, þegar ræða er um fiskhelgi, þá á slíkt alls ekki við, þegar verið er að tala um að leggja gjald á smáfisk. Það er líka sorglegt en satt, að það kemur hèr stundum fyrir, að þegar menn færa ástæður fyrir máli sínu, þá látast sumir ekki heyra það. Það er satt, að mönnum þykir gjaldið hátt, en þó er það gjaldmátinn, sem menn una allraverst hèr syðra; eg er því eins kunnugur og þingmaður Strandasýslu. Gjaldið getur eingöngu lent á formönnum og skipseigendum, því hásetar fara opt með hlut sinn burtu að kveldi, og sumir fara burtu á miðri vertíð. Menn segja, að sveitabændur gjaldi líka mikið til spítalasjóðsins, því þeir gjöri svo marga menn til sjávar; en formaður hefir ekki altènd fisk þeirra í höndum sèr; þeir geta verið farnir með hann, áður en formaður veit af; það þyrfti því að vera lög fyrir, að formaður skyldi geyma hvern fisk og hásetarnir mættu ekkert burtu flytja, uns spítalagjaldið vært goldið. Vèr fylgjum ekki máli þessu með neinu ofurkappi; heldur er það minni hlutinn, sem beitir kappi; honum þykja uppástungur sínar svo gullvægar, að hvergi megi frá þeim víkja, og gjörir því ekkert til þess að nálgast meiri hlutann. Aptur sýnir meiri hlutinn, að hann vill slaka til, þar sem hann biður um, að frumvarpið, sem gjörðar voru á talsverðar breytingar 1867, verði lagt fyrir næsta þing, sem ef til vill gjörir enn meiri breytingar á því. Það getur verið það þyki hart, og það er líklega aðalástæða þingmannanna, að þeim þykir ósanngjarnt, að fyrir norðan og austan skuli goldið jafnmikið af skipum og hèr syðra, en þessu má breyta, og það hefir jafn-

vel komið uppástunga í þá stefnu, t. a. m. frá amtmanni Norðlendinga; en mönnum þótti ólíklegt, að Norðlendingar og Austfirðingar mundu skorast undan að gjalda svo sem 1 rd. af bát, þótt Sunnlendingar ættu eigi að gjalda meira; en sè svo, þá segi eg fyrir mig, að eg skal vera fús á að breyta þessu. Aptur á móti álít eg, að Vestfirðingar eigi að hafa jafnt að bera og Sunnlendingar af fiskiafla sínum. Þegar fara á að láta hreppstjórana heimta inn gjaldið, þá sýnir það, að eptirlits muni þurfa, þó þingmaður Strandasýslu haldi, að allir verði svo fúsir á að gjalda, en eg ætla að slíkt eptirlit verði þó fullörðugt, en eptir frumvarpinu er það að minnsta kosti hægt. Allir játa, að gjaldið sè mikið, og það gjörði líka þingmaður Strandasýslu, er hann sagði, að af lýsinu eintómu ættu að koma 2000 dalir; gjaldið yrði þá nokkuð í allt, ef öll kurl kæmu til grafar. Það er eigi satt, sem þingmaðurinn sagði, að Strandasýsla hefði einskis notið af spítalasjóðnum í 120 ár, því spítalar þeir, sem verið hafa, hafa eins verið fyrir útkjálka landsins og aðra hluta þess; þó Strandasýsla geti ei notað sjúkrahúsið hèrna, þá má þingmaðurinn þó ekki gleyma, að það er næsta stutt síðan að það komst á, en áður voru og spítalar, og það jafnt fyrir alla. Eg er reyndar ekki lögfróður, en í því efni treysti eg, að það sè rètt, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni segir, að gjaldheimtunni megi koma fyrir öðruvísi þegar í vor. Mèr finnst minni hlutinn og þeir, sem honum fylgja, ættu að reyna að ná samkomulagi með því að fallast á meiri hlutann (*Benedikt Sveinsson:* Öfugt). Það getur verið, að þingmanni Árnesinga þyki þetta öfugt, en eg hefi mína skoðun fyrir mig, og hefi fullan rètt til að halda henni. Þegar við sitjum báðir hèr á þingmannabekkjunum, höfum við jafnt úrskurðarvald (*Benedikt Sveinsson:* Rètt). Eg mótmæli því, að meiri hlutinn sè einstrengingslegur, heldur vilji hann slaka til.

Ólafur Pálsson: Eg vildi drepa lítið eitt á það, sem hinn heiðraði þingmaður Norður-Þingeyinga beindi að mèr í fyrra dag. Það var þá fyrst hvað jöfnuðinn snertir, að hann lagði þá þýðingu í breytingaruppástungu minni hlutans við 1. grein, að ekki skyldi gjaldið leggja nema á meðalfisk; það getur verið, að þetta sè hugsun minni hlutans, en hún kemur hvergi fram, og væri því gott, að þetta væri skýrara. En eg vil biðja þess gætt, að hèr syðra í öllu falli er margur sá, er rær til fiskjar árið um kring og sem sjaldan sem aldrei aflar annað en hinn smærri fiskinn; og hvar

er þá jöfnuðurinn? Þingmaðurinn sagði líka viðvíkjandi breytingunni á 4. grein, að formanninum væri innanhandar, að taka gjaldið í fjörunni og leggja þar hald á eitthvað upp í það. Hið sama sagði og þingmaður Eyfirðinga, en á ljósara og á viðfelldnari hátt, sem sè, að þetta ætti að gjöra af óskiptu, líklega á hverjum degi. Eg held, að hvorttveggja sè miður tiltækilegt, því að gjöra slíkt fjárnám á hverju kveldi, hlyti að verða eptir handahófi, og ekki með nákvæmni gjört. Þingmaður Barðstrendinga kom með dæmi úr Jónsbók; því er búið að svara og sleppi eg því. Málið, sem þar ræðir um, er í allt öðru sambandi. Eg er samdóma þingmanni Eyfirðinga, að ótiltækilegt sè, að nema $^1/_6$ af gjaldinu frá læknasjóðnum handa hreppstjórunum, og það því fremur sem það kæmi niður á fæstum þeirra, þegar litið er yfir allt land. Eg ann hreppstjórum þess vel, að kjör þeirra yrðu hætt, og þess þarf mjög við. En mèr lízt ekki á að taka af því gjaldi, sem er ætlað annari stofnun. Eg er meiri hlutanum samdóma, og verði hann ofan á, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði við niðurlagsatriði meiri hlutans tölul. 2. um, að fyrir «lögum» verði sett «bráðabyrgðarlögum», af því eg hefi tillit til 3. töluliðs.

Jón Sigurðsson: Það væri máske rèttast, að eg talaði ekki eitt orð í þessu máli, því eg geng að því sem vísu, að þingmaður Reykvíkinga telji mig meðal þeirra, sem ekkert vit hafi á því. En af því eg hefi svo næma tilfinningu fyrir sóma og heiðri þingsins, verð eg þó að tala nokkur orð. Eg hlýt sem sè að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að það sè einhver hinn leiðinlegasti starfi, að verða að brjóta það niður með annari hendinni, sem maður byggir með hinni; en þetta gjörir þingið þó, ef það lætur leiðast til, að biðja um tilskipun 10. ágúst 1868 úr lögum numda. Þetta væri þó sök sèr, ef menn væru sannfærðir um, að tèð tilskipun væri ranglát, eða á skökkum grundvelli byggð, en fyrir hvorugu þessu hafa verið færð sennileg rök eptir mínum skilningi. Það hefir verið sagt, að spítalagjald af fiski væri ósanngjarnlega hátt eptir tilskipuninni, og þingmaður Rangæinga til færði dæmi því til sönnunar, að einn maður gæti eptir henni átt að greiða rúma 80 rd. í spítalagjald. Jú, því verður eigi neitað, að þetta er afarhátt gjald, en þegar um skattaálögur er að ræða, er spursmálið ekki einungis um það, hvað skatturinn er hár að dalatali, heldur einkum um hitt, hvað mikið gjaldmegn sá hefir, er skattinn greiðir. Því um það hlýtur þingmaður Rangæinga að vera mèr samdóma, að upphæð hverrar

skattaálögu sem er á eigi að fara eptir því, hvað hver og einn hefir undir hendi, heldur eptir hinu, hvern arð hann hefir af fé sínu. Eg skal skýra þetta með einu dæmi: eg á 1000 rd. á leigu og hefi 4% í ársarð af þeim, en hinn sessunautur minn hèrna á líka 1000 rd., en í stað þess að setja þá á leigu, setur hann þá annaðhvort í verzlun, eða búnað, og hefir 100% í ársarð, hvað ekki mun dæmalaust hèr á landi. Má eg nú spyrja: Eigum við að gjalda jafnan skatt? Eg skal nú taka dæmi það, sem meiri hluti nefndarinnar hefir fram sett í álitsskjali sínu, af þeim manni, sem greiðir 50 rd. í spítalagjald. Hvað er nú það, sem þessi maður hefir að gjalda af? Eg bið menn að taka eptir því, að sá, sem greiðir 50 rd. í spítalagjald, hefir aflað 40,000 fiska tólfræð. Setjum nú, að þetta væri bóndinn á Bessastöðum, og skal eg þá leggja honum helminginn af þessum afla til búsins, og vona eg hann þurfi ekki að svelta það árið. En hinn helminginn ætla eg honum fyrir verzlunarvöru, og hvað hefir hann þá í árstekjur eða til innleggs? Tökum $^1/_4$ af aflanum (10,000) og gjörum það fullorðinn þorsk; það eru 100 skippund, eptir því sem vanalega er lagt í hèr á Suðurlandi. Hinn annan $^1/_4$ vil eg gjöra helmingi minna, svo vel sè í lagt, eður 50 skippund. Nú mun meðalverð á saltfiski hafa verið 25 rd. pr. skippund að undanförnu, og hefir þá bóndi sá, er hèr ræðir um, 3750 rd. í árstekjur, eða til innleggs. Tökum nú sveitabónda á borð við þetta. Þingmaður Rangæinga sagði, að bóndinn sinn, sem greiða ætti yfir 80 rd. í spítalagjald, þyrfti og þess utan að greiða 63 rd. í önnur opinber gjöld. Eg þekki sveitabændur, sem greiða allt að 100 rd. í opinber gjöld, en tíunda eigi nema 10 hundruð. En eg get sagt hinum heiðraða þingmanni það, að sveitabóndi, sem ekki á nema 10 lausafjárhundruð, getur ómögulega haft meira en 150 til 200 rd. árstekjur af búi sínu, auk þess sem búið eyðir sjálft, og mun þá þurfa að halda vel á búskapnum, til þess að ná svo miklum arði. Nú ber þess að gæta, að sjávarbóndinn, sem hefir 3,750 rd. árstekjur, þarf eigi að tíunda nema 10 hundruð, t. d. 8 skip og 2 kýr, því dæmi munu fást til þess hèr á Suðurlandi, að sá, sem heldur út 8 skipum, hafi svona mikla aflaupphæð, en hefir þó jafnan bústofn sem sveitabóndinn. Nú vil eg spyrja: mun eigi þessi sjávarbóndi fær um að svara 50 rd. til opinberra þarfa fram yfir sveitabóndann, sem eg tók dæmið af? Eg tek það því aptur fram, að það er aðalspursmálið, hvort sjávarbændum er íþyngt með hinni nýju

spítalalöggjöf, fram yfir sveitabændur, og því held eg, að hver rèttsýnn maður verði að svara neitandi. Þá er það önnur ástæða móti tilskipuninni, að innheimtan sè hèr um bil ómöguleg, af því að þeir, sem spítalagjaldið eiga að greiða, sèu sumir hverjir ekki skrifandi nè lesandi. Eg skal ekki mótmæla því, að þetta geti komið fyrir; en allt hið sama getur komið fyrir upp í sveit, að þeir, sem telja eiga fram til tíundar, og gjalda til allra stètta, kunni hvorki að skrifa nè reikna, og máske ekki heldur að lesa, og hefir engum dottið í hug, að fría þá við epinber gjöld fyrir það. Og eg vil spyrja: kunnu Íslendingar að skrifa og reikna, þegar tíundarlög vor voru innleidd? og hver hefir þó leyft sèr, að segja annað en þau væru góð. Væri þessi mótbára móti tilskipununni á rökum byggð, leiddi þar af, að engin ný skattalög mætti innleiða hèr á landi, fyrri en allir gjaldendur kynnu að skrifa og reikna, og það hygg eg muni seint verða.

Þá skal eg leyfa mèr nokkrar athugasemdir við niðurlagsatriði meiri hluta nefndarinnar. 1. niðurlagsatriðið hljóðar svona: «Að tilskipun 10. ágúst 1868, sè numin úr lögum fyrir næsta gjalddaga». Nú vil eg spyrja hinn 1. konungkjörna þingmann: eptir hverjum lögum á að greiða spítalahlut 1870, ef þessi uppástunga nefndarinnar verður til greina tekin? ekki eptir tilskipuninni frá 1746, því hún er úr lögum numin, og verður ekki innleidd aptur nema með nýju lagaboði. Þetta held eg sè nóg til að sýna, að þessi uppástunga er óhafandi. Um 2. og 3. niðurlagsatriðið er það að segja, að eg veit þess engin dæmi, að nokkurt þing hafi nokkru sinni beðið um, að gildandi lög yrðu lögð fyrir í frumvarpi, eða með öðrum orðum, að á meðan lögin gilda með bindandi krapti, þá sè verið að ræða þau á þingi sem frumvarp. Eg held þurfi að nema hver lög sem eru fyrst úr gildi, áður en þau eru lögð fram í frumvarpi. Þetta held eg að sýni, að 2. og 3. niðurlagsatriðið sè eigi sem heppilegast, og skal eg svo ekki fjölyrða meira hèr um að sinni.

Jón Hjaltalín: Eg held, að umræðurnar fari nú bráðum að gleypa það, sem í læknasjóðinn kemur næsta ár. Eg held eg megi nú segja eins og einn norskur konungur sagði: «haltu svo áfram, ef þú vilt hitta Norðmannakonung»; ef svona gengur ár eptir ár, þá held eg sjóðurinn fari að skerðast. Þingmaður Barðstrendinga sagði, að eg hefði á hverju ári komið með viðbæti við spítalasjóðinn, en þetta er ekki satt. En eg hefi opt komið með eitt-

hvað, sem miðaði til að styrkja læknakennsluna. Það er satt, að þingmaður Strandasýslu er skynsamur maður, en það erum vèr og allir 26, er hèr sitjum; en það eru líka margsinnis 26 skynsamir menn, er fyrir utan standa. Eg hefi heyrt alla skynsömustu mennina hèr syðra segja, að tilskipunin sè óhafandi, og verður þó gjald þeirra lægra en eptir frumvarpinu, því hvergi eru jafnmörg skip og hèr við Faxaflóa. Það hefir verið sagt, að læknahjálpin sè mest hèr um kring Faxaflóa; en eg held nú, að læknar sèu fyrir menn, og eigi því ekki að vera á eyðifjöllum, heldur þar sem fólkið er flest. Það er slæmt, að þingmaður Barðstrendinga skuli vera farinn að gleyma fræðunum; mig minnir þar standi: «manneskjurnar eru ekki svo góðar, sem þær vera ættu», en hann vill gjöra þá að englum, en eg held þeir sèu breyskir, eins og aðrir menn. Þingmaður Barðstrendinga ætti því að breyta fræðunum og segja: «Íslendingar eru svo góðir, sem þeir vera ættu». Hið fyrsta stig til betrunar er, að kannast við yfirsjón sína. Það er nú almennt sagt, að löggjöf þessi muni skemma fólk, en það á hún ekki að gjöra. Til hvers hafa menn «Krydsere» og Politi annarstaðar? Af því þeir þekkja mannlegan breyskleika. Eg vil spyrja þingmann Barðstrendinga, hvort hann vilji standa inni fyrir, að öll kurl hafi komið til grafar af kofunni fyrir vestan. Það er talað um, að leggja frumvarpið fyrir aptur; þingmaður Strandasýslu spurði, hvað lengi slíkt ætti að ganga (*Torfi Einarsson*: Ósatt). Menn segja, að óbilgjarnt sè, að leggja gjald á skip, sem ekki ganga, en því er þá lagt á kúgildið, sem ekki mjólkar? Jöfnuðurinn verður langt um meiri eptir frumvarpinu frá 1867, því hægt eiga formenn með að segja við háseta: «fáðu mèr 2 fiska». Menn segja, að þingið geti eigi verið þekkt fyrir að biðja um breytingu; en eg segi, að þegar menn hafi gjört einhverja vitleysu, þá eigi menn sem fyrst að kannast við hana. Eg held stjórnin þurfi ekki annað en lesa ræðurnar og bænarskrárnar til þess að sjá, að það er á fullum rökum byggt að beiðast breytingar á tilskipun þessari, sem samþykkt var með 13 atkv. gegn 11. Það er reyndar bágt að þurfa að bera slíka bæn fram, en eg held ekki að um annað sè að gjöra. Eg get þess vegna einungis hallað mèr að meiri hlutanum.

Forseti: Mèr sýnist það vera varlega gjörandi fyrir þingmenn, og þó einkum fyrir hina konungkjörnu, að hafa slík orð, sem hinn 3. konungkjörni þingmaður nú gjörði, og stundum fyr hefir gjört, svo sem að segja, að það se hrein vitleysa, sem al-

þingi hefir samþykkt og stjórnin fallizt á; ellegar að segja, að það sè ómögulegt að koma fram lögum, af því landsmenn vilji ekki hlýðnast þeim. Þingmaðurinn játar án efa sjálfur, að slík orð eru ekki sæmileg eða samboðin virðingu þingmanna.

Grímur Thomsen: Það var svo að heyra á sumum hinna háttvirtu þingmanna, sem þeir hafi gleymt öllum sínum góðu og gildu röksemdum móti meiri hlutanum frá því á laugardaginn og þangað til í dag. Er það að vísu happ fyrir meiri hlutann, því eg þykist þess fullviss, að það, sem gleymzt hefir, hefir verið eins gott eða betra en það, sem fram hefir komið í dag. Tveir af mótstöðumönnum meiri hlutans hafa þó verið minnisgóðir, þingmaður Suður-Þingeyinga og þingmaður Strandasýslu, enda hefir hinn síðar nefndi háttvirti þingmaður verið að nota hvíldardaginn með. Hann varð bæði svo hjartnæmur yfir spítalanum hèrna í bænum, og brúkaði þá líka sunnudaginn til að tala við bóndamann hèr á Suðurlandi, er honum fèll svo vel í geð, að hann óskaði sèr hans til meðnefndarmanns í stað einhvers okkar hinna meðnefndarmanna hans. Eg skal nú ekki nefndarinnar vegna fara í neinn mannjöfnuð við þennan sannlenzka bónda, en það er mèr óhætt að segja, að hafi bóndi sá verið ósamþykkur meiri hlutanum og samþykkur hinum minni, eða sagzt vera það, þá hlýtur hann að hafa verið glaður í anda.

Margir þingmenn, og meðal þeirra þingmaður Barðstrendinga, hafa hneykslazt á því, hve litla trú meiri hlutinn hefði á formönnum og hásetum til reiknings og skripta; það hefir verið lagt svo út, eins og meiri hlutinn segði, að varla neinn Íslendingur við sjó kynni að telja eða reikna. En hvernig gengur hinum háttvirta þingmanni Barðstrendinga sjálfum að reikna. Hann hefir nú fundið út, að af 300 fiska hlut verði spítalagjaldið 31 sk. En með því honum nú mun eins kunnugt og mèr, að alinin eða fiskurinn af spítalagjaldinu á að reiknast eptir meðalverði á fiski, og að alinin því er hèr um bil 26 sk., fiskurinn 13 sk., en ekki eptir meðalverði allra meðalverða, þá verð eg að leyfa mèr að vekja athygli þingmannsins á, að 3 sinnum 13 eru 39, en ekki 31. Og þegar að svona gengur með hið græna trè, hvernig mun þá verða um hin visnu. Og þetta hefir hent annan eins snilling og eins ráðagóðan mann, eins og þingmaður Barðstrendinga annars er í öllum málum.

Eg vildi eiga mèr eina ósk, og það er, að hinn háttvirti þingmaður Eyfirðinga einn, og enginn annar, mætti inn krefja spítala-

gjaldið, af því hann les svo mildilega lagaboðin. Hann les 1. grein tilskipunarinnar með svo mikilli miskunn, að hann skoðar orðið «lýsi» sem þýðandi að eins «hákarlslýsi» og ekkert annað. Hèrna við Faxaflóa yrði nærri því allt lýsið laust við afgjaldið, en það hefir eptir orðum tilskipunarinnar víst ekki verið meining löggjafans, þótt það án efa hafi verið meining minni hlutans á alþingi 1867. Ekki einu sinni hinn háttvirti þingmaður Árnesinga held eg álíti þá lagaþýðing góða.

Hinn háttvirti þingmaður Suður-Þingeyinga talaði svo mikið um allan þann ágóða og tekjur, er sjávarbóndinn ætti að hafa af fiskiveiðum sínum. En hèr á Suðurnesjum, þar sem mèr er kunnugt, er kostnaðurinn líka ærinn, meiri en við hákarlaútgjörðina, er honum mun kunnugust úr Norðurlandi, því kostnaðurinn er hèr um bil 20 rd. fyrir hvern hlut á skip hèr á Suðurnesjum. Sá kostnaður verður allur að dragast frá áður, en gróðinn kemur. Einkum kostar vetrarvertíðarútvegurinn miklu meir að tiltölu, en hinar vertíðirnar, vegna þorskanetanna. Þar næst liggur miklu meira á skipseiganda eða sjávarbónda í rauninni, en ætti að vera að rèttu lagi. Sjómennirnir úr sveitinni koma eptir jólin illa út gjörðir eða útgjörðarlausir, sjávarbóndinn verður að fæða þá, hýsa þá, gjöra þá út með skinnklæði og önnur veiðiáhöld, og með þessum kjörum halda sumir sjávarbændur kann ske 40 vermenn, gefa þeim vökvun, kaffi tvisvar eða þrisvar á dag, og alla þjónustu og hjúkrun fyrir 2 fiska um vikuna. Þetta er nú lítil borgun, en svo hefir verið til ætlazt frá upphafi, að sjávarbóndinn ynni það upp aptur óbeinlínis á þeim hag, að fá skip sitt mannað og geta haldið því úti. Það getur líka tekizt, þegar vel fiskast, en á slæmri vertíð fær sjávarbóndinn ekki einu sinni borgaða meðgjöfina með sjómanninum, og það, er hann hefir lagt út fyrir hann, ekki að tala um, að hann verður þó eptir tilskipuninni í tilbót að borga fyrir hann spítalahlutinn. Eg fæ í stuttu máli ekki annað sèð, en að meiri hlutinn hafi rètt að mæla, og að lögin, einkum innheimtan sè — forseti hefir bannað að segja ómöguleg, eg ætla því að segja — lítt möguleg. Á 6 manna fari eru 8 hlutir, eins og kunnugt er. Maður hèrna í nágrenninu hefir sýnt mèr sýnishorn af reikningi þeim, er verður að halda yfir það eptir spítalatilskipuninni, og er reikningurinn hèr hjá mèr til sýnis. Í þá 6 daga, er reikningurinn nær yfir, voru hlutirnir þessir, 147½, 144½, 128½, 157½, 167½, 138½ (23, 86, 20), 167½, 167½, því sumir af hásetun-

um voru veikir, eða forfölluðust dag og dag, og aðrir fengnir til að róa í stað þeirra. Þegar svona reikning á að halda gegnum allar 3 vertíðir, þá getur það vel orðið ofvaxið þeim manni, sem bæði kann að lesa, skrifa og reikna, því það þyrfti nærri því eins góðan reikningsmann og hinn háttvirta þingmann Barðstrendinga, til að halda töflur yfir allt þetta. Og það er svo sem vitaskuld, að ef ½ eða ¼ fiski skakkar, verða hásetarnir óánægðir og segja sèr sèu gjörð rangindi. Eg vil að vísu ekki gjöra hinum háttvirta þingmanni Strandasýslu óvært, en eg vil biðja hann um, að hann, eins skemmtilega og hann hefir mótmælt meiri hlutanum, nú vilji viðurkenna, að sèr hafi skjátlazt.

Stefán Eiríksson: Það lítur svo út sem allir gjöri sèr að skyldu að tala í þessu máli, og því ætla eg einnig að lýsa skoðun minni á því. Eptir þeim mörgu bænarskrám, sem komið hafa til þingsins um þetta efni, þá álít eg, að meiri hluti nefndarinnar hafi gjört öldungis rètt í því, að taka þá stefnu, að fá tilskipunina 10. ágúst 1868 numda úr lögum, því það er ekki einungs það, eins og tekið er fram í bænarskránum, að gjaldið verður óbærileg byrði fyrir gjaldendur, heldur hitt, að skipseigendum eða formönnum verður ómögulegt, að heimta inn gjaldið eptir 3. gr. tilskip. 1868, nema að borga það úr sínum eigin vasa, því hásetarnir, þegar að gjalddaga kemur, eru komnir víðs vegar út um landið. Hvað þá mótbáru snertir, sem komið hefir hèr fram, að menn ekki kynnu að telja, þá álít eg hana ástæðulausa, því eg hefi aldrei þekkt þann formann, að hann hafi ekki vitað hlutarupphæð sína. En að skipseigendur eða formenn geti reiknað út spítalahlutinn eptir þessari skiptingu minni hlutans undir tölul. 1., það er eg mjög efaður um. Setjum nú að meðaltalið á fiski sè 23¾ sk. eða 25¾ sk., og þegar nú á að fara að reikna út eptir þessu ½ al. fyrir 12rætt hundrað á vetrarvertíðinni eða frá 3. febr. til 12. maí, og ¼ al. fyrir það, sem aflast hinn tíma ársins, þá er þetta enginn hægðarleikur fyrir þá, sem ekki kunna brotareikning, og eg vil segja, að það er margur hreppstjórinn, sem alls ekki kemst vel út af þessari reikningsfærslu. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga var að tala um það, að það liði ekki langt um áður hreppstjórar yrðu launaðir, og því væri ákjósanleg þessi 3. gr. minni hlutans, það sæti nú raunar sízt á mèr, að mæla á móti launum hreppstjóra, en að launa þeim af spítalasjóðnum, held eg sè mjög svo óheppilegt, því með þeirri tilhögun er lagður tvöfaldur tollur á gjaldend-

ur, og svo er það aðalgallinn við þessa 3. gr. minni hlutans, að það eru að eins hreppstjórar kring um Faxaflóa, sem hafa not þessara launa, en margur hreppstjóri út um landið, þar sem lítið og víða ekkert útræði er, fá alls engin laun með þessu fyrirkomulagi. Það hefir á fyrri þingum, þegar rætt hefir verið um þetta mál, þótt aðalgallinn við tilskipun 27. maí 1746, að meiri og minni undanþágur hafi átt sèr stað eptir henni á gjaldi spítalahlutanna, en minni hlutinn hefir í 1. gr. ekki komið í veg fyrir þennan galla, þar sem hann hefir smeygt inn þessari fínu undanþágu með ½ al. fiskinn, því það er hverjum manni í augum uppi, að þetta er tilefni til megnustu undanþágu, og tilefni til þess, að spítalahluturinn verður, ef til vill, hálfu minni en eptir löggjöfinni 27. maí 1746. Hvað tölul. 2. hjá meiri hlutanum áhrærir, þá get eg ekki fallizt á hann, heldur einungis á tölul. 1. og 3.

Forseti: Það eru orðnar æði-langar ræður um þetta mál, og eg ímynda mèr, að flestir þingmenn muni nú vera á mínu máli um, að bezt væri að reyna að hafa þeim af lokið sem fyrst. Ef þingmenn eru þessa sinnis, þá vona eg þeir, sem enn vilja taka til máls, verði sem stuttorðastir. Nú sem stendur eru sex þingmenn, sem hafa beðið sèr hljóðs, og meðal þeirra tveir, er eigi hafa talað áður í þessu máli; eg vil því gefa þessum færi á að tala á undan hinum, er fleirum sinnum hafa tekið til orða, ef enginn mótmælir því, og er þá þingmaður Mýramanna næstur.

Hjálmur Pètursson: Eg er einn af þeim, er óska miðlunar í máli þessu, og að menn kæmu sèr saman um einhverja lagfæringu, og hefði þetta átt að vera fyrir löngu skeð, úr því menn eru sammála um, að þess sè þörf; en mèr sýnist enn vera svo langur vegur milli meininga manna, að eg hefi litla von um gott samkomulag, og er þó of miklu búið til þess að kosta; mèr sárnar, að sjá tíma og peningum sóað út svona til einskis. Eg verð að álíta það vafalaust, að grundvöllur sá, sem tilskipun frá 10. ágúst 1868 byggir á, sè rèttari heldur en sá, sem frumvarp stjórnarinnar, sem lagt var þingið 1867, er byggt á, og það heyrist mèr allir játa; þó vill meiri hluti nefndarinnar, og fleiri, endilega fá frumvarpið óbreytt gert að lögum, þrátt fyrir þá mörgu galla, sem á því voru, og sem búið er að sýna bæði nú og fyrri; eg skal leyfa mèr að taka fram einungis eitt atriði af mörgum í frumvarpi þessu. Eins og menn vita, er þar ákveðið, að hið tiltekna gjald hvíli á skipunum, og að eigendur þeirra skuli því bera og

greiða gjaldið, og eru því allir þeir, sem ekki eiga skip, undanþegnir gjaldinu, eins þó þeir búi við sjó, og afli eins mikils fiskjar og hinir; líka eru allir sveitamenn undanþegnir gjaldinu, en fjöldi þeirra stunda sjávargagn á ýmsum tímum árs, eins og kunnugt er, þó þeir eigi ekki skip; þetta finnst mèr órètt og ósanngjarnt, eins fyrir því, þó eg sè sveitamaður; eg veit, að í ástæðunum fyrir frumvarpinu er sagt, að ætlazt sè til, að skipseigendur taki gjald af hásetum sínum og skipsmönnum eptir tiltölu, en eg er hræddur um, að það kynni að kveykja meiningamun og þrætur, ef skipseigendur færu að taka sèr þennan rètt, og mèr þykir ólíklegt, að yfirvöld úrskurðuðu skipseigendum þann rètt, þegar ekki stæði eitt orð í þá átt í lagagreinunum sjálfum; eg hefi því ástæðu til að halda, að slík innheimta yrði engu síður erfið og óvinsæl, heldur en eptir tilskipuninni, sem opt er nefnd.

Þau stóru vankvæði, sem talin hafa verið á því, að menn kynnu ekki telja, skrifa eða reikna, held eg sèu orðum aukin; eg hefi verið sjómaður nokkur ár í þremur veiðistöðum hèr við Faxaflóa, og þekki eg ekki einn einasta mann, er ekki kunni að telja hlut sinn, og fáa, sem ekki gátu skrifað tölu á honum sèr til minnis, ef vildu; líka kunna margir nokkuð í reikningi; en brotareikning þann, sem menn eru að tala um, skil eg ekki að þurfi í þessu efni, en ef á meiri reikningi þarf að halda, en menn almennt eru færir til, þá er alvenja, að menn leita sèr liðs hjá öðrum, sem betur kunna, svo sem hjá presti eða hreppstjóra, og hèrna við Faxaflóa er — að minnsta kosti nú sem stendur — hægt að ná, til alþingismanns.

Menn hafa lagt mikla áherzlu á, að sumir menn beri afla sinn burt frá skipi samstundis, og eyði honum ýmist af fátækt ellegar af misbrúkun; allir vita, að fátækir menn eru til í öllum sveitum, og ef þeir ekki geta goldið það, sem þeim er upp á lagt, þá eru þeir þurfamenn, og fellur þá niður gjald það, sem á þá hefir verið lagt; þetta vona eg að allir þekki, og einkum þeir, sem hafa átt hlut að niðurjöfnun fátækraútsvara; en hina, sem misbrúka eða vanspila afla sínum á einhvern óþarfan hátt, þykir mèr líklegt að menn vilji ekki láta lögin fría frá gjaldinu af þeim ástæðum.

Eg þekki eitt gjald, sem sjávarbændur hèr við Faxaflóa taka af hásetum sínum; það er kallaður manntalsfiskur, og hefir þeim gengið vel að innheimta hann.

Framsögumaður sagði áðan, að allir beztu kraptar þingsins í

hitt eð fyrra hefðu verið móti því að lögleiða tilskipunina frá 10. ágúst 1868. Af því eg þekki ekki þá vog, sem hann vegur á krapta þingsins 1867, þá verð eg að álíta hana óbrúkanlega bæði fyrir mig og aðra.

Að lyktum skal eg geta þess, að mèr finnst með öllu ósamboðið sóma þingsins, að afbiðja alveg þau lög, sem það bað um á síðasta þingi; en hitt finnst mèr minni vansæmd, að biðja um breytingu til lagfæringar á þeim; það eru mannadæmi, að vilja laga verk sín, þegar þeir sjá þess þörf, og þykir mèr ekki minnkun að vera í þeirra tölu.

Hallgrímur Jónsson: Af því eg er einn í meiri hluta nefndarinnar, er mèr skylt, að því leyti eg get, að halda uppi vörn fyrir hann; þó hann hafi fengið töluverð mótmæli frá nokkrum þingmönnum, er flestum af þeim svarað af mínum meðnefndarmönnum, einkum framsögumanni og þingmanni Rangæinga, og hefir hann einmitt leitt það sama fyrir sjónir, sem eg ætlaði að gjöra, nefnilega hvernig sumum skakkar að telja og reikna, þó í minna sè en nýja löggjöfin, sem hèr ræðir um, uppáleggur hverjum formanni; það vitnar tala þingmanns Barðstrendinga, og skilningur sá, er þingmaður Eyfirðinga leggur í orðin »af hverri lýsistunnu, sem aflast«. Þetta hvorttveggja og annað eins sýnir manni fram á, að margvíslegir geta þeir ómögulegleikar verið, sem gjöra þessa nýju spítalalöggjöf óbrúkandi. Þar fyrir vil eg nú ekki gjöra svo mikið úr þessum ómögulegleikum, að ekki sè mögulegt að telja það, sem maður fiskar, eins og hvað annað; en það er vandasamara fyrir hvern útvegsbónda, að leggja saman allt það tal, er á hans útveg fiskast og heimta og standa skil á rèttilegu gjaldi af hverjum hlut, því fyrir utan það, að menn á sama skipi hafa mjög misjafna róðra, eins og áðan var sýnt, er tala þeirra svo mjög mismunandi; sumir eru gjarnir á að »telja grant«, en sumir þar á mót ekki, nema það, sem þeir geta staðið skil á; hverjum á eg þá að trúa? formaðurinn, sem er að keppast á við annan formann, segir t. a. m. tuginn fullan á hverjum degi, en háseti telur ekki smælkið, sem hann meinar sig ekki geta staðið skil á; þannig skilur menn á um töluna, þó báðir hafi jafnan hlut, eg vil segja 50, já, allt að hundraði á einni vertíð. Menn hafa talað hèr um og fundið að því, að meiri hlutinn hafi í niðurlagsatriði sínu beðið um frumvarp stjórnarinnar, sem lagt var fyrir alþingi 1867, yrði gjört að lögum, ellegar að það yrði lagt fyrir þingið 1871; þeir

sömu hafa kallað það frumvarp dautt og ekki lengur til; það kann nú vel að vera, en það skyldi þó ekki eiga sèr stað, að fleiri nefndir og það í mikilvægu máli leyfðu sèr að benda stjórninni til þeirra frumvarpa, sem fyr hafa verið fyrir þinginu, svo að þessi aðferð mun þó ekki dæmalaus. Um allar þessar endurbætur minni hlutans get eg ekki verið að fara mörgum orðum; það er búið að því af öðrum, bæði með og mót; í stuttu máli leyfi eg mèr að segja það, að með þeim, o: endurbótunum, viðurkennir minni hlutinn í orði og verki, að tilskipunin frá 10. ágúst 1868 geti ekki staðizt, hvað góður sem grundvöllurinn er, þar sem hann fer nú strax að breyta byggingunni — en þær breytingar eru ekki, að eg held, til mikilla bóta; að vísu sè eg að gjaldið lækkar, sem ætti að vera bót fyrir gjaldendur, en þvert á móti fyrir læknasjóðinn, en brotatalan, ruglið og reikningarnir hverfa ekki, heldur aukast við $^1/_4$ alinina eða 1 fisk afgjaldið á sumum vertíðum. Þá er nú hálf alin málið, hvort sem það er áhald í bátnum eða skorið á bitann. Það er ekki svo stór fiskur, sem er hálf alin á lengd með höfði og hala; eg hefi haft tækifæri til að sjá hann og mæla, síðan minni hlutinn kvað upp þetta álit sitt, og þó að margt fáist á stundum af honum, er með þessu ekki annað undan skilið en það, sem menn kalla «ekki fletjandi»; að hafa málið skorið á hitann, og bera þyrsklinginn þar við, held eg mèr þætti stundum snúningssamt, þegar kvöld væri komið og eg vildi flýta mèr fyrir myrkrið, og koma afla mínum undan; svo er venja, að sjómenn kasta fiskinum af, setja síðan skipið og stundum nokkuð langt frá; eiga menn þá að bera fiskinn að því aptur til að mæla hann; þetta lýsir ekki nákvæmni hjá þeim í að umhugsa og tala. Sú eina bót, er mèr þykir hjá minni hlutanum, ef eg annars gæti gefið honum nokkur meðmæli, er um það, sem hann ákveður um lýsið. Hitt mun því síður heppileg ákvörðun, er hann ætlar hreppstjórum umboðslaun af spítalagjaldinu, því hvorki eykur það tekjur læknasjóðsins eða léttir gjaldi á greiðendum, og mundi heldur ekki auka vinsældir þeirra, þar sem þeim mundi ekki veitast ósjaldan tækifæri til, að komast út af þessu í þrátt og deilur við sveitunga sína.

Eg vil til samanburðar við þennan góða grundvöll, sem meðmælendur löggjafarinnar og minni hlutans mæla svo mjög með, taka til dæmis spítalatekjur af fuglaveiði, sem eiga að gjaldast eptir konungsbrèfi 26. maí 1824, hvað skal gjaldast af henni hèr sunnanlands? Eg hefi orðið þess nýlega var, að hèr í nágrenn-

inu eru ekki svo fáir fuglar veiddir; skulu þar af hafa verið goldnar 4 pC.? og því um líkt mun konungsfulltrúinn á þinginu í hitt fyrra hafa haft í huga sèr, þegar hann var að mæla á móti minni hlutanum þá og sýna það, að slíkt fyrirkomulag yrði ekki «controllerað»; »það sanna» sagði hann, «meðal annars spítalahlutir af fuglatekju eptir konungsbr. 26. maí 1824, en sem mèr er sagt af áreiðanlegum manni ekki svari til þess, sem menn gætu ætlazt til, og er þetta má ske orsökin (undanskotin) til þess, að ekki nein óánægja með það hafi átt sèr stað». Það hefir verið sagt hèr í salnum, að löggjöfin 10. ágúst 1868 væri orðin gildandi, og yrði því ekki úr lögum numin fyrir næsta gjalddaga, en eg vona, að stiptamtmaður og amtmenn gætu gefið út bráðabyrgðarlög um það, hvernig gjalda skyldi í vor, ef að nokkur von væri um það, að henni yrði breytt, og eg skal geta þess, að hún var hvergi út um landið orðin þinglesin 12. mai s. l., heldur sumstaðar löngu þar eptir, svo sem seint í júní og júlí; altso er hún ekki komin þar í gildi fyr en eptir þann tíma, sem hún var þinglesin, og af þessu leiðir, að það getur hugsazt, að hún komi ekki í fullan krapt fyr en 12. maí 1870. Í það minnsta held eg það verði í öllu falli torsótt, að taka gjaldið eptir henni árið að tarna, eptir því sem útlit er fyrir, ef ekki verður ráðin bót á því.

Stefán Jónsson: Eg skil spítalalögin frá 10. ágúst 1868 svo, að einungis eigi eptir 1. grein staflið b að greiða spítalagjaldið af hákarlslýsi, en ekki af þorska- og háfslýsi, og leyfi eg mèr að skora á lögfræðinga þingsins, að þeir segi álit sitt í þessu efni; þetta var og meining minni hlutans 1867; en sè þetta vafa undirorpið, þá er hægt að fá útlegging af lagastaðnum. Þar sem talað var um örðugleikana við, að fá spítalahlutina inn hjá hásetunum eptir tilskipuninni, þá eiga þessir sömu erfiðleikar sèr einnig stað eptir frumvarpinu frá 1867, og það miklu fremur.

Eiríkur Kúld: Eg stend ekki upp til þess, að leiðrètta þingmann Rangæinga, er alveg misskildi reikningsdæmið, er eg tók, og sem var alveg rètt reiknað; honum varð nefnilega sama á og áður, þegar hann vitnaði í bænarskrárnar úr Barðastrandarsýslu; hann fór að eins á miðja leið; hann gáði ei að tímabilinu, sem eg tók, nefnilega vertíðunum undir Jökli. Heldur ekki ætla eg mèr, að leiðrètta hinn 3. konungkjörna þingmann. Honum er vorkunn, þó hann sè farinn að gleyma fræðunum, og af því eg mun hafa lesið þau seinna en hann, er honum velkomið, að eg

ntan þings — þingið má ei tefja með því — fari yfir fræðin með honum, svo hann geti vitnað rètt inn í þau. Eg mun svara þeim báðum við ályktarumræðu þessa máls; eg stóð einungis upp til að áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis, er mun ganga í sömu stefnu og hinn háttvirti þingmaður Dalamanna gat um að hans breytingaratkvæði mundi fara; eg vil reyna að koma á sátt í málinu, og því ætla eg mèr að bera mig saman við þingmann Dalamanna.

Torfi Einarsson: Það hefði verið mannúðlegra af þingmanni Reykvíkinga, að sýna, hve margir úr Strandasýslu hefðu notið góðs af spítalanum.

Mèr gleymdist áðan að taka fram, að eg fyrir mitt leyti hefði viljað að tilskipunin 10. ágúst 1868 hefði staðið fyrst, því hefði vel og vandlega verið lifað eptir henni, þá hefði hún getað komið að góðum notum, enda hefði og mátt bæta hana, að því leyti mönnum þætti henni vera ábótavant. Eg vildi að þessi tillaga sæist eptir mig í þingtíðindunum.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla ekki í þetta skipti að fara að þreyta fyndni, skarpleik eða kapp við neinn þingmann, þótt mèr hafi verið gefin ástæða til þess. Þingið veit fullvel, hver helzt ætti það skilið. Eg ætla að eins að taka fram 2 höfuðatriði, það fyrst, að nefndin eða meiri hluti hennar vill láta ræða uppástungurnar undir 2. tölulið, en sú uppástunga getur ekki verið rædd, ef menn annars vilja fara eptir rèttum hugsunarreglum. Hið annað er, að margar bænarskrár með mörgum undirskriptum hafa ekkert að þýða á móti skattalögum, þegar þær koma frá gjaldþegnunum sjálfum. Það voru þessi tvö atriði, sem eg vildi benda þinginu á, og ætla að eins að bæta því við, að þótt sá flokkurinn, er minni hlutanum fylgir, eigi hafi eins miklum ræðumönnum á að skipa og mótstöðumennirnir, þá getum við hugsað um málin eins og þeir, og við getum greitt atkvæði fyrir okkar sannfæringu.

Framsögumaður: Það er búið að svara flestum af mótbárunum gegn uppástungum meiri hlutans, en nokkrar hafa þó gleymzt, einkum sumt það, er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir sagt, og hefir hann þó þegar orðið að standa reikningsskap af æðimörgum orðum í þessu máli. Hann kvaðst í þessu vera samþykkur hinum hæstvirta konungsfulltrúa, og altènd er gott samlyndi gleðilegt, og vildi eg óska, að þetta góða samkomulag hèldist jafnan milli hins hæstvirta konungsfulltrúa og hins háttvirta þingmanns

Barðstrendinga. En 1867 taldi konungsfulltrúi lögin óbrúkandi. Eg hefi enga ástæðu til að halda, að hann sè nú annarar meiningar, og vona eg þess vegna, að þingmaður Barðstrendinga komi sèr líka saman við hann um þetta. Fallega fórust honum þar næst orð um, að hann væri þingmaður alls landsins, og vil eg vona, að hin mörgu ráð hans á þinginu komi landinu öllu að notum; en tillögur hans í þetta sinn áttu þó víst hvergi við fyrir utan Breiðafjörð, að minnsta kosti lýstu þær því, að hann þekkti lítið til sumstaðar annarstaðar á landinu, t. a. m. í Ísafjarðarsýslu, og er þá heppni, ef þær koma þar að notum, sem þær eiga ekki við. Að sjávarbóndinn ekki gjaldi til allra stètta, hefi eg aldrei heyrt, en mèr er hið gagnstæða kunnugt af langri reynslu alstaðar þar á landinu, sem eg hefi verið, og að því eg þekki landslög, enda hljóta einhverstaðar frá að koma þeir 1500 rd., er renna í konungssjóð á ári hverju úr Gullbringusýslu, sem mestmegnis er sjópláss, en úr hinni miklu sveitarbúskaparsýslu Árnessýslu koma að eins um 1300 rd. Þetta er þá goldið úr Gullbringusýslu, fyrir utan gjöld til prestastèttar, fátækra o. s. frv. (Nokkrir þingmenn: «Rangt dæmi», aðrir: «gott dæmi»). Ræðu hins háttvirta þingmanns Norður-Múlasýslu get eg í öllu verið samþykkur nema því, að óánægjan eigi einkum við hæð gjaldsins. Eg verð enn einu sinni að taka það fram, að hún á einkum og allrafyrst við innheimtumátann, við þær vífilengjur, flóka og tugabrot, er honum hljóta að verða samfara. Hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu talaði margt á víð og dreif um gjöld af afla á stórum skipum, þeim skipum, sem ekki eru til á Íslandi, og líklega aldrei verða þar til. Hinu gleymdi hann, eða rèttara sagt, hann hefir ekki treyst sèr til að tala neitt til sönnunar því, að grundvallarreglan í tilskipuninni sè hafandi, og þetta var þó einmitt það, sem hann þurfti að sanna, áður en hann fór að gjöra breytingar við þá tilskipun, sem byggð er á þessum grundvelli.

Þingmaður Eyfirðinga talar um kapp í þessu máli, en þetta kapp kemur engan veginn fram af hálfu meiri hluta nefndarinnar. Hann talaði og um, að nefndin hefði átt að koma sèr saman, en það var einmitt að kenna minni hlutanum. Það var fyrst eptir það, að meiri hlutinn hafði fyrir 10 dögum lokið nefndaráliti sínu, að minni hlutinn kom fram með uppástungurnar, eins og þær nú eru; í nefndinni kom hann aldrei fram með neina verulega uppástungu, og var því samkomulag ei mögulegt. Þingmaður Snæfell-

inga veit úr Stykkishólmi hverja hlutarupphæð undir Jökli, og það árið um kring; það má vel vera, þó harðla ótrúlegt sè, og til þess þurfi meira en almenna vizku, en reikningurinn er ekki eins óbrotinn hèr á nesjunum, eins og skýrsla hins háttvirta þingmanns Rangæinga sýndi. Hann vildi sanna, að tekjur læknasjóðsins hækkuðu, ef frá þeim væri dreginn sjöttungurinn, og gefinn hreppstjórunum; það skilja víst ekki aðrir en hann, hvernig upphæð hækkar með því, að af henni sè tekið. Eg vildi að öðru leyti leyfa mèr, að spyrja þennan háttvirta þingmann, hvort honum þyki það sjálfum vansalaust, að tala nú nokkurn veginn þvert á móti því, sem hann talaði við inngangsumræðuna. Að öðru leyti er fullsvarað hreppstjórahlutnum. Hann verður víst mjög óvinsæll. Það mun margur vilja gjöra þeim fullörðugt, að ná þeim sjöttungi. Þingmaður Suður-Þingeyinga fór aptur að hreifa sóma og vansa þingsins; því er opt áður svarað. Eg ætla að eins að bæta því við, að þótt alþingi 1867 yrði á sú slysni, ef eg svo mætti segja, að samþykkja frumvarpið með 13 atkvæðum gegn 11, þá geta þeir þingmenn ekki álitizt bundnir til að hafa sömu skoðun, sem þá ekki sátu á þingi. Hann kom fram með mikinn reikning, sem átti víst að sanna haginn af aflanum, en reikningurinn var byggður á því, að helmingur aflans væri roskinn þorskur, en þessu fer mjög fjærri, og fyrir þessa villu varð allur reikningur hans rangur með öllu, þó hann að öðru hefði rèttur verið. Þýðingu þingmanns Eyfirðinga á orðinu «lýsi» er þegar svarað, og þá held eg minni hlutinn einn sè eptir. Hann ætlar að segja sýslumanni Eyfirðinga, þegar hann fer að heimta gjaldið eptir tilskipuninni, hvað minni hlutinn hafi meint. Það getur nú verið, að hans sýslumaður taki það gilt, að minni hlutinn þýði lögin fyrir hann, en við, sem erum í meiri hlutanum, þorum ekki að treysta því, að okkar sýslumenn taki slíkar þýðingar til greina. Áður en eg fer að tala um breytingarnar, vil eg geta þess, að enginn einasti þingmaður hefir sagt, að tilskipunin væri góð og rètt. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi reyna hana, en mèr virðast gallarnir sèu í augum uppi, áður en reynt er, svo ekki þurfi að reyna. Meiri hlutinn vill ekki einu sinni fara að reyna til að stinga upp á breytingum á tilskipuninni. Þær yrðu ávallt ónógar, því sjálfur grundvöllurinn er rangur. Yfir uppástungur minni hlutans ætla eg að fara stuttlega. Mótbárurnar gegn þeim standa enn óhraktar, óhrakið handahófið í 1. grein a um 12. mai, óhrakið, hve mikil vandræði munu verða

að hálfu álnar fiskikvarðanum. Eg sè ekki betur, en að eins mikil þörf væri á, að hafa með sèr bandspotta og mæla gildleikann. Margar fiskitegundir og það hinar dýrustu sleppa við gjaldið og jöfnuðurinn, sem átti að vera aðalmeðmælingin, hann fæst ekki og ekki nærri með breytingaruppástungu þessari, enda fæst hann víst aldrei á grundvelli tilskipunarinnar. Eg skal þá ekki fara fleiri orðum um mál þetta að svo stöddu, en að eins bæta því við, að eg áskil meiri hluta nefndarinnar rètt til, að breyta að nokkru eða liða í sundur niðurlagsatriðin, og má vera, að meiri hlutinn geti sameinað sig hinum háttvirta þingmanni Norður-Múlasýslu.

Guðmundur Einarsson: Af því að mèr varð það á, að taka fram í ræðu framsögumanns með orðinu «rangt dæmi», þegar hann var að leitast við að sýna, að meira rynni inn í jarðabókarsjóðinn af tekjum úr Gullbringusýslu, en Árnessýslu, þá verð eg að gjöra grein fyrir því, og bið eg menn að gæta að þeim mikla mismun, að Árnessýsla er lènssýsla, hvar sýslumanni er launað af tekjum sjálfrar sýslunnar, en Gullbringusýsla er umboðssýsla, er sýslumaðurinn heimtar inn gjöldin af, greiðir þau í jarðabókarsjóðinn, en fær aptur laun sín úr honum.

Benedikt Sveinsson: Eg stóð upp til að skýra hinu heiðraða þingi frá, með tilliti til bænarskránna, að úr Árnessýslu kom að eins bænarskrá úr einum hrepp, og hún kvartaði að eins um, að gjaldið væri of hátt.

Torfi Einarsson: Eg verð að standa upp enn einu sinni. Hinn háttvirti framsögumaður, er ber svo mikla virðingu fyrir röksemdum sinna manna, virðist ekki ætla að skoða sannanirnar frá vorri hálfu, sem gildar, nema að við komum með lögfullar sannanir fyrir hverju orði. Eg á örðugt með, að gefa fullnægjandi upplýsingar um, hvað vel eg hafi hegðað mèr í nefndinni, því fáir munu verða mèr hliðhollir, og hvernig eg sèr í lagi hafi varið þeim 10 dögum.

Forseti: Fyrir endalok málsins hefir þetta ekki heldur neina þýðingu, að skýra frá því, sem í nefndum gjörist, og er bezt að fara sem minnst út í það.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla að eins að áskilja mèr breytingaratkvæði við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar, þannig, að frumvarpið 1867 verði löggilt með þeim breytingum, sem eg mun gjöra.

Forseti: Úr því ekki taka fleiri til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Eg skal skýra frá, að eg hefi fengið nefndarálit í málinu um, að skylda kaupmenn til að hafa fasta bústaði í landinu.

Síðan var lesið upp og samþykkt álitsskjal um innheimtu á kröfum með forgangsrètti o. s. frv., og var það samþykkt. (Sjá II., bls. 257). Eptir það var

Fundi slitið.

---

26. fundur — 31. ágúst.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nú í dag til undirbúningsumræðu málið um konunglegt frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga er framsögumaður, en hinn þingskrifarinn gjörir máske svo vel að lesa upp nefndarálitið.

Eiríkur Kúld: Nefndarálitið hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 258).

Framsögumaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Hinir háttvirtu þingmenn hafa nú heyrt nefndarálitið upp lesið, og hafa það prentað fyrir sèr; þeir hafa og haft gott færi á, að kynna sèr það áður; eg ætla líka, að það sè fullljóslega ritað, og ástæðurnar fyrir því skýrt teknar fram og rèttar. Eg finn þess vegna ekki ástæðu til, að fara fleirum orðum um það að sinni.

Konungsfulltrúi: Þegar nú á að ræða konunglegt frumvarp um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, er það eptir minni meiningu mjög óheppilegt, að nefndarálitið, sem liggur fyrir, þó að það sè nokkuð langt, ekki hefir fundið tækifæri til, að skipta sèr af spursmáli því, sem í raun og veru liggur fyrir í þessu máli, og sem ómótmælanlega er það mest áríðandi spursmál fyrir land og lýð. En þetta spursmál er: hver verður árangurinn, ef þingið fer þann veg, sem nefndin stingur upp á?

Það getur að vísu verið fróðlegt að líta yfir hinn liðna tíma, bæði eins og nefndin hefir gjört til sáttmálans frá 13. öld, og líka til sköpunar heimsins, hvað nefndin ekki hefir gjört, en hefði samt getað gjört, því húu var skipuð hinum beztu kröptum þingsins,

sem vissulega voru færir til þess, en þegar á að ræða framvarp, þá eru þess konar vísindalegar rannsóknir alveg þýðingarlausar; þá á í fyrsta lagi að taka tillit til þess ástands, sem er, og sem spursmál er um að breyta með frumvarpinu, og í öðru lagi til þess, hvort æskilegt sè, að þessu ástandi verði breytt á þann hátt, sem frumvarpið stingur upp á, og með hverju móti hinum beztu og haganlegustu breytingum á frumvarpinu verði komið á, eða, ef breytingar annaðhvort ekki eru æskilegar, eða ekki vonandi að þær geti komizt á eptir óskum manna, hvort ástandið, sem frumvarpið býður, sè ákjósanlegra en það, sem er, og sem verður eptirleiðis óbreytt, ef frumvarpið verður ekki lögleitt. Þetta átti nefndin að yfirvega, en það hefir hún ekki gjört; það er af allt öðrum ástæðum, að hún kemur til þeirrar niðurstöðu, að ráða þinginu til: «allraþegnsamlegast að mótmæla því, að frumvarp það, sem fyrir þingið er lagt um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, nái lagagildi». Ef hún væri komin til þessarar niðurstöðu af þeim ástæðum, að henni þætti frumvarpið óaðgengilegt vegna þess, að ákvarðanir þess þröngvuðu réttindum landsmanna meira en eins og nú sem stendur, eða að öðru leyti væri þess innihalds, að þær ekki gætu verið landinu meira í hag, en ástandið, sem nú er, og ef hún hefði leitt rök að þessu, þá hefði það verið mögulegt að ræða málið með henni. En þar sem hún nú ræður þinginu til að vísa málinu alveg frá, án þess að frumvarpið verði rætt í heild sinni, og án þess að hún skýri þinginu frá einstökum atriðum þess, þá fer hún að vísu ekki alveg nýjan veg, því alþingið hefir nokkrum sinnum áður farið þann veg, en hann er í sjálfu sèr í öllu ósamkvæmur stöðu og réttindum hins ráðgefanda alþingis, því vafalaus skylda ráðgjafarþingsins er að segja álit sitt um frumvörp þau, sem lögð verða fyrir það af konunginum, vafalaus skylda þess er, að yfirvega nákvæmlega þessi frumvörp, hvort þau sèu landinu, sem borgar fjarska mikinn kostnað í þessu tilliti, í hag, eða ekki; en það eru á hinn bóginn vafalaus réttindi alþingisins, að ráða frá þeim frumvörpum, sem það eptir nákvæma og samvizkusama yfirvegun álítur óaðgengileg. Með öðrum orðum: alþingið hefir alveg frjálsan atkvæðisrètt, en hann er, eins og hver annar rèttur og eins og allt frelsi, bundinn við vissa skilmála, sem sè, að þingið ekki gefi atkvæði sitt, án þess skynsamlega að hafa yfirvegað það mál, sem það á að gefa atkvæði í. Um frelsið getur einungis verið spursmál manna í milli eða í mannfèlaginu, en

mönnum ber að hugsa áður en þeir tala eður gjöra hvað sem er. Á hinum skepnunum hvílir ekki þessi skylda, en hún er óafvísanleg, þegar ræða er um mannfèlagið og allt sem til þess heyrir. Þegar þessarar skyldu ekki er gætt, getur ekki verið spursmál um frelsi, og án þess getur atkvæðisrèttur alþingis ekki með nokkru móti verið frjáls. En hefir nefndin gætt þessarar skyldu, sem eptir eðli hlutarins og umboði þingsins hvíldi á henni? Eg neita því alveg, og þó að nefndin, ef til vill, huggi sig við það, að meiri hluti þingsins muni vera á annari skoðun, skal eg ítreka það, til þess að landsmenn geti sèð það af þingtíðindunum: nefndin hefir ekki yfirvegað það, sem skylda hennar var gagnvart þinginu og landinu nákvæmlega og skynsamlega að yfirvega, eða, ef hún hefir gjört það, hefir hún ekki, eins og skylda hennar var, skýrt frá því í nefndarálitinu.

Eg skal sjálfsagt ekki spilla þingtímanum með að fara orðum um það, sem er málinu sem stendur óviðkomandi, þó að það nemi meiru en $^5/_6$ pörtum af nefndarálitinu, en það er að mestu leyti það, sem stendur á blaðsíðunum 4.—20., en eg skal fara fáeinum orðum um frumvarpið sjálft, og þær fáu athugasemdir, sem nefndin hefir gjört við nokkur atriði þess.

Fyrsta mótbáran, sem nefndin tekur fram móti frumvarpinu, er sú, að ákvarðanirnar um stöðu Íslands í ríkinu eptir frumvarpinu eigi að leggjast fyrir ríkisþing Dana, eins og með berum orðum segir í ástæðunum. Undarleg er að sönnu þessi mótbára, því þegar um stöðu Íslands er að ræða, ekki út af fyrir sig, heldur einmitt stöðu Íslands í ríkinu, sjá þó allir menn, að tveir eru málspartarnir, annar Ísland, en hinn ríkið. Eg skal fyrir mitt leyti geta þess, að mèr virðist þetta svo auðskilið, að eg með engu móti get skilið, hvernig nefndarmenn geta komið fram þessari mótbáru, sem mèr sýnist alveg átyllulaus. Þegar nefndin bætir því við, að einnig stjórnarskráin um Íslands sèrstaklegu málefni eigi að leggjast undir atkvæði eður samþykki ríkisþingsins, segir nefndin alveg ósatt, ef hún ætlar hèr með að segja annað en það, sem beinlínis flýtur af því, að ákvörðunin um, hver mál sèu sèrstakleg og hver sameiginleg, sjálfsagt eigi að taka bæði frá Íslands og frá ríkisins sjónarmiði; en þar sem hingað til ekki hefir verið neitt ákveðið í lögunum í þessu tilliti, er sjálfsagt nauðsynlegt, að svo verði í frumvarpi því, sem ræðir um stöðu Íslands í ríkinu. Einmitt frá Íslands hálfu má heimta, að þessi ákvörðun komi fram í

grundvallarlögum landsins, og að á þann hátt fáist öll sú trygging, sem mögulegt er. En máske hefir nefndinni fundizt eitthvað að þessari ákvörðun um þau málefni, sem eptirleiðis eiga að vera sèrstakleg fyrir Ísland? Hún segir ekki neitt um það, og þar sem 3. grein frumvarpsins, hvað efnið snertir, er að öllu samhljóða frumvarpi því, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra, má álykta, að ekki verði haft neitt á móti frumvarpinu í þessu tilliti. Þessi ákvörðun verður eptir skoðun nefndarinnar óaðgengileg og alveg óhafandi, þó að hún að öllu sè samhljóða ósk þingsins, einungis vegna þess, að hún á að leggjast fyrir ríkisþingið, einmitt til þess að útvega Íslandi alla þá tryggingu, sem grundvallarlög geta veitt. Væri eg alþingismaður, og stæði þessi ákvörðun ekki í frumvarpinu, mundi eg til þess að útvega þessa tryggingu hafa stungið upp á, að hún ætti að takast upp í frumvarpið.

Önnur mótbára nefndarinnar snertir stjórnarábyrgðina eptir 2. gr. frumvarpsins. Eg skal játa það — eins og með berum orðum er tekið fram í ástæðunum við frumvarpið um hin sèrstaklegu málefni Íslands — að fyrirkomulagið á þessu er sèrstaklegum erfiðleikum bundið, og þetta var einmitt annað spursmálið þeirra, sem ollu því, að frumvarp alþingisins frá í hitt eð fyrra ekki gat náð staðfestingu konungs. Ef alþingið ekki gæti aðhyllzt þá ákvörðun, sem í þessu tilliti er stungið upp á í frumvarpinu, gæti eg skilið, að þingið vildi stinga upp á breytingum við 2. grein, og ef þessar breytingar gætu sameinazt við það, sem nauðsynlegt er að taka tillit til, þegar um stöðu Íslands í ríkinu ræðir, væri vonandi að stjórnin mundi taka þær til greina. En sjálf hefir hún ekki getað fundið neitt fyrirkomulag, sem bæði var landinu meira í hag og veitti þá tryggingu, sem nauðsynleg er vegna hinnar stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Það er, ef til vill, þingmönnum kunnugt, að ákvörðunin um stjórnarábyrgðina, þó að hún í »Principet» (hugmyndinni) sè mikilsvarðandi, í rauninni er þýðingarlítil; hina sönnu tryggingu á móti misbrúkun umboðsvaldsins veitir ekki þessi ákvörðun, heldur prentfrelsið, löggjafarvald alþingis og yfir höfuð að tala hinar »moralske Garantier», sem eru til staðar í hverju frjálsu mannfèlagi.

Hin þriðja mótbára er sú, að eptir frumvarpinu sè alþingi svipt öllu atkvæði um hin sameiginlegu mál, og það svo, að það sè nóg að ríkisþing Dana gefi út lög, og segi að þau skuli birt á Íslandi, og svo skuli þau gild vera. Hin heiðraða nefnd hefir

gleymt, að þessi ákvörðun er alveg samhljóða því, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra. Í sambandi við þessa mótbáru er sú, að nú eigi að lögleiða hin yfirskoðuðu grundvallarlög frá 5. júní 1849, sem út eru komin 28. júlí 1866. Eg skal geta þess, að hèr er sá munur á milli frumvarps alþingis frá í hitt eð fyrra og þessa frumvarps, að eptir hinu fyr nefnda voru 6 greinir af þessum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danaveldis, dags. 5. júní 1849, sem út eru gefin 28. júlímánaðar 1866 með berum orðum lögleiddar í 1. grein frumvarpsins, og í 3. grein skilmálalaust sagt: «Í öllum þeim málum, sem eru sameiginleg með Íslandi og Danmörku, hefir Ísland löggjöf og stjórn saman við konungsríkið», á meðan ástandið eptir frumvarpi því, sem nú liggur fyrir, verður í öllu tilliti það sama, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra, þó með þeirri einu breytingu, að eptir frumvarpinu frá í hitt eð fyrra átti að eins að birta 1., 4., 5., 6., 7. og 8. grein hinna umræddu grundvallarlaga, þó að þau, eptir 3. grein frumvarpsins frá í hitt eð fyrra, ættu að vera gildandi í öllum þeim málum, sem þau eptir þessu frumvarpi eiga að vera gildandi um; en eptir þessu frumvarpi á þau lög að birta í heild sinni. Þar sem hin sameiginlegu mál í þessu frumvarpi ekki eru sèrstaklega tekin fram, einmitt vegna þess að stjórnin gat aðhyllzt óskir alþingis um að eins að nafngreina hin sèrstaklegu mál, en þingið sleppti þessari uppástungu vegna þess, að konungsfulltrúinn var henni alveg mótfallinn, en hin sèrstaklegu mál eru ákveðin, hvað efnið snertir, öldungis samhljóða uppástungum alþingis, er auðskilið, þó að hin heiðraða nefnd virðist ekki hafa skilið þetta, að munurinn á þessum tveimur frumvörpum í raun og veru ekki er neinn í þessu tilliti.

Hin fjórða mótbára snertir 4. grein frumvarpsins um árstillagið úr ríkissjóðnum til Íslands þarfa. Þessi mótbára hefir eptir minni meiningu verulega þýðingu, þó að henni sè ekki lýst svoleiðis yfir af nefndinni sem æskilegt væri. Eg skal þess vegna skýra þinginu frá því, sem eptir minni meiningu er aðalatriði þessa spursmáls. Í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis 1867 segir sem nú skal greina: »En fari svo, að alþingi aðhyllist tèð stjórnarskipunarlaga frumvarp, þá er það áform vort (konungs), að reyna að koma því til leiðar, með því að semja um það við ríkisþingið, að Íslandi verði veitt úr sjóði konungsríkisins fast árstillag 37500 rd. að upphæð, og bráðabyrgðartillag 12500 rd., sem að 12 árum liðnum verði fært niður um 500 rd. á ári, þangað til það er alveg

fallið burtu, og verða stjórnarskipunarlögin, sem í vændum eru, ekki látin ná lagagildi fyrri en búið er að veita þetta tillag». Þetta heityrði var með berum orðum bundið við þá skilmála, að alþingið aðhylltist stjórnarbótarfrumvarpið svoleiðis, að það gæti orðið lögleitt, en því fór fjærri; þingið stakk upp á breytingum við frumvarpið, sem konungurinn ekki með neinu móti gat samþykkt; en þó að heitorðið á þennan hátt væri úr gildi, því skilyrði þau, sem það var bundið við, voru frá alþingisins hálfu ekki uppfyllt, reyndi hans hátign konungurinn og stjórn hans ekki að síður, ekki einungis að koma því til leiðar með því að semja um það við ríkisþingið, sem hann hafði heitið, heldur einnig að útvega stærra árstillag handa Íslandi úr ríkissjóðnum samkvæmt óskum alþingis. En það heppnaðist ekki stjórninni að ná samþykki ríkisþingsins til þess, á meðan eg er alveg sannfærður um það, að ef stjórnarskrá alþingis hefði verið svoleiðis löguð, að hans hátign konungurinn hefði getað staðfest hana, mundi ríkisþingið mótbárulaust hafa veitt það árstillag, sem hann hafði heitið í auglýsingunni til alþingis, og ef til vill hina stærri upphæð, sem stjórnin samkvæmt óskum alþingis stakk upp á. Upphæð sú, sem nú er tiltekin í þessu frumvarpi, er, eins og þingmenn vita, hærri, en önnur deild ríkisþingsins, landsþingið, vildi ganga að, en stjórnin treystir því, að hún, ef alþingið að öðru leyti getur aðhyllzt frumvarpið, geti útvegað samþykki ríkisþingsins til þessa árstillags. Að vísu er það nokkuð lægra en það, sem ráð var fyrir gjört í hitt eð fyrra, og eptir orðum frumvarpsins meira hvikult; en eg þori að segja, að þessi hvikulleiki, þegar litið er til alls, sem í þessu tilliti á að taka tillit til, að eins er í orði kveðnu, en ekki í raun og veru, — og eg skal geta þess, að orðin: «þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, sem ríkisþingið samþykkir» eins og þau í rauninni ekki segja annað, en það sem sjálfsagt er, að því, sem er ákveðið með lögum, getur orðið breytt með lögum, en ekki aptur hitt — eins og líka með berum orðum er viðurkennt úr öllum áttum, þegar málið var rætt á ríkisþinginu — að ákvörðun þessi skuli ekki vera eins föst og varanleg, eins og ætlazt var til um tillagið, sem getið er um í konunglegri auglýsingu 31. maí 1867, að þau geta gefið alþinginu tækifæri til að 30 árum liðnum, því fyr getur með engu móti þessari ákvörðun um 30,000 rd. árstillag orðið breytt, að fara þess á leit, að tillagið verði hækkað, eins vel og ríkisþingið getur stungið upp á, að það verði fært niður. En það

er aðgætandi, að þessari upphæð ekki getur orðið breytt af ríkisþinginu einu, heldur einungis með lögum, það er af konunginum með samþykki ríkisþingsins, og mèr að minnsta kosti virðist, að hèr sè gefin Íslandi veruleg trygging.

Eg þarf, held eg, ekki að segja þinginu frá, að eg fyrir mitt leyti, ef til vill, meira en nokkur þingmaður, óska og hefi starfað að því, að árstillagið verði ákveðið svo hátt, sem mögulegt er, og þess vegna finn eg þá mótbáru, sem á við þetta að styðjast, skiljanlega, og að svo miklu leyti ætla eg ekki að mæla á móti henni. En þá er spursmèlið: er það mögulegt að vèr með nokkru móti getum fengið betri kjör með tilliti til árstillagsins, eða eru ekki meiri líkindi til að oss muni aldrei seinna bjóðast jafngóð kjör og þessi. Nefndin vísar að vísu til vorra svo kölluðu rèttarkrafa, og ekki að síður dirfist hún ekki þess, að halda þeim fastlega fram, þegar að niðurstöðunni kemur; eg held hún með þessu seinna gjöri rètt; en hvers vegna þá ginna oss með þeim? Getum vèr nokkurn tíma átt von á, að ríkisþing Dana muni viðurkenna þessar kröfur sem rèttarkröfur, eða yfir höfuð að tala, að nokkur óvilhallur maður, sem hefir skynbragð á málinu, muni verða oss samdóma í þessu? Eg er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það, að svo muni aldrei fara. Eg mundi kunna hinum heiðraða höfundi þessarar «theoriu» um rèttarkröfur vorar miklar þakkir fyrir það, ef hann gæti sannað þær á þann hátt, að ekki einungis landsmenn — því hægt er að telja mönnum trú um það, sem þeir óska og þeim er í hag — heldur einnig Danir yrðu sannfærðir um það. En mèr er það ókunnugt, hvort hann nokkurn tíma hefir reynt til þess alvarlega, á meðan það á hinn bóginn er mèr kunnugt, að honum hefir það hingað til ekki heppnazt. Að ræða þetta spursmál hèr á þinginu er til einskis gagns, bæði vegna þess að þingmenn eru svo hlutdrægir í spursmálinu, að óhugsandi er, að þeir geti dæmt með sanngirni í því, og vegna þess að hin heiðraða nefnd ekki telur vafa á, að þetta spursmál heyri undir atkvæði ríkisþingsins, þó að hún sè að öðru leyti framar á því máli, að neita ríkisþinginu um allt. Getum vèr nokkurn tíma vænt betri kjara í þessu tilliti, en þeirra, sem frumvarpið býður, og ef svo er að vèr ekki getum vænt þeirra, getum vèr þá tekið á móti sjálfsforræðinu? Þessi eru þau spursmál, sem liggja fyrir og sem þingmenn eiga að svara upp á. Það er að vísu mikil ábyrgð, sem í þessu tilliti hvílir á þinginu, og eg get vel ímyndað mèr, að

margur þingmaður kynni að óska, að hann ekki ætti að svara upp á þessi spursmál, því það er sannarlega hægra að vera án ábyrgðar; en eg skal leiða athygli þingmanna að því, að með stöðu þeirra er ábyrgðin óaðskiljanlega sameinuð. Samþykki þingið þessa ákvörðun, hefir það ábyrgð þess, að vèr getum notað sjálfsforræðið, en til þess útheimtist ekki einungis árstillagið, heldur einnig — og það á enn þá hærra stigi — dugnað og þrek. Neiti þingið samþykkinu, þá kemur einnig ábyrgðin, og þingið getur ekki huggað sig á þann hátt, sem nefndin sýnist að hafa gjört með því að skjóta málinu á frest, því með þessu er ábyrgðin ekki minni; hún er þvert á móti þeim mun stærri, sem hún eptir minni meiningu einungis getur orðið réttlætt með skorti á siðferðislegu þreki («moralsk Mod»); þetta er eptir minni skoðun einungis neyðarúrræði vegna þess að menn ekki dirfast að taka á sig þá ábyrgð, sem það er beinlínis skylda þeirra að bera. Til hvers borgar þjóðin fjarska-mikinn alþingiskostnað annaðhvort ár? Sannarlega ekki til þess að þingið skjóti öllu, sem landið mest varðar, á frest, heldur til þess að þingið gefi skýlaust álit sitt um öll þau mál, sem fyrir það verða lögð, og það svoleiðis, að ekki einungis í orði kveðnu, heldur einnig og einmitt í verkum geti ábyrgzt það, að hvert mál verði útkljáð, að svo miklu leyti það er í þingsins valdi, á sem beztan hátt. Eg get þess vegna vel skilið, að þingið geti komizt til þeirrar niðurstöðu, að það ekki þori að taka á móti sjálfsforræðinu með þeim kjörum, sem nú bjóðast, og á hinn bóginn get eg skilið, að þingið geti tekið á móti þessum kjörum, en hitt get eg ekki skilið, að þingið geti ábyrgzt það, að vísa málinu alveg frá.

Með þessari mótbáru hefir nefndin enn fremur tekið fram, að þar sem ríkisþingið ekki er búið að samþykkja árstillag það, sem ákveðið er í frumvarpinu, þá geti Íslendingar alls eigi átt það víst, að þetta tillag nokkru sinni fáist; eg skal í þessu tilliti leiða athygli þingsins að því, sem segir í ástæðunum bls. 8: «Aptur á móti má ætla eptir umræðunum um málið, að samþykki ríkisþingsins fáist til þessarar fjárupphæðar, sem þetta frumvarp ræðir um, 30,000 og 20,000 rd., svo framarlega sem stjórnarbótarmálið verður til lykta leitt samkvæmt frumvörpum þeim, sem lögð eru fyrir alþing í ár«. Af þessum orðum má ályktа tvennt: 1, að stjórnin telur það víst, að hún sè fær til að útvega samþykki ríkisþingsins til þessa árstillags, ef alþingið getur aðhyllzt frumvörp þau, sem

í ár liggja fyrir, eða að minnsta kosti aðalreglur þeirra, og 2, að ef alþingið ekki getur það, þá getur stjórnin ekki ábyrgzt að samþykki ríkisþingsins til þessarar fjárveitingar verði útvegað. En frá því get eg skýrt þinginu, að stjórnin ætlar ekki optar að leggja þetta spursmál fyrir alþingið.

Það er eptir minni meiningu kostur frumvarpsins, að þegar það verður lögleitt, eiga öll skuldaskipti Íslands og ríkissjóðsins að vera á enda kljáð, án þess að alþingi nokkru sinni hafi verið gefinn kostur á að rannsaka þessi skuldaskipti; því eg er fyrir mitt leyti sannfærður um það, að réttur reikningur — en það er einungis hann, sem gjörir góða vini — muni sýna allt önnur úrslit, en sá, sem fljótlega er gjörð tilraun til í nefndarálitinu, þar sem einstök atriði viðskiptanna milli Danmerkur og Íslands eru tekin til greina á þann hátt, sem enginn nýtur reikningsmaður getur gjört það, en hinum atriðunum alveg sleppt. Eg er fyrir mitt leyti öldungis sannfærður um, að það mundi verða Íslandi til mikils skaða, ef réttur reikningur ætti að leggjast til grundvallar við fjárhagsaðskilnaðinn, og þess vegna álít eg það mjög heppilegt, að um það getur eptir málsins eðli aldrei orðið spursmál, og eg skal þess vegna ekki spilla þingtímanum með að ræða þetta spursmál, sem eins og stendur er þessu máli alveg óviðkomandi.

Þar sem eg gjöri ráð fyrir, að hinn sérstaklegi Finantsreikningur Íslands verði hvert ár auglýstur á prenti, get eg ekki skilið, að ákvörðunin um það, að eptirrit af þessum reikningi, eða prentað exemplar af honum verði sent ríkisþinginu, sem eptir frumvarpinu hvorki á að endurskoða nè úrskurða hann, sè óaðgengileg frá Íslands hálfu.

Eg held, að eg nú hafi skýrt nákvæmlega frá öllum þeim ókostum, sem nefndin hefir fundið að frumvarpinu, og sem hún hefir drepið á í nefndarálitinu bls. 2—4, þó að hún ekki hafi fundið ástæðu til að leiða rök að þeim. Eg skal nú stuttlega taka fram hina helztu kosti frumvarpsins, sem nefndin, eptir þeirri stefnu, sem hún hefir tekið, ekki hefir fundið ástæðu til að skýra þinginu frá, þó að þetta væri skylda hennar gagnvart þinginu, sem hefir hana kosið einmitt til þess nægilega að undirbúa málið undir umræður og atkvæðagreiðslu þingsins.

Fyrsti kostur þess er sá, að frumvarpið veitir grundvallarlagalega tryggingu fyrir því, að alþinginu verði veitt löggjafarvald í öllum sérstaklegum málefnum Íslands, samkvæmt stjórnarskrá þeirri,

sem einnig er lögð fyrir þingið. Þessi trygging er vafalaust þýðingarmikil, þar sem ágreiningur er orðinn um það, hvort hin yfirskoðuðu grundvallarlög frá 5. júní 1849 séu gildandi fyrir Ísland eða ekki. Eg skal nú sem stendur ekki leiða rök að því, hvernig spursmálinu um lagagildi þessara grundvallarlaga í rauninni sé háttað, því það sjá þó allir menn, sem ekki eru aldeilis blindir, að þessi ágreiningur á sér stað. En ef svo er, þá er það vafalaust sá einasti og sá bezti vegur til að skera úr honum, sem frumvarpið fer, að ákveða í grundvallarlögunum um stöðu Íslands í ríkinu, að ágreiningurinn skuli útkljást á þann hátt, sem einmitt er Íslandi í hag, og veitir fulla tryggingu fyrir því, að skoðun alþingis um þetta spursmál eptirleiðis verði tekin til greina.

Annar kostur er sá, að uppástungur alþingis frá í hitt eð fyrra um, hver málefni framvegis eigi að vera sérstakleg fyrir Ísland, eru teknar til greina til fulls og alls, og þessu fyrirkomulagi verður gefin grundvallarlagaleg trygging. En eg skal bæta því við, að með tilliti til þess, hver mál eptirleiðis eigi að vera sameiginleg málefni Íslands og Danmerkur — eins og eg áðan tók fram — er ekki gjörð nein breyting á frumvarpi alþingis frá í hitt eð fyrra. Eg skal ekki orðlengja um þá miklu og verulegu stjórnarbót, sem með þessu gefst landinu, en einungis taka eitt atriði fram, sem sé 8. tölul. í 3. gr. frumvarpsins um það, að öll skattamál beinlínis og óbeinlínis eptirleiðis verða sérstakleg málefni Íslands undir löggjafarvaldi konungs og alþingis. Þó ekki væri annar kostur í öllu frumvarpinu en þessi eini, gæti eg hugsað mér, að sú réttarbót virtist alþinginu svo mikilsvarðandi fyrir land og lýð, að það væri varúðarvert eigi að þiggja hann, þegar hann væri í boði.

Eptir að nefndin á þennan hátt hefir lýst yfir ókostum frumvarpsins, snýr hún sér til þeirra rannsóknargjörða, sem eg áður gat um, og sem að vísu væru fróðlegar, ef þær hefðu verið annað en nokkurs konar bergmál af því, sem félagsritin nú í mörg ár hafa prédikað, og sem hefir fengið fulla áheyrn hjá landsmönnum, en sem því miður er þess eðlis, að einungis þeir, sem þessi útlistun er í hag, geta orðið sannfærðir við hana. Nefndin þurfti ekki þessarar útlistunar við gagnvart þeim þingmönnum, sem þekkja málið einungis frá félagsritunum, því þeir eru búnir að kynna sér það, sem hún hefir tekið fram — en stjórnin þekkir líka þessa útlistun, og hefir nákvæmlega yfirvegað allt það, sem í þessu tillit

getur orðið sagt, og þess vegna er þessi útlistun eins óþörf gagnvart stjórninni, og hún er gagnvart þinginu. En þar að auki er það sjálfsagt, að stjórnin leggur ekkert frumvarp fyrir þingið til þess að hefja sögulegar umræður (historisk Discussion) um atriði þau, sem alveg ekki liggja fyrir í málinu. Því það sjá þó allir lifandi menn, að það, sem fram fór árið 1848, og sem er undirstaða þeirra umræðna, sem síðan hafa verið haldnar milli stjórnarinnar og alþingis í þessu máli — það var með engu móti að koma nýju fyrirkomulagi á hið stjórnarlega samband milli Íslands og Danmerkur, heldur einungis það, að hans hátign konunginum allramildilegast þóknaðist að lofa þegnum sínum stærri hlutdeild í löggjöfinni. Þetta er deginum ljósara öllum þeim, sem hafa lifað í Danmörku það umgetna ár, og allt það, sem framfór í þessu tilliti, sýnir og sannar, að þetta eitt var tilgangur konungsins. Eg skal tiltaka opið brèf frá 4. Apríl 1848, þar sem konungurinn ekki hèt öllum þegnum hlutdeild í stjórn málefna ríkisins — eins og segir í nefndarálitinu bls. 10 — en þar sem hann einungis samankallaði hin ráðgefandi standaþing bæði í Danmörku og í Slèsvík til þess að þau samkvæmt tilsk. 28. maí 1831 § 8 skyldu segja álit sitt um samanköllun ríkisþings, sem konungurinn ætlaði að leggja fyrir lagafrumvarp til stjórnarskrár og viðvíkjandi »Omorganisation af Provindsialstænder-Institutionen« (nýtt fyrirkomulag á umdæmastandaþingunum, og frumvarp til kosningarlaga handa þvílíkum ríkisfundi) — þá komu kosningarlögin frá 7. júlí 1848, sem fara einmitt sömu orðum um ætlunarverk ríkisþingsins, og ákveða, að á þessu ættu 5 þingmenn að taka sæti fyrir hönd Íslands, og að konungurinn sjálfur mundi kjósa þá, að svo miklu leyti sem unnt væri meðal alþingismanna. Þá kemur konungsbrèfið frá 23. sept. 1848 til stiptamtmannsins yfir Íslandi, sem hann auglýsti fyrir almenningi þann 26. okt. s. á. og sem sumpart skýrir frá ástæðum þeim, sem ollu því, að hinni sömu aðferð og í Danmörku eigi varð komið við, hvað fulltrúa-völ á ríkisfundinn fyrir Ísland snertir, sumpart gefur heitorð það, sem hefir verið misskilið á þann hátt, að nefndin hefir álitið, að það heimili Íslendingum ekki einungis átyktunarvald um stjórnarskrá í sèrstaklegum málefnum landsins, heldur einnig ályktunarvald með tilliti til stöðu Íslands í ríkinu. Eg skal lesa upp orð brèfsins frá 23. sept. 1848, en þau eru sem nú fylgir:

»Þar eð vèr, sökum atriða þeirra, er vèr nú töldum, höfum

orðið að veita Íslendingum hluttekningu þá, er þeim að tiltölu bar í aðgjörðum um stjórnarlögunina á ríkisfundinum, nokkuð á annan hátt en þegnum vorum í Danmörku, skaltu enn fremur lýsa því fyrir þjóðinni, að það engan veginn er áform vort, að aðalákvarðanir þær, sem, þá er litið er til Íslands sérstaka ásigkomulags, þættu nauðsynlegar til að skipa stjórnarlögun landshluta þessa samkvæmt aðalstjórnarskipun ríkisins, skuli að fullum lögum verða, fyrri en Íslendingar sjálfir á fundi í landinu eru búnir að segja álit sitt um þær. Og skal það, er í því tilliti þurfa þykir, verða lagt fyrir alþingi á enum næsta lögskipuðum fundi þess. Þetta er vilji vor. Vèr felum þig guði á vald!«

Eptir þessu er það auðsætt, að þar sem hluttekning í aðgjörðum um stjórnarlögunina á ríkisfundinum kringumstæðna vegna var veitt Íslendingum nokkuð á annan hátt en Dönum, en sem ekki að síður í raun og veru var veitt þeim, þá var það áform konungsins, að aðalákvarðanir þær, sem, þá litið er til Íslands sèrstaklega ásigkomulags, þættu nauðsynlegar til að skipa stjórnarlögun landshluta þessa samkvæmt aðalstjórnarskipun ríkisins, ekki skuli að fullum lögum verða fyr en Íslendingar sjálfir á fundi í landinu eru búnir að segja álit sitt um þær.

Má eg spyrja hina heiðruðu nefnd, hvernig hún, ef hún hefir lesið þetta konungsbrèf, og eg gjöri ráð fyrir því, að hún hafi gjört þetta, getur sagt, að þetta konungsbrèf heimili alþingi eða einhverjum öðrum fundi í landinu ályktunarvald?

En þá kemur auglýsingin til alþingis frá 19. Maí 1849, sem eptir áliti nefndarinnar enn skýrar en áður tekur þetta heit konungsins fram, og í henni segir sem nú skal greina: «Þar sem vort trúa alþingi hefir þegnlega beðið um nokkrar breytingar á skipun alþingis gjörum kunnugt, að vèr, eptir konunglegu loforði voru í brèfi voru 23. sept. í fyrra látum nú bera undir þingið frumvarp til kosningarlaga, og á eptir því að kjósa þingmenn, er falið skal á hendur að starfa að frumvarpi, sem skipar fyrir, hverja stöðu Ísland skuli hafa í fyrirkomulagi ríkisins, og segir um leið, hvernig breyta skuli alþingi og starfa þess».

Eg held, að hinir heiðruðu þingmenn sjálfir geti dæmt um það, hvort það, «að starfa að frumvarpi», sè það sama sem að samþykkja frumvarp; eptir minni þekkingu á íslenzkri tungu inniheldur þetta orð «að starfa» ekki hugmyndina um samþykktarvald, og eg hefi árangurslaust leitað skýringar um þetta, bæði hjá

valinkunnum mönnum og í orðabókum þeim, sem eg hefi til umráða, sem sè eptir E. Jónsson og eptir Halldór Kr. Friðriksson — en eg skal bæta því við, að þar sem hinn danski texti þessarar auglýsingar, eptir því sem þá tíðkaðist, var frumritið, en hinn íslenzki texti að eins útlegging, þá verða hvort sem er orð hins danska texta þau, sem á að taka til greina, þegar vafi getur leikið á orðatiltækjum, og um það get eg fullvissað þingið, að þau orð, sem standa í auglýsingunni «at forhandle Udkast» ekki með nokkru móti getur skilizt á þann hátt, sem nefndin tekur fram, að þau miða til þess, að alþingið eða einhver annar fundur í landinu hafi samþykktarvald í þessu máli.

Þjóðfundurinn 1851 var svoleiðis kominn saman, eins og með berum orðum segir í ástæðunum til þess frumvarps um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, sem lagt var fyrir þjóðfundinn, einungis til að segja álit sitt um frumvarp til laga um stöðu Íslands í ríkinu, en þar á móti ekki til að samþykkja þetta frumvarp, og þetta hefir aldrei verið viðurkennt frá stjórnarinnar hálfu, heldur einmitt beinlínis neitað, — en eg skal að eins benda til Rescr. 12. maí 1852 og auglýsinga þeirra, sem seinna eru komnar til alþingis. Konungsfulltrúinn í hitt eð fyrra veitti upp á eigin ábyrgð alþinginu í hitt eð fyrra þetta samþykktarvald í þessu máli og í þetta skipti. Eg skal með tilliti til þessa skýrskota til alþingistíðindanna bls. 845, þar sem konungsfulltrúinn með berum orðum tók fram það, sem nú skal greina: «Eg skal með tilliti til ræðu hins háttvirta forseta að eins geta þess, að þegar eg hefi sagt, að hans hátign konungurinn í þessu máli veiti þinginu samþykkjandi vald, þá er það sjálfsagt, að þessi orð mín að eins snerta þetta mál, sem hèr ræðir um, og í þetta skipti», og bætti hann því við, að hann hefði eigi myndugleika til að tala um annað en það, sem við kæmi þessari samkomu þingsins. Enn fremur segir konungsfulltrúinn bls. 964: «Sjálfsagt hefi eg ekki neitt umboð til þess í nafni hans hátignar að tilsegja alþinginu annað og meira en það, er varðar þetta þing, þessa samkomu alþingis, því það er einungis við alþing 1867 að eg er konungsfulltrúi, og eg hefi engan myndugleika til með mínum orðum að binda stjórn konungsins andspænis öðrum samkomum alþingis, en þeirri, sem nú er við að líða undir lok». Loksins skal eg bæta því við, að þegar konungsfulltrúinn í hitt eð fyrra tilsagði þinginu samþykkjandi vald í það skipti, þá tók hann optar en einu sinni skýrt og skorinort fram,

að sèrhver breyting á frumvarpi stjórnarinnar, sem raskaði grundvelli þeim, sem það var byggt á, mundi spilla málinu. Eins og þingmenn vita, aðhylltist þingið ekki að síður breytingar nokkrar, sem voru þess eðlis, að hans hátign konungurinn ekki hefir getað staðfest frumvarpið, þó að eg þori að segja, að konungsfulltrúinn skýrt leiddi athygli þingsins að því, að svo mundi árangurinn verða. Það er þess vegna einungis þinginu í hitt eð fyrra, en hvorki stjórninni nè konungsfulltrúanum að kenna um það, að frumvarp það, sem lagt var fyrir þingið, ekki hefir verið lögleitt.

Eg skal ekki ræða um það frá þessari stöðu, hvernig ríkisþing Dana mundi hafa tekið í málið, ef alþingið hefði samþykkt frumvarpið með þeim breytingum, sem hans hátign konungurinn hefði getað aðhyllzt, því það spursmál liggur ekki fyrir nú sem stendur; en þegar konungurinn ekki gat samþykkt frumvarpið, og spursmálið um þetta á þann hátt lá óákveðið, þá tók ríkisþingið í málið, eins og þingmönnum er kunnugt, og heimtaði sem skilyrði fyrir því, að það veitti árstillag til sjóðs Íslands, að fyrirkomulagið um stöðu Íslands í ríkinu yrði samþykkt af ríkisþinginu. Þar sem nú, þegar um stöðu Íslands í ríkinu ræðir, vafalaust eru tveir málspartar, annar ríkið en hinn Ísland, er krafa ríkisþingsins eðli málsins alveg samkvæm, og mèr getur ekki skilizt, hvernig nefndin af þeirri ástæðu getur stungið upp á að vísa málinu frá, því auðsætt er það, að eptirleiðis getur ekki orðið spursmál um, að skera úr þessu máli nema með samþykki ríkisþingsins, og eg skal bæta því við, að eg fyrir mitt leyti aldrei hefi verið í vafa um það, að til þess að frumvarpið frá 1867 yrði lögleitt á þann hátt, að það gæti veitt Íslandi verulega tryggingu, útheimtist samþykki ríkisþingsins, sem eg að vísu gjörði ráð fyrir að ríkisþingið mundi veita, án þess að skipta sèr af hinum sèrstöku atriðum frumvarpsins, ef ríkisþinginu virtist það vera samkvæmt grundvallarlögum ríkisins.

Í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir, eru ákvarðanirnar um stöðu Íslands í ríkinu í öllu verulegu samkvæmar þeim, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra; að minnsta kosti hefir nefndin ekki bent að neinum verulegum mun í þessu tilliti, og einmitt þess vegna er stjórnarbótarfrumvarpinu skipt í tvennt, eins og það nú liggur fyrir, að í öðru eru ákvarðanir þær, sem ekki geta orðið lögleiddar án samþykkis ríkisþingsins, en í hinu eru þær, sem snerta Ís-

lands sèrstaklegu málefni, og þess vegna ekki þurfa samþykkis ríkisþingsins við.

Eg skal ítreka það, sem mèr þykir vera aðalatriði málsins, að hvorki árið 1848 nè nokkurn tíma seinna hefir verið spursmál um það, að koma nýju fyrirkomulagi á stöðu Íslands í ríkinu; hún er fastákveðin fyrir rás viðburðanna, eins og að orði kveður í ástæðunum, og að þetta spursmál alveg ekki liggur fyrir nú sem stendur, eða mun verða lagt fyrir alþingi eða annan fund í landinu til þess að efna loforð konungsins frá 1848.

Þetta loforð er nú efnt til fulls og alls, þegar búið er að ræða þetta frumvarp, og það er þess vegna nú komið undir aðgjörðum þingsins, hvernig úrslitin eiga að verða á þessum umræðum, sem tekið hafa nálægt 20 ára tíma. Ef alþingið fer þann veg, sem nefndin stingur upp á, þá sleppir það málinu alveg úr hendi sèr; það kemur ekki aptur, um það get eg fullvissað þingið, hvorki til alþingis, nè til annars fundar hèr í landinu.

Alþingið hefir sjálfsagt alveg frjálsan atkvæðisrètt í þessu máli, og í öðrum, sem verða lögð fyrir þingið til þess að það segi álit sitt um þau. Það, sem á ríður er það, að alþingið noti sèr þennan rètt skynsamlega og vel; ef þingið gjörir þetta, þá getur það borið þá ábyrgð, sem rètturinn hefir í för með sèr, en ef þingið fer óskynsamlega og án þess nákvæmlega að hafa yfirvegað málið, eins og það liggur fyrir, þá verður þingið að ábyrgjast árangurinn af meðferð þess á málinu. En það verður árangurinn, ef þingið fer þann veg, sem nefndin stingur upp á, að hans hátign konungurinn ekki optar lætur leggja stjórnarbótarmálið fyrir þingið, og þessi árangur er alveg eðlilegur, því vegur sá, sem nefndin stingur upp á að þingið fari, sýnir og sannar ljóslega, ef þingið aðhyllist hann, að það vantar þá alvöru og dugnað, sem er nauðsynlegt skilyrði fyrir, að þjóðleg stjórnarskipun geti orðið landinu að notum.

Eg skal með þessum athugasemdum biðja hina heiðruðu þingmenn vel og vandlega að yfirvega þetta mikilsvarðandi mál, sem nú í seinasta skipti liggur fyrir þinginn til yfirvegunar, og eg skal ítreka það, að þingið, ef það nú vísar málinu frá sèr, eins og nefndin stingur upp á, ekki getur kennt öðrum en sjálfu sèr um það, ef það fær önnur úrslit en þau, sem eru landinu í hag.

Framsögumaður: Þegar eg nú stend upp til þess, að svara hinni löngu ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa, verð eg að biðja

þingmenn að virða mèr til vorkunar, það sem áfátt verður, og dæma mig vægilega, því að bæði er það, að mèr er ekki jafnliðugt um mál og eg vildi óska; og vildi eg óska, að mèr væri málsnilld gefin, og svo er það annað, að eg ekki er alls kostar heill heilsu.

Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gaf nefndinni töluverðar ávítur fyrir það, að nefndarálitið væri of langt, og að hin sögulega rannsókn væri málinu óviðkomandi, þá verð eg frá mínu og nefndarinnar sjónarmiði að mótmæla því, að svo sè. Þegar vèr lítum á, hvað oss nú er boðið í frumvarpi því, sem hèr ræðir um, á það, sem gjörðist á ríkisþingi Dana í vetur, og á það, sem nú segir í ástæðunum fyrir hinum konunglegu frumvörpum, þá fannst oss með öllu nauðsynlegt, að rekja þessa rás viðburðanna, sem gjört hefir Ísland að óaðskiljanlegum hluta úr konungsríkinu, lagt oss undir löggjafarvald og yfirráð ríkisþingsins, eða með öðrum orðum: gjört oss að þegnum, eigi þegnum Danakonungs, heldur að þegnum þegnanna; því að það verðum vèr sannarlega, ef þetta frumvarp nær lagagildi og ríkisþingið fær það löggjafarvald yfir oss, sem því er þar ætlað. Oss þótti því nauðsynlegt, að skoða þessa rás viðburðanna, til þess að komast að vissu um, hvort rèttur vor væri eigi meiri en ríkisþingið vill láta hann vera, og stjórnin nú í ástæðum sínum lætur í ljósi. Það var sannarlega skylda nefndarinnar, að rannsaka þetta, og get eg því ekki skilið, að nefndin í nokkurn handa máta hafi brotið gegn skyldu sinni með þessu; hún átti marga fundi með sèr, til að ræða frumvörpin, bæði hinar sèrstöku ákvarðanir þeirra, og undirstöðu þessara ákvarðana, og sömuleiðis þær afleiðingar, sem af hverju einu mundi leiða, og eg er sannfærður um, og eg vona, að allir þingmenn sèu sannfærðir um, að nefndin í þessu efni einmitt hefir gjört skyldu sína. Nefndin og þingið á eptir hefir hvort um sig hinn fyllsta rètt til þess að taka málið fyrir í heild sinni, án þess að fara út í hinar einstöku greinir þess, og hafi konungsfulltrúi átt við, að nefndin hafi verið skyldug til, að gjöra grein fyrir ástæðum sínum, hvers vegna hún komst að þeirri niðurstöðu, sem hún komst, þannig, að hún rekti hverja einstaka grein, þá verð eg öldungis að mótmæla því. Það er sannlega nóg, þegar nefndin sýnir gallana á frumvarpinu, og dregur ástæður sínar út úr ýmsum ákvörðunum þess, þótt hún eigi færi að taka fram hverja einstaka grein. Þegar hinn hæstvirti konungsfulltrúi kom að greinum frumvarpsins, sagði hann fyrst, að ástæðulaust væri fyrir nefndina, að neita því, að hin sam-

eiginlegu mál heyrðu undir ríkisþingið, að því er Ísland snertir. En til þess að sýna þetta, var nauðsynlegt, að rekja söguna. Það þurfti að sýna, hvaða rètt Ísland hafði, og hvert sambandið var millum Íslands og Danmerkur 1848, eða þegar grundvallarlögin voru samin og samþykkt. Alþingi stóð í öllu jafnfætis standaþingunum í Danmörku, en alls eigi undir þeim; fyrir standaþingin voru lögð hin sèrstaklegu mál Danmerkur, eins og fyrir alþingi þau mál, er vörðuðu Ísland sèrstaklega; fyrir standaþingin voru engu fremur lögð Íslands mál, heldur en hin sèrstöku mál Danmerkur fyrir alþingi. Auk þess voru hin almennu mál lögð fyrir standaþingin; en konungsúrskurður 10. dag nóvemberm. 1843 segir og, að hin almennu mál skulu og lögð fyrir alþingi. Af þessu er þá auðsèð, að alþingi hlýtur að hafa hin sömu rèttindi og hin önnur standaþing, og standa þeim að öllu jafnfætis, og að hin danska þjóð hefir alls ekkert meira eða umfangsmeira löggjafarvald, en alþingi. Nú kemur konungsbrèf 4. apríl 1848; það heitir öllum þegnum Danakonungs hlutdeild í stjórn málefna ríkisins, og að fyrir þá skuli lagt frumvarp um hluttöku þessa. Í þessu brèfi er svo að orði kveðið, að frumvarp muni verða «forelagt», og þegar á þing kemur 1848, segir hinn æðsti ráðgjafi, að það sè alls eigi tilætlunin, að frumvarp það, sem fyrir var lagt, skyldi verða að lögum, nema því að eins, að ríkisþingið fallist á það, eða stjórnin á breytingarnar, eða með öðrum orðum: nema því að eins, að samkomulag komist á milli þingsins og stjórnarinnar; náist það eigi, verði öðru þingi stefnt saman, og frumvarpið lagt fyrir það. Á hinn bóginn er heitorð konungs til Íslendinga í opnu brèfi 23. sept. 1848, að ekkert skyldi af ráðið verða um Íslands málefni, fyr en sèrstakt þing í landinu sjálfu hefði verið heyrt um það mál, og í auglýsingu konungs til alþingis 1849 er það enn skýrar tekið fram. Nú virðist auðsætt, að orðið «hört» í þessu brèfi hafi sömu þýðingu og «forelagt» í hinu, að minnsta kosti get eg eigi skilið það öðruvísi. Þegar nú konungur segir, að frumvarpið, sem lagt var fyrir ríkisþingið, skuli eigi verða að lögum, nema því að eins að ríkisþingið komi sèr saman við hann, þá veitir hann því samþykktaratkvæði; þegar æðsti ráðgjafinn enn fremur segir á ríkisþinginu 1848, að Íslands mál verði ekki þar útkljáð, því það mál verði að leggja fyrir þing á Íslandi, þá finnst mèr auðsætt, að stjórnin hefir svo til ætlazt, að Íslendingar hefðu hið sama samþykktaratkvæði um sín mál, og Danir um sín mál; og á umræðunum á ríkisþinginu

1848—49 er auðsèð, að þingið þá eigi hefir hugsað, að grundvallarlögin næðu gildi á Íslandi, fyr en Íslendingar væru búnir að leggja samþykkt sína á þau, en telja það óþarft, að taka það fram með berum orðum; því að í konungsbrèfi 23. sept. 1848 sè því lofað. Enn fremur segir dómsmálastjórnin í brèfi til fjárhagsstjórnarinnar 27. apríl 1863, að fjártillagið sè hið eina atriði úr Íslands málum, sem spurning geti verið um, að leggja eigi fyrir ríkisþingið. Í öllum umræðunum á ríkisþinginu í vetur hef eg ekki heldur fundið neina ástæðu tekna fram fyrir því, að grundvallarlögin frá 1849 gildi hèr á landi, nema þá einu, sem Lehmann tók fram, að 5 Íslendingar hefðu setið á ríkisþinginu 1849. Eg vil nú spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa: ef grundvallarlögin hafa náð gildi hèr á landi fyrir það, að Íslendingar áttu setu á ríkisþinginu 1848, hve nær misstu þá Íslendingar rèttinn til þess að vera með, að ræða grundvallarlaga-breytinguna 2. okt. 1855, eða hin yfirskoðuðu grundvallarlög 28. júlí 1866? eða áttu þau að ná gildi hèr, þótt Íslendingar ættu þar engan þátt í? Eg vona, að það sè auðsætt öllum, að þetta er hvað á móti öðru, því annaðhvort er það, að Íslendingar eru með öllu rèttlausir, eða þeir hafa haft fullan rètt til, að taka þátt í samningi þessara seinni laga, úr því gildi hinna fyrstu laganna er stutt við hluttöku Íslendinga í samningi þeirra. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að það væri ranghermt af nefndinni, að stjórnarskrá Íslands ætti að leggjast fyrir ríkisþingið. Eg skil ekki, hvernig nokkur sá maður, sem hefir lesið frumvörpin, og það sem fram hefir farið á ríkisþinginu í vetur, fer að segja slíkt. Eg skal einungis benda honum á það, sem stendur í ríkisþingstíðindunum frá í vetur; eg skal leyfa mèr að lesa upp það, sem stendur á bls. 170 í Fèlagsritunum nýju (í nefndaráliti því, sem samið var á landsþinginu): «Á hinn bóginn getur ríkisþingið ekki sleppt þeim rètti, að hafa tilsjón með því, að ekkert verði sett inn í stjórnarskipun þessa (þ. e.: hin sèrstaklegu stjórnarlög), sem sè gagnstætt rètti hins danska ríkis; með öðrum orðum: stjórnarskipun þessi getur ekki náð lagagildi fyr, en ríkisþingið hefir lagt á hana samþykki sitt», og á bls. 171 stendur úr hinu sama nefndaráliti: «Samþykki ríkisþingsins verður að koma beinlínis fram, en þó að eins um málið í heild sinni» (*Pètur Pètursson*: Já eða nei!). Það er satt, en á bls. 190 segir Lehmann, sem var framsögumaður í málinu: «Eg álít, að ríkisþingið enn fremur geti sleppt öllu tilkalli til, að láta leggja hina sèrstaklegu

ístenzku stjórnarskrá fyrir sig til samþykktar, grein fyrir grein, og að það geti veitt samþykki sitt með einu atkvæði, já eða nei«. Í þessu felst það beinlínis, að ríkisþingið getur neitað, að samþykkja stjórnarskrána, ef því ekki líkar eitthvað. *(Pètur Pètursson*: Ekki í frumvarpinu. *Forseti*: Jú!). Í frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþingið í vetur, hljóðar 3. greinin þannig: «Konungur og alþingi í sameiningu hafa á hendi stjórn hinna íslenzku fjárhagsmálefna, og hafa umráð yfir hinum íslenzku þjóðeignum og sjóðum, samkvæmt stjórnarskrá Íslands», og 4. greinin er þannig: «Ríkisþingið til tekur með sèrstakri ályktun, frá hvaða tíma lög þessi öðlast lagagildi». Liggur nú ekki beinlínis í þessu, að ríkisþingið skuli leggja samþykki sitt á, hve nær Íslendingar skuli fá fjárforráð? Þegar menn nú gæta að því, að í ástæðunum fyrir 1. gr, frumvarpsins stendur: «Í stjórnarskránni um hin sèrstaklegu málefni Íslands á heima að setja ákvarðanirnar um framkvæmd löggjafarvaldsins í þeim málum, en aptur er ákvörðunin um þetta, að konungur og alþingi skuli í sameiningu hafa á hendi þetta vald, og umráðin yfir fjárhag Íslands, mjög þýðingarmikil ákvörðun í tilliti til hinnar stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu, og þess vegna er hún tekin upp í þetta frumvarp», og enn fremur stendur í ástæðunum fyrir 2. grein: «Það virðist ekki vera þörf á, að sýna nákvæmar fram á, að undirstöðuatriðin í fyrirkomulaginu á framkvæmdarvaldinu í hinum sèrstaklegu málefnum Íslands eru sömuleiðis verulegur þáttur í þeim ákvörðunum, sem eiga heima í frumvarpinu um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu». Þá stendur enn fremur í ástæðunum fyrir hinu frumvarpinu: «Í frumvarpi til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, eru tekin aðalatriðin úr hinni sèrstaklegu stjórnarskipun landsins, einkum að því er snertir löggjafar- og framkvæmdarvaldið, af því að samþykki ríkisþingsins er nauðsynlegt til fyrirkomulagsins á þeim undirstöðuákvörðunum, sem að þessu lúta, en frumvarp það, sem hèr er umtalsefni, miðar aptur sèr í lagi til þess, að koma á hinum nákvæmari ákvörðunum, sem með þarf um, hvernig þetta vald skuli framkvæmt í hinum sèrstaklegu málefnum landsins». Af þessu vona eg, að öllum sè ljóst, að ríkisþingið í Danmörku á að leggja samþykki sitt á stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands, og nefndin hefir því öldungis ekki mishermt þetta.

Hið annað atriði, sem konungsfulltrúi kom fram með móti

nefndinni, var um ráðgjafaábyrgðina. Hann sagði, að ábyrgð þessi væri örðugleikum bundin. Jú, nefndin játar fyllilega að svo sè; en allt um það geta þeir örðugleikar alls eigi verið næg ástæða til þess, að Íslendingar sleppi henni; því að hún er eitt af þeim atriðum, sem verður að fást, ef nokkurt frjálslegt stjórnarfyrirkomulag á að geta komizt á; og hún er og eitt af þeim atriðum, sem beinlínis heyrir inn í hina sèrstaklegu stjórnarskrá Íslands. Eg vil ekki að þessu sinni tala um, hvernig ábyrgð þessi er, en víst er um það, að hún er önnur en sú, sem alþingi samþykkti 1867. Hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að ábyrgðin væri í raun og veru þýðingarlítil; hún væri mest komin undir prentfrelsi, löggjafarvaldi alþingis, o. s. frv. — Það getur nú, ef til vill, verið satt, að ábyrgðin sè þýðingarlítil, þegar til framkvæmdarinnar kemur; en sè hún þýðingarlítil fyrir oss, þá hlýtur það einnig að vera þýðingarlítið fyrir Dani, að áskilja, að ábyrgðin sè eigi fyrir alþingi, heldur fyrir ríkisþinginu, og þeim ætti hún ekkert kappsmál að vera, og hví vilja þeir þá gjöra það að því undirstöðuatriði, sem eigi megi breyta? En hafi ábyrgðin nokkra þýðingu fyrir ríkisþingið, þá hefir hún einnig þýðingu fyrir oss; en hún verður með öllu þýðingarlaus fyrir oss, eptir því sem stjórnin nú ætlast til; því að það liggur í augum uppi, að þegar alþingi á að biðja fólksþingið um, að koma fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum, þá verður alls eigi til þess ætlazt, að ríkisþingið dragi þann ráðgjafa til ábyrgðar, sem það, ef til vill, fyrir engan mun vill missa úr stjórninni, þó að Íslendingum þyki sèr í einhverju vera misboðið. Alþingi er því algjörlega svipt atkvæði í hinum sameiginlegu málum eptir frumvarpi því, sem liggur fyrir. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sýndi alls ekki fram á, hverjar breytingar vèr mættum gjöra á frumvarpinu; en sagði að eins, að vèr mættum ekki hreifa við grundvelli þess; en hverjar breytingar megum vèr þá gjöra? ef vèr að eins megum gjöra orðabreytingar, þá er það sama sem engar breytingar. Eg held, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi líka farið nokkuð fljótt yfir söguna, að því er 3. grein frumvarpsins 1867 snertir; hann sagði, að hún væri löguð eptir því, sem alþingi stakk upp á 1867; en þegar vèr gætum að 3. greininni 1667, eins og þingið samþykkti hana, þá verður ljóst, að hún er allt annað, en það, sem oss nú er boðið. Því að í henni segir: «Í þessum málum, sem sameiginleg eru með Íslandi og Danmörku, tekur Ísland engan þátt fyrst um sinn, hvorki í stjórn þeirra nè

löggjöf, nè heldur byrðum þeim eða gjöldum, sem af þeim leiðir, þangað til hagur landsins er kominn í það horf, að það leggi til almennra þarfa Danaveldis, en þá ákveður konungur og alþingi í sameiningu með lögum um hluttöku Íslands í löggjöf og stjórn sameiginlegra mála, og um fjártillag til þeirra og byrðir frá Íslands hálfu». Nú virðist mèr auðsætt, að þetta er allt annað, en það sem oss er boðið í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir þinginu. Það er þó auðsætt, að það er sitt hvað, hvort konungur og alþingi hefir löggjafarvaldið, eða það er konungur og ríkisþingið, og alþingi kemur þar hvergi nærri, eins og það á nú að vera eptir frumvarpi þessu. Nú má svo að orði kveða, að ríkisþing Dana eigi að ráða lögum og lofum hèr. Þetta liggur í augum uppi, og það mætti, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi komst að orði, vera blindur maður, sem ekki sæi þennan fjarskamikla mismun (*Konungsfulltrúi*: Nefndin hefir ekki bent á þetta). Nefndin þurfti ekki beinlínis að taka þetta atriði fram, því að hún var búin að sýna, að svo miklir og stórkostlegir ókostir væru á frumvarpinu, að það væri með öllu óaðgengilegt, þegar ekki mætti hreifa við grundvelli þess, og því þótti henni óþarfi, að fara út í hverja einstaka grein þess og rekja hvern einstakan galla; hún varð að telja það nóg, að hún sýndi svo mikla ókosti á því, að það væri óhafandi, þótt hún teldi þá eigi alla. Þá var enn eitt atriði hjá hinum hæstvirta konungsfulltrúa, er eg vil minnast á, og það er um grundvallarlögin. Það er mikill munur á því, sem stendur í 1. grein frumvarpsins 1867, um, að 1., 4., 5., 6., 7. og 8. grein í grundvallarlögunum frá 1849 skuli vera gildandi hèr á landi, eða að grundvallarlögin skuli vera það í heild sinni. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi getur ekki neitað því, að það er margt og mikið í þessum lögum, sem eigi getur átt við hèr á landi nema að hálfu leyti, og margt það, sem alls ekki á við. Af slíkum lögum mundi rísa ágreiningur og ósamlyndi milli Íslendinga og samþegna vorra í Danmörku í staðinn fyrir sátt og samlyndi.

Þá kemur árstillagið, og skal eg leyfa mèr að svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa nokkrum orðum um það atriði, og skal eg þá fyrst geta þess, að þar sem þetta árstillag er svo hvikult og óbundið, og ríkisþingið þykist gefa oss það sem náðargjöf og af eintómri miskunnsemi, þá þótti nefndinni nauðsynlegt, að rannsaka, hvort svo væri í raun og veru, eða hvort vèr ekkert rèttartilkall hefðum til neins árstillags úr ríkissjóði Dana, og er vèr nefndar-

menn vorum komnir að fastri niðurstöðu í því atriði, þá að taka fram réttarkröfur vorar, til þess að auðsætt gæti orðið, hvort árstillagið væri veitt oss af einskærri náð. Eg ætla, að allir verði að játa, sem nokkurrar sanngirni vilja gæta, að nefndin hafi farið mjög vægilega í þetta; hún hefir sleppt mörgu því, er hún hefði getað til talið. Þannig hefir hún alls engar tekjur talið af brennisteinsnámunum; þannig hefir hún heldur eigi talið neina tolla eða tekjur af verzluninni fyrir 1602, og eigi minnzt á verzlunina frá 1786 til 1854, að hún var laus látin, og þó segir stjórnin sjálf um það atriði, mig minnir 1848 eða 1849, að ekki væri tölum teljandi, svo að eg hafi sömu orðin og ráðgjafinn, tjón það, er Íslendingar biði af verzlunartilhöguninni, sem þá var, og á hinn bóginn hagur sá, er verzlunarstéttin í Danmörku, og einkum í Kaupmannahöfn, hafi af henni. Það væri vissulega sanngjarnt, að tillit sé tekið til þessa, og tillagið mætti vissulega verða hærra fyrir þá sök. Þegar konungsfulltrúi sagði, að heitorð konungs um fjártillagið hefði eigi verið bindandi lengur, en til þess að Íslendingar hefðu verið búnir að hafna frumvarpi því, sem fyrir alþingi var lagt 1867, þá verð eg að leyfa mèr að gjöra þá athugasemd, að það er vissulega nokkuð laust heitorð, sem þannig er á sig komið, að því er brugðið með öllu, undir eins og þingið stingur upp á einhverjum breytingum í frumvarpinu. Eg skal láta það ósagt, hvort ríkisþingið hefði veitt fjárupphæð þá, sem stjórnin lofaði að útvega 1867, eða jafnvel aðra meiri, ef alþingi 1867 hefði fallizt á frumvarpið. Mèr þykir þess litlar líkur. Alþingið 1867 slakaði svo mikið til, sem því var auðið; það lèt allt það standa óhaggað, sem með nokkru móti gat staðizt, og lèt jafnvel sumt það standa, sem eigi á nokkru byggðu bóli annarstaðar mundi hafa verið látið standa, t. a. m. hina föstu fjárhagsáætlun; eg ætla því, að næsta lítil ástæða sè til að halda, að ríkisþingið hefði veitt það, sem um var beðið, því síður meira, þótt þingið hefði gengið að frumvarpinu óbreyttu, enda sèst það á umræðunum á ríkisþinginu í vetur, að það ætlar ekki að hlaupa að því verki, að játa rètt vorn eða kröfur; á það benda önnur eins orð og þessi: «Þar verður skaði að vera sem skellur», og «ekki tjáir að fást um orðinn hlut»; þetta stendur á bls. 173, og eru þau orð töluð af framsögumanni nefndarinnar í landsþinginu, er síðan hefir gefið út nefndarálitið og ræður sínar, sem skoðun landsþingsins í heild sinni. Hann þykist vilja gefa oss 15,000 rd. árstillag, af eintómri miskunnsemi, sem hann kallar fast, en segir

þó um leið, að Danir geti tekið það af oss, þegar þeir vilji, og jafnvel lagt á oss tolla án þess að spyrja oss að; þetta er sú skoðun, sem ríkir á landsþinginu í vetur, og dómsmálastjórinn segir sjálfur (bls. 218): «Ríkisþingið getur verið óhrætt um, að það getur komið sèr saman við stjórnina, — og þau hvorttveggja hafa yfirráðin og valdið — um að setja tillagið niður, eða þá að koma því á, sem opt hefir verið talað um, sem er, að leggja gjöld á Ísland til ríkismálanna»; og á bls. 227 segir Lehmann: «Eg er alveg samdóma dómsmálaráðgjafanum, að ekki er takanda í mál, að samþykki alþingis þurfi til þess, að heimtað verði fègjald og útboð af Íslandi». Þegar slík orð koma frá framsögumanni nefndar þeirrar, sem sett var í málinu, og frá ráðherra dómsmálastjórnarinnar, þá virtist nefndinni auðsætt, að 4. grein frumvarpsins var alls enginn gaumur gefandi; því að auk þess, að þetta hið boðna tillag er næsta lítið, þá er það, bæði eptir orðum ríkisþingsins og frumvarpsins, svo hvikult, að vèr getum misst það, þegar minnst vonum varir, og ríkisþingið getur auk þess lagt toll á oss, eptir vild sinni, og þarf alls eigi að spyrja oss að því, eptir því sem frumvarpið ætlast til. Eg skal alls eigi bera á móti því, og eg veit það vel, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir starfað mikið að þessu máli, og gjört sèr allt far um að útvega oss viðunanlegt tillag, og eg treysti því fullkomlega, að hann vilji framvegis gjöra allt hið bezta, sem í hans valdi stendur; en bæði stjórnin og ríkisþingið hefir nú sýnt oss það ljóst, að vilji hans er ekki einhlítur í þessu máli. Það getur vel verið, að ríkisþingið vilji ekki veita oss það, sem vèr viljum fá; en hvað felst í því? það, að Danir vilja einskis rèttar eða sanngirnis gæta við oss; því að þeir mættu vera blindir með öllu, ef þeir eigi sæju rètt vorn, eða að það væri eigi af einskærri náð, þótt vèr fengjum árstillag það, sem vèr krefjumst. En ef vèr eigum ekki að eiga von á betri kjörum en þessum, þá veit eg ekki, við hvaða kjör oss er ætlað að lifa. Eg get sagt hinum hæstvirta konungsfulltrúa það, að það var með öllu um skör fram, er hann brá nefndinni um þorleysi, og að hún hefði ekki haft þor til að halda fram rèttarkröfunum; en hitt er satt, að hún vildi gefa svo mikið eptir af þeim, sem hún sá oss fært, til þess að komast af, til þess að samkomulag gæti komizt á. Nefndin gjörði þetta ekki af þorleysi, heldur af því að hún vill hafa málið útkljáð, ef auðið er, en þó þannig, að landinu sè borgið. Eg vil skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna: Vill nokkur þeirra segja: »Eg geng

að því, sem boðið er, þó að eg sjái það bert, að landið muni ekki komast af með það?« Og með þessu tillagi, sem nú er í boði, kemst landið sannarlega ekki eitt hænufet áfram, heldur mundi það ganga stórum skrefum aptur á bak.

Konungsfulltrúi sagði, að enginn Dana enn hefði sætzt á skoðun nefndarinnar, er hann kallaði bergmál af Nýjum fèlagsritum. Hann má nú kalla skoðun nefndarinnar hvað hann vill; en af því eg þekki Dani nokkuð, er eg sannfærður um, að þeir verða svo rèttsýnir, að þeir sættast á skoðun vora, þegar þeim er ljóslega sýnt fram á, að þeir hafi rangt að mæla, og skoðun Íslendinga eigi við góð rök að styðjast; en þeir hafa hingað til sýnt það og sannað, að þeir eru málinu lítt kunnugir, og að því, er ámælið fyrir hlutdrægni Íslendinga snertir, þá vil eg svara því einu, að það eigum vèr ekki skilið, því að vèr höfum að eins leitað rèttar vors, og viljum þó sleppa nokkru af, ef til samkomulags gæti dregið. Það er ekki vottur um hlutdrægni af vorri hálfu, að vilja vinna eins mikið til sátta, og vèr höfum boðið, að vilja gefa upp eins mikið af því, er vèr erum sannfærðir um að vèr eigum heimtingu á, og vèr höfum gjört. Það er ríkisþingið, sem engar sættir vill hafa, og engrar sanngirni vill gæta, svo sem sjá má af orðum þingmannanna í ríkisþingstíðindunum. Ríkisþingið ber engar ástæður fyrir sig; það má lesa það út úr því nær hverri línu af orðum þeirra, að þeir um engar ástæður hirða. Öll þeirra orð bera þess vott, að þeir hafa *pro ratione voluntas*, þ. e. «vilji minn, það eru röksemdirnar; um aðrar skeyti eg ekki», og slíkar og aðrar eins ástæður laða ekki til sátta. Að því leyti þinginu hefir verið ögrað með þeirri ábyrgð, er það tækist á hendur með því, að fylgja ráðum nefndarinnar, þá kasta eg með rósömu geði þeirri ábyrgðinni á herðar ríkisdagsins og stjórnarinnar, og það með miklu meiri ástæðum, en sumir á ríkisþinginu í vetur þóttust kasta henni á stjórnina fyrir þeirra aðgjörðir; því að ríkisdagurinn bjó til þann veg ótilkvaddur, er stjórnin nú gengur, og stjórnin fer undir eins að orðum hans. Þegar hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að þingmenn hefðu mikla ábyrgð í þessu máli; það væri mikil ábyrgð fyrir þá, að fresta úrslitum þess. Þetta játa eg fyllilega að satt er; en hann verður og að gæta þess, að það er líka mikil ábyrgð, að játast undir einhver þau lög, þar sem girt er fyrir, að menn nái rèttindum sínum. Og þá liggur sú spurning beint fyrir: er meiri ábyrgð á því, að fresta úrslitum máls þessa, jafnvel um óá-

kveðinn tíma, en að játast undir allar þær álögur, er ríkisdagurinn kann að láta sèr þóknast að leggja á Íslendinga? játast undir yfirráð og löggjafarvald ríkisdagsins? játast undir það, að Íslendingar sleppi öllum rèttarkröfum framvegis? Er það ekki mikill ábyrgðarhluti, að játast undir það, er vèr ætlum víst að muni standa oss fyrir framförum? Hinn háttvirti konungsfulltrúi ætlar, að vèr engan kvíðboga þurfum fyrir því að bera, að ríkisdagurinn samþykki eigi fjártillagið, ef vèr samþykkjum stjórnarfrumvarpið. Látum oss skoða það atriði nokkru gjör. Það er reyndar alls eigi víst, að ríkisdagurinn, samþykki það; en eg hefi þó ímyndað mèr, að svo færi, því að það er alls ekki svo furðulegt, þegar þess er gætt, að ríkisdagurinn, eptir því sem frumvarpið ætlast til, hefir heimild til að leggja á oss svo mikið gjald til alríkismálanna, sem honum þóknast, og þar að auki svipta oss þessu tillagi, þegar honum þóknast. En það er mikið efasamt og með öllu óvíst, að ríkisþingið samþykki fjárútlátin, og sèst það fullvel á tillögum ríkisþingsmanna í vetur, því að fyrst er það, að fólksþingið samþykkti þrjár upphæðir á tillagi þessu, sína í hvert skipti, og þegar til landsþingsins kom, vildi það alls eigi samþykkja tillögur fólksþingsins, en hèlt fast við langtum lægra tillag, það er að segja 15,000 rd. um óákveðinn tíma, en 30,000 rd. um 10 ár, er úr því færi minnkandi, og þá er auðsèð, að stjórnin getur alls eigi ábyrgzt oss það tillag, sem hún nú býður. Og því næst er það, að þótt ríkisdagurinn samþykki fjártillagið, þá getur hann tekið það af oss aptur, að minnsta kosti hið svo nefnda fasta tillag, hve nær sem honum þóknast. Og það á að vera einn kosturinn á stjórnarfrumvarpinu, að það býður oss, að fá enda á öllum vorum skuldaskiptum við Dani, með þessum kjörum. Eg játa það, að það væri kostur, að fá þetta tillag, þótt eigi sè meira en það er, og fá enda á öllum skuldaskiptum vorum og Dana, ef ríkissjóðurinn ætti sannarlega til skulda að telja hjá oss; en það fer fjærri, að svo sè; því að það er víst, að mikið fè er runnið inn í ríkissjóðinn frá oss, sem vèr alls ekkert endurgjald höfum fengið fyrir, og þá fer kosturinn að minnka, að fá viðskiptin á enda kljáð á þann hátt, sem frumvarpið býður. Enn fremur á ríkisdagurinn að fá eptirrit af fjárhagsreikningi vorum ár hvert. Til hvers? það er svo sem auðvitað, til að svipta oss tillaginu, þegar þeim virðist vèr vera orðnir færir um, að vera án þess. Líkt er og um hina aðra kosti, sem konungsfulltrúi taldi að væru á frumvarpinu. Það fylgja þeim

þeir annmarkar, sem gjöra frumvarpið með öllu óaðgengilegt fyrir Íslendinga. Löggjafarvaldinu og skattálöguvaldinu í sèrstaklegu málunum er samfara ótakmarkaður skattaálögurèttur ríkisdagsins í sameiginlegu málunum, og þegar ríkisþingið eitt á að hafa löggjafarvaldið í sameiginlegu málunum, án þess að vèr höfum nokkurt sem helzt atkvæði, og það getur lagt á oss skatta til þeirra eptir eigin vild, þá verður lítið úr löggjafarvaldi og skattálöguvaldi voru; því að þá hefir ríkisþingið hið sanna vald í öllum aðalmálunum, og vèr ekkert í rauninni í vorum málum, því að það er þá auðsèð, að vèr getum eigi lagt á oss neina skatta til vorra þarfa. Að því er orðið: «að starfa að«, í auglýsingu konungs 19. maí 1849 snertir, þá viðurkenni eg, að í þessu hinu íslenzka orði er ekki fólgin þýðingin um samþykktaratkvæði, en konungsfulltrúi skýrði sjálfur frá, að ef ágreiningur yrði um þýðingu einhverra orða í lagaboðum frá þeim tíma, þá yrði að fara eptir danska textanum, og í honum stendur «forhandle», og eg veit eigi betur, en það sè talið «parlamentariskt» orð, sem sè haft til þess, að tákna samþykktaratkvæðið. Það er reyndar satt, að hinn háttvirti konungsfulltrúi veitti alþingi samþykktaratkvæði 1867, og einungis því þingi; en það virðist mèr á litlu standa; því Íslendingar hafa og hljóta að hafa eptir öllum rètti samþykktaratkvæði í þessu máli; það flýtur beint af eðli málsins sjálfs. Ögrun konungsfulltrúa um, að málið komi ekki framar fyrir alþingi, hana óttast eg ekki, því að Danaþjóð í heild sinni, er nú ræður í rauninni öllu á ríkisþinginu, þar sem hún kýs fulltrúa sína þangað, vill án efa ekki fara svo hart að oss, að hún vilji svipta oss öllum rèttindum vorum. Eg get hvorki ætlað, nè hefi rètt til að ætla, að Danir vilji eigi unna oss sömu stjórnarbótar og þeir hafa fengið; en sú stjórnarbót, sem oss er boðin með þessu frumvarpi, er engin stjórnarbót; hún er einungis að nafninu til.

Forseti: Nú er orðið áliðið dags, og vil eg því nú slíta fundi, en ákveða kveldfund kl. $5^1/_2$.

Fundi slitið.

27. fundur — 31. ágúst.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Af því nú er að búast við, að umræðurnar taki að lengjast og mikið verði að gjöra, þá hefi eg eptir samkomulagi við hinn hæstvirta konungsfulltrúa bætt við enn einum innanþingsskrifara, kandidat Eiríki Briem, og er hann kominn hèr til að taka til starfa.

Þá er að halda fram undirbúningsumræðu um konunglegt frumvarp til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir beðið sèr hljóðs.

Konungsfulltrúi: Eg skal af ræðu hins heiðraða framsögumanns taka tilefni til að benda honum og öðrum þingmönnum að því, að það, sem liggur fyrir til meðferðar þingsins, ekki eru umræður þær, sem fóru fram á ríkisþinginu í vetur, heldur einungis hið konunglega frumvarp um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu og ástæður þær, sem tengdar eru við frumvarpið. Bæði frumvarpið og ástæðurnar taka ljóslega fram allt það, sem á að taka til greina í þessu máli um það, hvernig stjórnin skoði spursmál þau, sem liggja fyrir. En það er málinu alveg óviðkoamndi, ef menn ekki ætla að gjöra kappsmál út úr því, hvað þessi eða þessi þingmaður í Danmörku hefir álitið um sèrstök atriði máls þess, sem í vetur var lagt fyrir ríkisþingið.

Ríkisþing Dana er hèr á þinginu alveg varnarlaust, því eg er sjálfsagt ekki umboðsmaður þess, og ætla eg þess vegna ekki að taka til máls á móti þeim gersökum, sem þingmenn kynnu að gjöra ríkisþinginu, en því skal eg skjóta til sómatilfinningar þingmanna, hvort þeir vilja setjast að ríkisþinginu eða ekki, og eg skal bæta því við, að í þeim löndum, þar sem eg þekki til, virðist þess konar aðferð ekki að geta samrýmzt parlamentariskum reglum.

Að öðru leyti skal eg geyma mèr rètt til seinna að leiðrètta þau fáu atriði í ræðu hins heiðraða framsögumanns, sem eptir minni meiningu þurfa leiðrèttingar við.

Framsögumaður: Það er að eins fá orð, sem eg vildi svara hinum hæstvirta konungsfulltrúa upp á þá ákúru, sem hann gaf mèr fyrir það, að eg í ræðu minni hefði skýrskotað til ræðna ríkisþingsmanna í vetur, og skal eg því einu til þessa svara, að mèr

fannst eg hafa hinn fyllsta rètt til þess, sakir þess að ríkisþingið er fyrsta frumrót til ástæðna þess frumvarps, sem stjórnin í þessu máli hefir fyrir þingið lagt, og frumvarpið með ástæðum sínum er því að öllu leyti komið fram af ræðum og tillögum þingmanna í ríkisþinginu. Því var það, að eg fann það að öllu tilhlýðilegt og við eiga, að skýrskota í þessu máli, því til skýringar og nefndinni til rèttlætingar, til ástæðna þeirra, sem ríkisþingið kom með og sem stjórnin síðan í frumvarpi sínu hefir beinlínis byggt á sem grundvelli, og til þess álít eg mig hafa haft hinn fyllsta rètt.

Eiríkur Kúld: Það voru fá orð, sem eg vildi tala til að bæta það upp, sem hinn háttvirti framsögumaður mælti, til að verja ákúrur hins hæstvirta konungsfulltrúa gegn nefndinni. Það var víst og satt, að konungsfulltrúi var næsta harðorður við nefndina og gjörði henni ótilhlýðilegar gersakir. Hann sagði t. a. m. eitt meðal annars, að tillögur nefndarinnar væru auðsjáanlega fram bornar í því formi, sem þær væru, til þess að ginna þingmenn. Hann sagði og, að það væri ótilhlýðilegt af nefndinni, að vera að minnast á rèttarkröfur; slíkt ætti ekki að heyrast, eins og hèr stæði á. En til þessa verð eg þá að segja, að nefndin reyndi til, það sem henni var framast auðið, að leiða rök að rèttarkröfum vorum, og þó það nú geti verið og eg reyndar telji víst, að slíkar sannanir fái eigi sannfært þá, sem móti mæla, þá er þess að gæta, að þeim ber að koma fram með rök og sannanir fyrir því, að nefndin hafi haft rangt fyrir sèr, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi kom með engar sannanir móti því, að ástæður þær, sem nefndin færir til um rèttarkröfurnar, væru rèttar; hann tók og fram, að það væri þó verulegt atriði, að árstillagið nú væri lægra, en undir eins að það væri einnig hvikulla; á þetta verð eg að leggja hina mestu áherzlu. Eg vil spyrja: Hví eigum vèr Íslendingar að taka því boði, sem svo langt er frá um, að hrindi málum vorum einu hænufeti áfram, að það hrindir þeim mörgum mílum aptur á bak? Eptir því sem nú er hag Íslendinga varið, geta þeir engar álögur borið til þess að kippa nokkru í lag hjá sèr, sem sannarlega ber hina brýnustu nauðsyn til. Allir hljóta að sjá, að Íslendingar geta eigi staðið sig með þessu tillagi frá hendi Dana, enda getur og tillag þetta horfið eða fallið niður, þegar ríkisþinginu svo þóknast; því eptir frumvarpinu verður ei annað séð, en að ríkisþingið eigi að ráða, hve nær sá tími kemur, að tillagið frá stjórninni hætti með öllu; það er öldungis eins og með páfann, að þegar hann gefur

einhverjum konungi kórónu, þá getur hann tekið hana aptur, hve nær sem hann vill, og eg heyrði í ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa enga ástæðu fyrir því, að þetta eigi gæti komið fram, hve nær sem vildi. Þess vegna er það, að eg sè ekki, að vèr Íslendingar vinnum nokkuð við þetta frumvarp; jú, það vinnum vèr þó, að vèr getum lagt skatta á sjálfa oss, en mèr getur ekki betur sýnzt, en ríkisþingið hafi og vald til, að leggja skatt á oss, hve nær sem því þóknast. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi ætlaði, að það, að nefndin hefir ráðið þinginu frá að eiga framar við stjórnarfrumvarpið, sè sönnun fyrir því, að vèr Íslendingar sèum því eigi vaxnir, að taka móti sjálfsforræði, en eg held, að vèr getum fullkomlega tekið móti sjálfsforræði, en að eins ekki slíku sjálfsforræði, sem ríkisþing Dana þannig vill skapa oss. Eitt finnst mèr og athugavert við frumvarp stjórnarinnar, ef það yrði löggilt eins og það er, að ríkisþingið getur tekið þetta sjálfsforræði aptur, hve nær sem vill, og gjört bæði sèrstakleg Íslands mál að sameiginlegum málum og sameiginlegu málin að sèrstaklegum, hvort sem Íslendingum líkar betur eða miður; og þetta allt saman er öllu sönnu sjálfsforræði að eins til hindrunar og tálma. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi kvað það vera mikla ábyrgð fyrir þingið, að vísa málinu frá og þiggja ekki hina tilboðnu stjórnarbót, og eg segi, að það er í alla staði hinn mesti ábyrgðarhluti, en eg fyrir mitt leyti get vel frelsað sálu mína í þessu efni, því að þegar bæði mín eigin sannfæring og kröptug áskorun kjósanda minna fellur að öllu leyti saman, hvað þetta mál snertir, þá get eg ekki sèð, að eg hafi hina minnstu ástæðu til að framfylgja öðru en því, er nefndin hefir stungið upp á eptir vandlega skoðun málsins. Það hefir verið sagt, að eigi mætti breyta grundvelli þeim, sem stjórnarfrumvarpið er byggt á, en þá vil eg spyrja: Sè nú grundvöllur þessi ekki rèttur, hvernig fer þá? Ætli sjálfsforræði það, er Íslendingar fá út úr því, verði þá ekki byggt á sandi? Já, vissulega, það getur hver maður skilið. Hèr á það og við: Varðar mest til allra orða, undirstaðan rètt sè fundin; sè undirstaðan ekki traust og góð, hrapar öll byggingin, og þá var betur fyrir okkur, aldrei að hafa svo af stað farið. Konungsfulltrúi sagði enn fremur, að til þess að geta tekið við sjálfsforræði, þyrftum vèr Íslendingar fyrst og fremst með dugnaðar og þreks, en það væri ekki komið svo mikið undir miklu fè til umráða, og þessu játa eg, að dugnaður og siðferðislegt þrek er það, sem mest byggist á; en

þá vil eg líka spyrja: Hvernig á að afla sèr dugnaðar og þreks, ef vèr erum fjárlausir? eða hvernig fer öreiginn með sitt sjálfsforræði? hann nýtur sín ekki, þó hann hafi þrek og dugnað, af því fèð vantar, því fèð er afl þess, sem gjöra skal, og því sè eg ekki, að Íslendingar geti tekið við sjálfsforræði, ef vèr ekki fáum svo mikið tillag, sem um var beðið á þinginu 1867. Eg hefi og allt af þá ímyndun, að það felist í auglýsingu hans hátignar konungsins Kristjáns hins IX. frá 23. febr. 1864, að hann vilji, að Íslendingar verði sama rètts aðnjótandi sem samþegnar vorir í Danmörku, og þess vegna einnig hins sama sjálfsforræðis sem þeir. Það hefir verið sagt, að þetta stjórnarfrumvarp væri samhljóða í öllu verulegu við frumvarpið 1867, en nefndin og hinn háttvirti framsögumaður hefir sýnt fram á hið gagnstæða, og það, að ekki eru frumvörpin 1867 og 1869 hin sömu, það sýnir einmitt, að vèr ættum að hafa fullt samþykktaratkvæði annars. Eða hví var þá ástæða til að leysa upp þingið 1867, úr því ekki átti að leggja sama frumvarp fyrir hið nýkosna þing 1869? Eg álít nú af frumvarpi stjórnarinnar, að vèr nú ekkert samþykktaratkvæði höfum, og þess vegna er það hinn mesti ábyrgðarhluti fyrir alla þingmenn, að ræða og gefa atkvæði um þetta allsherjarmál, þvert á móti vilja allrar þjóðarinnar. Það sýna þær 18 bænarskrár því nær allar, sem nefndinni voru fengnar til meðferðar, sem því nær allar samhuga fara fram á það, að þingið taki því að eins stjórnarmálið fyrir, að árgjaldið sè ei minna en þingið gekk að 1867, og að þingið nú hafi fullt samkomulagsatkvæði.

Bergur Thorberg: Þegar lítið er hægt að hrósa einhverju nefndaráliti, þá eru menn vanir að segja, að nefndinni muni að minnsta kosti hafa gengið gott til; en hvað sem um það er, þá má þó segja um þetta mál, að »góð meining enga gjörir stoð«, því það er þó víst, að nefndin ekkert það ráð hefir fundið, eða jafnvel eigi leitazt við að finna, er gæti hrundið máli þessu í rètt horf, því niðurlagsatriði nefndarinnar miða til alls annars en þessa. Það hefði víst þótt ótrúlegt, ef einhver hefði spáð því fyrir rúmum mánuði, þegar lögð voru fyrir þingið 2 frumvörp, er bjóða Íslendingum sjálfsforræði, að nú mundi sá dagur koma, er þessu boði yrði alveg hafnað, og ráðið frá, að taka þessum kostum af hendi stjórnarinnar. Nefndinni hefir eigi þótt það nóg, að láta vera að koma með nokkra uppástungu til að bæta frumvarpið, nei, hún hefir gengið miklu lengra, og ráðið þinginu til að kasta frum-

vörpunum alveg óskoðuðum; hún hefir ráðið þinginu frá, að ræða frumvarpið í þess einstöku greinum og taka það til meðferðar. Þetta gegnir hinni mestu furðu, því ef nefndinni sýndist frumvarpið óhafandi, eins og það er, þá átti hún þó að ráða þinginu til, að skoða frumvarpið betur, ræða það og grandskoða á allar lundir, til þess að reyna að samþýða sèr það og nota það, er notandi væri úr því, og laga það að öðru leyti með breytingaruppástungum. Þetta hefði verið skylda nefndarinnar, en nefndin hefir farið allt á annan veg að. Þegar eg skoða verk nefndarinnar, þá held eg varla rètt að segja, að nefndin hafi leyst starfa sinn illa af hendi, heldur hitt, að hún hefir alls ekki leyst hann af hendi; hún var víst kosin í allt öðrum tilgangi en þeim, sem hún sýnist hafa lagt í ætlunarverk sitt. Eg ætla nú ekki að fylgja ráðum nefndarinnar, þeim, að láta vera að ræða sèrstakar greinar frumvarpsins, enda hefir framsögumaður og þingmaður Barðstrendinga þegar vikið út frá þessari reglu sinni og nefndarinnar. Þegar maður virðir fyrir sèr frumvarpið, þá er það hverjum manni ljóst, að það býður oss marga góða kosti; eg skal taka fram, að það býður þinginu löggjafaratkvæði í þeim málum, er heyra undir þingsins verkahring, í stað þess að það nú hefir að eins ráðgjafaratkvæði, og þetta furðar mig stórlega að nefndin skuli hafa einskis metið, og í því skyni eigi hafa reynt, að laga galla þá, sem hún hefir fundið við frumvarpið. Í þessu efni virðist mèr frumvarp þetta bjóða oss svo mikið gott, að eg álít, að ekkert þing gæti verið þekkt að því, að kasta slíkum boðum. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi taldi upp marga kosti frumvarpsins, sem og hirði eigi að taka aptur fram; en þess bið eg þingið vel að gæta, að vèr megum ekki bera frumvarpið og það ástand, sem það býður, saman við þá hugsjóna-fyrirmynd, sem vèr kunnum að hafa skapað hið innra með oss um það, sem í sjálfu sèr væri fullkomnast og bezt, og sem vèr, sem von er, helzt æskja kynnum, heldur eigum vèr að bera það saman við það, sem nú er, og athuga, hvort nokkur veruleg bót sè í frumvarpinn, og sè svo, að það ástand, sem það býður, sèu verulegar framfarir, þá er alls ekki rètt, að hafna því. Það er ekki til neins, að vera, ef eg svo má segja, að construera fyrirkomulag, leitt út úr sögulegum rannsóknum, sem að vísu margar kunna sannar að vera, en aptur margar óvissar og alveg í lausu lopti. Ríkisþingið hefir löggjafarvald í málum Íslendinga að því leyti, sem þau eru sameiginleg

mál ríkisins, og þetta er öldungis eðlilegt, en í frumvarpinu er viðurkenndur réttur Íslendinga til að eiga fulltrúa á ríkisþingi Dana. Með þessu hafa Íslendingar jafnrétti, og þess vegna eru orð framsögumanns, þau orð, að vèr með þessu frumvarpi eigum að verða þegnar þegnanna í Danmörku, alveg ósönn og á engum rökum byggð, og mig furðar sannarlega, hvernig hinn háttvirti framsögumaður getur við haft slík orð. Eg skal því næst víkja á annað atriði í frumvarpinu, sem er fjártillagið. Þetta tilboð eru framfarir frá því, sem nú er, og hvað sem nefndin segir um göfugleik þessa boðs, þá segi eg, að þetta sèu góð boð, og að það sèu betri kjör, en Ísland nú hefir. Væri þetta orðið að lögum, þá hefðum vèr þó vissu fyrir föstu árstillagi um margra ára tíma, og sjálfsagt svo lengi, sem vèr þyrftum við, en hvaða vissu höfum vèr nú um fjártillag eptir 31. marz 1870? Hvað stærð tillagsins snertir, þá er það þó meira en greitt hefir verið úr ríkissjóðnum til landsins hingað til; það hafa eigi verið nema rúmar 30,000 rd. á ári; en nú yrði þó tillagið fyrst um sinn eptir frumvarpinu 50,000 rd. Það væri auðvitað gott, ef hærra tillag fengist, því þarfir Íslendinga eru mjög miklar og margar, en þetta, sem býðst, er eigi að síður svo mikið, að því er með engu móti hafnandi. Nefndin hefir tekið fram réttarkröfur, er vjer ættum að hafa til fjártillags úr ríkissjóði, og þessar kröfur nema eptir reikningi nefndarinnar meir en 120,000 rd. árgjaldi, en nefndin hefir þó fallið frá að heimta sem réttarkröfu þessa 120,000 rd.; en hvers vegna? Sè þetta sönn réttarkrafa, hví hefir nefndin þá fallið frá sínum rètti? Síðan fer nefndin að búa til gjaldaáætlun, sem er ærið há, en það mun eiga að vera göfuglyndi nefndarinnar, að hún gefur eptir yfir 60,000 rd. af upphæð áætlunarinnar, þó það nú í þessu máli eigi hlýði, að rannsaka, hvort þessar réttarkröfur sèu sannar, þá munu það þó ekki ýkjur, að ekkert verði byggt á þessnm reikningi, eins og hann liggur fyrir, og ómögulegt; er að gjöra upp reikningana um fjárhagsviðskipti milli Íslands og Danmerkur. Það er ekki nóg að segja, hve mikið hafi runnið inn í ríkissjóðinn; maður verður og að geta ákveðið, hve mikið út úr honum hafi gengið til Íslendinga, því það vita þó allir, að enginn reikningur er fullkominn, þar sem eigi eru tilfærð bæði útgjöld og tekjur, og sá, sem vill byggja kröfur sínar á reikningi, verður þó að hafa fullkominn reikning, er sýni, hvað mikið hann á til góða. Þessi fjárkrafa sem réttarkrafa hefir aldrei verið viðurkennd og verður aldrei viðurkennd af Dönum, og

úrslit málsins verða eigi byggð á reikningum, og því er ekki til neins að vera að tala um það. Þó nú frumvarpið að minni skoðun hafi marga góða kosti við sig og leiði til verulegra framfara fyrir Ísland, ef Íslendingar eru þegar orðnir vaxnir sjálfsforræði, þá hafa mèr þó hugsazt, að ýmsar breytingar yrðu við það gjörðar, sem gætu verið til bóta, en sem eg þó hygg að ekki munu vera svo lagaðar, að það fyrir það yrði óaðgengilegt fyrir stjórnina. Eg neita því eigi, að mèr þætti það mikils um vert, ef tillagið yrði svo fast ákveðið, að eigi væri neitt að óttast fyrir, að vèr kynnum þá og þegar að missa það, án þess þó að vera færir um að geta verið án þess, en eg efast og ekki um, að þó ákvörðun frumvarpsins yrði í engu breytt, þá mundi þar fyrir aldrei til þess koma, að landið yrði svipt tillaginu, nema því væri bagalaust að missa það; því sú mun víst vera meining stjórnarinnar, að Íslendingar skuli svo lengi halda tillaginu, sem þeir þurfa þess við. En það er allt komið undir ríkisþinginu, með hverju móti tillagið fæst. Eg fyrir mitt leyti vildi helzt óska, að fyrir árgjaldinu væru út gefin óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf. En allt um það getum vèr ekki gjört þetta að neinu skilyrði. Það er sjálfsagt, að það, sem ákveðið er með lögum, því má aptur breyta með lögum; en það er þó verulegur munur á því, hvort einhver lagaákvörðun frá upphafi tilveru sinnar bendir með berum orðum á, að breytinga sè von, eður hún kemur fram sem föst ákvörðun án nokkurrar slíkrar yfirlýsingar. Eg get ekki skilið, að ríkisþingið eigi mundi fáanlegt til að fallast á, að veita tillagið, án þess að það væri bundið við þetta takmark: »þangað til öðruvísi verður ákveðið« o. s. frv. Eg skal því leyfa mèr að áskilja mèr breytingaratkvæði í þá stefnu, að tillagið verði ákveðið sem fast árgjald líkt því, sem það kemur fram í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis 1867; að öðru leyti skal eg geta þess, að eg hika mèr því minna við að stinga upp á þessu, sem eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það er meining frumvarpsins í raun og veru, að tillagið skuli skoðast sem fast árgjald, sem vèr getum reitt oss upp á sem fasta tekjugrein. Framsögumaður og þingmaður Barðstrendinga gátu þess, að með því að aðhyllast frumvarpið, kæmumst vèr undir ríkisþingið, en þessi framburður er rangur, og er auðsætt, að svo er, þegar þess er gætt, að ríkisþingið fær ekki meira vald yfir oss, en það þegar hefir. En eg vildi, að frumvarpið hefði ekki neitt það inni að halda, er gæti skilizt svo, að rik-

isþingið gæti lagt skatta á oss án vilja og samþykkis alþingis. Þetta álít eg nú að vísu að ekki sè meiningin með neinni ákvörðun frumvarpsins, þar sem öll skattamál, beinlínis og óbeinlínis, eptir 3. gr. eru sèrstakleg mál, og heyra undir alþingi. En hvað þriðja kafla í 7. grein frumvarpsins snertir, þá skal eg þó játa það, að eg felli mig í þessu tilliti betur við frumvarp stjórnarinnar frá 1867, því eptir því var ákveðið, að konungurinn skyldi ákveða um tillag Íslendinga til hinna sameiginlegu mála. Eg skal nú að vísu ekki taka upp þessa ákvörðun sem breytingaratkvæði, þó eg felli mig bezt við hana, en fara sem næst frumvarpi því, er hèr liggur fyrir, og áskilja mèr breytingaratkvæði í þá átt, að Íslendingar eigi legðu fè til sameiginlegra mála, fyr en þeir ættu fulltrúa á ríkisþingi Dana. Mèr finnst ákvörðun þessi koma svo eðlilega saman við hinar aðrar ákvarðanir 7. greinar, að eg hefi beztu vonir um, að henni muni verða framgengt. Eg skal að lyktum geta þess, að eg óttast ekki fyrir, að meiri hluti þingmanna fallist á uppástungur nefndarinnar, enda væri það og sorglegt, ef svo væri, að menn vildu hafna þeim kostum, er mönnum eru hèr boðnir. Eg vona, að þingið hugsi sig vel um, áður en það greiðir atkvæði í þessu mikilsverða máli. Það hefði má ske verið ástæða til að vísa málinu til nefndarinnar aptur, og biðja hana, að íhuga það betur, en eg hlífist við því, bæði af því, að eg ekki er viss um, að nokkur árangur mundi verða af því, sem og af því að komið er undir þinglok.

Jón Sigurðsson: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi byrjaði hina fyrstu ræðu sína með þeirri áminningu til þingsins, að menn yrðu vandlega að gæta afleiðinganna af þeirri niðurstöðu, sem þingið kæmist að í þessu mikla vandamáli. Þessi áminning er sannarlega góð og vel meint, en eg held, að við nefndarmennirnir höfum ekki þurft hennar við, því við munum allir vera okkur þess meðvitandi, að hafa eptir okkar beztu þekkingu íhugað allar þær afleiðingar, sem leitt gæti af þeirri niðurstöðu, sem nefndin komst að í uppástungum sínum. En eg held, að hèr fari sem optar, að konungsfulltrúi og aðrir fleiri líti á afleiðingarnar allt öðrum augum en nefndin. Konungsfulltrúi áleit, að hin sögulega rannsókn nefndarinnar um rèttarástand landsins að fornu og nýju væri óþörf og ætti ekki við, en eg fæ þó eigi betur sèð, en þetta sè á góðum rökum byggt hjá nefndinni; því þegar ræða skal um núverandi rèttarástand landsins, getur eigi staðið á sama, hvort landið hefir

verið hernumið, eða nýlenda, eða frjálst sambandsland, og eg held, að Danir hefðu haft gott af því, að lesa sögu vora betur, en þeir hafa gjört, því þá mundu þeir hafa unnt okkur meiri réttinda, en mèr virðist þeir vilja unna okkur. Og eg vil segja meira, að þeir mundu líka hafa haft gott af, að lesa sögu hertogadæmanna betur en þeir gjörðu, því þá mundi eigi hafa farið um þau eins og fór. Að vísu mun nú eigi hætt við hinu sama um oss Íslendinga, af því kringumstæður eru ólíkar. Þá hefir orðið ágreiningur um það milli framsögumanns og annara þingmanna, hvort hin sèrstaka stjórnarskrá Íslands eigi að leggjast fyrir ríkisþing Dana, eður ekki. Eg held, að það hljóti nú að vera sèrhverjum ljóst, bæði af ástæðum frumvarpanna, og því, sem á undan er gengið í þessu máli, að stjórnarskráin verði lögð fyrir ríkisþingið, ekki til þess að það greiði atkvæði um hverja einstaka grein hennar, heldur til þess, að ríkisþinginu gefist færi á, að neyta síns ímyndaða réttar til að veita okkur stjórnarskrána. Vèr þurfum ekki annað en gæta þess, sem fram fór á seinasta ríkisþingi, til að sannfærast um þetta. Dómsmálaráðgjafinn lagði fyrir þingið frumvarpið um fjártillagið til Íslands, og þar með stjórnarskrár-frumvarpið frá 1867 sem fylgiskjal. Og þó nú ríkisþingið ekki tæki stjórnarbót vora undir atkvæðagreiðslu, eins og fjártillagið, þá hripsaði það þó einstakar greinir út úr stjórnarskránni ráðgjafanum að fornspurðum, og raskaði þar með þeim grundvelli, sem stjórnarbót vor átti að byggjast á. Það er því auðsætt, að ríkisþingið mun ætla sèr, að hafa bæði töglin og hagldirnar, ekki einasta um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu, heldur einnig um hina sèrstöku stjórnarskrá, og er rètti vorum auðsjáanlega misboðið með því. Það væri sök sèr, þótt ríkisþingið vildi hafa hönd í bagga með um fyrirkomulagið á hinni stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu, en hèr við er það athugandi, að alþingi og ríkisþingið standa eigi jafnt að vígi. Það var sagt fyrir skömmu hèr í salnum, og það með sanni, að ríkisþingið væri erindsreki Dana, en alþingi Íslendinga; en þessir málspartar standa harðla ójafnt að vígi, þar sem ríkisþingið er eins og fullmyndugur og fullveðja maður, en alþingi eins og ómyndug persóna, sem engan rètt hefir. Það hefir verið mjög mikið rætt um rètta þýðingu á samþykktaratkvæði því, er þjóðfundurinn 1851 hafði; konungsfulltrúa og framsögumann greindi á um það, hvort konungsbrèf 23. sept. 1848 og konungleg auglýsing 19. maí 1849, hefðu veitt þjóðfundinum ályktar- eða samþykktaratkvæði. Eg skal

ekki fara í neinar þrætur um réttan skilning á einstökum orðum þessara konungsboða, en hitt verð eg að segja, að jafnumvarðandi mál, sem stjórnarskipun vor er, getur eptir hlutarins eðli ekki orðið út rætt, nè til lykta ráðið, nema á þingi með fullu samþykktaratkvæði. Þá hefir margt verið rætt um fjártillag Dana, og hinn 2. konungkjörni þingmaður var svo hjartanlega ánægður með það, og hèlt að við mundum aldrei fá jafngott tilboð frá Dana hendi. En eg vil spyrja hinn 2. konungkjörna, hvort hann vilji eða geti ábyrgzt, að við fáum þetta 30,000 rd. fasta, og 20,000 rd. laust tillag? eg ætla, að það muni fjærri fara, að hann geti staðið í ábyrgð fyrir því. 1867 höfðum við konunglegt heitorð fyrir 37,000 og 12,000 rd., og mundi engum þá hafa dottið annað í hug, en við það mundi standa, en hvað skeður? ríkisþingið færir þetta niður ýmist í 12 eða 15 þúsundir, og þó þessi upphæð, sem í frumvarpinu stendur, sè efst á blaði núna, þá er engin vissa fyrir, að ríkisþingið veiti þetta, þegar á skal herða. En gjörum samt ráð fyrir, að þetta fáist; eg skal ekki tortryggja Dani um skör fram; það nær harðla skammt til að fullnægja þörfum vorum. Mèr telst svo til, að þessir 50,000 rd. hrökkvi að eins til hinna núverandi útgjalda landsins, eða lítið eitt meira, en okkur vanti allt, sem þarf til að koma á einhverjum framfaravísi hjá okkur. Menn segja, að við getum lagt á okkur skatta til nýrra framkvæmda, en eg bið þess gætt, að tillag Dana er valt. Hið fasta tillag getur orðið af oss tekið á fárra ára fresti, og lausa tillagið fer smáminnkandi að 10 árum liðnum. Við munum því naumast gjöra betur, en tína í skörðin, sem Danir rífa í tillagið, en höfum engan skilding afgangs til nýrra framkvæmda, og meir að segja, ef að Danir kipptu af oss fasta tillaginu öllu í einu, þá gæti landssjóðurinn auðveldlega orðið gjaldþrota, og hvar værum við staddir þá? Það er því mitt álit, að þetta fjártilboð sè svo óaðgengilegt, sem mest má verða, en það gæti þó verið tiltökumál, að ganga að því, ef hèr væri um nokkur kostaboð að ræða í hinum fyrirliggjandi frumvörpum, en það fer fjærri, að svo sè eptir minni meiningu. Eptir frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir, er sjálfsforræði vort harðla takmarkað, og þó hinn 2. konungkjörni þingmaður hafi nú ráðgjört ýmsar breytingar við það, sem horfa til bóta, þá er engin vissa fyrir, að þær breytingar verði teknar til greina. Miklu fremur er það auðsætt af ástæðum frumvarpsins, að stjórnin mun engan gaum gefa nokkrum verulegum breytingum á frumvarpinu. Eg

held þess vegna, að nefndin hafi gjört öldungis rètt, að ráða þinginu frá, að aðhyllast frumvarpið, því það er alveg óhafandi, eins og það er, og í því formi, sem það er lagt fyrir þingið. Eigi að síður skal eg játa það með hinum 2. konungkjörna, að stjórnarfyrirkomulag það, sem frumvörpin ráðgjöra hèr á landi, er skárra en það sem er, og eg verð að segja fyrir mig, að eg mundi máske ekki svo fráhverfur því, að hneigjast að frumvörpunum, ef gjörðar væru við þau verulegar breytingar, og ef hinn annar konungkjörni gæti ábyrgzt mèr það, að þær breytingar yrðu til greina teknar.

Pètur Pètursson: Eg hefi ekki af nefndarálitinu getað sannfærzt um, að það væri á rökum byggt, að vèr eptir frumvarpinu værum sviptir öllum atkvæðisrètti i sèrstaklegum málum vorum. Eg veit reyndar til, að uppástunga um þetta kom fram á landsþinginu í vetur, en það er svo fjarri því, að stjórnin hafi aðhyllzt þessa skoðun í frumvarpinu, að hún miklu fremur hefir tekið hið gagnstæða fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu; eg skil þess vegna ekki í því, hvernig nefndin hefir getað sagt þetta svona hiklaust í áliti sínu. Eg ætla mèr annars ekki að tala meira um nefndarálitið, sem að minni hyggju hefir fleiri ókosti en kosti til að bera; blærinn á því lýsir einhverjum biturleik og tortryggni, sem ekki getur annað en hamlað góðum og heilladrjúgum úrslitum þessa mikilsumvarðandi máls, en við þessu gat eg ekki búizt, þar sem nefndin var skipuð jafngóðum og vitrum mönnum. Það er eitt atriði hjá nefndinni, sem eg ekki nógsamlega get varað þingið við, og það er þetta: Nefndin hefir sem sè ráðið þinginu frá, að ræða hinar einstöku greinir þessa konunglega frumvarps. Þetta er óheyrð aðferð; eg vil ekki rannsaka, af hverju þetta kann að vera sprottið hjá nefndinni, hvort það er af einberum ótta fyrir því, að hinar einstöku greinir komi til umræðu og atkvæðagreiðslu á þinginu, kynni þingið að fallast á frumvarpið, eða þá af því, að nefndin hafi svo mikið traust á sèr, að hún vilji, að þingið trúi sèr í blindni. Eg fyrir mitt leyti er ekki á því að trúa nefndinni í blindni, en álit mig sem þingmann hafa fullkominn rètt til að krefjast þess, að mèr verði gefinn kostur á, að ræða frumvarpið grein fyrir grein og greiða atkvæði um þær. Þetta gjöri eg, og þennan rètt getur nefndin ekki tekið frá mèr. Það eru að mèr þykir óviðurkvæmileg orð hjá nefndinni, þegar hún segir, að með frumvarpinu sè misboðið rètti landsins, þjóðarinnar og þingsins; frumvarpið heitir oss

þó sjálfsforræði, sem er heillavænlegt fyrir hverja þjóð að hafa, og eg get ekki skilið, að nefndin með rólegu geði hafi getað ráðið til, að hafna þessu, eða að hún nægilega hafi yfirvegað þær afleiðingar, sem af því fljóta, að ráða til þessa; því það sýnist þó auðsætt, að ef vèr köstum frá oss frumvarpinu, þá köstum vèr oss einnig alveg á vald ríkisþingsins, verðum ei annað en ráðgefandi þing eptirleiðis, og sitjum hèr og eyðum fjármunum landsins til einskis. Þetta má beinlínis ráða af orðum stjórnarinnar, sem eg álít vera töluð í fullri alvöru, er hún segir að sè í síðasta skipti, að annað eins frumvarp og þetta verði lagt fyrir þingið.

Með því, að hafna frumvarpinu, seljum vèr oss að öllu leyti undir ríkisþingið; og hvað gjörir þá ríkisþingið? Konungsfulltrúinn talaði að vísu um, að hèr mætti eigi minnast á umræður ríkisþingsins í vetur, en hjá því verður eigi vel komizt, ef menn vilja gjöra sèr ljósa hugmynd um, hvernig muni fara, ef vèr höfnum því frumvarpi, sem hèr liggur fyrir. Og það var tekið fram á ríkisþinginu í vetur, að leggja mætti óbeinlínis skatta á Ísland, það mætti leggja tolla á munaðarvöru, og þessir tollar rynnu í ríkissjóð. Þegar alþingi hefir sagt álit sitt um málið, þá má ríkisþingið gjöra, hvað sem það vill. Í stuttu máli, ef alþingi nú vísar frumvörpunum frá, þá fær ríkisþingið fullkomið vald yfir oss. Eg vona því, að þingið skoði huga sinn, áður en það kastar að öllu leyti því, sem oss nú er boðið. Eg vona einnig, að hin heiðraða nefnd gjöri það, sem í hennar valdi stendur, til að koma miðlun á. Það er að vísu satt, að við eigi megum breyta grundvallarreglum frumvarpsins, og skil eg það svo, að við eigi megum gjöra neinar þær breytingar, sem hagga aðalgrundvelli ríkisins, sem öll stjórnin er byggð á. Danir segja, að samband Íslands við ríkið sè svo, að Ísland sè hvorki hèrað nè nýlenda nè heldur fullkomið sambandsland Danmerkur, heldur standi það í sèrstöku sambandi við Danmörku, og sem hin danska stjórn muni taka svo mikið tillit til, sem unnt sè. Vèr megum í svo mikilvægu máli, sem þetta er, eigi fara í neinar hártoganir; vèr megum eigi elta tómar theoriur, eða, svo eg brúki þau orð, sem einn þingmaður hefir áður sagt hèr í salnum, «vèr megum eigi ríða fantareið á Principum». Það, sem hèr er spurt um, er að eins það, hvort eigi sèu þær ákvarðanir í frumvörpunum, að það væri framför fyrir Ísland, að þær kæmust á. Maður má ekki kasta frumvörpunum rètt út í bláinn; því að eins eigum vèr að ráða frá frumvarpinu, að

vèr eptir á eigi stöndum lakar að vígi, en ef vèr þiggjum það. Og þótt vèr eigi megum gjöra neinar þær breytingar, sem haggi grundvallarreglum frumvarpsins, þá má þó á ýmsan hátt laga það og víkja ýmsum atriðum þess við, þegar búið er að ræða það grein fyrir grein, og greiða atkvæði um þær, eins og eg vona þingið gjöri.

Benedikt Sveinsson: Áður en eg byrja ræðu mína í þessu máli, vil eg gjöra þá persónulega athugasemd, að eg þekki eigi annan grundvöll, sem tillögur mínar byggist á, en sannfæringu mína, þá sannfæringu, sem hvorki stjórnin nè heldur fulltrúar Íslendinga eða alþingi geta haggað við nema með skynseminnar afli. Eg vil því biðja þingheiminn að afsaka, þótt orð mín falli eigi öllum í geð.

Hèr er verið að ræða um stjórnarbót, og þá ber fyrst að skoða, hver sá grundvöllur sè, sem hún byggist á fyrst og fremst, og hann er enginn annar en sá, sem hverjum manni með heilbrigðri skynsemi er auðsjáanlegur, sá, sem grundvöllur er fyrir hverju máli sem vera skal, það er — hlutarins eigið eðli. Þegar vèr nú gætum að, hvað stjórnarbót er frá þessu sjónarmiði, þá er auðsætt, að hún er bót á stjórn; en hvað er þá stjórn? hún er hið æðsta jarðneskt vald, hún er erindsreki og fulltrúi forsjónarinnar sjálfrar, sem á að leiða land og lýð að því heillaríka takmarki, til farsældar og framfara í líkamlegu og andlegu tilliti. Þetta er göfug hugmynd um stjórnina, og það er sú hugmynd, sem eg hefi, og get eigi fra mèr slitið. Stjórnarbót er því nýtt fyrirkomulag, fullkomnara og betra en verið hefir á því, sem leiðir til hins betra, á því, sem leiðir þjóðfèlagið til framfara í andlegu og líkamlegu tilliti, og sem nemur þau sker í burtu, sem vöxtur þess og viðgangur áður hefir strandað á. Það hefir verið talað um það, að nefndin hafi rakið hina sögulegu rás viðburðanna, og að til þessa hafi engin ástæða verið, og það sem verra er, að nefndin hafi rakið þessa viðburðarás rangt. Eg ætla nú eigi að fara ýtarlega út í það atriði, heldur leiða það hjá mèr, því það liggur eigi fyrir þinginu, að minni hyggju, þær upplýsingar, sem nauðsynlegar mundu vera, ætti þetta atriði að vera nægilega skýrt. Eg ætla þar á móti að fara nokkrum orðum um hin sameiginlegu mál og hin sèrstöku mál. Þegar nú ræðir um stjórnarlega stöðu Íslands, þá er þess vel að gæta, að í þessu tilliti er hagur Íslands, hagur Danmerkur og vegsemd konungsins samvaxin. Hèr mega eigi neinar einstrengingslegar skoðanir koma fram, heldur verður að taka tillit til beggja landanna og líta á það eitt, sem heillavænlegast

er fyrir bæði löndin; þetta álít eg að sè það aðalsjónarmið, sem hafa eigi fyrir augum. Vilji menn nú líta á, hvort sjálfsforræði Íslendinga sè stjórnarlagalega eptir þeirri rás viðburðanna, sem hèr kemur til greina, þá ætla eg að þetta geti samrýmzt, þegar rètt er álitið. Eg vil í þessu tilliti að greina 2 tímabil. Hið fyrra tímabil liggur fyrir þann tíma, að grundvallarlögin frá 1849 komu út, og hið síðara er sá tími, sem síðan er liðinn. Á hinu fyrra tímabili höfðum vèr Íslendingar fullkomið jafnrètti við samþegna vora í Danmörku; þingið getur eigi annað en viðurkennt þetta, þingið, sem sjálft er þess vottur svo lengi, sem það dregur lífsandann, svo lengi, sem minning þess lifir í sögu hinnar íslenzku þjóðar, víkur víst enginn Íslendingur frá þessari skoðun. Alþingi er vottur þess, segi eg, að Íslendingar höfðu jafnrètti við aðra íbúa Danaveldis fyrir 1849. Vor hásæli konungur, Kristján hinn 8., hvers mynd hangir hèr í salnum fyrir augum þingmanna, hann veitti Íslendingum alþingi, það er þing fyrir Ísland, er hefði sama rètt, sem standaþingin fyrir Danmörku. Það er þessi hinn hásæli konungur, er svo skýrt og ljóst ákvað jafnrètti vort við samþegna vora með stofnun alþingis, að það er eigi ómaksins vert, að hreifa við þeirri setningu. Eg held því, að nefndin hafi í þessu tilliti rètt að mæla, en hvað þar á móti viðvíkur hinu síðara tímabili, nefnilega síðan að grundvallarlögin komu út, þá ætla eg að nokkur misskilningur sè hjá nefndinni; og eg verð að segja, að það lítur svo út, sem stjórnin heldur eigi líti á það sem rèttast, eða að henni sè eigi ljóst, hvernig skoða eigi þetta tímabil. Alþingi segir, að grundvallarlögin eigi sèu gild hèr á landi; stjórnin segir, að þau sèu gild. Hvorugt held eg sè rètt. Alþingi hefir að því leyti rètt, að grundvallarlögin eru eigi formelt gild hèr á landi, því þau eru ekki einu sinni þinglesin hèr, og geta eigi orðið það, fyrri en fast fyrirkomulag er komið á stjórn Íslands. En grundvallarlögin eiga að verða gildandi hèr á landi, því þær grundvallarsetningar, sem stjórn Danaveldis byggist á og sem lýsa sèr í grundvallarlögunum frá 1849, þeim má alþingi eigi raska, og að þessu leyti má segja að þau sèu gildandi. Hèr mætast nú tvær aðalspurningar og þær eru: 1. hvaða atkvæði ber Íslendingum, er þeir eiga að tengjast formlega inn í ríkisheildina? og 2. hvaða áhrif hafa grundvallarlögin á það, hvernig hinum sèrstaklegu málum Íslands er komið fyrir? Þetta eru 2 ólík spursmál, og ef þau eru eigi leyst, þá fær maður eigi yfirlit yfir málið. Hinn hæstvirti

konungsfulltrúi sagði, að Íslandi væri eigi heitið nema ráðgefandi atkvæði í máli því, sem hèr liggur fyrir, og vitnaði til orða þeirra og yfirlýsinga, þar sem oss hefir verið gefið heityrði um stjórnarbót og jafnrètti við samþegna vora í Danmörku, og eg er honum öldungis samdóma um það, að leggja megi þá þýðingu í orðin, sem hann gjörði. En þegar menn byggja eitthvað á orðum, þá er eigi nóg að gæta að eins að orðunum; orðin verða að víkja, þegar sambandið sýnir eður aðrar yfirgnæfandi ástæður benda til, að sá, sem hefir talað þau, hefir ætlað að segja eitthvað annað, en hann hefir sagt. Bókstafurinn deyðir, segja menn, og því má eigi leggja honum til meira gildi, en honum ber, og hann verður að víkja, þegar sanna má, að meiningin sè önnur, en sönnunarskyldan hvílir á þeim, sem vill leggja aðra meiningu í orðin en þá, sem næst liggur. Nú vil eg gjöra mèr grein fyrir, hver sè sú þýðing, er liggur í heitorðum konunga vorra í þessu efni. Þegar nú gætt er að jafnrèttishugmyndinni, þá er það þó ljóst, að Íslendingum getur eigi borið meiri rèttur en Dönum, og að það þing, sem starfar að nýju skipulagi á stjórn Íslands, eigi hefir meiri rètt, en hin »grundlovgivende Forsamling« hafði í Danmörku, en eg er öldungis ekki viss um, að hún hafi haft löggjafar-atkvæði og skil ekki, að hún á nokkurn hátt hefði getað bundið vilja konungsins. Ef grundvallarlögin eigi hefðu getað náð samþykki hans hátignar konungsins, þá hefðu þau víst eigi komið út, og málið verið látið falla niður, eður þá verið kallað saman annað þing. Eg vil játa það, eg veit eigi, hvað menn meina með samþykktaratkvæði alþingis. Allir sjá, að sú getur þó eigi verið meiningin, að alþingi sè sett upp yfir ríkisþingið, eða hafi meiri rètt en það. Konungurinn hefir gefið öllum sínum þegnum eitt og hið sama loforð, og því getur eigi legið í því nema ein og sama þýðing. Þegar eg lofa 3 mönnum einhverju með öllum hinum sömu orðum, þá er auðsætt, að loforðið er hið sama til þeirra allra. Þegar konungurinn kallar 5 Íslendinga til að vera við á ríkisdeginum, þá er það ofur-skiljanlegt, því Danmörk og Ísland áttu að tengjast í hinum sameiginlegu málum, og það er sá grundvöllur, sem alþingi eigi getur haggað, en þetta samband gildir alls eigi um hin sèrstaklegu mál. Grundvallarlögin dönsku geta eptir eðlí sínu og uppruna alls eigi verið því til fyrirstöðu, að Íslendingar fái fullt atkvæði í hinum sèrstöku málum, og eg skil ekki, að ríkisþingið geti haft nokkuð á móti þessu; en aptur á móti er auðvit-

að, að konungurinn því að eins getur staðfest lög um stöðu Íslands í ríkinu, að ríkisþingið áður hafi samþykkt þau, því það er beinlínis samkvæmt grundvallarlögunum, að um það atriði eigi alþingi og líka ríkisþingið að hafa fjallað, og þá fyrst getur konungurinn með staðfestingu sinni veitt þeim lagagildi. Einmitt af því að ríkisþingið er annar málspartur, þá hlýtur það að veita samþykki sitt til þessara laga. En í hinum sèrstaklegu málum er ríkisþingið eigi málspartur, og þess vegna getur alþingi haft fullan atkvæðisrètt um þau; en þá er þó vitaskuld, að skipulagið á hinum sèrstaklegu málum eigi má innihalda neinar ákvarðanir, sem komi í bága við stjórnargrundvöll Danaveldis yfir höfuð, sem ákveðinn er í grundvallarlögunum. Eg bið þess vel gætt, að í sameiginlegu málunum er ríkisþingið annar málsparturinn. Enginn ráðgjafi mundi þora að ráða konunginum til, að undirskrifa lög, sem hagga stjórnargrundvelli Danaveldis, og það væri óðs manns æði, að fara fram á slíkt. Bæði nefndarálitið og hin konunglegu frumvörp eru vottur þess, hve óhappalegt er að sleppa þessum grundvelli. Hvorttveggja er í rauninni mjög líkt; hvorttveggja byggir á röngum grundvelli. Nefndin segir, að af því eigi megi hreifa við grundvellinum, þá sè þýðingarlaust, að taka frumvörpin til meðferðar, og þannig kemst hún til þeirrar niðurstöðu, að mótmæla þeim að öllu leyti. Nefndin átti að byggja á áliti þingsins 1867, og frumvörpunum, sem hèr liggja fyrir. Eg er samdóma hinni heiðruðu nefnd í því, að vèr eigum eigi að sleppa neinu af rètti vorum, og hvert það stig, sem hún gengur til að verja hann, það geng eg með; en það verður þá að vera nauðsynlegt stig; ónauðsynlegt má það eigi vera. Nefndin hefir gengið út frá því, að ef hún rèði til frumvarpsins, þá mundi það spilla málinu; og það er eg viss um, að þetta hefir verið sannfæring nefndarinnar, því það er víst, að hún vill ekki ónýta málið; en gæti hún þá vel að því, hvort hún hefir þá í raun og veru eigi gjört það. Hún hefir að eins fengið út negativt Resultat, fengið út, hvað eigi ógjört að láta, en til að styðja málið, átti hún að segja, hvernig Íslendingar vildu hafa sjálfræði sínu fyrir komið, því stjórnin hefir sagt oss: «Eg vil gefa ykkur sjálfræði upp á þann hátt, er frumvarp mitt greinir; segið þèr nú, hverju þèr viljið við bæta og hvað af taka». Til þessa var nefndin kosin. Hún hefir ekki gjört það, þótt það væri skylda hennar, því verður þingið að gjöra það. Eg áskil mèr því fyrst og fremst, að málið sjálft verði rætt, og þar

næst breytingaratkvæði, er munu ganga í sömu stefnu og alþingi bað um 1867, því í þeim skýrði þjóðin frá þörfum sínum og vilja.

Jón Pètursson: Eg ætla mèr og að kasta dálitlum steini á nefndina; en hann skal ekki vera þungur. Nefndin hefir alveg misskilið ástæðurnar til stjórnarfrumvarpsins, því hún segir, að stjórnin hafi ráðgjört, að láta frumvarpið koma út sem lög, hvað sem svo alþingi segi; en eg efast stórlega um, að stjórnin gjöri þetta; hún segir að eins, að málinu verði ráðið til lykta, þegar alþingi hafi gefizt kostur á, að framkvæma þá hlutdeild til ráðaneytis, sem því beri í þessu máli. En stjórnin getur ráðið málinu öðruvísi til lykta, en með því, að gjöra frumvarp þetta að lögum. Að vísu held eg, að hún geti ekki ráðið því til lykta með lögum, nema að bera þau fyrst undir alþingi, eptir alþingistilskipuninni 1843, en hún getur ráðið því þegjandi til lykta, með því að láta allt vera, sem er, eða með því að leggja mál vor með öllu þegjandi undir ríkisþingið, og þetta álít eg að væri að misbjóða rètti vorum, en sem stjórnin kannske verði neydd til að gjöra. Til þessa hefði nefndin eigi átt að vilja stuðla. Hún hefði átt að taka frumvarpið fyrir og rannsaka það, og skoða vandlega, hvort ástand það, sem stjórnin býður, með þeim breytingum, sem staðizt gátu með grundvallarsetningum frumvarpsins, væri betra en það, sem nú er, eða yrði, ef mál vor kæmust undir ríkisþingið, og eptir þessari rannsókn annaðhvort ráða frá frumvarpinu, og að breytingar yrðu gjörðar við það, eða þá ráða til þess, með þeim breytingum, er henni hefði þótt henta og hún gat ætlazt til að stjórnin gæti aðhyllzt. Nefndin saknar þess, að alþingi nú eigi hafi haft samþykktarvald í málinu, en lá þá eigi beinast við fyrir nefndina, ef hún hefði álitið, að frumvarpið mætti lögleiða með áminnztum breytingum, að ráða þinginu til þess, að heiðast, að frumvarpið yrði lögleitt, svo úr garði búið, sem hún hefði stungið upp á, en þó taka það fram um leið, að til þingsins væru komnar bænarskrár úr öllum áttum, er lýstu því, að landsmenn álitu, að málið yrði eigi leitt til endilegra lykta, nema þinginu væri gefið samþykktarvald í því, þingið gæti því eigi ábyrgzt, að landsmenn álitu málinu ráðið til endilegra lykta, þó frumvarpið kæmi út sem lög?

Eg skal nú bera saman ástand það, sem frumvarpið býður, við það, sem nú er. Hvað 1. grein stjórnarfrumvarpsins þá snertir, þá finnst mèr hún vera óendanlega miklu betri, en ástandið nú, því eptir henni fáum vèr sjálfir löggjafarvald í vorum innlendu

málum, eins og við einlægt höfum verið að klifa á. Í 2. greinar 1. atriði er gjört ráð fyrir sama og nú er. 2. atriði gjörir þá bót, að þá er þó vegur til, að gjöra ábyrgð gildandi móti ráðgjafanum, en nú er enginn vegur til þess. Sè ráðgjafinn vel þokkaður hjá Dönum, munu þeir að vísu verða tregir á að styrkja ákæru alþingis gegn honum, en sem skynsamir og ráðsettir menn er áreiðanlegt að þeir munu taka mjög mikið tillit til beiðni alþingis, sem þá líka verður löggefandi fundur, og sè ráðgjafinn miður vel þokkaður hjá þeim, (og optast mun fara saman um það skoðun beggja þinganna), þá er enginn örðugleiki á, að koma fram ábyrgðinni. En við verðum líka að athuga, að þótt oss nú líkaði bezt, að alþingi gæti gjört ábyrgð gildandi gegn ráðgjafanum í Íslands málum, þegar því sjálfu þætti við þurfa, þá getur þetta ekki fengizt, nema með grundvallarlagabreytingu, því nú getur að eins fólksþingið höfðað ríkisrèttarmál gegn ráðgjöfunum, og mönnum er víst ljóst, hve örðugt og seinlegt er að fá hana, og vèr eigum heldur að taka nú þegar á móti þeirri endurbót, er vèr getum fengið, en að hafna henni, af því vèr ekki fáum allt það, er vèr viljum, og gildir þetta bæði um það atriði í stjórnarfrumvarpinu, er eg ræði nú um, og mörg önnur. Hið 3. atriði annarar greinar gefur oss að vissu leyti jarlinn, er vèr ávallt höfum verið að biðja um. Hin 3. grein frumvarpsins telur þau sèrstöku mál, er vèr fáum löggjafarvald yfir (*Páll Pálsson*: Það þarf ekki að yfirfara hverja einstaka grein, við getum lesið þær sjálfir). Að vísu þarf þess, til þess að hver þingmaður gjöri sèr ljóst, hversu miklu betra það er, sem frumvarpið býður, en það ástand, sem nú er, og verður, ef frumvarpinu er hafnað. Og eg vil enn þá taka fram, það sem þegar er sagt af hinum hæstvirta konungsfulltrúa og háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, að þótt frumvarpið byði oss ekkert annað en 3. greinar 8. atriði, þá mundu flestir skynsamir menn ráða til, að taka við því, þar eð skattalöggjafarvald almennt er álitið sem fóturinn undir öllu sjálfsforræði. Ef vèr nú höfnum frumvarpinu, þá verðum vèr ekki annað en vèr erum, vesalt ráðgefandi þing, hvers ráðum enginn þarf að hlýða; ný lög geta þá komið út þvert á móti vilja vorum, og þvert ofan í ráð alþingis, og ríkisdagurinn heldur áfram að vera einráður yfir fjármálum vorum sem nú, hvort sem það er með rèttu eða órèttu, og ef vèr viljum ekki þiggja að stýra vorum sèrstöku málum sjálfir, þá er sennilegast að ríkisdagurinn fái þau öll í sínar hendur, og verður þá

það ofan á, er allir Íslendingar mundu sízt kjósa. Ef vèr þar á móti samþykkjum frumvarpið, erum við sjálfir orðnir einráðir um þessi 9 mál, og þau geta eptir enda greinarinnar orðið fleiri, en ekki færri. Og ef það er satt, er sagt er, að frelsinu fylgi dugnaður og velmegun, stöndum við þá ekki betur að vígi eptir en áður, og mundum vèr þá ekki eiga hægra með en nú, að fá seinna einhverju breytt í stöðu vorri okkur í hag, einkum ef vèr gætum sýnt af reynslunni, að það stæði oss fyrir þrifum, og að vèr kannske hefðum rètt til meira frelsis? Og þegar loksins athugað er, að engin grein frumvarpsins gjörir ástandið verra en það er nú, flestar betra, og sumar svo óendanlega miklu betra, hvernig getur mönnum þá komið til hugar, að kasta öllu þessu frá sèr, og án þess að reyna til að laga nokkuð í frumvarpinu?

Forseti: Af því orðið er æði áliðið, mun eg nú slíta fundi, og ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

28. fundur — 1. september.

Forseti: Eg skal geta þess, að þingmaður Vestur-Skaptfellinga hefir skýrt mèr frá, að hann gæti eigi verið á fundi í dag.

Þar næst var þingbókin frá tveim hinum síðustu fundum lesin upp og samþykkt.

Forseti: Á þessum fundi tökum vèr til að halda áfram undirbúningsumræðu um hið konunglega frumvarp til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Konungsfulltrúinn hefir beðið sèr hljóðs.

Konungsfulltrúi: Það er tekið fram í nefndarálitinu, að þar sem segir í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að alþingi alls eigi þurfi að hugsa til að fá breytt neinum grundvallarreglum þess, heldur að málinu verði ráðið til lykta, þegar alþingi hafi gefizt kostur á að framkvæma þá hlutdeild til ráðaneytis, sem því beri í þessu máli, þá gjöri stjórnin ráð fyrir, að láta lög þessi koma út óbreytt í öllum verulegum atriðum, hvað svo sem alþingi segi. Eg skal leiða hjá mèr að benda að þeim blæ, sem þessi orð nefndarinnar, eins og nefndarálitið í heild sinni, hafa, en geta þess, að þegar spursmál

er um grundvallarreglu frumvarpsins, eða þann grundvöll, sem það er byggt á, þá virðist mèr eptir umræðunum hèr á salnum, bæði frá hálfu nefndarmanna og frá hálfu þingmanns Árnesinga, ef eg hefi skilið hann rètt, vera mikill misskilningur um það, sem hèr ræðir um. Grundvöllur sá, sem frumvarpið er byggt á, er vafalaust sá sami og alþingið í hitt eð fyrra skilmálalaust hefir samþykkt, þar sem segir í 1. grein stjórnarskrárinnar frá í hitt eð fyrra: «Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum». Þess vegna getur ekki orðið spursmál um, að skoða Ísland hvorki sem nýlendu, nè sem hèrað í Danmörku, nè sem sambandsland, og þess vegna eru sögulegar rannsóknir nefndarinnar þýðingarlausar, eins og eg tók fram í gær. Grundvallarreglur frumvarpsins, sem ekki má raska, eru á þann hátt byggðar einmitt á samþykki alþingis, og þess vegna þykir mèr allt það, sem nefndin hefir tekið fram um samþykktarvald þingsins, ef svo má að orði kveða, kappsmál. Það er vel aðgætandi, að frumvarp það, sem liggur fyrir, ekki er nýmæli, heldur einmitt byggt á samþykki alþingisins.

Samkomulag það, sem ekki komst á milli stjórnarinnar og alþingisins 1867, en sem þá voru gjörðar alvarlegar tilraunir til að koma á, hefir verið lagt fyrir hans hátign konunginn, og hann hefir látið taka upp í þetta frumvarp og í hitt um sèrstök málefni Íslands allar þær uppástungur, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra, og sem voru þess eðlis, að þær yfir höfuð að tala gátu orðið teknar til greina. Það er þess vegna alveg ástæðulaust að segja um frumvörp þessi, að þau sèu byggð eingöngu á skoðun stjórnarinnar; því að undanteknum tveimur atriðum eru allar uppástungur alþingisins, hvað efnið snertir, teknar til greina. Samþykktarvald alþingis, sem eg hefi sýnt og sannað að ekki beri því, eptir hinum gildandi lögum, en sem eptir áliti nefndarinnar nú á að styðjast við hlutarins eðli, sem að vísu er hvikult, því hlutarins eðli er eitt hjá þessum og annað hjá hinum — sínum augum lítur hver á silfrið — getur þó með engu móti skilizt á þann hátt, að alþingið eingöngu eigi að ráða úrslitum, því þá verður þetta vald sannarlega gagnstætt hlutarins eðli; nefndin meinar þó víst ekki — held eg — að konungurinn ekki hafi ályktunarvald í þessu máli, þó að svo líti út, þegar nefndarálitið er skoðað í heild sinni.

Hverjar eru nú grundvallarreglur þær, sem eru ákveðnar í þessu frumvarpi og eru öðruvísi í hátt, hvað efnið snertir, en þær

í stjórnarskránni frá í hitt eð fyrra, því eg skal játa það, eins og frumvarpið beinlínis ber með sèr, að því, að forminu til, sè breytt? Eg skýrði í gær frá þeim ókostum, sem nefndin hefði fundið að frumvarpinu, og hinn heiðraði framsögumaður tók munnlega fram eitt atriði, sem ekki er bent til í nefndarálitinu, sum sè 3. kafla úr 7. grein frumvarpsins. En að öðru leyti hefir nefndin ekki leitt rök að því, hverjar breytingar gjörðar sèu í þessu tilliti frá því í hitt eð fyrra. Eg tók það skýrt fram, að ákvarðanir frumvarpsins um, hver mál sèu sèrstakleg og hver sameiginleg, að öllu eru óbreyttar frá stjórnarskrá þeirri, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra, enn fremur að ákvarðanir frumvarpsins um löggjafarvaldið bæði í hinum sèrstaklegu og í hinum sameiginlegu málefnum eru alveg óbreyttar. Eg tók það einnig skýrt fram, að ákvarðanirnar í 2. grein, sem inniheldur undirstöðuatriðin í fyrirkomulaginu á framkvæmdarvaldinu í hinum sèrstaklegu málefnum landsins, og sem, þegar um það ræðir, á grundvallarlagalegan hátt að aðgreina framkvæmdarvaldið í þessum málefnum frá hinu lögákveðna framkvæmdarvaldi í hinum almennu málum ríkisins, einmitt þess vegna eiga heima í frumvarpinu um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu — að þessar ákvarðanir eru breyttar frá því, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra, en þeim er breytt í þá stefnu, sem er samkvæm hinum óraskaða grundvelli, sem frumvarpið er byggt á. Eg bætti því við, að ef þingið gæti stungið upp á breytingum við 2. grein, er gætu sameinazt við það, sem nauðsynlegt er að taka tillit til, þegar um stöðu Íslands í ríkinu ræðir, eða með öðrum orðum: gætu orðið byggðar á grundvelli þeim, sem allt frumvarpið er byggt á, þá væri vonandi, að stjórnin mundi taka þær til greina, en að stjórnin sjálf ekki hefði getað fundið neitt fyrirkomulag í þessu tilliti, sem bæði væri landinu meira í hag og veitti þá tryggingu, sem nauðsynleg er vegna stöðu Íslands í ríkinu.

Ákvörðunin um árstillagið í 4. grein er sjálfsagt undir atkvæði ríkisþingsins, og eg skal með tilliti til 4. greinar frumvarpsins að eins skýrskota til þess, sem eg tók fram í gær, og sem ekki hefir verið hrakið, og að eins bæta því við, að orðabreyting sú, sem hinn heiðraði 2. konungkjörni þingmaður áskildi sèr við þessa grein, er þess eðlis, að eg get mælt með henni. 5. og 6. grein eru hvað aðalregluna snertir óbreyttar frá því í hitt eð fyrra, og undantekningar þær, sem eru gjörðar hvor í sinni grein, eru í sjálfu sèr lítilsvarðandi og að öðru leyti samkvæmar hlutarins eðli.

Hinum 3. kafla af 7. grein er breytt frá því, sem alþingið stakk upp á eða samþykkti í hitt eð fyrra, en þetta var einmitt breyting alþingisins í þessu tilliti í sambandi við breytinguna með tilliti til stjórnarábyrgðarinnar, sem ollu því, að stjórnarskráin frá í hitt eð fyrra ekki gat náð staðfestingu konungsins. Þessi ákvörðun er í «Realiteten» þýðingarlítil, og henni verður að líkindum ekki framfylgt um mjög langan tíma, en hún er að öllu samkvæm grundvelli þeim, sem allt frumvarpið er byggt á. Þar á móti er það einhver misskilningur, þar sem nefndin hefir viljað telja þinginu trú um, að með þessari ákvörðun geti ríkisþingið lagt skatta á landið; öll skattamál beinlínis og óbeinlínis eru eptir 3. grein frumvarpsins sèrstakleg málefni landsins, en 7. grein ræðir einungis um sameiginleg mál Danmerkur og Íslands, og ákvörðunin gjörir ráð fyrir, að þegar það einhvern tíma verður ákveðið með lögum, sem ríkisþingið samþykkir, að Ísland skuli leggja til ríkisþarfa, þá skal konungur og alþingi ákveða, hvernig það tillag skuli greiða. Eg fyrir mitt leyti álít það óhætt, að þingið stingi upp á breytingu við tölulið þennan í þessa átt, en þar á móti get eg eigi fallizt á þá breytingaruppástungu, sem hinn heiðraði 2. konungkjörni þingmaður hefir áskilið sèr við þessa grein. Um 8. og 9. grein held eg að eg hafi tekið það fram, sem nauðsynlegt er.

Ef eg man rètt, misskildi hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga 3. gr. á þann hátt, að hann áleit, að niðurlag greinarinnar gefi ríkisþinginu heimild til að ákveða, að þau málefni, sem eru upp talin í greininni og eptirleiðis eiga að vera sèrstakleg, aptur skuli vera sameiginleg. Þessi misskilningur held eg verðskuldi ekki annað svar, en það, að eg vil biðja hann að lesa greinina aptur, því þá getur hann líklega, án frekari leiðbeiningar frá minni hálfu, skilið, að ríkisþingið eptir þessari grein getur samþykkt, ef alþingið fer þess á leit, að fleiri málefni skuli varða Ísland sèrstaklega, en þar á móti ekki að hin sèrstaklegu málefni verði sameiginleg.

Þar sem hinn heiðraði framsögumaður skýrskotaði til konungsbrèfsins frá 10. nóvember 1843 og hèlt fastlega fram, að ákvörðun þessa konungsbrèfs sè breytt með ákvörðunum frumvarpsins um löggjafarvaldið í hinum sameiginlegu málum, þá er þetta einnig byggt á eintómum misskilningi, því þetta Rescript hljóðar þannig:

«Vèr viljum, að fulltrúi vor við Íslands alþingi í hvert skipti

sem það kemur saman, eptir að hafa borið sig saman við hlutaðeigandi stjórnarráð, leggi fram fyrir þingið þau almennu lagaboð fyrir Danmörku, sem út eru gengin á seinasta tíma, sem ekkert sèrstaklegt frumvarpt er lagt fyrir um að útvíkka til Íslands, en sem þó kynni vera haganlegt að lögleiða þar, með áskorun til þingsins um, að segja álit sitt bæði um lögleiðslu þeirra og um þær breytíngar, sem hentugar mættu virðast við lögleiðsluna».

Og það liggur í augum uppi, að það ekki ræðir um sameiginleg mál Danmerkur og Íslands, heldur einungis um almennar lagaákvarðanir í hinum sèrstaklegu málefnum Danmerkur. Eg skal taka til dæmis þau lagaboð, sem samkvæmt þessu konungsbréfi hafa verið lögð fyrir þetta þing, en ekkert þeirra varðar hin sameiginlegu mál Íslands og Danmerkur, á meðan alþingi hefir álitið, að eitt þessara lagaboða «um mannorðsbót» ætti að lögleiða hèr á landinu. Hin sameiginlegu mál Íslands og Danmerkur hafa aldrei verið lögð fyrir alþingi, eg skal taka t. d. lögin um ríkiserfðirnar. Bæði hinn heiðraði framsögumaður og hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga lagði mikla áherzlu á ástæðu þá, sem nefndin bls. 21 hefir byggt á venjulegum þingreglum, þegar löggjafarþing verður leyst upp og nýtt þing kosið til þess að gefa atkvæði sitt um einhverja breytingu á hinum gildandi grundvallarlögum — eg held, að þessi röksemdaleiðsla ekki þurfi annars svars við, en að þingreglur ekki geta orðið byggðar á venjunni frá öðrum löndum. Regla sú, sem hèr ræðir um, er að vísu ákveðin í nokkrum grundvallarlögum, og er einnig tekin upp í frumvarpið um sèrstakleg málefni Íslands 65. gr., og ef þetta frumvarp verður lögleitt, verður hún sjálfsagt eptirleiðis gildandi, en eg skal alveg mótmæla því, að hún sè byggð á hlutarins eðli, þegar um annað ræðir en breytingu á hinum gildandi grundvallarlögum. En að öðru leyti er auðsætt, að konungurinn hefir leyst alþingi frá 1867 upp og látið stofna til nýrra kosninga einmitt vegna þess, að alþingi í hitt eð fyrra beiddist þess, og enn fremur, að hann hefir látið leggja fyrir hið nýkosna þing hið sama frumvarp, sem þingið 1867 hafði til meðferðar með þeim af breytingum þingsins við það, sem hann gat fallizt á. Þetta frumvarp er að vísu skipt í tvennt og að svo miklu leyti breytt að formi, en hvað efnið snertir, eru ekki aðrar breytingar gjörðar við það en þær, sem eg áður hefi skýrt frá, og sem eru alveg samkvæmar grundvelli þeim, sem alþingi 1867 hefir samþykkt.

Jón Hjaltalín: Það lítur svo út, sem mál þetta sè komið í hið mesta óefni, því nefndin, sem frumvarpið á að rannsaka, gjörir það ekki, heldur segir að eins: við viljum helzt vera fríir, og í þessu frumvarpi er Íslendingum boðið frelsi og alþingi löggjafarvald. Við þetta tækifæri ætla eg að líta til baka til 1867. Þá var okkur boðið hið sama, og ef við hefðum þá látið oss nægja með þær breytingar, er stjórnin gat aðhyllzt, þá hefðum vèr haft fast tillag af 37,500 rd. nú, en nú er okkur boðin að eins 30,000, og engin von, að upp úr því fari. Höfnun alþingis 1867 kostaði þannig landið renturnar af 200,000 rd. á ári, og það kalla eg vel af sèr vikið, og ef svo hefði farið, sem konungsfulltrúi sagði áðan, og eg er sannfærður um, að við hefðum 50,000 fast (auk skattalöggjafarvaldsins vel að merkja, og það er líka peningavirði), ef við hefðum samþykkt stjórnarfrumvarpið óbreytt 1867, og ríkisdagurinn þannig komið til að standa einn móti okkur og stjórninni báðum sameinuðum, þá kalla eg það búhnykk, sem við gjörðum 1867. Mikið mega landar vorir vera hræddir við sjálfsforræðið, þegar þeir vilja svona mikið til vinna til þess, að sleppa við það; þeir vilja gefa til þess stórfè (því tillagið er að eins boðið oss með þeim kostum, að við tökum sjálfsforræðinu; annars fáum við það ekki). En í alvöru að tala, er þetta forsjá og ekki kapp? Það er eitt orð í þessu nefndaráliti, sem í þessu augnabliki víst er verið að lofa og prísa út um allt land, sem mikið er um rætt og mikils þykir varðandi, og það er samþykktarvald, eða samþykktaratkvæði. Að við höfum leyfi til að samþykkja þetta stjórnarfrumvarp, er víst in confesso, svo að það er víst ekki verið að heimta, en víst hitt, að málinu skuli ráðið til lykta, eins og alþingi vill. En má eg spyrja: eru það börn, sem sitja hèr á þingi? Vita þeir ekki, að ályktunarvald í þessum skilningi hefir enginn ráðgefandi fundur nokkurs staðar, nè hefir haft síðan orðið «Constitution» fyrst var nefnt. Og hvernig skyldi þá alþingi hafa það, sem ekki einu sinni hefir löggjafarvald? Það er vitaskuld, að þegar konungur er rekinn frá ríkjum, þá hefir «Convent» þessi völd, en á vanalegum löggefandi fundum er það nauðsynlegt, að Monarken samþykki ályktanirnar í grundvallarlögunum; annars verða þær ekki að lögum, og loksins hjá oss, þá verður vilji konungs eins að lögum, hvort vèr biðjum eða biðjum ekki, því hann er vor löggjafi, og vèr höfum ekki annað vald en að gefa honum góð ráð, sem hann er sjálfráður um hvort hann vill nýta eða ekki. Þegar nú

á að gefa Constitution, leggur konungur frumvarp fyrir fund, um hvernig stjórnin eigi að vera framvegis; semji þeim, gefur konungur þeim löggjafarvald sitt; semji þeim ekki, hafa þeir ekkert löggjafarvald, því þá heldur konungur því eptir sem áður. Annars væru þeir ekki að biðja um að gefa sèr Constitution. Þeir tækju hana sjálfir. En það gjörðu ekki standaþingin í Danmörku 1848, af því þau gátu það ekki, og alþingi getur það heldur ekki.

Eg vil þar næst taka fram, að nefndin vill mótmæla fastlega, að ríkisdagurinn hafi nokkur afskipti af Íslands málum. En eg held, að því sè nægilega svarað með því, að vísa til 1. greinar í frumvarpi því, sem alþingi samþykkti 1867. Þar stendur: Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. Má eg annars spyrja hinn háttvirta framsögumann og nefndina, hví þeim er svo illa við ríkisdaginn. Lehmanns ræðu, sem er nokkuð hörð, er einlægt vitnað til, en ræðum velviljaðra er sleppt, og eg sè á ræðunum og veit annarstaðar að, að við eigum marga góða vini á þingi Dana. Bauð ekki ríkisdagurinn okkur gott boð og höfðinglegt 1859, þegar hèr var þröng í landi, sú er kallast fjárkláði, og oss var gefinn kostur á 30,000 rd. Má eg ekki skjóta því til vinar míns, hins háttvirta forseta: hvað gat okkur ekki orðið úr því boði, ef við hefðum kunnað með að fara? Þessi vinur minn, sem er hinn bezti drengur og sannur Íslendingur, studdi þá ágætlega hinar góðu tillögur, er hefði orðið landinu svo heilladrjúgar, ef alþingi ekki hefði viljað ráða (*Jón Sigurðsson* frá Kaupmannahöfn: «Hefði, hefði», sagði kellingin).

Eg ætla loks að fara fám orðum um fjártillagið, og jafnframt reikninginn í nefndarálitinu. Eg efast ekki um, að hann er saminn eptir beztu vitund og sannfæringu, en gallinn á honum er þó augsýnilegur. Hann er sá, að í honum er að eins talað um kröfur vorar til Dana, en ekkert um þeirra kröfur til vor. Og þær mundu ekki all-litlar. Eg ætla ekki að fara að rekja það; eg er hvorki nógu kunnugur til þess, enda er engin ástæða til þess eptir því sem nú á stendur, en eg vil að eins geta þess, hve miklu Friðrik 5. kostaði upp á okkur hèr á fyrri öld. Það var eins og hann hefði ásett sèr, að koma Íslandi upp, hvað sem það kostaði. Eg fyrir mitt leyti þori nú ekki að segja, að við eigum einn skilding hjá Dönum, eða þá þeir hjá oss; getur hvorttveggja verið, en það veit eg, að á fyrri öld voru landsmönnum vorum veittir miklir peningar til eflingar þarflegum fyrirtækjum,

verðlaun gefin nærri því fyrir allt; og maður á ekki að skoða að eins skuggahlið málsins, og allrasízt að gleyma velgjörningum (*Guðmundur Einarsson*: Hvað stendur í neðanmálsgrein nefndarálitsins bls. 16?). Eg hefi ekkert sèð um það í nefndarálitinu (Hlátur), og er að tala um velgjörðir, en ekki einhliðaða reikninga.

Hvað nú Monopolinu viðvíkur, þá leyfi eg mèr að spyrja: Hefir hin háttvirta nefnd eða nokkur þingmaður hugsað eptir, hvernig farið var með tilsvarandi lönd annara ríkja um sama leyti? Það var farið ver með þau, ekki betur. Í Canada var goldinn dalur af hverri rúgtunnu, enginn stúfur af timbri mátti flytjast út úr landinu toll-laust. Og eg hefi aldrei heyrt þess getið, að þegar slík gömul ánauðarlönd fengju frelsi, þá hafi þau sett upp reikning fyrir illa meðferð á forfeðrum sínum, en eg veit það, að ef Ungverjum hefði boðizt það 1848, sem okkur býðst nú, eða Írlendingum, sem stökkva úr landi til að sleppa við harmkvælin hópum saman, þá hefðu þeir ekki svarað: «eg mótmæli allraþegnsamlegast». Það er vel heimtufrekt, og við skulum ekki vera of heimtufrekir. Við verðum að treysta að nokkru rèttsýni ríkisdagsins. Hann mun ekki neita oss um þær breytingar og bætur á þessum frumvörpum, er vèr biðjum um með góðum ástæðum, og sem ekki raska grundvelli þeim, sem stjórnarskipun alls Danaveldis er byggð á. Þar sitja rèttsýnir menn og vandaðir, og margir mjög vinveittir Íslendingum, og Danir eru svo constitutionelt hugsandi, að þeir mundu fyrstir manna hjálpa okkur móti þeim ráðgjafa, er ekki hlýðnaðist beiðni vors löggefandi alþingis. Hinn háttvirti framsögumaður, sem þorir að taka upp á samvizkuna ábyrgðina fyrir að hafna löggjafarvaldi handa Íslendingum, en ekki að taka á móti því, hlýtur að vera á þeirri skoðun, að vèr sèum ekki færir til að taka á móti því. Það kann að vera, að hann hafi rètt fyrir sèr, en ef honum nú hefði skjátlazt, og það held eg honum hafi, þá held eg sá tíminn kunni að koma, að hann sjái, að sèr hefir skjátlazt. En eg ætla nú að heyra, hvað hann hefir að segja sèr til forsvars. Eg efast ekki um, að það verði gott, en eg verð varla orðlaus móti honum, þegar eg hefi eins góðan málstað og eg hefi nú.

Þórður Jónasson: Hèr liggja nú fyrir oss 2 lagafrumvörp, annað um Íslands stjórnarlegu stöðu í ríkinu, hitt til stjórnarskrár um Íslands sèrstaklegu mál, og að því fyrra lýtur nefndarálitið, sem nú er verið að ræða. Nefndin hefir nú fengið hjá sumum

þingmönnum heldur harðan dóm fyrir meðferð hennar á málinu og þá niðurstöðu, sem hún hefir komizt að, en það má virða til vorkunar í öðru eins vandamáli sem þessu, þó það komi fram ólíkar skoðanir. Eg get fyrir mitt leyti ekki fallizt á úrslit málsins hjá nefndinni, þó eg finni þau eðlileg eptir hennar reikningslegu aðferð og ástæðum. Mèr þykir nefndin hafa farið einhliða í málið; hún hefir einungis skoðað það frá hlið Danmerkur, að því leyti sem fjárstyrkinn til Íslands þaðan snertir, en þar á móti hefir nefndin ekkert litið á málið frá Íslands hlið, það er að skilja, ekkert minnzt á það, hvort Ísland ætti að gjalda og geti goldið nokkuð eða ekkert fyrir frelsi það og sjálfsforræði, sem því nú er boðið, og þetta atriði virðist mèr nefndin þó hefði átt að taka til yfirvegunar. Eg er öldungis samdóma nefndinni, að fjárstyrkurinn frá Danmörku, að viðbættum þeim tekjum, sem nú greiðast af landinu, sè í alla staði ónógur fyrir oss, til þess að takast á hendur sjálfsstjórn vora, og í þessum skilningi sagði framsögumaður í gær, að vèr, ef vèr hefðum ekki annað fè, en þetta, yrðum að fara aptur á bak, en eigi áfram; en það var eptir orðum hans ekki frumvarpsins, heldur fjártillagsins skuld, af því nefnilega að það væri of lítið. Eg skal leyfa mèr, að athuga hèr við, að þegar þingið og Íslendingar að undanförnu hafa verið að biðja um stjórnarbót, frelsi og fjárforræði, hefi eg aldrei skilið það svo, að við bæðum um þetta mestmegnis á kostnað ríkissjóðsins; eg skil ekki og hefi ekki skilið bænina um stjórnarbót svo, að Íslendingar og þingið ætlaðist til þess af dönsku stjórninni, að hún legði oss stjórnarbótina upp í hendurnar og segði til okkar: »þarna hafið þið fullt frelsi og fjárforráð, og sjálfsstjórn í öllum málum ykkar, og hèrna er fè, sem þið þurfið til þess, að geta fært ykkur gjöfina í nyt; takið þið nú við öllu saman!» Nei, þetta datt mèr ekki í hug, því það varð að vera öllum ljóst, að frelsi og sjálfsforræði hefir skyldu og skuldbindingu í för með sèr, og sèr í lagi þá, að geta staðið straum af sjálfum sèr. Í einu orði, eg taldi það víst, að við mundum sjálfir vilja, geta og ætla að leggja nokkuð í sölurnar, er svo mikið væri í aðra hönd, fullt frelsi og sjálfsforræði í málum vorum; geti nú landið samt ekkert lagt í sölurnar og að við þannig ekki höfum neitt annað fè við að styðjast, en fjárstyrkinn frá Danmörku, og það, sem nú gelzt af landinu, þá sè eg ekki til neins að vera að biðja um stjórnarbót; við getum þá ekki tekið við henni eða fært oss hana í nyt, því eins og eg tók fram, getum við ekki

vænzt þess, að Danmörk leggi allt upp í hendurnar á oss. Ef svona er ástatt fyrir okkur, þá eigum við hreint og beint að lýsa því yfir, að við að vísu óskum sjálfsforræðis, en við sèum fátækt-ar vegna ekki færir um það, og þá er sú saga úti; en eg held við þurfum ekki að segja svo; eg held við getum haft einhverja útvegu til að bjargast, eða sett bú með því fè, sem við höfum og getum útvegað oss. Þannig segir í nefndaráliti landsþingsins í vetur er var, að sá lítilfjörlegi tollur, sem fjárgæzluráðgjafinn hafi verið að hugsa um að koma á 1864 eða 1865 á 4 vörutegundir, brennivín, sykur, kaffi og tóbak, mundi eptir innflutningum til Íslands 1863 hafa numið 41,238 rd. um árið, og þó var tollurinn af brennivíni að eins 4 sk. (hann hefði gjarnan mátt vera 8 sk.), en á hinum vörutegundunum $1\frac{1}{2}$—2 sk. pr. pnd. Hækka mætti, eins og líka hefir verið stungið upp á, skipagjald etc., og með þessu móti auka tekjur landsins á margan hátt, og fylla með þessu móti það skarð, sem eptir nefndarálitinu er milli landstekjanna, að við bættu árgjaldiuu frá Danmörku; en nefndin reiknar, að við þurfum 125 þúsundir, ef mig minnir rètt, árlega, og þessi reikningur er vissulega ekki of hár, ef við eigum ekki að standa í stað en taka framförum. Sè þessi skoðun mín á rökum byggð, og það ætla eg og vona að hún sè, því óbeinlínis skattar eru aðaluppsprettur landstekjanna alstaðar, og geta einnig orðið það hjá oss, og þurfa ekki að verða oss tilfinnanlegir, ef haglega er að farið, þá er auðsætt, að vèr getum með engu móti gengið með nefndinni, og hafnað frumvarpinu, og ef vèr gjörum það, yrði eg að álíta það mjög mikinn ábyrgðarhluta fyrir oss gagnvart stjórn og þjóð. Það er einungis ómögulegleikinn, að geta borið oss, sem ætti að geta knúð oss til þessa neyðarúrræðis, og rèttlætt það, en þessi ómögulegleiki liggur ekki fyrir að mínu áliti.

Vèr megum hèr ekki með nefndinni gjöra reikning upp á, að geta fengið auk árgjaldsins fjárkröfur þær, sem nefndin talar um að landið eigi tilkall til úr ríkissjóðnum, borgaðar; það höfum við heyrt, og megum vèr því ekki gylla fyrir oss þær vonir. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði líka í gær, að ef reikningarnir yrðu gjörðir upp beggja megin, mundi allt jafna sig, það sem við hefðum þegið hjá stjórninni, og runnið inn hjá henni frá okknr. Eg þori í þessu efni ekkert að staðhæfa með eða mót, því eg er þessu atriði ekki nógu kunnugur til þess.

Það hefir líka verið sagt, að við gætum orðið sviptir ársgjald-

inu eptir 4. gr. frumvarpsins, þegar minnst varði. Á þessa mótbáru legg eg ekki áherzlu. Að vísu er árgjaldið veitt með þeim fyrirvara, að það skuli að eins standa, þangað til því verði breytt með lögum; en það verður ekki gjört, þar um er eg sannfærður, — enda útheimtist þar til samþykki konungs — fyr en eptir langan aldur, og því að eins, að landið sè komið í allt annað og betra ástand. Að undanförnu, þegar að talað hefir verið um fjárstyrk frá stjórninni, var ekki ætlazt til, að hann yrði veittur nema fyrst um sinn, eða á meðan við værum að koma oss fyrir og á fót, og setja bú, eins og menn kalla það hèr á þinginu.

Þessi hugsun held eg líka allt af hingað til hafi vakað fyrir þinginu, og hún er í alla staði eðlileg, sú nefnilega, að vèr til þess, að geta lifað sjálfstæðu lífi, yrðum einkum að eiga traustið undir sjálfum oss, og leggja nokkuð í sölurnar fyrir frelsið. Ef vèr því ekki treystum oss til, að komast á fót með árgjaldinu, sem við væntum, og tekjum þeim, sem nú eru af Íslandi, og þeim, sem við getum aflað oss, þá erum við neyddir til, að hætta við alla hugsun um sjálfstætt líf og sjálfsforræði, því ekki þurfum vèr að hugsa til þess, að Danmörk leggi oss allt upp í hendurnar, og vèr eigum heldur ekki heimtu á því; stjórnin hefir hvað árgjaldið snertir lýst því beinlínis yfir, að hún hafi enga von um, að geta fengið það ríkað, og því verðum við að taka ástandið eins og það er. Að biðja um miklu hærra árgjald, mundi þannig ekki fá áheyrslu hjá ríkisdeginum, hvað sem um nauðsyn vora líður. Hèr er vissulega mikið í boði og til mikils að vinna: löggjafarvald í öllum sèrstaklegum málum vorum, og sjálfsforræði eptir íslenzkri stjórnarskrá; þetta er mjög mikið framfarastig fyrir oss frá því sem er; það, sem hèr býðst, er aðalskilyrði fyrir öllum framförum vorum og sjálfstæðu lífi eptirleiðis, og fyrir þetta er vissulega leggjandi mikið í sölurnar.

Eg játa það fúslega, að hèr er mikil ábyrgð á báðar hliðar, bæði að fylgja nefndinni, sem mótmælir því konunglega frumvarpi, og á hinn bóginn að aðhyllast það í öllu verulegu, eða óbreytt; en þegar eg veg þessar ábyrgðir hvora móti annari, fæ eg ekki betur sèð, en að ábyrgðin sè miklu meiri á hlið nefndarinnar. Konungsfulltrúi hefir nefnilega lýst því yfir, að þetta sè seinasta tilraun frá stjórninni til þess, að koma samkomulagi á þetta mál; ef þetta samkomulag ekki næst, verður málið að öllum líkindum lagt til hliðar, má ske að fullu og öllu, og þá stendur alþingis-

tilskipunin í fullu gildi, sem Íslands stjórnarskrá, og við höfum ekkert annað atkvæði í málum vorum, en það, sem þar segir.

Þannig er hèr mjög mikið í húfi fyrir oss, og fyllsta upphvatning til þess, að vèr hugsum og ræðum mál þetta með allri alúð og alvörugefni og keppnislaust; því málið varðar ekki einungis oss Íslendinga, sem nú lifum, heldur niðja vora um aldur og æfi. Eg ætla ekki í þetta skipti, að tala um einstakar greinir frumvarpsins; það gefst víst tilefni til þess síðar; en eg ætla að hallast að breytingum þeim á frumvarpinu, sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður ráðgjörði í gær, en sem ekki liggja enn þá fyrir.

Eg ætla ekki að orðlengja í þetta skipti, en enda þessi orð með þeirri ósk, að þinginu megi auðnast, að komast til þeirrar niðurstöðu í þessu velferðarmáli voru, sem fullnægi ósk stjórnarinnar, og rèttskildum þörfum Íslands í bráð og lengd.

Helgi Hálfdánarson: Það er með hálfum huga, já, með ótta, að eg stend upp í máli þessu. Eg finn til ótta af 2 ástæðum; í fyrsta lagi finn eg til ótta, þegar eg lít á, hve áríðandi mál þetta er fyrir þjóð vora og niðja, og hve vandamikið það er. Í annan stað finn eg til ótta, af því eg veit, hversu fávís eg er, og hversu mig vantar þá hæfilegleika, sem nauðsynlegir eru til þess að tala í þessu vandamáli, eins og vera ber. Eg hef lengi verið að velta því fyrir mèr, hvort ekki mundi rèttast fyrir mig að þegja með öllu í máli þessu; en þegar eg ihugaði þetta betur, komst eg að þeirri niðurstöðu, að eg ætti og mætti ekki þegja, heldur væri það skylda mín að tala, til þess að láta í ljósi sannfæringu mína og skoðun á málinu, og að eg ætti ekki að hræðast það, þó mönnum kunni að þykja orð mín bernskuleg og skoðanir mínar einfaldlegar, og ekki láta það aptra mèr, þó skoðun mín komi í sumu í bága við skoðanir þeirra manna, sem mèr eru vitrari bæði í stjórnmálum og öðru. Eg ætla þá ekki heldur að leyna sannfæringu minni, heldur láta hana hiklaust í ljósi, þó hún sè ef til vill gagnstæð þeirra manna, er eg ekki einungis virði, heldur einnig elska, af því eg veit þeir elska fósturjörð mína, og álít að þeir sèu hennar sómi.

Það er þá tvennt, sem hèr liggur fyrir framan mig; 1. hið konunglega frumvarp, og 2. nefndarálitið. Þegar eg á nú að láta skoðun mína í ljósi, þá get eg ekki annað en sagt um frumvarpið: Mèr geðjast það ekki; því það er margt í því, sem eg frá mínu íslenzka sjónarmiði vildi að öðruvísi væri. Hvað nefndar-

álitið snertir, þá get eg líka ekki annað en sagt um það: Mèr geðjast það ekki; því það er margt í því, sem eg ekki get samþykkt, margt sem eg álít eigi á góðum og gildum rökum byggt; sumt í því er að minni hyggju alveg rangt, og niðurstaða sú, sem nefndin hefir komizt að, finnst mèr fráleit. Eg verð því að segja, að eg get ekki haldið aðra eins lofræðu yfir frumvarpinu eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður gjörði, en eg get heldur ekki verið því eins fráhverfur og nefndin. Mèr þykir það ekki eins aðgengilegt, eins og hinum háttvirta 2. og 4. konungkjörna þingmanni, en mèr þykir það ekki heldur alveg eins óaðgengilegt og nefndinni. Eg ætla nú ekki að þessu sinni að talà um það, sem mèr þætti óskandi að öðruvísi væri í frumvarpinu, en eg vil minnast lítið eitt á nefndarálitið. Á bls. 2. segir, að frumvarpið um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu eigi að leggja undir atkvæði ríkisþings Dana, og vèr því að vera svo sem atkvæðislausir. Eg fæ ekki skilið, að hið fyrra sè svo fráleitt, sem nefndinni finnst; mèr finnst það liggja í hlutarins eðli, að þegar ræðir um stöðu eins hluta ríkisins gagnvart öðrum, þá eigi báðir sjálfsagt að hafa atkvæði; þess vegna finnst mèr, að vèr getum ekki tekið þetta illa upp, og að ekki sè rètt að segja, að vèr sèum fyrir það atkvæðislausir. Vèr erum ekki sviptir atkvæði, þó samþegnar vorir í Danmörk hafi atkvæði líka. Hvað hin sèrstaklegu mál snertir, þá held eg, að menn hafi ekki neina ástæðu til að óttast, að þau komi undir atkvæði ríkisþingsins; því það stendur í ástæðunum fyrir frumvarpinu bls. 14, að ályktunaratkvæðis ríkisþingsins þurfi ekki með, hvað þau mál snertir. Stjórnin segir, að staða Íslands sè ákveðin fyrir rás viðburðanna; þetta mislíkar nefndinni, að mèr skilst. En eg held, að ef þessi orð eru rètt skilin, sèu þau alveg rètt, og að þetta sama megi segja um hvert einasta land og hverja einustu þjóð; staða þeirra er ákveðin af rás viðburðanna, eða því valdi, sem stjórnar rás viðburðanna, guðlegri forsjón. Þetta hlýtur að gilda um oss sem alla aðra. Mèr getur ekki betur skilizt, en að nefndin meini, að Ísland hafi ávallt verið í «Personal-Union» við Noreg og Danmörku. En hvað er «Personal-Union»? Eg hefi allt af haldið, að svo væri einungis nefnt það samband, þar sem hver partur er ríki út af fyrir sig, en undir sama konungi, eins og Noregur og Svíaríki nú. En að Ísland hafi verið það, fæ eg ekki skilið. Það hefir, eins og nefndin segir, verið kallað skattland frá Noregi, en í því liggur önnur

hugmynd en í «Personal-Union». Ef að Svíar kölluðu Noreg skattland, þá held eg naumast, að Norðmenn tækju því vel. Það getur nú verið, að þetta sè ekki rètt skoðað af mèr; en þó að segja mætti, að svo hefði verið um Ísland í fyrstu, að það hefði verið sèrstakt ríki í «Personal-Union» við Noreg, þá held eg, að það sè þó ekki nú í slíku sambandi við Danmörk. Nefndin hefir fært ýmislegt þessu til sönnunar, en mèr finnst hún einmitt sanna, að Ísland sè einn hluti Danaveldis með sèrstökum rèttindum og ekkert meira. Sumt hjá nefndinni finnst mèr að ekkert sanni, en sumt meira en það á að sanna, og þess vegna ekki neitt. Þetta á að mínu áliti heima, þar sem nefndin fer að bera saman standaþingin og alþingi. En Jótland hafði standaþing út af fyrir sig, og ætti þá líka að hafa verið sambandsland hinna ríkishlutanna; það er að segja: þá ætti að vera «Personal-Union» milli Jótlands og Eydana, og Jótland eptir því sèrstakt ríki; en það held eg fáum detti í hug að segja. Hèr er því of mikið sannað. Ein ástæðan er sú, að skrifstofa hafi verið stofnuð 1815 fyrir málefni Íslands, Færeyja, Grænlands og Borgundarhólms. Ef þetta ætti að sanna nokkuð, yrði með því að vera sannað, að þetta hafi verið eintóm smáríki í «Personal-Union» við Danmörku. Færeyjar, Grænland og Borgundarhólmur yrðu þá líka ríki. En sè nú Borgundarhólmur ekki ríki, heldur hèrað úr Danmörku, þá leiðir þar þar af hið gagnstæða, að Ísland verður hèrað úr Danmörku eins og hann, sem er gagnstætt því, sem bæði nefndin og eg álít að sè. Eptir mínu áliti er Ísland, eins og alþingi svo heppilega að orði komst 1867, óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, með sèrstökum landsrèttindum, en hvorki hèrað nè nýlenda. Eg bið menn að virða til vorkunar, þó eitthvað af því, er eg hefi sagt, kunni að vera ekki alveg rètt; en eg hefi ekki betur vit á. Hvað fjártillagið snertir, þá finnst mèr nefndin, þegar til þess kemur, ekki vera sjálfri sèr samkvæm; hún vill fylgja stranglega fram því, er hún kallar rèttarkröfur vorar, en gefur þó eptir meir en helminginn af því fè, sem hún álítur að vèr eigum hjá Dönum. Ef vèr eigum að slaka svona mikið til í þessu, því getum vèr þá ekki slakað neitt til í öðru? Hvað niðurlagsatriði nefndarinnar snertir, þá get eg ekki sèð að þau standi í «logisku» sambandi við það, sem á undan er komið; þó það stæði allt óhaggað, sem nefndin hefir sagt á undan, get eg ekki betur sèð, en að nefndin hefði eins vel getað komizt að allt annari niðurstöðu. Niðurlagsatriðin eru og að mèr finnst innbyrðis

ósamkvæm. Í hinu fyrra er því alveg mótmælt, að frumvarpið verði að lögum gjört, en í hinu síðara er beðið um eitt af þeim atriðum, sem eru umtalsefni í frumvarpinu. Það fellur mèr þó verst, að nefndin ræður þinginu til allraþegnsamlegast að mótmæla því, sem hans hátign konungurinn leggur fyrir þingið. Hèr er vissulega lengra farið en ráðgefandi þing hefir rètt og heimild til. Eg hefi aldrei heyrt, að alþingi hafi mótmælavald, og eg held, að ekkert þing í veröldinni hafi það. Eg verð að segja, að mèr finnst, að þegar hin löglega stjórn býður þingi eitthvað, sem ekki er ólöglegt, þá geti það ekki sagt: Vèr mótmælum, og ekki heldur, þó það bæti við orðinu allraþegnsamlegast. Að segja við hans hátign konunginn: «Vèr mótmælum», er allt annað en «allraþegnsamlegast». Eg veit ekki, hvað er «contradictio in adjecto», ef ekki þetta. Mèr sárnar, að nefndin skuli ekki hafa haft önnur orð, svo sem að ráða frá, eða beiðast, að þetta verði ei að lögum gjört. Eg held, að orð þau, sem nefndin hefir við haft, sèu ekki heimiluð í alþingistilskipuninni 1843, eða neinstaðar annarstaðar. Þegar eg nú vil benda á þann veg, sem eg vil fara, þá finn eg, að mikið djúp er staðfest milli nefndarinnar og skoðana hins 2. og 4. konungkjörna þingmanns; eg held, að meðalvegurinn sè hèr hinn eini rètti. Eg vil þá það, sem mèr finnst vera sjálfu sèr samkvæmast af oss Íslendingum, og það er að biðja um frumvarpið með breytingum samkvæmt því, sem alþingi 1867 stakk upp á. Það er ekkert gaman, að eiga að búa við þau kjör, sem vèr nú búum við; hvað mikið sem oss liggur á, getum vèr ekki fengið 1 skilding, og er það mjög sorglegt, ef þetta skal lengi vara; það er því ábyrgðarhluti fyrir oss, að stuðla til þess. Ekki held eg samt, að ráðlegt sè að taka frumvarpið óbreytt; því þó stjórnin aldrei gæti gengið að breytingum þingsins, og þó hún á síðan vildi þröngva frumvarpinu upp á oss, sem eg held að hún ekki gjöri, þá hefðum vèr þó á eptir þá meðvitund, að vèr hefðum beðið um það, sem hollara var. Ef málinu er alveg kastað eða þá mótmælt, þá er ekki nema tvennt til, annaðhvort að málið verði lagt á hylluna, sem menn segja, eða lögunum þröngvað upp á oss óbreyttum.

Ef vèr mótmælum því, að frumvarpið nái lagagildi, þá getum vèr ekki búizt við, að stjórnin lögleiði það með þeim breytingum, sem oss eru í hag, en ef vèr tökum frumvarpið til umræðu, og gjörum við það nauðsynlegar breytingar, þá er eg sannfærður um, að stjórnin og ríkisþingið muni láta að óskum vorum, því

þetta hefir hún og ríkisþingið mörgum sinnum gjört. Eg áskil mèr því rètt til breytingaratkvæðis í þá stefnu, að frumvarpið verði gjört að lögum með þeim breytingum, sem þingið 1867 stakk upp á, og af því eg tók svo eptir, að hinn háttvirti þingmaður Árnesinga ráðgjörði breytingaratkvæði í líka stefnu, ætla eg að bera mig saman við hann.

Grímur Thomsen: Eins og nefndarálit það, sem eg held á í hendi mèr, hefir það til síns ágætis, að það er það lengsta, sem nokkurn tíma hefir komið fram hèr á þingi, eins geng eg að því vísu, að mörgum, bæði hèr á þingi og út um landið, muni þykja það jafnaðdáanlegt, hvort sem litið er til þess fróðleiks og kunnugleika, sem það lýsir á umliðna tímanum, þeirrar framsýni, með tilliti til ókomna tímans, sem það ber með sèr, eða þess lítillætis, sem jafnan er miklum vitsmunum samfara. Allt um það, er ekkert mannlegt verk svo fullkomið, að ekkert megi að því finna, og skal eg því leyfa mèr, að benda á fáein atriði.

Í nefndarálitinu stendur bls. 2: «að frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, sem stjórnin svo kallar (hversu kurteislega er ekki til orða tekið?), eigi geti náð gildi fyr, en ríkisþing Dana hefir lagt samþykki sitt á það». Þetta er, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi þegar er búinn að sýna, alveg ranghermt. Í ástæðunum til frumvarpsins er með berum orðum tekið fram, að «þess þurfi ei», en af því hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga vildi sanna þetta með umræðunum, sem um málið voru á ríkisþingi Dana, þá skal eg leyfa mèr að sýna þinginu, hvernig sú sönnun er vaxin. Í þýðingu nefndarálits landsþingsins, sem finnst í Nýjum Fèlagsritum bls. 168 — þýðing, sem hinn háttvirti þingmaður ekki mun vefengja — er þessi kafli:

«Að svo miklu leyti, sem þessi mál — þau sèrstaklegu mál Íslands — að eins snerta Ísland, er engin vandi á; það er þá konungur og alþing, sem hafa löggjafarvaldið í þessum málum, eptir því sem fyrir er skipað í stjórnarlögunum, án þess ríkisþingið eigi þar nokkurn þátt í. — — — Það er ekki nóg til að gjöra hlutteknig ríkisþingsins nauðsynlega, að ákvarðanir, sem gjörðar eru fyrir Ísland, snerti hagsmuni Dana; því ef það er alvara með sjálfsforræði Íslands, og ef það á að vera mögulegt fyrir Ísland, að auka tekjur sínar og sjá fyrir nauðsynjum sínum, þá má sjálfsforræði Íslands, t. d. í skattamálum, ekki skerðast við það, sem mönnum hèr mætti virðast betur fara í því efni. Hèr er því að

eins um þau tilfelli að ræða, þegar íslenzkt mál snertir með fram danskan lagarètt; í þessum málefnum þarf samhljóða ályktanir bæði frá ríkisþinginu og alþingi, áður en þau geti orðið að lögum — — —».

Það er líka auðskilið, að svo er, þegar litið er til þess, að nú eru lögð 2 frumvörp þessa efnis fyrir þingið, í staðinn fyrir eitt 1867. Því meiningin er auðsjáanlega sú, að frumvarp það, sem nú liggur fyrir, um stöðu Íslands í ríkinu, þarf bæði að ræða hèr og í ríkisþinginu, áður en það nái lagagildi, en hitt, um stjórnarskrá Íslands, á að eins að ræða á alþingi (*Framsögumaður*: Nei!). Eg verð þá að skora á hinn háttvirta framsögumann, að skýra frá, hvað stjórninni muni hafa gengið til, að leggja frumvörpin svona fyrir í tvennu lagi.

Eg verð að vera hinum háttvirta þingmanni Vestmannaeyja alveg samdóma í skoðun hans á sambandi Íslands við Danmörku, og hefir hann í þessu tilliti tekið ýmislegt fram, sem eg ætlaði mèr að benda á. Þó eg nú raunar álíti rèttast að þræða nefndarálitið, þá ætla eg þó ekki að fara upp að 1262 ár, sem að vísu ber það með sèr, að hin háttvirta nefnd þá ekki var á dögum, því hefði hún þá verið uppi, myndi landið ekki hafa komizt undir Noregsveldi. Sama er að segja um árið 1662, þegar einveldið var innleitt á Íslandi, að hefði hin háttvirta nefnd þá verið uppi, þá hefði hún að líkindum sèð svo fyrir, að einveldið hefði aldrei orðið innleitt hèr á landi. Um þetta ár og þennan atburð (1662) þykir nefndinni «ekki eiga við að ræða». Eg leyfi mèr að halda, að nefndin þó myndi hafa reynt að gjöra sèr gott af þessum viðburði, ef henni hefði ekki þótt vera meinbugir á. Ísland varð þá allt eins partur af Danmörk, eins og Jótland, Fjón, o. s. frv. Við hvern einstakan part Danmerkur hefir Ísland og hefir ætíð haft jafnrètti, en aldrei við alríkið, aldrei við ríkið í heild sinni, eins lítið eins og brotið getur verið jafnstórt heildinni. Allir vita, að «Rentukammerið» og «Cancelliið» voru fyrir 1849 þær einustu takmarkanir á hinum einvalda konungi; öll stjórnarmál voru þá rædd af fleirum þar til skipuðum mönnum, og þannig undirbúin voru málin lögð fyrir konung til úrskurðar og undirskriptar. Meðan þetta ástand var í Danmörku, var öllum íslenzkum málum, eptir eðli sínu, skipt á milli þessara tveggja «Collegia». Öðru máli var að gegna um samkynja mál hertogadæmanna, að þau höfðu öll sitt sèrstaka «Collegium», sína sèrstöku umboðsstofu, ef eg má

svo að orði komast. Hið sama lýsir sèr í konungstitlinum; konungur er hvorki nefndur konungur, nè hertogi, nè greifi yfir Íslandi, heldur en yfir Jótlandi, Fjóni, Sjálandi o. s. frv.; þar á móti eru t. d. hertogadæmin, eins og líka Noregur, tekin upp í konungstitilinn. Þetta veit nefndin, og ætti því líka að vita, að sambandið milli Danmerkur og Íslands ekki er hið sama, sem það var á milli Danmerkur og hertogadæmanna. Þá tekur nefndin fram, til sönnunar skoðun sinni, að skrifstofa hafi 1815 verið stofnuð fyrir málefni Íslands, Færeyja, Grænlands og Borgundarhólms. Var þá eða er Borgundarhólmur sambandsland eða riki Danmerkur? Eða hafði Ísland jafnrètti við Danmörku, þegar íslenzkir fulltrúar sátu á standaþinginu í Hróarskeldu? Þá er fundið að því, og kallað rèttleysi, að ríkisþing Dana gefi Íslandi lög. En hefir ekki ríkisþing Dana núna í margt ár gefið lög, sem enginn Íslendingur hefir mótmælt, nefnilega fjárhagslögin, og með þeim fjártillag til Íslands? Þó nú nefndin, eins og allir vita, sè vel setin, og þó að þar á ofan virðist svo, sem einhver ósýnilegur andi hafi svifið yfir vötnunum og blessað hennar viðleitni, þá lítur þó svo út, sem ekki hefði verið vanþörf á, að einhver af lögfræðingum þingsins hefði setið í nefndinni; það verður einhvern tíma sögulegt, að í annari eins nefnd og þessari sátu 4 prófastar og prestar, en ekki einn lögfræðingur, þó allir yfirdómarar landsins sitji á þingi. En máske það hafi þótt nægilegt, að hinn háttvirti framsögumaður, sem, eins og allir vita, einnig er málaflutningsmaður í viðlögum, sat í nefndinni.

Þegar eg nú skoða þetta mál í því, sem kalla má sögulegri heild þess, þá er víst um það, að eg er þeim mönnum þakklátur, sem vakið hafa að nýju þjóðarmeðvitund vora og þjóðaranda, en bezt er að hætta hverjum leik, þá hæst fram fer, og þessir sömu menn ættu að yfirvega, hvort ekki sè tími til kominn, að segja já, eptir að búið er að segja nei í 20 ár samfleytt. Eg játa fúslega, að mèr ekki virðast boð stjórnarinnar eins góð nú, eins og þau voru 1867; en allt fyrir það held eg betra væri, að taka nú það, sem að manni er rètt, en fá, ef til vill, ekki neitt, því þessi mismunur til hins lakara á boðum stjórnarinnar 1869 og 1867 sannar, að stjórnin er nú hætt, að gefa meira, þegar meira er krafizt.

Af ræðum þeim, sem orðið hafa um samþykktarvaldið, sèst bezt, að það hefði ekki verið vanþörf á, að einhver lögfræðingur hefði setið í nefndinni. Þingið hefir nú ekkert samþykktarvald.

Konungsfulltrúi veitti það upp á sín eindæmi 1867, í það eina skipti og í þessu eina máli. Sú ívilnun er nú á enda og umliðin. Reyndar er ekki svo mikið í þetta samþykktarvald varið, sem margur ætlar; munurinn er að vísu sá, að þar sem þing hafa samþykktarvald, verður stjórnin annaðhvort að hafna uppástungum þingsins algjörlega, eður staðfesta þær óbreyttar, en, þar sem að eins er ráðgjafaratkvæði, er stjórninni innanhandar, að taka svo mikið eður lítið tillit til ráða þingsins, sem henni virðast þau eiga skilið, en eg bið hið háttvirta þing að gæta þess, að enda grundvallar-löggjafarþing Dana 1848—49 hafði ekkert ályktunarvald, því ályktunarvaldið stóð fyrst til boða í frumvarpinu til grundvallarlaga, og gat því ekki orðið til, fyr en frumvarpið eptir umræður þingsins við staðfestingu konungs varð að lögum.

Lítillæti nefndarinnar lýsir sèr bezt í því, þar sem nefndin (nefndarálit bls. 4.) segir nauðsynlegt, að «skoða málið frá rótum», en ræður þó þinginu frá (bls. 21), «að taka málið til meðferðar, eða ræða hinar einstöku greinir frumvarpsins». Hún ein, hin háttvirta nefnd, má «skoða málið frá rótum», en ekki þingið og enginn annar. Eg og nokkrir aðrir með mèr leyfum oss því að áskilja oss það breytingaratkvæði, að frumvarpið verði við ályktunarumræðuna rætt í sínum einstöku greinum, og gengið til atkvæða um einstakar greinir þess.

Þar að auki hef eg komið mèr saman við hinn háttvirta 2. konungkjörna þingmann og nokkra aðra þingmenn um, að áskilja oss fáein breytingaratkvæði við einstöku greinir frumvarpsins. Það er þá fyrst við 3. grein frumvarpsins, að vèr stingum upp á, að undir öðrum tölulið verði eptir «dómgæzlu», bætt við: «landvarnar», því landvörnin (Værnepligten) er t. d. í Danmörku sameinuð dómgæzlunni, og það virðist eðlilegt, að alþingi ætti hönd í bagga með, hvernin og hve nær hlutdeild Íslands í landvörninni yrði fyrir komið. Sömuleiðis stingum vèr upp á, að í sömu grein verði undir 8. tölulið sett: «fjárútlát», fyrir framan «skattamál o. s. frv.», því þar af flyti, að einnig hlutdeild Íslands í kostnaðinum til sameiginlegra ríkismálefna yrði að koma til kasta alþingis.

Við 4. greinar seinni klausu áskiljum vèr oss þá breyting að orðin: «Allt þangað til öðruvísi — — — skal», falli burt, og greinin því verði þannin orðuð:

«Til hinna sèrstaklegu gjalda Íslands skal úr ríkissjóði greitt fast árstillag, að upphæð 30,000 rd., og þar á ofan í 10 ár 20,000 rd.

aukatillag; að þessum 10 árum liðnum skal aukatillagið um næstu 20 árin fært niður um 1000 rd. á ári, þannig að það sè alveg fallið niður að 30 árum liðnum».

Því þó vèr ekki sèum hræddir um, að þetta tillag verði með lögum af oss numið, þá þykir oss þó vissara, að sá fyrirvari, sem klausan byrjar með, ekki standi þar.

Við 7. grein 3. klausu áskiljum vèr oss þá breytingu, að hún verði þannig orðuð:

«Þangað til sá tími kemur, að íslenzkir fulltrúar eiga sæti á ríkisþinginu, leggur Ísland ekki neitt til gjaldanna til hinna almennu málefna ríkisins».

Það hefir opt komið til orða á ríkisþingi Dana, að það væri óeðlilegt og enda ósanngjarnt, að þar væri gefin lög um íslenzk málefni, meðan Ísland ætti enga fulltrúa á ríkisþinginu. Þessi breyting myndi því að líkindum vera ríkisþinginu aðgengileg, undir eins og hún, samanborin við klausuna rètt á undan, hefir í sèr fólgna þá mikilvægu ákvörðun, að alþingi hlýtur að fá hönd í bagga með öllum tilvonandi gjöldum til almennra ríkisþarfa.

Við 8. grein leyfum vèr oss, að stinga upp á þeirri breytingu, að seinni klausan falli alveg burt, því það virðist ekki við eiga í grundvallarlögum, að taka þar inn ákvörðun, sem að eins snertir eptirrit af reikningum.

Við 9. grein stingum vèr að endingu upp á þeirri breytingu, að þar sè felld úr sú ákvörðun, sem snertir birtingu hinna yfirskoðuðu grundvallarlaga Danmerkurríkis, því það virðist einnig óviðkunnanlegt í þessum lögum, að tala um breytingu á öðrum lögum, sem stjórninni er innanhandar að birta hvort sem er.

Eg vil enn þá geta þess, að eg er hinni háttvirtu nefnd samdóma í því, að það fjártillag, sem stjórnin býður landinu, er ónógt, og virðist mèr því nefndin, ef hún trúir sínum eigin reikningum, fari mjög vægilega í þessa hlið málsins, þar sem hún slær helmingnum af af krófum sínum, og það þess heldur, sem það af þeim reikningum yfir tillagið til Íslands, sem lesa má í nýjum Fèlagsritum fyrir 1869, er auðsætt, að þetta tillag hin síðustu 5 árin heldur hefir farið vaxandi en minnkandi, og, að meðreiknuðum eptirlaununum, hefir numið hèrum 30000 rd. Að með töldum þeim kostnaði, sem fyrirkomulag hinnar nýju stjórnar hlýtur að leiða af sèr, mun því að öllum líkindum ekki verða mikið afgangs af því tillagi, sem 4. grein frumvarpsins býður, og eg sè þá ekki,

hvaðan það fè á að koma, sem landið þarf með til allra þeirra nýju stofnana, sem bæði eru nauðsynlegar í sjálfum sèr, og eptir er æskt í ýmsum bænarskrám bæði frá þessu og fyrirfarandi þingum. Með þessu fjártillagi virðist örðugt að byrja búskap, og þó nú nokkra bót megi ráða á þessu með þeim tolla-álögum, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður færði í mál, þá næst þó varla sú upphæð, sem í nefndarálitinu (bls. 19) er tekin fram sem nauðsynleg, nefnilega 125,300 rd. Eg verð allt fyrir það að vera á öðru máli en nefndin í því, hversu tillagið sè óvíst og hvikult, því eg er ekki að eins sannfærður um, að vèr munum halda því tillagi, sem heitið er, og það má ske lengur en ráðgjört er, heldur einnig, ef vèr í verkinu sýnum, að vèr notum þetta tillag rèttilega, landinu til gagns og framfara, og ef vèr yfir höfuð gjörum vort til, að sá kali, sem því miður sýnist vera kominn á milli Dana og Íslendinga, eyðist og hverfi, þá muni ekki vera fyrir að synja, að stærra tillag kunni að fást með tímanum, því, þó Danmerkurríki á síðari tímum hafi orðið fyrir áföllum, þá er eg þó sannfærður um, að það mundi ekki þykja sig muna um, þó 100,000 rd. árlega væri varið til sannra þarfa vorra og framfara. En þó nú frumvarpið breytt í þá stefnu, sem eg áður hefi um getið, ekki geti náð lagagildi, þá skal eg, fyrir mitt leyti, játa, að eg heldur vil þýðast frumvarpið, eins og það er, en leggja það á hættuna, að fá ekki neitt.

Framsögumaður: Eg hefi nú setið all-lengi og heyrt á ræður manna, og tekið eptir þeim mótbárum, sem komið hafa fram gegn nefndinni. Eg verð reyndar að segja, að eg met mest þau mótmæli, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir komið fram með, og tel þau hin einu, sem svara þurfi, og ætla eg því að svara þeim fyrst, því ástæður þeirra þingmanna, sem mælt hafa á móti nefndinni, hafa verið, þótt eg eigi vilji beinlínis segja, tómt bergmál af rangskildum orðum konungsfulltrúa, þá samt ástæðuleysur, og sumt hefir verið að eins tóm gamanyrði, og það sum, sem óskandi hefði verið að aldrei hefðu sögð verið; og sumt hefir verið einhverjar skálda-hugmyndir, sem hvergi eiga við; en eg vona, að þingið játi með mèr, að þess konar mótbárur hvorki eru svaraverðar, nè að þær muni styðja að því, að skýra málið, eða að hrinda því í rèttara horf. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi gat þess, að grundvöllur sá, sem nefndin byggði á, væri ekki rèttur, og tók konungsúrskurð frá 10. nóvember 1843 sem sönnun fyrir því,

að sameiginleg mál hefðu ei þurft að leggjast fyrir alþingi, til þess þau einnig hefðu getað og gætu orðið að lögum fyrir Ísland, og tók sem dæmi hèr upp á ríkiserfðalögin. En sem svar upp á þetta vil eg leyfa mèr að benda hinum hæstvirta konungsfulltrúa á kafla í álitsskjali til konungs í þingtíðindunum frá 1855, sem einmitt sýnir það, að þessi lög hafa fylgt hinum öðrum dönsku lagaboðum, er fyrir þingið voru lögð, enda veit eg ekki betur, en þau liggi hèr í skápnum. En þótt þess konar sameiginleg lög ekki hefðu verið lögð fyrir alþingi, þá er þó rèttur vor Íslendinga allt að einu óskertur fyrir það; því að rètturinn skerðist eigi að neinu fyrir það, þótt hans hafi eigi verið altènd gætt. Ef Ísland er hvorki nýlenda nè hèrað úr Danmörku, þá verður það þó að vera eitthvað; og hvað er það þá? það er sambandsland Dana; enda er því fyllilega játað, þegar öllum kemur saman um, að það sè sèrskilið land frá Danmörku, og sem því hefir sín sèrstaklegu rèttindi, og sèrstaklegu málefni, er alþingi hefir rètt til að ræða, án þess ríkisþing Dana blandi sèr neitt í þau, og því er það, að Ísland er rètt að skoða sem sambandsland við Danmörku, og þótt það hafi verið á síðari tímum kallað «Biland» eða eins og það hefir verið kallað á íslenzku: hjálenda, þá ber það orð með sèr, að Ísland er í sambandi við Danmörku, en alls eigi hèrað úr henni, og ef það á eigi að tákna sambandsland, skil eg ekki, hvað orðið eiginlega á að þýða. Að því er það snertir, að ofurkapp hafi verið hjá nefndinni, þar sem hún er að halda því fram, að þingið hefði átt að hafa samþykktaratkvæði í máli þessu, þá verð eg gjörsamlega að mótmæla því, að svo hafi verið. Nefndin komst ekki til sinna úrslita fyr en eptir langa íhugun málsins, og þá hlaut nefndinni að finnast, að það væri eigi rètt að farið við þingið, þegar lögð voru fyrir það ný frumvörp, alveg ólík frumvarpinu, sem lagt var fyrir alþingi 1867, bæði að efni og formi, því það er alls eigi rètt, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að frumvörp þau, er nú hefðu verið lögð fyrir þingið, væru að öllu leyti sama frumvarp og 1867 að tveimur atriðum undanskildum; því þegar eg lít á frumvarpið frá 1867 og ber það saman við þau frumvörp, sem nú liggja fyrir þinginu, þá liggur í augum uppi, að mjög mikill er mismunurinn. Í frumvarpinu frá 1867 í 3. grein er grundvallarákvörðunin um sameiginlegu málin öll önnur en í því frumvarpinu, sem nú liggur fyrir, þar sem breytt er og kollvarpað hinum fyrra grundvelli alþingis og sjálfrar stjórnarinnar. Er þetta, má eg

spyrja, sama frumvarp og 1867, þar sem nú eru 2 frumvörp fyrir eitt, og grundvöllurinn auk þess allur annar? Þegar menn nú sjá, að alþingi stóð jafnhliða standaþingunum þangað til 1848, þá hlýtur þó einhver sögulegur viðburður að hafa komið til, er gjöri það að verkum, að nú sé sú breyting á komin, að ríkisþingið hafi fengið löggjafarvald í málum vorum. En orð sjálfrar stjórnarinnar, bæði í konungsúrskurði frá 23. septembermán. 1848 og 19. maímánaðar 1849, sýna, að það hefir eigi verið tilætlan stjórnarinnar, að breyta fyrirkomulaginu þannig, að vèr kæmumst undir löggjafarvald ríkisþingsins, og þó Larsen hafi sagt, að ríkislögin hafi verið gefin fyrir Ísland, og þó hikandi, þá hefir þó aptur á móti einhver af hinum mestu lögfræðingum Dana, General-procureur Algreen-Ussing, sagt 10. maímán. 1858, að grundvallarlögin næðu eigi til Íslands, enda við hefir sjálfur Larsen eigi þau orð, að hann fullyrði, að grundvallarlögin sèu hèr gildandi á Íslandi. Að því er það snertir, að Íslendingar hafi setið á ríkisþingi Dana eða á »den grundlovgivende Forsamling» 1848, þá verð eg að biðja menn vel að gæta þess, að það er mikill munur, hvort konungur eða þjóðin velur þessa menn á ríkisþingið. En Rigsforsamlingen 1848 tók það einnig fram, að lögin ekki yrðu hèr gildandi, eins og sèst á ríkisþingstíðindunum frá 1849, því að þeirri ákvörðun, að þessi lög næðu eigi til Íslands, var sleppt úr grundvallarlögunum einmitt af þeirri ástæðu, að rètti Íslendinga væri að öllu leyti borgið með konungsbrèfinu 23. dag sept. 1848, og það sýnir og sannar, hver þýðing sè í konungsúrskurði frá 23. sept. 1848. Þar sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði, að grundvallarlögin væru bæði gild og ekki gild hèr á landi, þá skal eg nú játa, að eg skildi ekki þessi orð þingmannsins; lögin verða annaðhvort að vera gild eða ekki gild; en hitt skildi eg, og það var öldungis rètt tekið fram af hinum sama þingmanni, að hèr væru tveir partar, sem yrðu að semja, en meðan ekkert samkomulag milli þessara tveggja parta er fengið, þá geta lögin ekki með nokkru móti gilt hèr. Verði ríkisþing Dana að semja við alþingi um það, hvort lögin skuli gilda eða eigi hèr á landi, þá segir það sig sjálft, að þau geta eigi hafa náð hèr gildi, en hitt er og víst, að vèr Íslendingar getum með engu móti breytt gildi grundvallarlaganna í Danmörku, og það dettur heldur engum í hug og getur engum dottið í hug. En hitt er auðsèð, að þær ákúrur, sem nefndin hefir fengið fyrir, að hafa rakið hina

sögulegu hlið máls þessa og á þann hátt leitað að réttum grundvelli, þær geta eigi átt við nein rök að styðjast, því að einmitt af rás hinna sögulegu viðburða eiga menn að sjá, hvernig allt er orðið eins og það er, og leita að þeim atburði, er kynni að hafa breytt þessum fyrverandi réttindum vorum. Hinn heiðraði þingmaður Rangæinga sagði, að þing vort hefði einungis ráðgjafaratkvæði, og því getur heldur enginn neitað, því að vèr vitum, að konungur getur gjört þetta frumvarp, sem nú er um að ræða, að lögum, ef honum svo þóknast. Þess vegna er það sannarlega hált, að gjöra breytingar við frumvarpið, sem engin von nè vissa er fyrir að verði að nokkru teknar til greina. Konungur gjörir frumvarpið óbreytt eins að lögum, þótt vèr breytum því, ef það á að gjöra að lögum, hvað sem vèr segjum. Hinn heiðraði þingmaður þurfti alls eigi að segja mèr, að slík þing sem alþingi hafa eigi neitt ályktaratkvæði; það vitum vèr allir eins og hann. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að alþingi fengi skattálöguvald, og rèði fyrir öllum sköttum á landið, en hèr við er athugandi, að ríkisþinginu er í frumvarpinu ætlað fullt vald til að leggja skatta á landið til alríkismálanna, og þá verður vald alþingis, að það getur ráðið, hvernig þessir skattar eru lagðir á oss. En því getur enginn neitað, að ríkisþingið fær eptir frumvarpinu vald til skattaálögu. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að alþingi 1867 hefði verið rofið eptir beiðni alþingis sjálfs, og játa eg það satt að vera, en um það var beðið til vara; en þá verð eg að álita, að eptir því sem vanalega er að farið annarstaðar, hefði átt að leggja sama frumvarp fyrir þetta þing, sem fyrir þingið 1867; en það er allt öðru máli að gegna, eins og eg þegar hefi sýnt, því að 3. grein frumvarpsins 1867 er svo gjörsamlega breytt nú, eins og þegar er margsannað; þar var ríkisþinginu ekkert vald gefið til skattaálögu til hinna sameiginlegu mála Íslands og Danmerkur, og alls ekkert vald yfir neinum málum, að því leyti þau snerta oss, og þegar þessari aðalgrundvallarreglu er breytt, þá virðist þó full ástæða til, að fallast ekki á tilboð stjórnarinnar nú. Það, sem hèr er annað aðal-ágreiningsefnið, er ábyrgðin og hin sameiginlegu málin, en þetta eru líka einmitt aðalatriði þessa máls. Eg fyrir mitt leyti efast ekkert um góðvilja ríkisþingsins, en það sjá þó allir, að vèr getum ekki heimtað af því, að það gangi lengra í góðvild sinni en lög standa til eða gefa ástæðu til; vèr getum eigi heimtað neitt það, sem vèr eigi höfum rètt til eptir þeim lög-

um, sem vèr fáum; en það hlýtur að vekja hið megnasta ógeð og óánægju hjá hverjum sönnum Íslendingi, að þurfa á ári hverju að vera að knýja á náðardyr ríkisþingsins og eiga allt undir góðvilja þess, en ef samkomulag kæmist á, svo að hvorirtveggja yrðu sáttir og samlyndir, þá þyrfti eigi að óttast fyrir neinu ósamlyndi. Því einu vil eg svara sem að nokkru leyti svaraverðu úr ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, er hann sagði, að fyrst aðrar þjóðir hefðu orðið að sæta sömu rangindum og ósanngirni sem Íslendingar, þá ættum vèr og að þola hið sama; vèr ættum eigi að vera að gjöra þessar rèttarkröfur, því að vèr kæmumst eigi fram með þær, og það væri eigi gjört annarstaðar, þótt menn hefðu ástæðu til kröfu. Eg vil þá spyrja hann: eigum vèr endilega að þola órètt, þó einhverjir aðrir hafi orðið fyrir hinu sama? eigum vèr að vera rèttlausir, þótt þeir í Canada hafi orðið fyrir einhverjum órètti? Það skil eg með engu móti að sè sanngjarnt; enda vona eg, að ríkisþingið, þegar allt er lagt niður fyrir því með skýrum ástæðum, þá muni það sannfærast og veita það, sem vèr um biðjum og eigum. Þar sem hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri eigi nóg að koma með kröfur; menn yrðu líka að heyra mótkröfurnar af hendi Dana, þá vil eg spyrja hann: hví koma Danir þá ekki með þessar mótkröfur sínar? (*Jón Hjaltalín*: Oss væri lítið þènt með því). Jú, vèr vitum vel, hvað ríkissjóður Dana hefir lagt Íslandi, og höfum alls eigi neitað því; þvert á móti hefir nefndin tekið það fram í álitsskjali sínu; en vèr verðum og að gæta þess, að allt það fè, sem runnið hefir inn í ríkissjóðinn frá Íslandi, hefir staðið inni hjá þeim vaxtalaust, og þótt farið væri að gjöra upp reikningana, mundi fremur verða afgangur af hinum árlegu tekjum, en skorta, ef rèttir reikningar væru gjörðir upp. Vèr þurfum eigi annað en líta á stólsgóssin, sem stjórnin tók til sín 1785, og ef vèr gætum vel að reikningunum, þá komumst vèr að raun um, að þær tekjur, er af þeim runnu til Dana, voru meiri en það fè, sem lagt var til skólans úr ríkissjóðnum; það get eg, þegar hver vill, sýnt svart á hvítu. Það er víst og satt, að það er rèttast að rannsaka reikningana, en það forðast Danir eins og heitan eldinn; en hvað um það, það er þó allt að einu skylda vor, að halda rèttarkröfum vorum fram, og nefndin 1861—1862, sem fjallaði um mál þetta, sýndi enga mótreikninga; hún sagði að eins, að eigi væri auðið að rannsaka þessa reikninga, svo að þeir yrðu gjörðir upp, en gjörði þó enga

tilraun til þess, en slíkar afsakanir eru einskis-virði. Það var satt, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að frelsinu fylgdi skuldbinding fyrir oss, til að leggja það fram, sem í voru valdi stæði, en vèr getum þó eigi lagt meira til, en efni vor leyfa, og eg er næsta hræddur um, að þeir skattar, sem vèr getum á oss lagt, verði næsta ónógir. Setjum svo, að vèr fengjum svo mikið upp úr tollum af þessum 4 vörutegundum, sem hann nefndi, að það næmi reyndar ekki rúmum 40,000 rd., eins og hann sagði, heldur að eins, eins og dómsmálastjórnin reiknaði, 16,000—20,000 rd., þá er þó þar við athugandi, að vèr getum eigi fengið þessa tolla, svo að eigi gangi afarmikið frá til innheimtunnar, svo að það fè, sem upp úr því fengist, mundi þó næsta mjög rýrna fyrir þá sök og næsta lítið til hrökkva. Því, að eigi sè auðið að koma fram með fjárkröfur, svara eg eigi, og að nefndin hafi haft rangt að mæla með það, að stjórnarskrá hinna sèrstaklegu mála skyldi leggjast fyrir ríkisþingið, þá veit eg ekki hvað það er, að berja eitthvað blákalt fram, ef ekki þetta, því eg hefi nógsamlega sýnt og sannað, að nefndin segi hèr alveg rètt, enda felst það í ástæðunum fyrir 1. og 2. grein frumvarpsins, sem eg hefi lesið upp fyrir þinginu, og ef þingmenn vilja skoða þessar ástæður enn með opnum augum, þá hljóta þeir að sannfærast um, að beinlínis þarf samþykki ríkisþingsins í þessu efni; því ríkisþingið getur sagt: «Íslendingar fá ekki þessa stjórnarskrá», og því er það eigi ástæðulaust, sem opt er tekið fram, að það er komið undir samþykki ríkisþingsins, hvort vèr fáum stjórnarskrána. Þingmaður Vestmanneyinga talaði um, að Ísland væri svo komið, eins og það er, fyrir stjórn þeirra viðburða, sem yfir það hafa runnið; en það sagði hann aldrei, hver þessi stjórn viðburðanna væri, hvort það væri stjórn Dana eða stjórn forsjónarinnar. Það er og engin mótsögn, eins og hann sagði, milli 1. og 2. niðurlagsatriðis nefndarinnar; það er hreinn misskilningur, og þar sem hann var að fá út orðaleik út úr orðunum «allrahegnsamlegast að mótmæla», sem eg hefði sízt vænzt af honum, þá er það líka misskilningur, því vèr getum eins mótmælt frammi fyrir konunginum sem hverjum öðrum manni. Eg sè og ekki, að það mundi neitt hafa friðað samvizku hans, þótt vèr hefðum beiðzt þess, er engum getur í hug komið eptir orðum stjórnarinnar að áheyrn verði veitt. Vèr höfum með því alls ekki sleppt rètti vorum að biðja, þegar biðja ber. Með þessum orðum vona eg að eg hafi svarað öllum mótbárum gegn

nefndinni, sem enn hafa fram komið, nema þeim smáhnýflum, sem ekki eru svaraverðir.

Konungsfulltrúi: Með tilliti til orða hins heiðraða framsögumanns um konungsbréfið frá 10. nóv. 1843, þar sem hann skýrskotaði til álitsskjals alþingis frá 1855, skal eg leyfa mèr að lesa úr nefndaráliti þingsins frá 1855 það, sem nú skal greina:

»Löggæzluráðgjafinn hefir tekið það fram, að eins og samningar þeir, sem á því ofangreinda tímabili hafa verið gjörðir við önnur ríki, sèu gildandi á Íslandi, án þess það þurfi að veita þeim slíkt gildi með sèrstöku lagaboði, þannig hljóti hið sama að eiga stað með nokkur fleiri af lagaboðum þeim, sem út sèu gengin á því umrædda árabili, vegna þeirra almenna innihalds, og tilgreinir hann í þessu tilliti einkum ríkiserfðalögin frá 31. júlí 1853, lögin 1. janúar 1853 og 8. des. f. á. um þær reikandi ríkisskuldir — svævende Statsgjeld —, auglýsing frá 21. okt. f. á. um enska sjómenn, er strjúka frá skipum, sem þeir eru ráðnir til, og þau lagaboð, sem á árinu 1854 eru út gengin viðvíkjandi peningaslættu, Myntvæsen, enda sèu þessi lagaboð ásamt tilskipun 26. júlí 1854, um ríkisráðið, af þessari ástæðu þegar send út hingað sem gildandi».

Eg skal ekki eyða þingtímanum með að reyna til þess, að sannfæra hinn heiðraða framsögumann; því það er öllum kunnugt, bæði frá kláðamálinu og öðrum, að þetta er sèrstaklegum örðugleikum bundið.

Forseti: Nú er orðið áliðið, og ákveð eg því framhald þessa fundar í kveld kl. 5½, og segi eg þar með

Fundi slitið.

---

29. fundur — 1. september.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Sakir þess að mikið er nú orðið að gjöra á degi hverjum, þá hefi eg eptir samkomulagi við hinn háttvirta konungsfulltrúa bætt við nýjum innanþingsskrifara, kandidat Hannesi Stephensen, sem hèr er þegar kominn til að taka til starfa.

Þá er að halda áfram undirbúningsumræðu um hið konunglega frumvarp um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu.

Grímur Thomsen: Eg stóð ekki upp í því skyni, að eg vænti þess, að mèr mundi unnt verða, að sannfæra hinn háttvirta framsögumann um, að eigi skuli hin sèrstaklega stjórnarskrá Íslands leggjast fyrir ríkisþingið, eins og eg sagði fyr, því eg hefi fyrir mèr gildra manna vitnisburð um það, að það sè miklum örðugleikum bundið, að sannfæra hann, en þó ætla eg í síðasta skipti að gjöra tilraun til þess, en heiti því þar hjá, að eg skuli ekki reyna það optar. Hann leiddi það út úr ástæðunum fyrir 1. og 2. gr., að líka ætti skráin að leggjast fyrir ríkisþingið, en allt annað kemur út, ef vèr gætum að 1. greininni. Meiningin hjá framsögumanni mun vera sú, að af því 1. og 2. gr. frumvarpsins um stöðu Íslands í ríkinu verði lögð fyrir ríkisþingið, þá hljóti ríkisþingið að ráða, hvort Ísland fær undir vald alþingis stjórn hinna sèrstaklegu mála sinna. Eg játa fúslega, að staða Íslands er orðin óheppileg í þessu máli, en það er meðfram alþingi sjálfu að kenna, að Danir eru nú búnir að fá ályktarvald í öllum málum Íslendinga, því hefði það tekið boðum stjórnarinnar, áður en hin endurskoðuðu grundvallarlög Danaveldis náðu lagagildi, þá væri ekki svo komið; stjórnin hefði þá án efa ákveðið vald alþingis og konungs í sameiningu. Þetta má með sanni segja að sè kraptur og vald viðburðanna. En hvernig verður nú skráin lögð fyrir ríkisþingið? auðvitað eins og í öðru máli, sem í Danmörku var til lykta leitt, um sama leyti og alríkisstjórnarskráin var til umræðu 1855; hún verður lögð fyrir það til »Underretning«, en hitt getur aldrei verið meiningin, að ríkisþingið ræði hin sèrstaklegu mál vor. Út af orðum hins háttvirta þingmanns Vestmanneyinga, þar sem hann talaði um, að sèr þætti óviðkunnanlegt að orða 1. niðurlagsatriðið, eins og nefndin hefir gjört, þá skal eg geta þess, að væri því snúið á dönsku, mundi það verða svo: »allerunderdanigst at protestere». Hvernig lízt þinginu á þetta? ætli þetta sè samboðið stöðu þegnanna til konungsins? það segir sig víst sjálft, að slíkt er móti öllum rèttum þingreglum og kurteisum siðum allra manna.

Eiríkur Kúld: Eg stend ekki upp til þess, fast að halda fram niðurlagsatriðum nefndarinnar; það mundi og til lítils eptir því sem ýmsir þingmanna hafa orðið til að leggja mjög svo harða dóma á aðgjörðir nefndarinnar; það hefir enda verið sagt, að nefndarálitið væri ósamboðið skynsömum mönnum, og að sorg-

legt væri að vita til þess, að heilvita menn hefðu átt þátt í að semja það; þessa og aðra eins dóma ætla eg mèr ekki að hrekja; þeir eru sjálfdæmdir; hvað sjálfan mig snertir, tek eg mèr slík orð ekki mjög nærri, því eg skal játa, að mig vantar mikið til, að eg sè vitur maður, en eg hugga mig við, að enginn tekur sig meiri mann en hann er; en eg skal játa, að sorglegt hlýtur það að vera fyrir kjósendur mína, hafi þeir engan haft skynsamari að senda til þings, og því orðið að leita til mín, sem sumir heiðraðir þingmenn hafa látið sèr sæma að gefa slíkan vitnisburð. Eg skal annars geta þess, að aðrar eins ástæður og þessar gegn nefndinni bera þess ljósan vott, að menn hafa ekki getað skoðað aðgjörðir hennar með eins rólegu geði og hún átti skilið. Mèr dettur eigi í hug að þykja við þá þingmenn, sem segja sig skynsamari en eg er, einungis vildi eg óska, að þeir gætu yfirvegað þetta vandamál, sem varðar óborna niðja vora, með annari eins rósemi og eg finn að eg get skoðað málið með. Eg beygi mig ekki undir slíkar alveg heimildarlausar ákúrur, heldur vísa eg þeim með fullum rètti sem alþingismaður til sama lands; því eg fylgi minni eigin sannfæringu, og skora á þá, að lagfæra sannfæringu mína, ef hún er skökk, með ástæðum, sem sannfærandi sèu, en af þeim ástæðum, sem hingað til eru fram komnar frá þeirra hálfu, hefi eg ekki getað sannfærzt. Eg ætla að svara hinum háttvirta þingmanni Rangæinga fáum orðum; hann fer sjaldan nema hálfa leið, þegar hann svarar þingmanni Barðstreninga, og eins fór hann að þessu sinni; hann sagði, að skoðun þingmanns Barðstrendinga væri alveg skökk, og til þess að sýna þetta, las hann upp kafla úr ríkisþingstíðindunum; en hann gáði ekki að því, að í þeim kafla, sem hann las upp, er ekki rætt um frumvörp þau, sem hèr liggja fyrir, heldur um ókomin lög, og á því sönnun hans hèr alls ekkert við. Eg vil biðja þingmann Rangæinga að gá vel að og rósamlega yfirvega, að hèr stendur frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu; þessi lög verða því að leggjast fyrir ríkisþingið eða rèttara sagt 1. grein þeirra, til þess að ná samþykki þess, en þar við kemur stjórnarskrá Íslands til þess óbeinlínis að verða samþykkt af ríkisþinginu, og sèr hann, þegar hann gáir þessa, að þar í liggur bein sönnun fyrir orðum mínum.

Hinn heiðraði þingmaður Rangæinga segir, að ríkisþingið nú sem stendur hafi löggjafarvald í fjármálum, með því það árlega

veitti fè til Íslands; þetta er að því leyti satt, að ríkisþingið getur það gjört, meðan svona stendur, að fjárhagurinn er eigi aðskilinn, en Íslendingar eiga líka fè í ríkissjóði, og eg verð að segja þeir eiga það í skuld. Nefndin ræður frá því, að þingið aðhyllist frumvarp stjórnarinnar, af því stjórnin segir sjálf í ástæðunum, að grundvellinum megi eigi hagga, en nefndin sá sèr eigi fært að stinga upp á þeim breytingum við frumvarpið, sem gjörði það aðgengilegt, án þess að hagga við grundvellinum. Eg skil eigi, að þetta frumvarp sè hið sama og það, sem lagt var fyrir þingið árið 1867, því það er ólíkt því bæði að efninu og forminu. Hann sagði, að Ísland væri hèr partur og Danmörk annar partur; satt er það, svo er í fjármálum, það er að skilja: ríkisþing Dana öðrum megin með fullt ályktaratkvæði, hinu megin alþingi með ráðgefandi atkvæði, með öðrum orðum, þess bið eg vel gætt: annar er myndugur, en hinn ómyndugur. Eg veit, að vèr höfum eigi ályktaratkvæði, og þarf eigi að fá upplýsingar um það hjá hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, og eg skil vel mismuninn á ályktaratkvæði og samkomulagsatkvæði og ráðgefandi atkvæði. Eg veit að þingið í Frakklandi 1789 hafði besluttende Myndighed, ályktaratkvæði, og á því var munur eða þinginu í Danmörk 1848—49, sem var samkomulagsþing; en það er eimitt samkomulagsatkvæði, sem alþingi þarf að hafa, til að geta rætt þetta mál, og á að hafa eptir eðli málsins, úr því Ísland er annar parturinn. Þingmaður Vestmanneyinga hefir fengið svar hjá framsögumanni upp á það í ræðu sinni, er hann sagði, að nefndin hefði farið of langt í sögurekstrinum, en of skammt í kröfum sínum. Mèr datt í hug, hvort hann hugsaði eins og Sveinn Sölvason í Turo Juris, þar sem hann segir: «fyrst við dependerum af Dönum í einu tilliti, því skyldum vèr eigi gjöra það í öðru, og eins með mál okkar».

Eg get ei stillt mig um að svara hinum 3. konungkjörna fáeinum orðum. Þegar hann byrjaði tölu sína, þá var sannarlega atgeirinn hátt á lopti, en þegar til röksemdanna kom, var hann mjög svo sljóvur; hann fylgdi fram sínum gömlu kláða-principum, og sagði, að reikningar nefndarinnar væru skakkir, t. d. um einokunarverzlunina, uppbót fyrir hana væri óhugsandi og ósanngjörn. Hann talaði um mörg lönd, svo sem Frakkland, Írland og Ungarn, en mèr þótti merkilegt hann skyldi eigi núna nefna England líka, og sagði, að fyrst þessi lönd hefðu mátt þola slíkt, væri það sjálf-

sagt að Ísland yrði að þola það líka; eins og hann segði: »fyrst eg hefi kláða, átt þú að hafa hann líka, því vil eg heldur ekki hafa verðina«. Þessu líkar ástæður hans þykir mèr ei þörf að taka öðruvísi en svona í karpúsið, svo eg brúki hans eigin orð; en eg vil svara hinum háttvirta 2. konungkjörna þingmanni fáeinu. Hann ályktaði svo, að af því þetta væri betra ástand heldur en það, sem nú er, þá ættu menn strax að þiggja boðið; þingmaðurinn sagði sjálfur um hið árlega tillag, að það væri óvíst, hve lengi það stæði. Hvar er nú vissa þingmannsins? sumum virðist hún vera völt, og hann játaði það sjálfur óbeinlínis. Meðan árgjaldið stendur, er það fast, en það er líka hvikult, því það má taka það frá oss, hve nær sem er; en meðan fjárhagurinn ei verður aðskilinn, hlýtur það að vera siðferðisleg skylda fyrir Dani, að við fáum það fè, sem við megum ei án vera. Hann sagði, að rèttarkröfurnar hjá nefndinni væru rangar; því sannar hann ei þetta? vill hann sanna, að hinn sameiginlegi sjóður Dana og Íslands hafi lagt meira út en svari 66,261 rd. árlega, sem nefndin í reikningum sínum til miðlunar vill slá stryki yfir? Ef það nú er betra, að ganga að þessu, þá hefir hann þó sjálfur játað óbeinlínis, að það væri að eins í bráð betra, því hann tók fram, að fjártillagið væri hvikult, og ef það hverfur, þokar Íslandi þá ei aptur á bak? Eitt ráð er til: lækka laun embættismanna? hætta við þær stofnanir, sem þá yrðu á komnar? eða hvað? þá held eg nú að oss ei hafi þokað mörgum hænufetum áfram, því þeir, sem mest mæla fram með frumvarpi þessu, og einnig hinn háttvirti þingmaður, verða að játa, að þá þokar fyrst Íslandi ekki hænufeti áfram, heldur mörgum mílum aptur á bak, og það vil eg að minnsta kosti eigi stuðla til með því, að samþykkja það frumvarp til laga, sem hèr liggur fyrir, og sem þingmanninum finnst svoddan ágæti.

Ólafur Pálsson: Eg tek til máls, eigi til að fara inn í hin einstöku atriði máls þessa, því það eru margir aðrir búnir að gjöra, sem færari eru til þess, heldur en eg, og aðrir munu gjöra það; heldur til þess, að lýsa því yfir, hvernig eg yfir höfuð að tala skoða þetta mál, og hvert mitt álit er á því; eg ætla ekki að ámæla nefndinni með neinum hörðum orðum, því eg virði meiningu hvers manns, jafnvel þó hún gangi þvert á móti mèr. En eg er samt einn af þeim, sem mundu hafa óskað, að nefndin hefði komizt til annarar niðurstöðu, en hún hefir gjört, því niðurstaða sú, sem nefndin hefir komizt að, er næsta óhappaleg, og það er ein-

kennilegt við hana, að hún gengur einungis í þá átt, sem menn kalla «negativ»; nefndarálitið hallast allt að hinni neitandi hlið, en gjörir lítið eða ekkert til þess, að þoka málinu áfram, og kemur með ekkert, sem sè betra en það, sem það hafnar. Að öðru leyti verð eg að taka það fram, að þegar litið er til frumvarpsins, þá miðar það til framfara, og í öllu falli verð eg að álíta, að það á-stand sè betra, heldur en það, sem nú er, en það álít eg alls ekki æskilegt. Það er mjög bágt, þegar um nefndarálitið er að ræða, að það gjörir ekkert til að draga saman með stjórninni og þjóð-inni, heldur miðar allt fremur að því, að sundra; það er þörf á því, að við nálgumst stjórnina, eins og hún hefir nálgazt þingið; mèr fyrir mitt leyti getur ei annað en risið hugur við, að hafna frumvarpinu alveg; þó við nú gætum haldið því ástandi, sem nú er, þá er það þó, eins og fram hefir verið tekið, vandræða-ástand, en hvaða vissu höfum við fyrir, að við munum alveg halda því? Hinn háttvirti varaforseti hefir bent til margs, sem sýndi fram á, að þetta gæti verið óvíst. Með því að hafna því frumvarpi, sem nú er lagt fyrir, gefur þingið sig eptir því, sem mèr skilst, alveg undir ríkisþing Dana; það á að veita fè og leggur skatta á eptir því, sem því þykir þurfa. Af þessum ástæðum verð eg að hallast að frumvarpinu, en þó sumpart með þeim breytingum, sem þegar er stungið upp á; eg veit, að það er ábyrgðarhluti, að gefa at-kvæði í þessu máli; það finnur víst hver einn, sem er hèr á þingi, en eg kýs þá heldur, að taka það, sem eg álít minni ábyrgð, að taka boði vors mildasta konungs, heldur en að hafna því alveg.

Torfi Einarsson: Það kann að virðast, að það sè ei við mitt færi, að tala í þessu máli; eg ætla því heldur eigi að ganga inn á sjálft þrætuefnið. En hvers vegna er það viðurkennt af öllum þjóðum, að frelsið leiði menn framar öllu öðru til framfara? af því þá hafa menn frelsi til að framkvæma, og til þess, að njóta ávaxtanna af framkvæmd-um sínum. Eg fyrir mitt leyti hefi skilið frelsi á þessa leið, en eigi sem sjálfræði. En þegar þetta er heimfært upp á það mál, sem hèr um ræðir, þá álít eg, að allir, sem um þetta mál ræða, bæði hèr og í Danmörku, ættu að leggjast á eitt, til að nema allt það burt, sem því er til fyrirstöðu, að vèr getum notið óhræddir frelsisins. Eg get ei fallizt á það, sem þingmaður Rangvellinga sagði; hann vildi innræta mönnum, að vera sem auðveldastir, að sleppa frelsi sínu við Dani, því þá mundu þeir sletta í oss ein-hverjum bita; þetta er þvert á móti minni skoðun; við þurfum að

hafa keyri og hvöt; við þurfum að sjá það fyrir, ef vèr dugum vel, þá njótum við ávaxtanna; ef við dugum illa, kemur það niður á okkur sjálfum. Hitt má ekki liggja til grundvallar, ef við náum nokkrum framförum, þá geta Danir tekið af oss svo mikið, sem þeim sýnist, en sèum við fátækir, þá hjálpa þeir okkur, og vona eg eptir þessu, að allir skilji meiningu mína. Þetta ætlast eg til sè hin bóndalega skoðun á málinu.

Þórarinn Böðvarsson: Það gladdi mig að heyra, að hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga stóð með hálfum hug upp í máli þessu eins og eg. Eg hèlt, að eg væri sá eini, sem fyndi til alvöru þessa máls, og hèlt eg það koma af sèrstaklegu ástandi mínu, þegar eg heyrði marga hafa það að gamni. En þessir tímar eru í sannleika alvarlegir fyrir oss alla. Áður en vèr skiljumst við þetta mál á þessu þingi, kemur sú stundin, að vèr verðum að því leyti sem í okkar valdi stendur, að gjöra út um það að þessu sinni. Það koma í lífi þjóðanna, eins og í lífi hvers einstaks manns, alvarleg augnablik, sem hafa svo miklar, svo ósegjanlegar afleiðingar, bæði í bráð og lengd, svo miklar, að enginn getur sèð það fyrir. Þessi alvarlega stundin kemur að líkindum yfir oss, áður en vèr förum hèðan. En þegar vèr eigum að hugsa um annað eins mál og þetta, þá ber oss þó ekki eingöngu að horfa á afleiðingarnar, því þeim getum vèr ekki ráðið, heldur hitt, hvað sannast er og rèttast, og fylgja því einu, sem satt er og rètt. Vèr höfum nú þegar verið hèr yfir mánuð, vèr höfum að vísu fengizt við ýms mál, en mörg af þeim skipta land vort litlu; vèr höfum því að nokkru leyti beðið eptir þessu áríðandi máli, sem land vort varðar svo miklu. En það er nú litlu nær, en þegar vèr komum á þing. Hjá hverjum þingmanni liggur nú þetta tvennt: frumvarp til laga um stöðu Íslands í ríkinu og nefndarálitið í þessu máli; þetta liggur hvað hjá öðru á borðunum, en fer þó mjög í gagnstæða átt. Þegar eg á að dæma um, af hverju þessi mikla fjarlægð er, þá verð eg að álíta, að upphafið sè hjá stjórnarfrumvarpinu, því það er í mörgum greinum óaðgengilegt, og á annan veg en vèr höfðum búizt við. Hèr hafa komið fram tvennar skoðanir; aðrir taka allt eins og gjöf, og vilja láta sèr nægja allt; hinir, og þeim verð eg að fylgja, gjöra kröfu, en samt megum vèr eigi gleyma því, að kapp er bezt með forsjá; saga þeirrar þjóðar, sem vèr nú eigum við, minnir oss líka á þetta. Það hefir verið farið mörgum og hörðum orðum um nefndarálitið, að mínu áliti of hörðum í

sumum greinum. Eg skal engan veginn lá nefndinni, og eg álít það engan veginn máli þessu óviðkomandi, að hún hefir tekið fyrir sig, að sanna rètt vorn í þessu máli; frumvarpið gaf ástæðu fyrir þessu. Eg skal þá stuttlega fara yfir þau 3 atriði, sem eru í nefndarálitinu, eins og nefndin skipar þeim. Hvað snertir hið 1. atriði, hvert sambandið hafi verið frá upphafi milli Íslands og Danmerkur, og hvort það hafi breytzt með tímanum, virðist mèr nefndin hafa að mestu rètt fyrir sèr, og að hún hafi sannað það, sem mèr virðist hún hafa viljað sanna, að Ísland er að vísu óaðgreinanlegur hluti Danaveldis, en hefir sèrstök rèttindi; en hitt virðist mèr nefndin eigi vilja sanna eða meina, að Ísland sè konungsríki út af fyrir sig. Það virðist ljóst, að fram að 1849 hefir Ísland notið sinna sèrstöku rèttinda. Í ástæðum frumvarpsins stendur að vísu, að staða landsins sè ákveðin fyrir rás viðburðanna, en þetta er mèr ei skiljanlegt; eg get ei vitað, hvað meint er með þessum orðum, þar sem það er þó kunnugt, að einmitt síðan 1849 hefir öðru hverju verið reynt til að koma á fyrirkomulagi um stöðu Íslands í ríkinu, og einmitt nú liggur fyrir oss frumvarp um þetta efni, og það er þetta einmitt, sem vèr eigum nú að útkljá. Eg verð því að álíta stöðuna óútkljáða enn. Hvað grundvallarlögin snertir, þá verð eg að álíta þau gild að nokkru á Íslandi: það er í því, sem við kemur ríkisheildinni, eða þeim almennu málum og konunginum; að þessu leyti verð eg að álíta, að við höfum lifað undir þeim, þó þau hafi aldrei verið birt hèr. Verulegt gildi fá þau ekki, fyr en það af þeim, sem hèr á við, er birt hèr, og landið hefir fengið sína sèrstöku stjórnarskrá. Um hið 3. atriðið vil eg ekki vera margorður; það er það atriði af viðskiptum Dana við okkur, sem kannske mest af öllu æsir alla Íslendinga. Hvort sem nú reikningar nefndarinnar eru rèttir eða ekki, og rèttan reikning með öllu er ómögulegt að fá um svo langan tíma, þá er eitt víst, og því getur engin neitað, hvorki á Íslaudi nè í Danmörku, að það er stórfè runnið inn í ríkissjóðinn. Þetta mikla fè höfum vèr enn ei fengið endurgoldið. Sumir hafa að vísu sagt, að það hafi vantað í reikninginn, hvað Danir hefðu látið af hendi rakna við okkur, en það er engan veginn, að þetta sè með öllu ótalið, og þó eitthvað kynni að vera ótalið, þá er það ei okkar að telja það, heldur þeirra, sem við höldum reikninginn við. Það hefir mikið verið talað um samþykktaratkvæði. Nefndin vill sanna, að við höfum það, og eg get ei betur sèð, en að öll aðferð stjórnarinnar

við okkur í þessu máli bendi til hins sama. Hún hefir ýmist beinlínis játað, að við hefðum samþykktaratkvæði, eða sýnt það í aðferðinni, að við hefðum það, með því að leita hvað eptir annað samkomulags. Mèr væri því næst að byggja nú á því, að við hefðum samþykktaratkvæði. Þetta getur enginn skilið svo, að atkvæði okkar eigi að gilda, hvað sem stjórnin segir, heldur á þann veg, að hún muni taka það til greina, og ekki neyða upp á okkur í þessu máli því, sem er á móti vilja okkar. Eg get því orðið nefndinni að mestu samferða allt fram að niðurlagsatriðunum. Að vísu get eg ei samþykkt allar skoðanir hennar á málinu, en því síður get eg fallizt á niðurlagsatriðin. Eg vil sem sè taka málið fyrir, og segja um það eindregið álit mitt, og hefi eg komið mèr saman við hinn háttvirta þingmann Árnesinga um þetta efni, og með honum samið þau breytingaratkvæði, sem hann ráðgjörði að koma fram með, og áskil eg mèr því einnig rètt til, að koma fram með þau.

Benedikt Sveinsson: Eg talaði í gær nokkuð um þetta mál en má ske ei sem skiljanlegast fyrir alla þingmenn; eg benti á það, að mál þetta mundi ei fá nein happasæl afdrif á þessu þingi, væri farið eptir nefndarinnar uppástungum. Eg tók fram viðvíkjandi því atriði, sem helzt ætlar að verða þrætuefnið, nefnilega hvaða atkvæðisrètt þingið hafi í þessu máli, eða að allt fram að 1849 hefðum vèr haft fullt jafnrètti við Dani, og þetta hefir ei verið hrakið, og mun ei verða það. Þingmaður Rangvellinga sagði, að ríkisþingið væri komið í staðinn fyrir hin fyrri »collegia«. Má eg spyrja: hvað getur verið hroðalegri »contradictio in adjecto« eða mótsögn en þetta? Ríkisþingið fèkk vald sitt 1849 við það, að einvaldur konungur afsalaði sèr að nokkru valdi sínu, því valdi, sem hann aldrei áður hafði afsalað sèr, og þess vegna gat eigi hafa afsalað sèr til »collegianna«. Eg spyr nú enn fremur: hvaða áhrif hafa grundvallarlögin haft á stöðu vora? hvaða atkvæði hafa Íslendingar að lögum viðvíkjandi þeim frumvörpum, sem fyrir liggja samkvæmt grundvallarlögunum? eg verð að lýsa því yfir, að alþingið er skylt til að játa, að þau gildi um hin sameiginlegu mál, aptur á hinn hóginn er það auðsætt, að Íslendingar mega taka þátt í almennri stjórn Danaveldis, ef þeir leggja til almennra ríkisþarfa. Enn fremur heyrir það ríkisþinginu einnig til ásamt alþingi, að ákveða milli hinna almennu og sèrstöku mála, en viðvíkjandi sèrstaklegum málefnum, þagar þau eru einu sinni ákveð-

in, já, þá eru þau algjörlega undanskilin verkahring ríkisdagsins. Alþingið er skyldugt til, að samþykkja hina sameiginlegu stjórn, sem draga má út úr ríkislögunum, en ríkisþingið er aptur skylt til að samþykkja jafnrètti alþingis í hinum sèrstaklegu málefnum Íslands. Nefndin hefir þá skoðun, að grundvallarlögin eigi sèu gildandi hèr á landi, og vil eg um leið og eg skýrskota um þetta til þess, sem eg hefi áður sagt, taka það fram, að einmitt á þessu atriði hvílir aðalmunurinn á nefndarálitinu og frumvarpi stjórnarinnar. Eg skal leiða hjá mèr, að líta á ásigkomulag landsins, áður en grundvallarlögin komu út, en hvernig hefir Íslandi liðið síðan? hvernig hefir hagur Íslands verið þessi 20 árin frá 1849 til 1869? hverjar eru framfarir vorar á þessu tímabili? engar að kalla má. Hvernig er þá ástand vort? þjóðin er bláfátæk og umkomulaus; hana vantar allt það, sem menntaðar þjóðir annars hafa. Ef vèr förum um landið, þá finnum vèr á strjálingi moldarkofa, sem varla er unnt að komast að sökum vegaleysis; í kofum þessum finnum vèr mann með konu og börnum, með viðkvæmu hjarta og heilbrigðri skynsemi, en sem vantar næstum alla þá hluti, sem menn meðal siðaðra þjóða hafa til að gjöra sèr lífið þægilegt. Samgöngur manna á meðal eru og því nær engar. Er þetta ástand eigi sorglegt? Jú, það er sorglegt, eigi að eins fyrir Íslendinga, heldur og fyrir samþegna vora Dani og fyrir hans hátign konunginn; hann hefir eigi sjálfur sèð ástandið, en ef hann sæi það, þá mundi hans föðurlega hjarta vissulega vikna og komast við, er hann sæi, hvernig hans trúu þegnum á Íslandi liði; og þegar menn því virða fyrir sèr þetta hörmulega ástand, og vèr spyrjum oss: á þetta ástand að vara lengi? þá munum vèr allir ósjálfrátt segja: Nei! Það verður og hlýtur að breytast. Konungsfulltrúinn og aðrir fleiri hafa sýnt fram á, hver nauðsyn er á, að það breytist. Það er nauðsyn eigi að eins fyrir oss, heldur og fyrir Dani, því í þessu efni er hagur Íslands og Danmerkur samvaxinn. Ástand Íslands er sem stendur lagalegt og stjórnarlegt sem menn segja á dönsku «Uting». Ástand Íslands er sannarlega vottur þess, að grundvallarlögin hafa eigi gilt hèr í 20 ár, því ef svo hefði verið, hvernig gæti þá hjá því farið, að einhverjir ávextir sæjust eptir þau á Íslandi, eptir þessi lög, sem hafa borið svo ríkulega ávexti í Danmörku, sem eigi að eins hafa verið í orði, heldur og á borði, sem hafa komið Dönum svo langt áleiðis og átt svo mikinn þátt í framförum þeirra í andlegu og líkamlegu tilliti. Ef að nú grundvallar-

lögin eru gild hèr á landi, þá er það dauður bókstafur, sem eigi hefir getað borið Íslendingum nokkra ávexti. Þetta ástand þarf nú að breytast, og það er að þessari mikilsverðu breytingu, sem þingið á að starfa.

En svo að eg nú snúi máli mínu að hinni heiðruðu nefnd, þá vil eg taka það fram — eg get sagt það með fullri vissu, þótt eg sjálfur eigi hafi verið nefndarmaður, — eg vil taka það fram, segi eg, að nefndin er einnig á sömu skoðun; hún vill, að þetta breytist, en öll aðferð hennar er negativ; hún brýtur niður, en byggir ekkert upp aptur. Það er eins og hún standi alveg hissa gagnvart frumvörpum stjórnarinnar; hún þokar málinu því eigi áfram, heldur stendur ráðalaus við í stað; en hvað verður þá afleiðingin, ef nefndin er tekin til greina? stjórnin hefir þá ekkert til að halda sèr til; hún veit ekki, hvernig hún á að þoka málinu áfram, því frumvarpið frá 1867 er gengið út úr sögunni og liggur ei fyrir, álíka og frumvarpið um spítalahlutina; þó nefndin því hafi rètta stefnu, þá er sá galli hennar, að hún hefir hikað sèr við, að stíga nokkurt fet áfram í þessa rèttu stefnu, og þann kost hafa frumvörpin fram yfir nefndina, að þau koma þó með nokkuð positivt; þau hrinda málinu nokkuð áfram, það er víst, en sá er aptur galli þeirra, að þau gjöra það eigi í rètta stefnu. Það, sem þau bjóða, er að vísu nokkuð, sem vèr ekki höfum, en það, sem þau áttu að bjóða, er það, sem vèr eigum að hafa og þurfum að hafa, ef frelsið á að geta komið oss að sönnum notum. Hinir konungkjörnu þingmenn hafa misskilið orð hins hæstvirta konungsfulltrúa. Það var öldungis rètt hjá honum, er hann taldi kosti og ókosti frumvarpsins, en því að eins eigum vèr að taka frumvörpunum, að vèr með vandlegri yfirvegun komumst til þeirrar niðurstöðu, að ókostirnir eigi sèu að sínu leyti eins miklir og kostirnir. Eg vil biðja menn að svara mèr upp á það: Í hvaða hlutfalli stendur þetta frumvarp til laga við frumvarpið 1867? Með hvaða rètti geta þetta heitið sömu frumvörpin? Í frumvarpinu 1867 voru 2 kaflar, 1. um hin sameiginlegu mál og hluttöku Íslendinga í þeim; 2. um sambandið og takmörkin við hin sèrstaklegu mál. Hvar í liggur nú skyldugleiki þessa frumvarps við kafla þessa í frumvarpinu frá 1867? hvar eru hèr talin hin sameiginlegu mál, sem þar voru talin? Sè þetta frumvarp sama sem 2. kaflinn í frumvarpinu 1867, þá eru hin almennu sameiginlegu mál felld burt, og til þessa finnst engin bending, svo hèr ræðir að eins um

hin sèrskildu mál. Viðvikjandi 9. greininni, þá vil eg vekja athygli hinna háttvirtu þingmanna, sem hafa áskilið sèr breytingaratkvæði við hana, á því, hvernig þeir ætla að fella þá ákvörðun burt, sem kemur í stað 2. kaflans í frumvarpinu frá 1867; munurinn er að eins sá, að hèr eru grundvallarlögin lögleidd í heild sinni, en 1867 að eins nokkrar greinar þeirra. Hèr er annar grundvöllur en 1867; ríkisþingið fær hèr óeðlileg áhrif á hina sèrskildu stjórn Íslands, og eg get ómögulega skilið, hvernig 1. og 2. grein heyrir beinlínis undir úrskurð þess. Eg vil í einu orði taka það fram, hvað það er, sem frumvörp þessi eiginlega vanta, það er hjartað; það er það, sem er hjartað í hverri stjórnarskipun, nefnilega ábyrgð stjórnarinnar fyrir þjóðinni. Nokkrir hafa viljað gjöra lítið úr þessu, en það er eigi rètt. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið miklu heppilegar fram gallana á annari grein með því, að það væri svo erfitt að koma því fyrir; en þetta er þó öldungis nauðsynlegt, já, svo nauðsynlegt, að það er óhugsandi Constitution, óhugsandi nokkurt sjálfsforræði á Íslandi, nema þessu sè öðruvísi komið fyrir, en gjört er í frumvörpunum. Viðleitni stjórnarinnar, að breiða yfir þennan galla frumvarpsins, dugir því eigi; hann verður að dragast fram. Það er að vísu mjög mikilsvert, að hafa öll umráð yfir sköttum og tollum, eins og hinn 3. konungkjörni þingmaður tók fram, en þetta er illusorisk; oss er eigi gefinn kostur á því. Hann myndi reyndar ef til vill álíta það vel farið, þótt ráðgjafi í Danmörku hefði varið 30,000 rd., sem hann minntist á, þvert á móti vilja allrar þjóðarinnar á Íslandi, ef það hefði verið til að styðja þá skoðun, sem hann sjálfur hefði, t. a. m. á kláðamálinu. Eg vildi óska, að eg eigi fengi tilefni til annars, en koma fram til miðlunar í þessu máli, en mèr hefir þótt lýsa sèr í umræðunum kapp, sem eigi á við þetta mál. Eg veit eigi, hvað það t. d. á að þýða, að segja, að verzlunarmálefni Íslands sè sameiginlegt málefni með Danmörku. Að öðru leyti vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði við 4. grein, þótt eg eigi geti orðað það að sinni. Aðalmálið er, að Íslendingar fá að njóta sjálfsforræðis um ókominn tíma, en 4. grein bendir til hins umliðna tíma með kröfum sínum til ríkissjóðsins. Eg ímynda mèr, að nefndinni hafi, eins og mèr, þótt það neyðarúrræði, að setja fjártillagið í samband við stjórnarbótina. Eg er eigi svo vel kunnugur sögunni, sem vera skyldi, og ætti því, ef til vill, að fylgja áliti þeirra manna, sem betra skynbragð hafa á því en eg, og að minnsta kosti eru kröfur nefndarinnar eigi hraktar með því,

er hinn 2. konungkjörni þingmaður sagði í gær, að kröfur ættu að koma á móti kröfum, því sönnunarskylda fyrir þeim liggur þá á Dönum; það er eins og ef hann sannaði, að hann hefði látið mig fá fé, þá lægi skyldan á mèr, að sanna, að eg væri skuldlaus við hann. En eg vil eigi fara neitt út í þessar fjárkröfur, en að eins taka það fram, að ef Dönum er alvara með að veita oss sjálfsforræði og hjálpa til að reisa oss við, þá vona eg, að þessu efni verði eigi haldið til streitu, og að við eigi biðjum um meira fé, en Danir vilja láta af hendi rakna.

Jón Sigurðsson: Umræður þessar eru að vísu orðnar alllangar, en eg vildi þó tala fáein orð. Það hefir verið margt sagt um nefndina, og henni hefir verið harðlega álasað fyrir þá niðurstöðu, sem hún er komin að í þessu máli. Það hefir verið sagt, að hún hafi farið óheppilega, óskynsamlega og hraparlega að í tillögum sínum, og jafnvel, að hún hafi breytt gegn betri vitund, en eg segi fyrir mig, og svo mun einnig vera um meðnefndarmenn mína, að þeim mun standa á sama, hvað vissir þingmenn segja, og hvern dóm þeir fella um aðgjörðir nefndarinnar, því við nefndarmennirnir munum hafa þann dómara í brjóstum okkar, hvers dómi við fremur hlítum en því óskynsamlega álasi, sem nefndin hefir orðið fyrir, og þar með læt eg svo út talað um þetta efni. Það hafa heyrzt hèr í salnum ýmsar raddir, sem eg fyrir mitt leyti verð að segja að hafa sært tilfinningu mína meira en allt það álas, sem nefndin hefir fengið. Menn hafa látið sèr um munn fara, að vèr Íslendingar værum alveg rèttlausir, og að það, sem fram boðið er í þessum frumvörpum, sem hèr liggja fyrir, bæði stjórnarbótin og fjártillagið sè einhver náðargjöf frá Dönum, sem við eigum enga rètta heimtingu á. Þessi bjalla hefir klingt að undanförnu og klingir enn hjá mörgum Dönum og dönskum Íslendingum, og hlýtur það að særa hjarta hvers þess manns, sem nokkur dropi af íslenzku blóði rennur í. Nefndarálitið sýnir, að nefndin eigi hefir verið á þessari skoðun, og að hún hefir byggt tillögur sínar á því, að vèr hefðum rètt vorn óskertan gagnvart Dönum. Eg finn það skyldu mína, bæði gagnvart þinginu og kjósendum mínum, að skýra frá, hverjar þær ástæður voru, sem eg fyrir mitt leyti byggði á þá skoðun mína, að vèr hefðum rètt vorn óskertan gegn Dönum. Eg vil þá fyrst skoða ástæður þær, sem bornar hafa verið fram fyrir rèttleysi voru. Hin fyrsta ástæða er sú, að ríkisþingið hafi erft það einveldi, sem konungurinn hafði

yfir oss Íslendingum, áður en stjórnarbreytingin í Danmörku 1848—49 komst á. Þessu verð eg alveg að mótmæla. Menn verða að gæta þess fyrst og fremst, hvernig Friðrik konungur 7. afsalaði sèr einveldi sínu í hendur þegnum sínum, að það fór svo fjarri, að hann þar með gæfi nokkrum einstökum af þegnunum einkarètt yfir hinum, að hinn hásæli konungur miklu fremur yfir lýsti því, sem sínum fullum og föstum vilja, að allir þegnar sínir yrðu jafnt aðnjótandi frelsisgjafarinnar, hver landshluti, eptir því sem sèrstök rèttindi og sèrstakar þarfir hans stóðu til. Þeir menn, sem álíta, að Danir hafi fengið einhvers konar erfða-einvaldsrètt yfir oss við stjórnarbreytingu þá, sem varð í Danmörku 1848, og sem þess vegna álíta oss rèttlausa, hafa annaðhvort ekki lesið eða ekki skilið orð konungsins sjálfs, því hvern skilning sem menn annars leggja í einstök orð eða einstakar greinir í kgsbr. 23. sept. 1848, og í konunglegri auglýsingu 18. Maí 1849, þá er það vafalaust, að bæði þessi konungsboð yfir lýsa þeim fulla og fasta vilja konungsins, að við Íslendingar skyldum verða aðnjótandi fyllsta sjálfsforræðis á sama hátt og Danir. Og að konungurinn hafi ásett sèr, að láta þessu áformi sínu verða framgengt, það sýnir ljóslega skipun þjóðfundarins 1851. Það virðist eigi þörf á, að fara í neinar grafgötur um það, hvort þjóðfundurinn 1851 hafði ályktar- eða samþykktaratkvæði um stjórnarbót vora, en það held eg naumast verði hrakið með ástæðum, að hann hafði sama vald, sem ríkisfundur Dana 1848 og 1849, og það er aðalatriðið. Setning þjóðfundarins er og verður jafnan ljós vottur þess, eins og eg hefi áður tekið fram, að konungur vor ætlaði þá að binda enda á loforð sín um sjálfsforræði Íslendinga, þó að það tækist eigi í það sinn, sem heldur eigi gjörði neitt til með tilliti til þess rèttar, er oss var veittur til sjálfsforræðisins, því heitorð konungs hafa fullt gildi, svo lengi sem þau eigi eru apturkölluð, og þó að samkomulag um stjórnarfyrirkomulagið eigi næðist á þjóðfundinum 1851, hvað Íslendingum var alls eigi um að kenna, þá fer fjærri, að þeir þar fyrir hafi sleppt eða tapað nokkru af rètti sínum til sjálfsforræðis. Sú hefir verið talin önnur ástæða fyrir rèttleysi voru, að ríkisþingið hefir tekið að sèr til meðferðar og ályktunar ýms málefni vor. Jú, það er satt, að ríkisþing Dana hefir síðan 1848 orðið að veita það fè, sem þurft hefir til Íslands þarfa, en með því hefir það eigi fengið neitt sèrstakt vald yfir Íslands málum. Ríkisþingið tók við stjórn og umsjón ríkissjóðsins, þegar konungur afsalaði sèr ein-

veldinu, en þess ber að gæta, að þetta var sameiginlegur sjóður fyrir Ísland og Danmörku, og að ríkisþingið hefir að eins ráðsmennsku yfir þessum sameiginlega sjóði fyrir hönd alls ríkisins. Fjárveitingar ríkisþingsins eru því engin náðargjöf, eins og sumir eru allt af að berja blákalt fram.

Að Íslendingar eigi réttartilkall til fjár í ríkissjóðnum, hefir aldrei verið efazt um; allir þeir, er sátu í fjárhagsnefndinni 1862, voru í þessu tilliti á einu máli; ágreiningurinn hefir allajafna verið um upphæðina, eða réttan reikning þessarar réttarkröfu, en svo langt hafa þó Danir eigi farið enn, að neita okkur alveg um rétt til tillagsins. Þá hefir það enn fremur verið til greint, sem ástæða fyrir réttleysi voru, að grundvallarlögin hljóti að vera hér gild. Mér hefir nú skilizt svo, sem menn greindi á um það, á hvern hátt þau hafi náð hér lagagildi. Sumir álíta sem sé, að þau hljóti að vera hér gildandi, þó öll lögmæt skilyrði fyrir gildi þeirra vanti. Má eg spyrja þessa menn, hvort þeir álíti grundvallarlögin sama eðlis og okkar gömlu tíu laga boðorð, sem við prótestantar erum skyldir að álíta bindandi reglu fyrir okkur í trúarefnum. Þeir, sem fram fylgja þessari skoðun, hljóta þá að álíta, að það sé sama á hvaða máli lögin eru, og hvort þau eru nokkurn tíma birt á lögskipaðan hátt eður ekki, því það vita þó allir, að grundvallarlögin hafa aldrei verið þýdd á íslenzku, enn síður birt þar á lögboðin hátt, og þessu atriði held eg menn ekki megi gleyma. Aptur aðrir hafa talið það, sem ástæðu fyrir gildi grundvallarlaganna, að 5 Íslendingar voru kvaddir af konungi til að taka þátt í tilbúningi þeirra 1849; það er nú búið að margsýna og sanna, að þessi ástæða er á engum rökum byggð. En eins vil eg geta, sem ekki hefir verið tekið nógu glöggt fram, að ef grundvallarlögin 1849 eru gild hér á landi fyrir hluttekningu hinna 5 Íslendinga í tilbúningi þeirra 1849, þá áttum við fulla heimting á, að vera kvaddir til ráða og hluttöku í endurskoðun þeirra 1866, en þessa hafa Danir eigi gætt, og þar með viðurkennt sjálfir, að grundvallarlögin væru ekki gildandi hér, eins og eg líka held að flestir skynsamir menn hljóta að vera þeim samdóma um.

Þegar á allt þetta er litið, má nefndinni virðast til vorkunar, þótt hún kæmist að niðurstöðu þeirri, er hún hefir komizt að, því vér, nefndarmennirnir, hlutum að byggja á því, að vér hefðum rétt vorn ókrenktan og óskertan til að byggja á. En hin fyrirliggjandi frumvörp eru, bæði að efni og formi, auðsjáanlega byggð á þeirri

grundvallarsetningu, að vèr sèum rèttlausir, og af því hèr er byggt á rammskökkum grundvelli, flýtur þar af, að öll grundvallaratriði frumvarpanna eru ófrjálsleg og óhafandi, eigum við nokkra mynd að fá af stjórnarbót og sjálfsforræði. Eg fæ því eigi betur sèð, en að þeir, sem að frumvörpum þessum vilja ganga, hvort heldur breyttum eða óbreyttum, játi þar með, að við sèum og höfum ávallt verið rèttlausir, og það hafði eg ekki búizt við að nokkur Íslendingur mundi vilja játa, ekki einu sinni þótt hann væri konungkjörinn þingmaður. Menn hafa sagt, að frumvörp þessi bjóði oss svo mikla og góða kosti, að það sè mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið, að hafna þeim, heldur að vèr eigum að taka móti því, sem nú er boðið, tveim höndum í auðmýkt og lítillæti, og eg skal viðurkenna, að í frumvörpum þessum eru ýmsar þær ákvarðanir, sem horfa til umbóta á því stjórnarfyrirkomulagi, sem hèr er nú, en það þarf líka mikið að koma í aðra hönd, til þess að því sè gangandi, að neita því, að við höfum nokkurn rètt eða rèttarkröfur gagnvart Dönum, og eg skal reyna að sýna og sanna, að það, sem frumvörpin bjóða, er alls eigi svo gott, sem sumir álíta. Það glæsilegasta og mest ginnandi, sem frumvarp það, er hèr er til umræðu, býður, er löggjafar- og skattaálöguvald það, er alþingi á að veitast. En staða alþingis og fyrirkomulag landstjórnarinnar hèr á landi, hlýtur að vera jafnvaxin þessu valdi þess, svo löggjafaratkvæði þess verði meir en nafnið tómt. Það verður að skipa hèr landstjórn eða stjórnarráð við hliðina á alþingi, er hafi framkvæmdarvaldið á hendi með fullri ábyrgð fyrir þinginu, eins og við gengst í öllum löndum, þar sem lögbundin stjórnarskipun er á komin. Eptir frumvarpinu á æðsta framkvæmdarvaldið að heyra undir ráðgjafann í Kaupmannahöfn, sem býr í 300 mílna fjarlægð, og hefir að eins ábyrgð fyrir hinu danska ríkisþingi; hann hefir í raun rèttri alls enga ábyrgð fyrir alþingi, nema á pappírnum, því eg get ekki gjört mjög mikið úr þessari heimild, sem alþingi á að hafa til að kæra ráðgjafann fyrir fólksþinginu, því það mundi sjaldnast geta fært sèr þessa heimild í nyt. Með þessu fyrirkomulagi tapar alþingi alveg þýðing sinni sem löggjafarþing, og því valdi og þeim krapti, sem það þarf að hafa og hefði haft, ef ábyrgðinni væri eins fyrir komið, eins og á að vera. Eptir frumvörpunum á að skipa hèr landstjórn, sem hafi ábyrgð fyrir ráðgjafanum, en ekki fyrir alþingi. Sumum hefir þótt þetta fulltryggjandi, með því landstjórinn væri hèr það sama, sem ráðgjafinn ætti að vera, en

þetta er svo fjarlægt öllum sanni. Eg tek til dæmis, að væri eg landstjóri, og ætti að ábyrgjast gjörðir mínar einungis fyrir ráðherranum í Kaupmannahöfn, þá held eg, að eg aktaði lítið, hvað alþingi segði, ef að eins ráðgjafinn stæði með mèr, og eg gæti hreinsað hendur mínar fyrir honum, þá mundi alþingi ekki geta gjört mèr mikið.

Hinn annar kostur, sem talinn er á þessu frumvarpi, er fjártillag það, sem þar í er fram boðið. Það er nú áður búið að taka fram þann mikla annmarka, sem á því er, að Danir geta svipt okkur því, þegar minnst varir. Sumir hafa lýst miklu trausti á veglyndi Dana og ríkisþingsins, og vilja telja mönnum trú um það, að við munum aldrei verða sviptir þessu tillagi. Eg skal fúslega játa, að margir menn á ríkisþingi Dana í vetur hafa talað mjög vingjarnlega um oss, og lýst mikilli velvild til okkar, en þeir þingmenn, er þar sitja nú, eru ekki ódauðlegir, og með nýjum þingmönnum geta komið nýjar skoðanir. »Góður er þessi konungur«, sagði Einar Þveræingur, »en hann mun eigi verða eldri en gamall«, og eins mun fara um ríkisþingsmenn Dana. Nú höfum við ekki meiri tekjur en svo, að tillaginu, sem kallað er, meðtöldu, að við höfum ekkert afgangs frá launum embættismanna og öðrum þeim útgjöldum, sem nú hvíla á ríkissjóðnum, og sem allt af fara vaxandi, eins og kunnugt er; um hitt er ekki að tala, að við höfum nokkuð afgangs til alls þess, sem hèr þyrfti að umbæta. Og ef nú tillagið yrði tekið frá okkur von bráðar, þá verður fjárráðarèttur alþingis harðla þýðingarlítill og ekki annað en nafnið tómt, þegar efnin eru engin til að framkvæma það, sem nauðsyn ber til. En þá er annar hængur enn verri við þessa tillags veitingu, — eins og eg hefi áður tekið fram — að það er bein náðarveiting, sem eg fyrir mitt leyti hefi naumast geð til að þiggja.

Það hefir verið stungið upp á ýmsum breytingum við frumvarpið, og líka mèr flestar þeirra vel. Og gætu hinir háttvirtu þingmenn, er hafa stungið upp á að breyta sèr í lagi ráðgjafaábyrgðinni þannig, að hún fái nokkuð að þýða, líka ábyrgzt, að þessar breytingar yrðu teknar til greina, þá fortek eg ekki, að eg gefi frumvarpinu þannig breyttu atkvæði mitt. En það er harðla lítil von um, að þær breytingar verði samþykktar af stjórninni.

Jón Pètursson: Eg veit varla, um hvað ræðurnar núna snúast; mèr finnst hver í kapp við annan vera að halda fyrirlestra um íslenzkan «Statsrètt», eða vilja útlista, hvaða rèttur oss beri

til sjálfsforræðis, og hvort það, sem frumvarpið býður oss, samsvari þessum rètti vorum. En þetta er vísindaleg rannsókn, og það er ekki ætlunarverk þingsins, að fara að kenna stjórninni eða þjóðinni, hvað rètt sè í þessu; að leysa úr þessari spurningu, liggur nú ekki fyrir. Stjórnin hefir sagt, á hvaða grundvelli hún byggði, og að tillögur þingsins ekki gætu tekizt til greina, ef þær gengu út á að raska þessum grundvelli. Það, sem þingið nú hefir því að gjöra, er að dæma um, hvort ástand það, sem frumvarpið býður, sè betra en það, sem nú er, eða þá lakara, og eptir þessu annaðhvort aðhyllast frumvarpið með þeim breytingum, sem innan hinna takmarka kunna verða gjörðar við það, eða þá hafna því. Það væri annars gaman að vita, hvort þingmenn álíta, að rèttur vor til sjálfsforræðis fyrntist við það, þó við tækjum frumvarpið. Það eru fáir þingmanna, sem rannsaka það, er nú liggur fyrir, nefnilega, hvort betra sè ástand það, er frumvarpið býður, eða hitt, sem nú er, nema hinn háttvirti þingmaður, er nú settist niður; hann játaði, að ástand það, er frumvarpið býður, væri langtum betra, og að hann skyldi ganga að því, ef hann vissi, að breytingar þær, sem ráðgjörðar hefðu verið við það, yrðu teknar af stjórninni. Þetta gleður mig, því eg er að mínu leyti viss um það, að þessar breytingar eru gjörðar á grundvelli stjórnarinnar, og að hún því hlýtur að fallast á þær. Þingmanni Barðstrendinga þykir nú frumvarpið öðruvísi; honum finnst það bæta ekki mikið, þó vèr fáum þetta fjártillag, sem frumvarpið býður; vèr verðum með öllu ófærir að reisa bú fyrir það, segir hann. Hann vill þá láta Dani búa fyrir oss, og treystir þeim betur til þess, þó þeir ekkert fjártillag veiti, en oss sjálfum, þó vèr fáum tillagið; mèr sýnist honum farast líkt og náttuglunni, sem stóð á því, að tunglið væri bjartara en sólin; eg leyfi mèr að segja þetta, af því hann sagði, að eg í gær hefði hætt við 7. gr. frumvarpsins, því eg hefði þar ekki þorað að horfa í sólina. Hann sagði enn fremur, að eg hefði borið upp þá uppástungu, að frumvarpið yrði lögleitt. En þetta er engan veginn rètt; eg hvorki bar upp nokkra uppástungu í þá átt, og þurfti þess ekki. Eg las að eins upp frumvarpið, og bar ástand það, er það býður, saman við það, sem nú er, og til þessa hafði eg ekki að eins rètt, heldur var það skylda mín sem þingmanns að bera þetta saman. Þingmaður Árnesinga álítur ástand vort, sem nú er, svo aumt sem orðið getur; þetta auma ástand hljóti endilega að breytast sem allra-fyrst, það sè með öllu

nauðsynlegt fyrir Íslendinga, Dani og ríkisheildina yfir höfuð. En hver eru nú ráð hans í þessu tilliti? Jú, hann segir, að oss beri langtum meiri réttur til sjálfsforræðis, en frumvarpið gefur, og stjórnin vilji viðurkenna að oss beri. Þetta verðum við að leiða stjórninni fyrir sjónir; geti henni ekki skilizt það, þá geti hún sjálf átt frumvarp sitt og þann rétt, er hún vill gefa oss, vér getum ekki notað hann, og vér verðum því enn að sitja í þessu auma og óþolanda ástandi, óvíst hvað lengi (*Benedikt Sveinsson:* Það sagði eg ekki). Eg veit, að þingmaðurinn ekki hefir sagt það með berum orðum, en hann er svo skarpur, að hann sér sjálfur, að þetta er með öllu rétt ályktun af ræðu hans. Eg skil nú ekki, hvers vegna menn vilja láta þetta auma ástand við vara, þó stjórnin ekki vilji veita oss allan þann rétt, er vér kynnum óska eða álíta, að oss beri. Ástandið er fullkomlega eins aumt, og þingmaðurinn sagði; hann ýkti það ekkert; og það er í mögru fleiru tilliti aumt, en hann tók fram. Eg finn mér skylt, að hrinda af mér því brigzlyrði, er hann við hafði um þá konungkjörnu, að orð þeirra væru endurtekning misskilinna orða konungsfulltrúans. Eg veit ekki, að eg hafi endurtekið nein orð konungsfulltrúans, og þá ekki heldur misskilin orð hans. Eg veit ekki til þess, að nokkur geti brigzlað mér um það með réttu, að eg fylgi ekki sannfæringu minni; eg hefi heldur aldrei fengið orð fyrir það, að eg segði ekki meiningu mína hreint og beint, hver sem í hlut ætti, eða að eg smjaðraði fyrir stjórninni; eg er óviss um, að þeir þjóðkjörnu fylgi betur sannfæringu sinni en eg. Eg held vér eigum að taka tækifæri það, sem nú býðst, til þess að fá sjálfsforræði og betra ástand vort, og hafna því ekki af þeirri ástæðu, að oss muni bera réttur til meira sjálfsforræðis, en stjórnin núna vill gefa oss. Vér getum og bætt frumvarpið, ef breytingarnar eigi eru gagnstæðar grundvelli þeim, sem hún hefir lagt; og því, sem vér nú erum eigi ánægðir með, getum vér síðar, ef til vill, fengið breytt. Hvað fjártillag það snertir, sem oss er nú boðið, þá verður það í 30 ár vaxtalaust 1,153,000 rd., og þar af eru vextir árlega 46,000 rd. Þetta er talsvert fé, sem getur munað oss talsverðu.

Forseti: Þar eð nú er orðið áliðið og umræðunni hvort sem er ekki verður lokið, álít eg bezt að hætta, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

30. fundur — 2. september.

Allir á fundi. Þingbók frá tveim hinum síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni liggur nú fyrir að halda áfram undirbúningsumræðu um málið um konunglegt frumvarp til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu.

Framsögumaður: Jafnvel þótt eg ætli, að flestu af því sè þegar svarað, er sagt hefir verið móti nefndinni, og þótt ástæður nefndarinnar fyrir úrslitum þeim, sem hún komst að, standi að öllu leyti enn óhraktar, þá ætla eg þó að svara sumu í ræðum þeirra þingmanna, er mótmælt hafa nefndinni, bæði konungsfulltrúa og öðrum, fáum orðum. Nefndinni hefir meðal annars verið borið það á brýn, að hún hafi eigi með ástæðum sýnt galla þá, sem hún segir að sèu á frumvarpinu. En eg skil alls eigi, hvernig nokkrum þingmanni dettur í hug að segja slíkt, ef þeir hafa annars lesið nefndarálitið; því að á 2. og 3. blaðsíðu í nefndarálitinu eru einmitt taldir upp hinir stórkostlegu gallar, sem á frumvarpinu eru, og þar er með ljósum orðum sýnt, að ábyrgðin er engin fyrir alþingi; að ríkisþingið eigi að fá löggjafarvald í málum vorum, en vèr eigum að vera þar atkvæðislausir; þá er enn fremur ákvörðunin um fjártillagið; og þessi voru þau þrjú atriði, sem nefndin varð að telja frágangssök fyrir oss að ganga að, og af þessum sökum fellur og allt frumvarpið sem öldungis óhafandi. Hvað vantar þá að til greina af hálfu nefndarinnar sem ástæðu fyrir því, að frumvarpið eigi sè takandi? Nefndin hefir svo ljóslega tilfært allt þetta, nema ef vera skyldi, að þyrfti að benda þingmönnum á, í hverjum greinum frumvarpsins þessi þrjú atriði eru fólgin, en það þótti nefndinni óþarft; en ef það þykir á nokkru standa, þá má bæta úr því í álitsskjalinu til konungs. Þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að þetta frumvarp eða réttara sagt þessi frumvörp, er stjórnin nú hefir lagt fyrir alþingi viðvíkjandi stjórnarbót á Íslandi, sèu að öllu leyti samhljóða frumvarpinu frá 1867, að hinum tveim ákvörðunum undan skildum, sem opt hefir verið minnzt á, þá hefi eg þegar sagt og segi enn að nýju, að það eru einmitt þessar tvær ákvarðanir, sem gjöra frumvarpið með öllu óhafandi. Eg verð þó enn að taka það fram, að þar sem hèr eru lögð tvö frumvörp fyrir þingið, sem eiga að leggjast fyrir ríkisþing Dana, og annað þeirra að samþykkjast þar grein fyrir grein, þá er

þetta mál orðið æði-ólíkt því, sem það var 1867, og þó eigi væri annað, þá er þetta form málsins næg ástæða til þess, að ráða hans hátign konunginum frá, að löggilda þau; því að 1867 var eigi að ræða nema um eitt frumvarp, sem alls eigi átti að leggja fyrir ríkisþingið. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði, að ábyrgð væri hjartað úr hverri constitution; því ef ekki væri ábyrgðin, þá væri constitutionin engin constitution; hún væri ónýt með öllu; þetta er rètt mælt; eg vil leyfa mèr jafnvel að segja, að ábyrgðin sè hjartablóðið úr hverri constitution, og engin constitution geti til verið án þess að ábyrgð fylgi með. En þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi gjörði svo lítið úr þýðingu þessarar ráðherra-ábyrgðar fyrir Íslendinga, því er Danastjórn þá svo mjög annt um að fá þesss ábyrgð fyrir sèr? Ef hún er áríðandi Dönum, þá hlýtur hún og að vera áríðandi fyrir oss Íslendinga; en þetta á að vera eitthvert leikspil fyrir oss, eitthvað sem ekkert sè í varið fyrir oss. En þetta atriði hlýtur að ætlun nefndarinnar að vera svo mikils varðandi, að hún telur frumvarpið með öllu óhafandi, eins og það er, auk allra annara galla á því, sem margopt er búið að taka fram. En þá segja þingmennirnir, sem halda vilja frumvörpunum: «Vèr getum breytt þeim, svo sem vèr framast getum búizt við að stjórnin muni samþykkja»; eru þá, vil eg enn spyrja, orð þau í frumvarpinu sjálfu þýðingarlaus, þau orð sjálfrar stjórnarinnar, að það sè eigi til neins, að breyta neinum verulegum atriðum þeirra? engu því, sem lýtur að grundvelli frumvarpanna? Eg verð þá að spyrja: Hver er þessi grundvöllur, sem vèr megum eigi breyta? Upp á þetta bið eg hinn hæstvirta konungsfulltrúa, og þá þingmenn, sem honum fylgja, að svara mèr. En þegar stjórnin segir, að vèr megum eigi breyta grundvellinum; slíkar tillögur verði alls eigi til greina teknar, og jafnframt, að þingið hafi heldur ekki neitt samþykktaratkvæði í máli þessu, heldur að eins ráðgjafaratkvæði, þá höfum vèr sannlega enga von um, að tillögur vorar um þetta mál verði teknar til greina, heldur að frumvarpið verði lögleitt óbreytt, og til hvers eigum vèr þá að fara að stinga upp á breytingum? og þessi eru þau tvö atriði, sem rèðu stefnu nefndarinnar, og eiga að ráða, hverja stefnu þingið tekur í málinu. Það hlýtur þó hverjum þingmanni að vera ljóst. Svari nú konungsfulltrúi, að grundvallaratriðum frumvarpsins megi breyta, og stjórnin muni í þeim fara að tillögum þingsins, þá er allt öðru máli að gegna; þá skal eg vera manna fúsastur til að fallast á

frumvarpið, þegar þær breytingar hafa verið við það gjörðar, sem nauðsynlegar eru, svo sem að bæta þeim aðalgrundvallarreglum, sem þingið samdi 1867, framan við stjórnarskrána, og eg vil áskilja mèr rètt til þessa breytingaratkvæðis, ef svo ber að skilja orð stjórnarinnar, sem nú hefi eg sagt; en sè það eigi, þá kemur ekki til þess.

Það voru enn fremur fáeinar athugasemdir, sem eg vildi svara nokkrum þeim mótbárum, sem komu frá ýmsum þingmönnum í gærkveldi. Hinn háttvirti 6. konungkjörni þingmaður sagði, að vèr yrðum að athuga það, að vèr ættum eigi neina vissu fyrir því, að halda því, sem vèr nú höfum, ef vèr höfnuðum að þessu sinni tilboði stjórnarinnar. Vèr gætum hæglega misst það; ríkisþingið kynni að hætta að veita oss nokkurn fjárstyrk úr ríkissjóði. Ætli þingmaðurinn hafi vel hugsað út í, hvað þessi orð þýða? það felst meira en lítið í þeim; þau stefna að hvorki meira nè minna en því, að gjöra stjórnina ófæra til að stjórna Íslandi. Því að þegar þingið er allt af að biðja um styrk til ýmislegs, sem vèr þörfnumst, úr ríkissjóði, þá er auðsèð, að það er enginn afgangur af því, sem vèr fáum nú, til slíkra hluta; og ef vèr erum sviptir því, þá er auðsèð, að eigi verður nóg eptir til þeirrar stjórnar, sem nú er, og þá verður stjórninni eigi auðið að stjórna landinu lengur; hún verður þá að lýsa því yfir, að hún verði að leggja árar í bát með alla stjórn yfir landinu, og segja: »Eg treysti mèr með engu móti til þess að stjórna Íslandi lengur; það verður að eiga sig«. En slíkt get eg eigi látið mèr til hugar koma, því eg verð að álíta það siðferðislega skyldu hverrar stjórnar, að láta þegna sína fá það, sem þeir þurfa, og eg er þess fullöruggur, að til þessa hefir Danastjórn hinn bezta vilja, eins að því leyti er til Íslendinga nær, eins og til annara þegna hennar. Þar sem sagt var, að nefndin hefði ráðið þinginu frá, að ræða frumvarpið, þá sýnir það, — eg verð að tala svo stórt, — það sýnir parlamentarisku fávizku, því að það kom nefndinni aldrei til hugar, að banna þingmönnum að ræða um frumvarpið, heldur hitt, að nefndin vildi ráða þinginu frá, að koma með breytingar við frumvarpið, og ganga til atkvæða um hverja einstaka grein þess, og ástæðurnar fyrir því höfum vèr margsagt og margsýnt. En það er vitaskuld, að ef uppástunga nefndarinnar fellur, yrði það fyrst að vera rætt og síðan gefa atkvæði um hverja grein þess. Mèr þykir það sannarlega hart, að slíkar meinlokur komi frá þingmönnum, sem eru móti öll-

um rèttum þingreglum. Eg vona, að eg þegar hafi sannfært hinn hæstvirta konungsfulltrúa og þingmenn um, að sú sè tilætlunin, að ríkisþingið eigi að leggja samþykkt sína á stjórnarskrána um hin sèrstaklegu mál Íslands, þótt það eigi ekki að greiða atkvæði um hverja einstaka grein hennar. En það verð eg að taka enn fram, að nefndin var í sínum fulla rètti, að rekja hinn sögulega gang viðburðanna, og eg ætla, að það ætti einnig að koma í álitsskjalinu til konungs, því eg hygg stjórnina hafa gott af því, að kynna sèr það betur en hún hefir enn gjört, hver þessi rás viðburðanna er, sem hún sjálf vitnar til, og hvort þessi rás viðburðanna hefir breytt sambandinu milli Íslands og Danmerkur frá því, sem áður var; því að út frá þessari rannsókn verður að ganga, þegar rannsaka skal, hver rèttur vor er; og þegar ræða er um fjárkröfurnar, verðum vèr og að sýna fram á, hvað runnið hafi inn í ríkissjóðinn frá oss, til þess að sýna, hverju vèr eigum heimtingu á hjá Dönum, og þótt konungsfulltrúi hafi brugðið nefndinni um, að þessir hennar reikningur sè tekinn upp úr Fèlagsritunum, þá er þetta fyrst og fremst ástæðulaust; því að fyrst stendur á sama, hvaðan reikningurinn er, ef hann að eins er rèttur, og svo er í öðru lagi þess að gæta, að í nefndarálitinu eru allt aðrir reikningar og uppástungur, heldur en er í Fèlagsritunum. Út af konungsúrskurðinum frá 10. nóvembermán. 1843 þræti eg ekki að þessu sinni; orð hans liggja fyrir hverjum einum, og hver getur lagt í þau þann skilning, sem honum þykir bezt við eiga; og eg hef fullan rètt til að leggja í hann þann skilning, sem eg hefi á honum; en mèr þykir það sannarlega undarlegt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi bregði mèr um þráa og þverhöfðaskap, þó eg í þessu efni ekki geti aðhyllzt þann skilning, er hann vill leggja í úrskurð þennan, og mèr þykir þetta því meir furðu gegna, sem eg þekki hinn hæstvirta konungsfulltrúa að vera svo frjálslyndan mann, eins og hann er; á því átti eg sízt von af honum, og allra sízt á þann hátt, sem hann gjörði það. En það get eg sagt með fullum sanni, að þeir, sem á öðru máli eru en eg í þessu efni, hafa að minnsta kosti eigi komið með fleiri ástæður en eg. Þingmaður Árnesinga sagði í gærkveldi, að ræður hinna konungkjörnu þingmanna væru að eins bergmál af misskildum orðum konungsfulltrúa. Eg skal nú alls eigi taka eins djúpt í árinni og hann um það; en ekki er eg þó fjærri því, að nokkuð sè satt í þessum orðum hins háttvirta þingmanns; ræður þeirra nálgast það

vissulega. Eg er ekki svo þrár, að eg ekki muni falla frá mínum skoðunum, ef nokkrar ástæður eru bornar fram móti mèr, en það hefir enn ekki verið gjört. Þegar þingmaður Rangæinga var að skopast að, hve kátleg hin danska útlegging mundi verða á upphafi 1. niðurlagsatriðis nefndarinnar eða þessum orðum: »allra-þegnsamlegast mótmæla«, þá veit eg að vísu, að hann mun, ef til vill, einhver beztur allra þingmanna í dönsku, en af orðum hans að ráða, verð eg að ímynda mèr, að hann hafi ætlað, að hann væri meðal smádrengja, því að bæði voru ástæðulausar allar hans mótbárur, og ummæli hans voru einnig þannig löguð; við þessu gat eg reyndar búizt af þessum heiðraða herra, eptir því sem hann virðist koma hèr fram, en eg gat með engu móti búizt við, að þingmaður Vestmanneyinga mundi koma með slíkan orðaleik og hégómalegar hártoganir; eg vonaðist eptir, að hann mundi sleppa öllum gamanyrðum í máli þessu, því slíkt á ekki við; þetta mál er alvarlegt, og eg tala um það með alvöru, og það með heitri alvöru, enda verð eg að frábiðja mèr öll þess konar hnífilyrði, sem að eins eru til ills eins.

Konungsfulltrúi: Af því eg gjöri ráð fyrir, að þessari undirbúningsumræðu innan skamms verði lokið, skal eg stuttlega taka fram nokkur aðalatriði málsins, sem eg vil biðja hið heiðraða þing vel og vandlega að yfirvega, áður en málið verður lagt fram til ályktunarumræðu.

Þar sem ágreiningur er um það, hvort hin yfirskoðuðu grundvallarlög frá 5. júní 1849 eru gildandi hèr í landinu eða ekki, og þessi ágreiningur er til, vil eg skjóta því til yfirvegunar hinna heiðruðu þingmanna, hvort það ekki sè skynsamlegra að binda enda á þennan ágreining með því móti, að spursmálið verði útkljáð á sem haganlegastan hátt fyrir landið, en að gjöra spursmálið að kappsmáli, hvar einungis ræðir um það, hvort hver þingmaður hafi rètt að mæla eða ekki.

Þar sem þessi ágreiningur í rauninni er til, hefir það í sjálfu sèr litla þýðingu, að rekja röksemdaleiðslu þeirra, sem álíta þetta spursmál aðalspursmálið; eg ætla ekki að gjöra þetta, en skal að eins geta þess, að þar sem hinn heiðraði þingmaður Suður-Þingeyinga í gærkveldi tók fram, að af því að Íslendingar ekki hefðu setið á ríkisþinginu 1865—66, þegar grundvallarlögin frá 1849 voru endurskoðuð, mætti álykta, að þessi lög ekki sèu gildandi hèr í landinu, þá hefir hann ekki skoðað málið rèttilega, því það er

sjálfsagt, að þegar endurskoðunin átti að fram fara samkvæmt hinum gildandi grundvallarlögum, gat ómögulega orðið spursmál að kalla aðra til endurskoðunarinnar, en þá, sem eptir grundvallarlögunum höfðu atkvæðisrètt í þessu máli. Hinn sami þingmaður, sem mèr yfir höfuð virðist fremur hinum nefndarmönnunum hafa reynt til þess að leiða rök að aðgjörðum nefndarinnar, sagði optar en einu sinni, að ef vèr ekki gætum fengið það, sem eptir áliti hans er rèttur vor, værum vèr rèttlausir, og þá væri bæði sjálfsforræðið og árstillagið náðargjöf, sem hann ekki vildi þiggja. Þetta er einnig misskilningur, því spursmálið er í raun og veru ekki, hvort vèr höfum nokkurn rètt eða engan, heldur hvort vèr höfum þann rètt, sem hann álítur, eða einhvern annan rètt. Umræðurnar hèr í salnum sýna og sanna þetta, því nefndarálitið heldur fastlega fram ályktunar- og samþykktaratkvæði alþingis, en þetta er orðið eptir orðum hins heiðraða þingmanns samkomulagsatkvæði. Vèr erum sannarlega ekki rèttlausir, þegar oss eru boðin þau kjör, er hèr ræðir um, þó að þingmaðurinn fyrir sitt leyti sè sannfærður um, að rèttur alþingis nái lengra en stjórnin getur aðhyllzt; — og þess konar orð sem rèttleysi þykja mèr sýna og sanna, að menn tala í ofurkappi.

Það spursmál liggur ekki fyrir og hefir ekki gjört það, hvorki 1848 nè seinna, að koma nýju fyrirkomulagi á samband Íslands við Danaveldi, heldur einungis það, að ákveða það, sem nauðsynlegt er til þess, að laga ástand það, sem var eptir hinum eldri lögum, samkvæmt fyrirkomulagi því, sem með grundvallarlögunum 5. júní 1849 er komið á í ríkinu, og sem vafalaust hefir áhrif á alla parta ríkisins. Spursmálið er, með öðrum orðum, ekki um að finna eitthvert nýtt fyrirkomulag, heldur einungis að ákveða það, sem eptir hinu sèrstaklega ásigkomulagi Íslands virðist nauðsynlegt til þess, að grundvallarlög ríkisins fái fullt gildi hèr í landinu, því það er aðalatriði þessa máls, að þessi ríkislög eigi að ná fullu lagagildi hèr, án þess að þau þurfi breytinga við, en á hinn bóginn með því móti, sem getur samrýmzt Íslands stöðu í ríkinu og sönnum hag.

Fleiri heiðraðir þingmenn hafa áskilið sèr breytingaratkvæði við frumvarpið; eg skal við ályktunarumræðuna, þegar þau eru orðuð, skýra frá skoðun minni um þau, og hinn heiðraði framsögumaður hefir nú spurt, hvort það sè þýðingarlaust, þegar í ástæðunum segir, að ekki megi breyta grundvallarreglum frum-

varpsins. Eg skal svara því upp á þessa spurningu hans, að sjálfsagt eru hvorki þessi orð nè önnur í frumvarpinu þýðingarlaus, en eg skal ítreka það, að grundvöllur frumvarpsins er þessi: Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, og að ekki má raska þessum grundvelli; á hinn bóginn skal eg geta þess, að vonandi er, að þær breytingar, sem geta sameinazt við það, er beinlínis flýtur af þessari stöðu Íslands í ríkinu, og af þeim tilgangi, sem sjálfsagt er þessa frumvarps, að ágreiningurinn um lagagildi hinna yfirskoðuðu grundvallarlaga frá 5. júní 1849 verði á enda kljáður, muni verða teknar til greina af stjórninni. Hvort alþingið getur átt von á þessum breytingum, er þess vegna sjálfsagt komið undir ásigkomulagi breytinganna. En á hinn bóginn getur alþingið, ef það fer þann veg, sem nefndin stingur upp á, alveg að vísa málinu frá, eptir minni sannfæringu ekki átt von á, að þetta mál verði aptur lagt fyrir þingið til meðferðar þess.

Tryggvi Gunnarsson: Eg verð nú að gegna gæsunum, þeim sem í gær flugu, því eg fèkk þá ekki tíma til að bera litla vörn fyrir nefndina, en mèr finnst þó eigi veita af því; hún hefir þegar fengið þungar ávítur fyrir starfa sinn; hvað mig snertir, þá tekur mig það ekki sárt, og er mèr ekki á móti skapi, þó vitnisburður sá fari út um landið, sem þingmenn hafa látið sèr sæma að gefa henni. Eitt á meðal margs, sem hèr hefir verið sagt í salnum, er það, að hún hafi ekki gjört skyldu sína, og komizt að rangri og óheppilegri niðurstöðu. En er það víst að sú væri skylda hennar, að fara eptir áliti þess eða hins? væri svo, þá hefði verið vandasamt fyrir hana, að velja milli þeirra mörgu skoðana um það, hvað rèttast er, eður var ekki einmitt það hennar eina og helga skylda, að gjöra hèr eins og í öðrum greinum eptir beztu þekkingu og samvizku? hver sem játar, að svo sè, hann getur ekki með rèttu sagt, að hún hafi ekki gjört skyldu sína; en sá, sem segir, að hún hafi eigi fylgt þessum reglum, hann fer með rangt mál.

Hvað það snertir, að nefndin hafi eigi gjört rètt, eður það, sem hún átti að gjöra, þá skal eg ekki þrátta um það; eg vil, að óvilhallir menn, þjóðin og reynslan, skeri úr því, en eigi að síður vil eg álíta, að hún hafi haft talsverðar ástæður að styðjast við, þegar hún komst að þeirri niðurstöðu, sem varð. — Hún áleit frumvarpið óaðgengilegt, eins og það lá fyrir, sem og líka allir játa; það sýna hin mörgu breytingaratkvæði, sem hèr er verið að ráðgjöra; en aptur hafði hún skýr orð stjórnarinnar fyrir því, að allar

verulegar breytingar mundu ekki verða teknar til greina, og væri því ekki um annað að gjöra, en segja já eður nei; í hið minnsta get eg ekki betur sèð, en stjórnin hafi svo gott sem sagt með berum orðum, að hún eptir loforðum sínum vildi eigi gjöra frumvarpið að lögum, fyr en alþingi hefði gefizt kostur á að sjá það, en það segði hún fyrir fram, að hún ætlaðist til, að engar verulegar breytingar yrðu gjörðar við það, því þær yrðu einnig með öllu árangurslausar, og má eg þá spyrja: fer nefndin ekki miklu betur eptir skoðun og tilgangi stjórnarinnar, en hinir konungkjörnu sjálfir, sem nú eru að ráðgjöra ýmsar breytingar við frumvarpið? og hvernig fer nefndin svo með rèttu að fá þessar ákúrur, sem hún hefir fengið, bæði frá konungsfulltrúa-stólnum og hinum konungkjörnu, þar sem hún hefir þó gjört þá skyldu sína, að fara eptir beztu þekkingu og sannfæringu, og einnig farið beint eptir því, sem stjórnin lagði fyrir hana, að káka ekki við neinar breytingar? En þegar ekki var um annað að gjöra, en að segja já eða nei, þá var nefndin neydd til að segja nei, því hún gat ekki játað því rèttleysi voru, sem frumvörpin byggjast á; eg verð að segja rèttleysi, þó hinn hæstvirti konungsfulltrúi vilji ekki, að það orð sè nefnt, því það er einmitt rèttleysið, sem mèr og öllum Íslendingum hlýtur að vera sárast við. Það eru margir búnir að tala um hina stjórnarlegu hlið málsins, og hve fjærri fer, að vèr njótum jafnrèttis við samþegna vora í Danmörku, hve ráðgjafa-ábyrgðin er ónóg og stjórnarfyrirkomulagið óhentugt, svo eg vil ekki lengja þingræðurnar með því, að taka það upp aptur, enda þó þessi atriði einna helzt vektu fyrir nefndinni; en eg vil þá leyfa mèr að taka annað atriði fram, sem minna hefir verið talað um, og sýna, hve rèttlausir vèr erum gjörðir af Dönum í fjártillaginu, sem þeir svo nefna, þar sem þeir segja, að vèr eigum ekki rètt til einskildings frá þeim, og allt sè náðargjöf, sem þeir láta af hendi rakna. Það vita þó allir, að konungur tók stólsgóssin og seldi þau, en lofaði aptur, eins og lá í hlutarins eðli, að annast kostnað skólans, biskups og dómkirkjunnar, og hvernig getur svo konungur eður stjórn hans skilað þessu aptur, án þess að láta fylgja með jarðirnar eður andvirði þeirra, til þess að bera kostnaðinn af þessu? Hvað skyldi eg vera nefndur, ef eg væri fjárhaldsmaður eins, og seldi helming af jörðum þeim, er hann ætti, en þegar eg skilaði honum fjárhaldinu, þá segði eg við hann: «það er sjálfsagt, að þessar óseldu jarðir eru þín eign, en það býður ekki svörum, að þú eigir

nokkuð fyrir jarðir þær, sem eg seldi, og fær þú aldrei nokkuð fyrir þær«. Jarðir þær, sem hèr á landi eru óseldar af opinberum eignum, eru viðurkenndar að vera eign landsins, en hvernig víkur því þá við, að verð seldu jarðanna er þá eigi sömuleiðis þess eign? Eg gjöri ekki svo mikið úr því, hvort þetta fè er 1,000 rd. eða 1,000,000, eins og því, að við eptir áliti Dana eigum engan rètt að hafa til nokkurs fjár, og allt er náðargjöf. Þetta rèttleysi er nú eitt af undirstöðusteinum í grundvelli frumvarpsins, og þó menn hèr í salnum vilji telja mèr trú um, að þeir með breytingaratkvæði fái nú þegar stjórnina til að breyta þessari aðalstefnu, og gefa oss óuppsegjanleg skuldabrèf fyrir þessari fjárupphæð, sem vèr biðjum um, þá trúi eg því ekki, en trúi menn því, að sú sè meining stjórnarinnar, að vèr höfum engar rèttarkröfur á hendur þeim, og að allar þær breytingar, sem raska aðalstefnu frumvarpsins, verði árangurslausar, þá get eg ekki skilið, að nokkur sannur Íslendingur geti gefið atkvæði sitt þannig, að gefa kost á því, að frumvarp þetta verði óbreytt að lögum, því eg þori að segja margur danskur maður gæfi ekki atkvæði fyrir því, að vèr Íslendingar sèum svona rèttlausir; eg álít, að vèr megum eigi, og getum eigi gengið að þessu og öðru fleiru í frumvarpinu fyrir hönd þjóðar vorrar. Eg veit, að sumir segja, að á sama megi standa, hvernig við fáum fèð, einungis að við fáum það, þá sè nóg, en mèr þykir ekki skemmtilegt að láta svo heita, að mèr sè gefið það, sem eg er sannfærður um eg eigi, en þó eg vildi nú sleppa þessu stærilæti, og taka við öllu sem gjöf, þá er það höfuðatriðið, að sè það viðurkennt, að vèr eigum eitthvað, þá er það föst og rèttileg eign, en þegar á því er byggt, að vèr eigum eigi tilkall til nokkurs, þá verður það laust fátækratillag, sem taka má aptur, þegar efnahagurinn skánar dálítið, eður ríkisdeginum þóknast.

Eg virði það við stjórnina, að hún fer í engar flækjur, heldur segir þinginu, að breytingar á aðalstefnu frumvarpsins verði ekki teknar til greina, og hver er sá, sem vill rengja þessi orð stjórnarinnar? eg álít, að hinir konungkjörnu sízt geti gjört það; eg vil taka það fram aptur, sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði: «stjórnin hótar ekki án alvöru, og lofar ekki án alvöru». Eg get trúað því, að smáorða- og efnisbreytingar kynnu að verða teknar til greina, en það er um þessa byggingu sem aðrar, að eigi er til neins að byggja fagra byggingu á ónýtan grundvöll; það er betra að byggja ekki, og gefa sèr heldur tíma til, að laga

undirstöðuna, eða trúir nokkur því, að þó mótmælendur nefndarinnar gætu nú gjört svo góðar breytingar við frumvarpið, sem þeir og allir þingmenn væru ásáttir um að væru æskilegar, að stjórnin mundi samþykkja þær, heldur þvert á móti gjöra sèr gott af, að þingið tók málið til meðferðar, og gjöra frumvarpið að lögum.

Eg get síður virt það vel, þegar verið er að flækja málið með breytingum við frumvarpið, svo það verði nokkurn veginn aðgengilegt, til þess með því að ginna menn til að ganga að því; eg kann betur við, að mèr sè hreinlega sagt, að samþykkja frumvarpið óbreytt; því það skil eg.

Sagt hefir það verið hèr í salnum, að nefndin hafi bakað sèr mikillar ábyrgðar með tillögum sínum; þetta er satt, og til þessa hefi eg fundið, og því hefi eg ekki gjört það hugsunarlaust, sem eg hefi gjört, en eg álít, að mótmælendur hafi einnig ábyrgð af tillögum sínum, engu síður en nefndin, að þær ekki skaði alda og óborna. Eg játa, að það, sem boðið er í frumvörpunum, er að sumu leyti betra en það, sem er, fyrir nálægan tíma, svo hinn 4. konungkjörni þingmaður þarf ekki að lesa upp hverja grein frumvarpsins, og segja, að ekki sè þetta og þetta verra en það, sem er; en eg er ekki svo eigingjarn í hverju máli sem er, ekki sízt í þessu máli, að eg vilji taka það, sem eg hefi stundarhaginn af, ef eg með því gjöri öðrum skaða. Eg álít, að það, sem vèr vinnum nú, það vinnum við eigi fyrir oss, heldur eptirkomendurna; vèr njótum þess skamma stund, og því álít eg að rèttara sè, að fara eigi eptir því, er menn kjósa fyrir sig, heldur því, hvað eptirkomendurnir vildu kjósa fyrir sig, og þá er eg viss um, að þeir heldur kysu, að vèr tækjum betri kostum 10 árum seinna, en þessum kostum, er nú bjóðast, 10 árum fyrri.

Einnig hefir það verið sagt optar en einu sinni, að nefndin hefði eigi hugleitt, hverjar afleiðingar það hefði, ef ráðum hennar væri fylgt; en eg vil segja, að hún hafi gjört það að svo miklu leyti hún gat, en það er sjálfsagt, að hún getur ekki sèð svo fram í veginn, að hún geti sagt, að þær verði hinar beztu; en eg vil segja jafnt og hinir geta sagt, að afleiðingarnar af sínum tillögum yrðu þær beztu. Menn sjá nú vanalega skemmra fram í veginn en svo. Eg er sannfærður um, að það, sem nefndin hefir gjört og þingið af ræður, er ekki hending eða tilviljun, heldur er föst stjórnun hèr, sem annarstaðar, er ræður afleiðingunum.

Það hefir ýmislegt komið fram í ræðum þingmanna, sem á-

stæða væri fyrir mig að svara sèrstaklega, en eg vil ekki lengja þingræður með því, þær eru orðnar ærið-langar; eg skal að eins geta þess, að álit mitt hefir ekkert breytzt á málinu við þessar löngu umræður, sem komnar eru.

Daníel Torlacius: Þrátt fyrir sumar ræður þær, er hèr hafa fallið í salnum, er fara fram á, að frumvarp þetta um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, væri gott og ágætt, get eg samt ekki verið þeim háttvirtu herrum, hinum konungkjörnu þingmönnum og þeirra fèlögum, er hafa flutt ræður þessar, samdóma, en skoðun og sannfæring mín er sú, að landsrèttindi vor sèu byggð á sögulegum grundvelli. Þegar Íslendingar 1262 með frjálsum vilja gengu undir Noregskonung, áskildu þeir sèr fullt sjálfsforræði, og áttu eingöngu við konung, en voru ekki háðir hinni norsku þjóð, heldur var Ísland álitið frjálst sambandslands; þetta breyttist heldur ekki, þegar Noregur og Danmörk sameinuðust, og við þann atburð varð Ísland erfðaland Danakonungs, nè heldur 1662, þegar erfðahyllingin fram fór hèr; heldur ekki árið 1665, þegar konungalögin náðu hèr gildi, því þá áskildu Íslendingar sèr landsins lög og rètt, enda hèlzt og alþingi við. Eg get því ómögulega skilið, hvað þeir meina, er setja Ísland jafnfætis Jótlandi eða Borgundarhólmi. Eg fer ekki fleirum orðum um það; þeir vita muninn eins vel og eg, og þeir vita einnig, að Ísland hefir allt af haft sín sèrstaklegu landsrèttindi. Hin heiðraða nefnd hefir hjá mörgum þingmönnum, sèr í lagi konungkjörnum, fengið ákúrur fyrir aðgjörðir sínar, og fyrir það hún hafi verið hlutdræg; eg verð nú samt að hafa aðra skoðun, og álíta að hún eingöngu hafi farið eptir beztu sannfæringu, og móti því getur enginn haft; en önnur eins orð og þau, að nefndin hafi ekki byggt álit sitt á skynsamlegum rökum, og hafi ekki farið skynsamlega að ráði sínu, falla þeim til lasts, er sagt hafa, en ekki nefndinni. Það er nú ekki fallegt, að sjá slík orð í alþingistíðindunum og láta þau berast út um allt land, en þeir, sem lesa, munu sjá, af hvaða rökum þau eru sprottin. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður vildi hafa stjórnarfrumvarpið óbreytt eða að eins með orðabreytingum; en eg álít frumvarpið eins ósamboðið rèttindum vorum, þótt einhverjar orðabreytingar væru gjörðar; en eg kalla svo allar breytingar, er ekki mega raska grundvelli frumvarpsins, en þess þarf með, ef það á að verða oss að liði, og svo sáum vèr, hvað breytingar og loforð dugðu 1867. Með því að taka frumvarpið, gæfum við oss á vald ríkisþingsins, en eg mótmæli því í

nafni þjóðarinnar, sem alþingismaður, að hið danska ríkisþing hafi nokkurn rètt til að fjalla um mál vor. Það hefir verið sagt hèr í salnum, að sem minnst ætti að minnast á ríkisþing Dana, en eg fyrir mitt leyti þori þetta vel, og álít mig hafa allt eins mikla heimild til, að ræða um aðgjörðir ríkisþingsins, eins og það hefir til að ræða vor mál, sem því ekkert koma við, og fella þar mörg óvingjarnleg orð til okkar. Látum þá með valdi oktroyera upp á okkur lög; þau lög eiga sèr sjaldan langan aldur, sem eru gefin út án vilja þjóðarinnar. Þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gat þess, að Ungverjar 1848 mundu hafa þakkað fyrir, að fá önnur eins boð og vèr nú. Þá var þetta mjög heppilegt dæmi, því ef þeir þá hefðu gengið að slíkum boðum, þá væru þeir nú undirlægjur; í stað þess eru Ungverjar með úthaldi sínu og þreki orðnir frjáls þjóð, og dreg eg þá ályktun af þessu, að vèr Íslendingar einmitt með biðinni munum hreppa betri kjör. Hvað frumvarpið snertir, þá álít eg alþingi hafi eins vald til að segja álit sitt um það í heild sinni, eins og að ræða það grein fyrir grein. Að því er fjártillagið áhrærir, eða rèttarkröfur vorar, þá skal eg ekki fara mörgum orðum um það, en álit mitt er, að vèr eigum hjá Dönum mikið fè, og get eg ekki gengið að lægra föstu árgjaldi en 60,000 rd. Eg vona, að hið heiðraða þing hafi skilið, hver skoðun mín er á máli þessu.

Jón Hjaltalín: Eptir umræðum þeim, sem fram fóru á ríkisþinginu í vetur, þá er all-líklegt, að vèr Íslendingar, ef alþingi hefði gengið inn á stjórnarfrumvarpið 1867, hefðum fengið 60,000 rd. árlegt tillag, en sjálfsagt hefðum vèr fengið 37,500 rd. árlega; þar um er enginn efi; þessu getur framsögumaður ekki neitað. Eg gat þess þegar hèr á þingi 1867, að ábyrgðin, þessi grýla og goð þingsins, mundi verða sá ásteytingarsteinn, er hamlaði öllu góðu saamkomulagi, og þetta er nú fram komið, enda hefir nú þessi góði ásteytingarsteinn þegar skilið oss við 300,000 rd.; eg bið framsögumann bera móti því, ef hann getur; hann segir má ske, að þessu sè ekki svaravert, en þá er það af því, að hann getur engu svarað upp á það. Eg veit að honum er mest um ábyrgðina að gjöra; þar í á öll sælan að vera innifalin. Eg hef ekkert á móti því, að það kunni að vera mikið gott í hans augum, að ráðgjafinn hafi ábyrgð fyrir þinginu; en eg þekki þó land, þar sem ráðgjafarnir enga ábyrgð hafa frammi fyrir þinginu; þetta land er England; þar hafa ráðgjafarnir alls enga ábyrgð fyrir

»Parlamentinu«. Vesalings »Parlamentið« með sínum ábyrgðarlausu ráðgjöfum og ríku lorðum, sem sitja þar kauplaust, og þó stjórnar England 7. hluta alls mannkynsins, og enska stjórnarformið hefir þó allt af verið álitið fyrirmynd stjórnarforma annara landa. Ef vèr nú köstum frá oss frumvarpinu, þá getur það orðið til þess, að stjórnin oktroyeri, en hvað er unnið við það? hver verður ábátinn? enginn annar en sá, að vèr missum »Skattebevillingsret«, það mesta ágæti hverrar þjóðar; vèr höfum þá eigi í valdi voru sjálfir að geta stjórnað vorum eigin málum. Þegar vèr ekki sjálfir viljum eða treystumst til, að stjórna og ráða vorum eigin málum til lykta, þá get eg ekki betur sèð, en af því verði að leiða, að stjórnin og ríkisþingið verði að taka við innanlandsstjórninni, úr því vèr ekki viljum sjálfir taka við henni, og þannig koma til að leggja á oss skatta, o. s. frv.

Þetta yrði líklega afleiðingin af því, nú að hafna tilboðum þeim, sem stjórnarfrumvarpið býður oss. Eg hefi hugsað um þetta skattavald, og þennan reikning um innfærslu og útfærslu tolla hefi eg sett svo lágt, sem unnt er, og fèkk eg kennarann í reikningi hèr við skólann til að líta yfir hann, svo hann væri áreiðanlegur; upphæðin varð 100,000 rd., og skal eg eigi ganga nákvæmar gegnum þennan reikning, en eg vil spyrja þingmanninn: er það þetta, sem hann ætlaði að kasta? er það þetta, sem hann álítur einskis virði? en sem allar þjóðir ávallt hafa álitið mjög mikils virði, og án hvers engin þjóð enn þá nokkurstaðar í heimi hefir náð neinum framförum, því tollar eru alveg nauðsynlegir til þess, að eigi fari megnið af öllum þess vörum fyrir óþarfa og glingur. Framsögumaður hefir ekki hugsað um eða gætt að, hvernig fara muni, ef nefndarálitið væri tekið, eins og það liggur fyrir; eg vil biðja hann að hafa það hugfast, að gæta að, hvað hann gjörir, þegar að ræða er, eins og hèr stendur á, um velferð landsins. Eg veit og eigi, hvort svo mikið er undir því komið, hvaða álit landar vorir utanþings hafa á oss, en meira er komið undir hinu, að við tökum rètta stefnu í grundvallaratriðum þessa máls; fari svo, að nefndin verði ofan á, og aðgjörðir hennar yrðu til skaða, ætli þeir fái þá eins mikið þakklæti, eins og þeir búast við? Vèr verðum að gæta að því, að allt er breytingum undirorpið; tímarnir breytast, og meiningar manna breytast; það sem í ár er álitið rètt, það verður má ske eigi álitið rètt næsta ár. Eg álít það ógjörning, að taka málið, eins og nefndin hefir gjört; ástæðurnar, sem móti

henni hafa verið færðar, eru enn þá óhraktar af framsögumanni; orð hans hafa verið hljómur einn. Eg gef ekkert fyrir pappírsrèttindi, ekkert, segi eg, nema þau sèu fengin hjá þeim, sem valdið hafa. Hèr er allt af verið að tala um ábyrgð; framsögumaður sagði, að það væri hjartað úr málinu, að við fengjum ábyrgð; eg verð sannarlega að aumka England; enga ábyrgð hefir það, ministrarnir ensku eru ábyrgðarlausir. Já! aumingja-parlamentið, það er þá hjartalaust. Vèr sitjum hèr og eyðum peningum; það er því bein skylda vor, að hugsa um, að vinna landinu í hag, en ætlum oss þá ekki að hlaupa svona allt í einu fram úr Englendingum; öðru máli er að gegna með þetta í Englandi, parlamentið saman stendur af mestu auðmönnum landsins, og það er svo langt frá, að þeir fái, eins og við, laun fyrir starfa sinn, að þeir jafnvel gefa stórfè til þess, að komast inn í parlamentið, væri svo ástatt fyrir okkur, þá kynnu menn að halda fast fram meiningum sínum. Ef vèr erum í efa um, hvað vèr eigum að gjöra, þá eigum vèr að gæta að ástæðunum, gæta að, eins og eg áður hefi tekið fram, hvernig ástand vort er nú; það er með öllu óþolandi, og það er sannarlega engin bót í því, að vilja halda því í sama horfinu ein 10—20 ár enn þá. Þingmanni Snæfellsnessýslu þótti góð biðin; á því get eg alls eigi verið, nema svo væri, að frestur sè á illu beztur, en það er engan veginn mín meining. Eg get eigi verið á sama máli og nefndin, og þeir sem segja, að engu megi breyta, þótt eigi megi hagga grundvelli frumvarpsins. Frumvarpið hefir galla, en vèr verðum að gæta að því, að vèr höfum ástæðu til að halda, að oss sè unnt að gjöra þær breytingar við það, sem stjórnin geti gengið að; en hitt álít eg öldungis óforsvaranlegt, að vèr köstum því; eg get eigi álitið, að svo mikil áherzla sè leggjandi á þessa ábyrgð, þessa margumtöluðu ábyrgð. Eg hefi tekið það fram, að Englendingar hafa alls enga ábyrgð, og eg held þó, að við mættum þakka fyrir, ef við nokkurn tima kæmumst þangað með tærnar, sem þeir hafa hælana. Þingmaður Norður-Þingeyinga sagði, að nefndin hefði farið eptir sannfæringu sinni, en eg vil biðja hann um ástæðu fyrir þessari sannfæringu; hann ætti vel að yfirvega rökin fyrir henni, og gæta vel að því, hvort hún geti ei orðið til skaða, ef henni er fylgt of fast fram. Það á ei við, að hnýta í ríkisdaginn; hann á það eigi skilið og hefir ekkert illt sýnt; því þó hnútur hafi komið til vor frá einstöku mönnum, þá hafa þó hinir verið langtum fleiri, sem töluðu

fagurlega máli voru, og þeim mönnum megum vèr ei hrinda frá oss, nè álíta þá, sem eptir þá komi, verri; þessu ber oss og eigi að vantreysta; það er sameiginleg ósk allra, að vèr fáum jafnan rètt með Dönum og sömu kjör sem þeir. Konungsfulltrúi hefir getið þess, að ef vèr viljum komast áfram, þá verðum vèr að leggja á oss. Nefndin hefir gjört yfirlit yfir, hvað mikið við þurfum, og hún hefir sannarlega ekki tekið of djúpt í árinni. Eptir þeirra reikningi urðu útgjöldin 125,000 rd.; hèr er má ske of lítið til ætlað, og mörgu sleppt; þegar við nú hefðum fengið frelsi, þá er eg viss um, að ef vèr bentum Dönum á ástand vort og segðum: vèr höfum nú fengið frelsi, en vèr erum veslingar, sem þurfum hjálpar með; hjálpið oss nú áfram, gjörið það vegna yðar eigin sóma, að þeir mundu segja: jú; þegar vèr sjáum, að þið viljið áfram, þá skulum við hjálpa yður; þannig eigum við að tala við ríkisþingið. Þetta leiðir mig til þess, að tala um frumvarpið. Þegar eg skoða málið frá hinni verulegu hlið, þá veit eg það fyrir víst, að nefndin vill jafnvel eins og eg, og að vèr allir viljum vinna að því, að málið fái sem bezt úrslit. Um breytingar við frumvarpið ætla eg að bera mig saman við þingmann Vestmanneyinga og aðra þingmenn, sem fara í líka stefnu. Þingmaður Suður-Þingeyinga sagði, með stillingu og rósemi, eins og hann er vanur, viðvíkjandi 2. gr.: «er það ekki ábyrgðarhluti að fá einum manni þetta í hendur? megum vèr eigi vera hræddir um, að hann misbrúki það»? Það virðist mèr ekki, en hitt finn eg, að það er of mikil byrði til að leggja hana á eins manns herðar. Vèr þekkjum að vísu allir þann mann, er nú stendur því næstur, og vitum, að hann er duglegur vinnumaður; það er stiptamtmaður Finsen; en það er ei sagt vèr höldum honum allt af; hann er heldur eigi ódauðlegur heldur en við hinir; það er ekki neitt lítið verk, að taka land vort, sem heita má eins og eyði-jörð, og koma því áfram, þessu landi, sem liggur svona svo að kalla í flagi, hefir enga «Industri» eða nokkuð það, er til framfara heyrir, og það er varla líklegt, að það sè hægt fyrir einn mann. Eg vil því bera upp það breytingaratkvæði, að hann fengi tvo meðstjórnara, og ættu þeir að vera líkt og sekriterar nú eru í Canada og Ástralíu; þeir skulu standa lægra en landstjórinn, og hafa minni laun en hann; þessir menn ættu enn fremur að vera Íslendingar; en það getur nú verið, að stjórnin vilji ekki ganga inn á þetta, og þinginu einnig þyki það ískyggilegt vegna kostnaðarins, en þetta

er þó mjög líkt og áður var, þegar hèr voru hirðstjórar, og höfðu þeir þó ei nærri allt það á hendi, sem nú er; þá voru lögmenn og svo alþingi. Eg tek nú þar til, þegar við förum að búast við framförum, þá er það fyrst, að við höfum enga Industrie, og þarf mikla fyrirhöfn til að koma henni á. Jarðrækt vor er í mjög bágu standi, og þarf mikilla umbóta við; tollar þurfa að leggjast á, því án þeirra eru engar framfarir mögulegar; fjárrækt og húsabyggingar þurfa mikillar lagfæringar; þetta og yfir höfuð öll umsjón verður næsta umsvifamikil, svo eg get ei skilið, hvernig einn maður fái unnið að því, þó góður sè. Eg tek ei fram allar ástæður, sem þessu geta verið til styrkingar, en vona, að þessar sèu nógar. Þó stjórnin nú eigi fallist á þetta, þá er það einungis ómakið, að búa það til, því eg ætla eigi að gjöra það að skilyrði, og eg álít, að taka ætti fram í álitsskjalinu, hversu nauðsynlegt þetta er. Hvað fjártillagið snertir, sè eg eigi neitt á móti því, að við biðjum aptur um hina sömu upphæð, því það er hægt að sýna Dönum, að við þurfum þess við; eg get sýnt nú, að það er sanngirni fyrir því; hvað höfum vèr eigi liðið og hvað liðum við eigi? eg vil taka til dæmis fiskiveiðarnar og meira; við höfum á seinasta 10 ára bili eða 20 ára tíma árlega misst 2000 skpd. af saltfiski og 500 af harðfiski. Þingið á að taka það fram í álitsskjalinu: »þetta líðum við; þið verðið því að hjálpa okkur», og þetta eiga að vera ástæður þess. Eg ímynda mèr, að konungur muni veita 37,500 fast tillag, og auk þess 22,500 að minnsta kosti um 20 ár, því miklum framförum mun varla verða að búast við að vèr tökum á styttri tíma. Ef þetta væri þannig borið fram, þá verð eg að sjá það svart á hvítu, áður en eg trúi því, að ríkisþingið gangi eigi að því. Eg vil því að við, sem hèr erum í minni hluta, sameinum oss eins og í nýja nefnd, og gjörum það bezta, sem í voru valdi stendur, bæði við stjórnina og landið, og reyna til sem mest að nálgast stjórnarfrumvarpið; mál þetta þarf að skýra bæði fyrir Íslendingum og Dönum, og sè það gjört vinsamlega, vel og í tiltrúarfullum anda, hvað mun þá ríkisþingið gjöra? mèr er enginn vafi á því, að það muni hafa góðar afleiðingar, hvað sem aðrir þingmenn svo halda. Þetta eru nú þær hugleiðingar, sem eg vildi taka fram; frá öðrum þingmönnum eins og þingmanni Rangvellinga og hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni hafa komið ýmsar athugasemdir, sem eg í ýmsu felli mig vel við; þingmaður Árnesinga vill fara í sömu stefnu; hann nefndi mig í gær og

30,000, en eg skildi hann eigi. Eg ætla nú eigi að tala frekar í þessu máli; eg vænti þess eigi, að eg hafi sannfært nokkurn með ræðu minni, heldur hefi eg einungis tekið fram mína meiningu, og það má ske sumstaðar nokkuð biturt, en sè svo, þá bið eg fyrirgefningar á því. Það er eigi til neins fyrir framsögumann nè heldur þingmann Barðstrendinga að vera að stinga mèr sneið, eða fara í hnútukast við mig, því eg mun eigi senda þeim hnútur þeirra aptur. Eg ætla að stóla upp á það, að eg sè svo vel brynjaður, að þær eigi bíti á mig.

Guðmundur Einarsson: Síðan eg bað mèr hljóðs, hafa margir talað og tekið það fram, sem eg ætlaði að segja, og margt hvað miklu betur, en eg hefði getað gjört, og sleppi eg því að fjölyrða um það. En vegna þess eg er einn af nefndarmönnum, fæ eg eigi varizt því, að láta í ljósi óánægju mína yfir því álasi, sem nefndin hefir fengið, og meðal annars yfir þeim ummælum, sem særðu mig mjög, þegar hinn hæstvirti konungsfulltrúi í fyrstu ræðu sinni í þessu máli tók það fram, «að skynsemi gæddar skepnur hefðu ábyrgð á gjörðum sínum, en skynlausar skepnur eigi», því auðsætt var, hvert þetta stefndi, eptir því sambandi, sem hann sagði það í. Hinir háttvirtu þingmenn, hinn 3. og 4. konungkjörni, hafa verið að bera saman ástandið, sem nú er, og það, sem við ættum í vændum, þegar frumvörpin væru komin á. Ástandið, sem nú er, þekkja allir, og nefndinni var það einnig ljóst. Eg vil biðja hið heiðraða þing, að misvirða eigi, þótt eg skýri málið með bóndalegri skoðun, sem ekki á að því leyti illa við, þar eg er búandi ofan úr sveit. Þegar lagafrumvörpin fengju lagagildi og Íslendingar það sjálfsforræði, sem þar er farið fram á, þá virðist mèr það vera, eins og þegar fátækur frumbýlingur ætlar að fara að reisa bú. Hið fyrsta skilyrði, er hann þarf að hafa, er að hann sè hæfur til bústjórnar, hið annað er, að útsjón sè til þess, að ekki verði tekið fram fyrir hendurnar á honum, heldur að hann hafi fullt frelsi til að gjöra það, er hann álítur haganlegast. Hið þriðja, er hann þarf að hafa, er tilhlýðilegur sparnaður og að hann kunni að verja efnum sínum skynsamlega. Hið fjórða er dugnaður; hann verður að vinna af allri orku, og eigi láta leti og ómennsku tálma framförum sínum. Í fimmta lagi þarf hann að hafa nokkur efni í höndunum, til að byrja búskapinn með. Nú vil eg gjöra ráð fyrir, að frumbýlingur þessi sè vinnumaður hjá bónda einum á höfuðbóli, og bóndi þessi ætti útbú annarstaðar;

nú segði bóndi þessi við vinnumanninn: «Útbúið mitt er í mesta eymdarástandi, bæði mèr til tjóns og því til niðurdreps; farðu nú þangað og taktu að þèr umsjón þess». Þá mun hinn spyrja, sè hann nokkuð að manni: «Með hvaða kostum er það». Húsbóndi mun svara: «Eg er húsbóndi eptir sem áður, það er sjálfsagt. Aðalráðsmaður minn hèrna er einnig aðalráðsmaður minn þar, og honum verður þú að hlýða». «Það er nú mátulega gott, og getur orðið mèr að miklum hnekki, ef hann grípur opt og óþægilega inn í framkvæmdir mínar; það geta líka orðið mörg ráðgjafaskiptin, og misjafnir sauðir í mörgu fè». «Hjúin mín hafa einnig vald yfir þèr, og útbúinu jafnframt; þau eiga fundi með sèr, og hafa vakandi auga á stefnu þinni og störfum, og hvort þú og heimili þitt eigi grípir inn í rètt höfuðbólsins». «Þetta verður mèr hrein frágangssök», segir vinnumaður. «En að því slepptu, hvernig er þá efnahagnum varið og ástandi búsins»? spyr eg. «Við búinu tekur þú í því ástandi, sem nú er. Ráðsmaður minn skýrði frá því í vetur, sem var, að búið þyrfti 50 rd. hèrna heiman að, til þess að geta staðizt, og þessa 50 rd. ætla eg að láta þig fá fyrst í 10 ár, og svo fer það minnkandi ofan í 30». «Með þessu get eg ekki byrjað»; segir vinnumaður; «en, hvernig eru samt þessir peningar greiddir?» «Hjúin mín ákveða þèr þá á hverju ári». «Fæ eg það ekki brèflegt?» «Nei, þú mátt trúa þeim til þess». «Nú lízt mèr ekki á blikuna»; segir vinnumaður; «hjúin breytast, búhagur minn vesnar, óhöpp kunna að koma fyrir, og margt getur falizt undir fortjaldi hins ókomna tíma. Þetta verður mèr önnur frágangssök. Þó vil eg fara og skoða kot þetta, sem búskapurinn á að byrja á». Þegar nú vinnumaðurinn kemur þangað, sannfærist hann um, að það er rètt, sem húsbóndinn sagði, að það, sem kotið gefur af sèr með tillaginu frá höfuðbólinu, er naumast til hnífs og skeiðar; enginn skildingur er til þess, að kippa neinu í lag. Nú kallar hann heimilisfólkið saman, og segir við það: «Við eigum að fara að eiga með okkur sjálf; við höfum ekki að kalla neitt til neins; hvað viljið þið nú leggja á ykkur? viljið þið nú umsjónarmennirnir leggja meira á ykkur og vinna miklu meira, en þið hafið unnið, og láta ykkur þó nægja minni laun. Viljið þið vinnuhjúin leggja fram alla ykkar krapta og taka bitann frá munninum á sjálfum yður og skyrtuna af kroppnum, til þess að koma einhverri umbót á? viljið þið, próventufólkið, sem eruð á frískum fótum, vinna dálítið og ekki vera eins heimtufrek og þið eruð,

enda þótt þið hafið heimting á, að hvíla ykkar lúin bein á lárberjabeði þeim, sem ykkur hefir verið reiddur. Viljið þið öll, frá hinum æðsta umsjónarmanni til fjósadrengsins, leggjast á eitt, að bjarga okkur, vinna og spara eptir því, sem ástand búsins krefur? Segi nú allt heimilið já, þá fer eg að hugsa mig um, hvort það sè ekki tiltökumál að byrja hokrið, hvað óaðgengileg, sem boð húsbóndans eru. En hafi nú fólkið alls konar vífilengjur og undanfærslur, yfirmennirnir aki sèr og þykist einskis mega í missa og ekkert frekara á sig leggja, og undirfólkið þykist engu geta skotið til, þá álít eg ekki tiltökumál, að hugsa til búskaparins, og fer heim til húsbóndans og afsaka mig öldungis. Vilji hann reka mig nauðugan viljugan til þess, að fara að eiga með mig sjálfan, þá verður ábyrgðin öll á hans hlið, og það því meiri, hafi nú fólkið hans, sem hann hefir fengið fjárvald sitt í hendur, hvergi nærri gjört mig eins úr garði og eg þóttist hafa rètt til, nè heldur kannast við rètt minn, og eg þykist sjá á öllu, að stefnan sè sú, að eg eigi að vera hrein og bein undirlægja þess». Þegar eg nú heimfæri þetta upp á ástand það, sem hèr liggur fyrir, þá þykir mèr frágangssök, að taka því sjálfsforræði, sem nú býðst, fyrir þá skuld í fyrsta lagi, að ríkisþing Dana getur gripið hve nær það vill inn í aðalmál vor; í annan máta fyrir þá skuld, að fjártillag það, sem það býður, er allt of lítið eptir þörfum vorum og rèttindum; og í þriðja lagi af því, að við erum gjörðir alveg ómyndugir þurfalingar Dana, því það get eg með engu móti viðurkennt. En frá Íslands hálfu óttast eg og þykist sjá fram á, enda af umræðum þeim og málefnum, sem fram hafa komið á þessu þingi, að Íslendingar hvorki þykist geta nè vilji leggja það á sig, sem útheimtist til þess, að nokkur útsjón verði til þess, að búhokur Íslands blessist. Eg þykist sannfærður um, að alþingi kemst í dauðans-vandræði með efnahag landsins og fè til útgjalda, þegar það á að fara að bera útgjöld sín, og þá er mèr engan veginn grunlaust um, að embættismenn landsins verði eigi fremur en aðrir fúsir á, að laun sín sèu lækkuð, og þó embættisstörfum á þá bætt, og fyrst þingið núna í einu máli viðvíkjandi gjöldum og álögum er svo tvískipt, þá er eg hræddur um, að líkt mundi sýna sig síðar og í fleiru. Hinn 3. konungkjörni þingmaður vakti máls á því, hve miklu við hefðum rètt sem fleygt frá oss með því að taka eigi stjórnarfrumvarpinu 1867, því þá mundi það nú vera orðin lög; en eg er öldungis eigi sannfærður um þetta, og þegar kon-

ungurinn að eins eigi hefir viljað lýsa misþóknun sinni á því, að fulltrúi hans veitti alþingi samþykktaratkvæði, þá sè eg enga ástæðu til að vænta, að konungur mundi hafa samþykkt allt annað. Tímarnir breytast; það er satt, og sú lýsing, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður gjörði á ástandinu, sem núna er, hún er að mörgu leyti sönn, einungis að hann hefði getað haldið sèr með rósemi við efnið íslettulaust, en þegar eg lít á tímann frá 1849 og þangað til nú, þá er það þó meining mín, að okkur hafi þokað heldur fram á við, þrátt fyrir hið bága árferði, sem verið hefir, og eins og vèr höfum verið þessi 20 árin í eyðimörkinni, þannig getum vèr verið önnur 20 árin til, og þó að lokum komizt farsællega yfir Jórdan, og í þeirri von og trú vil eg heldur bíða, en ganga nú óskorðað að þeim kjörum, sem eru engu betri, ef ekki miklu lakari, en lítilmótlegir hjáleigubændur hafa hèr á landi, og þykir þeim sjaldnast viðreisnarvon. Áður en eg sezt niður, vildi eg svara þingmanni Vestmanneyinga nokkrum orðum upp á það, sem hann fann að niðurlagsatriðum nefndarálitsins. Mèr kemur til hugar sagan, sem sögð er um Staðarhóls-Pál, er hann stóð fyrir konungi sínum á öðru hnènu og öðrum fætinum, og sagðist lúta náðinni, en standa þó á rèttinum. Eg lýt í auðmýkt allraþegnsamlegast hans hátign, já, gæti varpað mèr í duptið fyrir honum, en gagnvart ríkisþingi Dana vil eg sem Íslendingur á alþingi Íslendinga standa beinum fæti, en það er einmitt ríkisþing Dana, sem hefir átt svo mikinn þátt í, að stjórnarfrumvörpin í þessum allsherjarmálum eru eins úr garði gjörð,. og þau nú koma fyrir sjónir, og þeirri aðferð mótmælum vèr. Þingmaðurinn sagði, að ósamkvæmni væri milli niðurlagsatriða nefndarálitsins og frumvarpsins, en eg vil benda honum á, að það er hreinn misskilningur hjá honum. Niðurlagsatriði hvers nefndarálits eiga að vera í samhljóðun við forsendur þess, en þurfa engan veginn að vera í samhljóðun við það frumvarp, sem nefndarálitið er um. Þess vegna er nefndin í sínum góða rètti, þó að hún mótmæli stjórnarfrumvarpinu í heild sinni, en taki allt fyrir það fram 60,000 dala kröfuna. Að lyktum vil eg taka það fram, að þyki orðið «mótmæla» of hart, þá er eg fús á að breyta því, og áskil eg mèr rètt til að bera það undir nefndina.

Pètur Pètursson: Hinn heiðraði framsögumaður sagði, að það væri »parlamentarisk« fávizka að segja, að nefndin hefði ráðið frá, að tala um einstakar greinir frumvarpsins, þótt hún hefði

ráðið frá að ræða þær, og mun þetta hafa átt að líta til þess, sem eg áður hefi um það sagt. Þó að langt sè orðið síðan eg sat á skólabekkjunum, skal mèr eigi þykja minnkun að, að játa, að eg er, ef til vill, eigi kunnugur þessum parlamentarisku orðum framsögumannsins, en eg þekki eigi aðra þýðingu í orðinu »ræða«, en að tala um eða á dönsku »discutere«, og fæ eigi sèð, að það einnig innibindi atkvæðagreiðsluna um frumvarpið. Í þeirri von, að þingið fyrirgefi mèr þessar persónulegu athugasemdir, ætla eg einnig að gjöra aðra athugasemd um sjálfan mig. Eg mun ekki hafa verið kallaður frjálslyndur maður, og þó eg þykist hafa verið það í einstöku málum, að minnsta kosti í einu, sem eg verð að álíta velferðarmál landsins, hlýt eg þó að viðurkenna, að þetta er að nokkru leyti satt; ekki í þeim skilningi, að eg unni ekki fósturjörðu minni alls hins bezta, nè heldur af því að eg sjái ekki þá heill, sem þjóðfrelsið getur haft í för með sèr, þegar menn eru færir um að bera það, heldur af því, að eg hefi haft beig af öllum stórkostlegum breytingum hèr á landi, einnig í stjórnarlegu tilliti, vegna þess að eg hefi sèð, að flest ný fyrirtæki hèr hafa misheppnazt af efna- og kunnáttuleysi. Þennan kvíðboga minn hefi eg optar en einu sinni látið í ljósi á undanförnum þingum; en bætt því við, að úr því bæði stjórn, þjóð og þing óskaði þess, að vèr fengjum sjálfsforræði, og að fjárhagur Danmerkur og Íslands yrði aðskilinn, þá hlyti eg sem hver einstakur maður að beygja mig fyrir hinum almenna vilja. En nú er svo komið, að vèr hljótum að komast úr því ástandi, sem vèr erum í; það er orðið ómögulegt, að það geti staðizt. Lýsing sú, er þingmaður Árnesinga gaf á ástandinu, voru engar ýkjur, heldur var það sönn lýsing, og þótt eg eigi álíti, að stjórnarfyrirkomulaginu sè einu um það kenna, þá er þó víst, að það á mikinn þátt í því. Að vísu sè eg fram á, að komist stjórnarbótin á, muni embættismenn þeir, er nú fá laun sín úr ríkissjóði, verða hinir einu, sem ekki hafa persónulegan hag á skiptunum; en eg álít, að þeirra hagur eigi að sitja á hakanum, ef hann er almenningsheill til fyrirstöðu. Eins og hið heiðraða þing sèr, tala eg hèr um hina praktisku hlið málsins, og hún á að mínu áliti að ráða úrslitunum hèr á þinginu, því eins og hinn 4. konungkjörni þingmaður sýndi með ljósum orðum, fyrnist eigi fyrir það sá rèttur, sem vèr kunnum að hafa, þótt menn þiggi nú stjórnarbót, sem eigi þyki að öllu leyti fullnægja honum; hitt getur komið seinna. Þegar stjórnarbót þessi einu sinni er komin á,

þá getur þjóðin framfylgt henni betur og betur; þá koma dagar og þá koma ráð. Þetta er eigi svo að skilja, sem eg hafi nokkuð á móti því, að réttarhlið málsins komi til umræðu hèr á þinginu, þvert á móti held eg það sè gagnlegt, að málið sè skoðað frá öllum hliðum, og eg vil alls ekki álasa nefndinni fyrir, að hún hafi tekið skýrt fram þessa hlið málsins, þótt mèr þyki hún hafa gjört það mjög einstrengingslega; en fyrir hitt verð eg að álasa nefndinni, að hún hefir lagt alla áherzlu á réttarhliðina, en gleymt hinni praktisku hlið málsins, sem þó ríður mest á; en enn þá er vegur opinn fyrir nefndina, ef hún eigi vill gjöra þetta velferðarmál landsins að kappsmáli og eintómu orðastríði, og hann er, að snúa athygli sinu að starfahlið þess, til að koma sèr saman við aðra, og beina málinu í rètt horf. Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga, sem er svo skarpur í hugsunum sínum, hefir um stund verið að grafa fyrir grundvelli, til hinnar fyrirhuguðu stjórnarbótarbyggingar, af því honum þótti hvorki grundvöllur nefndarinnar nè stjórnarfrumvarpsins alveg rèttur. Hafi eg skilið hann rètt, þá verð eg að játa, að mèr finnst grundvallarhugsun hans alveg rètt, og að minnsta kosti hefir hann með fullum rökum sýnt þá logisku nauðsyn, sem á því er, að ríkisþing Dana verður að fá í hendur stjórnarskrá Íslands til skoðunar (Underretning), en eigi til breytinga. En á hinn bóginn held eg ekki, að það sè svo mikill munur á grundvelli stjórnarfrumvarpsins og þeim, sem þessi þingmaður vill leggja, heldur kemur sá munur, sem sýnist vera milli þeirra, að minni ætlun til af því, að stjórnarfrumvarpið er ekki alveg sjálfu sèr samkvæmt í því, sem það byggir ofan á grundvöllinn, einkum að því, er snertir ábyrgðina í 2. grein. Þetta virtist mèr líka að hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafi viðurkennt, en hann bætti því við, að stjórnin hefði ekki fundið annan betri veg. Stjórnin hefir því þar valið þann einasta praktiska veg, sem hún í því efni gat fundið. Takist nú þingmanni Árnesinga að finna jafnpraktiskan veg í ábyrgðarspurningunni, sem sè meir samhljóða grundallarhugsuninni, skal eg verða manna fúsastur til að fylgja honum. En bæði þykir mèr tvísýnt, að þessu verði við komið, og svo sè eg alls enga hættu búna í, að aðhyllast ákvörðun stjórnarfrumvarpsins um ábyrgðina, eins og mèr síðar kann að gefast færi á að sýna, áður en málinu er ráðið til lykta.

Að því er snertir 4. gr. frumvarpsins um árgjaldsupphæðina, þá vil eg skýrskota til þess, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði. Eg skal játa, að mèr þykir árstillagið of lítið,

og vildi eg því, að í álitsskjalinu til konungs væri bent á þá upphæð, sem alþingi fór fram á 1867, án þess þó að gjöra þetta að beinlínis skilyrði. Eg ætla mèr ekki að fara að elta hinar einstöku mótbárur, sem komið hafa gegn frumvarpinu, því það er að mínu áliti nógsamlega búið að svara þeim. Eg játa það, að það þarf þor, þrek og áræði til þess, að taka við sjálfsforræði og fjárforræðum, einkum fyrir þá, sem svo lengi hafa verið öðrum háðir eins og vèr. Nú sem stendur höfum vèr ekkert fè, en verðum allt að sækja til ríkisþings Dana. Enginn getur neitað, að oss er mikið boðið; ef vèr nú þorum að stíga hið fyrsta stig, þá held eg, að hagur vor mundi batna, því menn hafa þau dæmi svo ljós fyrir sèr, að öllum þjóðum, er þær hafa við sjálfsforræði tekið, hefir aukizt nýtt þor og þrek, kraptur og fjör til framfara. Öldungis eins vona eg að drottinn blessi þetta hjá oss, sem öðrum, ef vèr að eins þorum að stíga þetta fyrsta framfarastig.

Halldór Jónsson: Af því eg var svo óheppinn, að vera einn af þeim 4 prestum, sem komust í nefnd þessa, sem svo miklir góðir sameinaðir kraptar hafa gjört sèr far um að áfella, já, jafnvel að sverta og gjöra hlægilega, þá er það líklega viðkunnanlegra, að eg tali nokkur orð í málinu, þó eg ekki þurfi að fara út í hin einstöku atriði þess, þar sem hinn háttvirti framsögumaður og fleiri af mínum háttvirtu meðnefndarmönnum hafa haldið svo góðri vörn uppi fyrir nefndina, og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga einnig hefir, einkum í einu mikilvægu atriði, ágætlega haldið skildi fyrir hana — er eg sem nefndarmaður kann honum þakkir fyrir — þar sem hann nefnilega hefir leitt ljós rök að því, að niðurstaða sú, sem nefndin komst að, sè í raun og veru stjórninni að kenna, þar sem bæði stjórnin og nefndin hafi byggt á sama grundvelli, sem ekki sè rèttur; nefndin gjörði það reyndar nauðug, af því hún treystist ekki, gagnvart skýrum orðum stjórnarinnar, að byggja á þeim grundvelli, sem hún þó lýsti yfir að hún áliti að vera þann rètta. Eg minntist á þá 4 presta í nefndinni út af því, sem hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga sagði í gær, að á ókomna tímanum mundi sögulegt verða, að 4 prestar hefðu verið kosnir í þá nefnd, sem haft hefði hin mest umvarðandi mál til meðferðar, en enginn af þeim lögfróðu mönnum, sem verið höfðu á þinginu. Já, eg er honum samdóma um það, að um þetta verði talað, en þá mun líklega og verða spurt: hvers vegna? Hvernig svarið *muni* hljóða, um það getur hvorugur okkar neinu spáð. Að því er nú

áhrærir það ámæli, sem nefndin hefir orðið fyrir, þá skal eg fyrir mitt leyti unna þeim háttvirtu mönnum, sem nefndinni hafa ámælt, þeirrar ánægju og lofdýrðar, sem þeir hafa aflað sèr með þessu. Ekki dettur mèr heldur í hug, að hneykslast á því, þó sveigt hafi verið að því, að nefndarálitið lýsti skorti á lagaviti og stjórnfræði; einmitt af því hún var ekki skipuð þess konar mönnum, gat hún vænt sèr vægra dóma, en þó henni ekki hafi nú orðið hettan úr því klæðinu, tek eg fyrir mitt leyti mèr það ekki nærri. En þegar eg beinlínis eða óbeinlínis er grunaður um góðan tilgang, — um samvizkusemi, — þá er komið við hjartað í mèr, því samvizka mín er mèr eins helg og ókreinkjanleg eins og hverjum öðrum. Mèr þykir það því harður dómur, ef nefndinni eru gjörðar gersakir fyrir, að hún, án þess að gegn um ganga hinar einstöku greinir frumvarpsins, og gjöra sèr sem skýrasta grein fyrir kostum þess og ókostum, hefði ráðið þinginu frá, að ræða — sjálfsagt undir atkvæðagreiðslu, eins og hinn háttvirti framsögumaður tók fram — hinar einstöku greinir frumvarpsins. Hver einstakur þingmaður hefir og haft frumvarpið, og þá sannarlega einnig köllun og tækifæri til, að hugleiða það, og gjöra sèr grein fyrir kostum þess og ókostum. Þegar nú nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að meðferð málsins frá stjórnarinnar og ríkisdagsins hálfu sè að nefndarinnar áliti öfug, og halli rèttindum Íslendinga, og innihald þess sè svoleiðis, að verulegar og mikilvægar breytingar sèu nauðsynlegar, til þess það verði aðgengilegt, en les í ástæðunum, að það sè árangurslaust, að fara fram á þessar breytingar — þær verði ekki teknar til greina — þingið hafi ekkert samþykktaratkvæði — staða Íslands í ríkinu sè ákveðin með lögum, án þess þó þessi lög sèu tilgreind — og fyrir rás viðburðanna, án þess þó þessi rás viðburðanna sè rakin af stjórninni (einungis nefndin hefir reynt að rekja hana) — þegar þessu er þannig varið, held eg nefndinni verði ekki með rèttu ámælt, fyrir þá niðurstöðu, sem hún hefir komizt að, og er leidd að af sjálfri stjórninni, eins og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga hefir tekið fram. Eptir orðum sjálfrar stjórnarinnar, sem maður þó líklega verður að trúa, virtist nefndinni hèr ekki vera nema um tvennt að velja, annaðhvort að segja já eða nei, — taka frumvarpið eins og það er, eða hafna því, og eg ætla það sè heppilegra og rèttara, að hafna því í heild sinni sem sèrstöku frumvarpi, því ef þingið kæmist að þeirri niðurstöðu, sem nefndin ekki þorði að ráða til, að

aðhyllast frumvarpið til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni með nauðsynlegri aukningu og breytingum, þá lægi engin mótsögn í því, þó þær greinir, sem við eiga, væru teknar úr þessu frumvarpi og settar í hitt. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir alvarlega minnt nefndina og þingið á þá ábyrgð, sem það bakaði sèr með því, að hafna frumvarpinu. Þessarar áminningar þurfti eg ekki við og víst enginn þingmanna. Eg hefi ekki síður á þingi en endranær fundið til ábyrgðar köllunar minnar, og þó hefi eg allrahelzt fundið það í þessu máli. Það er víst ekki gleðilegt, heldur sannkallað neyðarúrræði, að vísa þessu frumvarpi frá, og þannig að minnsta kosti fresta úrslitum svo mikilsvarðandi máls; en þó þetta sè ábyrgðarmikið fyrir þingmenn, held eg þó, að hitt sè ekki ábyrgðarminna, að ganga að frumvarpinu, eins og það er. Mèr nægir ekki að hugsa og segja: «gef frið um vora daga»; heldur álít eg, að ekki síður beri að líta til ókominna tíma; það árlega tillag úr ríkissjóði, sem oss nú er boðið, er ekki svo óálitlegt til að geta bjargazt hin næstu ár, og það þó því að eins, að allt standi nærri því í stað; en hvernig verða eptirkomendur vorir farnir eptir 30 ár? Ver, en vèr nú, eptir ástandinu, sem nú er. Það hefir verið talað um bænarskrárnar frá landsmönnum, en auk þess að rödd þeirra hljómar í bænarskránum fyrir eyrum þingmanna, er það einnig önnur rödd enn sterkari, sem hljómar fyrir eyrum mèr, og eg held sèrhvers þingmanns; það er rödd fósturjarðarinnar, vorrar sameiginlegu móður — hún hljómar áminnandi og aðvarandi til vor sona hennar, að vèr reynumst góðir og trúir synir, og hugsum ekki einungis um sjálfa oss, heldur einnig um syni hennar og dætur á ókomnum tíma, á fjarlægum öldum; og vík eg hèr að fjárhagsatriðinu.

Það er að vísu sorglegt og í rauninni neyðarúrræði, eins og hinn háttvirti þingmaður Árnesinga tók fram, að verða að setja þetta atriði í samband við stjórnarskipunarmálið, en neyð er enginn kaupmaður, og bæði rèttur sá, sem vèr þykjumst eiga, til fjár hjá Dönum, og hið bágborna ástand, sem landið nú er í, gjörir þetta óumflýjanlegt. Eg veit ekki, hvort mèr getur vel skilizt það, sem hinn háttvirti þingmaður Árnesinga sagði, og mèr einnig hefir skilizt hinn hæstvirti konungsfulltrúi segja, að fjárhagsmálið væri þessu máli alveg óviðkomandi. Ákvörðun um árlegt tillag er þó tekin upp í 4. grein frumvarpsins. Mèr getur nú skilizt það, að ríkisþingið geti veitt Íslandi árlegt tillag, án þess að alþingi hafi atkvæði um upphæð þess; en hitt skil eg ekki, að öll skuldaskipti,

sem verið hafa hingað til milli ríkissjóðsins og Íslands, sèu hèr með alveg á enda kljáð, eins og segir í 8. grein. Eg get ekki skilið, að fjárhagur Íslands og Danmerkur verði að skilinn án samþykkis alþingis. Skuldaskipti verða ekki rèttilega afgjörð nema með samkomulagi beggja partanna, sem hlut eiga að máli. Og þó nú Ísland væri skoðað sem óaðskiljanlagur partur Danmerkurríkis, og rèttindi þess miðuð við ástandið, sem er, þá virðist ekki geta verið umtalsmál, að breyta þessu ástandi án samþykkis frá Íslands hálfu; líkaminn allur verður að bera umhyggju jafnt fyrir öllum sínum limum, þó þarfir þeirra sèu misjafnar; einn hluti þjóðfèlagsins getur ekki sagt við annan, þó minni sè: «nú skalt þú annast þig sjálfur», án þess að fá honum í hendur, af sameiginlegum efnum, nauðsynleg meðul til þess. Þess vegna virðist fjárspursmálið hljóta að ganga á undan, og úrslit þess, að vera skilyrði fyrir því, hvort Ísland geti tekið á móti sjálfsforræði og haft gott af því. Eg skal nú ekki lengja umræðurnar, en vil einungis spyrja hinn háttvirta 3. konungkjörna þingmann, sem svo opt talar um, að hægt sè að fá svo og svo margar þúsundir ríkisdala af landinu með því, að leggja toll á munaðarvöru — kaffi og sykur, tóbak og brennivín, — eg vil spyrja hann, hvort landið eða landsmenn mundu ekkert finna til þessa; kaffi og sykur að minnsta kosti kaupa þó margir fátækir, og mörgum finnst það nú orðin nokkurs konar nauðsynjavara; en setjum nú svo, að menn hættu að miklu leyti að kaupa munaðarvöruna, ætli tekjurnar af henni færu þá ekki að minnka?

Páll Pálsson: Þegar eg nú stend upp, til að tala í þessu aðaláhuga- og velferðarmáli þjóðar vorrar, þá virðist mèr, sem eg sè staddur á nokkurs konar krossgötum, þar sem eg, eins og Herkules, er í vafa um, hvora leiðina eg eigi helzt að kjósa. Hèr hafa þegar komið fram ólíkar, eg vil segja gagnstæðar skoðanir. Það hefir verið margt haft á móti nefndinni, og henni verið bornar margar sakir á brýn, enda vil eg ekki fylla svo mjög þann flokkinn, þó eg að öðru leyti vilji láta ósagt, hversu heppilega henni hefir tekizt að leysa ætlunarverk sitt af hendi. En þar sem eg þá fyrst tala um hið konunglega frumvarp, eins og það liggur hèr fyrir, þá virðist mèr það næsta óaðgengilegt svona öldungis óbreytt, og eg geng ekki að slíkum kostum, hvorki vegna samvizku minnar, nè vegna vilja kjósanda minna, því eg get ekki ætlazt til, að nokkur vilji kjósa sèr þann rètt, að vera minna en

frjálsir menn, það er að segja að verða þræll. Það hefir verið tekið fram, að það væri mjög mikill kostur, þar sem oss er boðið skattavald, svo vèr getum lagt sjálfir á oss byrðirnar, og komizt svo til alls konar velsælu, þegar vèr eigum með oss sjálfir. Þetta væri líka harðla æskilegt, ef vèr hefðum nokkurn veginn fè til að byrja með búskap vorn; en eg vona, að vèr allir, sem hèr erum á þingi, sèum svo kunnugir högum lands vors, að það er erfitt, ef ekki með öllu ómögulegt, að leggja skatta á landa vora að nýju, og þá virðist mèr sjálfsforræði vera lítill kostur, þegar fèð vantar til næstum alls þess, sem gjöra þarf. Það er líkt eins og öreiga væri fengin jörð til að búa á, og sagt væri við hann: nú getur þú orðið nógu ríkur, þegar þú fær að eiga með sjálfan þig, og getur haft öll not af jörðunni, og neytt hana til að gefa þèr allan sinn gróða. Hvernig mun hann geta það, þegar hann hefir ekkert fè til að hafa nóg vinnuafl og nægan fènað til að geta hagnýtt sèr þau gæði, sem jörðin geymir í skauti sínu? Hvað tillagið, sem boðið er í 4. gr. frumvarpsins, snertir, þá verð eg að álíta, að það sè ónóg í alla staði. Það hefir optlega verið tekið fram hèr í salnum, að það sè bæði hvikult og oflítið, og get eg ekki betur sèð, en það sè hvorttveggja á rökum byggt, og í öllu falli hlýt eg að vera hinni heiðruðu nefnd samdóma í því, að þetta tilboð stjórnarinnar geti kallazt allt annað en »göfuglegt». Eg fæ ekki heldur betur sèð en fjárkröfur þær, sem nefndin gjörir, sèu með öllu rèttar og rèttlátar, og getur því ekki vægar verið í farið, en krefjast að minnsta kosti 60000 rd. fasts tillags árlega, enda þykir mèr oss Íslendingum ekki farast, að gefa eptir meira en 66000 rd. af vorum sönnu og sanngjörnu rèttarkröfum.

Eg ætla ekki að fara út í neina sögulega eður vísindalega rannsókn í þessu máli, nè heldur að halda neina »Statsretslige» fyrirlestra; eg er ekki maður til þess. En eg get engan veginn kastað þungum steini á nefndina, þótt hún hafi komizt til þeirrar niðurstöðu, að vísa málinu frá, því eg verð að álíta, að stjórnin sjálf hafi í ástæðunum fyrir frumvarpinu gefið fullkomið tilefni til þess, þar sem hún segir, að ef nokkrar grundvallar (eða sem eg ætla sè sama sem verulegar) breytingar verði gjörðar við frumvarpið, þá muni þær ekki teknar til greina; og hvað gat þá nefndin annað gjört, úr því hún gat ekki fallizt á frumvarpið? Eg játa það, að það eru neyðarrúði, að vísa þessu frumvarpi frá þinginu, en það er gamall málsháttur: »af tvennu illu skal taka hið minna».

Sumir háttvirtir þingmenn hafa ráðgjört, að gjöra einhverjar smábreytingar við frumvarpið, en það held eg sè ekki vert að vera að lengja þingtímann með eintómum orðabreytingum, ef það er ekkert verulegt. Aptur hafa komið hèr fram aðrar raddir, sem vilja gjöra margar og mikilsverðar breytingar, og mundi eg verða fúsastur á, að gefa atkvæði mitt með þeim, ef eg gæti sannfærzt um, að þær yrðu til nokkurs annars en að lengja tímann; enda finnst mèr það sannarleg dirfska, þvert ofan í orð stjórnarinnar, að slíkar breytingar verði ekki teknar til greina; en af því þessi aðferð er þó eins konar meðalvegur, þá mun eg þess ekki ófús, að fylgja henni, þegar eg hefi sèð breytingarnar. Eg tek það upp, að slíkar verulegar breytingar eru dirfska; dirfska er það, ef þær fara í allt aðra átt en frumvarp stjórnarinnar, og dirfska er það, ef með því áynnist ekki annað en tíma- og peningaeyðsla til ónýtis; en eg vona nú, að það þurfi ekki að verða, þar sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir tekið það fram, að þær einar breytingar ekki yrðu teknar til greina, sem röskuðu þessari grundvallarhugsun: Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. Til að raska þessu get eg ekki ímyndað mèr að nokkur breyting komi fram. Ef hin ráðgjörðu breytingaratkvæði samrýmast þessu, þá mun eg vilja aðhyllast þau, þó því að eins, að það verði tekið fram, að verði breytingar þær, sem þingið samþykkir, ekki staðfestar, þá að frumvarpinu verði, sem óbreyttu, allraþegnsamlegast mótmælt.

Það hefir verið margítrekað, að það, sem oss er boðið, sè betra en ástandið, sem nú er. Það kann að vera; en þó vildi eg því að eins játa slíkum boðum, að eg sæi fram á, að þau væri ekki þaunig löguð, að vèr Íslendingar yrðum bráðum neyddir til, að biðja hans hátign konunginn, að taka aptur af oss þessa frelsisgjöf, svo ekki færi fyrir oss eins og fanganum, sem í 50 ár hafði setið í fangelsi, þegar hann loks var gefinn laus. Nokkrum dögum síðan mætti hann konungi sínum. Konungur spyr hann að, hvort hann sè ekki glaður af að hafa fengi frelsi eptir svo margra ára ófrelsi. Það er öðru nær, herra, sagði frelsinginn; eg hefi nú þegar setið í fangelsinu, unz kraptar mínir eru horfnir, og eg orðinn hrumur af elli, og á því engan kost á að vinna fyrir lífi mínu, með því líka fjármunirnir eru engir; eg neyðist því til að biðja yðar hátign að unna mèr þeirrar náðar, að eg megi verða settur í fangelsið aptur. Líkt er eg hræddur um yrði ofan á fyrir Íslendingum, ef vèr gengjum að þessum kostum, sem oss eru nú

boðnir af hendi stjórnarinnar; en með slíkum kostum vil eg ekkert frelsi. Það hefir verið talað um, að vèr værum ekki vissir um að fá að halda einu sinni því stjórnarfyrirkomulagi, sem vèr nú höfum, ef vèr með öllu höfnum því, sem oss er nú boðið; en um það get eg ekki verið hræddur; eg held það sè fullaumt, þó ekki sè lakara; eg get heldur ekki gefið stjórninni þær gersakir, að hún muni svipta oss því litla, sem vèr höfum, því það verður ekki með öðru móti en að gjöra oss að sannkölluðum þrælum, en fyrir slíku gjörræði og slíkri ónærgætni vil eg ekki gjöra ráð frá stjórnarinnar hálfu. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vona að eins, að hinir háttvirtu þingmenn hafi skilið meiningu mína í þessu máli.

Forseti: Af því nú er orðið æði-áliðið, en margir hafa beðið sèr hljóðs, svo að ekki er að hugsa til að fá umræðum lokið í kveld, vil eg slíta fundi að sinni, en ákveða fund aptur í dag kl. 5½.

Fundi slitið.

---

31. fundur — 2. september.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Það liggur þá fyrir á þessum fundi, að halda áfram undirbúningsumræðu um frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir beðið sèr hljóðs.

Konungsfulltrúi: Af því að fleiri nefndarmenn ýtarlega hafa tekið það fram, að í ástæðunum fyrir frumvarpinu er sagt, að verulegar breytingar við það ekki geti orðið teknar til greina, skal eg ítreka það, að orð ástæðnanna í þessu tilliti bls. 6 eru þau, sem nú skal greina: «Breytingar þær, sem alþingi kynni að stinga upp á í frumvarpi þessu, geta þess vegna því að eins orðið teknar til greina, að þær verði rýmdar saman við hin yfirskoðuðu grundvallarlög Danmerkurríkis frá 5. júní 1849, og að öðru leyti álitnar hagfelldar og nytsamar».

Þar sem hinn heiðraði þingmaður Dalamanna í ræðu sinni tók það fram, að eptir hans áliti hafi landslýðurinn ekki krapt og fjör til að taka á móti sjálfsforræðinu, skal eg með tilliti til þess,

að hann benti til orða minna í hinni fyrri ræðu í þessu máli, geta þess, að ef nefndin hefði byggt niðurlagsatriði sitt á þessari ástæðu, mundi eg ekki hafa sagt, að uppástunga hennar væri alveg ástæðulaus, þó að eg að öðru leyti ekki sè hinum heiðraða þingmanni öldungis samdóma í skoðun hans.

Páll Vídalín: Það er ekki spaug fyrir mig að tala í þessu máli, því margir af hinum háttvirtu þingmönnum, er talað hafa, eru þegar búnir að taka það fram, er eg vildi sagt hafa. Allt um það finnst mèr skylda mín bjóði mèr að tala fáein orð.

Eg ætla mèr samt ekki að tala um ábyrgð þá, er hvílir á hverjum einum þingmanni, þegar ráða skal máli þessu til lykta, gagnvart konungi og þjóð vorri, eigi að eins hinni nú lifandi kynslóð, heldur niðjum vorum um ókomnar aldir. Eg játa það, að ábyrgðin er mikil, en eg er líka á hinn bóginn sannfærður um, að allir þingmenn vita vel og finna, hver hún er, og að þeir hafa íhugað hana eigi að eins nú, heldur áður en þeir fóru heiman að til þessa þings. Eg ætla heldur ekki að elta orð þau eða ummæli, sem fallið hafa hèr í salnum um nefndina og álit hennar, því eg álít það fyrir neðan mig; eigi ætla eg heldur að svara mótbárum þeim, sem komið hafa fram gegn nefndarálitinu; því hinn háttvirti framsögumaður og aðrir nefndarmenn hafa fyllilega svarað þeim; en eg ætla einungis að vekja athygli á tveimur aðalatriðum þessa máls, er mèr virðast allar umræðurnar hafa snúizt um hingað til fram og til baka, en þau eru: 1. þýðing þess, að stjórnin neitar oss nú um samþykktaratkvæði í þessu máli, og 2. hvort vèr missum nokkuð við að hafna þessu frumvarpi, sem hèr liggur fyrir. Það virðast að vera hèr tveir striðandi flokkar á þinginu; nefndarflokkurinn annars vegar, er byggir álit sitt á fyrra atriðinu, og konungkjörni flokkurinn hins vegar, er Danir hafa kallað hinn skynsama minni hluta á alþingi, án þess eg vilji þar með segja, að hann nú verði minni hluti, en hann byggir á hinu síðara atriði; hann vill, að vèr skulum taka gæs, meðan hún gefst. Hvað þá hið fyrra atriði snertir, þá var hinn 3. konungkjörni þingmaður að tala um það, að samþykktaratkvæði væri sama sem ályktaratkvæði; en þetta verð eg að álíta sitt hvað; hvað samþykktaratkvæði þýðir, sýnir ljóslega ræða konungsfulltrúa á alþingi 1867, og vil eg biðja hina háttvirtu þingmenn, að fletta upp alþingistíðindunum 1867 bls. 802. Þar stendur svo: «alþingi hefir — eg hefi fleirum sinnum tekið það skýrt fram, og eg hefi aldrei neitað því, eða gefið

mönnum neina ástæðu til að álasa mèr í því efni — frjálst ráðgjafarvald í þessu máli og í öðrum, og eg vil bæta því við, að þingið hefir í þessu máli í raun og veru meira vald en eintómt ráðgjafarvald; það hefir *samþykkjandi* vald; því hans hátign konungurinn vill ekki — um það get eg fullvissað þingið — oktroyera nein ný stjórnarskipunarlög handa Íslandi án samþykkis þingsins». Af þessu er auðsætt, hvað samþykktar- eða samkomulags-atkvæði hefir að þýða, en ályktaratkvæði er, eins og allir vita, allt annað og fyllra vald; en það, að oss nú er neitað um samþykkisvaldið, er einmitt það, sem komið hefir nefndinni til að ráða til þeirra úrslita málsins, sem hún hefir gjört; en að öðru leyti er eg því með öllu samdóma, að alþingi á eptir eðli málsins að hafa samþykkisvald í þessu máli, svo að konungurinn má ekki oktroyera neinu upp á okkur í þessu efni. Hvað nú hinu síðara atriðinu, er eg nefndi, viðvíkur, þá ætla eg eins og hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður, að ganga í gegnum frumvarpið grein fyrir grein og sýna, að tilboð stjórnarinnar, sem í hans augum voru svo glæsileg, eru í engu betri en ástandið sem er, heldur lakari, jafnvel þó allur konungkjörni flokkurinn segi, að við missum mikils, ef við höfnum frumvarpinu. Látum oss þá skoða frumvarpið og þá fyrst 1. greinina. Jú, hún er góð, vel að merkja, ef hún væri ekki bundin þeim takmörkunum, sem gjöra hana þýðingarlausa; en þá er 2. grein um ráðgjafann, sem eptir henni verður alveg ábyrgðarlaus fyrir alþingi, með því hann á að hafa ábyrgðina einungis fyrir ríkisþingi Dana eins og nú er. Í hverju er þá þetta betra en ástandið sem er? Það væri gaman, ef hinir konungkjörnu herrar vildu útlista þetta fyrir mèr og þinginu. Að vísu á neðri deild alþingis, að hafa rètt til að kæra ráðgjafann fyrir fólksþingi Dana; en hvað er ráðgjafinn? Hann er «Echo» eða bergmál af ríkisþinginu; það er því sama að kæra ráðgjafann fyrir ríkisþinginu og eins og að segja við ríkisþingið: klagaðu nú sjálft þig. Sama er að segja um ábyrgð landstjórans, því hann skýtur sèr undir ábyrgð ráðgjafans; hann er nefnilega einnig ábyrgðarlaus fyrir alþingi. Eg sè þá ekki, hvaða munur er á landstjóranum og stiptamtmanninum nú. Nú eru þó 3 amtmenn, það er þó sannarlega betra, því málin verða þá skoðuð á fleiri vegu, eða er ekki svo? kláðamálið! 3. grein hangir að eins af 1. grein. En við þessa grein er þó margt að athuga; hún er langtum verri eða óaðgengilegri en stjórnarfrumvarpið frá 1867, að minnsta kosti er það með við-

aukum og breytingum þingsins þá, og því þykir mèr það furða, að konungsfulltrúa skuli þykja þetta frumvarp eins gott og frumvarpið 1867. Þar eru talin upp öll hin sameiginlegu mál Íslands og Danmerkur í 3. grein, en svo er sagt, mig minnir í 5. greininni, að Ísland skuli í öllum öðrum málum hafa löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, en nú er allt öðru máli að gegna, þar sem sèrstöku málin eru talin upp einungis, og það er eptir niðurlagi greinarinnar komið undir náð ríkisþingsins, hvort fleiri mál skuli verða eða geti orðið sèrstakleg. Að vísu þykist stjórnin hafa gjört það af tómri eptirlátsemi við þingið 1867, að telja nú upp sèrstöku málin, en sleppa að telja upp hin sameiginlegu; en eg bið þess gætt, að þingið 1867 hèlt við upptalningu sameiginlegu málanna, og bætti við upptalningu sèrstöku málanna, ekki til að tæma þau, heldur til þess að fyrirbyggja, að ágreiningur gæti nokkurn tíma orðið um þau, sem talin voru upp, en það hèlt við orðin «í öllum öðrum málum», og bætti við á undan upptalningu sèrstöku málanna: «svo sem», til að sýna þar með, að þau væru ekki tæmd. Þetta er því langtum lakara boð, en það játa eg með hinum háttvirta þingmanni Suður-Þingeyinga, að, ef vèr engan rètt höfum, þá verðum vèr að taka öll boð með þökkum, en eg verð stift að halda fram áliti nefndarinnar, því, er hún hefir fram sett í álitsskjali sínu, um rèttarkröfur Íslendinga, og hefir hinn heiðraði þingmaður Árnesinga fallizt á, að skoðun nefndarinnar um rèttarstöðu Íslands allt að árinu 1849 væri rètt, en síðan greinir hann á við nefndina, en mèr eru ekki ljósar ástæður hans fyrir því, og þegar svo er, eins og nefndin ljóslega hefir sýnt fram á, þá liggur í augum uppi, að tilboð stjórnarinnar nú er engin náðargjöf.

Nú komum vèr að 4. greininni; fyrri hluti hennar er nú sjálfsögð afleiðing af 1. grein, eða sjálfsforræði því, sem þar er heitið; en nú er þá einkum síðari hluti þeirrar greinar, sem er eitt af aðalatriðum þessa máls. Mèr sýnist ekki mikið varið í það tilboð, sem oss er þar gjört. Vèr eigum eptir greininni að fá 30,000 rd. og 20,000 rd. Þessir 30,000 eiga að vera fasta árstillagið, en ríkisþing Dana má eitt vita, hvað fast það er; því það getur tekið það af oss, þegar því þóknast. Nú stendur svo hagur vor Íslendinga, að vèr fáum hèr um bil 30,000 rd. árlegt tillag frá Dönum, og hvað er þá þetta boð betra en það, sem er? eg sè það ekki. En svo eru nú þessir 20,000 rd., nefnilega aukatillagið; en hvað eru þessir 20,000 rd.? Þeir eru ekki einu sinni svo mikl-

ir, að eg taki það til dæmis, sem svari skaða þeim, er landið hefir af hinum takmarkalausu óráðs- og öreigagiptingum, er stjórnin hefir eigi viljað hindra, eða með öðrum orðum: mèr stendur á sama, hvort vèr fáum þetta 20,000 rd. lausatillag eða ekkert, af því vèr getum ekkert komið landinu upp með þeim, en meðan vèr getum það ekki, getum vèr ekki bætt á oss sköttum; þar að auki vaxa allt af hinar árlegu þarfir vorar til hinnar nauðsynlegu stjórnar, og mundi því það mesta eða allt þetta lausatillag drekkast upp til þessa. Enn fremur er nú engin vissa fyrir því, að ríkisþingið veiti þetta tillag, hvorki aukatillagið nè hitt. Um 5. greinina, sem er afleiðing af þessu nýja fyrirkomulagi, sem á að verða, og um 6. greinina ætla eg ekki að tala; en þá verður fyrir oss 7. greinin; það má sannarlega kallast stóra greinin; reyndar er hún ekki svo sèrlega löng, eins og borið hefir verið nefndarálitinu á brýn, en samt sem áður er þetta grein, sem er næsta þýðingarmikil. Þar er talað um hin sameiginlegu lög Íslands og Danmerkur, og þar um fær Island ekkert atkvæði að eiga, heldur eiga þau lög að vera hèr sjálfgild; má eg spyrja: Er nú þetta jafnrètti? Nei, engan veginn; það vantar, að Ísland komi hèr jafnhliða Danmörku fram með alþingi. Þetta er auðsjáanlega æði-miklu verra en í frumvarpinu 1867, eins og það fór frá þinginu, og ef það var óhafanda, eins og þingið þá viðurkenndi, annað en að alþingi samþykkti hin sameiginlegu lög, hlýtur það eins að vera nú. Þá kemur nú miðliður greinarinnar um fulltrúa-hlutdeild Íslands á ríkisþinginu; en mig dreymir ekki einu sinni um þann tíma, að Ísland kæri sig um þessa hlutdeild, svo eg gjöri ekki mikið úr þeim rèttindum. Þá er enn fremur seinasti liðurinn, en í honum felst, að Danir megi leggja gjöld á Ísland, hve nær sem þeim þóknast. Þetta er nú ein af hinum mest verðu ákvörðunum frumvarpsins, og hún er líka óþolandi. Ef Íslandi á að verða nokkurra framfara auðið, verða þeir að leggja meiri og meiri gjöld á sig, en því meiri gjöld sem þeir leggja á sig, og ef þeir nú færu að geta staðið straum af sèr, má ske ekki nema til nauðsynlegustu þarfa, er varla efi á, að Danir mundu fara að segja oss að leggja til sameiginlegu málanna, er þeir svo kalla, að eg ekki tali um, að þeir þá mundu taka af oss tillagið, að minnsta kosti er hèr allt á valdi þeirra. Hèr færi því fyrir Íslendingum eins og rjúpunni, sem rembist við staurinn. Eg játa, að vèr *meg*um þakka fyrir allt, sem oss er boðið, ef vèr höfum einskis rèttar

að krefja gagnvart Dönum, eða jus fortioris (vald hins sterkara) á að gjörast hèr gildandi, en eg get nú ekki fallizt á það, því eg verð að vera nefndinni alveg samdóma um, að vèr enn í dag stöndum að eins í Personal-Union við Dani, ekki Real-Union, nema vèr nú göngum inn á hana, og þá vona eg að það sè ljóst, þó hinum konungkjörnu herrum kunni að sýnast annað, að þetta er með öllu óaðgengilegt, og í engu betra en ástandið sem er, heldur lakara að því leyti, að vèr þá erum búnir að samþykkja þessi bönd á oss. Hvað 8. greinina snertir, þá er það auðsætt, að sú ákvörðun væri góð, ef vèr værum í Underballance, með því eg skil grein þessa svo, að vèr með henni eigum að gefa Dönum kvittun, en eg get með engu móti fallizt á, að vèr sèum í skuld við Dani, því eg álít, að vèr eigum fè hjá þeim, og eg kalla það merkilegt af hinum 2. konungkjörna þingmanni, að hann skuli ekki sem erindsreki Dana eða ríkisþingsins koma með mótreikningana, úr því hann vill efast um reikninga nefndarinnar. Eg skal verða fús að fallast á þá, ef þeir verða á eins sönnum rökum byggðir og rèttarkröfur nefndarinnar. En þegar svona er málið vaxið, þá vil eg ekki, að niðjar mínir sjái það um mig, að eg gangi að 8. greininni, eptir því sem eg skil hana; eg held svo mikið upp á sóma minn. Nefndinni hefir verið fundið það til, að þó hún álíti, að Ísland hafi rètt til 126,000 rd., þá fari hún þó ekki fram á nema 60,000 rd., en eg bið þess gætt, að nefndin með þessu hefir enga kvittun gefið; niðjum vorum geymist rèttur þeirra óskertur, en nefndin stingur upp á þessu sem tilslökun til sátta. Hvað þá 9. greinina snertir, þá má eg segja um hana, að eg get grátið yfir borginni. Íslendingar eiga að taka við grundvallarlögum konungsríkisins Danmerkur frá 1849 sem sjálfgildandi; en eg þekki eigi þessi lög sem lög Íslands; eg hefi að vísu sèð þau í tíðindunum frá þjóðfundinum 1851 sem eigi kvað hafa verið svo hátt settur þar ytra, en þó að eg nú þekkti lög þessi, þekki eg þó að minnsta kosti engin yfirskoðuð grundvallarlög, því hve nær hafa þau hèr verið yfirskoðuð? Að lyktum skal eg leyfa mèr að vekja athygli að forminu á frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir. Það er frumvarp til laga, sem þess vegna má breyta, því svo að eg taki mèr orð hins 2. konungkjörna þingmanns í munn, «þá má breyta því, með lögum», sem ákvarðað er með lögum. Hèr er um enga stjórnarskrá að ræða, þar sem þetta frumvarp er, og þó á það að vera aðalliðurinn úr stjórnarskrá Íslands, sem ætti að vera sömu höptum bundið til

breytinga og stjórnarskráin í stjórnarskráarfrumvarpinu. Eg skal svo ekki tala meira um frumvarpið, en þá koma nú breytingar eða breytingaruppástungur konungkjörna flokksins á frumvarpinu. Þessar breytingar eru verulegar og bæta sannarlega frumvarpið, en það er annmarkinn við þær, að þær verða þýðingarlausar, þegar þess er gætt, að þær snerta máttarstólpa frumvarpsins, sem eigi má raska (sbr. ástæðurnar fyrir frumvarpinu á 6. blaðsíðu), þar sem svo er að orði kveðið: «Breytingar þær, sem alþingi kynni að stinga upp á á frumvarpi þessu, geta þess vegna því að eins orðið teknar til greina, að þær verði rýmdar saman við hin yfirskoðuðu grundvallarlög Danmerkurríkis 5. júní 1849, og að öðru leyti álitnar hagfelldar og nytsamar». Nú hefir konungkjörni flokkurinn stungið upp á, að bæta inn í 3. grein frumvarpsins tölulið 2. «landvarnar», og tölulið 8. «fjárútlát», enn fremur að fella aptan af 7. grein seinustu málsgrein, sem leyfir ríkisþinginu að leggja gjöld á oss, þegar það vill, og setja í þess stað, að Danir megi engin gjöld leggja á oss til sameiginlegra þarfa, fyr en vèr tökum þátt í ríkisþinginu, sem komið er undir samþykki alþingis; en þess er varla að vænta, að ríkisþingið, sem mál þetta á aptur að koma undir, samþykki þessa breytingu, sem er hin mestverða í öllu frumvarpinu, af því að alþingi getur eptir henni allt af sett ríkisþinginu eða Dönum stólinn fyrir dyrnar, en eg ímynda mèr Dani sem skynsama menn, og því mun ríkisþingið aldrei ganga að þessari breytingu, úr því það á að eiga hèr um atkvæði. Það virðist eins og konungkjörni flokkurinn komi hèr aptur að nefndinni með þessum uppástungum sínum, og álíti, að þingið eigi að hafa samþykkisatkvæði í þessu máli, en ef svo hefði verið, mundi nefndin hafa tekið feginshendi móti þessum breytingum og fleirum. Hvað því viðvíkur að endingu, að 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, þar sem stendur «allraþegnsamlegast að mótmæla», sè ekki rètt, eða jafnvel hlægilegt, eins og þingmaður Rangæinga fór svo kennaralegum orðum um, og hann var í vandræðum með að koma því á dönsku, jafnvel þó framsögumaður væri í engum vandræðum með það, þá verð eg að álíta þetta niðurlagsatriði engan veginn rangt; því með þessu mótmælum vèr eigi konunginum, heldur stjórnarherranum, og aðferð hans, að ætlast til að ríkisþingið ráði þessu máli, hvað sem alþingi segir, en það getur verið að þetta ætti eins vel við í ávarpi til konungs, eins og í álitsskjalinu í þessu máli. Það er allt önnur aðferð brúkuð nú í þessu máli en 1867, og það lítur sann-

arlega svo út, sem ríkisþingið hafi gefið stjórnarherranum Instrux eptir að fara í þessu máli; en vilji þingið fallast á annað mildara eða öðruvísi form á 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, þá er eg ekkert ófús á að fallast á það. Þar sem menn hafa verið að setja það út á nefndina, að hún vildi ei láta »ræða« frumvarpið, þá er þetta ástæðulaust; það er auðsætt, að nefndin með þessu meinar ekki annað en það, að hún ræður þinginu frá, að taka það til meðferðar og ganga til atkvæða um það grein fyrir grein. Annars álít eg, að allt þetta frumvarp eigi inn í stjórnarskrá Íslands, eins og stóð í frumvarpinu 1867, og eins og mèr hefir skilizt að þingmaður Árnesinga vildi. Eg vil því til vara, ef mèr síðar svo sýnist, áskilja mèr rètt til breytingaratkvæðis í þá átt, að 1. kafli frumvarpsins 1867 með breytingum þingsins þá, tengist framan við stjórnarskrána í hinu frumvarpinu, sem nú er borið undir þingið.

Bergur Thorberg: Eg held nú, að það sèu komin fram svo mörg mótmæli móti aðaluppástungu nefndarinnar, að eigi ætti að þurfa að óttast fyrir, að þingið mundi aðhyllast skoðun hennar; mótmæli þessi eru á góðum rökum byggð, og eg held, að þessi rök ekki hafi verið hrakin í ræðu þeirri, er þingmaður Húnvetninga nú flutti. Eg vil enn taka það fram, þó bæði eg og ýmsir aðrir þingmenn hafi opt og ljóslega tekið það fram áður, því það verður aldrei of opt gjört, til þess að reyna að sannfæra menn, nefnilega hvort menn alvarlega hugsi eptir, hvað það er eiginlega, sem menn hafna, með því að kasta frumvarpi þessu. Hèr liggur fyrir frumvarp, sem býður oss stjórnarbót. Af þeim, sem þeirrar meiningar eru, að ástand vort verði eigi betra, þó vèr fáum þessa stjórnarbót, er eigi við því að búast, að þeir gefi atkvæði móti nefndinni og niðurlagsatriðum hennar; en jafnvel sumir af nefndarmönnum t. d. þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu hafa látið í ljósi, að þeir ætli, að ástandið mundi verða betra, ef sú stjórnarskipun, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, kæmist hèr á, og skil eg þá eigi í, hvernig þeir fara að gefa atkvæði sitt með nefndinni fyrir því, að fella frumvarpið; eg skil ekki, hvernig þeir geta með nokkru móti rèttlætt þetta. Þó ólíklegt sè, að nefndin sigri og eg fyllilega voni, að hitt, sem skynsamlegra er, verði ofan á, þá getur þó hið ólíklega komið fram, og er þá nauðsynlegt að gjöra þá spurningu: hverjar verða afleiðingarnar af þessu? þær verða næsta ísjárverðar. Eptir því sem stendur í ástæðum frumvarpsins, verður málið um hina stjórnarlegu stöðu

Íslands í ríkinu útkljáð, og verður eigi aptur lagt fyrir þingið; hèr um sýnist ekki geta verið neinn vafi. En til þess að geta gjört sèr von um, að hafa nokkur áhrif á, hvernig málinu verður ráðið til lykta, er hinn einasti vegur fyrir þingið, að stinga upp á breytingum við frumvarpið, að því leyti sem þinginu virðist ógjörningur að taka það óbreytt; en það er sjálfsagt, að til þess að geta gjört sèr nokkra von um árangur af breytingunum, verða menn að halda sèr innan þeirra takmarka, sem stjórnin hefir bent á og liggja í eðli málsins. Ef engar uppástungur verða gjörðar um breytingar á frumvarpinu, en því þar á móti vísað frá eptir ráðum nefndarinnar, þá er af skorinn vegurinn til að fá áhrif á úrslit málsins. Eg hef því hugsað mèr að koma fram með þá uppástungu, að þingið biðji um í álitsskjali sínu til vara, ef nefndin sigrar í 1. niðurlagsatriðinu, að frumvarpið verði gjört að lögum með þeim breytingum, sem þingið samþykkir við það; með því einungis er von um, að vèr getum haft áhrif á lögin, ef þau koma út. Eg álít uppástungur nefndarinnar alveg óaðgengilegar fyrir þingið, og mjög svo óhappalegar, því ef við höfnum þessu, þá er óvíst, hvað framtíðin býður; vèr höfum ekki ástæðu til að halda annað, en að þetta sè hin seinasta tilraun stjórnarinnar til að koma sèr saman við þingið, og hið síðasta tækifæri, sem þingið fær til að koma fram með tillögur sínar, og vèr eigum því ekki að sleppa þessu tækifæri ónotuðu. Eg get eigi forsvarað fyrir mèr sjálfum, að hafna þessu tækifæri, heldur vil eg leitast við að koma því til leiðar, að það verði eigi gjört; allar kringumstæður benda að því, að nú sè hin sterkasta hvöt fyrir oss, að sleppa eigi þessu tækifæri til þess að hafa áhrif á þetta mikilsverða mál. Það hefir verið gengið gegnum frumvarpið mjög nákvæmlega, og hefir það verið skoðað frá tveimur hliðum og teknir fram við það bæði kostir og ókostir. Þeir, sem hafa haldið fram ókostunum, gjöra lítið úr kostunum, en eg held það komi til af því, að þeir kunna eigi að meta svo sem vera ber þessa kosti, og leggja alla áherzluna á það, að þeim finnst, að það ástand, sem frumvarpið býður, svari ekki til hugsjónar þeirrar, er þeir gjöra sèr um það, hvernig það ætti að vera; þeir meta eigi löggjafarvald alþingis eins mikið, og eg gjöri. Eg held það mundi verða álitin furða, ef það frèttist frá alþingi, eða einhverju öðru ráðgefandi þingi, að það hefði hafnað tilboði um að fá löggjafarvald, því þótt menn í öðru orðinu láti sem menn óski þess, að þingið fái löggjafaratkvæði, þá er þetta

þýðingarlaust, þegar menn jafnframt setja ómöguleg skilyrði, sem stjórnin alls eigi getur gengið að. Í frumvarpinu er oss boðið meira tillag heldur en nú er veitt, svo eg ætla að það nemi 18,000 rd. á ári, um hin næstu 10 ár, en menn vilja setja enn dýrari kosti, og eigi ganga að þeim góðu kostum, sem frumvarpið býður. Eg hefi áður bent á tvö breytingaratkvæði, sem eg ætla að koma fram með, og hefir þingmaður Rangvellinga og fleiri þingmenn gengið í sömu stefnu, og vil eg leitast við að styrkja þá. Þingmaður Húnvetninga hefir í öðru orðinu gjört lítið úr breytingaratkvæðum mínum, en á hinn bóginn sagt, að þau snertu máttarstólpa frumvarpsins. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir látið í ljósi þá meiningu, að hann muni geta mælt með breytingaratkvæði mínu við 4. grein, og þó breytingin við 7. grein ekki fengi sömu undirtektir frá hans hálfu, þá lutu þó orð hans að því, að þessi uppástunga eigi mundi spilla málinu, og ætla eg því að halda henni fram. Sambandið milli þessarar uppástungu og hinna kaflanna í greininni er ljóst og eðlilegt, og alls eigi ætlað til þess, að leiða Dani eður neinn í villu, eins og þingmaður Húnvetninga var að gefa í skyn. Með tilliti til þeirra almennu athugasemda, er eg hefi sagt um reikninga nefndarinnar, hafa ýmsir talað til mín; framsögumaður sýndi það, að hann hefði misskilið orð mín, því hann bar upp á mig, að eg hefði sagt, að Dönum bæri að sanna mótkröfur þær, er þeir gætu komið fram með, en það hefi eg ekki sagt, og það var ekki mín meining; heldur hefi eg sagt, að sá, sem vill byggja kröfur á reikningum, hann verður að geta komið fram með fullkominn reikning, er innihaldi bæði skýrslu um tekjur og gjöld, en Danir byggja engar kröfur á reikningum og þurfa því alls ekki að koma fram með neinn reikning, enda er og ómögulegt að búa til reikning, sem hèr gæti verið fullnægjandi. Þingmaður Árnesinga sagði, að eg hefði játað, að það fè, sem nefndin tilfærir, hafi runnið inn í ríkissjóð Dana; en þetta hefi eg alls ekki gjört; eg talaði einungis um þetta fè, sem það, er nefndin teldi hafa runnið inn í ríkissjóðinn. Þingmaður Húnvetninga stakk upp á því, að eg kæmi með mótreikning fyrir hönd Dana. Þetta er nú æði-undarleg krafa til mín, þar sem Danir byggja engar kröfur til vor á reikningum, og eg þar að auki hefi sagt, að málið geti ekki orðið og eigi ekki að verða útkljáð eptir reikningum; eg vil engar reikningskröfur hafa, og álít, að þær geti hèr ekki komizt að. Þó svo nú væri, sem ekki er, að fjárhagsmáli voru ætti að verða ráðið til

lykta eptir reikningum, þá yrði eigi að síður sá, sem vill byggja kröfur á reikningum, að koma með réttan og fullkominn reikning, sem yrði að innihalda skýrslu bæði um tekjur og útgjöld; það ætti að vera eins, þegar réttur viðskiptareikningur er gjörður milli tveggja manna, en, eins og eg hefi áður sagt, er þetta hèr ómögulegt, því ei dugir að koma einungis með reikning fyrir nokkurt árabil; það væri rangt, að taka einungis eitt tímabil í viðskiptareikningi Dana og Íslendinga, svo sem 10—20 ára tíma, eða tímann milli 1600 og 1700 eða fram á ofanverða 18. öld. Það væri sjálfsagt mögulegt, að gjöra upp reikninga fyrir 30—50 síðustu árin, en það væri sjálfsagt rangt, að byggja á þeirri niðurstöðu, sem menn kæmust að eptir reikningunum fyrir þessi ár, enda yrði það ekki Íslandi í hag; því tekjurnar hafa verið minni en gjöldin; en eins rangt er að taka eitthvert tímabil af handahófi, eða að taka það, sem á einhverjum gefnum tíma hefir runnið inn í ríkissjóðinn. Þar eð nú aldrei getur verið spursmál um, að afgjöra fjárhagsmálið eptir reikningskröfum fyrir þann tíma, sem fjárhagurinn hefir verið sameiginlegur, og Ísland hefir engan sèrstaklegan landssjóð haft, þá er allt þetta spursmál tilgangslaust, og vildi eg, að eg hefði eigi þurft að minnast á það, en eg hlaut að gjöra það, því að mèr hefir verið beinzt um þetta; og eg vil einungis bæta því við, að ef upphæðir þær, sem nefndin hefir tekið fram, ættu að koma til greina í reikningi, þá þyrftu þær sjálfsagt alvarlegrar yfirskoðunar við, og það er ekki víst, að allar þessar tekjugreinir ættu að teljast með, eða með þeirri upphæð, sem hèr er tilgreind, en þetta álít eg óþarft að fara nú að rannsaka.

Áður en eg lýk máli mínu, vildi eg geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga hefir misskilið mig, þegar eg talaði um fast tillag, sem væri hvikult. Eg er viss um, að allir hinir háttvirtu þingmenn, nema þingmaður Barðstrendinga, hafa skilið, hvað eg meinti með föstu tillagi í mótsetningu við það tillag, sem ákveðið er fyrir víst árabil, og eg leyfði mèr að kalla hið fyrnefnda tillag fast, eins og gjört hefir verið, þó það sè ekki órjúfanlegt, og geti að því leyti orðið hvikult. En það er ekki hægt að tala, svo þeir menn skilji, sem ekki vilja skilja, eða eru of fljótfærir til að skilja. Hinn háttvirti þingmaður Snæfellsnessýslu upplýsti mig um það, að allar þær breytingar, þær sem eg hefi talað um að gjöra við frumvarpið, sèu eintómar orðabreytingar; þetta er nú samt ekki svo, því t. a. m. breytingin við 7. grein er veruleg breyting.

En hinn heiðraði þingmaður hefir nú sinn skilning á orðabreytingum; hann segir, að allar breytingar, sem ekki raski grundvelli frumvarpsins, sèu orðabreytingar, og í þessum skilningi eru breytingar mínar orðabreytingar, en að öðru leyti er þetta öldungis ný kenning, sem eg ekki skal eyða orðum að. Eg held menn annars gjöri sèr ekki nógu ljóst eða hugsi ekki eptir, hver grundvöllurinn er, sem eigi má hagga. Grundvöllurinn er, að Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum; en þessum grundvelli held eg engan í raun og veru langi til að hagga; en þegar nú má gjöra allar þær breytingar, sem eigi hagga grundvellinum, þá hafa menn býsna-fríar hendur, og hefi eg þá góðu von til stjórnarinnar, að hún muni samþykkja þessar breytingar, að því leyti þær eru skynsamlegar. Stjórnin segir oss, að ef við fellum þetta frumvarp, þá muni það eigi optar verða lagt fyrir þingið; í þessu tilliti hefi eg mikið álit á orðum stjórnarinnar, eins og í öðrum efnum, og eg hefi engan efa á því, að þetta sè sagt í alvöru; eg verð því enn að ítreka það, að þessi orð eru alvarlega þýðingarmikil fyrir mig, og eg vona, að þau sèu það einnig fyrir alla hina heiðruðu þingmenn. Eg álít miklar breytingar, já, mèr liggur jafnvel við að segja, óleyfilegar breytingar betri, heldur en að fallast á uppástungu nefndarinnar, að kasta frumvarpinu; því breytingarnar sýna viðleitni á, að fá sjálfsforræði, en afneita því ekki. Eg vil, að breytingin um árgjaldsupphæðina í 4. grein verði tekin fram í álitsskjalinu til konungs, og hefir reynslan sýnt, að það er eins gott og hafa það í niðurlagsatriðum nefndarinnar, og að þar sè beðið um hærra tillag en hèr ræðir um; menn hafa reynsluna frá 1867, að stjórnin tók tillit til ástæðnanna í álitsskjali þingsins um 60,000 rd. tillagið. Allir þekkja ástandið, hvernig það nú er; vèr megum því engu hafna, sem ræður bót á því, sem nú er. Ef reynslan leiðir í ljós, að gallar sèu á þessu frumvarpi og því ástandi, sem það inn leiðir, eins og vel getur verið, þá stendur það til bóta; það er um það eins og hver önnur mannaverk, að því getur orðið breytt; það má með tímanum laga það, sem ábótavant er. Eg hefi ráðgjört breytingaruppástungur við frumvarpið, og viðvíkjandi þeim hefi eg borið mig saman við nokkra háttvirta þingmenn, og þar á meðal þingmann Rangvellinga, sem einnig hefir ráðgjört nokkur breytingaratkvæði, er eg einnig vil halla mèr að.

Stefán Jónsson: Menn hafa fundið sèr skylt, að finna allt

eða sem mest þeir hafa getað að nefndarálitinu. Það er eitt af því, er fundið hefir verið að, að nefndin hafi eigi hrundið máli þessu neitt áfram, en sè þetta sorglegt, eins og sagt hefir verið, þá er enn þá sorglegra, hve langt við höfum verið settir aptur á bak, síðan árið 1867; þá hafði alþingi samþykkisatkvæði, sem við nú erum sviptir, þá var oss boðið talsvert meira fè en nú. Hvernig sem á mál þetta er litið, fæ eg eigi betur sèð, en að vèr nú sèum miklu ver settir en þá, en nú vill nefndin einmitt aptur komast á þetta sama stig, sem vèr stóðum á 1867, og því biður nefndin um, að frumvarpið 1867 verði lagt fyrir alþingi 1871. Eg þykist þess viss, að hefðum við nú fengið frumvarpið 1867, þá mundi allt hafa jafnazt. En eptir allt það, sem búið er að tala í máli þessu, þá get eg ekki skilið, að nokkrum manni, sem einu sinni var á skoðun nefndarinnar, hafi blandazt hugur um, hvort hann ætti að fylgja henni. Hèr eru eigi nema 2 vegir, annaðhvort að fylgja nefndinni eða taka frumvarpið óbreytt, því stjórnin segist eigi taka neinar efnisbreytingar til greina, en orðabreytingar tel eg ekki neins verðar. Eg verð að meta það gilt, sem stjórnin segir, að verulegar breytingar verði eigi teknar til greina, og eg sè ekki betur, en að það liggi óbeinlínis i orðum þeirra manna, sem vilja breyta frumvarpinu að efni til, að það sè ekki að marka það, sem stjórnin segir, og það er furðanlegt, og þá ekki að undra, þó talað hafi verið óvægilega um nefndina, eins og ekki heldur hefir verið sparað. Eg veit það mikið vel, að það er mikill ábyrgðarhluti, að greiða atkvæði í þessu máli, og það hefir verið sagt, að ískyggilegt sè, að hafna frumvarpinu, en eg verð að taka það fram, að það er engu minni ábyrgð að ganga að því, en að hafna. Það er auðvitað, að maður á að fara eptir sannfæringu sinni, en eigi eptir óskum kjósanda sinna, en þegar þær koma saman við manns eigin meiningu, þá er ljóst, að maður hlýtur að fylgja því fram, en það veit eg um Norðurland (eg þekki eigi til hèr sunnanlands eða á Rangárvöllum), að þar munu flestir, er nokkurt skynbragð bera á þetta mál, verða á máli nefndarinnar. Eg skil ekki, að hèr sè neinn millivegur til; annaðhvort verða menn að vera með nefndinni eða með frumvarpinu. Það hefir verið margt talað um reikninga nefndarinnar, en það skil eg ekki, hvernig hægt er að gefa nefndinni það að sök, að hún eigi hefir til greint allt það, sem Danir hafa af hendi látið. Við til greinum það, sem við gjörum tilkall til; til greini þá Danir að sínu leyti eins frá sinni

hlið. Það er hennar skylda, en ekki okkar, og það getur hún, ef hún vill.

Grímur Thomsen: Eg ætlaði að geyma mèr það lítið, sem eg hefði að segja í þessu máli, þangað til við ályktunarumræðu, en af því framsögumaður beindi nokkrum orðum að mèr, þá vildi eg svara honum stuttlega, þó skal eg geta þess, að eg mundi ekki hafa svarað honum, hefði hann talað til mín, sem þingmaður Reykvíkinga, heldur af því hann er framsögumaður í svo áríðanda máli, sem þessu. Hann fann sèr skylt að fara að kenna mèr að lesa, og sagði að í parlamentariskum skilningi þýddi orðið «ræða» að «taka til atkvæðagreiðslu», en nú hefir þingmaður Húnvetninga, sem líkast til einnig er fullnuma í því «parlamentariska», gjört þá athugasemd, að orðatiltækið «ræða til hlítar» hefði þessa þýðingu, og þá hefir framsögumaður rangt fyrir sèr, því hjá nefndinni stendur eigi að «ræða til hlítar«, heldur að eins að «ræða». Að öðru leyti virðist mèr aðferð nefndarinnar lýsa skorti á þeirri virðingu, sem henni bar að sýna þinginu, þegar hún eigi vill leyfa því að ræða hinar einstöku greinir þess; meiri hluti þingsins hefði getað samþykkt niðurlagsatriði nefndarinnar, þótt hann aðhylltist einstakar greinir frumvarpsins. Eitt var það, er eg vildi spyrja hina heiðruðu nefnd að: fyrir hverju eru eigi sömu orðin »að mótmæla allraþegnsamlegast (!)» höfð í niðurlagsatriðum beggja frumvarpanna? eða mundi eigi vera viðkunnanlegra að hafa eitthvert kurteislegra orð? að minnsta kosti er erfitt að útleggja það á dönsku með öðru orði en »protestere». Sami framsögumaður gaf mèr ákúrur fyrir, að eg væri að gjöra að gamni mínu í svo alvarlegu máli, og eg finn eins vel og hann til þess, hversu alvarlegt málið er, en eitt er að spaugast að málinu, og annað að spaugast að nefndarálitinu og framsögninni, og þá er ráð við því, að ekki verði hent gaman að henni, því þá ætti hann öllu fremur sjálfur að gæta þess, að segja ekkert spaugilegt. Þingmaður Húnvetninga sagði, að mótmæli nefndarinnar væru fyrir neðan sig, og lýsir sèr í þessu það lítillæti nefndarmanna, sem eg áður hefi talað um; en aptur á móti verð eg að segja, að eg er svo lítillátur, að röksemdir hans eru fyrir ofan mig. Hann sagði, að breytingaruppástungur mínar væru þýðingarlausar orðabreytingar. Breytingin í 7. gr. er þó vissulega mikilsverð, og hún er jafnframt svo eðlileg, að eg fyrir mitt leyti er öldungis sannfærður um, að ríkisþingið gangi inn á hana. Hún er nefnilega í því fólgin, að Íslendingar leggi ekkert til hinna al-

mennu þarfa, fyr en þeir eiga fulltrúa á ríkisþinginu, en í annan stað er svo ákveðið, að alþingi ræður, hve nær þetta verður; það er með öðrum orðum: alþingi ræður, hve nær Íslendingar eiga að fara að leggja til hinna almennu mála. Þegar þingmaður Húnvetninga áðan barði í borðið, þá minnist eg þess manns, sem nefndur var í dag af þingmanni Dalamanna, nefnilega Staðarhóls-Páls gamla. Margir þekkja þau orð hans til konungs, sem nefnd voru í dag, en menn munu einnig hafa heyrt söguna, þegar hann sigldi nýju skipi á sker, og kvað vísu þessa:

Ýtar sigla austan um sjó
öldujónum káta;
skipið er nýtt, en skerið er hró,
skal því undan láta,

Þó nú Staðarhóls-Páll væri dugandismaður í mörgu, þá var hann stórbokki, og stefna þingmannsins er eins og Staðarhóls-Páls; því ríkisþingið er það sker, sem betra mun að sigla heldur hjá, heldur en beint á það. Það tjáir eigi að berja í borðið; vèr eigum lítið undir oss, og ættum því að við hafa það lag og vera svo tilslökunarsamir, sem framast er unnt. Þingmaður Eyfirðinga sýndi, að það, sem oss nú er boðið, sèu lakari kjör en 1867, en þá hefði þingið átt að vera svo skynsamt, að gjöra eigi við það þær breytingar, sem stjórnin síðan gat eigi gengið að. Hver svarar fyrir, að það, sem síðar verður lagt fyrir, ef það annars verður nokkuð, verði eigi enn þá verra? Eg vil benda á nokkuð það, sem fyrir getur komið, ef frumvarpinu er algjörlega hafnað. Stjórnin sèr, hve margt þarf umbóta við, og hvað liggur þá beinna við, en að hún fari að leggja nýjar álögur og skatta á, t. d. óbeinlinis á verzlunina. Eg skil eigi, hvernig þeir menn, sem breyta eptir sannfæringu sinni, geta farið að álíta það ábyrgðarlaust, að draga allt í þessari óvissu; því það er ólíklegt, eptir þeirri stefnu, sem málið hefir tekið síðan 1867, að það fari batnandi, sem vèr eigum kost á, ef vèr höfnum frumvarpinu; en ef vèr tökum því nú, sem oss er boðið, þá er vitaskuld, að oss er innanhandar smámsaman að fá bætt úr því, sem reynslan væri búin að sýna að helzt stæði oss fyrir þrifum. Eg veit nú reyndar ekki, hvort menn trúa mèr, þó eg segi þeim, að í engu landi sèu full og skýlaus ábyrgðarlög fyrir ráðgjafa, en ábyrgð ráðgjafans er í því innifalin, að ef hann ekki fær með sèr meiri hluta hins löggefandi þings, þá hlýtur hann að víkja frá embætti, af því hann getur ekki stjórnað,

þegar þingið hótar að neita honum um peningana. Ef hann aptur á móti hefir brúkað fè landsins öðruvísi en þingið hefir lagt fyrir, eða yfir höfuð ólöglega, þá snertir það ekkert þá einkennilegu ráðgjafaábyrgð, en varðar að eins hegningu fyrir dómstólunum, eins og hvert annað lagabrot. Það leit svo út í gær, sem menn ekki tryðu hinum háttvirta 3. konungkjörna, þegar hann sagði frá, að á Englandi væri engin lög til um ráðgjafaábyrgð; en það var öldungis rètt hermt. Það var einu sinni stungið upp á þeim, um það leyti Vilhjálmur af Oranía tók ríki á Englandi; hann var hollenzkur maður, og Englendingar voru hræddir um, að hann kynni að taka útlenda menn fyrir ráðgjafa, en uppástungan var felld af þeim tveimur ástæðum: 1. að ómögulegt væri með lagabókstaf að ná út yfir allt það, sem ráðgjafinn gæti gjört ólöglega, eða landinu í óhag, en 2. og einkum af því, að Englendingar sögðu það væri óþarfi, af því ráðgjafinn væri alveg máttlaus og þýðingarlaus, ef hann ekki hefði «Majoritet» í þinginu, og það væri hin bezta ábyrgð fyrir því hann ekkert illt gerði, þegar hann ekki gæti komið neinu til leiðar. Eg ætla því að reyna að verja þessa skoðun mína eins og aðrar fyrir kjósendum mínum, og þingmaður Eyfirðinga þarf því ei að taka upp þykkjuna fyrir þá, þó eg vilji láta standa ákvarðanir frumvarpsins um ábyrgðina, af því það er sama, hvort um hana stendur nokkuð eða ekki neitt. Sá, sem völdin hefir, hefir hina sömu ábyrgð, og það verður alþingi. Hinn háttvirti framsögumaður tók fram, að þar sem einn þingmaður hefði verið hræddur um, að vèr kynnum að missa það, sem vèr höfum, þá þyrfti ekki að óttast það, af því það yrði ómögulegt að stjórna, ef stjórnin ekki hefði fè undir höndum til þess. Þetta er satt; það sem fyrst þarf til að stjórna er fè; en það getur enginn borið um, hvernig Danastjórn, ef hún á að halda áfram að stjórna oss, aflar þess fjár; það er hættast við, að hún láti oss borga það sjálfa; annaðhvort leggi á oss beinlínis skatta, ellegar óbeinlínis, það er að segja tolla, sem vèr nú erum fríir fyrir, og verðum fríir fyrir, ef vèr göngum að stjórnarfrumvarpinu, þangað til okkur sjálfum þóknast að leggja þá á oss; og eg veit ekki til, að Íslendingum sè kærara en öðrum að borga skatta, einkum þegar þeir ekki eiga ráð yfir þeim sjálfir.

Því hefir verið beint að mèr, að eg ekki fyndi til þess ábyrgðarhluta, að ganga að stjórnarfrumvarpinu, eins miklir gallar og á því eru; en eg svara því, að ef að breytingar þær, sem eg

hef stungið upp á, fá meiri hluta alþingis með sèr og stjórnin samþykkir þær, — og hið síðasta er eg sannfærður um, — þá eru engir verulegir gallar á frumvarpinu, og þó eg ætti að samþykkja það, eins og það er, þá vildi eg það heldur, en taka upp á mig þann ábyrgðarhluta, að hafna því. Þeir, sem nú með mesta kappi og eins og reiðilega segja, að betra sè að bíða, þeir hafa líka nokkurn ábyrgðarhluta, af því allir eru samþykkir um, að frumvarpið nú sè þrengra og óaðgengilegra en 1867; og þó það geti verið, að það verði betra aptur, ef það verður nokkurn tíma optar lagt fyrir, þá getur það líka orðið, að oss verði boðið verra, þegar það verður lagt fyrir oss í 3. sinn, eins og það var verra í annað sinn en fyrsta. Kasti nú þingið frumvarpinu, þá er eg sannfærður um, að stjórnin lögleiðir það að oss fornspurðum, en leggur hitt frumvarpið alls ekki fyrir alþingi.

Davíð Guðmundsson: Það eru ekki heimspeki - lagalegar röksemdaleiðslur eða rannsóknir, sem eg hefi á takteini um þetta alvarlega velferðarmál lands vors, heldur eru það að eins fá einfaldleg orð, er eg ætla um það að fara. Hvað er það, sem vèr sitjum hèr yfir á landsins kostnað? Það er að byggja nýtt sjálfsforræði handa löndum vorum, er vera skal undirstaða nýrrar menningar, nýrra þjóðlegra framfara vor Íslendinga. Í því kemur mèr saman við alla, sem minnzt hafa á þetta velferðarmál hèr á þingi, að það sè hið mesta nauðsynjamál, því að ástand vort í stjórnarefnum nú er síður en ekki ákjósanlegt. Eg þrái, eins og aðrir, breytingu á því ástandi; en eg hefi einatt átt því að venjast, að þrá og ekki fá. Af því hefi eg lært einn góðan kost, þolinmæði, og fyrir því er eg ekki svo óþolinmóður eptir breytingu, að eg vilji taka henni með hverjum ókostum sem eru, eða telji ástandið óþolandi, eins og sumir þingmenn hafa gjört, en stjórnarástand vort, sem nú er, þykir mèr harðla leiðinlegt, og það meðal annars af þeirri ástæðu, að á meðan það varir, lærum vèr aldrei að hugsa um oss sjálfir, og verðum eilíf börn. Í þessu efni sem fleirum er tíminn peningar, og aldrei fáum vèr kunnáttuna í því að stjórna oss sjálfir, fyr en við æfinguna. Eg býst að vísu ekki við gulli og grænum skógum af því, þótt vèr fáum sjálfsstjórn, þvert á móti, eg býst við, að margt fari í ólestri fyrst, mörg verði glappaskotin fyrir oss; en því fyr sem vèr fáum sjálfsforræðið, því fyr lærum vèr að sjá við þeim. Jafnframt álít eg, að vèr höfum fullan rètt til sjálfsforræðis; að vísu kann eg eigi að rekja sögulegan eða

lagalegan rètt í því efni, en vèr höfum fullan náttúrurètt eptir hnattstöðu vorri og þjóðlegum einkennum; eptir því höfum vèr fullan rètt til þeirrar stjórnar, sem í engu tálmar vorum þjóðlegu framförum, og til þess fullnægir oss engin stjórn önnur en innlend. Eg er jafnan mjög svo tregur til að yfirgefa rètt og sannleika í hverju sem er, og álít þann grundvöll hinn eina örugga; en í þessu velferðarmáli lands vors kynni mèr að hafa blandazt hugur, svo að eg hefði staðið af rèttinum, og hallað mèr að því, er hagaði mjög landi og lýð, þótt ekki fengist rètturinn óskertur. En hvaða hagur er hèr fram boðinn fyrir land og lýð? Hann er ekki svo álitlegur, sem sumir ætla. Vèr eigum að reisa frelsisbygging landa vorra, ekki að eins fyrir oss, heldur fyrir niðja vora um ókomna tíma. Þess vegna vakir það svo ríkt fyrir mèr, að það, sem lengi á að standa, skal vel vanda. Grundvöll byggingar þessarar höfum vèr ekki lagt, heldur stjórnin, og hann liggur fyrir í frumvarpi því, er hèr ræðir um. Þennan grundvöll hefi eg virt fyrir mèr, frá því fyrsta hann kom mèr í hendur, vandlega, hlutdrægnislaust, og með því viti, sem mèr er gefið, og betur og betur hefi eg sannfærzt um, að hann sè veill, svo ekki væri gjörandi, að reisa á honum þá traustu byggingu, er frelsisbygging landa vorra þarf að vera, því að þegar grundvöllurinn er gallaður, getur byggingin á honum ekki svarað tilætluðum notum. Eg er sannarlega ekki einn á bandi með, að sjá galla á grundvelli þessum, heldur eru allir, sem hans hafa minnzt hèr, mèr samdóma; það er ekki tiltökumál með nefndina, þótt hún sè einlæg við kolann, en allir andmælendur nefndarinnar hafa eins og eg sèð meiri og minni galla á grundvelli þessum, og um það bera vott breytingar þær, er þeir hafa að kalla allir gjört við hann. Nú skyldi eg vera manna fúsastur til þess, að sameina mig við þá í breytingunum — óverulegar orðabreytingar nægja mèr ekki, heldur verulegar breytingar — en þá kemur stjórnin og segist engan gaum gefa neinum verulegum breytingum á undirstöðuatriðum mála þessara, og stjórninni verð eg að trúa til þess, að hún hóti ekki því, er hún ætlar ekki að framkvæma. Að vísu þekki eg ekki inn í huga stjórnarinnar, og veit, að þeir, sem fara fram á breytingar á frumvarpi þessu, eru henni miklu kunnugri en eg, en samt sem áður get eg ekki betur treyst orðum þeirra en sjálfrar stjórnarinnar, og orð hennar eru skýlaus. Eg verð því að hallast að nefndinni í því, að treystast ekki til að stuðla til þess, að alþingi ráði til, að fastsetja þenn-

an grundvöll, svona lagaðan eins og hann er, eða gjöra þetta frumvarp að lögum; það vil eg af öllum kröptum vaka yfir, að eg stuðli ekki til neins þess, er löndum mínum mætti verða í óhag, en frá því að gjöra þennan grundvöll að undirstöðu frelsisbyggingar Íslendinga, get eg með góðri samvizku ráðið.

Forseti: Þar eð nú er orðið framorðið, og margir hafa enn beðið sèr hljóðs, svo að engin von er, að umræðu þessari geti orðið lokið nú í kveld, þá ætla eg bezt að hætta, og skal eg ákveða fund á morgun kl. 12.

Fundi slitið.

---

32. fundur — 3. september.

Allir á fundi. Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykkt.

Forseti: Nú liggur fyrir, að halda áfram undirbúningsumræðunni um konunglegt frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu.

Sigurður Gunnarsson: Eg þarf lítið að tala, því eg vil eigi taka svo sem neitt af því upp aptur, sem margir hafa minnzt á með nefndinni og móti henni; en ámæli þau, sem hún hefir orðið fyrir, hafa einnig sært mig; henni hefir verið brugðið eigi að eins um heimsku, sem eg fyrir mitt leyti tek mèr ekki nærri, því heimskan er ósjálfráð, heldur og um skort á skyldurækt og um samvizkuleysi; þetta særir mig. Eg veit með sjálfum mèr, að það litla, sem eg lagði til, gjörði eg eptir beztu samvizku. Þingmaður Rangæinga sagði eitt sinn, það mætti sjá það á nefndarálitinu, að einhver ósýnilegur andi hefði svifið yfir nefndinni, þegar hún samdi álit sitt. Eg hirði eigi um að geta til, hvaða anda hann átti við, en satt var það, að eins konar andi var yfir henni á meðan; það var íslenzkur andi, og með íslenzku viti skoðaði hún stjórnarfrumvarpið og samdi nefndarálitið. Þegar vèr Íslendingar lítum með íslenzku viti á stjórnarsamband, sem Ísland eigi að standa í við Danmörk, þá getur oss eigi skilizt, að nokkurt samband við Danmörku geti orðið oss farsællegt, annað, en að vèr höfum fullt jafn-

rètfi við Dani, hlýðum sama konungi, eigum ráðgjafa hjá honum og landstjóra hèr, báða með ábyrgð fyrir konungi og þingi hèr, því þingi, sem hafi vald til lagasetninga og fjárráð með konungi í öllum vorum málum. Sameiginleg mál þurfa eigi að vera nema örfá. Vèr erum svo fjarlægir Danmörku, að oss virðist ófært, að mestöll stjórn vor skuli vera þar, en enginn hafi ábyrgð hèr í landi fyrir konungi og þingi. Væri land vort komið suður undir Limagarðssíðu, þá er vitaskuld, að við mundum kjósa heldur, að eiga allt saman við Dani. Að stinga upp á gagnlegum breytingum á þessu stjórnarfrumvarpi, þykir mèr gagnslítið, því búast má við, að þeim verði eigi gaumur gefinn, og þeir, sem eru að búa þær til, hafa ekkert fyrir sèr um gagn af þeim, nema eingöngu trú og von. Sumir hafa spáð, hvernig fara muni, ef þingið aðhyllist eigi stjórnarfrumvarpið, þá muni stjórnin fara að leggja á oss skatta, eða setja oss þau sambands- og stjórnarlög, sem henni þóknast. Þessir menn geta ills til stjórnar vorrar, og þykir mèr það eigi hæfa. Sjórnin getur eigi lagt á oss skatta, nema því að eins, að hún legði áður frumvarp um það fyrir alþingi. Nú má gjöra ráð fyrir, að alþingi ráði frá, að það væri gjört að lögum; legði stjórnin skatt á engu að síður, þá færi hún að sem harðstjórar, er eigi sæta lögum. Þá get eg eigi heldur hugsað mèr, að stjórn vor þröngvi upp á oss stjórnarlögum; það væri og harðstjóra-háttur. Fyrir slíku gat nefndin eigi gjört ráð. Vèr trúum, að vèr eigum góða stjórn og rèttláta, og getum góðs til hennar, að hún muni veita oss það, sem vèr biðjum hana um, og oss skilst hún muni efalaust geta veitt. Þeir, sem því halda, að stjórnin muni fara illa með okkur, þykja mèr hafa ósæmilegar hugsanir um hana. Margir hafa talað hèr um, hversu dýrðlegt þetta frelsi sè, sem oss er boðið, og hversu heillaríkt það mundi verða. En hins vegar hefir margt verið talað um, hversu grunnhyggnir og vitlitlir þeir menn sèu, sem voru í nefndinni. Þegar eg hugsa um þetta, virðist mèr ekkert tilhlökkunarefni, að fá þetta frelsi, því líklegt er að mikill hluti þingsins verði fyrst um sinn eigi skipaður vitrari skepnum en þessir vitlitlu nefndarmenn eru, og þeir, sem halda með nefndinni, og er þá eigi gleðilegt að hugsa til þess, að slíkir menn ráði hèr lögum og lofum á þingi. Meðan eigi er völ á betri mönnum í landinu, sýnist vel mega bíða, þangað til meiri þekking og meira vit færist í kynslóðina.

Hjálmur Pètursson: Eg hefi haft nægilegt tækifæri til, að

skoða og bera saman rit þau, er liggja hèr fyrir framan mig, nefnilega nefndarálitið og frumvarp stjórnarinnar, sem margir munu kalla ólíkar bækur; og vil eg eins og sumir aðrir minnast fátt eitt á nefndarálit þetta, og ætla eg mèr hvorki að lofa það nè lasta; það mun bezt mæla með sèr sjálft, þó vil eg láta í ljósi þá meiningu mína, að eg álit, að nefndin eigi langtum heldur lof en last skilið fyrir þetta verk sitt, og síður en ekki get eg álitið þeim mönnum, sem hafa lastað nefndina og álit hennar, sum orð þeirra til sóma. Eg hefi aldrei fyrri heyrt nokkurri nefnd álasað fyrir, hvaða veg hún hefir valið til að færa ástæður fyrir áliti sínu, hitt er annað mál, ef ástæðurnar eru rangar; en að þetta eigi sèr stað í þessu nefndaráliti, það hafa þeir háu herrar, sem mest hafa mælt móti henni, enn ekki sýnt eða sannað.

Þegar eg sný máli mínu að stjórnarfrumvarpinu, sem eg nefndi og sem nú er hèr umtalsefnið, þá verður mèr að renna huga mínum yfir undanfarna tíma; á seinasta 20 ára tímabili, eða síðan 1850, hefir mál þetta verið 4 sinnum lagt fyrir þing hèr á landi og seinast árið 1867. Þegar eg nú ber saman frumvarp stjórnarinnar þá og nú, þá finnst mèr, að engum geti dulizt sá mismunur, sem er á þessum tveim frumvörpum; flestir munu játa, að frumvarpið 1867 hefði inni að halda þau skástu tilboð frá stjórninni til okkar Íslendinga, en þar á móti verð eg að álíta þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir, hafa verri tilboð, en nokkru sinni hafa áður komið. Það er langt frá mèr að álíta, að það bæti hag vorn Íslendinga, að ganga að þessu frumvarpi, því það miðar beint til að svipta oss því frelsi og þeim rètti, sem við eigum fullkomlega, og sem allir óvilhallir menn hafa viðurkennt og jafnvel Danir sjálfir, bæði beinlínis og óbeinlínis.

Þingmaður Vestmanneyja gat þess í ræðu sinni í gær eða í fyrra-dag, að það mundi gott ráð, að biðja stjórnina nú aptur um það sama eða líkt því, sem þingið 1867 bað um, en eg skil ekki, hvaða ástæður maður getur haft fyrir því, að vona, að hún veiti oss nú það, sem hún þverneitaði þá. Nokkrir þingmenn hafa og stungið upp á breytingum við frumvarpið. Eg hefi enn eigi sèð þessi breytingaratkvæði, og skal því eigi dæma neitt sèrstaklega um þau, en eg skil ekki, að slíkar breytingar geti haft neina þýðingu; því mèr finnst það vera beint á móti orðum þeim, sem standa í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að gjöra nokkrar verulegar breytingar, eins og opt er búið að taka fram, og sèr í lagi af hinum

hæstvirta konungsfulltrúa. Grein sú, sem hann las upp nýlega úr ástæðum frumvarpsins á bls. 6., finnst mèr svo skiljanleg, að hún þurfi ekki að misskiljast; þar segir nefnilega: «að breytingar þær, sem alþingi kynni að stinga upp á, geti því að eins orðið teknar til greina, að þær verði samrýmdar við grundvallarlög Danmerkur, frá 5. júní 1849». Eg ímynda mèr, að þeir sèu margir hèr á þingi, sem ekki kunna svo vel grundvallarlög Dana, að þeir geti verið vissir um, að breytingarnar samrýmist við þau; eg segi fyrir mitt leyti, að eg verð að frábiðja mèr, að samrýma nokkuð við þau lög, sem eg hef aldrei sèð og þekki ekkert. Eg er eigi skyldur að þekkja lög á útlendu máli, sem aldrei hafa verið birt hèr á landi, og eru hèr því alls ekki gildandi. Þetta og margt fleira í frumvarpi þessu gjörir það að verkum, að mèr finnst það með öllu óaðgengilegt. En eitt er enn, sem eg get ekki komizt hjá að minnast á, og sem út yfir tekur, þar sem á sömu 6. bls. er gjörð sterkasta tilraun til, að veikja það traust, sem alþingi hefir og á að hafa til orða konungsfulltrúans, þar sem segir, að konungurinn hafi að eins eigi viljað lýsa misþóknun sinni á þessu tiltæki hans, er hann ekki hafði heimild til. Þetta er hryggilegt! Eg skil nú ekki, hvernig menn geta vænt árangurs af þeim tillögum nú, sem ekki náðu samþykki stjórnarinnar 1867, þrátt fyrir allar þær tilslakanir, sem þá voru gerðar. Þingmaður Rangæinga hefir tekið það fram í tvo daga, að við ættum að taka við frumvarpi þessu fegins-hendi, af ótta fyrir öðru verra, eða að við síðar verðum að sæta enn þá verri kostum. En mig furðar það, að þessi útvaldi talsmaður ríkisþingsins, sem jafnvel hefir sagt, að það (ríkisþingið) muni fara lengra en lög leyfa í velgjörðum sínum til okkar, skuli geta hugsað svo vont í sínu hjarta. Sami þingmaður tók mikið ljóslega fram í gærkveldi, er hann minntist á ráðgjafa-ábyrgðina, að sá ráðgjafi, sem hefir meiri hluta þess þings eða þeirra þinga, er hann stendur í sambandi við og hefir ábyrgð fyrir, með sèr, situr í völdum, hvað sem minni hlutinn segir. Af þessu er ljóst, að þar sem skoðanir ríkisþingsins og alþingis væru ekki samdóma um gjörðir ráðgjafans, þar mundi ríkisþingið verða meiri hluti, sem ráðgjafinn þá hlyti að lúta, og mundi líka vera ánægður með að lúta, eða með öðrum orðum: hann mundi finna meiri hvöt til, að reyna að koma sèr saman við ríkisþingið, en hirða minna um, hvað alþingi segði. Mèr þykir nokkuð undarleg sú ásökun, sem hinn 2. konungkjörni þingmaður hefir veitt nefndinni fyrir reikninga hennar,

þar sem hann áleit, að hún hefði verið skyldug til að koma með mótreikning frá hálfu Dana á móti sínum eigin reikningi; þetta fæ eg með engu móti skilið að hafi verið köllun eða skylda hennar. Eg er viss um það, að ef 2 af undirsátum hins háttvirta þingmanns, sem ættu saman reikningsdeilu, kæmu til hans og beiddu hann úrskurðar, og annar sýndi með nægum rökum, — einkum ef hann væri minni máttar — að hann ætti peninga hjá hinum, þá mundi hann víst eigi krefjast þess, að hann einnig sýndi og sannaði, hvað hinn hefði kunnað að hafa látið úti, eða borgað í hans þarfir; þvert á móti mundi hann úrskurða, að sá, sem hefði við peningunum tekið, skyldi borga þá, ef hann sjálfur gæti eigi komið með annan mótreikning. Eg skil eigi, þar sem tveir menn eiga hlut að máli, að öðrum verði gjört að skyldu, að koma fram með allar skýrslur og sannanir fyrir viðskiptum þeirra frá beggja hálfu. Það eina, sem eg get fundið að við nefndina, er, að hún hefði átt að fara lengra og slá eigi neitt af fjárkröfum sínum; því eg get alls ekki álitið, að þau tilboð, sem felast í frumvarpi þessu í tilliti til sjálfsforræðis vors, séu þau kostaboð, að við eigum að bjóða fé fyrir þau, og menn verða að gæta þess, að Danir eru skyldir að láta oss fá rètt vorn og frelsi, án þess vèr gjöldum fé fyrir, því með peningum eigum vèr eigi að kaupa frelsi vort og sjálfsforræði; en eg veit, að nefndin hefir gjört þetta til að reyna að miðla málum, eins og hún hefir sagt í áliti sínu

Hallgrímur Jónsson: Eg verð því miður að játa það, að eg eigi hefi vit á máli þessu svo sem eg vildi; það þarf líka meira en meðalvit til þess, að geta sèð svo fram í ókominn tíma, hvað þá muni ske og ekki ske, það er að segja, ef frumvarpi þessu, sem hèr er til umræðu, verður hafnað eða það aðhyllzt. En svo hið heiðraða þing og þjóðin skuli eigi ætla, að eg sè alveg afskiptalaus um þetta mest áríðandi velferðarmál fósturjarðar minnar, þá vil eg segja eins og er, að eg eptir sannfæringu minni og eptir öllum þeim upplýsingum, sem fram hafa komið með og móti stjórnarfrumvarpinu og nefndaráliti þessu, þá er eg að hugsuninni og efninu öldungis samdóma nefndinni, en blærinn eða búningurinn á nefndarálitinu er má ske ekki eins þýður og fagur, sem eg hefði viljað óska; því eptir skammsýni minni get eg eigi sèð, að frelsi það og fjártillag, sem hèr ræðir um, sè í nokkurn máta betra en ástand það, sem við nú höfum. Það er sjálfsagt, að framfarirnar eru litlar og erfiðleikarnir eru margir, en það mun verða leitun á

þeim, hvort heldur þjóð eða einum einstökum manni, sem er ánægður með ástand sitt. Sumir hafa að vísu sagt, að það sè ekkert víst, að vèr fáum að halda því, sem vèr nú höfum, lengur eða hèr eptir, ef þessu frumvarpi verður hafnað, en þá er hitt heldur ekki víst, að vèr fáum nokkurn tíma að njóta þess, sem oss nú er boðið með frumvarpinu. Þó vil eg bæta því við, að ef þær breytingar við frumvarpið, sem ráðgjörðar eru, verða nokkuð til verulegra bóta, og þær einnig eru byggðar á svo föstum og áreiðanlegum grundvelli, að mèr verði sýnt og sannað með góðum og gildum rökum, að hann geti staðið stöðugur, þá mun eg einnig, ef eg sannfærist um þetta, gefa þeim atkvæði mitt. Enn fremur hefi eg ástæðu til að halda, að sjálfsforræði og fjárhagsaðskilnaður með þeim kjörum, sem oss eru boðin hèr, sè eigi svo áríðandi fyrir oss, eins og ástand vort er nú, eins og eg ætla að sumir hyggi. Vèr höfum eigi fengið allt með því, þó vèr fáum að ráða oss sjálfum, þegar það er með vanefnum, og eg er óviss í því, hvernig stjórn okkar Íslendinga yrði, ef til þess kæmi; eg er fremur hræddur um, að hún yrði fremur til að eyða fè, en koma á dugnaði og framtaki hjá oss, og eg get eigi annað en kviðið fyrir því fyrir eptirkomendur mína, að ef þegar verður gengið að þessu óviðunanlega sjálfsforræði og fjártillagi, þá muni þeir eptir fá ár flosna upp, eða, eins og menn kveða að orði, fara á sveitina til Dana.

Stefán Eiríksson: Það er nú búið að ræða þetta mál svo mikið, að það hefði verið má ske rèttast fyrir mig að standa ekki upp, enda ætla eg ekki neitt út í það sögulega eða lagalega í þessu máli. Þegar eg þá sný mèr að frumvarpinu um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, og ber það saman við þær óskir, sem voru í þessum 18 bænarskrám, sem komu til þingsins um þetta efni, þá ætla eg ekki að álasa nefndinni fyrir þá stefnu, sem hún hefir tekið í þessu máli, en óskir flestra ef ekki allra bænarskránna voru á þá leið, að þingið ekki gengi að órýmri stjórnarkjörum en þeim, sem það samþykkti 1867. Mig furðaði stórlega á því, að hinn háttvirti þingmaður Rangæinga skyldi kasta svo þungum steini á nefndina, þó hún tæki þennan veg, sem hún hefir farið, þegar sannfæring hennar kom saman við óskir þjóðarinnar í bænarskránum, þar sem hann einmitt í öðru máli hèr áður (spítalamálinu) lagði alla áherzluna á það, sem beðið var um í bænarskránum, nefnilega að nema úr lögum tilskipunina 10. ágúst

1868. Þegar maður nú skoðar frumvarpið, þá þarf maður ekki að lesa langt áfram, til þess að sannfærast um ágæti þess; maður þarf ekki nema að líta yfir aðra grein, og þá sè eg ekki betur eptir mínum bóndalega skilningi, en að öll stjórnarathöfnin og stjórnarábyrgðin sè eptir sem áður yfir í Danmörku, enda get eg ekki neitað því, að mèr þykir það lofsorð, sem hinir háttvirtu konungkjörnu þingmenn hafa lagt á þetta frumvarp, mjög lèttvægt, já, þeir hafa sagt sem svo: «þetta frumvarp er þó betra en ástandið sem er»; þessi lofsöngur hefði ekki þótt mikilsvirði, hefði hann komið fram frá prestunum, sem voru í nefndinni, en þegar það kemur fram frá lagamönnunum á þinginu, þá mun þingmanni Rangæinga þykja það góð og gild orð. Þá kem eg nú að 4. gr. Þar er nú talað um þetta tillag 50,000 rd., og sem eg verð að álíta allt laust tillag, því ríkisþingið getur tekið það alveg af okkur, þegar því þóknast, en það er annað verra við þessa fjárupphæð, að hún er ekki enn til nema á pappírnum, því ríkisþingið á eptir að samþykkja hana, og við vitum allir, hvernig komið er með það fjártillag, sem okkur var lofað í hinni konunglegu auglýsingu 31. maí 1867. Þar var oss lofað 37,500 rd. föstu árgjaldi, og 12,500 rd. lausu tillagi, og hvernig er nú þetta loforð efnt? á þá leið, að það er ekki til framar, og stjórnin lætur sèr nægja að segja í ástæðunum fyrir 4. gr., að þetta loforð verði að álíta eins og hver önnur mannaverk, sem ekki hafi verið sett um aldur og æfi, og sama getur orðið ofan á um þetta tillag; ríkisþingið getur fært það niður í 20,000 til 30,000 rd., og stjórnin svo sagt á eptir: «þetta loforð náði ekki lengra en til þóknanlegrar meðferðar ríkisþingsins». Eg játa það fúslega, að það var margur maður í fyrra á ríkisþingi Dana, sem tók mjög mannúðlega undir þetta fjármál, en aptur voru það nokkrir, sem svo að segja gjörðu spaug að þessum fjárkröfum vorum, og það er þó sannarlega ekki ætlandi menntuðum mönnum, að geta horft á okkur horaða og hungraða, á meðan þeir eru fullir og feitir af fè voru. Eg ætla þá ekki að segja meira í þessu máli, en vona, að þingið hafi skilið, hvernig eg mun greiða atkvæði, þegar til þess kemur.

Jón Sigurðsson: Fyrst eg bað mèr hljóðs á annað borð, verð eg með fám orðum að svara því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sveigði að mèr í ræðu sinni í gær. Hann vildi sem sè vefengja ástæður mínar fyrir því, að hin dönsku grundvallarlög væru hèr ekki gildandi. Eg skal nú ekki fara að þræta aptur við

hann um þetta; en eins verð eg að geta, að byggi menn gildi grundvallarlaganna fyrir Ísland á hlutteknigu hinna 5 Íslendinga í tilbúningi þeirra 1849, þá er auðsætt, að Íslendingar hafa verið sviptir rètti, er þeir voru eigi kvaddir til að eiga þátt í endurskoðun þeirra 1866. Þetta er hægt að sanna með einföldu dæmi. Ríkisfundur Dana 1849 hefir verið kallaður samkomulagsþing, og er það rètt, því á honum samdi konungurinn og hin danska þjóð á milli sín, og grundvallarlögin eru rètt nefndur samningur milli konungsins og þegnanna. Nú er annað-tveggja, að samningurinn var bindandi fyrir Ísland eða bindandi ekki. Væri hann bindandi, er auðsætt að honum varð eigi breytt án Íslendinga samþykkis. Nú með því að enginn var kvaddur fyrir Íslands hönd til að taka þátt í endurskoðun grundvallarlaganna 1866, er auðsætt, að Danir hafa ekki álitið þau bindandi fyrir Ísland. Um hinar aðrar ástæður fyrir gildi grundvallarlaganna ætla eg ekki að tala, því eg hygg, að engir muni geta þýðzt þær nema þeir, sem forskrúfaðir eru í dönskum ríkisrètti. Þá hafði konungsfulltrúi það á móti rökum þeim, er eg færði um daginn fyrir rèttindum Íslands, að hèr ætti eigi við að fara í strängustu rèttarkröfur, heldur yrði að byggja á hinu núverandi factiska rèttarástandi landsins. En má eg spyrja: hvert er þetta factiska rèttarástand? Þetta er sá reykur, sem Danir og danskir Íslendingar hafa vaðið í næstliðin 20 ár. Þaðan eru sprottnar allar hinar ófugu og óhöndulegu tilraunir hinnar dönsku stjórnar, að koma á hjá oss skipulegu stjórnarfyrirkomulagi, og sannarlega sýna þessar tilraunir, á hversu hvikulum grundvelli þær hafa verið byggðar. Eg vil taka til dæmis, að 1851 var okkur boðin stjórnarbót, en ekki minnzt á fjárhagsskilnað. Aptur 1865 var okkur boðin fjárhagsaðskilnaður, en ekki stjórnarbót. En aptur 1867 kom stjórnarbótin, en ekki fjárhagsaðskilnaðurinn. Og nú loksins eru bæði þessi mál komin fyrir þingið í einum hrærigraut. Þetta held eg sè nóg til að sýna, hvern reyk Danir vaða í rèttarástandi voru, og held eg þeim hefði verið hollara, að líta fram í birtuna, og gæta betur rèttinda vorra. Eg skal fúslega játa, að taka eigi sèrstakt tillit til vors factiska rèttarástands, svo sem til fjarlægðar landsins frá aðsetri konungsins, fátæktar landsbúa, örbyrgðar náttúrunnar fremur hèr en í Danmörku, sèrstakrar tungu, og sèrstaks þjóðernis, m. m. Þetta er það ástand, sem Danir ættu að taka sèrstakt tillit til, þegar þeir eru að semja stjórnarskipun vora, og þeim ætti að geta skilizt það, að oss muni naumast auðið stórra þrifa eður framfara, í þeim

föstu faðmlögum, sem þessi frumvörp, er hèr liggja fyrir, bjóða oss. Svo munum við helzt þrífast, að Danir leiði oss að eins við hönd sèr, þó við sèum lægri og minni máttar.

Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður bar það á mig og þingmann Norður-Þingeyinga, að við hefðum játað, að það, sem boðið er í frumvörpum þessum, sè betra en ástandið, sem nú er. Jú, við munum kannast við þetta; en hinn háttvirti þingmaður hefir merkilega villzt, ef hann hyggur, að við munum þar fyrir vilja skipta ástandinu, sem nú er, við frumvörpin; því við álítum, að hèr sè svo lítið að munum, að eigi sè áhættandi að hreifa sig úr þeirri stöðu, sem maður hefir nú tekið, móti þeim óvissa hagnaði, sem frumvörpin fram bjóða, og þetta er einmitt það, sem heldur okkur fast við nefndarálitið.

Þá verð eg að svara þingmanni Rangæinga nokkrum orðum. Hann og fleiri þingmenn hafa viljað kenna þinginu 1867 um það, að stjórnarbótarmáli voru er ekki enn til lykta ráðið. Þessu verð eg alveg að mótmæla. Menn muna, hvernig á stóð 1867, að stjórnin lagði þá fyrir þingið stjórnarbótina í heild sinni, en ekki tvískipta, eins og nú er tilfellið. Eg skal fúslega játa það, að frumvarpið 1867 var býsna-frjálslegt í flestum greinum, og þingið hafði alveg óbundnar hendur, að fara með málið að vild sinni, eins og hinn hæstvirti konungsfulltrúi veit. Eg var á þingi 1867, en þingmaður Rangæinga ekki, svo eg á að geta vitað betur um það, sem þá fór fram, en hann, og eg get vitnað það með sanni, að nefndin í stjórnarbótarmálinu 1867, og þingið í heild sinni, gjörði sèr allt far um, að nálgast stjórnarfrumvarpið og konungsfulltrúa sem mest. Það er því alveg ástæðulaust, að gefa þinginu að sök, að stjórnarbótin er eigi á komin, því það er stjórnarinnar sjálfrar eigin sök, sem hèr, eins og optar, hefir sýnt mjög mikinn hvikulleik í ályktunum sínum. Það þarf eigi annað en skoða gang stjórnarbótarmálsins síðan 1865, til að sannfærast um þetta. Frumvarpið 1867 var byggt á allt öðrum grundvelli en 1865, og þau frumvörp, sem nú liggja fyrir, eru í raun rèttri byggð á annari undirstöðu en frumvarpið 1867. Þingmaður Rangæinga dró af þessu rammskakka ályktun. Hann sagði nefnilega, að af því það, sem nú er boðið í stjórnarfrumvörpunum, er verra en það, sem boðið var 1867, þá mætti ganga að því vísu, að stjórnin yrði enn verri viðureignar aptur seinna. Nei! ef reikna skal eptir aðförum stjórnarinnar í þessu máli, þá er það conseqvent, að af því, það

er verra, sem hún hefir á boðstólum núna, heldur en í hitt eð fyrra, þá eigum við að fá betra tilboð 1871. Annars held eg, að þingmanni Rangæinga sè ofvaxið, að reikna út fyrirætlanir stjórnarinnar í þessu máli, hversu kunnugur sem hann annars er henni. Það var ýmislegt fleira hjá þessum heiðraða þingmanni, sem lýsti því, að hann neytti yfirburða sinna yfir aðra menn í stjórnfræði, ekki til að fræða þingið, heldur til að gamna sèr með orðaleik, Sagan, sem hann sagði, um Staðarhóls-Pál, var alveg rètt, en ályktun sú, sem þingmaðurinn dró af henni, var röng; »skipið er nýtt, en skerið er hró», sagði Páll, og þetta vildi þingmaðurinn skilja svoleiðis, að alþingi væri skipið, en ríkisþingið skerið. Nei! eptir skoðun þingmannsins, er Ísland og rèttur þess »gamalt hró», en ríkisþing Dana »nýtt skip». Naumast þarf að efast um það, að Danir þori að sigla skipinu, einkum þegar þeir hafa því líka háseta sem þingmann Rangæinga og hinn 2. konungkjörna. En þótt eg verði naumast kvaddur til að vara Dani við óförum, verð eg að geta þess, að þeir hafa kollsiglt sig, og það með hinn háttvirta þingmann Rangæinga sem háseta.

Eg skal eigi fara langt inn á þetta frumvarp, sem hèr liggur fyrir, en lítið eitt verð eg þó enn að minnast á fjártillagið, sem þar í er fram boðið. Um lausatillagið er ekkert að tala. Eg skal fúslega játa, að það er vel boðið, og við getum reiknað út fyrir fram, hvað það hrökkur til, og hvað með það verður gjört. En allt öðru máli er að gegna, um þetta svo kallaða fasta tillag. Það er nú reyndar búið að sýna, að það er ekki fast nema á pappírnum. En hèr við er annar hængur verri, að af því að veiting þessara 30,000 rd. er byggð á rammskökkum grundvelli, það er að skilja á þeim grundvelli, að það sè náðargjöf, en ekki skuld, sem við eigum hjá Dönum, þá erum við Íslendingar gjörðir að ölmusumönnum. Það væri nú sök sèr, hversu dramblátir sem við annars erum, þó við þyrftum að beygja okkur einu sinni fyrir þessari náðarveitingu. Því líka þrekraun vinnur maður fyrir 30,000 rd. En eg bið menn vel að gæta þess, að við hljótum að bera okkur sem ölmusumenn hèðan í frá, og beygja okkur á hverju ári til að geta haldið þessari náðarveitingu Dana. Eg skal ekki gjöra Dönum neinar gersakir um það, að þeir muni taka tillagið frá okkur um skör fram; en það verð eg að segja, að eitthvað er óþægilegt við það, að ætla að fara að eiga með sig sjálfur, en vera þó ölmusumaður. Eg veit að þingmaður Rangæinga er góður reikningsmað-

ur, og mun hann hafa tekið eptir því, að þetta 30,000 rd. tillag Dana gjörir hèr um bil 42 sk. fyrir nef hvert á Íslandi. Nú vil eg spyrja hinn háttvirta þingmann, hvort hann vill vinna það til 42 sk. á ári fyrir sig og sína afkomendur, ef honum verður að segja nokkurra auðið, að heita jafnan ölmusumaður Dana. Eg skal aldrei lá honum það, þó hann hafi matarást á Dönum; og þó eg hafi jafnan verið svo heppinn, að vera heldur veitandi en þiggjandi, þá þekki eg vel, hvað matarástin getur orðið sterk. En að þingmaðurinn vilji vinna það fyrir 42 sk., að ganga í sífelldum hungurkeng hèðan í frá, það er miklu meira lítillæti, en eg get ætlað honum.

Benedikt Sveinsson: Til þess að gjöra mèr ómak fyrir því, að vera sem orðfæstur, ætla eg einungis að taka fram breytingaratkvæði þau, er eg ráðgjörði í fyrra-dag. Eg ætla að halda mèr við hið konunglega frumvarp um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu og við nefndina, sem bezt eg get; og að öðru leyti vil eg áskilja mèr rètt til að orða breytingaratkvæði mín síðar nákvæmar. Í stað niðurlagsatriða nefndarinnar vil eg beiðast þess, að frumvarpið verði lögleitt með þeim breytingum, er eg vil stinga upp á. Í staðinn fyrir 1. grein frumvarpsins vil eg setja 1. greinarnar úr frumvarpi þingsins og stjórnarinnar frá 1667. Eg skal nú leyfa mèr að lesa upp breytingaratkvæði mín:

1. gr.

«Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum. Um ríkiserfðirnar, rètt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans, viðtöku við ríkisstjórninni, um ríkisstjórn í forföllum konungs, og um það, er konungdómurinn er laus, er 1., 4., 5., 6., 7. og 8. gr. í hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danmerkurríkis, dags. 5. dag júním. 1849, sem út eru gefin 28. dag júlím. 1866, sem hèr eru við festar, einnig lög á Íslandi».

2. gr.

«Áður en konungur tekur við stjórn, skal hann heita með skriflegum eiði í ríkisráðinu, að halda óbrigðanlega hin sèrstaklegu stjórnarskipunarlög Íslands. Af heitorðinu skulu gjörð 2 frumrit samhljóða, og skal annað þeirra sent alþingi og geymt í skjalasafni þess, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafninu».

3. gr.

«Í öllum þeim málum, sem eru sameiginleg með Íslandi og

Danmörku, það er að segja, sem um er rætt í 1. grein, eða þeim sem snerta konungsmötuna, lífeyri handa konungsættinni, enn fremur viðskipti ríkisins við önnur lönd, vörn ríkisins á landi og sjó, ríkisráðið, réttindi innborinna manna, myntina, ríkisskuldir og ríkiseignir, svo og póstgöngur milli Danmerkur og Íslands, hefir Ísland löggjöf og stjórn saman við konungsríkið.

Í þessum málum, sem sameiginleg eru með Íslandi og Danmörku, tekur Ísland engan þátt fyrst um sinn, hvorki í stjórn þeirra né löggjöf, né heldur byrðum þeim eða gjöldum, sem af þeim leiðir, þangað til hagur landsins er kominn í það horf, að það leggi til almennra þarfa Danaveldis, en þá skal ákveðið með lögum, sem ríkisþing Dana og alþingi samþykkir, um hluttöku Íslands í löggjöf og stjórn sameiginlegra mála og um fjártillag til þeirra og byrðir frá Íslands hálfu. Að öðru leyti skulu lög um hin sameiginlegu málefni þá fyrst gild á Íslandi, er þau hafa verið birt þar á dönsku og íslenzku».

Hvað hin sameiginlegu málin snertir, þá fer eg þannig sem sagt bæði eptir frumvarpi stjórnarinnar og frumvarpi þingsins 1867. Hin sérstöku mál Íslands vil eg telja upp, eins og gjört er í frumvarpi stjórnarinnar. Þá kemur að takmörkunum milli hinna sameiginlegu og hinna sérstöku mála. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir reyndar gefið þá skýringu um síðasta lið 3. greinar, sem má ske kann að þykja fullnægjandi, en þó vil eg stinga upp á, að ný grein komi í staðinn, á þá leið, að þetta skuli ákveða með lögum, sem bæði ríkisþingið og alþingi samþykkir. Þá kemur nú það, sem mest er umvarðandi, og það er 2. grein stjórnarfrumvarpsins um ráðgjafa-ábyrgðina. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sjálfur játað, að þessu atriði væri örðugt að koma heim, svo vel fari, og að breytingar í þessu efni mundu verða teknar til greina, yrði þeim haganlega fyrir komið. Eg hef nú reynt að rýma saman skoðanir stjórnarinnar og þingsins, og vil eg leyfa mér að orða fyrstu málsgrein svona:

«Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, sem ríkisþingið og alþingi samþykkir, felur konungur annaðhvort einhverjum af ráðgjöfum sínum, eða sérstökum ráðgjafa, þau sérstök íslenzk málefni, sem útheimta staðfestingu konungs, sem ráðgjafa fyrir Ísland. Jafnt og», o. s. frv.

Annari málsgrein vil eg halda óbreyttri, en þriðju málsgrein vil eg breyta þannig:

«Hið æðsta vald á Íslandi skal að öðru leyti fengið í hendur landsstjóra, sem konungur skipar, og fer um ábyrgð hans, eins og stendur í stjórnarskránni um hin sèrstaklegu málefni Íslands».

Þá kemur nú 7. grein hjá mèr, eða 4. grein frumvarpsins. Fyrstu málsgrein vil eg halda óbreyttri, en annari málsgrein vil eg breyta þannig, að fyrir: «30,000 rd.» komi: «50,000 rd.», fyrir: «10,000», komi: «12,000» og fyrir: «30», komi: «32». Eg verð að lýsa því yfir, nú sem fyrri, að það er neyðarúrræði, að binda sig við fjártillagið. Eg fyrir mitt leyti er jafnfús á að halla mèr að stórum sem litlum tölum, og skal mig ekki greina á við þingið um það efni. Þá kemur 8. grein hjá mèr, sem er 5. grein frumvarpsins; henni vil eg halda óbreyttri, en bæta við: «skattgjöldum og tollgjöldum». Þá kemur 9. grein hjá mèr, sem er 6. grein frumvarpsins; henni vil eg halda óbreyttri. 7. grein fellur burt, því hún felst í greinunum, sem eru á undan komnar. 8. grein vil eg halda óbreyttri, nema fyrir aptan orðin «á enda kljáð» vil eg benda til eður vísa inn í greinina um fjártillagið til samanburðar og skilningsauka. Einnig er eg samdóma hinum háttvirta þingmanni Rangæinga um, að önnur málsgrein 8. greinar eigi að falla burt. Hvað 9. grein snertir, þá vil eg halda henni óbreyttri, nema fella úr orðin: «þau skulu ásamt hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danmerkurríkis, dagsettum 5. júním. 1849»; því það flýtur af innihaldinu í fyrstu greinunum, að þetta verður óþarft. Eg skal játa, að eg hefi tekizt mikla ábyrgð og vanda á hendur bæði gagnvart þinginu og þjóðinni, að bera upp þessi breytingaratkvæði, en eg vona, að þau beini málinu í þá miðlunarstefnu, sem fram á að koma. Eg vil því vona, að eg hafi enga þingsafglöpun gjört, eður það, sem eigi geti samrýmzt með rèttu formi, því að tilgangur minn er að samtengja stjórnarfrumvarpið og nefndarálitið sem mest má verða. Eins og eg hefi bent á, vil eg bera upp 2 niðurlagsatriði: nefnil. 1., að frumvarpið verði gjört að lögum með þeim upptöldu breytingum, og 2. að ef hans hátign konungurinn ekki getur fallizt á breytingar þessar, að þingið þá ráði frá því, að frumvarpið verði að lögum gjört, nema alþingi á Íslandi hafi fallizt á það. Eg vona sem sagt, að uppástungur þessar verði eigi rèttilega felldar af formlegum ástæðum, en hvað efnið snertir, þá held eg það verði því síður gjört. Þingið verður að gæta þess, að það er ímynd þjóðarinnar í heild sinni, og hans hátign konungurinn er einnig hèr til staðar í salnum gegnum fulltrúa sinn.

Vèr erum hèr til þess, að konungurinn geti talað og samið við Íslendinga. Vèr verðum að gæta vel að því, að vèr erum hèr, til þess að finna heillavænleg ráð fyrir þjóð og konung vorn, svo það samkomulag geti komizt á, sem heill vor og hamingja er undir komin í bráð og lengd. Að öðru leyti skal eg geta þess, að breytingar mínar við frumvarpið eru engan veginn svo verulegar, og sèst þetta glöggt, þegar maður ber saman hinar einstöku greinir frumvarpsins við breytingaratkvæðin. Á hinn bóginn er eg sannfærður um, að ef breytingar mínar komast að, þá muni þær finna Anklang eða meðhald hjá landsmönnum, því þær eru byggðar á grundvellinum, sem lagður var 1867. Eg tek það enn og aptur fram, að vèr sitjum hèr til þess að finna sannleikann. Vèr megum hvorki slaka of mikið til, nè halda rètti vorum allt of fast fram. Vèr eigum að þræða þann meðalveg, sem óspillt hjartalag og heilbrigð skynsemi segir manni að rètt sè. Eg er sannfærður um, að ef Íslendingar ganga þennan veg, þá munu og bræður vorir Danir slaka til. Eg þekki vanmátt minn, en þess vildi eg óska, að eg með hverju orði og atviki í máli þessu gæti stuðlað til vináttu og bróðurhuga milli Dana og Íslendinga. Eg ætla ekki að fara að þreyta mælsku eða fyndni við þingmenn, því orðakappið bætir hvorugan málstaðinn, og verður hvorugum til sóma.

Torfi Einarsson: Eg ætla nú ekki að lengja þingræðurnar mikið í þetta sinn, en það var í gær sagt af hinum hæstvirta konungsfulltrúa og fleirum þingmönnum, að sá grundvöllur, er stjórnarfrumvarpið hvíldi á, væri 1. grein frumvarpsins frá 1867, að Ísland sè óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum. Eg gaf atkvæði mitt fyrir þessari grein 1867, en á henni hafa menn nú viljað byggja, að ekki megi breyta neinu í frumvarpinu, að minnsta kosti ekki í grundvallaratriðum þess, og sè eg á því, að maður verður að gefa atkvæði sitt með varúð, ef ekki á að verða byggt á því það, sem maður aldrei hefir búizt við. Eg hlýt að hafa misskilið þessa grein, því eg hèlt hún benti á, að tryggja frjálsræði Íslendinga í þeirra sèrstöku málum; en það er úr henni búið til svo fast band milli Íslands og Danmerkur, að vèr erum alveg bundnir í faðmlögum Dana. Ráðgjafa-ábyrgðin verður eilíft vandræðamál, ef ráðgjafinn á að sitja í Kaupmannahöfn, og tók hinn háttvirti þingmaður Mýrasýslu það greinilega fram, hversu harðlæstir við yrðum saman við Dani eins eptir sem áður.

Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður, er var svo langorður um parlamentið í gær, stakk upp á seinast í ræðu sinni, ef eg skildi hann rètt, að bæta tveimur stjórnarherrum við hlið landstjórans, er þannig virðist eiga að vera eins konar ábyrgðarlaus jarl. Þá sveimaði hinn háttvirti þingmaður fyrir hugskotssjónum mínum sem sá ráðgjafi, sem ekki hefði aðra ábyrgð en þá, sem felst í löggjafarvaldi þingsins, og þetta gæti eg skilið að hefði nokkuð að þýða, því þá gæti hann ekki lagt 100,000 rd. á munaðarvöru, og ekki skipaskattinn o. s. frv., nema hann hefði meiri hluta þingsins sèr fylgjandi, en þá þyrfti hann sjálfsagt að mega ráða, hvað jarlinn samþykkti og hverju hann neitaði, til þess landsstjórnin færi fram með þeirri festu og stillingu, sem nauðsynleg er. Annars þarf það ekki langrar útlistunar við, hvað kunnugur högum landsins og alúðarfullur að efla gagn þess ráðgjafinn í Kaupmannahöfn verði, eg meina þessi ráðgjafi eptir stjórnarfrumvarpinu, sem á að annast Íslands mál í hjáverkum sínum.

Helgi Hálfdánarson: Af því eg, eins og þegar er skýrt frá, ásamt þingmanni Gullbringusýslu, á þátt í breytingaratkvæðum þeim, er hinn háttvirti þingmaður Árnesinga bar fram fyrir þingið nú fyrir skemmstu, vil eg geta þess, er honum gleymdist, þar sem vèr höfum tekið 3. grein þingfrumvarpsins 1867 upp í uppástungu vora, höfum vèr þó ekki tekið hana óbreytta, heldur með nokkurri breytingu, og vildum vèr með því taka það fram, er stendur í 7. gr. í frumvarpi stjórnarinnar. Vèr játum fyllilega, að þegar um sameiginleg mál er að ræða, þá verður ríkisþinginu ekki með neinu móti neitað um atkvæði; en til jafnrèttis virtist oss það hins vegar heyra, að alþingi einnig skyldi hafa atkvæði um slík mál, og höfum vèr því bætt orðunum »og alþingi« inn í. Vèr viljum, að greinin skuli enda þannig: »En þá skal ákveðið með lögum, sem ríkisþing Dana og alþingi samþykkir, um hluttöku Íslands í löggjöf og stjórn sameiginlegra mála og um fjártillag til þeirra og byrgðir frá Íslands hálfu«. Í 2. greininni höfum vèr og stungið upp á breytingu á ákvörðuninni um ráðgjafann á þann hátt, er hinn háttvirti þingmaður Árnesinga nýlega las upp. Oss væri kært að heyra, hvernig þingmönnum geðjast þessi breyting, og hvernig hinn hæstvirti konungsfulltrúi lítur á hana. Lítist þinginu að gjöra breytinguna á einhvern annan hátt, er fullnægi tilgangi vorum, þá mun eg ekki ófús á að aðhyllast það. Breytingaratkvæðið um landstjórann virðist oss nauðsynlegt af þeirri ástæðu, að oss fannst á-

kvörðunin eiga heima í sèrstöku málunum, en ekki hinum sameiginlegu. Ef hinn háttvirti konungsfulltrúi og þingið ekki skyldu fallast á uppástungu vora um ábyrgð landstjórans, er eg einnig fús á, að aðhyllast breytingaratkvæði í því tilliti.

Hvað fjártillagið snertir, virðist oss bæði nauðsynlegt og sjálfsagt, að það skuli komið undir atkvæðum ríkisþingsins og alþingis. Við höfum stungið upp á, að hækka skuli hið fasta tillag til 50,000 rd., og að hið lausa skuli vera 10,000, og getur sú breyting vissulega ekki álitizt að raska grundvelli frumvarpsins. Þetta er einmitt sú upphæð, sem sumar af bænarskránum frá landsmönnum fara fram á, og sem stjórnin sjálf stakk upp á, þegar hún lagði málið fyrir ríkisþingið seinast, og sem fèkk þar meðmæli í fyrstu. Eg neita því ekki, að eg helzt vildi 60,000 föst, og álít þá upphæð sannarlega nauðsyn, en vèr höfum stungið upp á minni upphæðinni til að vægja til og miðla málum.

Eg játa fúslega, að margt og mikið kann að vera breytingaratkvæðum þessum ábótavant, og er eg manna fúsastur til, að aðhyllast þær endurbætur, er þingið kann að gjöra á þeim. En eg fæ ekki sèð, að þær haggi grundvelli stjórnarfrumvarpsins, svo að menn þurfi að óttast, að þær verði árangurslausar af þeirri ástæðu. Eins og eg hefi áður tekið fram, get eg ekki fylgt þeirri skoðun, að engu megi breyta í frumvarpinu, þar sem bæði er margítrekað í ástæðunum, að þingið eigi að segja álit sitt um frumvarpið, og þar næst beinlínis gjört ráð fyrir breytingum, auk þess sem stjórnin óbeinlínis hefir gjört það með því, að undan taka grundvöllinn, sem það einasta, er ekki megi breyta.

Að vèr ekki megum breyta honum, það er að skilja, ekki raska stöðu vorri í ríkinu eða grundvallarlögum samþegna vorra Dana, virðist mèr sjálfsagt ; en eins augljóst finnst mèr það, að vèr megum breyta því eptir þörfum vorum, sem fyrir utan þennan grundvöll liggur. Með því er einkis manns rètti hallað, og eins og það því liggur í eðli málsins, eins virðist mèr fram komin full rök fyrir, að það einmitt hafi verið meining stjórnarinnar, að vèr eigum að stinga upp á slíkum breytingum, þar sem oss virðast þær nauðsynlegar. Vèr eigum ekki að biðja um annað en það, sem nytsamt er og hagfellt, eins og stjórnin segir. En að segja, eins og allt af er verið að klifa á, að vèr ekki megum breyta neinu í frumvarpi stjórnarinnar, það sýnist mèr vera það, sem menn í hugsunarfræðinni kalla «petitio principii». Sumir þing-

menn hafa sagt, að engar verulegar breytingar mætti gjöra við frumvarpið, en það getur mèr ekki heldur sýnzt rètt. Vèr megum gjöra allar þær breytingar, sem ekki hagga grundvelli frumvarpsins; en hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sagt, að grundvöllur frumvarpsins væri sá: «Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum». Þar sem hinn háttvirti framsögumaður sagði, að sumir þingmanna hefðu borið nefndinni það á brýn, að hún hefði eigi fært nægar ástæður fyrir niðurlagsatriðum sínum, þá er þetta að mínu áliti satt um nefndina. Hún hefir að vísu fært ástæður fyrir því, að frumvarpið sè ekki aðgengilegt, eins og það er, ef það er látið óbreytt; en fyrir hinu hefir hún eigi fært neina næga ástæðu, að nauðsyn beri til að hafna því með öllu. Út af því, sem eg hafði móti orðatiltækinu, að «mótmæla allra þegnsamlegast», hefir þegar spunnizt töluverð umræða; en þó eg talaði nokkuð ákaft móti orðatiltæki þessu, vona eg, að eg hafi eigi við haft nein meiðandi orð við nefndina. Ef svo hefði verið, þætti mèr engin óvirðing að biðja hina heiðruðu nefndarmenn fyrirgefningar á því; en eg vona, að það hafi alls ekki verið svo, þótt eg á hinn bóginn verði að játa, að þessi orð nefndarinnar snertu mig mjög óþægilega. Eg vil nú innilega biðja þingmenn að íhuga vandlega breytingar þær, sem þegar eru fram bornar við frumvarpið, því þær gætu að minni hyggju orðið til þess, að hrinda málinu í rètt horf; en ef menn köstuðu frá sèr frumvarpinu, gæti farið svo, að þetta þing hljóti þá sorglegu frægð, að frá því verði síðar meir reiknað nýtt timabil, þyngra en nokkurt á undan, í hörmungasögu þessa vors auma föðurlands. Eg óska af alhuga, að þetta velferðarmál lands vors fái hin heillavænlegustu afdrif, og þess vegna er mèr svo annt um, að þingið gjöri eitthvað annað við málið, en að kasta því frá sèr.

Jón Hjaltalín: Eg skal ekki verða langorður að þessu sinni, nè heldur kasta þeim hnútum frá mèr aptur, sem fleygt hefir verið í mig af sumum þingmönnum; eg er óhræddur fyrir þess konar skeytum, og stend brynjaður fyrir þeim árásum þingmanna, er svo koma fram, hvernig sem þeir láta; það kæri eg mig ekkert um. Eg stóð eingöngu upp til þess, að lýsa því yfir fyrir þinginu, að eg er fallinn frá breytingaratkvæði mínu um meðstjórnendur, því að þótt eg vel viti, að svona er þetta í sambandslöndum Engla og Frakka, að þar hefir Gouverneuren meðstjórnanda, sem mætir á þinginu og er ansvarlegur fyrir því; og þess vegna

vakti þetta fyrir mèr, þegar eg tók mèr breytingaratkvæðið, en sem sagt fèll eg frá því, þegar eg gætti í landshagsskýrslurnar og sá, að það er að eins 5 rd. styrkur, sem læknasjóðurinn hefir úr Strandasýslu, í staðinn fyrir að það ætti að vera 90 rd., því held eg, að það mundu ekki verða rífleg laun, sem meðstjórnendurnir fengju. Að öðru leyti vil eg geta þess, að eg hefi í hyggju, að sameina mig þeim heiðruðu þingmönnum, sem með góðu vilja hrinda máli þessu í rètt horf. Því var skotið að mèr hèr í salnum í dag, að framsögumaður mundi gjöra næsta lítið úr reikningi þeim, sem eg bar fram hèr í salnum fyrir skömmu; en af því hann hefir ekki borið mèr þetta á brýn í ræðum sínum, þá skal eg geyma mèr rètt til, að svara honum við ályktarumræðuna, ef hann þá verður búinn að láta þetta í ljósi við mig.

Jón Pètursson: Eg skal að eins leyfa mèr nú að tala fá orð um ábyrgðina, því eg sè, að margir þingmenn hneykslast á því, hvernig henni er komið fyrir í frumvarpinu. Það verður æfinlega illt að koma henni fyrir, og gjörir það fjarlægð lands vors frá Danmörku, þar sem konungurinn er. Eptir því sem mig minnir, þá vildi þingið í hitt eð fyrra, að ábyrgðin í Íslands sèrskildu málum væri hjá ráðgjafanum fyrir Ísland og landstjórninni hèr í sameiningu; en eins og stjórnin hefir sagt, og hver maður verður að sjá, þegar þetta er greinilega skoðað, þá er slíkt fyrirkomulag ógjörlegt. Gæti menn nú að því, hver starfi ráðherra er yfir höfuð, þá getur hann skipzt í 2 flokka, annar er sá, að útvega samþykki eða undirskript konungs í þeim málum, er konungsúrskurð þarf í, og sömuleiðis sjá um, að lögunum sè framfylgt eða hlýtt, og hinn, að eigi sè farið órèlega með peninga landsins, heldur að farið sè með þá eptir fjárlögunum.

Gæti menn nú þar næst að ástæðunum fyrir 2. grein í frumvarpinu um stjórnarskrá Íslands, þá segir þar með berustu orðum, að það sè áform konungs, að veita Íslandi svo yfirgripsmikið umboðslegt sjálfsforræði, sem rýmt verði við hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu, og að leggja hin æðstu úrslit allra hinna sèrstaklegu málefna, þar sem ekki þarf úrskurðar konungs sjálfs, undir stjórnarvald, sem hefir aðsetur sitt í landinu sjálfu. Landstjórinn á því að fá allan þann hluta af ráðherravaldinu, er lýtur að því, að sjá um það, að lögunum sè framfylgt eða hlýtt, en hann vantar einungis þann hlutann af ráðherrastörfunum, sem fólginn er í því að fá samþykki konungs eða undirskript hans undir það,

er til konungs úrskurðar kemur, en að hann eigi hefir þennan hluta ráðherrastarfanna, kemur beinlínis til af því, að hann á að vera hèr settur, og er því hitt ómögulegt. Ráðherrann er því í rauninni ekkert annað, en Referent, og þetta var einmitt það, er þingið 1867 óskaði að hann yrði, þó það eigi gæti gjört sèr ljóst, hvernig því yrði komið heim. En nú stendur í stjórnarfrumvarpinu, að landstjórinn eigi að vera á ábyrgð ráðgjafa íslenzku málefnanna, og það hneykslar menn; en þetta getur eigi verið öðruvísi. Landstjórinn hlýtur að ábyrgjast ráðherranum, er á að bera málin upp fyrir hans hátign konunginn, að hann skýri honum rètt frá þeim. En fyrir utan það, sem landstjórinn þannig hefir ábyrgð á stjórn sinni gagnvart ráðherranum, má og draga hann til ábyrgðar fyrir hana og eins fyrir framkvæmd hans á því valdi, er ráðgjört er að hann fái í konungsins nafni, með því að klaga hann fyrir konungi beinlínis; en þessi störf eru eptir eðli sínu nokkuð ólík, og því hefir konungur áskilið sèr að ráða því í hvert skipti, hvernig þessari ábyrgð yrði framkvæmt eptir því sem á stæði. Eg get nú ekki ímyndað mèr, hvernig þessu verður frjálslegar komið fyrir, en gjört er; menn mega eigi beinlínis blína á orðin í frumvarpinu sjálfu, menn verða og að gæta að ástæðunum. Mönnum kynni að þykja það frjálslegra, ef vèr værum settir í persónulega Union við Dani. En þá ætti hèr að setjast vísikonungur, er hefði hirð í kring um sig, væri ábyrgðarlaus sjálfur, og hefði sína ráðherra; en hvernig mundum vèr geta staðizt slíkan kostnað? Ef vèr værum menn til þessa, þá gæti það að vísu orðið Dönum talsverður hagur, því einhver af konungsættinni, er Danir launuðu, ætti þá að verða fyrir því, en það er öðru nær, að vèr sèum menn til þess. Að landstjórinn einn hafi alla ábyrgðina af því, að fjárhagslögunum sè fylgt, sýnist mèr sjálfsagt, enda er það og eptir frumvarpinu, samanbornu við ástæðurnar, og mèr virðist að hann ætti að hafa þar ábyrgð gagnvart alþingi, og eg ætla mèr að bera upp viðaukaatkvæði við 3. gr. í stjórnarskránni í þessa átt; en það kemur eigi eiginlega þessu máli við.

Eg hefi nú minnzt á þetta til þess, að þeir, sem þykir þetta fyrirkomulag ófrjálslegt, skuli bera upp breytingaratkvæði áður en ályktunarræðan fram fer; það væri gaman að sjá, að þeir gætu komið þessu betur fyrir, en giört er í frumvarpinu.

Forseti: Það er eitt atriði í þessu máli, sem opt hefir verið hreift við, en ekki tekið svo ítarlega fram hingað til, að mèr finnst,

sem skyldi, og það er. Til hvers erum vèr að ræða þetta mál? Það er til þess, að semja um nýja stjórnarskipun handa þessu landi. Eg vona, að allir hinir háttvirtu þingmenn sèu mèr samdóma í því, að þessi hin nýja stjórnarskipun verði að vera löguð eptir þörfum lands vors, eptir vorum þjóðlegum rètti og kröfum, ef hún á að verða oss að fullum notum. Eg vona og, að hinir háttvirtu þingmenn játi mèr því, að engin stjórnarskipun handa Íslandi í sambandi við Danmörk geti fullnægt þessum vorum þjóðlegum og stjórnarlegum rètti og kröfum nema sú, sem er byggð á jafnrètti, sú sem er eða getur orðið þannig löguð, að vèr getum notið jafnrèttis við samþegna vora í Danmörku, því í þessu máli hvað mest erum vèr, eins og hinn háttvirti konungsfulltrúi svo rèttilega og sanngjarnlega tók fram, annar málspartur gagnvart konungsríkinu, og enginn getur sá með rèttu kallazt málspartur, sem ekki getur mætt með frjálsu atkvæði og fullkomnu jafnrètti til móts við hinn annan málspartinn. Þessi jafnrèttiskrafa er engin spáný krafa af vorri hendi; vèr þurfum að vísu ekki að taka til frá veraldarinnar sköpun, jafnvel þó menn gæti ekki neitað, að þar fyndist rök að mannrèttindum; vèr þurfum ekki heldur að taka til frá 1264, jafnvel þó þar megi finna rök að vorum þegnlegum rèttindum; ekki heldur þurfum vèr að leita til ársins 1662, þó vèr getum fundið þar eitt, sem ekki verður hrakið, hvernig sem vèr lítum á málið, og það er, að einvaldur konungur tekur upp á sig jafna ábyrgð fyrir öllum þegnum sínum, það er að segja: ábyrgð fyrir því, að hann vilji gjöra þeim öllum jafnt undir höfði, veita þeim öllum sömu kjör, sama jafnrètti eða jöfn rèttindi, því hèr er auðvitað að ekki getur verið að ræða um jafnan órètt við alla. Þó vèr tökum oss orð konungalaganna í munn, að einvaldskonungurinn standi engum til ábyrgðar nem guði almáttugum, þá hefir hann þar tekizt á hendur, að láta alla þegna sína verða jafnt njótandi allra þeirra rèttinda, allrar þeirrar rèttarverndar til móts við samþegnana og aðra, sem hann væri settur af guði og í guðs stað. En hvernig er nú jafnrètti voru Íslendinga varið, og kröfum vorum til þess, þegar vèr lítum á rás viðburðanna, sem nú er farið að vísa oss til, og svo sem til sönnunar fyrir því, að vèr ekkert jafnrètti eigum. Til þess að svara þessari spurningu í stuttu máli, þurfum vèr að líta til þess tíma, þá er nokkurt líf í stjórnlegum efnum tók fyrst að hreifa sèr hèr í löndum konungs vors. Þetta byrjaði með stofnun umdæmaþinganna í Danmörku 1831. Jafn-

skjótt og umræðan hófst um þetta mál, tóku og Íslendingar að ranka við sèr, og báru þá þegar í upphafi, er farið var að ræða um þetta mál, þá bæn fram fyrir konunginn, að fulltrúaþing, sem þeir vildu kalla alþingi, yrði stofnað á ný, með sömu rèttindum fyrir Ísland eða í Íslands málum, sem umdæmaþingin fyrir Danmörku í Danmerkur málum; þessa uppástungu báru þeir upp, sem fyrir Íslands hönd voru nefndir til að taka þátt í umræðunum um fyrirkomulag standaþinganna, og allir Íslendingar tóku undir hina sömu ósk. Enda margir Danir studdu hið sama, því þeir fundu nauðsyn þess og sanngirni, og það er einn maður meðal Dana, sem nú nýlega hefir komið fram nokkuð óvinhallur oss til handa, að hann hefir hælt sèr af því, að hann hafi þá komið fram með ritgjörð um þetta efni, og mælt þar fram með rèttindum vorum í þessu máli. En þessi ósk vor og bæn varð ekki uppfyllt þá um sinn. Það var fyrst Kristján konungur hinn áttundi, er veitti þessari bæn vorri áheyrn. Hann var það, svo sem kunnugt er, sem setti alþingi á stofn, og veitti því jafnt ráðgefanda atkvæði í íslenzkum málum, eins og standaþingin í Danmörku höfðu í dönskum málum. Þess hefir verið getið svo sem í móti vorum málstað, að Danir hafi haft umdæmaþing sín í tvennu lagi, svo að Eydanir voru sèr um þing og Jótar aptur fyrir sig. En þetta var byggt á sèrstaklegum stjórnlegum kringumstæðum, og sannar ekkert í móti oss. Orsökin til þess lá í sambandinu við hertogadæmin Slèsvík og Holstein. Stjórnin þorði ekki að sameina þing Eydana og Jóta vegna þess, að hún óttaðist, að þá mundi verða að sameina þingin fyrir Slèsvík og Holstein. Með því að gefa oss Íslendingum alþingi, vildi því Kristján konungur hinn áttundi, sem sagt, veita oss jafnrètti við aðra samþegna vora í Danaveldi bæði í almennum og sèrstaklegum málum vorum. Í hinum sèrstaklegu málum fengum vèr með alþingistilskipuninni 8. marz 1843 hið sama atkvæði, eins og þingin í Danmörku og hertogadæmunum höfðu í þeirra málum; í hinum almennu löggjafarmálum fengum vèr það atkvæði eptir konungsúrskurði 10. nóvbr. 1843, að alþingi voru skyldi gefast kostur á að sjá öll almenn lagaboð, og segja atkvæði sitt á sama hátt um þau, ef þau fyndist að geta náð til Íslands, hvort heldur óbreytt eða með breytingum. Ekkert almennt lagaboð hefir verið álitið hèr gilt að lögum, nema það væri samþykkt af alþingi og auglýst á íslenzku. Hin eina undantekning, sem menn gæti fært til, er samningar við önnur lönd, en þeir samningar hafa aldrei

nokkru sinni verið lagðir fyrir umdæmaþingin hvorki í Danmörku nè hertogadæmunum; þeir eru ekki það eg veit lagðir fyrir ríkisþingið enn í dag, að minnsta kosti ekki nema í einstaka tilfelli. Að þessu leyti kemur þá hèr engin undantekning fram við oss Íslendinga. Hèr er veitt fullkomið jafnrètti á við samþegna vora að þessu leyti. Það gekk að vísu ekki ætíð umtalslaust af, eða án baráttu frá hálfu vorri Íslendinga, að njóta þessa jafnrèttis, því það er kunnugt, að strax á fyrsta alþingi árið 1845 átti að draga undan atkvæði alþingis öll sakamál, svo að öll dönsk sakamálalög skyldu vera gild einnig fyrir Ísland. En alþingi mótmælti þessu, og stjórnarráðið tók þessi mótmæli til greina. Það var líka annað einkennilegt, að það þurfti beina skipun frá konungi til kanselíisins til heimildar fyrir því, að breytingaratkvæði alþingis skyldi verða tekin til greina svo sem mögulegt væri, og sömuleiðis um, að ekki yrði nauðgað upp á oss lögum þeim, sem alþingi mælti í móti. Í öllu þessu lýsir sèr krafan um landsrèttindi og jafnrètti af hálfu vorri Íslendinga við Dani, og enda viðurkenning þess, að minnsta kosti af hálfu konungs vors.

Hið sama er að segja, þegar ræða er um reikninga-viðskiptin milli Íslands og Danmerkur um þetta tímabil. Fyrir árið 1831, áður en farið var að prenta og auglýsa reikninga ríkisins og áætlanir, þá byrjaði rentukammerið, sem þá hafði fjárstjórn Íslands á hendi, að stýla reikninga og reikningakröfur á hendur Íslandi sèrstaklega, og fèkk konung til að úrskurða, að Ísland skyldi laga reikningshalla sinn, það er segja fylla það skarð í fjárhagslegu tilliti, sem vantaði á að landið bæri sjálft kostnað sinn. Þá þótti rentukammerinu enginn ómögulegleiki vera á því, að búa til reikninga Íslands, um svo langan tíma sem vera skyldi; þá hafði það reikning við Ísland á hverjum fingri. Þetta er líka öldungis rètt; það er hægðarleikur. Ekki þarf annað en að taka fram jarðabókarsjóðsreikningana og ríkisreikninga Danmerkur frá fornu og nýju, og þeir eru allir til um langan tíma; það þekki eg mjög vel; þeir eru til um svo langan tíma, sem þörf er á að rannsaka þá í þessu máli. Þegar maður hefir þessa tvenna reikninga fyrir sèr, og veit þar að auki, hver mál sèu á kostnað Íslands að lögum, þá er hægt að gjöra upp reikningana milli Íslands og Danmerkur, svo langt aptur í aldir sem maður vill og þörf er á. Það verður maður líka að játa, að rentukammerið var að nálgast því, að viðurkenna jafnrètti vort einnig í þessari grein, og að gjöra fjárhags-

reikninga Íslands ljósari og hreinni, allt byggt á þeirri skoðun, að Ísand væri þar partur til móts við konungsríkið, ætti sínar eignir sèr og hefði átt, og ætti rètt á að heimta skil fyrir þessum eignum og öðrum tekjum landsins.

Nú varð, eins og kunnugt er, breyting á öllum þessum stjórnarmálum í Danmörku 1848. Friðrik konungur hinn sjöundi vildi, að allir þegnar sínir fengju stjórnlegt frelsi og þjóðlega stjórnarskipun, en hann vildi án alls efa jafnframt, að þeir fengju allir að njóta jafnrèttis; þetta var tilfinning hans, og hlaut að vera, en hann hlaut líka að álíta þetta skyldu sína, og gat ekki annað; hann gat ekki viljað draga rèttinn af neinum þegna sinna, og átti ekki heldur ekki með það, því hann var skyldugur þegnum sínum öllum jafnt um rèttlæti, hann var í ábyrgð við guð sjálfan, eins og segir í konungalögunum. Þegar nú þessi stjórnarbreyting kom fram í Danmörk, þá kom og jafnskjótt fram jafnrèttiskrafan af hendi Íslendinga. Um sumarið 1848 voru konungi sendar bænarskrár, bæði frá embættismönnum hèr í Reykjavík og frá mörgum öðrum mönnum, af öllum stèttum, sem áttu fund með sèr á Þingvöllum. — Eg held þar hafi ekki verið nein Fèlagsrit við höndina um þær mundir. — Í báðum þessum bænarskrám var farið fram á jafnrètti vort við samþegna vora í Danmörku til frelsis og sjálfsforræðis. Þar er tekið fram, að vèr beiðumst að fá sama forræðisrètt í vorum málum, eins og Danir fengju í sínum málum. Það er nefnilega ekki svo að skilja, að nokkrum Íslendingi dytti í hug hvorki þá nè síðan, að skerða rètt Dana í nokkru hinu minnsta. Þessum hinum fyrnefndu bænarskrám svaraði konungur með brèfi sínu 23. sept. 1848, sem alkunnugt er, og þegar menn hafa hugfast það samband, sem er milli bænarskránna og hins konunglega svars, þá getur engum blandazt hugur um, að sú hafi verið meining hins hásæla konungs, að allir þegnar hans skyldu hafa jafnt frelsi, og njóta sömu rèttinda hvorir í sínum málum. En um sama leyti, sem þessum bænarskrám var þannig svarað af konunginum, var verið að semja frumvarp til stjórnarskrár handa Danmörku, sem komst á með grundvallarlögunum 5. júní 1849. Þessir menn, sem störfuðu að frumvarpinu til hinna dönsku grundvallarlaga, voru án efa þeirrar meiningar, að áríðanda væri, að halda pörtum ríkisins saman sem allra-mest, og þess vegna var hugsunin sú, að reyna að koma oss Íslendingum á þing saman við Eydani og Jóta. Þar með var og ætlað sæti Slèsvíkingum og Færeyingum. Það er nú

efalaust, að þessir menn, sem stungu upp á samsteypu þessari, hafa ekki ætlað að gjöra oss þar með neinn órètt; það er líklegt, að þeim hafi fundizt, sem oss mundi hljóta að þykja það mikið gott, að vera ekki svo sem utanveltubesefar ríkisins, heldur vera innlimaðir í það. Það er nú og víst og satt, að þetta sýnist í fyrsta útliti álitlegt. Það er gott að vera í góðu fèlagi, þar sem allar ástæður mæla með og sýna ljóslega nytsemd þess; en það getur líka staðið svo á, að hollara sè, að vera út af fyrir sig, en að eiga fèlag við aðra. Það getur verið eins affarasælt stundum, að búa sèr með frjálsræði, þó fátækur sè, en að eiga hlut í búi með hinum ríkari. Svo ætla eg einnig vera í þessu efni, að oss geti verið eins affarasælt að eiga bú sjálfir, þó lítið sè, en að hafa fèlagsbú með Dönum, sem eru bæði í fjarska við oss, ólíkir að háttum, máli og þjóðerni, og ókunnugir, hvernig hèr hagar.

Þegar frumvarp til hinnar dönsku stjórnarskrár var nú tilbúið og stefnt var til ríkisfundar í því skyni, að semja um lögtekning þessa frumvarps, þá voru fimm Íslendingar kvaddir af konungi til þessa ríkisfundar fyrir hönd Íslands; og meðal þessara Íslendinga var eg einn; eg held að mèr sè því nokkurn veginn kunnugt, hvert álit okkar var á málinu. Það sýndist liggja næst fyrir okkur, að koma til þessa þings til þess, að mótmæla, að nokkuð yrði þar samþykkt, sem skert gæti frjálst jafnrèttisatkvæði vort Íslendinga, því þá var enn ekki orðið kunnugt konungsbrèfið 23. sept. 1848, en þegar við vissum af konungsbrèfi þessu, þá þótti okkur þó geta orðið gagn að því að mæta, í þeim tilgangi fyrst og fremst, að geta fengið tækifæri til, að áskilja að hèldist vor löglegur rèttur óskertur, sá rèttur, sem oss var heimilaður í konungsúrskurðinum, að vèr skyldum hafa frjálst atkvæði í vorum málum. Með þessu fannst oss, að vèr ekki einungis styrktum rètt sjálfra vor, heldur og einnig, að vèr fengjum um leið tækifæri til, að styðja með atkvæði voru það, sem gæti orðið til að efla þjóðfrelsi samþegna vorra í Danmörku, og það var ekki ólíklegt, að þetta gæti einnig á síðan orðið málum vorum á einhvern hátt til styrkingar. En þar til kom enn fremur, að oss virtist það geta orðið Dönum og öllu ríkinu jafnvel fremur til skaða, ef vèr kæmum fram með mótmæli sterkari en öldungis óumflýjanlegt væri. Þá var, eins og kunnugt er, uppreisnin í hertogadæmunum nýlega byrjuð, og ef vèr hefðum þá hafið sterk mótmæli, þá gat verið, að það hefði vakið töluverða eptirtekt, og enda orðið málstað Dana til nokkurs hnekkis;

en vèr á hinn bóginn vildum af fremsta megni styrkja Dani í því að ná frelsi sínu, sem vèr vonuðum þá að einnig væri vort frelsi. Einn af oss var kosinn í þá nefnd, sem skyldi rannsaka framvarpið til grundvallarlaganna, og eptir samkomulagi vor á meðal var það fyrir hans uppástungu borið upp á þinginu af hendi allrar nefndarinnar, að ekkert skyldi útgjöra um rèttindi Íslendinga, fyr en málið væri borið upp á frjálsu þingi í landinu sjálfu, því þó svo væri að orði kveðið, að Íslendingar skyldu verða heyrðir um þetta mál, þá gat enginn skilið það loforð öðruvísi en svo, ef það skyldi trúlega efni verða, en að stjórnarmál Íslands skyldu verða útkljáð eptir frjálsum samningi milli konungs og þegna hans á Íslandi, svo að þing vort hefði sama samningsatkvæði af vorri hendi eins og ríkisfundurinn af Dana hendi. Nefndin stakk líka upp á, að áskilja Slèsvíkurmönnum frjálst atkvæði um hluttöku Slèsvíkur í grundvallarlögunum. En þegar til þingsins kom, og til atkvæða skyldi ganga, þá var það tekið fram, að rèttindi Íslands hefðu nægа trygging í konungsbrèfinu 23. septbr. 1848, svo að ekki þyrfti meira með, og að ekki þyrfti heldur neina sèrstaklega yfirlýsing Slèsvíkur vegna, því þeirra rèttindum væri við engu hætt. Af þessum ástæðum felldi ríkisfundurinn báðar þessar rèttargeymslur eða rèttarforskot bæði fyrir Ísland og Slèsvík. En þegar nú kom til kasta stjórnarinnar og grundvallarlögin voru samþykkt, þá var Slèsvík einni geymdur rèttur í sèrstakri konunglegri auglýsing, en um Íslands rètt var engin auglýsing gefin út. Eg þykist vera sannfærður um, að stjórnin hefir þar með í engan máta viljað niðra rètti vorum Íslendinga; heldur mun það hafa komið til af því, að hún hefir með þessu án efa viljað gefa til kynna, að hún áliti konungsbrèfið 23. sept. 1848 vera fulla trygging rètti vorum. Nú var stofnað til þjóðfundarins á Íslandi, og datt þá víst engum Íslendingi annað í hug, og gat ekki heldur hugsað annað, eptir því sem á undan var farið, en að þetta þing væri hið sama með tilliti til Íslands, eins og ríkisþingið hafði verið með tilliti til Danmerkur. Að vænta þessa var ekki annað, en að vænta sanngirni og jafnrèttis; en það er engin sanngirni, að þegnar í einum hluta lands sèu lagðir undir yfirráð þegnanna í öðrum hluta lands, þar sem þeir eiga engan fulltrúa, eða að þjóðþing Íslendinga standi undir atkvæði ríkisþings Dana. Þá er konungur boðaði til þjóðfundarins, tók hann fyrst svo til, eins og áður er sagt, að þetta þing skyldi verða «heyrt», eða eins og lögfræðingarnir hafa útlagt þetta orð, að

þingið skyldi vera ráðgefandi þing í þeim skilningi, að konungur eða stjórnin væri í engu bundið við tillögur þingsins, þegar það að eins fengi að koma fram með þær. En eg verð að segja, að þessi skilningur er bæði á móti hlutarins eðli, eins og hèr er málum háttað, á móti rèttindum vorum á móts við samþegna vora, og á móti allri sanngirni. Þessi skilningur er ekki til annars, en til að halda vörn uppi fyrir harðstjórnarreglum og rèttleysi. Það er ómögulegt að sameina þessa kenning við skynsamlegar stjórnarreglur; þeim verður enda ekki komið saman við þær siðferðislegar reglur, sem fylgt er í viðskiptum allra heiðarlegra «privat»-manna, sem gæta vilja sóma síns, því engum manni þykir það sæmilegt, að spyrja annan til ráða um mál sín, og skeyta síðan annaðhvort ekkert um, hvað hann hefir sagt, eða fara þar þvert á móti; menn kalla það almennt að gabba fólk. Menn heyra hèr stundum skýrskotað til parlaments á Englandi, og hvernig þar hagi til. Það er þá vert að geta þess, að eg veit ekki betur en að þetta ríkisþing sè að lögum ekki annað en ráðgefandi þing, að minnsta kosti hefi eg ekki sèð betur, en að það taki svo til orðs, að það «ráði» konungi eða drottningu til þess eða þess. En þeim ráðum er fylgt, það er að segja nú á síðari tímum. En eg tek ekki þetta dæmi til þess, að fara langt út í það, því öllum er kunnugt, að Englendingar hafa orðið að ganga í gegnum blóðugar styrjaldir um heilar aldir, áður en parlament þeirra næði því áliti og krapti, og þeirri virðingu hjá stjórn landsins, sem það nú hefir. En vèr þykjumst hafa ástæðu til að vona, að vèr þurfum ekki að ganga í gegnum slíkan hreinsunareld til þess að ná rètti vorum, heldur að allt geti lagazt hjá oss með lempni og í friði. Þegar af auglýsingu konungs til alþingis 1849 má ráða, að hinn rètti skilningur á atkvæði þjóðfundarins gengur lengra en svo, að hann hafi að eins vald til að tala, en ekki til að semja. Þessi skilningur liggur í orðinu «forhandle», sem mikill ágreiningur hefir nú spunnizt út af; þetta orð hefir sèrstaklega þýðing, sem hèr er bersýnilega með vilja tekin fram, og því er orðið valið. Þar með er gefið til kynna, að þjóðfundurinn hafi það, sem kallað er «deliberativt votum», ekki ályktaratkvæði, heldur samþykktaratkvæði, þannig, að konungur að vísu getur neitað samþykki sínu, en hann verður þá að stofna til nýs þings og leggja sama frumvarpið fyrir það þing aptur, en hann getur ekki breytt uppástungum þingsins, og gefið þær breytingar út sem lög, án þess þingið samþykki.

En nú liðu tvö ár, svo að þjóðfundurinn komst á tveim árum seinna en vera bar, og eitt alþingi fèll þar fyrir alveg niður, að vísu á móti öllum lögum og rètti; þetta var þá hvorki alþingi að kenna nè oss Íslendingum, heldur einungis stjórn konungsins í Danmörku; hún ein hefir ábyrgð af því. Það tjáir nú ekki að fást um það, en hitt er víst, að hefði þjóðfundurinn verið haldinn á rèttum tíma, þá er líklegt, eptir ástandinu, sem þá var, að vèr hefðum fengið allt önnur tilboð, en fram komu í frumvarpinu til þjóðfundarins 1851. Tilbúningurinn á þessu frumvarpi var líka í sjálfu sèr nokkuð einkennilegur, því það var alkunnugt, að við samningu þess var gengið að öllu leyti fram hjá tveimur Íslendingum, sem voru formenn hinnar íslenzku stjórnardeildar, og máttu heita sjálfkjörnir til þess starfs, en það var falið á hendur dönskum manni, sem var undirmaður þeirra, og sem ekkert þekkti til íslenzkra mála um þær mundir. Þetta er nú reyndar svo undarleg stjórnaraðferð, að hún mun eiga fáa maka í sögunni, en eg skal ekki fjölyrða meira um það nú, heldur að eins geta þess, að tilbúningur þessa stjórnarfrumvarps var ekki á annara ábyrgð en dönsku stjórnarinnar; alþingi átti hvorki beinlínis nè óbeinlínis nokkurn þátt í því, og enginn mun sá Íslendingur, sem játað geti, að frumvarp það, er lagt var fyrir þjóðfundinn 1851, gæti jafnrèttis; frumvarpið til þjóðfundarins lýsir sèr sjálft. Eg vil einungis taka til dæmis, að alþingi átti eptir að verða jafnhliða amtsráðum í Danmörku; það fèkk hvorki fjárhagsráð nè skattálöguvald, nema að mjög litlum hluta. Það var einkennilegt við þetta frumvarp, að það byggir á því, að Ísland hafi verið innlimað í Danmörk 1662, og það standi svo fast, að um það megi ekki tala; þá var ekki orðin til nein rás viðburðanna, og þá voru heldur ekki orðin til sèrstök landsrèttindi Íslands, sem nú eru orðin grundvallarregla eptir því, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi segir. Óneitanlega er nokkuð farið áfram síðan 1851. Svo eg bæti einu dæmi við enn, þá var embættismönnunum þar skipt í tvo flokka; sumir (hinir lægri) áttu að vera landsins embættismenn, og lifa á landssjóði; aðrir (hinir æðri) voru embættismenn ríkisins og áttu að fá laun sín úr ríkissjóði; þeir áttu að eiga gott, og lifa ekki á moðunum. Nokkrir fulltrúar af Íslendinga hendi áttu að fá sæti á ríkisþinginu, en af því það var sýnilegt, að þetta mundi verða Íslandi að mestu þýðingarlaust, eða minna, en valda landinu ærnum kostnaði, að gjöra út þingmenn til Danmerkur, þá átti ríkissjóðurinn að taka þennan

kostnað upp á sig. Þjóðfundarmenn mótmæltu þessu frumvarpi, en konungsfulltrúi, sem þá var, áleit öll slík mótmæli beinlínis upphlaup, og það er öllum í minni, hversu endaslepp urðu úrslit þjóðfundarins. Eptir þjóðfundinn kom út hin konunglega auglýsing 12. maí 1852, og á henni er að sjá, sem allt samkomulag sè brostið, því að hèr er alveg gengið á snið við hugmyndina um jafnrètti; þar er öllu snúið í hið gamla horf, nýjar kosningar skipaðar og alþingi látið taka aptur til í sinni gömlu ráðgefandi mynd, í stað þess að leggja málið fyrir nýjan þjóðfund í landinu sjálfu með fullu samþykktaratkvæði. Þar er ítrekað á ný það, sem eiginlega var gild lagagrein og ekki þurfti ítrekunar við, að konungur vildi leita ráðaneytis alþingis áður en hann breytti lögunum um það, og er þetta heitorð skilið svo, að alþingi sè ætlað að búa stjórnarmálið undir þjóðfund. Nú leið og beið; alþingi reyndi til, að pota málinu dálítið áfram, einkanlega 1853, en það gekk ekki. Alþingi 1857 fèkk þó loks það tilboð, að mega segja álit sitt um áætlunarreikning landsins, sem kallaður var einn kafli úr ríkisreikningum Danmerkur. Þetta var þá hið sama, eins og veitt var nýlendunum í Vestureyjum. Þó var hèr við þess að geta, að stjórnarherrann lofaði á ríkisþinginu, að leggja fyrir alþingi konunglegt frumvarp um þetta mál, en þegar til alþingis kom, varð ekki úr því nema konunglegt álitsmál. Í notum þessa tilboðs, að mega segja álit sitt um áætlunarreikning landsins, þá var farið fram á, að alþingi skyldi játa útboði til flotans í Danmörku; en alþingi vildi ekki ganga að þessum hlynnindum, og vatt því fram af sèr. Síðan lagðist málið í þagnargildi þar til árið 1861, að nefnd var sett til að segja álit sitt um fjárhagsmálið, og eg var þá einn í tölu þessara nefndarmanna. Út af aðgjörðum þessarar nefndar var sprottið frumvarp það, sem lagt var hèr fyrir þingið árið 1865, en það er eigi ómerkilegt að geta þess við þetta frumvarp, að dómsmálaráðherrann, sem þá var, Casse, frægur lögfræðingur meðal Dana, skrifaði fjármálaráðgjafanum ítarlegt brèf um þetta mál allt, þegar frumvarpið var í tilbúningi, og er það brèf dags. 27. apr. 1863. Það er prentað bæði í alþingistíðindunum og í stjórnartíðindunum, svo allir geta lesið það sem vilja. Í brèfi þessu segir dómsmálaráðherrann með berum orðum, að ríkisþingi Dana komi ekkert við í þessu máli, nema fjárupphæðin ein, þ. e. að ákveða það árgjald, sem gjalda á til Íslands úr hinum danska ríkissjóði við fjárhagsaðskilnaðinn. Það er annað einkennilegt við þetta brèf, að dóms-

málaráðgjafinn talar þar um, að hann vilji stinga upp á, að Ísland fái fast árgjald, og það nokkuð hátt, við fjárhagsskilnaðinn; þetta telur hann sanngjarnt, og kemur það saman við það, sem komið hafði fram á ríkisþingi Dana af nokkurra þingmanna hálfu. Hann tekur fram nokkur einstök atriði, sem styrki kröfurètt vorn, og þar verða fyrir honum hin sömu atriðin, sem tekin hafa verið fram af vorri hálfu, einkum af mèr, og hefir þetta að minni ætlun því meira að þýða, sem ráðgjafinn er alls ekki mjúkur í undirtektum við mig og mínar kröfur, heldur er býsna-harðmæltur um þær. Hann telur stólsgózin, hann telur konungsgózin, og hann telur verzlunina. Hann segir, að það sè sanngjarnt að hafa tillit til ánauðar þeirrar, sem var hèr á verzlun landsins um langan tíma, en hann segir reyndar eigi, hversu mikið hann metur þetta tillit í dalatali, og þetta verður maður þó að ákveða, enda getur það engum sèrlegum örðugleikum verið bundið, að reikna bæði þetta atriði og hin önnur nákvæmlega, ef menn vilja gefa sig við því. Eg gat þess áðan, að fyrrum, fyrir 1848, heyrði maður engin þessi reikningavandræði; það var fyrst eptir 1848, að það kom upp úr kafinu, að ómögulegt ætti að vera, að gjöra upp reikninga milli Íslands og Danmerkur; þó kom það fram af hálfu stjórnarinnar árið 1850, að hún hafði hugmynd um þessa reikninga, því þá játar hún, að það sè órètt að tala um reikningshalla Íslandi í óhag, því verzlunin sè svo mjög Íslendingum í óhag og Danmörku í hag, einkum verzlunarstèttinni, að það verði ekki metið til peningaverðs, — það nemi svo miklu. — Það hefir og öllum sanngjörnum dönskum mönnum komið saman um, að einokunarverzlunin hafi verið til ómetanlegs skaða fyrir Ísland, eins og í víssu tilliti til ómetanlegs fjárafla fyrir Danmörku, og þó ekkert annað væri, þá er þetta eina nóg til þess að byggja á því fjárkröfu. Dómsmálaráðgjafinn skýrir enn fremur frá í fyrnefndu brèfi, hversu hann ætli að haga til um meðferð þessa máls, eða um frumvarp það, sem hann ætlaði að leggja fyrir alþingi. En þegar frumvarpið kom fyrir sjónir hèr á alþingi 1865, þá var allt orðið öðruvísi en menn gátu búizt við. Þá er lagt fyrir frumvarp til «laga», það er að segja frumvarp, sem ætlað var til að kæmi fyrir ríkisþing eptir að það væri komið frá alþingi; þar er að eins talað um annað fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Danmerkur og Íslands, en ekki um fjárhagsaðskilnað, og stungið upp á, að Íslendingar skuli fá 42,000 rd. tillag árlega um nokkur ár, en þar eptir stendur allt við sama

og áður. Hvað snertir stjórnarmálið, þá er að vísu ekki farið djúpt í það í þessu frumvarpi, en þó svo djúpt, að það var sýnilegt á botninum, að tilætlunin var, að öll aðalmál Íslands skyldu heyra undir löggjafarvald ríkisþingsins í Danmörku. Hið öfuga við frumvarp þetta fann og alþingi, og vísaði frumvarpinu að nokkru leyti frá, það er að segja í því formi, sem fyrirhugað var að gefa því, en tók jafnframt á móti því tilboði um frjálsara stjórnarfyrirkomulag, sem boðið var í frumvarpinu. Árið 1867 var nýtt frumvarp lagt fyrir alþingi, og eg játa það, að þetta er hið langbezta af frumvörpum þeim, er komið hafa frá hendi stjórnarinnar, eigi einungis sakir þess að jafnréttishugmyndin var þar viðurkennd miklu fremur en áður hafði verið, heldur og sökum þess, að fjárhagstilboðið var þar betra. Þá komst einnig á samkomulag milli þingsins og konungsfulltrúa, einkum vegna þess, eins og þingmönnum er kunnugt, að hann játaði þinginu samþykktaratkvæði stjórnarinnar vegna, og að þingið hefði enga ástæðu til að óttast, að neinu yrði þröngvað upp á oss að alþingi nauðugu eða án þess samþykkis. Þó konungsfulltrúinn vissulega mælti á móti nokkrum atriðum í uppástungum þingsins, þá lofaði hann samt yfir höfuð að mæla fram með þeim breytingum, sem þingið hafði gjört við frumvarpið. Þá sat og sá dómsmálaráðherra uppi, sem þekkti mjög vel til máls þessa og var því velviljaður; það var Leuning, og hann hefði að öllum líkindum getað komið samkomulagi á í þessu máli, ef hans hefði við notið; en þá tókst svo óheppilega til fyrir vort mál, að hans missti við um sömu mundir. Eptir hann kom Rosenörn-Teilmann, og átti eg tal við hann um þetta mál. Hann kvaðst að vísu ekki geta fallizt á nokkur atriði í uppástungum alþingis, og voru það einmitt þau, sem konungsfulltrúi hafði mælt í móti, en hann kvaðst mundu ganga að því, að alþingi hefði samþykktaratkvæði í málinu. Eptir skamma stund fór hann frá, og þá tók við af honum hinn núverandi dómsmálaráðherra Nutzhorn. Hann lagði fyrir ríkisþingið í fyrra-haust frumvarp, sem eiginlega ætlaðist til að leiða til lykta fjárhagsmálið einungis, en blandar þó þar inn í stjórnarmálinu, með því að telja upp, hver vera skuli hin sèrstaklegu mál Íslands, þar sem þó Casse hafði sagt áður 1863, að fjárhagsmálið eitt heyrði undir ríkisþingið, en stjórnarmálið allt ætti sjálfsagt að vera komið undir frjálsu samkomulagi milli alþingis og konungs vors í sameiningu.

Nefnd sú, sem kosin var á ríkisþinginu, til að eiga við mál

þetta, tók í rauninni einungis fjárhagsmálið upp í álit sitt, en þar slæddist þó nokkuð af stjórnarmálinu inn í nefndarálitið, og þetta gaf tilefni til, að ríkisþingið tók að gefa sig við þessu máli voru meir og meir, svo að það varð að síðustu aðalatriðið. Ríkisþingið fèkk að vísu ekki alveg leitt málið til lykta, en svo mikið er auðsèð, að það vill áskilja sèr rètt til að skipa fyrir ekki einungis um þau mál, sem eru almenn ríkismálefni, heldur og um hina sèrstaklegu stjórnarskrá Íslands. Þetta væri beint að skerða rètt vorn til að ná samningi við konung vorn um stjórnarfyrirkomulagið í íslenzkum málum, eins og samþegnar vorir í Danmörk. Það væri öldungis eins og ef vèr tækjum hin dönsku grundvallarlög til yfirskoðunar og umræðu hèr á þingi, stingjum upp á breytingum við þau, og sendum þau síðan konungi vorum og beiddum hann að staðfesta. Þetta dettur nú engum í hug, eins og nærri má geta, en eins fjærri ætti það að vera bræðrum vorum í Danmörku, að ásælast jafnrètti vort og frjálst atkvæði í vorum málum. Að halla þannig rètti vorum er Dönum til einkis gagns nè nota, ekki ríkinu og allra sízt oss. En það, að svona er komið málum vorum, er eigi alþingi eða oss Íslendingum að kenna, heldur meðferð stjórnarinnar á þeim, og hugsunarhætti sumra manna í Danmörku, sem láta eins og þeir hafi erft allt einveldi yfir oss og vorum málum. En þessi hugsunarháttur hlýtur að breytazt með tímanum, þegar þessir menn sannfærast um, að hann sè á röngum rökum byggður, og vèr höfum því minni ástæðu til að efast um að svo fari, með tímanum að minnsta kosti, þegar vèr gáum að, hversu málinu hefir þó þokað á fram nokkuð á árunum frá 1851 til 1867, og skoðanir stjórnarinnar smábreytzt, og sömu mannlegu kjörum mun og ríkisþing Dana vera undirorpið; það hlýtur að sannfærast á endanum, en það heyrir oss til að sannfæra það, og það gjörum vèr bezt með því, að halda fast við rèttindi vor og ekki láta hrekjast frá þeim, heldur styðja þau með rèttum rökum, sem oss skortir ekki. Rètt ríkisþingsins til umráða yfir hinum sèrstaklegu málum Danmerkur dettur engum Íslendingi í hug að skerða; en að því leyti sem hin almennu ríkismál kynnu að ná til Íslands, þá eigum vèr skilið jafnrèttisatkvæði, eins og vèr höfum æfinlega hingað til haft um almenn löggjafarmál, sem talað hefir verið um að lögleiða hèr á landi; og að því leyti sem vor sèrstaklegu mál snertir, þá höfum vèr vafalausan rètt til hins sama frjálsa

samþykkisatkvæðis, sem Danir hafa haft í sínum sèrstaklegu málum.

En þessu víkur allt öðruvísi við í frumvarpi því, sem ríkisþingið í Danmörku var á leiðinni að búa til og samþykkja í vetur er var. Eptir því er ætlazt til, að ríkisþingið hafi í höndum sèr öll ráð um stjórnarskipun vora; það lætur þar eins og það hafi ráðin að veita oss hana, og eins og það tekur sèr vald til að veita oss stjórnarbót og sjálfsforræði, eins hlýtur það þá að þykjast hafa rètt til að taka hvorttveggja aptur; þetta er öldungis hin sama regla, eins og farið hefir verið að við enskar nýlendur, nema hvað aðferðin er þar töluvert lögulegri; parlamentið á Englandi felur nefnilega drottningu á hendur umboð að semja við nýlenduna um stjórnarskrá hennar, en komi upp síðan nokkurt ósamþykki milli nýlendunnar og stjórnarinnar, sem þyki atkvæðamikið, þá er það á parlamentsins valdi, að taka af þeim stjórnarbótina um skemmri tíma eða lengri. Sömu aðferð hefir og stjórnin hèr, þegar hún vill láta ríkisþingið skamta oss landsrèttindi. En þar hjá er nú hèr um annað meira að ræða: stjórnin kemur nú hèr fram á alþingi með frumvarp, sem er allt annað en það, sem hún kom fram með á ríkisþinginu, allt annað en það, sem ríkisþingið var hálfbúið að samþykkja, og allt annað en það, sem hún lagði fyrir alþingi 1867. Þá var frumvarpið í einu lagi, nú er það orðið í tvennu lagi — þá var ríkisþingið ekki nefnt á nafn, nú er það víða tilgreint, að ríkisþingið eigi að ráða öllu í stjórnarmálum vorum, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis; það sem stóð í upphafinu á 1. grein frumvarpsins 1867, nefnilega að Ísland eigi sèrstök landsrèttindi, sem hinum háttvirta konungsfulltrúa þótti nýlega vera svo mikilsvert, að hann taldi það með grundvallarreglum eða grundvallaratriðum í stjórnarskrá vorri, það er hèr hvergi að finna; eg sè það hvergi, í hvorugu frumvarpinu. Þar sem gjört var ráð fyrir í frumvarpinu 1867, að konungur skyldi lofa, þegar hann tæki við stjórn, að halda stjórnarskrá Íslands, þá finnst nú ekkert um það; nú er tekið aptur (í 7. gr.) samþykktaratkvæði alþingis í almennum málum; nú er komið inn í frumvarpið grein um nokkurs konar kvittun fyrir öllum skuldaskiptum Íslands og Danmerkur að undanförnu, án þess alþingi sè sýndur nokkurn tíma nokkur reikningur fyrir þessum skuldaskiptum, fyr nè síðar, enda þótt miklar mótbárur hafi komið af vorri hálfu móti þessum reikningum. Nú er í 9. grein frumvarpsins ákveðið, að hin endurskoðuðu grund-

vallarlög skuli öll vera gildandi á Íslandi, jafnvel þó enginn maður hafi sèð þau, hvorki hèr á þingi eða annarstaðar, fyr nè síðar; 1867 var að eins ætlað svo til, að nokkrar greinir þeirra yrði gildandi, og þessar greinir fylgdu frumvarpinu; slíkt hið sama var 1851. Það er nú þar að auki einkennilegt við þetta frumvarp, að það er næstum því allt um sèrstakleg málefni Íslands, sem eiga heima í stjórnarskrá vorri, en minnst er um almenn mál. Eg tek til dæmis 3. grein, þar sem ákveðið er um, hver málefni skuli vera sèrstakleg, að þetta getur sízt átt undir atkvæði ríkisþingsins að ákveða, heldur undir atkvæði alþingis; það væri þó nær, ef ríkisþingið samþykkti grein um, hver mál skyldu vera sameiginleg, að áskildu samþykktaratkvæði alþingis fyr en sú grein yrði gild; en yfir höfuð að tala getur þá fyrst verið að tala um samþykki ríkisþingsins, þegar um þau mál er að ræða, sem snerta konungsríkið eða þess málefni. En nú er þetta frumvarp lagt fyrir eins og það er, og er þá annaðhvort að samþykkja það, eða hafna því, eða biðja um að því sè breytt. Ef að vèr hefðum samþykktaratkvæði, svo að vèr værum vissir um, að engu yrði þröngvað upp á oss án vors vilja, þá væri öðru máli að gegna, þá gætum vèr óhræddir stungið upp á breytingum, til að leita samkomulags. En eins og málið liggur nú fyrir, er hèr enginn fastur grundvöllur til að byggja á, því fyrst hefir stjórnin áskilið sèr rètt til, að taka ekkert tillit til þess, sem alþingi kynni að fara fram á, nema kann ske í smáatriðum, og það er meira að segja: hver gefur vissu fyrir því, að vèr fengjum nú frumvarp þetta, þó vèr tækjum það alveg óbreytt, þó vèr gjörðum eigi við það eina einustu breyting; ætli vèr getum eigi búizt við því, að ríkisþingið mundi gjöra sig heimakomið eins og áður hjá frumvarpi þessu, þegar það fengi það í hendur, einkum þegar það er nú ekki ríkisþingsins eigið frumvarp. Það er þó mjög undarlegt, ef alþingi lèti hafa sig til þess, að vera að búa til frumvörp og uppástungur handa öðrum að grauta í á eptir eða hringla með, og fá kann ske út lög á eptir, sem þingið hefir aldrei sèð, enn síður samþykkt. Það er þýðingarlaust, að hugsa um að geta komið með þær einar breytingar, sem eigi komi í bága við hin dönsku grundvallarlög, því þessi lög eru móthverf öllu jafnrètti oss til handa.

Að því er snertir fjártillagið og fjárkröfur vorar, þá er hèr tiltekið í frumvarpinu eitt af boðum fólksþingsins, nefnilega 50,000 rd. alls fyrst um sinn; en þetta er ekkert víst tilboð; stjórnin

getur ekki boðið það með neinni vissu, því hún hefir ekki fulla heimild fyrir því. Í landsþinginu var seinast farið fram á, að tillagið skyldi ekki vera hærra en 15,000 rd. fast, eða fastara en hitt, og 35,000 rd. um nokkur ár; þetta er auðsjáanlega mikill munur, og ef hèr væri að tala um nokkurt víst tilboð, sem líkindi væri til að stjórnin gæti boðið með vissu, þá væri það sú upphæð, sem landsþingið fór fram á, það mætti heldur til sanns vegar færast. Þar á móti höfum vèr alls enga ástæðu til að gjöra ráð fyrir, að ríkisþingið gangi fremur að þeirri fjárupphæð, sem hèr er boðin, heldur en hverri annari, og eitt atriði er það, sem eg verð að taka fram, að ekki sitja jafnan hinir sömu menn á fólksþinginu. Fólksþingið getur verið allt annað nú, en það var í fyrra, því nú eiga nýjar kosningar að fara fram, og 1. október í haust koma þessir nýkosnu menn saman á fólksþingi; og hver þekkir skoðanir þeirra á vorum málum? á fólksþinginu í vetur sem leið voru því miður margir, sem voru mótfallnir rètti vorum, en vèr verðum þó að treysta því, að oss takist smásaman að sannfæra fleiri og fleiri af Dönum um sannleikann, og að fá þá til að játa rètt vorn til sjálfsforræðis og fjártillags af hendi þeirra. Eg verð að segja það sem alþingismaður, og eg held það enda þýðingarmeira, að eg verð að segja það sem forseti þingsins: atkvæði alþingis er of gott til þess, að fleygja því út fyrir einber tylliboð og ögranir um það, að atkvæði þingsins hafi ekkert að þýða. Það getur ekki furðað nokkurn óvilhallan mann, þótt þingmenn sèu ofúsir á að greiða atkvæði sín um frumvarp þetta, þannig undirbúið, bæði að efni og formi til; það er ekki furða, þó þingmenn treystist ekki til að leggja út í, að fara með slíkt frumvarp, þar sem nær því eingöngu er talað um sèrstök landsmál, en hin almennu mál varla nefnd á nafn. Ríkisþingið mótmælir meðal annars jafnrètti því, sem allir Íslendingar verða að heimta, með ákvörðun þeirri, sem stendur í 2. grein frumvarpsins. Þar vantar alla ábyrgð fyrir aðgjörðum landstjórnarinnar; og nú er það þó bæði víst og satt, að eins og engin frjáls þjóðstjórn getur verið án ábyrgðar, að minnsta kosti á pappírnum, eins getur ekki verið umtalsmál um ábyrgð fyrir öðrum en þeim, sem málin varða, það er fyrir þingi hèr á landi; svo ábyrgðin verður að vera öll hèr, hvort sem landstjórnin hefir erindsreka utanlands eða sambandi hennar við konunginn er komið fyrir á annan hátt. Með því móti, sem til er tekið í frumvarpinu, verður landstjórinn að sínu leyti eins og konungsfulltrúi nú,

og vèr höfum þegar sèð, að hve miklu leyti tillögur hans eru teknar til greina, þó hann hafi bezta vilja til að styrkja mál. Konungsfulltrúar vorir hafa opt reynt að styðja ýms mál vor, en þeir hafa orðið að lúta í lægra haldi með tillögur sínar. Fyrirkomulag þetta er vissulega ekkert keppikefli. Ástand það, sem oss er boðið í þessu frumvarpi, er ekki einu sinni hænufet til framfara, eins og nokkrir hafa látið á sèr heyra, og það gengur yfir mig, að nokkrum Íslendingi, með íslenzku hugarfari, skuli blandast hugur um að ganga að slíku boði. Eg er algjörlega samdóma hinum háttvirta þingmanni Húnvetninga, að það er engu betra en það ástand, sem vèr nú höfum. En það er heldur ekki nóg, að vèr berum frumvarpið saman við ástand það, sem nú er; vèr verðum að jafna til frumvarpsins 1867 og þess, sem oss þá var boðið; ríkisþingið hefir að vísu gripið fram fyrir hendur stjórnarinnar, og hrundið henni til baka, en vèr eigum að minna stjórnina á, að hún hefir þá siðferðislegu og stjórnlegu skyldu við oss, að standa við það, sem hún hefir einu sinni gengið að og enda boðið sjálf að fyrra bragði. Frumvarp þetta er í raun og veru ekki hænufet til framfara, nema menn hugsi sèr hænur, sem þykjast feta áfram, en vappa reyndar í kring á sama sorphaugnum, og tína korn þau, er húsbóndi þeirra stráir á hauginn við og við. Það getur vel verið, að einstöku hæna finni góð korn, því skal eg ekki neita. Kröfur þær, sem nefndin hefir gjört, sýna vafalaust, að hún er á rèttri stefnu; að vísu hefir hún tekið kröfurnar fram nokkuð á annan hátt en eg hefi gjört, en það eru þó hin sömu atriði, sem hún hefir fundið, og sú niðurstaða, sem hún hefir komizt að, staðfestir einmitt, að reikningur minn hefir ekki farið mjög skakkt. Aðalatriðið er það, að hèr er gjörð rèttarkrafa, og hún er sannarlega á góðum rökum byggð. Það er alkunnugt, svo eg taki að eins stólsgózin til dæmis, að þau voru dregin inn í ríkissjóðinn með því beru skilyrði af konungs hendi, sem og var samkvæmt hlutarins eðli, að ríkissjóðurinn bæri þann kostnað þaðan í frá, er á gózunum hvíldi; það er svo einkennilegt í fjárhagsreikningum stjórnarinnar á seinni tímum, að þar eru árlega talin útgjöld þau öll, sem ganga til þess, er stólsgózin stóðu fyrir, svo sem skólakostnaður, laun biskups o. s. frv., en tekjur eru engar taldar á móti, og yfir þessa reikninga býður stjórnin oss nú að slá stryki. Þessu vil eg ekki játa; mèr sýnist miklu rèttara, að fá samda hreina reikninga; gjaldi Danir oss það, sem þeir eru oss skyldugir, hvort það

verður meira eða minna, en frelsi voru og jafnrètti eiga þeir ekkert með að halda fyrir oss. Þetta verða menn að leiða stjórninni fyrir sjónir, og eg leyfi mèr að skora á þá háttvirtu menn, sem hafa mest áhrif á skoðanir stjórnarinnar og hún virðir mest, að láta ekki sinn hluta eptir liggja í þessu efni; hefði hinir helztu embættismenn landsins tekið þetta skýrt og skörulega fram aptur og aptur, og einarðlega lýst þörfum vorum og rètti, þá væri ástandið í landi voru betra en það er, því atkvæði og yfirlýsingar frá stórmennum landsins hlýtur að hafa meiri þýðing og meiri áhrif en það, sem kemur frá oss smámennunum. En ekki þar fyrir! eg er ekki hræddur um, hvernig sem fer, að vèr náum ekki frelsi og jafnrètti fyrir land vort, þegar fram líða stundir, því þar mun sannast um það, sem einn góður kennimaður sagði nýlega um guðs orð: frelsi Íslands verður eigi fjötrað.

Því hefir verið spáð, að ef við höfnum frumvörpum þessum, þá muni annaðhvort koma fram, að málið verði felt niður eða að stjórnarskipun þessari verði þröngvað upp á oss; hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir spáð hvorutveggja. Komi nú hið fyrra fram, þá verður ástandið hèr um bil eins og það er, og vèr getum þá líklega beðið nokkurn tíma enn, þangað til vèr náum meiri viðurkenningu á rètti vorum hjá Dönum; en komi hitt fram, þá vitum vèr nú, hvað vèr fáum, þó vèr biðjum ekki, og þá mun reynslan geta sýnt mönnum, hvort þetta frumvarp greiðir nokkurt hænufet til framfara. Sumir hafa nú spáð svo, að stjórnin mundi kvelja oss og íþyngja með nauðungarsköttum og öðrum álögum og alls konar lögleysum. Þar er eg nú á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Suður-Múlasýslu, að það lýsir öldungis óhæfilegri tortryggni og ótrausti til stjórnarinnar, að ætla henni slíkt, að hún fari í fullu lagaleysi að þröngva upp á oss því, sem allir vilja mótmæla, svo að þegar þetta kom fram hjá einum þingmanni hèr um daginn, var rètt komið að mèr, að biðja manninn gæta þingreglu.

Eg skal nú eigi fara fleiri orðum um þetta mál að sinni.

Konungsfulltrúi: Eg ætla nú ekki beinlínis að svara upp á ræðu hins háttvirta þingmanns Ísfirðinga frá forsetastólnum, því eptir minni sannfæringu er þetta mál svo mikilsvarðandi og alvarlegt, að ekki á að gjöra það að kappsmáli, hvorki frá konungsfulltrúastólnum nè frá forsetastólnum nè heldur frá þingmannabekkjunum, en eg skal áður en þessum undirbúningsum-

ræðum verður lokið, enn einu sinni taka fram þau aðalatriði, sem eg skýrt og ýtarlega hefi tekið fram áður, þó mèr virðist ekki að nefndarmenn hafi gefið þeim skýringum neinn gaum, heldur með meira eða minna kappi framfylgt skoðun nefndarinnar, en þessi aðalatriði eru þau sem nú skal greina.

1. Frumvarp alþingis frá í hitt eð fyrra er skipt í tvennt, einungis og einmitt vegna þess, að annað þeirra ekki getur orðið lögleitt án samþykkis ríkisþingsins, en hitt er ríkisdeginum alveg óviðkomandi, og verður ekki lagt fyrir hann. Framsögumaður hefir að vísu bent að 1. gr. þessa frumvarps, þar sem segir: »samkvæmt stjórnarskránni um hin sèrstaklegu málefni dagsettri» .... og af þessum orðum ályktað, að stjórnarskráin ætti að leggjast fyrir ríkisþingið, að minnsta kosti til «Underretning» eða til óbeinlínis samþykkis; en honum hefir sèzt yfir það, að þegar frumvarp um stöðu Íslands í ríkinu á að leggjast fyrir ríkisþingið, þá er stjórnarskrá Íslands ekki til, því hún getur ekki orðið staðfest af konunginum fyrri en búið er að útkljá spursmálið um stöðu Íslands i ríkinu. Eg held að þingmenn, og ef til vill nefndarmennirnir einnig geti skilið þetta, því auðsætt er, að alþingið getur ekki fengið löggjafarvald fyr en fjárhagsaðskilnaðurinn er ákveðinn.

2. Frumvarp það, sem hèr liggur fyrir, er byggt á hinum sama grundvelli og stjórnarskrá alþingis frá í hitt eð fyrra. Nefndarmenn hafa neitað þessu, en það er ekki að síður deginum ljósara öllum þeim, sem geta og sem vilja hugsa hlutdrægnislaust. Eptir stjórnarskrá þeirri, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra, er Ísland óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum, og hefir í öllum sameiginlegum málum löggjöf og stjórn saman við konungsríkið (1. og 3. gr.). Nefndarmenn hafa mótmælt þessu, en þeir hafa ekki leitt lök að því, og ekki getað sagt, hvaða löggjöf og stjórn Ísland ætti að hafa saman við konungsríkið, ef það ekki væri samkvæmt hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum frá 5. júní 1849. En þetta frumvarp ákveður einmitt hið sama, og bætir að eins því við, að grundvallarlögin eigi að birta í heild sinni, meðan eptir stjórnarskrá alþingis að eins ætti að birta nokkrar greinir þeirra. En þar sem lögin eptir stjórnarskránni samt sem áður ættu að vera gildandi í heild sinni, sjá þó allir menn, að frumvarpið í þessu tilliti ekki er lakara vegna þess að það ákveður, að hin gildandi lög eigi að birta í heild sinni.

3. Hver mál eigi að vera sameiginleg og hver sèrstakleg, er að öllu ákveðið á sama hátt í þessu frumvarpi og í stjórnarskrá alþingis. Nefndarmenn hafa ekki getað nafngreint neitt mál, sem í þessu tilliti væri öðruvísi ákveðið í frumvarpinu, nema 3. kafla 7. gr., sem eg áður hefi skýrt frá, og sem ekki snertir löggjöfina í heild sinni, heldur að eins eitt atriði hennar, sem ef til vill aldrei mun fá praktiska þýðingu, og sem hinir heiðruðu þingmenn hafa áskilið sèr breytingaratkvæði við.

4. Árstillagið er ákveðið á annan hátt en í hitt eð fyrra; eg skal skýrskota til þess, sem eg í þessu tilliti áður hefi tekið fram, og sem ekki hefir verið hrakið. Árstillagið er sjálfsagt undir atkvæði ríkisþingsins, og getur skeð, að það taki tillit til breytinga þeirra, sem alþingið stingur upp á við þessa grein; eg skal fyrir mitt leyti mæla með þeim breytingum, eins og eg hefi gjört það í hitt eð fyrra, en mèr þykir það sorglegt, þegar einn nefndarmaður hefir skilið mig á þann hátt, að eg hefði sagt, að árstillagið væri þessu máli óviðkomandi, því enginn þingmaður hefir meira en eg lagt áherzlu á þetta atriði; en hitt hefi eg sagt, og eg skal ítreka það, að eptir eðli málsins getur aldrei verið spursmál um, að ákveða árstillagið eptir vorum svo kölluðu rèttarkröfum, eða eptir reikningi byggðum á þeim, og þess vegna eru þessar kröfur málinu alveg óviðkomandi. Eg sagði, að þessi misskilningur væri sorglegur, og eg skal bæta því við, að eg hèr með meina, að mèr þykir það sorglegt, að hann skuli vera kominn fram hjá hinum heiðraða þingmanni Norður-Múlasýslu. Væri hann kominn fram í ræðu hins heiðraða þingmanns Húnvetninga, mundi mèr ekki hafa þótt hann eins sorglegur, heldur samkvæmur þeirri röksemdaleiðslu, sem öll ræða þessa þingmanns hafði með sèr að færa.

5. 8. grein frumvarpsins um það að binda enda á öll skuldaskipti milli ríkissjóðsins og Íslands, er í raun og veru Íslandi í hag, ef menn ekki byggja þessi skuldaskipti á hinum svo kölluðu rèttarkröfum; en frumvarpið gjörir, eins og eg nýlega tók fram, ekki þetta, og það er ekki von á, að fjárhagsskilnaðurinn nokkurn tíma geti orðið byggður á þeim. En ef svo er, þá snertir þessi 8. grein að eins þau lán eða því um líkt, sem kann að hvíla á íslenzkum sveitarfèlögum, stofnunum, embættum eða gjaldþegnum, og sem á seinni árum annaðhvort eru veitt á móti skuldabrèfum, eða endurgjalda ber samkvæmt gildandi lögum. Eg skal taka til

dæmis þau lán, sem veitt eru til að endurbyggja kirkjur eða aðrar opinberar byggingar, til að kaupa korn, alþingiskostnaðinn, o. s. frv. Frá ríkissjóðsins hálfu getur eptir minni meiningu ekki verið neitt því til fyrirstöðu, að sleppa 8. gr., en hún er eingöngu Íslandi í hag, þegar hún er réttilega skilin. Að geyma (reservere) sér hinar svokölluðu réttarkröfur eða reikningskröfur, þegar fjárhagskilnaðurinn kemst á, dettur líklega engum manni í hug.

Eg skal biðja hina heiðruðu þingmenn vel og vandlega að yfirvega þessi atriði, áður en málið kemur til atkvæðagreiðslu.

Forseti: Hinn háttvirti konungsfulltrúi beindi því að mér, að eg gjörði þetta mál að kappsmáli. Eg get ekki viðurkennt það; eg hefi rakið nokkuð af þessari rás viðburðanna, sem talað hefir verið um, í tilliti til stjórnarmálsins, og látið í ljósi sannfæringu mína um þetta mál. Það getur verið, að sumum hafi þótt ræða mín alvarleg, en enginn getur með sanni sagt, að hún fari fram á neinn ójöfnuð eða kapp. Hvað það snertir, að eg talaði héðan úr forsetasætinu, þá verð eg að biðja hinn háttvirta konungsfulltrúa að afsaka, að eg neyti þess réttar, sem alþingistilskipunin heimilar mér, ekki sem þingmanni Ísfirðinga, heldur sem forseta þingsins; eg vona mér gagnist vitni hinna háttvirtu þingmanna að því, að eg neyti þessa réttar mjög sparlega. Hvað nú snertir ágreininginn um, hvort stjórnarskráin um hin sérstöku mál Íslands verði lögð fyrir ríkisþingið til atkvæðis eða ekki, þá skil eg ekki, hvernig stjórnin ætlar að ábyrgjast, að það verði ekki gjört, þar sem það er beinlínis ákveðið í frumvarpi því, sem ríkisþingið var að semja í vetur, að svo skyldi gjört, og það atriði var samþykkt óbreytt á fólksþinginu. Það er því hætt við, að ríkisþingið í því efni gjöri sig heimakomið hjá stjórninni, ef þetta mál kæmi fyrir, og enda hér í sjálfu frumvarpi stjórnarinnar liggur það óbeinlínis í 1. grein. Loks ætla eg að geta þess, að þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi tók fram, að fjárhagsmálið yrði að vera útkljáð, áður en Íslendingar fengju löggjafarvaldið, þá er ekkert hægra, eptir því sem eg fæ skilið, því þar til þarf ekki annað, en að ríkisþingið kveði upp ályktun sína um fjárgjaldið úr ríkissjóði, hvað sem það verður, og þar með væri það mál útkljáð.

Eiríkur Kúld: Hinn háttvirti þingmaður Árnesinga var í gær hræddur um, að formlegir gallar mundu kunna að verða á breytingaratkvæðum hans. Eg ætla því að áskilja mér breytingaratkvæði í þá stefnu, að ef svo verður, þá geti þau ekki komið undir at-

kvæðagreiðslu. Úr því eg á annað borð stóð upp, skal eg leyfa mèr út af því, er hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður sagði í gær, að eg hefði misskilið eða ekki getað skilið átölur hans fyrir, að reikningur nefndarinnar að eins tæki tillit til annarar hliðar viðskiptanna, að svara honum, að það erum ekki vèr, heldur Danir, sem eiga til þess að segja, hve mikið þeir eigi hjá oss, þegar vèr komum með reikning til þeirra yfir það, sem við eigum hjá þeim; þeir hafa ekki gjört það, og hinn háttvirti þingmaður segir, að það sè ómögulegt, en eg álít, að það sè vissulega mögulegt, einkum ef stjórnin tæki sèr eins góðan reikningsmann til aðstoðar eins og hinn háttvirta þingmann Rangæinga. Það hefir verið talað margt um, hve hvikult fjártillagið væri, og um marga aðra galla á stjórnarfrumvarpinu, er þyrfti að ráða bót á, og hafa því mörg breytingaratkvæði verið ráðgjörð í þeim tilgangi. En sá, sem á að skera úr, hvert fjártillagið skuli vera, er ríkisþingið, og sá, sem ætlar sèr að samþykkja breytingarnar, áður en þær eigi að verða að lögum, er sömuleiðis ríkisþingið, svo það er efasamt, að hve miklu gagni þær breytingar koma.

Að fara að svara þingmanni Rangæinga mín eða nefndarinnar vegna út af ýmsu smávegis, er hann hefir beint að okkur, síðan eg svaraði honum síðast, þykir mèr ekki gustuk. Það væri að bera í bakkafullan lækinn ofan á ræðu hins háttvirta þingmanns Suður-Þingeyinga.

Framsögumaður: Það var reyndar margt í ræðu hins háttvirta konungsfulltrúa, er mèr þykir ástæða til að svara, en þingræðurnar eru orðnar svo langar, að eg ætla að geyma mèr það til ályktarumræðunnar. En af því sumir hafa hneykslazt á orðatiltækjunum: »allraþegnsamlegast að mótmæla» í niðurlagsatriðum nefndarinnar, skal eg leyfa mer að áskilja mèr það breytingaratkvæði, að í stað niðurlagsins, sem er, verði sett, að þingið ekki treysti sèr til að taka málið til meðferðar, eins og það nú liggi fyrir, og það því vilji ráða hans hátign konungsins allraþegnsamlegast frá, að frumvarp þetta nái lagagildi.

Forseti: Úr því ekki taka fleiri til máls . . . .

Benedikt Sveinsson: Ef umræðunum á að hætta, verð eg að biðja mèr hljóðs augnablik, af því eg ekki má tala nema einu sinni við ályktarumræðuna. Eg viðurkenni, að breytingum þeim, er eg hefi leyft mèr að leggja fyrir þingið, kunni að vera ábótavant, og sèu ekki eins vel úr garði gjörðar og vera skyldi. En þar sem

hinn háttvirti forseti í ræðu sinni, er annars vel og ljóslega sýndi, hve sannur og ágætur Íslendingur hann er, lèt á sèr heyra, að enginn sannur Íslendingur í þessu máli gæti valið annan veg en nefndin, þá verð eg að svara honum því, að íslenzkan átti eg föður og íslenzka móður, og að eg vil ráða bæði honum og öðrum frá, að bera mèr það á brýn, að eg sè eigi svo sannur Íslendingur, sem mèr framast er gefið vit til, þekking og drengskapur. Hann skoðaði að öðru leyti mál þetta frá lagalegu, sögulegu og stjórnlegu sjónarmiði, og viðurkenni eg, og hlýt að viðurkenna, eptir beztu sannfæringu minni, að margt af því og vel flest af því var satt og á gildum rökum byggt, en engu að síður hlýt eg að álíta, að stefna hans sè miður rètt á þessu þingi, og eins og nú stendur á, þegar á allt er litið. Það er ómótmælanlegt, að hann varði drenglega rètt þjóðarinnar og þingsins, og væri mèr því sönn gleði, að hann sæti jafnan í forsetastólnum, enda virðist mèr, að hann ætti miklar þakkir og virðingu skilið bæði hjá Dönum og Íslendingum fyrir það, að hann hefir komið svona fram í þessu máli, og dregið sem skarpast fram þau atriði sem á að leiða til sáttatilhliðrunar innbyrðis milli Dana og Íslendinga. Á hinn bóginn skal eg og manna fyrstur játa, að hinn háttvirti konungsfulltrúi á skilið þakkir og virðingu Íslendinga eigi síður en Dana fyrir aðgjörðir sínar og tillögur í þessu máli, þó hann sem talsmaður stjórnarinnar hafi að sínu leyti haldið eins fast fram því sjónarmiði, sem ýtrast getur verið umtalsmál frá hennar hálfu. Að þessir tveir menn eptir stöðu sinni virðist fara sinn hvora leiðina, þarf engan veginn að vera sprottið af kappi eða ójöfnuði; allt lífið er kapp og barátta, óaflátanlegt stríð, og það kemur eðlilega fram, þegar koma skal miðlun á þetta mál. Barátta skynseminnar, ef svo mætti að orði kveða, á að beina því í rètt horf. Og þegar nú forseti er centrum þess, er þjóðin og þingið vill hafa fram, og þingið er ímynd þjóðarinnar; og þegar konungsfulltrúi er ímynd konungs hèr á þingi, og ber það fram, er jafnrèttti samþegna vorra Dana útheimtir, þá geta báðir haft rètt að mæla, og þó sinn sagt hvort, af því þeir bera fram mál tveggja parta, er hafa svo ólíkar Interesser, en hin eilífa uppgáfa er að koma saman óskum manna þannig, að hvorugs rètti sè hallað, en báðir fái þó fullnægt þörfum sínum, og því hef eg leyft mèr að stinga upp á breytingum mínum, en eg lasta ekki konungsfulltrúa nè forseta, þó þeir segi meiningu sína hreint út. (*Forseti:* Flestir þingmenn

munu óska að umræðunum verði hætt sem fyrst) . . . . . Eg skal ekki heldur tefja tímann lengur, en að eins taka það fram, að breytingaratkvæði mín eru fram sett til þess, að ágreiningur sá, sem nú kann að vera í orði, ekki um langan tíma sè einnig á borði, Dönum og Íslendingum, jafnt báðum, til skaða og óánægju.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu nú lokið, en af því svo áliðið er orðið, skal eg slíta fundi að sinni, en ákveða aptur fund í kveld kl. 6.

Fundi slitið.

---

33. fundur — 3. september.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur á þessum fundi til inngangsumræðu og nefndarkosningar, ef þingið svo ákveður, uppástunga frá nefndinni, sem sett var í stjórnarskipunarmálinu, um ávarp til konungs. Flutningsmaður er hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, er mun lesa uppástunguna upp og skýra þinginu frá því, sem honum þykir nauðsyn til vera.

Eiríkur Kúld: Uppástungan hljóðar svo: (Sjá II., bls. 282).

Að svo stöddu finn eg eigi ástæðu til þess, að fjölyrða um þetta mál; því eg vona, að hinir heiðruðu þingmenn sèu oss uppástungumönnum samdóma um, að nú sè hentugur tími fyrir þingið til að bera fram ávarp fyrir hans hátign konunginn.

Konungsfulltrúi: Þar sem uppástunga sú, sem nú var lesin upp, beinlínis gjörir ráð fyrir því, að alþingið aðhyllist uppástuugu nefndarinnar um, að vísa hinu konunglega frumvarpi um stöðu Íslands í ríkinu alveg frá, þykir mèr það of snemmt nú, meðan ályktunarumræðan um þetta frumvarp ekki er byrjuð, og enn þá er ósèð, hvernig úrslit þessa máls verða á þinginu, að taka þessa uppástungu til meðferðar. Eg get vel ímyndað mèr, að hinir heiðruðu uppástungumenn kynnu að óska, að þingið nú þegar gripi fram fyrir atkvæðagreiðsluna um hið konunglega frumvarp, en mèr þykir þetta frjálsum atkvæðisrètti alþingis alveg ósamboðið. Eg skal þess vegna, án þess að fara fleiri orðum um stefnu uppá-

stungunnar, ráða þinginu til, að fresta þessu máli til þess búið er að ræða frumvarpið um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu til lykta.

Eiríkur Kúld: Eg get eigi verið samdóma hinum hæstvirta konungsfulltrúa um það, að það sè of snemmt, nú þegar að koma fram með þessa uppástungu, sökum þess, að eigi sè enn af gengin atkvæðagreiðslan í stjórnarskipunarmálinu, eða að með því sè rètti þingmanna misboðið, og tekið fram fyrir hendur á þingmönnum með það, hvernig þeir greiði atkvæði í málinu, því hèr er ekki um annað að ræða, en um það, hvort nefnd skuli kjósa til að semja ávarp til konungs; en það er mjög líklegt, að nefnd sú, er kosin yrði, hefði eigi lokið starfa sínum fyr en eptir að atkvæðagreiðslan í stjórnarskipunarmálinu er af gengin.

Guðmundur Einarsson: Mèr heyrðist hinn hæstvirti konungsfulltrúi hafa ranga ímyndun um, hvers vegna þessi uppástunga er fram borin; það var ekki vegna þess, að nefndin fyrir fram vissi, hvernig atkvæðin mundi falla í stjórnarskipunarmálinu, að hún stakk upp á ávarpinu til konungs, heldur af því, að hún áleit þess fulla þörf, hvort heldur atkvæði þingsins fèllu með henni eða mót. Nefndin er sem sè fullkomlega þeirrar meiningar, að skoðanir stjórnarinnar og ríkisþingsins á þessu allsherjar- velferðarmáli voru sèu rammskakkar, og að grundvöllur frumvarpanna um stjórnarmál Íslands sè óhafandi, og einmitt af þessari ástæðu er það nauðsynlegt, að þingið nú þegar riti hans hátign konunginum ávarp og beiðist þess, að hann af sinni konunglegu mildi sjái um, að rètti vorum verði ekki misboðið.

Jón Pètursson: Eg fæ eigi betur sèð, en uppástunga þessi sè allt of snemma fram borin; hún fer í vissa átt, og efnið til ávarpsins er þegar gefið í henni; og þess vegna sýnist það beinlínis eiga við, að hún eigi sè fram borin, fyr en atkvæðagreiðslan í stjórnarskipunarmálinu hefir gengið fyrir sig.

Eiríkur Kúld: Út af ræðu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, skal eg leyfa mèr að geta þess, að þar sem hann sagði, að efnið í ávarpið væri þegar gefið í uppástungunni, þá er þetta hreinn misskilningur. Þingmaðurinn má þó vita, að nefnd sú, er kosin yrði til þess að semja ávarpið, engan veginn er bundin við efni sjálfrar uppástungunnar. Eg skil því ekki, hvað þess konar mótbárur eiga að þýða. Eg fyrir mitt leyti hygg, að uppástungan sè má ske helzt til of seint fram borin, því rèttast

hefði verið, að hún hefði verið borin upp fyrir mánuði síðan, eða undir eins og þing var sett.

Jón Pètursson: Eptir því, sem flutningsmanni fórust orð, skilst mèr þá, að einungis sè meiningin, að rita konungi ávarp, og að nefnd sú, er kosin yrði, hafi öldungis frjálsar hendur. Og sè svo, þá álít eg ekki, að uppástungan sè of snemma fram borin.

Guðmundur Einarsson: Það má svo sem geta því nærri, að stjórnarskipunarmáls-nefndin hefir í engan máta ætlað sèr að binda hendurnar á nefnd þeirri, er í þessu máli yrði kosin.

Stefán Jónsson: Mönnum má vera það kunnugt, að þess konar ávörp eru lesin upp hèr á þingi, eins og t. a. m. álitsskjal til konungs, og þá geta menn leiðrètt það, sem þeir kynnu út á það að setja; því sè eg ekki, að þessi uppástunga komi of snemma fram.

Pètur Pètursson: Má eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta flutningsmann: Á ávarpið að vera politiskt ávarp eða hinseginn svona þegnlegt ávarp, t. a. m. út af því að krónprinzinn fèkk sèr konu í sumar.

Eiríkur Kúld: Vilji þingmaðurinn endilega taka það inn í ávarpið, þá er vitaskuld, að honum eins og hverjum öðrum þingmanni stendur »frítt» fyrir, að koma fram með uppástungu í þá átt. Að öðru leyti álít eg, að hèr sè ekki umtalsefnið, hvort það skuli vera politiskt eða annars konar ávarp, heldur um það, hvort nefnd skuli kjósa eða ekki.

Pètur Pètursson: Þingmaðurinn þekkir, vona eg, mun á politisku ávarpi og þegnlegu ávarpi. Uppástungan hlýtur að hafa aðrahvora þessa stefnu; annars er hún þýðingarlaus.

Eiríkur Kúld: Nefndin vissi ljósan mun á þessu, og þarf þingmaðurinn ekki að fræða menn um slíkt.

Guðmundur Einarsson: Nefndin kemst kann ske að allt annari niðurstöðu, en uppástungan fer fram á. Það er því allt of snemmt að fara að ræða um það. Það getur vel verið, að hún komist að sömu niðurstöðu, sem hinn háttvirti varaforseti vildi, einkum verði hann kosinn í hana.

Benedikt Sveinsson: Eg skal leyfa mèr að geta þess, að eg fæ ekki betur sèð, en að þingið geti og eigi að fara með þessa uppástungu eins og hverja aðra, sem til þess kemur, en allar uppástungur eru breytingum undirorpnar, og því þá ekki þessi líka. Í uppástungunni er stefna ávarpsins ekki svo beinlínis ein-

skorðuð, að þar sè tekið fram fyrir hendur á nefnd þeirri, er kosin yrði. Uppástungan er því löglega fram flutt, hvort sem það er fyr eður seinna.

Forseti: Þar eð fleiri taka eigi til máls, er inngangsumræðu þessari lokið. Eg vil því leita atkvæða 1) um það, hvort nefnd skuli kjósa nú þegar eður eigi.

Þar næst 2) um það, hvort fresta skuli kosningunni.

Var síðan ákveðið, að kjósa nefnd nú þegar, og var þriggja manna nefnd samþykkt með 17 atkvæðum gegn 9.

Þessir voru kosnir:

1. Halldór Jónsson með 15 atkv.
2. Helgi Hálfdánarson — 13 —
3. Páll Vídalín — 12 —

Málið afhent þingmanni Norður-Múlasýslu, er flest atkvæði hlaut.

Forseti: Dagskrá er þá lokið; eg ákveð fund á morgun kl. 12, og segi þar með

Fundi slitið.

---

34. fundur — 4. september.

Allir á fundi, nema þingmaður Árnesinga, er hafði skýrt forseta frá, að hann ekki gæti komið á þing í dag.

Þingbók frá tveim hinum síðustu fundum lesin upp og samþykkt.

Forseti: Af því í dag er liðinn sá tími, er hinn háttvirti konungsfulltrúi lengdi þingið um, og af því vèr enn eigum býsnamikið eptir af málum, er þarf að ljúka við, — og hefir lengingin orðið svo ónóg einkum af því, að umræðurnar um málið um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu urðu svo miklu meir en helmingi lengri en eg hafði búizt við, — hlýt eg að skjóta því til hins háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann vilji aptur lengja þingtímann, og skal eg geta þess, að eg fæ eigi séð, að vèr getum af lokið, jafnvel ekki hinum mest áríðandi málum, fyr en í fyrsta lagi þann 13. þessa mánaðar.

Konungsfulltrúi: Upp á áskorun hins heiðraða forseta um

lengingu þingtímans skal eg svara, að eg eptir að hafa tekið tillit til allra þeirra kringumstæðna, sem fyrir liggja, ætla að lengja þingtímann til loka næstu viku, en svoleiðis að eg áskil mèr að segja þinginu slitið næstkomandi laugardag þann 11. þ. m. Þessi lenging mun vera nægileg til þess að ræða til lykta bæði stjórnarbótarfrumvörpin og konunglegt álitsmál það, sem samkvæmt dagskránni er til ályktunarumræðu í dag, og það er með því skilyrði, að þessi mál verði látin vera í fyrirrúmi, að lenging þingtímans er veitt af mèr.

Forseti: Þingmenn hafa nú heyrt, hve langur frestur er veittur, og eru þeir víst allir mèr samdóma um, að bezt sè að nota hann, til að koma því af, sem mögulegt er; skal eg því skjóta því til hinna háttvirtu þingmanna, að haga svo ræðum sínum, að þær ekki verði langorðari, eða meðferð málanna lengri, en öldungis nauðsynlegt er, til þess að kynna sèr þau og ræða þau með athygli. Ef vèr getum af lokið því á hverjum fundi, er á dagskránni stendur, vona eg að vèr, með kveldfundum, og með því allir að leggjast á eitt, getum af lokið í það minnsta þeim málunum, er mest ríður á; skal eg svo ekki fara fleirum orðum um það.

Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið um fiskiveiðar útlendra við strendur landsins. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): (Nefndarálitið, sjá II., bls. 282). Málið í sjálfu sèr virðist ekki þurfa greinilegri skýrslu með en þeirrar, er nefndarálitið inniheldur. Eg ætla að eins að geta þess, að skýrslur þær um yfirgang og gripdeildir af frönskum fiskimönnum, er nefndarálitið inniheldur, eru eptir þá þingmenn, er nú sitja hèr í salnum, og að nefndin þar næst að eins hefir talið þann yfirgang og þær gripdeildir, sem hinir útlendu fiskimenn hafa haft í frammi síðan 1867, að mál þetta var síðast borið upp á þingi, og þingið hafði það til meðferðar. Nefndinni þótti ei hlýða, að minnast á það, sem eldra var, enda þó hún vissi, að sumt hefði gleymzt á hinum fyrri þingum. Að öðru leyti þarf ekki að skýra þingmönnum neitt frá, hve óþolandi þessi yfirgangur er; þeir þekkja það bezt sjálfir, og ætla eg því að eins að benda á, að þar sem nefndin í niðurlagsatriðunum hefir beðið um, að framfylgt verði hinum gildandi lagaboðum um þetta efni, þá kom það af því, að henni þótti fullljóst, að þau lög, sem

hún greinir, sèu gildandi um þetta efni, og furðaði hana á, að stjórnin ekki framfylgdi þeim, heldur færi að semja við þá, er lögin brjóta. Samninga þarf ekki, þar sem lög eru fyrir hendi. En ef nú svo skyldi fara, eins og hingað til hefir verið, að lögunum þó ekki væri fram fylgt, þá hefir nefndin til vara beðið stjórnina að reyna að ráða bót á vandræðum þessum með samningum, og efaðist nefndin ekki um, að stjórnin mundi álíta sèr það helga skyldu, að gjöra sitt ýtrasta í eins ómetanlegu velferðarmáli fyrir landsbúa, en nefndin vildi eðlilega ekkert ráða stjórninni, hvern veg hún helzt skyldi velja til að fá því framgengt.

Konungsfulltrúi: Eg skal að eins fara fáeinum orðum um þetta mál, sem að vísu er mikilsvarðandi, en á hinn bóginn ekki er komið undir úrskurði stjórnarinnar eingöngu. Þar sem spursmál það, sem hèr ræðir um, heyrir undir þjóðrèttinn, eru úrslit málsins komin undir samningstilraunum og samningum á milli hinnar dönsku stjórnar og stjórnanna í Frakklandi, Englandi og Belgíu, en frá hinum tveimur síðar nefndu löndum eru, eptir því sem mèr er kunnugt, að eins fá fiskiskip, sem koma hingað til landsins. Af skýrslum þeim, sem eg hefi gefið þinginu, má sjá, að stjórnin hefir tekið tillögur alþingis frá í hitt eð fyrra til greina við samningstilraunir sínar, og að þær, að svo miklu leyti sem Frakkland snertir, ekki voru til lykta leiddar, þegar alþingið var sett í þetta skipti. Eg get fullvissað þingið um, að þessum tilraunum verður haldið áfram, og að svo miklu leyti virðist mèr miður nauðsynlegt, að ítreka þá bæn, sem þingið í hitt eð fyrra sendi til konungsins um þetta mál.

Hvað 3. niðurlagsatriði nefndarinnar snertir um það, að hans hátign konungurinn reyni þá samninga við stjórn Frakka, að tollur sá, sem verið hefir á innfluttum fiski frá Íslandi, verði sem fyrst af numinn, er eg viss um það, að stjórnin muni álíta það mjög æskilegt, að útvega þess konar hagsmuni handa Íslandi; en eg er á hinn bóginn of ókunnugur þeim kringumstæðum, sem stjórnin í Frakklandi í þessu tilliti á að taka til greina, til þess að eg geti dæmt um eða skýrt þinginu frá, hvort hún yfir höfuð sè fáanleg til að ganga að þess konar samningum.

Framsögumaður: Af því hinn hæstvirti konungsfulltrúi talaði mest um samninga, ætla eg, að stjórnin muni álíta þann veg hægastan, en eg hlýt að ítreka það, að eg skil ekki, að stjórnin sjái sèr ómögulegt að fram fylgja gildandi lagaboðum. Af brèfi frá

dómsmálaráðherranum, dagsettu að mig minnir 1859, má sjá, að stjórnin sjálf álítur þau gildandi, og vona eg því, að stjórnin fremur kjósi að halda lögum uppi, en að semja um eitthvað, er breyti þeim verulega, og láta þó lögin standa að nafninu til. Þetta á nú við spillingu fiskiveiðanna, en hvað spjöll á eignum vorum á landi snertir, þá er slæmt að fá enga réttingu á því, þar sem það þó eru hrein og bein rán og þjófnaður, en það verður stjórnin að sjá einhvern veg til, að vèr fáum þess nokkrar bætur, og vil eg fyllilega treysta því, að hún sjái ráð til þess.

Forseti: Úr því ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið. Kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um styttingu og útsendingu þingtíðindanna. Framsögumaður er hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): Meðal niðurlagsatriðanna skal eg leyfa mèr að mæla sèrstaklega fram með tölulið 5., er miðar til þess, að gjöra mönnum hægra fyrir, að eignast aðalatriði alþingistíðindanna, með því að selt verði sèr á parti það, er nú er annað bindi þingtíðindanna, og inniheldur þingskjölin. Það verður varla helmingur að dýrleika við öll þingtíðindin, en í því verða þó að finna, í fyrsta lagi: konungleg frumvörp og bænarskrár frá landsmönnum og uppástungur; í öðru lagi nefndarálitin, og í þriðja lagi atkvæðaskrár og bænarskrár og álitsskjöl til konungs. Er það þannig nægilegt fyrir hvern þann, er óskar að vita, hver mál hafa verið lögð fyrir og rædd á þinginu, og hver úrslit þau hafa fengið. Þessi bók yrði helmingi ódýrari, styttri og hægri að flytja en tíðindin með umræðunum, og höfum vèr ímyndað oss, að hana mundu miklu fleiri kaupa en tíðindin öll, og höfum vèr því stungið upp á, að af þeim (ɔ: tíðindunum með umræðunum) skyldi að eins prenta 200 exemplör. Kostnaðurinn yrði þannig töluvert minni, og vonlegt, að fleiri því kynntu sèr alþingismálin.

Hvað 6. niðurlagsatriðið snertir, tel eg það meinlaust, en einnig gagnslaust, og fylgi eg því hvorki nè mótmæli. Annars er sá galli á því, að það ekki til greinir, hver skuli kjósa þá menn, er eiga að álíta og úrskurða ferðakostnaðarreikningana með forseta. Væri æskilegt, að það yrði skýrt í umræðunum, og sömuleiðis, hvort það ættu að vera innan- eða utanþingsmenn.

Stefán Jónsson: Það er kunnugt, að fyrir fáum árum var farið að prenta þingtíðindin í tvennu lagi, á þann hátt, að umræðurnar voru í bindi fyrir sig, en þingskjölin í öðru. Nú veit

eg ekki betur, en að þetta væri gjört einmitt til þess, að þeir, er að eins óskuðu að eiga annað bindið, gætu fengið það, og ekki þyrftu að kaupa hitt með. En að öðru leyti veit eg ekki til, að nokkur maður hafi keypt þingtíðindin, sem ekki hefir keypt bæði bindin, og ætla eg því ekki, að uppástungan um skiptingu tíðindanna sè nú nauðsynleg, þar eð hún ekki veitir annað, en vèr þegar getum fengið nú.

Á meðan á þessari ræðu stóð, gekk konungsfulltrúi af þingi, en til sætis hans gekk hinn 1. konungkjörni þingmaður.

Þórður Jónasson: Þau orð, sem eg vil leyfa mèr að tala um þetta mál, þau tala eg sem þingmaður, en ekki frá sæti því, er eg í þessum svip sit í. Eg verð þá að lýsa því yfir, að mèr virðist hin heiðraða nefnd hafa sýnt bænarskrám þeim, er hún hafði til meðferðar í þessu máli, of mikið eptirlæti, eða meira en þær áttu skilið. Eg fæ ekki skilið, að það sè ástæða til, að þingið biðji forseta sinn að annast um útsendingu alþingistíðindanna, því hann er búinn að því áður, og því þarf þess ekki. Eg fæ ekki betur sèð, en að menn gjöri of mikið úr þeim erfiðleikum, sem séu á því, að nálgast alþingistíðindin. Vèr skyldum sjá, ef hèr væri um skemmtibók að ræða, hvort þeir, sem vildu, gætu ekki nálgazt hana. Meining málsins er í raun og veru sú, að menn vilja ekki eignast tíðindin nè heldur lesa þau, og eg er viss um, að þó almenningur gæti fengið þau glóðvolg úr prentsmiðjunni, þá yrðu fáir til að kaupa þau, því yfir höfuð er almenningur hèr meira fyrir að lesa bækur en kaupa þær. Eg get því með engu móti verið því samþykkur, að senda bænarskrá til konungs um, að útsending alþingistíðindanna borgist sem annar alþingiskostnaður, því hann er nógur samt. Þar á móti fellst eg á 4. uppástunguatriðið, sem fer fram á, að stytta alþingistíðindin með því að gjöra einungis ágrip af ræðum þingmanna, því það yrði mikill sparnaður í prentunarkostnaðinum. Í þessu efni höfum vèr dæmið til að fara eptir í standaþingtíðindunum frá Hróarskeldu; framan af innihèldu þau ekki annað en frumvörpin, álitsskjölin og framsögu málanna, en ræður þingmanna voru útilátnar. Það var að eins tekið fram í fáum orðum, hvað þeir hefðu lagt til málanna, og þeir þingmenn, sem tóku til orða, voru ekki einu sinni nefndir með nafni, en orðað þannig: «einn þingmanna mælti», «annar þingmaður tók fram» o. s. frv., enda urðu standaþingtíðindin þá ekki nema hèr um bil 80 arkir, með öllum þeim mörgu lagafrumvörpum, sem

þar komu fram, en alþingistíðindi okkar eru á seinni árum orðin yfir 100 arkir; svona eru þingmenn okkar orðnir tölugir. Það er hægðarleikur fyrir þingskrifarana, að stytta þingræðurnar, með því að taka einungis merginn úr þeim. Eg þekki það af reynslunni, því eg var þingskrifari á fyrstu alþingunum, og þá bjuggum við skrifararnir til mikið af ræðum þingmanna eptir uppteiknunum okkar á þinginu, og svo sýndum við á undan þingi hvern morgun dagsverkið, eins og okkur var sagt, konungsfulltrúa, sem fór yfir það, og síðan lásum við skrifararnir þetta upp á þinginu, og leiðrèttu þingmenn þá það, sem þeim þótti of- eða vanhermt. Þetta var aðferðin þá, og þingtíðindin gengu eins vel eða betur út þá en nú, þó ræðurnar kæmu að eins í ágripi. Eg held líka, að enginn þingmaður geti tekið sèr það nærri, þó sagt sè, að sumt í ræðum hans megi missa sig, en sjálfsagt hverfa með þessari meðferð arkarræðurnar úr þingtíðindunum. Uppástungan undir 6. tölulið þykir mèr óþörf, og svo hefi eg það móti henni, að í henni liggur eins konar tortryggni til þingmanna, að þeir setji ferðakostnaðinn of hátt, sem eg verð að álíta að þingmenn eigi ekki skilið, en þar sem almenningi þó kynni að verða það hugfró, ef forseti tæki tvo menn með sèr til þess að yfir fara reikningana, vil eg mæla fram með þessu uppástunguatriði, og fara eptir því, sem mælt er: «superflua non nocent».

Helgi Hálfdánarson: Eg vil að eins viðvíkjandi 6. tölulið leyfa mèr að spyrja, hvort það eigi vel við, að ákveða nú nokkuð fyrir seinni þing um þetta efni. Það er ekki einu sinni víst, hvort vèr, sem nú sitjum hèr, verðum hèr á næsta þingi. Það gæti farið nú eins og síðast, að þetta þing yrði rofið, svo hèr yrðu flestir aðrir, þegar alþingi verður haldið næst. En ef svo færi, finnst mèr ekki alls kostar eiga við, að vèr værum búnir að binda hendur þeirra; að eg ekki tali um, ef næsta þing yrði löggjafarþing. Eg sting því upp á, að þetta sè einungis ákveðið fyrir þetta þing, og að orðunum: «Í hvert skipti, sem alþingi kemur saman», sè sleppt úr, þegar uppástungan er fyrst borin upp til atkvæða. Hvað það snertir, að stytta þingræðurnar á þann hátt, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður var að mæla fram með, þá segi eg enn hið sama um það og við undirbúningsumræðuna, að mèr virðist það væri hart nær sama fyrir menn út um landið, sem það væri fyrir menn hèr í Reykjavík og kring um

hana, ef vèr lokuðum þingsalnum að oss og töluðum innan luktra dyra.

Stefán Eiríksson: Af því eg hefi ekki talað neitt í þessu máli fyrri, þá vildi eg einungis lýsa því yfir, að mèr virðist uppástunga nefndarinnar undir tölulið 2. vera ískyggileg; þar sem bænarskrárnar, sem komið hafa til þingsins, eru að kvarta yfir því, hvað alþingiskostnaðurinn sè mikill árlega, þá virðist mèr það mjög svo ótiltækilegt, að hækka hann með því, að bæta við hann útsendingarkostnaðinum á þingtíðindunum. Það er, eins og við vitum, 168 hreppar á landinu, og ef maður nú gjörir þá áætlun, að 1 rd. kosti ein tíðindi fyrir hvern hrepp, þá getur þetta orðið góður ábætir við það, sem er, og ef þetta kostar útflutningur á einum tíðindum til hvers hrepps, sem ætla má á að verði, þá kostaði flutningur 2 tíðinda á hvern hrepp 336 rd., og þetta er þá ekki svo lítill ábætir á alþingiskostnaðinn. Þar sem í 1. tölulið er verið að tala um, að forseti ráðfæri sig við þingmenn, finnst mèr það eigi geta átt sèr stað, því það getur enginn þingmaður nú skýrt frá því, hve mörg tíðindi hann gæti selt, því að fara að flytja tíðindi út um landið upp á alþingiskostnaðinn, og láta þau svo liggja hèr og þar óseld, er ógjörningur; menn yrðu áður að fá áskrifendur fyrir þeirri upphæð, sem selzt gæti. Að öðru leyti skal eg tala einungis fátt eitt um þessa atkvæðaskrá; viðvíkjandi 4. tölul. þá virðist mèr muni standast á kostnaður og ábati, að fá það, sem þar er farið fram á; því það mun kosta æði-mikið, ef til vill, að fá mann til að stytta allar þingræður, og eg fyrir mitt leyti álíti þá miklu rèttara, að sleppa öllum þingræðum, því það eitt gæti orðið sparnaður, en hitt ekki, að setja niður nefnd manna til að stytta ræðurnar; þess háttar kostar allt skildinginn hèrna í Reykjavík, og yrði víst ekki ódýrara en prentun ræðnanna í heild sinni. Það hafa nú nokkrir heiðraðir þingmenn tekið sèr breytingaratkvæði undir 6. tölul. um, að 2 menn sèu valdir til að úrskurða reikninga alþingismanna með forseta; þetta er nú í sjálfu sèr meinlaus ákvörðun, enda þó mèr finnist að í henni felist tortryggni til alþingismanna; ef þessir meðgjörðarmenn yrðu valdir, væri víst betra að þeir væri kunnugir því, hvað ferðalög kosta á landi voru, og eg get yfir höfuð ekki haft betri tiltrú til þessara manna, en forseta þess, sem nú er, því hann er svo kunnugur, að hann getur full-vel úrskurðað ferðakostnaðarreikninga þingmanna án aðstoðar annara, og því álít eg þessa uppástungu óþarfa.

Guðmundur Einarsson: Eg vil stuttlega fara yfir atkvæðaskrá þessa, og er þá fyrst viðvíkjandi hennar 1. tölulið, að mèr stendur á sama, hvort hann stendur eða fellur, ef á annað borð er til maður, sem hefir á hendi útsending tíðindanna. 2. töluliður virðist mèr vera of smámunalegur til þess að fara að skrifa konungi um slíkt, og hið sama virðist mèr um tölulið 3. Töluliður 4. virðist mèr ískyggilegur; 5. töluliður góður, nema hvað mèr virðist millibilið á exemplarafjöldanum vera of mikið. 6. töluliður hefir eigi heppnazt vel; þar er eigi tilgreint, hver það er, sem kjósa skuli, nè hvern. Menn hafa hreift því hèr, að reikningarnir væru háir, og bænarskrárnar tala einnig um, að þeir sèu ósanngjarnir, en eg hefi nú gjört þrenns konar reikning, dreginn út af ferðakostnaðarreikningum þingmanna á umliðnum þingum, og eptir því virðist mèr þeir vera líkir nú og fyr; menn verða að gæta að því, að peningar eru nú næstum í helmingi minna gildi en þeir voru á þeim árum, þegar hin fyrstu þing voru haldin; það er því eðlilegt, þó að dalatalið sè miklu hærra; en fremur er þess að gæta, að allur ferðakostnaður vex að tiltölu eptir kröfum og þörfum tímanna, og þingmenn verða að fylgja þeim eins og hverjir aðrir. Þó að reikningar þingmanna, sem eiga viðlíka langa leið, sèu misjafnir, þá getur það og svo verið af sennilegum ástæðum. Mèr stendur því á sama, hvort þessi töluliður stendur eða fellur.

Þórarinn Böðvarsson: Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður sagði, að það væri sprottið af tortryggni til forseta, sem 6. töluliður fer fram á, en eg veit eigi, hvernig það getur verið, þar eð nefnt hefir verið, að ferðakostnaður væri eigi jafn hjá þeim mönnum, sem væru úr sama hèraði. Eg skal taka það skýrt fram, að þó eg áskildi mèr þetta breytingaratkvæði, þá kom hvorki mèr nè öðrum í hug, að tortryggja hinn háttvirta forseta; það væri nær, að eg með þessu hefði viljað koma í veg fyrir, að aðrir tortryggðu hann, og sannfærðust um það, að hann væri engum þingmanni vilhallur. Hitt er aðgætandi, að þetta er hið eina af launum þingmanna, sem eigi er fast ákveðið með lögum, og virðist mèr vel við eiga, að það sè gjört. Þingmaður Vestmanneyinga talaði um, að með 6. tölulið væri tekið fram fyrir hendurnar á síðari þingum, en mèr þykir það vel mega vera, ef ákvörðunin í sjálfri sèr er sönn og rètt. Að öðru leyti hirði eg eigi, að fara yfir atkvæðaskrána. Eg álít 1. tölulið að minnsta kosti meinlausan, og sá nefndin eigi önnur ráð í því efni. Þingmanni Dalamanna þótti

lítilræði, það sem 2. töluliður fer fram á; eg veit til, að maður hefir gefið 11—13 rd. fyrir að ná til sín einum alþingistíðindum, og þykir mèr eigi það vera lítilræði, þó þingmanni Dalamanna virðist svo. 4. töluliður hefir fengið vondar tillögur, en það er þó ljóst, að hann væri til sparnaðar; ef hann kæmist á, eður fengi meðmæli þingsins, mundi við það sparast allt að 1000 rd. á hverju þingi.

Tryggvi Gunnarsson: Eg vildi geta þess, af því mitt nafn stendur við 6. tölul., að það er misskilningur, sem hèr hefir verið sagt, að hann sè sprottinn af tortryggni við forseta, heldur er það einmitt tilgangurinn, eins og eg sagði við undirbúningsumræðuna, að gjöra honum hægra fyrir með úrskurð sinn, þegar það kæmi fyrir, að ástæða virtist til, að einhver þingmaður hefði sett ferðakaup sitt of hátt. Mèr er að vísu fyrir mitt leyti ósárt um þennan tölulið, eins og allt, sem stendur á atkvæðaskránni, þó það falli við atkvæðagreiðsluna, og ætla því ekki að mæla mikið með honum, en mun helzt gefa atkvæði mitt fyrir 6. og 3. tölulið, því mèr finnst það vera að fullkomna verkið, að gefa einnig flutningskaupið á þeim tíðindunum, sem hrepparnir fá til eignar, úr því þingið hefir samþykkt, að þeir skyldu fá þingtíðindin gefins. Hinir efnabetri borga hvort sem er að mestu leyti flutningskostnaðinn á hreppatíðindunum, hvort heldur hann er tekinn af hreppsjóðum eður alþingisfè, svo þetta kemur nokkuð í sama stað niður, nema hvað þetta fyrirkomulag er óbrotnara.

Grímur Thomsen: 6. töluliður er eigi til þess, að tortryggja forseta, heldur má honum sjálfum vera kært, að hafa tvo menn til að yfirlíta reikningana með sèr, ef einhver reikningur væri, er honum eigi líkaði. Þannig var furðanlegur mismunur á reikningunum frá 1867, t. d. sem hinn 2. konungkjörni þingmaður á annan bóginn og þingmenn Dalamanna og Strandasýslu þá höfðu gjört, og sama er að segja um fleiri reikninga, t. d. mismuninn á reikningi þingmanns Borgarfjarðarsýslu, sem þá var, og þingmanns Eyfirðinga, og þó mèr finnist aðgætandi, að allir geta eigi ferðazt á sama hátt, þá skilur almenningur þetta eigi, og því álít eg betra, að forseti sè eigi einn, heldur hafi tvo menn með sèr, sem geti skorið úr, ef svo vill rætast, að menn tortryggi hann.

Hallgrímur Jónsson: Það er nú ekki nærri allt af þessu, sem hèr stendur á atkvæðaskránni, sem eg vil gefa atkvæði mitt, og mig gildir næstum einu, þó það falli allt, eins og eg býst við að

verði. Tali maður um hvern sèrstakan tölulið, þá hallast eg að þeim fyrsta, jafnvel þó mèr, eins og eg hefi áður látið hèr í ljósi, þyki ekki þörf á því, að það sè forsetans skylda, heldur geti hver einstakur alþingismaður samið við hvern, sem hann vill og treystir bezt til að senda sèr tíðindin, eptir því sem hægast og hentast er. 2. og 3. tölulið gef eg ekki atkvæði mitt; eg held mönnum þyki nógur alþingiskostnaðurinn, þó hann ekki verði aukinn á þann hátt, með því líka að eg er hræddur um, að skeð gæti, að útsendingarnar yrðu þá ekki sparaðar. Ekki get eg heldur nú, heldur en fyrri, verið með því að stytta þingræðurnar; eg vil meina að þetta ágrip, sem hèr ræðir um, verði lítið kostnaðarminna, og þannig lagaðar ræður þykir mönnum óviðfelldnar; ræðurnar eru, þegar þær koma fram í heild sinni, mönnum til skilningsauka, auk þess sem þær sýna skoðun þingmannsins á málinu, og því vil eg fyrir mitt leyti eigi missa þær, sízt aðrar eins ræður og þær, sem haldnar voru hèr í salnum í gær. Þær munu lengi verða í manna minnum, enda eru þær í mörgu merkilegar. Eg fellst á 5. tölul. a og b, því mèr virðist það nógu stórt upplag, sem þar er til tekið; að sönnu kunna 200 expl. verða í minnsta lagi, en 300 held eg væri sjálfsagt nóg. 6. töluliðinn vil eg helzt hafa, því þótt það þyki má ske óþörf trygging með tilliti til þess forseta, sem nú er, þá væri það þó alveg nauðsynleg regla bæði fyrir þingmenn, þjóðina og forseta sjálfan; þar með er fengin sæmileg trygging fyrir því, að forsetar gætu ekki verið of sparir eða ósparir á annara fè, hvorki fyrir sig eða aðra.

Pètur Pètursson: Eg vildi láta í ljósi þá meiningu mína, að eg aðhyllist eigi 2. tölulið, því eg hygg, að alþingiskostnaður þyki nógu mikill, þó hann ekki sè aukinn með þessu. Sömuleiðis vil eg eigi hafa 3. tölulið, því eg vil, að hver hreppur kosti sendingu á sínum tíðindum fyrir sig. 5. tölulið undir staflið b aðhyllist eg; einungis virðist mèr að þingræðna-parturinn mætti vera 300 expl. 6. töluliður sè eg eigi að sè til neins, því eg álít ekki forseta bundinn við ályktun þingsins í þessu tilliti, en hann getur, þegar hann vill, tekið tvo menn með sèr, til að yfirlíta reikninga þingmanna.

Eiríkur Kúld: Eg ætlaði nú ekki, að fara mörgum orðum um þetta mál. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður tók það fram, að honum líkaði vel 5. töluliður, en að hann vildi einungis hafa 300 expl. fyrir 200 expl., en mèr virðist og 200 expl. vera

ónóg, því annars verður mikið af hinum parti tíðindanna, ef til vill, of mikið, og eigi til annars en hafa hann í makúlatúr. Að öðru leyti finnst mèr og sá galli við þennan tölulið, að hèr er hvergi bent á, hvað tíðindin muni verða dýr, eða hvort annar parturinn sèr í lagi á að kosta jafn-mikið og tíðindin öll. Eg er yfir höfuð samþykkur þingmanni Borgfirðinga um það, að mèr er sárt um fátt af því, sem stendur á atkvæðaskránni. Eg held nú reikningurinn lækki lítið við það, þó tíðindin sèu dregin saman, því það mun kosta æði-mikið, að fá hæfilegan mann til þess. 6. tölulið vil eg eigi hafa, en mèr datt í hug, þegar þingmaður Rangæinga tók til máls, og meðal annars talaði um misjafna ferðareikninga frá 1867, t. d. hjá hinum 2. konungkjörna og þingmanni Dalamanna, er þá var, þá duttu mèr í hug, segi eg, þessi orð: þegar náungans veggur brennur, er þínum hætt, en þessu viðvíkjandi verð eg að biðja þingmanninn að gæta þess, að allir geta eigi hagað ferðum sínum á sama hátt. Hann gat víst eigi ætlazt til, að hinn 2. konungkjörni þingmaður kæmi hèr suður á þing með hest í taumi og án fylgdarmanns. Dæmið, sem hann tók, var því ekki rètt valið; hann hefði má ske gjört rèttara í að taka mig sem þingmann Barðstrendinga og þingmann Snæfellinga 1867, því okkar ferðareikningar voru eins og hins 2. konungkjörna, en eg get sýnt honum og sannað honum, ef hann vill, að enginn skildingur var of reiknaður.

Framsögumaður: Það hefir verið tekið fram móti öðrum tölulið, að við það, sem þar er farið fram á, aukist kostnaðurinn, en eg álít, að það eigi muni verða, því þá mundi meira seljast af þingtíðindunum; þá mundi margur kaupa þau, sem eigi gjörir það nú, ef hann gæti fengið þau heim til sín kostnaðarlaust, svo með því koma menn þingtíðindunum út; það mætti þá einnig setja nokkuð upp verðið á tíðindunum, ef mönnum svo sýndist, svo sem svaraði flutningskostnaðinum. Það, sem 4. töluliður fer fram á, hefir verið álitið að auka kostnað, en hinn 1. konungkjörni þingmaður tók fram, að það þyrfti eigi, því skrifararnir gætu það jafnframt og þeir skrifuðu. Þingmaður Eyfirðinga tók fram, að 5.a töluliður væri óþarfur, því það mætti fá hvern part fyrir sig núna, en eg er hræddur um það fáist eigi nema með sama verði og tíðindin öll. Hinn 5. konungkjörni tók fram, að sèr þætti 200 expl. of lítið, og má vel vera að svo sè, enda er eg fús á, að breyta því, það má líka fella b, þó a sè eigi fellt. Þingmaður Rangæinga

þóttist sjá mismun á reikningum frá 1867, en eg vona hann sjái, að hann sè eðlilegur, og eg held, að einmitt sá mismunur, sem hann tók fram, sè mönnum út um landið næsta skiljanlegur.

Páll Pálsson: Af því að eg hafði talað við undirbúningsumræðuna í máli þessu, þá vildi eg einnig tala nú nokkur orð, áður en gengið er til atkvæða; og vil eg þá byrja aptan á atkvæðaskránni á tölulið 6. Hinn annar konungkjörni þingmaður sagði, þessi liður væri bæði meinlaus og gagnslaus, og fann það jafnframt að honum, að eigi væri til tekið, hvort menníirnir ættu að vera þingmenn, en annað hefir mèr eigi komið til hugar. Þingmanni Vestmanneyinga þótti það galli, að ákvörðun þessi byndi hin eptirkomandi þing, en þingmaður Gullbringusýslu sýndi, að það eigi er neitt á móti því, ef það á annað borð er rètt. Því hefir og verið hreift, að þetta lýsti tortryggni til þingmanna og forseta, en það er alls eigi, því þetta er að eins til þess, að landsmenn hafi meiri tryggingu, og hverjum þingmanni verður þó að vera áríðandi, að vera sem hreinastur í þeirra augum. Hinn háttvirti 5. konungkjörni sagði, að þingið eigi gæti bundið hendur forseta í þessu efni, en þess er að gæta, að þótt forseti vildi hafa þessa aðferð, þá hefir hann hvorki vald til þess, enda eru þingmenn eigi skyldir til að fara eptir því, nema þeir sèu löglega kosnir. Svo eg nú þoki mèr upp eptir, þá þykir mèr í 5. tölul. of mikill munur vera gjörður á upplaginu, og eg held það verði eins margir, sem vildu ræðupartinn eins og hinn, enda geta ræðurnar skýrt mikið skoðanir manna. 4. tölul. er eg mótfallinn; það væri víst mikið vandaverk að búa til þetta ágrip, og þingmenn yrðu án efa að hafa rètt til að endurskoða ræður sínar og bæta þá inn í þær. Á tölul. 2. og 3. furða eg mig, þegar allar þær bænarskrár, sem til þingsins komu, einmitt fóru fram á, að alþingiskostnaðurinn yrði minnkaður; framsögumaður sagði, að þetta mundi vinna sig upp með því, er meira seldist af tíðindunum; en ef kostað er 1 rd. upp á að flytja hvert expl., og svo selst af öðru exemplarinu meira en annars hefði verið, þá er auðsætt, að gróðinn er enginn. Að því er fyrsta töluliðinn snertir, þá stendur mèr hann rètt á sama, en helzt mun eg sitja fyrir öllum atriðunum, nema fyrir 6. tölulið.

Jón Hjaltalín: Eg ætlaði að eins að vekja athygli þingmanna á, hvort ræður þessar eigi væru orðnar nógu langar. Mèr finnst menn vera að mestu leyti á sama máli, svo eigi sè þörf á frekari umræðum.

Forseti: Eg vildi þó tala nokkur orð, áður en gengið er til atkvæða í þessu máli. Sá er mestur galli á uppástungum þessum, að þótt þær verði nú samþykktar, þá geta þær eigi orðið teknar til greina í þetta sinn. Að því er snertir 1. uppástunguatriðið, þá virðist það vera með öllu óþarft, því hèr er maður, nfl. Einar Bjarnason, sem samið var við, að eg ætla árið 1861, á þessa leið: «Að hann (Einar Bjarnason) tókst á hendur útsölu og útsendingar alþingistíðindanna fyrir 33 af 100 söluverðsins í sölulaun, og einnig af þeim tíðindum, sem hver hreppur fengi ókeypis; hann væri skyldur að leggja til umbúðir, og koma tíðindunum sjóleiðis, þegar pöntuð væru, en eigi að kosta til landferða; hver sá, er tæki af honum 6 exx. upp til hèraða, og stæði skil af andvirðinu, skyldi fá hjá honum 12% afslátt af þeirri sölu í þóknun» (alþingistíð. 1861, bls. 1436), og stendur þessi samningur enn í fullu gildi, svo hver, sem vill, getur snúið sèr að honum. Uppástunga þessi er því gagnslaus, því þingmenn þurfa eigi milligöngu forseta til að fá tíðindin; en að öðru leyti er mín hjálp í því efni heimil hverjum, er hennar óskar. Það, sem farið er fram á í tölulið 2., hefir áður verið borið hèr fram, en var þá fellt af sömu ástæðum, sem nú hafa verið teknar fram. En þetta er þó hið eina atriði, er mèr þykir vera takandi til greina. Hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður sýndi fram á, að kostnaður þessi kynni nokkuð að vinna sig upp, því þá mundi meira seljast af tíðindunum. Þingmaður Vestur-Skaptfellinga sagði að vísu, að ef kostað væri 1 rd. til að flytja 2 expl. af tíðindunum, þá yrði gróðurinn enginn, þótt bæði seldust, en annars hefði að eins annað selzt, en þess verður hann þá að gæta, að með þessu móti eru útbreidd 2 expl. af tíðindunum, og það verð eg að álíta mikilsvert atriði, eigi af því, að mèr sè svo umhugað sem alþingismanni, að út breiða mína dýrð og lof, og svo held eg hver vor sè lyndur, heldur af því, að eg álít nytsamlegt, að aðgjörðir þingsins verði sem flestum kunnar. Kostnaðurinn yrði ef til vill 200 rd., og kynni hann nokkuð að jafna sig með því, er meira seldist af tíðindunum. Hinn 3. töluliður er honum nokkuð líkur og fer í sömu átt. Að því er 4. töluliðinn snertir, þá verða menn að gæta þess, að þingtíðindin eru í rauninni ekki annað, en ágrip af ræðum þingmanna; þær birtast aldrei heilar, heldur, eins og þingmönnum er kunnugt, að miklum mun styttar, því við höfum ekki tök á skrifurum, sem geta náð þeim heilum; en að taka upp á að búa til ágrip af þessu

ágripi, og fela konungsfulltrúa á hendur, að líta það yfir og draga út, hvað honum sýnist, eins og áður tíðkaðist, t. d. á dönsku þingunum, það held eg enginn fallist á. Yfir höfuð að tala felli eg mig eigi við, að neinum einstökum manni sè falið á hendur einræði í því máli. Eins og hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaðar sagði, var að vísu árið 1845 skrifurum þingsins falið á hendur, að semja ágrip nokkurt af ræðum þingmanna, en ýmsir voru þá, er skrifuðu sjálfir ræður sínar; og eg segi fyrir mig, eg vakti marga stund til þess. Hvað 5. tölul. snertir, þá vil eg geta þess, að nú þegar er búið að leggja upp 600 expl. af því, sem búið er að prenta af tíðindunum. Uppástunga þessi verður því eigi tekin til greina í þetta sinn, þótt hún væri samþykkt, því það getur þó ómögulega verið meining þingmanna, að minnka upplagið hèðan af, og ónýta svo mikinn hluta þess, sem þegar er búið að prenta. Að öðru leyti vil eg og geta þess, að fyrst framan af var upplagið 1000 expl., en 1855 var ákveðið að hafa það að eins 600 expl.; nú skyldu menn ætla að mjög mikið væri óselt eptir af tíðindunum frá hinum fyrstu þingum, en þessu er eigi þannig varið. Eg vissi til, að fyrir fám árum síðan voru það að eins 200 expl., eða tæplega það, og nú munu þau naumast vera fleiri en 150. Það er því óvarlegt að leggja mjög lítið upp af tíðindunum, því þótt eigi seljist mikið af þeim nú þegar, þá ganga þau út smásaman. Það væri ef til vill nóg fyrsta árið, að leggja upp 300 expl., en eptir því sem reynslan bendir til, mundu þau innan skamms verða ófáanleg. Þegar nú þar að auki húsrúm er til fyrir alþingistíðindin, þá er enn meir ísjárvert að minnka upplagið, svo að tíðindin má ske ekki geti fengizt eptir nokkur ár. Kostnaðaraukinn er mjög lítill, því hèr er að eins um pappirinn að gjöra. Af þessum ástæðum mæli eg móti 5. tölulið. Út af 6. tölulið skal eg geta þess, að eg sem forseti aldrei hefi fundið ástæðu til að rengja reikninga þingmanna eða setja þá niður; eg veit reyndar til, að forsetar aðrir en eg hafa tekið menn með sèr til að rannsaka reikningana, en af þessu hefir, það eg veit til, enginn árangur orðið. Þó að reikningar þingmanna, sem eiga jafnlangt að, sèu misjafnir að upphæðinni, þá geta þeir þó verið alveg rèttir og sanngjarnir fyrir því; það er allt undir því komið, hvort þingmaðurinn hefir fylgdarmann eða ekki. Sá, sem hefir fylgdarmann, gjörði sèr skaða, ef hann teldi ekki þetta sèr til kostnaðar, og sá, sem ekki hefir fylgdarmann, hann teldi sèr óheimilan kostnað, ef hann færði það

til. Eg álít, að hver alþingismaður eigi að ferðast eins og sæmir heldri mönnum, og hafi því rètt til, að taka sèr fylgdarmann og reikna það í ferðakostnaði sínum. Eg get þess vegna ekki mælt með 6. töluliðnum. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál.

Þá tóku ekki fleiri til máls, og var þá gengið til atkvæða. (Sjá II., bls. 287).

Forseti. Þessu næst kemur til ályktarumræðu uppástunga þingmanns Skagfirðinga um, að hætt verði að prenta lagaboðin aptan við alþingistíðindin. Hvað þessu máli viðvíkur, þá vil eg leggja það til, að lagaboðin verði eins og hingað til prentuð aptan við alþingistíðindin, því þó lagaboðin sèu prentuð í stjórnartíðindunum, þá er þó í öllu falli handhægra, þegar maður fer að kynna sèr alþingismál, að hafa lagaboðin við höndina í alþingistíðindunum, en að verða að leita að þeim í stjórnartíðindunum jafnframt. Að öðru leyti er það á þingsins valdi, hvað það af ræður í málinu, en eg skal einungis geta þess, að það væri óheppilegt, ef nú um stund væri hætt að prenta lagaboðin í alþingistíðindunum, en svo seinna aptur farið að prenta þau þar.

Davíð Guðmundsson: Eg vildi umflýja allan óþarfa-kostnað við prentun lagaboðanna í alþingistíðindunum, úr því þau eru prentuð í stjórnartíðindunum, og þó hèr sè ekki um mikinn kostnað að ræða, þá er hann þó svo mikill, að vinnandi er til að sleppa við hann, enda þó það ætti að kosta það ómak, að slá lagaboðunum upp í stjórnarmálatíðindunum.

Jón Hjaltalín: Eg er á sama máli og hinn háttvirti forseti, og vil, að haldið sè áfram að prenta lagaboðin aptan við alþingistíðindin, úr því einu sinni var byrjað á því.

Davíð Guðmundsson: Mig furðar á því, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður skuli mæla á móti því, að alþingiskostnaðurinn sè minnkaður, þar sem hann er þó svo opt að tala um hinn mikla þingkostnað, og það eigi um skör fram.

Forseti: Hvað alþingiskostnaðinum viðvíkur, þá vilja allir forðast ónauðsynja-kostnað, en enginn mælir á móti þeim alþingiskostnaði, sem er nauðsynlegur og skynsamlegur.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg játa reyndar, að það er næsta hentugt, að hafa lögin prentuð aptan við alþingistíðindin, en þegar litið er til þess, hvað litla útbreiðslu alþingistíðindin hafa, þá er þetta fyrirkomulag ekki sem hentugast, til að út breiða lögin. Eg

álít því að réttast sé, að mál þetta sé falið forseta þingsins og ritstjórn tíðindanna, sem þá gætu komið sér saman um, að láta prenta lagaboðin í hepti sér, sem hver gæti fengið sem vildi.

Forseti: Eg er samdóma þingmanni Reykvíkinga í því, að lagaboðin út breiðist ekki mikið fyrir það, þó þau séu prentuð aptan við alþingistíðindin, heldur út breiðast þau og verða almenningi kunn við þinglesturinn; en það, sem mælir með því, að haldið sé áfram að prenta lagaboðin í tíðindunum, er, að það er nauðsynlegt fyrir alla þá, sem bæði hér og í útlöndum brúka alþingistíðindin til að kynna sér mál vor.

Halldór. Kr. Friðriksson: En úr þessu yrði og bætt með því, að gefa lagaboðin út í sérstöku hepti.

Davíð Guðmundsson: Þetta er ekkert kappsmál fyrir mér, og skal eg því ekki mæla frekar með því, en eg þegar hefi gjört, en fel þinginu málið á vald.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari umræðu lokið.

Þá lét forseti ganga til atkvæða um, hvort hætta skyldi að prenta lagaboðin aptan við alþingistíðindin, og var það fellt með 15 atkv. gegn 3. Sömuleiðis var það fellt með 15 atkv. gegn 6, að fela forseta og ritstjórn tíðindanna á hendur að ákveða, á hvern veg prenta skyldi lagaboðin.

Forseti: Þá kemur samkvæmt dagskránni til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um sýsluskiptingar í vesturamtinu. Hinn 2. konungkjörni þingmaður er framsögumaður.

Framsögumaður (Bergur Thorberg): Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál; það er búið að tala svo mikið um það. Að því er áhrærir 1. töluliðinn, þá get eg ekki betur séð, en að hann sé ónauðsynlegur, því amtmaðurinn í vesturamtinu hefir þegar fengið leyfi hjá stjórninni, til að skipta sýslunni, ef þess þarf, með því að constituera sýslumennina í Dala- og Ísafjarðarsýslu sinn í hvorum hluta sýslunnar. Töluliður 2. er nauðsynlegur til þess, að fá sýslumann skipaðan í sýsluna. Hvað skiptinguna á Dalasýslu snertir, þá get eg ekki séð, að hægt verði, að koma henni við. Töluliður 6. er svo yfirgripsmikill, að eg álít hann óaðgengilegan, því hann miðar ekki einungis til að skipta sýslum, heldur og til að breyta takmörkum amtanna, en til þessa eru ekki nægar upplýsingar fram komnar. Viðvíkjandi 11. töluliðnum þá fæ eg ekki séð, að það hrindi málinu neitt áfram, að

fara að biðja um, að gjöra Stykkishólm að kaupstað. Við undirbúningsumræðuna var því játað, að erfitt væri að skipta Barðastrandarsýslu; en um Mýra- og Hnappadalssýslu hefir þessu eigi verið hreift, því þó Hnappadalssýslu verði bætt við Snæfellsnessýslu, verður Mýrasýsla samt aðgengilegt embætti, og Snæfellssýsla batnar að minnsta kosti um 200 rd.

Sigurður Gunnarsson: Eg aðhyllist yfir höfuð að tala þær greinir á atkvæðaskránni, sem miða til þess, að stjórnin annist um það, að þjónar hennar fái sanngjörn embættislaun; hins vegar get eg líka mælt fram með 1. tölulið, að annazt sé um Barðastrandarsýslu, eins og þar er stungið upp á. Eg álít það alls kostar óhætt, að trúa amtmanninum í vesturamtinu fyrir þessu; hann hefir einhver ráð, að sjá fyrir sýslunum. Mèr finnst það eigi ætið vel við, þegar á að sjá embættismönnum fyrir góðum launum, þá eigi þeir að hafa nóg að starfa, og það megi ekki hlífa þeim við ómaki, því ef laun eru aukin, en embættisstarf þeirra eykst ekki að því skapi, þá er það beint til þess, að gjöra þá að ónytjungum. Þó sýslumenn hafi erfiðar ferðir, þá get eg alls eigi álitið það ókljúfandi fyrir þá, þegar það kemur ekki optar að en einu sinni á ári, að þeir þurfi að fara yfir allt umdæmið, og svo fáeinar aukaferðir yfir einhvern part. Vèr þekkjum eins mikla erfiðleika fyrir suma presta, og miklu meiri þegar um lækna er að tala. 2., 11. og 10. tölulið aðhyllist eg.

Guðmundur Einarsson: Þegar ræða á um stöðu embættismanna, þá er það skoðun mín, að eg vil, að sèrhver embættismaður hafi nóg að gjöra, en hafi aptur á móti sómasamleg laun; því það, að embættismaðurinn sè illa launaður, og eins þótt vel launaður sè, ef hann ekki hefir nóg að starfa í embætti sínu, þá er það álit mitt, að þetta hvorttveggja sè hreint niðurdrep fyrir embættin. Að eg bar upp uppástungu mína undir 6. tölulið á atkvæðaskránni, kom eigi af því, að eg hèldi þetta væri nú á þessum tíma rètt fram borið, heldur af því, að eg vildi benda á, hvernig haga ætti embættum hèr, þegar Ísland hefir náð sjálfsforræði og losnað undan Danmörku. Eg vil nefnilega, að allir hafi nóg að gjöra, bæði prestar og aðrir, og að þess vegna sè hið eina rètta, að sameina rýru embættin, þar til þau eru orðin full-lífvænleg, en þó svo, að þau verði eigi svo erfið, að ókljúfandi verði að þjóna þeim. Með þessu eina móti er vegur til þess, að svo strjálbyggt land eins og Ísland geti orðið byrgt af embættismönnum. En samt

sem áður held eg þessari minni uppástungu ekki fast fram, því eg játa það, að hún er í ótíma upp borin. Annars ætlaði eg eigi, að tefja tímann með löngum ræðum, en get þess að eins, að hver stjórn er skyldug, að sjá þegnunum fyrir yfirvöldum og embættismönnum; eg er því í engan máta mótfallinn uppástungu meira hluta nefndarinnar, þó eg haldi minni skoðun fram í þessu máli, úr því að eg sneri mèr að henni, og er þeirrar sannfæringar, að hún sè tiltækileg í bráð.

Daníel Thorlacius: Eg gat þess við undirbúningsumræðuna, að eg gæti eigi aðhyllzt skiptingu Barðastrandarsýslu; því það álít eg ótiltækilegt; en á hinu er eg, að fáist ekki 300 rd. sýslunni til uppbótar, þá liggi það í augum uppi, að rèttast muni vera, að skipta Dalasýslu, eins og meiri hluti nefndarinnar stingur upp á. Hvað Hnappadalssýslu snertir, þá er eg alveg samdóma hinum 2. konungkjörna þingmanni, hvað snertir örðugleikana, að hægra sè fyrir Hnappadalssýslubúa, að leita til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, sem sjálfsagt eptirleiðis mun sitja í Stykkishólmi, heldur en suður undir Hvítá, þar sem sýslumaður Mýramanna optast nær hefir sitt aðsetur, en eg var hræddur um, að með því að taka beinlínis tillit til þessarar uppástungu, þá mundi Mýrasýsla rýrast allt of mjög, og það svo, að það yrði eigi lífvænlegt embætti á eptir; og þess vegna verð eg heldur að halda uppástungu minni fram, sem eg tók til vara, undir 12. tölulið á atkvæðaskránni. En hvað 11. tölulið áhrærir, þá liggur það svo algjörlega í hlutarins eðli, að Stykkishólmur fái kaupstaðarrèttindi, eins vel og Ísafjörður, og að mínu áliti hefir hann allt eins mikið í það, enda veit eg og, að það er eindreginn vilji allra íbúa Stykkishólms; því seinast liðið vor var haldinn fundur einmitt um þetta, og ætluðu menn að semja bænarskrá um það og senda til alþingis, en það fórst einhvern veginn fyrir. Sumum af þeim heiðruðu þingmönnum að vestan er eins vel kunnugt um þetta eins og mèr, og eg vona, að uppástunga þessi fái góðan byr hjá hinu heiðraða þingi.

Þórarinn Böðvarsson: Þótt eg eigi að vera talsvert kunnugur þar vestra, þá ætlaði eg þó ekki að tala margt í máli þessu; allra-sízt ætla eg að fara að ganga gegnum allan þennan langa atkvæðalista. Mín skoðun er, að ógjörningur sè, að skipta upp Barðastrandarsýslu verulega að staðaldri; því það verður að álítast mjög erfitt, ef eigi ókleyft, fyrir sýslumanninn í Ísafjarðarsýslu, að þjóna í öllum tilfellum þeim hluta Barðastrandarsýslu, sem honum

er ætlaður. Að hinu leytinu verður það að álítast eins erfitt fyrir sýslumanninn í Dalasýslu, að gegna embættisverkum í þeim hluta, sem honum er ætlaður. Það er ærinn vegur sunnan af Fellsströnd eða úr Miðdölum og vestur að Þingmannaheiði. Þar á móti er það eigi óhugsandi, að Barðastrandarsýslu sè þjónað um litinn tíma af næstu sýslumönnum, ef öðru verður eigi við komið. Eg mæli því á móti því, að skipta sýslunni, en beri svo til, að sýslumaður fáist eigi í hana um tíma, virðist mèr amtmaðurinn yfir vesturamtinu geti ráðstafað henni til bráðabyrgða á þessa leið. Og hvað þá snertir skiptingu á öðrum sýslum, þá skal eg láta það álit mitt í ljósi, að öll varanleg skipting á sýslum sè mjög svo óráðleg og ógjörningur, eins og nú á stendur, og væri nokkru haggað með sýslurnar í vesturamtinu, þá er sjálfsagt, að Strandasýsla hefir hinn mesta rètt til þess, að verða sameinuð við Dalasýslu, enda er þjónusta þeirra mjög litlum erfiðleikum bundin. Hvað skipti á Dalasýslu snertir sèrstaklega, þá skal eg geta þess, að eg álít hana mjög miklum annmörkum bundin. Helmingur Dalasýslu og Barðastrandarsýsla öll yrði ærið erfitt lögsagnarumdæmi, og eg vil segja ókleyft að gegna því. Það er og mjög ísjárvert, að breyta um þessa fornu hèraðaskipun. Dalasýsla hefir verið og er enn góð sýsla, og ætti því að halda sèr, en hinar að bætast á annan veg. Launin vanta að vísu, en þeirra eigum vèr að leita í ríkissjóðnum. Þessa gat og hinn hæstvirti konungsfulltrúi, að stjórnin væri skyld til að leggja það fè fram, sem þarf til að halda fram stjórn landsins; og vèr, sem leitum í ríkissjóðinn með þær fjárbænir, sem stjórnin þykist eigi skyldug til að uppfylla, höfum, að mèr virðist, miklu meiri hvöt til að biðja um það fè, sem stjórnin er skyldug til að láta af hendi. Þess vegna mun eg gefa atkvæði með 2. tölul. Enn fremur mæli eg með 11. tölul.; því eg þekki til, að Stykkishólmur hefir allt eins mikinn rètt til þess, að vera gjörður að kaupstað, eins og Ísafjörður, sem fremur mun fara smáminnkandi vegna landslags og annars; en Stykkishólmur aptur á móti er vel settur: nálægt miðju landi, og margar góðar sveitir liggja að honum.

Jón Hjaltalín: Ekki get eg sèð neitt óhugsanda, að þetta tillag fáist úr ríkissjóði, því sýslumönnum hafa áður verið veitt laun úr ríkissjóði. Annað var það, sem vakti fyrir mèr, það nefnilega, að nú er búið að leggja sýslumönnunum 2 byrðar á herðar, sum sè með hundaforoðningunni og nýju hospítalsfororðning-

unni, og kæmist stjórnarbótin á, þá má búast við enn meiru, svo auðsèð er, að erfiðleikar sýslumannsembættanna taka stórum að ágjörast. Meira tala eg eigi um það, en get þess að eins, að eg gef atkvæði með 2. og 11. tölul.

Jón Pètursson: Fáum orðum ætla eg að fara um 1. tölul. honum til varnar. Eg álít það ófært, að steypa sýslum saman á Vesturlandi, og að því sè eigi hyggilegt, að skipta Barðastrandarsýslu upp milli Ísafjarðar- og Dalasýslna; sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu gæti ekki þjónað vesturpartinum nema að nafninu, og eins væri um sýslumanninn í Dalasýslu, að hann gæti eigi betur þjónað austurhlutanum. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður kvað amtmanninn í vesturamtinu hafa fengið leyfið, sem 1. töluliður nefnir, en töluliður þessi miðar til þess, að gefa amtmanninum meira leyfi, en hann víst hefir fengið, sum sè, að ef amtmanni svo sýndist, mætti hann skipta skýslunni í sundur milli 2 eða 3 manna, búandi þar innan sýslu, því eg get vel imyndað mèr, að margir kunni þar vestra að vera færir um að taka þetta að sèr, en sem því að eins vildu takast þetta á hendur, að þeir ættu að eins að gegna nokkrum hluta sýslunnar, er þeir væru í eða lægju þeim næst, svo sem 2—3 hreppum, og mèr getur ekki betur sýnzt, en amtmanni væri vel til þessa trúanda, að beita þessu valdi sínu, þegar honum þætti það ráðlegt. 1. tölul. er því miðandi að því, að styrkja amtmanninn til þess, að hann geti látið þjóna sýslunni sem bezt. Þess vegna held eg fast við þessa uppástungu mína, því eg held, að hún sè hentug.

Hjálmur Pètursson: Eg get verið því stuttorðari, sem nokkrir háttvirtir þingmenn, einkum þingmaður Gullbringusýslu og þingmaður Dalasýslu, hafa skýrlega tekið fram þá sömu meiningu, sem eg lèt í ljósi við undirbúningsumræðu þessa máls. Eg álít það hið mesta óráð, að brjála gömlum takmörkum sýslnanna, eða búta þær í sundur; því bæði er það kák eitt, og bætir ekki úr þeim vandræðum, sem yfir standa, til neins verulegs gagns; þar að auki eru á því þeir annmarkar, sem ekki geta staðizt, eins og búið er að sýna fram á, og svo verð eg að álíta þetta hinn óhentugasta tíma sem orðið getur, til að gjöra slíkar breytingar, sem í raun og veru eru gagnslausar, en kunna á hinn bóginn að geta vakið til fleiri þess háttar sundurskiptinga með tímanum, sem þó kann ske ekki væru æskilegar. Eg er því eindregið á sömu skoðun sem fyrri, að það sè það eina rètta að þessu sinni, að óska styrks af

stjórninni, því eg verð að álíta skyldu hennar að veita hann, eins og líka hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir látið í ljósi, að stjórnin mundi álíta sèr skylt. Hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður hefir haldið því fast fram, að Hnappadalssýsla væri lögð til Snæfellsnessýslu, og meðal annars fært til þá ástæðu, að Hnappadalssýslubúum sè hægra að ná til sýslumanns í Stykkishólmi, heldur en sunnarlega í Mýrasýslu; en eg vil benda honum á, að hann hefir sjálfur gjört þá uppástungu, að fastur bústaður sýslumanns verði ákveðinn í sýslu hverri um miðbik sýslunnar, og þá fellur þessi ástæða burt af sjálfu sèr. Eg kalla það annars undarlegt, að þingmaðurinn skuli endilega vilja rýra Mýrasýslu, þessa skástu sýslu í vesturamtinu, og þá einu, sem í því amti getur heitið lífvænlegt embætti, eins og hún nú er. Væri Hnappadalssýsla tekin frá henni, þá yrði hún jafnvel enn verri en Snæfellsnessýsla nú er. Um skiptingu Dalasýslu skal eg að eins geta þess, að ef annars nokkrar þess háttar breytingar ættu að eiga sèr stað í þetta sinn, þá álít eg þetta næst vegi; en af áður sögðum ástæðum ætla eg þó ekki að gefa því atkvæði mitt; en skyldi svo verða, að þingið fèllist á skiptingu Dalasýslu, þá ætti þó ekki að setja Strandasýslu hjá. Hún er þó, eins og kunnugt er, minnst allra sýslna á landinu, en henni hefir verið talið til gildis, að umboðið þar bætti kjör sýslumannsins, og get eg vel trúað, að svo sè, og því þykir mèr það kynlegt, að umboðið í Snæfellsnessýslu á ekki að geta bætt kjör sýslumannsins þar, þó hann fengi það með, og af því eg hefi ímyndað mèr, að umboðið í Snæfellsnessýslu, sem gefur af sèr 400 rd. tekjur, geti bætt kjör sýslumannsins þar, þá hefi eg viljað biðja um launaviðbót einungis um stundarsakir handa sýslumanninum, því eg álít, eins og áður er sagt, að stjórnin sè skyld til, að bera umhyggju fyrir sómasamlegum launum við hvert embætti. Eg vil einnig vekja athygli að því, hvort ekki mundi rèttara og betur eiga við, að slíkar breytingar, sem hèr ræðir um, væru bornar undir innbúa sýslnanna, áður en þeim er steypt yfir þá svona óvörum, því um þetta hefir sýslubúum ekkert verið auglýst, ekki einu sinni í blöðunum. Þetta er víst ekki samkvæmt skoðun neinna frjálslyndra manna, og því vona eg og, að það sè gagnstætt hugsunarhætti hinna heiðruðu þingmanna; því eg verð að álíta, að embættin sèu fyrir lýðinn, en lýðurinn eigi fyrir embættin. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður hefir sagt, að amtmaðurinn yfir vesturamtinu hafi áður beðið stjórnina, að bæta upp þessi um-

ræddu 2 sýsluembætti; en þó hann hafi fengið afsvar, sè eg ekki, að það sè gild ástæða fyrir þingið, að fara ekki hins sama á leit við stjórnina; eg held miklu fremur, að þingið gjöri rèttara, að styrkja eindregið bæn amtmannsins, og mèr finnst, að hinum 2. konungkjörna þingmanni mætti falla það bezt í geð.

Eiríkur Kúld: Það mun þykja óviðkunnanlegt, ef eg stend eigi upp í máli þessu, áður því lýkur, til þess þó að halda vörn uppi fyrir rèttindum Barðastrandarsýslu, sem eins lítur út fyrir og sè orðin eins og kláðug rolla, sem verði að hafa niðurskurð á, eða þá að öðrum kosti að fara að ráðum hins 4. konungkjörna þingmanns, þar sem hann stingur upp á, að henni eigi að eins að stjórna tómir hreppstjórar. Það gegnir furðu, að hann, sem annars er maður sanngjarn, skuli setja Barðastrandarsýslu svo herfilega hjá, að hún fær eigi að hafa einn sýslumann eins og aðrar sýslur, heldur stingur hann ýmist upp á 11 eða 13, eins og við undirbúningsumræðuna — eða 2 og 3, og stundum 6. En hann hefir víst ekki enn sett þessa spurningu upp fyrir sèr: Hver af öllum þessum sýslumönnum á að semja skýrslurnar í amtið? Kann ske amtmaðurinn? En sè svo, þá er þó sá hængur við það, að nafn sýslumannsins vantar þá alveg undir, sem þó verður að vera. En hvernig heldur þingmaðurinn að sè nú mögulegt að koma þessu við, að fá þessa þjónandi sýslumenn, 2—3—6 um lengri tíma, þar sem, eins og sagt hefir verið, opt og tíðum einn maður um lítinn tíma er ófáanlegur, það vil eg biðja þingmanninn vel að athuga. Eða kann ske amtmaðurinn eigi að bestilla þá úr öðrum sýslum víðs vegar út um land? Fleira tala eg eigi um 1. tölul., því eg vona, að hann hafi ekkert glæsilegt við sig í augum nokkurs manns. 2. tölul. aðhyllist eg, því það er siðferðisleg skylda hverrar stjórnar, að sjá þegnunum fyrir yfirvöldum. En af því amtmaðurinn í vesturamtinu hefir fengið afsvar um þennan fèstyrk handa sýslumanninum, þá stakk eg til vara ásamt 2 heiðruðum þingmönnum upp á 3. tölul., en játa fúslega, að það er neyðarúrræði; en þó er það eitt, sem honum má til gildis telja, sem sè, að það er sparnaðaruppástunga; því ef henni er fylgt, þarf ekki að bæta Barðastrandarsýslu upp með fè úr ríkissjóði, og eins verður það sparnaður fyrir landið, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á. Eg vil, eins og hinn háttvirti þingmaður Dalamanna, að sýslumenn sèu vel launaðir, og að þeir hafi nóg að gjöra. Það fengi nú sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, ef við

hann væri bætt helming Dalasýslu; og eg ætla, að það væri kleyft fyrir hann, ef hann sæti á Reykjanesi. Eg finn þó ekki ástæðu til að halda uppástungu þessari fast fram, nema ef eg væri sannfærður um, að þessir 300 dalir fengjust ekki úr ríkissjóði. Eg hefi áður sýnt það og sannað, að ógjörningur sè að skipta Barðastrandarsýslu milli Ísafjarðar- og Dalasýslu; hinn hæstvirti konungsfullfrúi fèllst á þetta við undirbúningsumræðuna; eg vil spyrja þá þingmenn, sem kunnugastir eru, hvort þeir sèu ekki mèr samdóma um þetta, en það eru þeir þingmaður Reykvíkinga, þingmaður Gullbringusýslu og þingmaður Vestmannaeyja. Á móti 4. tölulið hefi eg ekki mikið, ef Dalasýslu verður skipt. Hvað 6. tölulið snertir, þá þykir mèr hann fara fram á nokkuð stórkostlegar breytingar; mèr þykir og sá galli á honum, að eg sè ekki, að Barðastrandarsýsla sè betur farin fyrir það nú sem stendur. Eg vil leyfa mèr að skjóta til hins háttvirta forseta, hvort 11. tölul. megi ekki koma til atkvæða á undan 10. tölulið; því verði 11. tölul. samþykktur, þá ætla eg ekki að halda 10. tölulið fram. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að ekki mundi tiltækilegt nú sem stendur að biðja um kaupstaðarrèttindi fyrir Stykkishólm; það væri sama sem að vilja óbeinlínis krækja í 200 dala viðbót handa sýslumanninum í Snæfellsnessýslu. Mèr er nú sama, hvort launaviðbótin kemur beinlínis eða óbeinlínis; en ef stjórnin ekki bætir sýsluna upp, sem eg þó álít sjálfsagða skyldu hennar, þá sè eg ekki, að það verði gjört án þess að leggja frá einni kirkjunni til annarar. Þó að Hnappadalssýsla verði lögð til Snæfellsnessýslu, þá er það ekki nema 200 dala viðbót, en sýslan verður talsvert erfiðari; aptur verður embættið litlu erfiðara, þó sýslumaður verði líka bæjarfógeti í Stykkishólmi, en launaviðbótin hin sama. Eg get ekki sèð, hvers vegna Stykkishólmur ekki má fá sömu rèttindi sem Akureyri og Ísafjörður hafa fengið; þar eru reyndar nokkru færri íbúar, en þó voru þeir um síðasta nýár rúmlega 180. Í Stykkishólmi er eins mikil verzlun og á Ísafirði, og líkindi til þess, að bærinn stækki, en þess eru lítil líkindi um Ísafjörð, eins og hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu, sem þar er svo nákunnugur, hefir tekið fram. Sem kunnugur maður verð eg að segja, að allir í Stykkishólmi óska, að bærinn fái kaupstaðarrèttindi. Það hefir lengi verið talið nauðsynlegt, að Stykkishólmur fengi kirkju út af fyrir sig, og hefir þetta ef til vill nokkuð hamlað því, að kaupstaðarrèttindi fengjust; en fengjust þau, þá væri þó þeim steini rutt úr götunni. Þetta veit

eg að minnsta kosti að einn hinna háttvirtu þingmanna, er hèr situr, og þetta mál liggur á hjarta, ekki rengir. Verði nú 11. tölul. samþykktur, þá fellur 12. Hvað 13. tölulið snertir, þá sè eg ekki, að hann bæti úr ástandinu núna í Snæfellsnessýslu, enda held eg, að ókleyft yrði fyrir sýslumann, að hafa umboðin með. Ræða hins háttvirta þingmanns Suður-Múlasýslu lýsti því, að hann væri mjög ókunnugur á Vesturlandi, og getur því engin áhrif haft á atkvæði kunnugra manna. Hann treysti því, að amtmaður mundi geta bætt úr þessu, en hann hefir gjört allt sitt til, og hefir það komið fyrir ekki.

Forseti: Væri farið að breyta atkvæðaskránni, þá ætti 11. töluliður að koma á undan hinum 9.; en eg held rèttast sè, að láta hana vera óbreytta, því 10. tölul. er yfirgripsmeiri en hinn 11., og held eg þess vegna að það standi rètt, svo sem stendur.

Framsögumaður: Ef að nokkrar breytingar verða gjörðar á sýsluskipun í vesturamtinu, þá óska eg helzt, að þær verði sem minnstar. Það gjörir litla breytingu, þó Hnappadalssýsla sè tekin frá Mýrasýslu og lögð til Snæfellsnessýslu; það gildir hèr um hil einu, með hverri sýslunni hún er, en þar sem hún er í geistlegu tilliti sameinuð Snæfellsnessýslu, þá virtist vel við eiga, að hún einnig sè það í verzlegu tilliti. Sú eina verulega breyting er skiptingin á Barðastrandarsýslu, og skal eg játa, að það er erfiðleikum bundið, að gegna þeim hluta hennar, er til Ísafjarðarsýslu yrði lagður, en þó er það ekki ómögulegt; það játaði einnig, að mèr skildist, hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu. Það er sjálfsagt, að betra væri, ef launaviðbót fengist, en eins og eg hefi áður sagt, þá get eg enga von gjört mèr um það. Hvað hina siðferðislegu skyldu snertir, sem menn í þessu tilliti tala um, þá nær hún ekki lengra en hin brýnasta nauðsyn krefur; ef skiptingu verður á komið, þá verður því eigi neitað, að það liggur næst. Mèr finnst það vera að fara á sig undarlegan krók, að gjöra Stykkishólm að kaupstað, af því að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hefir of lítil laun, og þessi laun, sem uppástungan ætlar bæjarfógetanum, verða einhverstaðar að takast. Eg skal ekkert segja um það, hvort ástæða sè til þess, að gjöra Stykkishólm að kaupstað; það liggur hèr ekki fyrir; menn mega varlega draga ályktun af því, þó 2 verzlunarstaðir hafi fengið kaupstaðarrèttindi; þar verða einhver takmörk að vera. Það mun nú mörgum virðast, að þetta hafi verið óþarfi fyrir Ísafjörð, og er þar þó sá kostur,

að bærinn á sjálfur lóðina, en í Stykkishólmi á einn maður alla lóðina. Það getur vel verið, að sumir, sem í Stykkishólmi búa, óski eptir kaupstaðarrèttindum; en það verður líka að líta á óskir annara hreppsbúa. Hverjar ástæðurnar hèr eigi að vega mest, skal eg ekki nú kveða upp neitt álit um. Hvað 1. tölulið snertir, þá verð eg, eins og áður er sagt, að vera þeim samdóma, sem álíta hann óaðgengilegan, því hann bætir ekki úr því, sem hann á að bæta, nefnilega hinni bráðu nauðsyn; skyldu menn fallast á, að biðja um fè úr ríkissjóði, sem vel getur verið, eptir því sem fram hefir komið, þá þykir mèr illt, ef hinar uppástungurnar skyldu ekki koma fram til vara.

Halldór Kr. Friðriksson: Mèr þykir þingmaður Barðstrendinga ekki vera sanngjarn við hinn 4. konungkjörna þingmann, þar sem hann ber honum á brýn, að hann sè harðbrjósta við Barðstrendinga; mèr finnst hann þvert á móti vera sèrlega brjóstgóður við þá, þar sem hann vill útvega þeim 11 sýslumenn; slíku láni held eg engin önnur sýsla eigi að fagna; því að þá verður Barðastrandarsýsla svo vel skipuð sýslumönnum, að engin verður eins vel skipuð, og þarf þá eigi að kvíða sýslumannsleysinu. Eg vona, að bæði eg og þingmaður Vestmannaeyja og þingmaður Gullbringusýslu höfum leitt ljós rök að því í hinni fyrri umræðu málsins, að ógjörningur væri, að skipta Barðastrandarsýslu milli Ísafjarðarsýslu og Dalasýslu, svo eg verð að vona, að allir sèu sannfærðir um, og engum detti slíkt í hug framar. Nú er spurningin um þá uppástungu, hvort skipta eigi Dalasýslu, en eg verð að telja það jafnófært og að skipta Barðastrandarsýslu; því að það vita allir þeir, sem kunnugir eru, að frá Dagverðarnesi og vestur á enda á Barðastrandarsýslu, er því nær eins langur vegur og hèðan vestur að Ísafjarðardjúpi; munurinn yrði sannarlega lítill. Þó að sýslumaður sæti þá í miðju sýslunnar eða á Reykhólum, eins og stungið var upp á við undirbúningsumræðuna, þá yrði þó jafnlangur vegur á báða bóga, og þó hann sæti öðruhvoru megin við Brúttubrekku, og ætti að reka embætti suður í Gullbringusýslu og vestur að Ísafjarðarsýslu. Við vegalengdina bættist að auk vegaleysið, sem er á Vesturlandi. Skiptingin verður þess vegna með öllu óhafandi, þó að sýslumaðurinn aldrei nema sæti á Reykjanesi, eins og þingmaður Barðstrendinga stakk upp á. Þó að hann, ef til vill, ekki hafi villzt út í Gilsfjörð, eins og hann hèlt að eg hefði gjört um daginn, þá held eg þó víst, að svo hafi fokið mikil sandleðja

upp í augu hans upp úr firðinum, að hann hafi hvorugan enda sýslunnar séð, og mikið hafi hann séð yfir allan Gilsfjörð. Eg hlýt því að ráða þinginu frá, að fallast á þessa uppástungu, og get það líka með rökum, þar sem eg er kunnugur þar vestra. Eg þarf að öðru leyti ekki að gjöra grein fyrir atkvæði mínu; það sèst, þegar þar að kemur; eg skal einungis geta þess, að eg mun fallast á 2. og 13. tölulið, og að eg er ekki tölulið 11. mótfallinn, því að það er hrein og bein skylda stjórnarinnar, að sjá um, að laun þau, sem ætluð eru embættismönnum, séu svo mikil, að einhver fáist til að takast embættin á hendur. Eg er líka sannfærður um, að stjórnin fullnægir þessari uppástungu, ef henni er leitt málið alvarlega fyrir sjónir; en eg er næsta hræddur um, að það komi af linu fylgi, að hún hefir ei gjört það fyrri. Þótt það sè nú að vísu satt, að Snæfellsnessýsla verði ekki stórum örðugri, þó Hnappadalssýslu sè bætt við hana, þá þykir mèr þó sú skipting mjög ísjárverð, og það því fremur, sem Mýrasýsla ekki má heita nema lífvænleg, eins og hún nú er; því hún mun ekki gefa af sèr meira en 1,000 dali (*Hjálmur Pètursson*: Ekki svo mikið), og stundum jafnvel minna.

Hallgrímur Jónsson: Eg held að það ætli nú að fara með þetta mál eins og hitt áðan, að það verði að engu. Hvað 1. tölulið á atkvæðaskránni snertir, þá hefði hann að minni meiningu aldrei þurft á hana að koma; eg held það hefði verið nóg, að uppástungumaður hefði hvíslað þessum heillaráðum að sessunaut sínum. Eg get ekki fallizt á 2. tölulið, því það eru útgjöld oss til kostnaðarauka, sem þessi uppástunga fer fram á; því nú fer eg að hugsa til að spara útgjöldin, því það munum við þurfa að gjöra, þegar fjárhagur okkar er fenginn, og hann mun þá ekki verða svo góður, að við getum aukið laun allra þeirra embættismanna, er um það biðja. Eg get ekki séð neitt á móti því, að skipta Dalasýslu á millum Barðastrandar og Snæfellsnessýslu, því bæði er það, að þar með bættust hinar báðar að tekjum til, en alls ekki svo ómögulegar yfirferðar, að ekki sè tilvinnandi, og með því að auka starfa sinn og horfa ekki í hægðina, hefir maður optast nær eitthvað að jeta. Það mun reynast sannleiki, sem að rætist: »í sveita þíns andlitis skaltu þíns brauð neyta». Eg ætla því að fallast á 3. tölulið, nefnilega að skipta Dalasýslu. Eg get ekki séð, að sýslur þessar verði örðugri til yfirferðar fyrir sýslumann fremur en fyrir lækni, sem þar þarf að vera, því opt þurfa þeir að ferðast, og

það snögglega, já, og miklu optar en sýslumaður, sem mun opt ekki optar en einu sinni á ári ferðast um sýslu sína, og það vel við búinn á vordegi með hægri ferð; ef um örðugleik væri að tala, má öllu fremur líta til þess um sýslubúana, sem vanalega verða að heimsækja sýslumanninn, þegar þeir þurfa eitthvað við hann að afreka, t. a. m. skipta búum, biðja um «passa», o. s. frv.; en hitt er sjaldnar, að sýslumaður verði að taka upp á sig einstakleg ferðalög til embættisútréttinga, þegar þeim er mjög óþægilegt, eins og læknar mega ekki horfa í. Eitt er líka það, sem gjörir Dalasýslu auðvelda til skiptanna, eins og hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, verður það mikill ábætir fyrir sýslumann, að inn kalla spítalagjaldið eptir nýju lögunum, en þar sem engin verstöð er í Dalasýslu, eykst ekki sá starfi sýslumannanna í því tilliti við það, að bæta henni við áður téðar sýslur. Tölul. 4. sýnist mèr engin ástæða vera til að taka til greina, því úr Strandasýslu er engin umkvörtun komin, nema ef þetta er uppástunga þingmannsins þaðan, og því getur hann þá ekki hugsað sèr eins, að seilast inn í Húnavatnssýslu, og orðið þannig meðlimur hinnar stórvægilegu breytingar, er stendur undir tölulið 6., sem ekki einungis breytir sýsluskipunum, heldur amtanna líka, og hvað Borgarfjarðarsýslu snertir, óska eg ekki að svo komnu þeirrar viðbótar við hana. Eg vona, að tölul. 3. verði samþykktur, og muni svo ekki þurfa að eyða orðum að þeim 5., og ef svo fer um tölulið 3., þá vil eg eigi að Hnappadalssýsla sè lögð til Snæfellsnessýslu, því hún hefir þá fengið nægilega bót frá Dalasýslu. Eg er því ekki mótfallinn, að Snæfellsnessýsla sè bætt með því, að gjöra Stykkishólm að kaupstað, og eru öll líkindi til, eptir því sem hlutaðeigendur hafa nú skýrt frá, að það fáist, og mun eg gefa þeirri grein atkvæði mitt.

Torfi Einarsson: Þingmaður sá, er síðast talaði, vildi eigi, að 4. tölul. væri tekinn til greina, þar eð engin umkvörtun hefði komið úr Strandasýslu, en það er víst hverjum manni kunnugt, að hún hefir þó jafnan verið fátækust allra sýslna á Vesturlandi. Eg er annars mikið mótfallinn þessum sýsluskiptingum. Það er eigi sèð fyrir endann á, hvar staðar nemur, ef annars er farið á annað borð að rugla embættunum; það er eins og með goðorðin í fornöld, og mönnum er kunnugt, hvað leiddi af samsteypum þeirra og ruglingi. Það sama sýnir amtaskipunin, sem nú er, þegar hún er

borin saman við fjórðungaskiptin fornu, því nú er vesturamtið minna en Vestfirðingafjórðungur var fyrri.

Stefán Jónsson: Eg ætla mèr eigi að tala mikið um þetta mál, því eg þekki lítið til á Vesturlandi; eg vildi að eins spyrja, hvort eigi mætti við atkvæðagreiðsluna skipta 11. tölulið í tvennt, því að gjöra Stykkishólm að kaupstað, er allt annað mál, og þarf að mèr virðist að koma um það regluleg uppástunga frá bæjarbúum, ef það ætti að verða borið upp í rèttu formi. En eptir því sem enn er upplýst í þessu máli, þá sýnist það ekki geta átt við, að taka það inn í þetta mál, en má vel vera, að það sè ástæða til að koma þessu á í sjálfu sèr.

Framsögumaður: Mèr láðist eptir áðan, að geta eigi um þá mótbáru, sem þingmaður Mýramanna gjörði, að íbúar sýslunnar eigi væru látnir neitt vita af þessu, eður spurt um þeirra álit, en eg verð að benda honum á, að hann sjálfur er sem sýnileg ímynd kjósanda sinna, íbúanna í Mýra- og Hnappadalssýslu. Þingmaður Reykvíkinga sagði, að það mundi vera linu fylgi að kenna, að eigi fengist fè úr ríkissjóði, til að bæta upp hinar umræddu sýslur; þessu skal eg nú að vísu engu svara, en það er þá gleðilegt, að nú er mál þetta búið að fá hans mikla fylgi, og er þá von, að betur takist.

Páll Pálsson: Ætti eigi 4. töluliður að standa á undan 3. tölul.? því 4. tölul. getur annars eigi komið til greina.

Forseti: Eg verð að álíta, að við 3. tölulið megi geyma að greiða atkvæði um það atriði, sem stendur í 4. tölul., og held eg að þetta eigi þurfi að valda neinum ruglingi.

Pètur Pètursson: Eg skil eigi, að mögulegt sè fyrir þingið, að biðja stjórnina um, að gjöra Stykkishólm að kaupstað, fyrri en búið væri að semja við lóðareiganda, því eins og skýrt hefir verið frá, er lóðin privateign. Um tölul. 13. vil eg taka það fram, að varúðarvert er, að fela sýslumönnum umboð á hendur, því auk erfiðleikanna, sem við það eru, þá stendur opt svo á, að málaferli eru milli umboðsins og annara hlutaðeiganda. Þetta getur því eigi álitizt haganlegt, þótt það hafi við gengizt.

Eiríkur Kúld: Eg skal svara hinum háttvirta varaforseta því, að eg hugsaði mèr, að stjórnin mundi þá finna ástæðu til að skrifa hlutaðeigandi yfirvöldum viðvíkjandi lóðinni í Stykkishólmi; en eg veit þess utan ekki betur, en að bæði í Reykjavík, Ísafirði og Ak-

ureyri sè ekki öll lóðin, sem hver kaupstaður á, eða kaupstaðarlóð.

Því næst var gengið til atkvæða og fèllu atkvæði þannig. (Sjá II., bls. 288).

Forseti: Þessari ályktarumræðu er þá lokið, og þar með er dagskrá á enda. Eg ákveð fund á mánudaginn kl. 12, og segi þar með

Fundi slitið.

---

35. fundur — 6. september.

Allir á fundi, nema þingmaður Húnvetninga, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur þá fyrst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra þjóða. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Af því engar athugasemdir komu frá hálfu þingmanna við undirbúningsumræðuna gegn nefndarálitinu, og engin breytingaratkvæði síðan hafa verið borin upp, þá vona eg, að þingið samþykki án mótmæla niðurlagsatriði nefndarinnar; sömuleiðis hafa engin mótmæli komið frá hinum hæstvirta konungsfulltrúa, og því er það, að eg vona góðs af honum, sem annars er kunnur að því, að hann vill landinu svo vel, að hann styðji, eins og honum er framast unnt, mál þetta, sem landsbúa alla skiptir svo miklu.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðskrá þeirri, sem þingmenn hafa prentaða fyrir sèr. (Sjá II., bls. 291).

Forseti: Þessu næst kemur til undirbúningsumræðu málið um gufuskipsferðir kring um Ísland. Hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga er framsögumaður, og mun hann lesa nefndarálitið og skýra þinginu frá málinu, eptir því sem þurfa þykir.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*): Nefndarálitið hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 291).

Eg hef litlu að bæta við það, sem tekið er fram í nefndarálit-

inu, því bæði hèr og í Danmörku mun það öllum ljóst, að póstgöngur hèr á landi, og samgöngur manna á milli geta ekki komizt í neitt lag, fyr en gufuskipsferðir kring um landið komast á. Hinum hæstvirta konungsfulltrúa mun þykja það erfiðleikum bundið, að koma þessu hèr á; þetta er að vísu svo, en nefndinni var það fullljóst, að póstmálastjórnin í Danmörku hefir kostað gufuskipsferðir með póstinn milli ýmissa hèraða í Danmörku. Nefndin er á því, að þetta skip, sem ætlazt er til að fari kring um landið, sè minna en hitt skipið, sem á að fara milli Íslands og Danmerkur, og álítur hún 50 lesta skip nægja, einungis að það sè traust og vel vandað, því vart mundi þurfa að flytja meiri innlendar vörur hafna á milli í hvert skipti en það, er svaraði 50 lestum. Öllum, sem íhuga málið, virðist víst, að þetta ætti sem fyrst að komast á, og þótt einhverjum kynni að virðast því hreift of snemma, þ. e. áður en fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á, þá var það nefndinni ljóst, að þetta, sem farið er fram á, stendur í nánu sambandi við póstgöngumálið, og að það, sem um er beðið, er að eins viðbætir við þær póstgöngur, sem þegar eru komnar á, og stjórninni er víst eins skylt að sjá um, að póstgöngur komist á í landinu sjálfu, eins og milli Íslands og Danmerkur.

Konungsfulltrúi: Eg er hinni heiðruðu nefnd alveg samdóma í því, að mál þetta er mikilsvarðandi fyrir landið, og þess vegna skal eg styðja það sem bezt eg má, en á hinn bóginn er sjálfsagt framkvæmdin í þessu máli og í öllum þeim, sem fjárveitingu útheimta, eins og hinn heiðraði framsögumaður benti á, komin undir aðgjörðum þingsins í stjórnarbótarmálinu. Að öðru leyti skal eg skýrskota til skýrslu þeirrar, er eg áður hefi gefið þinginu um þetta mál.

Forseti: Þar eð eigi fleiri taka til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið.

Áður en farið er að ræða það mál, sem næst kemur samkvæmt dagskránni, skal eg leyfa mèr að biðja hinn háttvirta annan konungkjörna þingmann, að lesa upp bænarskrá til konungs um kennslu heyrnar- og málleysingja hèr á landi.

Því næst las þingmaðurinn upp bænarskrána, og samþykktu þingmenn hana. (Sjá II., bls. 293).

Forseti: Þá kemur til undirbúningsumræðu málið um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu mál Íslands.

Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, og mun hann lesa upp nefndarálitið og skýra þinginu frá því, sem þörf er á.

Framsögumaður (H. Kr. Friðriksson): Nefndarálitið hljóðar svo. (Sjá II., bls. 297).

Eptir upplestur þessa nefndarálits finn eg eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um mál þetta, því að málið er áður vandlega rætt í öllum aðalatriðum við undirbúningsumræðuna um frumvarp til laga, er nákvæmar ákveður um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, svo eg ætla það hverjum manni ljóst, að þessi tvö frumvörp standa í því sambandi hvort við annað, að þegar annað fellur, þá fellur og hitt líka. Eg vona, að allir sjái, að meðan undirstöðuatriðin fyrir stjórnarskránni vantar, þá sè stjórnarskrá þessi með öllu þýðingarlaus. Um ágreiningsatriðin hefir þegar mikið verið rætt, en þau eru þessi tvö: atkvæði ríkisþingsins og stjórnarábyrgðin. Það var sagt af hinum hæstvirta konungsfulltrúa og síðan af mótmælendum nefndarinnar, að stjórnarskrána um hin sèrstaklegu málefni Íslands ætti ekki að leggja fyrir ríkisþingið, og að samþykki þess þyrfti eigi til þess, að það gæti orðið lögleitt. Þessu vil eg eigi öðru svara en því, að það er auðsætt af frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir ríkisþingið í vetur, nefndaráliti því, sem þar var samið, og ástæðunum fyrir frumvörpum þeim, sem lögð eru nú fyrir þetta þing, að svo er til ætlazt, að ríkisþingið á að leggja samþykki sitt á stjórnarskrána um hin sèrstaklegu mál Íslands. En enda þótt þetta eigi væri ljóst af þessu, sem eg hefi þegar sagt, þá liggur það einmitt í því, að tvær fyrstu greinar þessa frumvarps eru teknar upp í stjórnarstöðu-frumvarpið, sem á að leggjast fyrir ríkisþingið, og það eitt er næg sönnun fyrir því, að ríkisþingið eigi að leggja samþykkt sína á stjórnarskrána; því að beint með þessum greinum samþykkir ríkisþingið stjórnarskrána, og þar sem ríkisþingið hefir samþykktaratkvæði í málinu, þá liggur auk þess í augum uppi, að ríkisþingið hefir þessa stjórnarskrá fyrir sèr, og neitar um að samþykkja hana, ef því svo þóknast. Auk þess er þess vel gætandi, að eptir aðferð ríkisþingsins í vetur, höfum vèr fulla ástæðu til að ætla, að það blandi sèr meira í málið, en oss þykir við eiga eða það hefir rètt til. Frumvarp það, sem ríkisþingið samþykkti í vetur, er allt annað en það, sem fyrir þingið er nú lagt, og þá verður því ekki treyst, að það fallist á þetta frumvarp, sem stjórnin hefir lagt fyrir alþingi, og því síður með þeim breytingum, er þingið kann

að vilja gjöra á því. Mèr fyrir mitt leyti er það öldungis ljóst, að það sè bæði árangurslaust og tilgangslaust, að vera að káka við nokkrar breytingar á frumvarpinu, þar sem ekki er annað víst, en að ríkisþingið á eptir gjöri þær breytingar, er því sýnist, að oss fornspurðum. Hið annað atriðið er stjórnarábyrgðin. Eptir frumvarpinu hefir ráðgjafinn enga ábyrgð fyrir alþingi, og má það því heita ábyrgðarleysi, þótt hann hafi ábyrgð fyrir ríkisþinginu, þegar vèr ekkert atkvæði höfum þar um; því það kalla eg ábyrgðarleysi, þótt alþingi megi biðja fólksþingið, að koma fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum. Það er auðvitað, og enginn getur með sanngirni ætlazt til þess, að ríkisþingið dragi þann ráðgjafa til ábyrgðar, sem það er ánægt með í alla staði, þótt Íslendingum þætti hann fara lítt að sínum vilja, eða brjóta sín lög, og eg vil segja, að það væri ósanngjarnt, að heimta slíkt af fólksþinginu. Það hefir verið sagt, að ábyrgðin væri í sjálfu sèr þýðingarlítil og að engin sèrstök ábyrgðarlög væri til í öðrum löndum, heldur væri ábyrgðin komin undir þjóðinni, prentfrelsi, löggjafarvaldi þingsins, og eg vil segja almenningsáliti. Það hefir verið vitnað til Englendinga, en sá er munurinn þar og hèr, að þar stendur öll þjóðin bak við ráðgjafann, og heyrir hvert orð, sem hann segir, og hann er neyddur til, að segja af sèr völdum, ef hann í einhverju mikilsvarðanda máli fær eigi meira hluta þingsins með sèr, eða gjörir eitthvað það, sem þjóð og þingi mislíkar, eða heldur einhverju því fram, sem þjóðinni er eigi að skapi; en hèr er öðru máli að gegna; þegar ráðgjafinn að eins hefir ábyrgð fyrir ríkisþingi Dana, þá mundi honum þykja lítil ástæða fyrir sig að sleppa völdum, þó að hann t. a. m. legði eitthvert framvarp fyrir alþingi, er honum þætti mikils varðanda að fá framgengt, en alþingi fèllist eigi á, ef ríkisþingið að öllu öðru leyti væri ánægt með hann. Það kynni nú reyndar sumum þykja rètt, að gjöra breytingar á frumvarpi þessu, og þeir kynnu að vilja fara að breyta því, en eg held, að það komi fyrir ekki. Það hafa komið svo margar uppástungur frá alþingi um breytingar á fyrirkomulagi ábyrgðarinnar, að eg held, að stjornin hefði getað og geti notað eitthvað af þeim sèr til leiðbeiningar, en það getur verið spurning um það, hvort þingið vildi ekki benda á það í ástæðunum fyrir álitsskjali sínu til konungs, hvort nokkru þyrfti að breyta í þessu efni fyrst um sinn, ef stjórnin að öðru leyti gæti komið sèr saman við alþingi. Þetta ætti þá að eins að gilda um stutta stund, og vèr að fá loforð fyrir, að

því yrði bráðum breytt. Þá er eitt atriði, sem eg legg mikla áherzlu á. Það er 66. grein frumvarpsins, einkum þegar hún er skoðuð í sambandi við frumvarpið um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu. Þar stendur, að sérhver vopnfær maður sé skyldur til að taka sjálfur þátt í vörn ríkisins, eptir því sem nákvæmar verður fyrir mælt þar um með lagaboði. Eg fæ nú ekki annað skilið, en að ríkisþinginu sé áskilinn réttur til, að krefjast útboðs af Íslandi, en vèr fáum þar ekki annað atkvæði en um það, hvernig því skuli fyrir koma; en Íslendingar hafa opt áður neitað slíkri útboðsskyldu, og aldrei undir hana gengizt. En þetta grípur að mínu áliti svo mjög inn í grundvöll frumvarpsins, að ekki er til neins að gjöra þar neina breytingu á að þessu sinni. Mèr þótti hinn hæstvirti konungsfulltrúi ekki svara sem ljósast upp á það, er eg spurði hann að: «Hver eru þau grundvallaratriði, sem eigi má breyta»? Hann svaraði: «Það er, að Ísland sé óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, með sèrstökum landsrèttindum»; en þetta er ekki nóg; það vona eg að hann sjálfur játi; því eins og nú stendur hefir Ísland ráðgefandi þing, og það eru sèrstök landsrèttindi. En þau þurfa að vera nákvæmar ákveðin, og það eru þau í frumvörpunum, en á hinn bóginn eru afskipti þau, sem ríkisþingið á að hafa af málefnum vorum, eigi sá grundvöllur, sem eigi má breyta; því að þau eru gagnstæð rètti vorum; en þetta er þó sá grundvöllur, sem eg ætla að stjórnin segi að eigi megi breyta, og er eg hræddur um, að stjórnin fallist ekki á, að þar á sé nein breyting gjörð. Það er því eigi nægileg ákvörðun að segja, að Ísland sé óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum, til þess að vèr getum átt það víst, að ríkisþingið skipti sèr eigi um of af málum vorum. Af þessum ástæðum fannst nefndinni ekki til neins fyrir sig eða þingið, að fara að breyta frumvarpinu, þótt hún óskaði breytinga á einstökum greinum þess, sem stjórnin, ef til vill, hefði getað gengið að, t. a. m. um hina föstu fjárhagsáætlun.

Konungsfulltrúi: Þó að hin heiðraða nefnd í nefndarálitinu fari þessum orðum: «Vèr skulum fuslega játa, að í frumvarpi til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands hefir stjórnin í flestu tekið fullt tillit til óska alþingis 1867», kemur hún ekki að síður til þeirrar niðurstöðu, að beiðast þess, að þetta frumvarp verði eigi lögleitt, eins og það nú liggur fyrir þinginu. Helzta ástæða nefndarinnar er það samband, sem þetta frumvarp stendur í við frumvarpið um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, og

sem eptir áliti hennar á að hafa í för með sèr, að þau hljóti að standa og falla hvort með öðru, og þar að auki að undirstöðuatriði löggjafar- og framkvæmdarvaldsins í hinum sèrstaklegu málefnum ekki einungis er ákveðin í þessu frumvarpi, heldur einnig í hinu vegna þess, að stjórnin álítur það nauðsynlegt, að útvega samþykki ríkisþingsins til fyrirkomulagsins á þessum undirstöðuatriðum.

Hvað sambandið milli þessara tveggja frumvarpa snertir, skal eg geta þess, að þetta í sjálfu sèr er mikilsvarðandi, þó að það ekki að öllu sè eins og nefndin lýsir því, að þau eigi að standa og falla hvort með öðru, því eptir ástæðunum bls. 14 er nokkuð öðru máli að gegna með þetta frumvarp en með hitt, bæði að því leyti, að ályktunaratkvæðis ríkisins þarf ekki með við þetta frumvarp, og að lögleiðsla þess, þar sem konungurinn, með því að láta leggja það fyrir alþingið, einungis hefir í hyggju að veita Íslandi svo frjálslega og þjóðlega stjórnarskipun og svo mikið sjálfsforræði í öllum hinum sèrstaklegu málefnum þess, sem yfir höfuð að tala getur átt sèr stað samkvæmt stöðu þess í ríkinu að lögum, er komin undir því, að landsmenn eða fulltrúar þeirra á alþingi skoði hana sem heill fyrir landið. Eg skal ekki aptur taka upp umræðurnar um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, sem hafa staðið yfir á 7 fundum, en að eins geta þess, að fyrirkomulagið á hinni stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, eins og segir í ástæðunum bls. 15, ekki er komið undir, heldur einmitt skilyrði fyrir skipulaginu á hinum sèrstaklegu málefnum. Eg ætla heldur ekki að orðlengja um þetta skilyrði, sem hans hátign konungurinn svoleiðis hefir sett, því það er eptir minni sannfæringu bæði eðlilegt og nauðsynlegt, þó hinir heiðruðu nefndarmenn kynnu að vera á annari skoðun. Ef þingið ekki sèr sèr fært að ganga að þessu skilyrði, þá er, eins og nefndin hefir álitið, að eins tímaspilling að ræða þetta frumvarp, en þá hlýtur, eins og segir í ástæðunum, konungurinn að álíta frekari tilraunir til að koma þessu skipulagi á með samningum við alþingi árangurslausar.

Eg skal heldur ekki taka upp aptur umræðurnar um samþykktarvald eða samkomulagsvald alþingisins, heldur að eins geta þess, að þó að alþinginu eptir hinum gildandi lögum ekki beri annað en hlutdeild til ráðaneytis um fyrirkomulagið á þessum málum málum, hefir það eptir því sem fram er farið við undirbúning þessa frumvarps í rauninni (Realiteten) haft samkomulagsvald,

því það er aðgætandi, að nefndin, þó að hún sannarlega ekki hafi sýnt mikla velvild á móti þessu frumvarpi, segir um það, að stjórnin í flestu hafi tekið fullt tillit til óska alþingis 1867 að tveimur aðalákvörðunum undanskildum, það er að segja aðalákvörðununum um ábyrgðina á stjórnarathöfnum, og þar sem í 61. gr. er tekin upp ný ákvörðun um skyldu Íslendinga að taka þátt í vörn ríkisins. Eg skal seinna koma til baka til þessara tveggja aðalákvarðana, en hèr strax geta þess, að þar sem alþingið í hitt eð fyrra stakk upp á mörgum og verulegum breytingum við frumvarp stjórnarinnar, og allfáar greinir þess fóru óbreyttar frá þinginu, en nefndin nú hlýtur að játa það, að stjórnin í flestu hefir tekið fullt tillit til þessara breytinga, virðist stjórnin sannarlega hafa gjört alvarlegar tilraunir til samkomulags við þingið. En nefndin er sjálfsagt ekki ánægð með það, stjórnin hlýtur í öllu að aðhyllast breytingar alþingis, eða með öðrum orðum: samkomulagsvald alþingisins á að vera fullt ályktunarvald, en ályktunarvald hans hátignar konungsins á einungis að vera vald til að ganga að öllum þeim kostum, sem alþingið býður. En nú eru, segir nefndin, undantekningar þær tvær, sem gjörðar eru með tilliti til breytinga alþingis, einmitt hinar mestvarðandi aðalákvarðanir. Eg held, að nægilegt sè rætt um stjórnarábyrgðina til þess að sýna og sanna, bæði að mjög örðugt sè sökum fjarlægðar landsins frá aðsetursstað hans hátignar konungsins og annars ásigkomulags landsins, og sökum hinnar stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, að koma á því fyrirkomulagi í þessu tilliti, sem annarstaðar er venjulegt, og að ákvarðanirnar um þessa ábyrgð sèu meira á pappírnum en í rauninni; og eg fyrir mitt leyti álít ákvarðanirnar um löggjafarvald alþingis, um skattaveitingarvaldið, um innlenda stjórn, um skipun alþingis með öllu sem til þess heyrir, um dómsvaldið, um trúarbragðafrelsið og öll hin borgaralegu frelsisrèttindi, sem frumvarpið heimilar, að vera að minnsta kosti eins þýðingarmiklar og þessa aðalákvörðun um stjórnarábyrgðina; en sínum augum lítur hver á silfrið; af því þessi ákvörðun ekki er samkvæm uppástungum alþingis frá í hitt eð fyrra, er hún sjálfsagt í augum nefndarinnar aðalákvörðun aðalákvarðananna. En — nei! Önnur ákvörðun um útboðsskylduna, hún er eptir áliti nefndarinnar, ef til vill, eins mikils varðandi. Að vísu má sjá, þegar lesnar eru ástæðurnar, að breyting sú, sem stjórnin hefir gjört í 61. gr., einungis er orðabreyting, en samt sem áður er hún eptir skoðun nefndarinnar

nægileg til að kasta frumvarpinu, án þess að reyna til að breyta henni, ef þetta virtist nauðsynlegt. Þó að nefndin hafi ekki séð, að hún er eintóm orðabreyting, vona eg að þingmenn geti skilið þetta, bæði vegna þess, að 61. gr. stendur í stjórnarskránni um hin sérstaklegu málefni, og þess vegna undir löggjafarvaldi alþingis, sem getur neitað að veita samþykki sitt til allra útboða samkvæmt greininni, og í öðru lagi vegna þess, að þegar einhvern tíma verður spursmál um, að alþingið samþykki að út skrifa menn til þess, að taka þátt í vörn landsins, þá er það ríkið, en ekki landið, sem varnarskyldan hvílir á, og sem til þess augnamiðs á að við halda bæði herliði og flota, meðan Ísland ekki hefir neitt að greiða til þessa; í þriðja lagi á það í lagamálinu (Lovsproget) betur við að segja annaðhvort ríkið eða landið, en annaðhvort fósturjörðin eða föðurlandið, sem betur á við, þegar ræða skal til tilfinninga manna.

Eg held, að eg nú hafi nægilega skýrt frá því, að mér virðist 1. niðurlagsatriði nefndarinnar alveg óaðgengilegt og óforsvaranlegt, þegar eg skoða málið frá Íslands hálfu; öðruvísi er þessu niðurlagsatriði háttað, þegar eg skoða það frá sjónarmiði stjórnarinnar, því hún getur með sönnu sagt, að ef alþingið fer þann veg, sem nefndin stingur upp á, þá er það ekki alvara þingsins að reyna til samkomulags um þetta mál, og þá verður það, að minnsta kosti fyrst um sinn, árangurslaust, að gjöra fleiri tilraunir í þessu tilliti, og eg get þess vegna heldur ekki mælt með niðurlagsatriðinu undir tölul. 2.

Þar sem nefndin segir: »Nú kynni sumum að virðast svo, sem næst lægi fyrir þingið, að auka frumvarp það til stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands, sem hér ræðir um, með því að bæta þar framan við þeim greinum, sem þingið samþykkti 1867, og sem stjórnin nú hefir sett mjög breyttar í frumvarp til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands, og svo allraþegnsamlegast beiðast þess, að þetta hið aukna frumvarp allramildilegast mætti ná lagagildi«, get eg heldur ekki verið á máli nefndarinnar, því það er auðsætt, eins og eg hefi tekið fram í umræðunum um hitt frumvarpið, að ákvarðanirnar um stöðu Íslands í ríkinu ekki með neinu móti geta orðið lögleiddar án samþykkis ríkisþingsins, og að það einungis og einmitt af þessari ástæðu er álitið nauðsynlegt, að skipta frumvarpinu í tvennt. Bending sú, sem nefndin hér hefir gefið, mun á þann hátt beinlínis leiða til þess, ef hún verður aðhyllzt af alþinginu, að nauðsynlegt verði að

leggja stjórnarskrána í heild sinni fyrir ríkisþingið, en þetta álítur stjórnin ekki síður en þingið bæði ónauðsynlegt og stöðu Íslands í ríkinu alveg ósamkvæmt. Eg skal ítreka það sem eg bæði í þessu máli og í málinu um stöðu Íslands í ríkinu optar en einu sinni hefi tekið fram: 1, áður en búið er að út kljá spursmálið um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, getur fjárhagsaðskilnaðurinn ekki komizt á, og 2, áður en búið er að koma fjárhagsaðskilnaðinum í kring, getur stjórnarskráin um hin sérstaklegu málefni Íslands ekki orðið lögleidd. Það dugir ekki að telja mönnum trú um, að þeir eigi von um, að sambandið milli þessara tveggja spursmála nokkurn tíma frá stjórnarinnar hálfu muni verða skoðað öðruvísi, en eg þannig hefi skýrt frá — um það get eg fullvissað þingið, án þess að vera spámaður. Að vísu hefir nefndin skoðað þetta mál öðruvísi, og eg held, að þetta sé ástæða hennar til að lýsa frumvarpinu um stöðu Íslands á þann hátt, sem hún hefir gjört, að í þessu frumvarpi séu allar aðalákvarðanirnar, sem eiga að veita Íslandi sjálfsforræði og þjóðlegt frelsi. Eg skal ekki neita því, að hún að svo miklu leyti segi satt, sem fyrirkomulagið á stöðu Íslands í ríkinu, eins og eg hefi tekið fram, er »conditio sine qua non«, eða skilmálalaust skilyrði fyrir því, að vèr yfir höfuð að tala getum fengið sjálfsforræði og þjóðlega stjórnarskipun, og að ákvörðunin um stöðu Íslands í ríkinu á þann hátt setji þau takmörk, sem sjálfsforræðið á að vera bundið við. En þegar maður skoðar ákvarðanir þær, sem eiga að samþykkjast af ríkisþinginu, og þess vegna eru teknar upp í hitt frumvarpið, er það, held eg, auðsætt, að ekki eru í þessu sett nein takmörk, sem í raun og veru veita Íslandi rýrari kjör en þau, sem það hefir haft, að minnsta kosti síðan á dögum sáttmálans við Noregskonung, því frá þeim tíma hefir Ísland aldrei verið ríki út af fyrir sig, en hefir haft allt það, sem til þess útheimtist saman, fyrst við Noreg og síðan við Danmörku, sem sè konung, ríkiserfðalög, viðskipti ríkisins við önnur lönd, vörn ríkisins á landi og sjó, og fleiri málefni, sem talin eru upp í stjórnarskrá alþingis frá í hitt eð fyrra. Ísland hefir ekki beinlínis hingað til greitt neitt til þessara hluta, en hið sama verður eptirleiðis um óákveðinn tíma, þó að ekki geti leikið vafi á því, að einvaldskonungarnir eptir konungalögunum hafi haft rètt til að breyta frá þessu. Öll önnur mál verða eptirleiðis sérstakleg, og lögð undir löggjafarvald alþingis, sem aldrei eptir ár 1264 hefir verið svo mikið sem það nú á að vera eptir stjórnar-

skrá þeirri, sem hèr liggur fyrir. Á hinn bóginn eiga öll hin sameiginlegu mál að verða undir sama löggjafarvaldi og hingað til, löggjafarvaldi ríkisins. Á þetta er nú komin breyting með hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum frá 5. júni 1849, en eg fæ ekki skilið, að ástandi Íslands með þessu sè breytt í raun og veru, þó að löggjafarvaldi ríkisins í hinum sameiginlegu málum sè breytt, eða að ástandið í þeim verði Íslandi minna í hag nú en áður. En það er þessi hugmynd, sem eptir minni meiningu ekki hefir neitt að styðjast við, nema, ef til vill, nokkurs konar tortryggni við Dani, er eptir því sem mèr er kunnugt og eptir því sem umræðurnar hafa fallið hèr í salnum, ekki hafa verðskuldað þessa tortryggni. Það er alveg rangt, þegar hèr er sagt, að Íslendingar eptir frumvarpinu eptirleiðis verði þegnar þegnanna, því í þessu tilliti gjörir frumvarpið um stjórnarlega stöðu Íslands í ríkinu ekki neina breytingu á því, sem hingað til hefir verið. Íslendingar verða eptir frumvarpinu það, sem þeir hafa verið um langan tíma, þegnar Danaveldis, og þeir eiga í öllum ríkismálefnum að vera háðir löggjafarvaldi ríkisins eptirleiðis alveg á sama hátt og hingað til; en þessu löggjafarvaldi er að vísu breytt með grundvallarlögunum, en einungis í frjálsa stefnu. Eg hefi tekið þessar athugasemdir fram í þessu máli, þar sem ræðir um hina miklu rèttarbót, sem hans hátign konungurinn nú býður Íslendingum með frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir, þó að þær einnig eigi við, þegar ræðir um stöðu Íslands í ríkinu, en hèr er sèr í lagi hvöt fyrir alþingið til vandlega og vel að yfirvega, hvort kasta eigi þessari í öllum verulegum atriðum frjálslegu og þjóðlegu stjórnarskrá, sem nú er boðin landinu, og sem að sönnu veitir landsmönnum mörg og mikils varðandi rèttindi, á meðan ákvörðunin um stöðu Íslands í ríkinu ekki á að veita rèttindi, heldur einungis að setja takmörk þau, innan hverra frelsið á að veitast. En það hefir verið misskilningur nefndarinnar og þeirra þingmanna, sem fylla hennar flokk, að ákvarðanirnar um stöðu Íslands ættu að innihalda rèttindi þau, sem þjóðlegt frelsi á að hafa í för með sèr.

Eg skal að svo stöddu ekki fara fleiri orðum um þetta frumvarp, en geta þess, að þar sem það að öllu, að undanteknum þeim 2 atriðum, sem eg gat um áður, eptir yfirlýsingu nefndarinnar er samkvæmt óskum eða samþykki alþingis frá í hitt eð fyrra, virðist mèr sem heppilegast, að umræðurnar sèr í lagi taki tillit bæði til hinnar almennu hliðar málsins, og til þessara tveggja undan-

tekninga, þar sem eg gjöri ráð fyrir, að alþingi annaðhvort muni aðhyllast uppástungu nefndarinnar, sem mèr að vísu virðist óhafandi, eða beiðast þess, að frumvarpið verði lögleitt með þeim breytingum, sem þingið álítur nauðsynlegar, og sem er vonandi að verði teknar til greina að svo miklu leyti, sem þær geta samrýmzt stöðu Íslands í ríkinu, en sem eptir því, er sagt er í ástæðunum, og sem eg áður hefi tekið fram, alveg munu spilla málinu, ef þær ekki geta samrýmzt þessari stöðu landsins.

Þar sem hinn heiðraði framsögumaður bætti því við nefndarálitið, að þó ekki aðrar sönnur væru fyrir því, að þetta frumvarp ætti að leggjast fyrir ríkisþingið, þá væri það full sönnun fyrir því, að hinar tvær fyrstu greinir þessa frumvarps eru teknar upp í frumvarpið um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu, skal eg geta þess, að þetta þvert á móti er full sönnun fyrir hinu gagnstæða.

Helgi Hálfdánarson: Eg verð að segja annað um þetta frumvarp en hitt. Um það sagði eg: Mèr líkar það ekki, og eg hefi, eins og kunnugt er, stungið upp á æðimörgum breytingum á því. En um þetta frumvarp er öðru máli að gegna. Hèr er í öllu verulegu farið eptir tillögum alþingis 1867, og eg er þessu frumvarpi samþykkur í öllu verulegu. Ef nú svo færi, sem helzt lítur út fyrir, að frumvarp til laga um stjórnarlega stöðu Íslands í ríkinu verði fellt, eins og nefndin stingur upp á, þá vil eg samt ekki missa þetta frumvarp, en af því að þá kæmu til að vanta í það margar ákvarðanir, er ekki mega vanta í stjórnarskrá Íslands, og sem líka voru í henni að finna 1867, hefi eg leyft mèr að búa til æði-stórkostlegt breytingaratkvæði, er eg nú skal bera fram, og treysti eg því, að þingmenn muni dæma það, eptir því sem það á skilið í sjálfu sèr, en ekki taka tillit til þess, að það kemur frá jafn-lítilfjörlegum þingmanni og mèr, sem þar að auki er kosinn fyrir minnsta kjördæmi landsins.

Það, sem eg þá ætla að stinga upp á, er, að ef frumvarpið um stöðu Íslands í ríkinu verður fellt, þá sè bætt 8 nýjum greinum framan við þetta frumvarp. Fyrsta og önnur grein eiga að verða alveg samhljóða frumvarpi alþingis 1867, 3. greinin sömuleiðis, nema milli orðanna «ríkisþingið» og «samþykkir» sè við bætt «og alþingi». Fjórða grein ætlast eg til að verði eins og 3. grein frumvarps þess um stjórnarstöðu Íslands í ríkinu, er nú liggur fyrir þinginu, þó þannig, að eptir «skattamál» bætist við «og tollmál». Seinni hluti þessarar greinar nokkuð breyttur ætlast

eg til að verði grein sèr, og verður það þá hin 5. 6. greinin, sem eg vil bæta framan við, verður sama og 4. grein stjórnarfrumvarpsins um stjórnarlega stöðu Íslands í ríkinu, nema að 30,000 verður breytt í annaðhvort 60,000, eða í 50,000 fast tillag og 10,000 aukatillag hin fyrstu 12 ár, en fari síðan minnkandi, eins og eg og fleiri höfum stungið upp á áður. 7. og 8. grein eiga að verða eins og 5. og 6. grein stjórnarfrumvarpsins um stöðu Íslands í ríkinu óbreyttar.

Þar næst sný eg mèr að 1. grein frumvarps þess, er vèr erum nú að ræða, og vil eg hafa hana óbreytta nema að því leyti, sem leiðir af því, ef hitt frumvarpið fellur; en 2. grein þess vil eg breyta þannig, að tilvitnunin til laga um stjórnlega stöðu Íslands í ríkinu fellur burt, en nákvæmari ákvörðunum um ráðgjafann verður bætt inn í, og, ef til vill, líka ákveðið þar um ábyrgð hans. Hinni 3. grein þess vil eg líka breyta nokkuð. Annar hluti hennar virðist mèr að helzt ætti að vera, eins og alþingi bað um 1867.

Eg held að allur þorri landsmanna sè á mínu máli um það, að boð þau, er oss eru gjörð í þessu frumvarpi, sem hèr er til umræðu í dag, sèu of góð til að hafna þeim, og að það sè óvarlegt, að kasta þeim alveg burtu, eins óvarlegt og það væri að ganga að hinu frumvarpinu óbreyttu. Eg hefi enn ekki getað sannfærzt um, að stjórnin muni engar breytingar vilja aðhyllast. Skyldi stjórnin þröngva upp á oss frumvörpunum óbreyttum, þá fengjum vèr stjórnarskrá, er vèr allir erum samþykkir um að hafi marga bresti, og hlytum þá að kenna sjálfum oss um, að vèr hefðum ekki beðið um neinar breytingar; en ef vèr segjum stjórninni til, hverju vèr viljum fá breytt, eru öll líkindi til, að hún taki tillit til nokkurs af því, annars væri hún ekki að biðja um álit vort, og alls ekki ómögulegt, að hún taki tillit til þess alls, og þá fengjum vèr stjórnarskrá, er vèr gætum verið ánægðir með. Það er alls ekki sannað um neina af ákvörðunum þeim, er eg hefi stungið upp á að breyta, að henni megi ekki breyta.

Bergur Thorberg: Eg ætla að eins að leyfa mèr að bera fram nokkur breytingaratkvæði, og geng eg út frá því, að þingið biðji stjórnina að lögleiða þetta frumvarp, breytt eða óbreytt, en ekki felli það. Á alþingi 1867 var samþykkt, að fjölga skyldi þingmönnum, og skipta þinginu í tvær deildir, og hefir stjórnin aðhyllzt þetta. En nú eru komnar bænarskrár úr 4 kjördæmum, Múla- og

Þingeyjarsýslum, að mig minnir, um að halda tölu þingmanna, þeirra er nú er, óbreyttri, og einni málstofu. Breytingaratkvæði mín lúta nú einmitt að því, að frumvarpinu verði þannig breytt. Tvær þingdeildir og fjölgun þingmanna eykur alþingiskostnaðinn æði-mikið, tefur tímann, bæði af því málin verða að ganga gegnum tvær málstofur, og kunna verða sein gegnum efri málstofuna, því þar verður fáum á að skipa, og af því vel kann að geta orðið ágreiningur milli málstofanna. En nú er eg sannfærður um, innilega sannfærður, að þetta fyrirkomulag ekki veitir þá tryggingu, er til var ætlazt, og vil eg því leyfa mèr að stinga upp á þeirri breytingu við 15. og 16. grein frumvarpsins, að tala þingmanna haldist óbreytt, og að alþingi verði að eins ein málstofa, eins og nú er. Það er með því sparað stórfè, eptir því sem á stendur hjá okkur, og af ástæðunum má sjá, að stjórnin hefir samþykkt uppástungu alþingis um þetta 1867 einungis af tilhliðrunarsemi, en ekki af því hún hèldi, að nokkuð væri unnið við þetta fyrirkomulag, og er því líklegt, að hún muni fús á, að samþykkja breytingu þessa.

Benedikt Sveinsson: Eg stend að eins upp, til að geta þess, að eg hafði einmitt ætlað mèr að ráðgjöra þær hinar sömu breytingar, sem hinn háttvirti þingmaður Vestmanneyinga nú vèk á, og munum við koma okkur saman um þær.

Framsögumaður: Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir misskilið mig, — svo að eg svari fyrst síðasta atriðinu í ræðu hans — þar sem hann sagði, að eg, með því að taka fram, að tvær fyrstu greinarnar í stjórnarskránni um sèrstöku málin væru óbreyttar teknar upp í frumvarpið um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu hefði sannað, að hið fyrnefnda frumvarp yrði ekki lagt fyrir ríkisdaginn, en ætlað að sanna hið gagnstæða. En eg sagði, að einmitt með því, að ríkisþingið samþykkti þessar tvær greinir, legði það samþykkt sína á stjórnarskrá Íslands um hin sèrstaklegu mál landsins, og í því fælist það, að samþykki ríkisþingsins einnig þurfi til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málin. Til hvers væri annars stjórnin að taka greinir úr henni (hèr tvær fyrstu greinirnar) og leggja fyrir ríkisdaginn? Það gladdi mig að heyra, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi er samdóma nefndinni í því, að ef þingið felldi hitt málið, væri þetta fallið af sjálfu sèr, því að frumvarpið um hina stjórnarlegu stöðu landsins í ríkinu væri skilyrðið, conditio sine qva non, fyrir því, að þetta frumvarp yrði lögleitt.

Ágreiningurinn er þá einungis í því fólginn, hvort vèr eigum að sleppa atkvæði voru í sameiginlegum málum, og hvort ríkisþingið hafi rètt til að segja já eða nei til þess, hvort við eigum að fá nokkra stjórnarbót eða ekki, og hvort ríkisþinginu beri nokkur rèttur til að ráða úrslitum um það. Eg verð enn að ítreka það, að eg get eigi sèð, að ríkisþinginu beri nokkurt atkvæði um stjórnarskrá vora eða löggjafarvald; það virðist mèr vera því alveg óviðkomandi. Hvort sem nú konungsfulltrúi kallar hitt frumvarpið skilyrði eða undirstöðu fyrir þessu, þá er það í rauninni hið sama, og að eins orðabreyting. Ríkisþingið á eptir tilætlun stjórnarinnar fyrst að samþykkja undirstöðuna. Eg játa það vera mikils vert, að alþingi fái löggjafarvald og skatta-álöguvald í hinum sèrstaklegu málum; en þetta er alls eigi nóg, þegar ríkisþinginu er áskilinn rèttur til þess að leggja á oss skatta og aðrar kvaðir í sameiginlegum málum, þannig að vèr höfum þar ekkert atkvæði um; vald alþingis verður þannig að eins hálfverk eitt; það verður eigi annað, en að það jafnar þessum sköttum niður á landið; en þessir skattar geta orðið svo miklir, að landið geti ekkert fengið til sinna þarfa; allir þeir skattar, sem landið getur greitt, geta gengið til þessara sameiginlegu mála, eptir atkvæði ríkisþingsins eins. Mèr þykir það einnig mjög merkilegt, að það skuli koma fyrst nú eptir 20 ár, að ríkisþingið skuli hafa atkvæði í málefnum vorum, án þess að við sèum að nokkru spurðir um; þetta var eigi tekið fram í frumvarpinu 1867, og enginn hefir komið með þá skoðun fyr. Hvort 61. grein sè orðabreyting ein, skal eg ekki deila um, en í ástæðunum stendur, að það sè skýring, nefnilega að við eigum að taka þátt í vörn ríkisins. Ef það þykir betra, að setja «land» í staðinn fyrir «fósturjörð», þá skal eg eigi hafa móti því; en það á eigi annað að tákna en Ísland, og annar skilningur vill enginn Íslendingur að sè í greininni. Hinn hæstvirti konungsfulltrúi dró þá ályktun af 1. niðurlagsatriði nefndarinnar, að það væri ófært og óforsvaranlegt skoðað frá Íslands hálfu, en fyrst hann hefir játað, að það standi og falli með hinu frumvarpinu, sè eg eigi, í hverju þessi óforsvaranlegleiki getur legið; eg sè enga ástæðu til, að biðja um að fá meira vald, nè heldur að bæta við greinum úr frumvarpinu frá 1867, þar sem engin von er til, að stjórnin veiti slíkt, ef álit nefndarinnar um frumvarp um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu verður ofan á. Nú vill stjórnin eigi veita, að ríkisþingið eigi hafi afskipti af málum vorum, og er það ný skoðun, sem

hvergi er nefnd í frumvarpinu 1867. Eg get eigi annað skilið en stjórninni sè full alvara með þetta, þegar hún breytir ákvörðunum sínum frá 1867, og gjörir þær alveg óaðgengilegar fyrir oss. Eg játa það, að fjártillagið úr ríkissjóðnum verði að ganga á undan sjálfsforræði Íslendinga, og það sè hið eina viðvíkjandi þessu máli, sem ríkisþingið eigi að samþykkja. Þótt enginn lögfróður maður væri í nefndinni, þá gjörði það eigi mikið, því að vèr höfðum þó orð lögfróðs manns fyrir oss í þessu, og það er dómsmálastjórinn sem var 1863, og er hann almennt talinn með beztu lögfræðingum Dana, og eg ætla víst, að hann kunni lög á við þingmann Rangæinga. Konungsfulltrúi tók það fram, að oss væri hèr eigi verri boð gjörð, en vèr hefðum haft allt frá því að Ísland sameinaðist Norvegi, en það er eigi rètt, því að alþingi hafði fullt löggjafaratkvæði í öllum Íslands málum, án þess það væri í nokkru bundið við önnur lönd; Íslendingar guldu Noregs konungi einungis skatt og annað ekki. En þótt vèr nú eigi njótum rèttinda þeirra, sem oss bera, og höfum eigi fengið þau, sem oss var heitið 1848, get eg eigi játað, að vèr fyrir það eigum að leggja árar í bát, og afsala oss þeim, eða að Danir hafi nokkurn rètt til að halda þeim fyrir oss. Mèr þykir það illt, að hinn 3. konungkjörni þingmaður skuli eigi vera á þingi; því að hann sagði við hefðum misst 300,000 rd. síðan 1867, vegna þess að vèr hefðum hafnað frumvarpinu þá. En hvað höfum vèr þá misst síðan 1849, fyrir það, að stjórnin hefir haldið fyrir oss rèttindum vorum? Mèr reiknast það muni vera 3,000,000 rd. Eg get eigi sèð, að uppástunga nefndarinnar þurfi að vera sprottin af neinni tortryggni við Dani; heldur vill hún einungis hafa hreinan reikning, og mèr virðist ávallt bezt, að hver og einn viti, hver rèttur hans sè, og það sè skýrt tekið fram, heldur en að lifa á bónbjörgum, og eiga undir kasti, hvort bænheyrsla fæst síðar eða eigi. En þar sem þó ríkisþingið vill svipta oss rètti vorum, og hefir sýnt það í vetur, virðist mèr það eigi alveg ástæðulaus tortryggni fyrir nefndinni, þótt hún vilji eigi alveg gefa sig á vald þess, og eiga undir því, að fá rètt sinn síðar.

Pètur Pètursson: Það, sem eg ætlaði að segja, er að biðja mèr upplýsingar um, hvaða orð það er í 61. grein, sem nefndin hefir steytt sig á; hvort það heldur er «vörn ríkisins» eða «lagaboð», þar eð eigi er til greint, hvort heldur það er lagaboð, sem ríkisþingið eða alþingi samþykkir, því ekkert virðist vera í húfi, ef alþingi ræður varnarskyldunni, en sè þetta svo að skilja, sem ríkis-

þingið eigi að samþykkja lagaboðið, þá er öðru máli að gegna; en ólíklegt er, að sú sè meiningin í þessu frumvarpi, sem einungis snertir Ísland; en ef þetta væri nokkrum vafa undirorpið, þá vildi eg áskilja mèr breytingaratkvæði við grein þessa á þá leið, að alþingi samþykki það.

Framsögumaður: Það er auðsætt, hvað til er ætlazt í 61. gr., þegar gætt er að 7. gr. í frumvarpinu til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu; eptir því sem orðin liggja þar, þá er sú meiningin, að alþingi að eins ákveði, hvernig varnarskyldunni eigi að vera fyrir komið, en alls eigi það, að vèr ráðum því, hvort nokkurt útboð verði lagt á landið.

Pètur Pètursson: Spurning þessi er eigi lítils verð, og bar eg hana eigi upp að nauðsynjalausu, því eg fæ eigi betur sèð af ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar 1867, en að alþingi ætti að samþykkja lagaboð þetta, og vil eg því bera upp breytingaratkvæði, er til taki þetta með berum orðum.

Þórarinn Böðvarsson: Eg stend upp að eins til að áskilja mèr breytingaratkvæði í líka stefnu og við hitt frumvarpið, þannig, að framan við þetta frumvarp sè bætt greinum líks innihalds og þær, sem stóðu í breytingaratkvæði mínu um hina stjórnarlegu stöðu Íslands. Einnig áskil eg mèr breytingaratkvæði við 15. og 16. tölulið í líka átt og hinn 2. konungkjörni þingmaður.

Helgi Hálfdánarson: Auk þess, sem eg gat um áðan, vil eg áskilja mèr breytingaratkvæði við fyrirsögnina.

Jón Pètursson: Eg vil áskilja mèr breytingaratkvæði við 3. gr., sem eg ráðgjörði við umræðuna um frumvarpið til laga um stöðu Íslands í ríkinu, og færði eg þá ástæðu fyrir því.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði framsögumaður gat þess, að eg væri á sömu skoðun og nefndin með tilliti til spursmálsins um sambandið milli þessara tveggja frumvarpa, sem lögð eru fyrir þingið í þetta skipti, en þetta er misskilningur frá hálfu framsögumanns, því eg tók það skýrt fram, að þessi frumvörp ekki standa í því sambandi, sem nefndin segir, að þau eigi að standa og falla hvort með öðru, heldur að þetta frumvarp, ef þingið ekki óskar, að það verði lögleitt, ekki verður lögleitt í óákveðinn tíma, á meðan ástæðurnar segja um hitt frumvarpið bls. 6: «Og eins og það er vitaskuld, að konungur mun taka eins mikið tillit til álits alþingis, eins og það á skilið, eins er það hins vegar auðsætt, að ekki má skjóta á frest fram í óákveðinn ókominn tíma, að gjöra

fyrir fullt og allt út um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, en að málinu verður ráðið til lykta, þegar alþingi hefir gefizt kostur á, að framkvæma þá hlutdeild sína til ráðaneytis, sem því ber í þessu máli.

Þar sem nokkrir heiðraðir þingmenn hafa áskilið sèr breytingaratkvæði við 2. og 3. grein frumvarpsins um stjórnarábyrgðina, skal eg, þegar breytingaratkvæði þeirra koma á atkvæðaskránni, nákvæmar skýra frá, hvert mèr virðist aðgengilegt frá stjórnarinnar hálfu. En eg skal að svo stöddu geta þess, að það leiðir beinlínis af stöðu Íslands í ríkinu, þar sem Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstöknm landsrèttindum — og eg skal ekki reyna til þess, sem mèr virðist fleiri þingmenn hafa gjört — að raska þessum grundvelli, sem samþykki alþingis frá í hitt eð fyrra ómótmælanlega var byggt á, og sem einnig er sá grundvöllur, sem bæði stjórnarbótafrumvörpin, sem nú liggja fyrir þinginu, eru byggð á; það leiðir beinlínis af þessari stöðu, að undirstöðuatriðin í fyrirkomulaginu á framkvæmdarvaldinu eiga að ákveðast bæði frá Íslands og frá ríkisins sjónarmiði; ríkið á sjálfsagt heimting á, að þessum undirstöðuatriðum verði komið fyrir á þann hátt, að staða Íslands í ríkinu verði ekki á hættu, og að ráðgjafi sá, sem konungur fær í hendur stjórn íslenzku málefnanna, beri ábyrgð á henni gagnvart ríkinu og löggjafarvaldi ríkisins, ríkisþinginu — en af því hlýtur aptur að leiða, að ábyrgð ráðgjafans gagnvart alþingi verður ekki komið fyrir á sama hátt, og ef Ísland væri ríki út af fyrir sig, en að þessa ábyrgð verður að ákveða — ef svo má að orði kveða —, meira óbeinlínis, eða sem í frumvarpinu er gjört, á þann hátt, að ráðgjafinn hefir ábyrgð á stjórninni samkvæmt hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum 5. júní 1849, þannig, að þegar alþingi ræður af að koma stjórnarábyrgð fram á hendur ráðgjafanum, þá verður það að snúa sèr að fólksþinginu með ákæru sinni, því ákæruvaldið (Anklagemagten) er eptir þessum lögum hjá fólksþinginu. Er þetta ástand lakara frá Íslands sjónarmiði en það, sem var undir einvaldskonungum? Nei — því þá voru ráðgjafar konungs alveg ábyrgðarlausir gagnvart alþinginu, eins og gagnvart standaþingunum í Danmörku, — en eptir ákvörðunum frumvarpsins hefir hann ábyrgð á stjórn sinni gagnvart alþinginu, þó að það, til þess að draga hann til ábyrgðar, eigi nokkuð lengri veg að fara, en ef alþingið væri einnig ríkisþing. Þingmenn hafa sagt, að þessi ábyrgð sè einungis á pappírnum, og að ómögulegt sè

með þessu fyrirkomulagi að gjöra ábyrgð ráðgjafans verklega. Eg get ekki séð, að þessi skoðun sé á neinum rökum byggð, heldur virðist hún mèr sprottin af þeirri tortryggni, sem eg áður gat um, og sem eptir minni sannfæringu er alveg ástæðulaus. Með ákæruvaldinu er sjálfsagt sameinuð skylda fólksþingsins til að skoða ákæru þá, sem alþingið mun bera undir það, og þá eptir því, sem virðist þinginu samkvæmt lögunum, að skera úr því spursmáli, hvort mál sè að höfða eða ekki, — og það er alveg heimildarlaust, að gjöra ráð fyrir því, að ákæruvaldið af persónulegum ástæðum, t. d. velvild eða þess konar skyldi brjóta á móti skyldu þess. Einmitt vegna þess að fólksþingið vantar þekkingu á íslenzkum málefnum, mun það verða langtum fúsara til að taka uppástungur alþingis í þessu tilliti til greina, en ef það hefði þessa þekkingu á málunum. Eins og ástæður frumvarpsins taka það fram, skal eg halda fastlega fram, að breytingar með tilliti til ákvarðananna um ábyrgð ráðgjafans munu spilla málinu. Þá kemur spursmálið um ábyrgð landstjórans, og það er einnig einkennilegum erfiðleikum bundið vegna embættisstöðu landstjórans, með því að hann að mestu leyti á að vera umboðsmaður konungsins; en vegna þess að konungurinn sjálfur er ábyrgðarlaus, getur umboðsmaður hans, að svo miklu leyti sem hann gjörir ályktanir og framkvæmir þær í umboði konungs, ekki borið neina ábyrgð þessara aðgjörða sinna nema gagnvart konunginum. Hinn heiðraði 4. konungkjörni þingmaður áskildi sèr við undirbúningsumræðuna um hina stjórnarlegu stöðu Íslands breytingaratkvæði um stjórnarábyrgðina í þá átt, ef eg hefi skilið hann rètt, að landstjórinn ætti að hafa þessa ábyrgð gagnvart konunginum í öllum þeim málum, þar sem ræðir um aðgjörðir þær, sem eg nú gat um, en að hann á hinn bóginn ætti að hafa fulla ábyrgð með tilliti til hegðunar hans eptir fjárhagslögum landsins gagnvart alþinginu og fyrir rètti hèr í landinu. Eg skal með tilliti til þessarar breytingar geta þess, að eg ekki sè mèr fært, að skýra frá, hvort stjórnin muni álíta hana aðgengilega, og að mèr þess vegna þykir það varúðarvert, að setja hana sem skilyrði fyrir því, að stjórnarskráin verði lögleidd, — en á hinn bóginn sè eg fyrir mitt leyti ekki neitt í «principinu» því til fyrirstöðu, að ábyrgð landstjórans geti ákveðizt á þann hátt, sem uppástungumaðurinn benti á; eg gjöri ráð fyrir, að tilgangur breytingaratkvæðisins sè að eins, að taka ákvörðunina um þessa ábyrgð landstjórans í stjórnarskrána, en að hinar nákvæmari ákvarðanir í þessu

tilliti verði að ákveða með lögum. Að öðru leyti skal eg með tilliti til ábyrgðar landstjórans vísa til ástæðnanna bls. 18, þar sem segir: «alþingi getur átt það víst, að ef verulegur ágreiningur út af stjórnarmálefnum rís upp milli landstjórans og alþingis, þá muni konungur láta dæma um ábyrgð landstjórans, ekki að eins samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilda um ábyrgð á almennum embættisgjörðum, heldur muni einnig allt það til greina tekið, sem stjórnarábyrgðin er undir komin.

Framsögumaður: Eg ætla eigi mikið að lengja umræðuna. Konungsfulltrúi sagði, að ágreiningurinn milli sín og nefndarinnar væri ljós, en í því eru hvorirtveggja samdóma, að ef hitt frumvarpið fellur, þá er þetta sjálffallið. Viðvíkjandi 61. grein vil eg taka það fram, að ástæður þær, sem eru færðar til í frumvarpinu 1867, geta enga þýðingu haft nú; því orð greinarinnar eru nú önnur en þá, og það er eigi frumvarpið 1867, sem nú liggar fyrir, og vèr erum nú að ræða. Það er mikið rètt, að ákæruvaldið er hjá fólksþinginu, en nefndin skilur eigi, hví það mætti eigi, að minnsta kosti að nokkru leyti, vera hjá alþingi, og kemur þetta eigi til af neinni tortryggni til fólksþingsins, að það láti persónulega velvild ráða, en hitt er eigi nema eðlilegt, þótt það kynokaði sèr við að fara að ákæra þann mann, sem það hefði mætur á.

Forseti: Með því ekki taka fleiri til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið, og er þar með dagskrá lokið. Eg hefi hugsað mèr að hafa á morgun ályktarumræðu um frumvarp til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, og með því þingmenn munu þurfa að skoða huga sinn um það mál, og verða að nokkru leyti að laga breytingaratkvæði sín eptir því, hvernig um það mál fer, þá vil eg eigi heimta breytingaratkvæði fyr en á morgun; en eg verð að biðja um þau sem fyrst, eptir að frumvarpið um stöðu Íslands í ríkinu er afgreitt. Á miðvikudaginn vildi eg hafa ályktarumræðu um spítalamálið, og á fimmtudaginn í þessu máli. Umræðu um landbúnaðarnefndina mætti og taka jafnframt einhvern daganna. Að svo mæltu ákveð eg fund á morgun kl. 12, og segi því næst

Fundi slitið.

36. fundur — 7. september.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt.

Forseti: Í dag kemur fyrst málið um aðgjörðir landbúnaðarnefndarinnar til undirbúningsumræðu. Framsögumaður er hinn háttvirti annar konungkjörni þingmaður.

Framsögumaður (*Bergur Thorberg*): (Nefndarálitið, sjá II., bls. 300).

Eg álít ekki þörf, að útlista málið nákvæmar, og skal því að eins mæla með niðurlagsatriðunum, sem nefndin áleit gætu beint málinu á bezta og réttasta leið. Hún áleit nauðsynlegt, að landið gæti fengið ný landbúnaðarlög, og jafnframt, að nú þegar væri búið að stíga þýðingarmikið stig til að semja þau, því verk yfirdómara Jóns Péturssonar mundi, þótt það eptir hans ætlun að eins næði yfir þriðjung þess, er þyrfti, verða til mikils léttis, þegar semja skyldi frumvarp til nefndra laga.

Forseti: Fyrst ekki fleiri taka til máls, er undirbúningsumræðu þessari lokið; kemur þá til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um gufuskipsferðir kring um landið. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Rangvellinga.

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*)*:* Hinn háttvirti konungsfulltrúi tók svo vel í þetta mál við undirbúningsumræðuna, að eg tel óþarfa, að bæta nú nokkru við nefndarálitið, og það, er þá var sagt, en skal að eins fela málið góðvild þingsins á hendur.

Þá tóku ekki fleiri til máls, og sagði þá forseti þessari umræðu lokið. (Sjá II, bls. 302).

Forseti: Áður en vér byrjum næsta mál, vil eg biðja þingmenn að hlýða á upp lesin nokkur álitsskjöl og bænarskrár til konungs.

Síðan var lesið upp og samþykkt af þinginu:

1. Bænarskrá til konungs um fyrirmyndarbú og búnaðarskóla í Húnavatnssýslu. (Sjá II., bls. 309).

2. Álitsskjal til konungs um konunglegt álitsmál viðvíkjandi sýsluskiptingum í vesturamtinu. (Sjá II., bls. 302).

3. Álitsskjal til konungs um konunglegt álitsmál viðvíkjandi leigumála á brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu. (Sjá II., bls. 305).

4. Bænarskrá til konungs um stofnun sjómannaskóla hér á landi. (Sjá II., bls. 307).

Þegar því var lokið mælti

Forseti: Þá kemur til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um hið konunglega frumvarp um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga. Eg veit ekki, hvort hann vill taka til máls nú þegar.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Mál þetta er nú svo lengi og vandlega rætt, að eg ætla víst, að hverjum og einum þingmanni sè orðinn ljós grundvöllur þess, og ástæðurnar með og móti nefndarálitinu. Nefndin hefir lagað 1. niðurlagsatriðið, og orðað það nokkuð öðruvísi, eigi af því, að henni þætti það eigi rètt orðað, heldur af því, að sumum þingmönnum þótti það óþýtt, og vèr viljum ekki vera að keppa um orð, en eg viðurkenni alls ekki með því, að það hafi verið rangt, eins og það var að upphafi, og, að því mèr er kunnugt, viðurkennir það enginn nefndarmanna. Annars ætla eg mèr ekki að fara að ræða um hvern tölulið á atkvæðaskránni, en að eins geta þess, að mèr þykir uppástungan undir 1. tölulið óþörf og ólöguleg, því að ef uppástunga nefndarinnar fellur, þá er sjálfsagt, að framvarpið verður tekið til atkvæða eptir greinum, en verði uppástunga nefndarinnar samþykkt, kemur þessi uppástunga eigi til greina. Hinn 3. tölulið getur nefndin ekki fallizt á, því bæði í nefndarálitinu og umræðunum hefir nefndin fyllilega skýrt frá ástæðum sínum, hvers vegna hún vilji hafa stjórnarskrá Íslands eina og óskipta, og getur því eins lítið fallizt á, að biðja um þetta frumvarp til laga, enda þótt nokkrar breytingar yrðu á því gjörðar, eins og að biðja um það óbreytt. Það, sem borið hefir verið fram til afbötunar skiptingunni, er, að þá verði að eins það frumvarp, sem nú er til umræðu, lagt fyrir ríkisþingið, en nefndin skoðar það, sem brotinn sè rèttur á Íslendingum, ef þetta mál er lagt fyrir ríkisþingið, til þess að það skuli leggja sína samþykkt á það. Menn hafa stungið upp á, að breyta ýmsu í frumvörpunum, en það er fullsannað áður, og þarf ekki að ítreka nú, að allar breytingar eru árangurslausar, og því tímatöf ein, en ef menn annars halda, að breytingar verði til nokkurs, þá á auðsjáanlega að bæta þeim framan við hitt frumvarpið. En af því það er sannfæring nefndarinnar, að grundvöllur sá, sem þetta frumvarp stendur á, sè gagnstæður þjóðrètti vorum Íslendinga, — en honum hefir konungsfulltrúi margítrekað að ekki megi breyta — af því nefndinni þykir sjálfur grundvöllurinn óhafandi, þykir henni rèttara, að segja það hreint og beint, og eiga ekkert

við frumvarpið, en að fara út í eitthvert breytingakák, er þó aldrei bætti hinn sanna brest frumvarpsins, það er að segja hinn ranga grundvöll.

Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður sagði, að það þyrfti þor og þrek til að hafna þeirri stjórnarbót, er oss nú væri boðin, en mèr virðist, að það þurfi eins þor og þrek til þess að afsala sèr rèttindum sínum, rèttindum landa sinna. Annars furðar mig á, að hinn háttvirti þingmaður, sem var einn af þeim, er samþykktu þann grundvöll á alþingi 1867, er nefndin nú einmitt vill hafa fram, skuli á alþingi 1869 vera að berjast fyrir allt öðrum grundvelli. Eg ætla ekki að tala fleira að sinni. Komi nýjar mótbárur, mun eg svara þeim á sínum tíma.

Konungsfulltrúi: Eg ætla ekki nú að taka upp allt það, sem eptir minni meiningu við undirbúningsumræðurnar í þessu máli er tekið fram, bæði af mèr og öðrum, svo skýrt, að þeir, sem vilja skilja, geta skilið, að kjör þau, sem þetta frumvarp býður oss, eru ekki einungis viðunanleg, heldur einnig þau beztu, sem vonandi er að oss nokkurn tíma verði boðin; en eg skal með fám orðum geta þess, sem mèr þykir nauðsynlegt að þingmenn hafi hugfast, þegar nú skal greiða atkvæði í þessu máli, sem bæði er hið mest varðandi fyrir land og lýð, og eptir minni sannfæringu ekki aptur verður lagt fyrir þingið.

Tilgangur frumvarpsins er ekki, að koma á nýju fyrirkomulagi á sambandi Íslands og Danmerkur, heldur einungis að «constatera» samband það, sem verið hefir milli þeirra um langan tíma, og að gjöra þetta á þann hátt, er getur samrýmzt grundvallarlögum þeim, sem gildandi eru fyrir allt ríkið og í öllum ríkismálefnum. En þetta samband er, eins og alþingið í hitt eð fyrra viðurkenndi með samþykki sínu, og sem það að vísu er komið mèr óvart að þingið nú, þó að það vilji gefa sèr þann blæ, að vera á sama máli sem alþingi í hitt eð fyrra, sýnist vilja rjúfa — það, að Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum. Ísland hefir — um það getur ekki verið vafi — frá þeim tíma að konungseinveldið var innleitt, í öllum sameiginlegum málum haft löggjöf saman við Danmörku, og á þessu gjörði hvorki stofnun Provinzial-standaþinganna nè alþingis neina breytingu, því hin sameiginlegu mál voru alveg fyrir utan verkahring þeirra. Ísland hefir frá þeim tíma, að það gekk undir Noregskonung 1262—64, ekki rerið ríki út af fyrir sig, heldur hefir það haft

allt það, sem yfir höfuð að tala þarf til að mynda ríki út af fyrir sig, sameiginlegt fyrst með Noregi, síðan með Danmörku, t. d. ekki einungis konung og ríkiserfðir, heldur einnig viðskipti ríkisins við önnur lönd, vörn ríkisins á landi og sjó o. s. frv., eins og tilgreint er í 3. gr. stjórnarskrárinnar, sem alþingi samþykkti í hitt eð fyrra. Í öllum þessum málum hefir Ísland ætíð verið og á eptirleiðis að vera undir löggjafarvaldi ríkisins, og í þessu tilliti hefir það ekki árið 1848 verið til ætlað að gjöra neina breyting; heldur ekki verður þetta spursmál nokkurn tíma lagt undir atkvæði alþingis. Á hinn bóginn er með hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum komin sú breyting á þetta löggjafarvald ríkisins, að það nú er falið ríkisþinginu á hendur saman við konunginn. Hvort þessi grundvallarlög hafa náð lagagildi hèr í landinu eða ekki, um það er ágreiningur milli manna; en ekki getur á milli skynsamra manna verið ágreiningur um það, að þau eiga að ná fullu lagagildi á Íslandi, eins og í öðrum pörtum ríkisins, og að þau geta náð þessu með því einu, að verða birt hèr í landinu. Það er tilgangur þessa frumvarps samkvæmt konungsbrèfinu frá 23. september 1848, að gefa alþingi tækifæri til að segja álit sitt um þær grundvallarákvarðanir, er sökum hins sèrstaklega ásigkomulags Íslands kynnu að vera nauðsynlegar til þess að skipa hina stjórnarlegu stöðu þessa landshluta í ríkinu. Loforðið frá 23. september 1848 er hèr með efnt til fulls og alls, þegar þessari samkomu alþingis er slitið; og ef alþingi aðhyllist niðurlagsatriði nefndarinnar, þá sleppir alþingið málinu alveg úr hönd sèr. Eg get fullvissað þingið um það, að þetta spursmál verður aldrei optar lagt fyrir þingið, og eg skal bæta því við, að mèr þykir þessi aðferð þingsins alveg ósamkvæm skyldu þess gagnvart landinu. Það er tekið fram í ástæðunum, og um það er margt rætt á þinginu, að breytingar þær, sem þingið kynni að stinga upp á við frumvarp þetta, að eins geta orðið teknar til greina, að svo miklu leyti sem þær verða rýmdar saman við hin yfirskoðuðu grundvallarlög frá 5. júní 1849, og að öðru leyti álitnar hagfelldar og nytsamar; nefndarmenn hafa á þessum orðum byggt þá skoðun, að verulegar breytingar ekki geta orðið teknar til greina, — en þessi skoðun er eptir minni meiningu alveg röng, eins og hún ekki hefir neitt að styðjast við, nema ef þingmönnum ekki virðist nein breyting vera veruleg, þegar hún ekki fer fram á að breyta þeim grundvelli, sem alþingi 1867 vafalaust hefir samþykkt, og sem er sá einasti, sem ákvörðunin

um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu yfir höfuð að tala getur orðið byggð á. Mèr virðast fleiri breytinga þeirra, sem stungið er upp á, mjög verulegar, og eg skal seinna skýra frá skoðun minni um þær, en eg skal hèr geta þess, að ef alþingi aðhyllist þessar breytingar vegna þess, að þær þykja þinginu nauðsynlegar, þá hefir þingið að minnsta kosti gjört skyldu sína gagnvart landinu með því, að binda atkvæði sitt við þessar breytingar, hvort sem verður; því þó að stjórnin ekki geti aðhyllzt þessar breytingar, er það víst, að hún muni taka svo mikið tillit til þeirra, sem yfir höfuð getur átt sèr stað, og þingið getur að minnsta kosti haft von og trú á þessu, en á hinn bóginn getur þingið ekki haft neina von um, að tillögur nefndarinnar muni verða teknar til greina, eða að málið aptur komi til þingsins; — hafi menn viljað telja þingmönnum trú um það, þá hafa þeir vissulega ekki haft neitt annað að byggja á, en trúgirni þingmanna, en þessi grundvöllur er sannarlega mjög laus.

Þetta frumvarp er — það er vel aðgætandi — skilyrði fyrir því, að stjórnarskráin um hin sèrstaklegu málefni Íslands geti orðið lögleidd; en það er misskilningur, þegar menn í þessu frumvarpi hafa leitað rèttinda þeirra, sem sjálfsforræðið á að hafa í för með sèr; því þar sem þetta frumvarp hefir ekki annan tilgang, en að «constatera» stöðu Íslands í ríkinu, og einmitt með því, að setja þau takmörk, innan hverra það yfir höfuð getur orðið spursmál að veita landinu sjálfsforræði og þjóðlega stjórnarskipun, þá á frumvarpið ekki að innihalda annað en undirstöðuatriðin í þessu fyrirkomulagi. Það er auðskilið, ef menn vilja skilja, að nauðsynlegt er, þegar ræðir um að aðgreina löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið í hinum sèrstaklegu og í hinum sameiginlegu málefnum, og þar sem eptir fyrirkomulagi því, sem hingað til hefir verið í þessu tilliti hèr í landinu, ekki eru lagaákvarðanir um þetta, að það er nauðsynlegt, segi eg, að þær verði teknar upp í þetta frumvarp, einmitt til þess að veita Íslandi grundvallar-lagalega tryggingu með tilliti til þess, hver mál framvegis eigi að vera sèrstakleg og háð löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu eptir stjórnarskránni. Það er nauðsynlegt að þessar ákvarðanir verði samþykktar annaðhvort beinlínis, eins og þetta frumvarp stingur upp á, eða óbeinlínis, eins og frumvarpið frá í hitt eð fyrra gjörði ráð fyrir, af löggjafarvaldi ríkisins, því að öðrum kosti verða þær ekki bindandi gagnvart löggjafarvaldi ríkisins. Einmitt þess vegna

verður að útvega samþykki ríkisþingsins til þessa frumvarps, og einmitt þess vegna eru í þessu frumvarpi ekki teknar upp aðrar ákvarðanir en þær, sem eiga að vera undirstöðuatriðin í öllu fyrirkomulaginu; hin önnur atriði, sem eiga að skipa löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið í hinum sérstaklegu málefnum landsins, og að veita landsmönnum þjóðfrelsi og þau réttindi, sem þetta hefir í för með sér, eru ríkisþinginu óviðkomandi, og einmitt þess vegna og einungis þess vegna, eða einungis Íslandi í hag, er stjórnarskrá alþingis frá í hitt eð fyrra skipt í tvennt.

Eins og nefndin í hitt eð fyrra stakk upp á, einungis að upp telja hin sérstaklegu málefni, en alveg sleppa upptalningu hinna sameiginlegu, hefir frumvarpið gjört þetta; og það flýtur beinlínis af því, að frumvarpinu er breytt að formi, að hinum sameiginlegu málefnum er sleppt í því, en hér með er með engu móti komið á neinni efnisbreytingu. Það sjá þó allir menn, að þegar 3. grein stjórnarskrárinnar frá í hitt eð fyrra ákveður, að í öllum sameiginlegum málum Íslands og Danmerkur hefir Ísland löggjöf og stjórn saman við Danmörk, og þegar þessi löggjöf og stjórn einmitt er ákveðin í hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum frá 5. júní 1849, þá segir 3. grein, sbr. 4. grein, frumvarpsins frá í hitt eð fyrra það sama, sem 1. liður í 7. grein þessa frumvarps. En hin sérstaklegu málefni Íslands eru í 3. grein þessa frumvarps upp talin, hvað efnið snertir, öldungis samkvæmt 5. grein í stjórnarskrá þeirri, sem alþingið samþykkti í hitt eð fyrra, og þess vegna er í «Realiteten» ekki neinn munur á ákvörðunum, sem alþingið í þessu tilliti samþykkti í hitt eð fyrra, á meðan munur sá, sem er í forminu, ekki hefir annan tilgang en þann, þar sem nú útheimtist samþykki ríkisþingsins beinlínis, en í hitt eð fyrra að eins óbeinlínis til þessara ákvarðana, að laga frumvarpið samkvæmt þessu. Það var ekki gjört ráð fyrir því í hitt eð fyrra, að ríkisþingið ekki ætti að gefa samþykki sitt til ákvarðana þeirra, sem snerta hin sameiginlegu málefni, heldur einungis fyrir því, að ríkisþingið mundi gefa þetta samþykki óbeinlínis með því að veita árstillag það, sem gjört var ráð fyrir, þegar búið var að senda ríkisþinginu stjórnarskrána til «Underretning». En ríkisþingið hefir nú heimtað, að samþykki þess verði útvegað beinlínis til allra ákvarðana þeirra, sem snerta ríkið, — og þar sem þessi skoðun ríkisþingsins er alveg samkvæm hlutarins eðli, verður ekki nokkurn tíma seinna komizt hjá því, að leggja frumvarp til laga um

hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu fyrir ríkisþingið, og ef vèr viljum nokkurn tíma ná sjálfsforræði í hinum sèrstaklegu málefnum landsins, verður það nauðsynlegt, að útvega samþykki ríkisþingsins til undirstöðuatriðanna í þessu fyrirkomulagi. Þar sem hinn heiðraði framsögumaður í umræðunum annaðhvort um þetta mál eða um stjórnarskrána í hinum sèrstaklegu málefnum hefir sagt, að það komi fyrst nú í 20 ár fram, að ríkisþingið eigi að leggja samþykki sitt til ákvarðananna um Íslands stöðu í ríkinu, þá skal eg játa það, að þetta var ekki beinlínis sagt í ástæðunum fyrir frumvarpinu 1867, en það var ráðgjört, eins og líka frumvarp það, sem stjórnin í vetur lagði fyrir ríkisþingið um fjárhag Íslands, sýnir, að ríkisþingið átti óbeinlínis að samþykkja þessar ákvarðanir. En munurinn á milli þess, að nú þarf beinlínis samþykkis við, en en í hitt eð fyrra að eins óbeinlínis samþykkis, er í raun og veru enginn, því það sjá þó allir menn, að ríkisþingið eins vel hafði það á valdi sínu með því að neita árstillaginu alveg, að ónýta stjórnarskrána frá í hitt eð fyrra, en eptir þessu frumvarpi er vald ríkisþingsins ekki stærra. Þessi munur á enga aðra þýðingu, en þá, sem menn af tortryggni móti Dönum leggja í hann, — en þessi tortryggni er öldungis ástæðulaus. En hvort sem er: ef þingið óskar, að útvega landinu sjálfsforræði, þá getur þetta að eins skeð með samþykki löggjafarvalds ríkisins.

Fjárhagsaðskilnaðurinn er einnig nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að þingið geti fengið löggjafarvald, því vèr getum ekki staðið straum af útgjöldum vorum, nema með því eina móti, að vèr fáum árstillag af ríkissjóðnum. Ríkisþingið hefir viðurkennt, að Ísland hefir sanngirniskröfur á þessu árstillagi, en ekki einn einasti þingmaður á ríkisþinginu, þó að margir þeirra undir umræðunum hafi sýnt mikla velvild gagnvart landinu, hefir viðurkennt vorar svo köllúðu rèttarkröfur. Þetta er að minnsta kosti mjög skiljanlegt, því það er hrein og bein afleiðing af fyrirkomulagi því, sem komst á með einveldinu, — án þess að menn þurfi að grafa upp í sáttmálanum frá 13. öld — að ekki getur orðið spursmál um skaðabætur eða endurgjald þess, sem einvaldskonungar hafa gjört. Þetta hlýtur að vera deginum ljósara öllum þeim, sem yfir höfuð að tala geta dæmt um vald einvaldskonunganna (hin absolute Souverænitet), og dæmi þau, sem menn taka frá hinum borgaralega rètti um fjárhaldsmenn ómyndugra, eiga öldungis ekki við í þessu tilliti. Um einvaldskonungana gilda hin alkunnu orð Ludvigs 14. á Frakklandi: »L'etat

c'est moi» eða: »Eg er ríkið». Einvaldskonungarnir voru ekki einungis ábyrgðarlausir í þeim skilningi, sem þetta orð er við haft um constitutionelle Monarker, en þeir voru í öllu ótakmarkaðir einnig með tilliti til þess, sem ábyrgðina snertir; þeir höfðu ekki neina ábyrgð, en þess vegna getur heldur ekki nein ábyrgð, hvorki juridisk nè moralsk, hvílt á sjóðum þeim, sem voru undir umráðum þeirra. Þess vegna hefir sambandið milli Danmerkur og Íslands frá þeim tíma ekki verið þess eðlis, að á því verði byggð hvorki nú nè seinna nein rèttarkrafa nè heimting á reikningi á móti ríkissjóðnum. Það er þess vegna ekki til annars, en til tímaspillingar að ræða um það, að fjárhagsaðskilnaðurinn geti orðið byggður á hinum svo kölluðu rèttarkröfum. Það er, þegar svona stendur á, mikið, að vèr höfum náð viðurkenningu á því, að kröfur vorar sèu sanngirniskröfur, og eg held, að menn eigi að varast, að ríkisþingið, þegar það sèr, að vèr ekki sjálfir erum sanngjarnir í kröfum vorum, neiti sanngirniskröfunum, en það leggjum vèr á hættu með því, að fara þann veg, sem nefndin stingur upp á, því sanngirni gjörir ráð fyrir sanngirni og skynsemi. En það er sá mikli ábyrgðarhluti, sem eg held að hinum heiðruðu nefndarmönnum ekki sè fullljós, að þeir geta bakað landinu mikinn skaða með einræningsskap sínum.

Um stærð árstillagsins er ágreiningur manna á milli, eins og von var á, — eg skal skýrskota til þess, sem eg í þessu tilliti áður hefi tekið fram, og ítreka það, að eg ætla að mæla með því, að árstillagið verði hækkað til þess, sem eg hefi mælt með í hitt eð fyrra, og að eg voni, að stjórnin muni vilja reyna að útvega þessa upphæð, en úrslitin eru í þessu tilliti, eins og menn vita, komin ekki undir úrskurði hennar, heldur einungis undir úrskurði ríkisþingsins, og það er einmitt þess vegna, að uppástunga nefndarinnar þykir mèr alveg óskynsamleg frá sjónarmiði Íslands, því með þeirri aðferð má þingið búast við, að ríkisþingið ekki muni sýna oss sömu sanngirni og að öðrum kosti.

Eg skal nú snúa orðum mínum til breytinga þeirra, sem stungið er upp á í atkvæðaskránni, og skýra þinginu frá skoðun minni um þær.

Hvað snertir breytingaratkvæði hinna þriggja heiðruðu þingmanna frá Árnessýslu, Vestmannaeyjum og Gullbringu- og Kjósarsýslu, skal eg geta þess, að það, hvað formið snertir, þykir mèr miður heppilegt en frumvarpið; því þar sem nú ekki má gjöra ráð

fyrir, að ríkisþingið samþykki frumvarpið óbeinlínis, heldur einungis beinlínis, á það ekki við að ítreka sèrstakar greinir af hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum frá 5. júní 1849, sem eiga í heild sinni eptir 3. grein að ná fullu lagagildi hèr í landinu. Hvað efnið snertir eru hinar helztu breytingar þær, sem nú skal greina: 1) að það skal ákveðið með lögum, sem ríkisþing Dana og alþingi samþykkir um fjártillag til hinna sameiginlegu mála og byrðir frá Íslands hálfu, á meðan þetta eptir 7. grein frumvarpsins á að ákveðast með lögum, sem einungis ríkisþingið samþykkir. Þetta er að vísu veruleg breyting, sem eg ekki þori að ábyrgjast að stjórnin geti fallizt á, en á hinn bóginn hefir þessi breyting, þegar hún verður rètt skilin, ekki mikla praktiska þýðingu, eins og eg áður hefi tekið fram, svo að vonandi er, að ríkisþingið muni vera fáanlegt til að samþykkja hana. Að öðru leyti er þessi breyting alveg samhljóða þeirri, sem aðrir heiðraðir þingmenn hafa stungið upp á við 7. grein frumvarpsins, og þykir töluliður 11. mèr heppilegar orðaður; — 2) að ábyrgð landsstjórans verði ekki ákveðin í þessum lögum, heldur einungis í stjórnarskránni um hin sèrstaklegu málefni landsins. Eg get fyrir mitt leyti fallizt á þessa breytingu, ef ákvörðunin verður tekin upp í stjórnarskrána samkvæmt því, sem eg tók fram í gær undir umræðunum um hitt frumvarpið. — 3) breytingarnar í 7. grein (4. gr. frumvarpsins, 2. málsgrein) snerta bæði stærð árstillagsins og ákvörðunina um það, hvernig henni getur orðið breytt; bæði þessi spursmál eru komin eingöngu undir atkvæði ríkisþingsins, og eg get þess vegna ekki ábyrgzt, að þetta muni finna þær aðgengilegar, en á hinn bóginn skal eg, ef þingið aðhyllist frumvarpið með þessari breytingu, mæla með henni. Hinar breytingarnar eru í sjálfu sèr þýðingarlitlar, sem eptir minni skoðun hvorki frá Íslands nè frá Danmerkur hálfu ríður á að halda mjög fastlega fram.

Að síðustu skal eg leyfa mèr, að fara fáeinum orðum um stöðu sjálfs mín til þessa máls. Eg held, að það hafi ekki verið ósatt, þegar einhver þingmaður í hitt eð fyrra sagði, að eg hafi þokað máli þessu svo langt á leið, að það hefir aldrei eins langt komizt. Eg hef að minnsta kosti starfað að þessu máli með öllum kröptum mínum, og eg hef svo mikinn áhuga á því, að eg, þegar eg nú í seinasta skipti á að ræða málið með alþinginu, finn hvöt til, að segja álit mitt um meðferð þingsins á málinu. Eg hef starfað að þessu máli eptir innilegri sannfæringu minni um það,

sem er rètt og satt, en þessi sannfæring er ekki byggð á skoðun annara, heldur einungis á samvizkufullri yfirvegun allra kringumstæðna þeirra, sem á að taka tillit til í þessu máli; eg þori að segja, að hafi eg ekki skoðað málið alveg hlutdrægnislaust, þá hef eg að minnsta kosti ekki í neinu atriði verið hlutdrægur á móti Íslandi, landi minna forfeðra eins og yðvarra, heiðruðu þingmenn; eg veit með sjálfum mèr, að eg hefi ekki haft þann tilgang, að ávinna mèr hylli eða náð hjá yfirboðurum mínum, en á hinn bóginn hefi eg heldur ekki haft þann tilgang að ávinna mèr »aura popularis« eða hylli landsmanna, nema að svo miklu leyti sem velvild bæði yfirboðara og landsmanna hlýtur að bera hverjum þeim, sem gjörir skyldu sína án manngreinarálits. En þar sem samkomulag það, sem eg eptir ýtrustu krôptum mínum hefi reynt til að koma á í máli þessu, virðist mèr alveg ómögulegt að ná ekki einungis í þetta skipti, heldur fyrir alla ókomna tíð, ef þingið fer þann veg, sem nefndin stingur upp á, þá get eg, ef svo verður, ekki haldið þeirri stefnu fram í þessu máli, sem eg áður hefi framfylgt; því eins og þingið með þessari aðferð brýtur á móti öllum samkomulags-tilraunum, eins ætla eg frá minni stöðu ekki að starfa lengur að þessu til ónýtis. Eg er alveg sannfærður um, að þetta mál, þó að eg mundi styðja til þess, ekki kemur aptur til alþingis, en eg finn mèr skylt, af því að eg óska, að skoðun mín sè þingmönnum fullljós, að skýra þinginu frá, að eg, ef þessi aðferð verður við höfð, ekki get mælt með því, að frekari samkomulagstilraunir verði gjörðar í þessu máli.

Framsögumaður: Eg vildi leyfa mèr að svara hinum hæstvirta konungsfullirúa nokkrum orðum. Konungsfulltrúi sagði, að þau kjör, er oss nú væru boðin, væru aðgengileg, og hin sömu og alþingið hefði samþykkt 1867, og að þetta væru hinir beztu kostir, sem vèr gætum vænzt eptir að oss yrðu boðnir. Hann sagði og, að frumvarp það, sem nú er lagt fyrir þingið, sè einungis til að »constatera» það ástand, sem nú er; en þá má eg spyrja: hvert er þetta ástand? og hvernig hefir þetta ástand breyzt síðan 1849? og hvernig var það þá? Hver Íslendingur verður að játa það, að þótt ríkisþingið hafi haft alla stjórn fjármála vorra á hendi, þá er það eigi með neinum rètti, og ekki samkvæmt loforði því, sem hinn einvaldi konungur Friðrík hinn 7. gaf oss; þingið vill alls eigi rjúfa það samband, sem að rèttu lagi er á milli Íslands og Danmerkur; það dettur engum Íslendingi í hug, en það

samband, sem nú er ætlazt til að komist á, er allt annað, en verið hefir, og talsvart lakara en það, sem boðið var 1867; eg verð að ætla, að það sè auðsèð, að það t. a. m., sem stendur í 3. gr. í þessu frumvarpi, er allt annað en það, sem oss var boðið 1867, þar sem ríkisþingið á nú að ráða öllu eitt, eigi einungis um stundarsakir, heldur um aldur og æfi. Mèr þykir það heldur hart að orði kveðið, að segja, að það sè eigí eptir skynsömum mönnum að fallast eigi á þetta frumvarp, og ráða því frá, að láta það ná lagagildi; og mèr þykir það svo hart, að eg vildi óska, að slík orð hefðu aldrei verið töluð hèr í salnum. Enda þótt mörg atvik virðist benda að því, að Danir hafi haft á stundum yfirráðin yfir oss, og ríkisþingið t. a. m. ráðið sumum málum vorum, þá höfum vèr eigi fyrir það sleppt rètti vorum til móts við þá, heldur höfum vèr fullan rètt til, að heimta þennan rètt vorn, þótt vèr eigi ávallt höfum fylgt honum fram, því það er sitt hvað, að sleppa alveg rètti sínum, og að framfylgja honum eigi í hverju einu. Þegar grundvallarlögin voru gefin 1848—49, þá var konungur sambandsliðurinn á milli vor og Dana, og vèr höfum frá þeim tíma heitorð einvalds konungs, að vèr skyldum sjálfir eiga atkvæði um það, hversu hlutdeild vorri í stjórn mála vorra ásamt konungi skyldi hagað; vèr urðum þá alls eigi háðir ríkisþinginu heldur en áður, heldur, ef satt skal segja, er konungur enn milliliður milli vor (ɔ: alþingis) og ríkisþingsins, og í raun rèttri stöndum vèr í engu öðru sambandi við Dani en því, að vèr höfum sama konung sem þeir. Það verður því að vera ríkisþinginu til heiðurs, ef það nú raskar þessu sambandi og ónýtir heitorð konungsins til vor. Ríkisþingið hefir alls eigi rètt til að setja okkur lög eptir eigin vild sinni, en ef það gjörir það samt, og það á að vera sanngirni, þá er það annað mál. Íslendingar sleppa eigi máli þessu úr höndum sèr fyrir það, þótt þeir eigi gangi að frumvarpi þessu, heldur mundu þeir þvert á móti sleppa öllum rètti sínum í hendur ríkisþinginu með því, að ganga að því. Vèr megum ekki breyta þessu frumvarpi; það stendur með berum orðum í ástæðunum fyrir því, og eptir því höfum vèr þá að eins tvo kosti, að ganga að því, eins og það liggur fyrir, eða afbiðja það. Ef vèr göngum að frumvarpinu, þá höfum vèr þegar sleppt mestu af rèttindum vorum og eigum aldrei rètt á, að fá þau nokkru sinni aptur, og til þess að sannfærast um það, þurfum vèr einungis að líta t. a. m. á 7. gr. Danir eiga sjálfir að semja og gefa út lögin, þeir þurfa eigi annað en ákveða,

að þau skuli vera lög á Íslandi, og svo verður það lög; vèr eigum einungis að fá að sjá þau, þegar þau verða birt. Eg vil leyfa mèr að spyrja: ef þetta er rètt, hvað er þá órètt? Danir eru hreinskilnari en margur þingmaður, því að þeir segja hreint og beint við oss: »Við leggjum hèr fyrir yður frumvarp, sem þið engar breytingar að ráði megið gjöra við; ef þið gjörir það, samþykkjum vèr þær eigi, og þess vegna verðið þèr að gá að yður, og fara varlega». Hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir sagt, að þetta frumvarp sè skilyrðið fyrir því, að vèr fáum stjórnarbót; mèr er sama hvort hann kallar það skilyrði eða undirstöðu, þar sem upp í það eru teknar aðalákvarðanirnar úr stjórnarskrá vorri; og allar ákvarðanir þess lúta að því, að vèr eigum að sækja það til ríkisþings Dana, hvort vèr fáum það, sem vèr þörfnumst og beiðumst, eða eigi; það er nú orðið nauðsynlegt, að fá samþykki ríkisþingsins í þessu máli, en það hefir þó aldrei fyr verið, því að þetta er mjög ólíkt í frumvarpinu frá 1867 og í þessu frumvarpi. Eg get eigi sèð, hvernig konungsfulltrúi fer að segja, að þessi tvískipting, sem nú er á stjórnarskrá Íslands, sè Íslandi í hag; eg finn þvert á móti mikinn mun á því, þótt hann kunni eigi að finna það, hvort ríkisþingið á beinlínis eða óbeinlínis að gefa samþykki sitt um þessi mál vor. Mèr finnst það vera mikill munur, hvort vèr höfum nokkurt atkvæði eða alls ekkert; það eina, sem fyrir ríkisþingið á að leggja, er fjártillags upphæðin, en alls eigi, hvort það vilji samþykkja fjárhagsaðskilnaðinn; því að það hefir engan lögmætan rètt yfir fjárhagsmálum vorum, þótt það hafi slètt sèr fram í þau síðan 1848. Það á að vera af eintómri sanngirni, að ríkisþingið hefir í vetur lofað að veita oss 40—50000 rd. tillag um óákveðinn tíma, en vèr eigum með engu móti að geta sannfært Dani um rèttarkröfur vorar.

Mig furðaði mjög á þeim orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa, er hann sagði, að einvaldur konungur hefði enga ábyrgð, og að ríkisþingið væri alls eigi bundið við gjörðir hans. Eg ímynda mèr, að hann eigi hafi hugsað það vel, hvað hann sagði. Ef ríkisþingið er ekkert bundið við orð og skuldbindingar þær, er hinir einvöldu konungar hafa lagt á ríkissjóðinn, hvernig getur það þá verið skyldugt til að gegna nokkrum ríkisskuldum? Nú hefir einvaldur konungur dregið inn í ríkissjóðinn fè frá Íslandi, t. a. m. stólsgózin, með þeirri beinu skuldbindingu á hendur ríkissjóðnum, að hann eptirleiðis skyldi bera allar þær kvaðir og kostnað, sem

áður hvíldu á góssunum. Er þetta sanngirni hjá ríkisþinginu, að virða þessi orð hins einvalda konungs að vettugi, eða er það að engu skylt að fylla þetta loforð? Væri það eigi öldungis samkvæmt þessu, að ríkisþingið kastaði frá sèr öllum ríkisskuldum, og segðist enga skyldu hafa að borga þær? Einmitt af því, að hinn einvaldi koungur er ríkið, einmitt þess vegna getur ríkisþingið eigi dæmt ómerk þau orð, er hann hefir talað í nafni ríkisins; einmitt þess vegna getur ríkisþingið eigi með nokkrum rètti álitið sig vera með öllu óbundið við þær skuldbindingar, er konungurinn hefir lagt á ríkið. Þegar konungarnir tóku undir sig eignir Íslands, þá var það eigi ætlun þeirra, að Íslendingar færu á mis við allar skaðabætur; þvert á móti: Kristján Konugur hinn 3. tók undir sig klaustragóssin með þeim skýlausu orðum og skilyrði, að fyrir þau skyldi stofna skóla, og yfir höfuð skyldi verja þeim í þarfir Íslands. Á sama hátt tók Kristján hinn 7. undir sig stólsgóssin með skýlausri skuldbindingu um, að úr ríkissjóði skyldi greiða öll þau gjöld, sem áður hvíldu á stólsgóssunum, það er að segja: allan þann kostnað, sem skólarnir hèr á landi heimtuðu og laun biskupsins. Það er því fullkominn rèttur, sem Íslendingar eiga heimting á, að þessum skuldbindingum sè fullnægt, og það er eigi að eins sanngirni, er mælir með því. Vèr verðum að halda þessum rètti fram, og eg get eigi ætlað Dönum þá ósanngirni, að þeir eigi viðurkenni hann, þegar þeir kynna sèr betur málið, því að það væri hreint ranglæti og ofríki. Nefndin hefir fyllilega sýnt, að vèr eigum rèttarkröfu á hendur Dönum upp á meira en 126,000 rd., og veldur það henni þá ábyrgðar, að hún eigi vill eiga þetta að öllu undir sanngirnistilfinningu ríkisþingsins, sem í vetur er var ætlaði oss 15000 rd. tillag, hversu lengi það vill láta oss halda þessu hinu litla og ónóga tillagi, sem oss er nú boðið í frumvarpinu? Eða er það með öllu ábyrgðarlaust, að sleppa rètti vorum og taka hverju því, sem oss er boðið, hversu lítið sem það er? Nei, þingið brygðist þá landsmönnum sínum, og sýndi sig ómaklegt þess trausts, sem landsmenn bera til þess, ef það gæfi atkvæði sitt fyrir, að málið yrði þannig dregið úr höndum Íslendinga, og seldi landið fangið undir atkvæði ríkisþingsins eins. En eg vík að því aptur, að Danir eru enn svo ókunnugir málum vorum, að það má þeim til vorkunar virða, þótt þeir eigi hafi viðurkennt rètt vorn. Framsögumaðurinn á ríkisþinginu sýndi, að hann sjálfur eigi þekkti neitt til krafa vorra; en þegar Danir

fara að skoða málið betur, þá munu þeir sannfærast um rètt vorn, og að vèr eigi erum að eins að biðja Dani ásjár og miskunnar í gustuka-skyni, þegar vèr óskum fjárframlaga af þeirra hendi, heldur æskjum vèr að eins rèttar vors, og þó eigi alls. Viðvíkjandi sjálfu frumvarpinu, þá er það svo úr garði gjört, að ef slíkt hefði komið frá alþingi, þá mundi stjórnin þykjast þurfa að gjöra ýmsar breytingar á því, og henni mundi eigi þykja það skipulega úr garði gjört. Eg veit t. a. m. eigi hvar það á við í stjórnarskrá, að ákveða, að öll skuldaskipti skuli vera á enda kljáð; slíkt getur verið gott til að gjöra enda á þrætu, og slá þannig stryki yfir allar rèttarkröfur; en slík ákvörðun mundi víst eigi hafa þótt eiga við í stjórnarskrá, ef hún hefði komið frá Íslandi. Árstillagið úr ríkissjóði Dana er sèrstaklegt atriði í þessu máli, sem alls eigi á heima í stjórnarskrá Íslands; en það er hið eina atriði í öllu þessu máli, sem ríkisþingið getur með rèttu haft nokkurt atkvæði um; enda mætti frumvarp það, sem lagt yrði fyrir ríkisþingið um það efni, vera mjög svo stutt. Stjórnin hefir og sjálf viðurkennt, að annað í þessu máli heyri eigi undir atkvæði ríkisþingsins. Þegar hinn háttvirti konungsfulltrúi talaði um þá ábyrgð, sem þingið bakaði sèr, ef það færi að tillögum nefndarinnar, þá verð eg að geta þess, að vèr eigum eigi að ábyrgjast aðgjörðir stjórnarinnar og ríkisþingsins, hvort sem málið verður lagt undir höfuð, eða því verður þröngvað upp á oss; en það er sannarlega á ábyrgð stjórnarinnar og ríkisþingsins, sem gefið hafa oss kost á því einu, sem óaðgengilegt er, að vèr neyðumst til, að afbiðja þetta framvarp.

Halldór Jónsson: Við undirbúningsumræðu máls þessa sagði hinn hæstvirti konungsfulltrúi, að eg hefði misskilið orð sín á þá leið, að hið árlega tillag úr ríkissjóði væri máli þessu alveg óviðkomandi. Þetta gat nú ekki verið meining mín, þar sem þetta tillag er, eins og eg þá tók fram, upp tekið í frumvarpið. Eg nefndi fjárhagsmálið, og það orð var skrifað eptir mèr af einum innanþingsskrifaranna; en það játa eg, að eg hafði ekki veitt því eptirtekt, að hann, konungsfulltrúinn, einungis talaði um fjárhagsaðskilnað eptir rèttarkröfum. En mèr finnst ekki einu sinni þetta vera málinu óviðkomandi, svo framarlega sem fyrir það á að girða með ákveðnu árstillagi, að það geti framar orðið umtalsmál; og einmitt þess vegna verður það svo þýðingarmikið, hvað árstillagið er ákveðið hátt og fast, og að það sè ákveðið á undan stjórnarskipuninni.

Forseti: Það er víst enginn, sem efast um, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi sè skynsamur maður; en þó svo sè, sem enginn neitar, þá get eg ekki þar fyrir viðurkennt, að þeir, sem eru annarar skoðunar í máli þessu en hann, væri svo sem að jafna til skynlausra dýra, enda þykist eg geta ályktað, að orð hans geti ekki verið svo að skilja. Það verður hver að búa við sitt vit, hvort það er mikið eða lítið. Það er augljós misskilningur, þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að þetta frumvarp hafi eigi verið lagt fyrir alþingi í þeim tilgangi, að koma á nýju sambandi milli Íslands og Danmerkur, heldur til þess, að «constatera» það samband, sem er; því að það er eflaust, að þessir samningar, sem staðið hafa og standa enn milli stjórnarinnar og alþingis, eru einmitt til þess, að koma á nýju sambandi milli Íslands og Danmerkur, það er að segja til þess, að koma sèr saman um, hvernig frjálslegra stjórnarfyrirkomulag eigi að komast á, og hvernig því eigi að haga eptir að einvaldsstjórninni er lokið. Öll þau stjórnarfrumvörp og stjórnaruppástungur viðvíkjandi þessu máli, sem lögð hafa verið fyrir þingið 1851, 1857, 1865, 1867 og nú 1869, þau eru öll tilraunir frá stjórnarinnar hálfu til þess að breyta því sambandi milli Íslands og Danmerkur, sem verið hefir, og sem fyrst fór að fjarlægjast því, sem áður var, við það, að konungurinn hætti að vera einvaldur í Danmörku. Þessu veit eg að hinn háttvirti konungsfulltrúi ekki reynir til að neita með einu orði. Og þegar nú hinn háttvirti konungsfulltrúi játar því, að Ísland sè í þessu máli gagnvart konungsríkinu sem annar málsaðili, hvernig skyldum vèr þá geta gengið að því, að vera sviptir jafnrèttisatkvæði í þessum samningum til móts við ríkisþing Dana. Þótt hinn hæstvirti konungsfulltrúi segi, að öll þau lög, sem út hafa komið í Danmörku síðan 1662, hafi verið sameiginleg fyrir Ísland og Danmörk, þá er það ekki rètt; dönsk lög hafa aldrei öðlazt lagagildi á Íslandi, nema því að eins, að þau hafi verið samþykkt hèr, fyrst af lögmönnunum og alþingi, og síðan af landsyfirrèttinum, því það er gömul grundvallarregla, sem frá aldaöðli lifir í meðvitund þjóðarinnar, og hefir gilt hèr, að «það eitt er lög í landi, sem konungur setur og alþingi samþykkir», og allt annað, en það, sem svo er til komið, verður maður að álíta sem valdboðin lög hèr á landi, er eigi bera vott um annað en gjörræði, sem Ísland hefir reyndar í stjórnarefnum svo optlega orðið að sæta. Sönn landslög geta það ekki heitið. Það getur í engu tilliti spillt rètti vorum eða

gjört hann að engu, þótt ríkisþingið í Danmörku hafi styrkt stjórnina til að koma slíkum lögum á hendur oss, eða þó vèr getum ekki komizt upp með rètt vorn; það getur auðsjáanlega, eins og hver annar, þar sem svo er ástatt, notað sèr það, að það hefir peningana undir sinni hendi; það getur að vísu haldið peningakistunum læstum, meðan því þóknast; en allt um það er rèttur vor óskertur; vèr höfum eins eptir sem áður allan rètt vorn óskertan til að semja við konung vorn, sem frjálsir þegnar við frjálsan konung; þeir geta neitað oss um fè, en um frelsi vort hafa þeir engan rètt að neita oss. Ef ríkisþingið tekur fram fyrir hendur á konunginum í þessu máli, eða setur sig svo sem upp í milli hans og vor, þá sè eg ekki betur, en að það skerði frelsi konungsins, og það liggur í augum uppi, að ríkisþingið hefir þar enga heimild til. Meðan á samningnum stendur milli beggja málsparta, getur ríkisþingið ekki verið rètthærra en vèr. Frjáls konungur á hèr við oss sem frjálsa þegna sína. Allar ögranir um það, að stjórnin muni beita valdi sínu svo eða svo, hvort sem þær koma frá hinum háttvirta konungsfulltrúa eða öðrum, eiga að mínu áliti næsta illa við; því hvað sem menn segja, þá hlyti þó sá ójöfnuður, sem kynni að verða sýndur oss í þessu máli, að vara skamma stund, og sannleikurinn fyr eða síðar að ryðja sèr til rúms, eins vel í þessu máli sem öðrum.

Út af því, er hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að einvaldur konungur hefði enga ábyrgð fyrir þegnum sínum um meðferð á fè þeirra, og því væri engin skylda til, að það fè væri útborgað, er einhvern tíma kynni að hafa runnið frá Íslandi inn í ríkissjóð Dana, þá hefir, eins og hinn háttvirti framsögumaður hefir tekið fram, einvaldur konungur einmitt í þessu efni mesta ábyrgð, og loforð hans í því efni hljóta að hafa mesta þýðingu. Orð þau, sem hinn háttvirti konungsfulltrúi færði til eptir einvaldskonungi: »ríkið, það er eg« sannar þetta bezt. Þegar einvaldur konungur lofar einhverju, þá lofar ríkið því. Það sýna einmitt ríkisskuldirnar, sem enginn dregur í efa að sè gildandi, þó einveldið sè á enda; en eg vil spyrja: hver munur er á því, hvort konungur segir: þetta skal verða borgað árlega úr ríkissjóði, t. d. kostnaður til skólans o. fl., eða hann segir: fyrir því skulu standa föst ríkisskuldabrèf? Það liggur í augum uppi, að þetta verður í raun og veru hið sama, og ríkissjóðurinn verður í hvorutveggja tilfelli að taka skuldbinding og loforð hins einvalda konungs jafnt

gilt. Þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi sagði, að æfinlega hefði mál Íslands og Danmerkur, síðan lönd þessi urðu sambandslönd, verið sameiginleg, er það engan veginn heldur rètt. Það er satt, að konungarnir voru hinir sömu, konungaerfðirnar hinar sömu síðan 1662; en utanríkismálin voru ekki hin sömu; það getur maður ekki kallað, því vèr höfum engin þess konar mál sèð, og engan þátt í þeim átt, t. d. um samninga við önnur ríki eða því um líkt, eins og ekki kann að vera, þar sem Danir hafa annaðhvort beinlínis kallað Ísland nýlendu í samningum sínum við aðrar þjóðir, eða talið það með nýlendum, enda þótt stjórnin hafi neitað því í öðru orðinu að Ísland væri nýlenda. Allir vita, að hermál höfum vèr eigi haft sameiginleg með Dönum; þess hefir reyndar verið leitað optar en einu sinni, að Íslendingar legði lið til landvarnar, fyrst í Noregi og síðan í Danmörku; það er enda svo langt síðan, að það mál byrjaði, að það var á dögum Árna biskups Þorlákssonar á þrettándu öld, en það vildi ekki ganga; þess var leitað á dögum Kristjáns fimmta, en það gekk heldur ekki; þess var leitað árið 1857, en það fór á sömu leið; og með því að stjórnin hefir tekið þessi mótmæli Íslendinga til greina, þá hefir hún viðurkennt, að þetta væri eigi sameiginlegt mál Íslands og Danmerkur, því annars hefði þetta eigi verið lagt fyrir til álita Íslendinga, öldungis eins og með grundvallarlögin. Eins er um ríkissskuldir, eins og eðlilegt er, því það land, sem er talið í nýlenduflokki getur ekki átt skyldu til að bera ríkisskuldir, sem það á engan þátt í; sama er um ríkiseignir, þær hafa eigi talizt sameiginlegar; heldur hafa eignir Íslands ávallt verið taldar sèr, og eignir ríkisins sèr, og svo er enn í dag. Þetta heyrir til vorra sèrstaklegu mála, og á ekkert skylt við þau mál, sem sameiginleg eru með Íslandi og Danmörku; það var fyrst 1867, að alþingi slakaði nokkuð til í þessum efnum, eptir uppástungum stjórnarinnar, svo að samkomulag gæti ákomizt; en þegar stjórnin bregður út af þeim grundvelli til samkomulags, sem á var kominn, hvernig getur þá nokkur sagt, að vèr höfum brotið út af; því verður líkt varið og í dæmisögunni um úlfinn og lambið. Stjórnin hefir sjálf brugðið út af samningnum og farið eptir því, sem hún ætlar vera ósk og vilja ríkisþingsins, en þá erum vèr að rèttu lagi lausir allra mála. Þetta samkomulag, sem stjórnin nú vill koma á, tekur af oss öll rèttindi vor, og því er engin von, að vèr getum við það unað; því þegar menn íhuga málið og setja þessa spurningu fyrir sig: »Skyldi

þetta vera Íslendingum í hag«? þá hljóta víst allir skynsamir menn að neita því, og þess vegna telja boð stjórnarinnar nú með öllu óaðgengileg. Einmitt stjórnin ákvað í frumvarpinu 1867, að nokkur mál skyldi vera sameiginleg; en frá því hefir hún horfið; og þá liggur í augum uppi, að allir fyrri samningar eru með því móti orðnir að engu, nema þeir verði endurnýjaðir.

Benedikt Sveinsson: Eg hefi skoðað huga minn vandlega um mál þetta, og efast um, hvort eg skyldi standa upp framar, en nú rèð eg það af vegna þess, sem fram hefir komið. Það hefir víst enginn fremur en eg á þessu þingi óskað af hjarta, að meðferð þingsins á máli þessu sameinaði þær ólíku stefnur, sem komið hafa fram í því, og sem hlotið hafa að koma fram, eptir öllum kringumstæðum þessa máls, bæði frá konungsfulltrúastólnum að einu leyti og þingmannabekkjunum hins vegar. Eg neita því þó eigi, að þótt eg vilji koma samkomulagi og sameiningu á, þá munu þeir þó fleiri en eg, er finna til þessarar nauðsynjar. Hinar ólíku stefnur — eg tek það enn og æ fram — hafa eðlilega verið teknar mjög skarpt fram af ýmsum, og þótt eg eigi vilji kasta þungum steini á nefndina, þá verðum vèr þess að gæta, að einmitt nefndin sýnir, að málið þarf og hlýtur að fá aðra stefnu, en hún hefir beint því í. Það gleður mig innilega, að hin heiðraða nefnd hefir á atkvæðaskránni breytt 1. niðurlagsatriði sinu í vægara form. En má eg spyrja: «Er þetta væga form nægilegt»? «Fullnægir það grundvallarstefnu máls þessa fyrir alda og óborna»? Nefndin biður um, að þetta frumvarp verði eigi lögleitt; en hvað leiðir af því? auðsjáanlega að hún með þessum orðum bendir á öll önnur frumvörp en einmitt þetta eina, þótt óbeinlínis sè. Þetta er eins ljóst eins og rètt hugsun er ljós, og sólin á loptinu í heiðskíru veðri. Það er auðsèn vitaskuld, að með þessari aðferð þingsins, ef það aðhyllist uppástungu nefndarinnar, fær stjórnin eigi neina, ekki hina allraminnstu leiðbeiningu eða hvöt til, að ráða þessu allsherjarmáli til lykta að þingsins eða þjóðarinnar skapi. Þetta er þó eigi rètt. Það sèr hvert mannsbarn, ekki sízt á Íslandi. Setjum nú svo eitt augnablik, að Danastjórn vildi oss sem bezt og byggði á grundvelli þingsins 1867, sem vèr allir hljótum að óska eptir og erum bundnir við, sem lögmætir fulltrúar Íslendinga á alþingi, já, þá skil eg eigi vel, að nægileg hvöt og leiðbeining frá hálfu þingsins liggi fyrir stjórn konungs vors eða hans hátign sjálfum í þessa stefnu. Gjörum aptur ráð fyrir hinu, að stjórnin sè oss

mótfallin, já, með hverju móti getum vèr gefið henni betur vopn í hendurnar á móti oss en með þessu? Má eg því enn og æ spyrja: er þetta, sem nefndin stingur nú upp á, bezta, hyggilegasta og heillavænlegasta ráðið fyrir Ísland og stjórnina í Danmörku og samþegna vora þar? Eg verð að neita því með öllu; eg hygg þvert á móti, að það væri einmitt samkvæmt stefnu þingsins, að velja annan veg, en nefndarinnar, og þessi vegur finnst mèr augljóslega vera sá, að þingið aðhyllist breytingaratkvæði vor, sem vel má nefna viðauka við nefndina eða uppástungur hennar á atkvæðaskránni. Eg get þess loksins, að aðalatriði ágreiningsins, sem í dag hefir verið tekinn fram, er hlutfallið milli ríkisþings Dana og alþingis Íslendinga. Þetta hlutfall hefi eg frá mínu sjónarmiði opt tekið fram, og, að eg held, rèttilega. Það er því misskilningur af hinu heiðraða þingi, að láta sèr aldrei skiljast, að ríkisþingið og alþingi hvort um sig sèu 2 jafnhliða málspartar. Því vilja Íslendingar eigi kannast við afleiðingarnar af þessum ómótmælanlega sannleika? þeim nefnilega, að í sameiginlegum málum er alþingi ómissanlegt við hliðina á ríkisþingi Dana, og ríkisþing Dana aptur við hliðina á alþingi Íslendinga. Framsögumaður sagði, eg held ósjálfrátt eða ófyrirsynju, að konungur væri milligöngumaður milli alþingis og ríkisþings Dana. Með þessu hefir hann einmitt játað mína setningu. Þetta er það, sem framsögumaður sagði, en gæti hann þá að því, að þá fyrst, þegar þessi orð eru sönn, já, þá er líka nefndin og framsögumaður einmitt, rèttskilið, á mínu máli. Eða hvernig á konungurinn að vera milligöngumaður, þegar hvort þingið vill setja sig yfir annað? Það er ómögulegt. Eg segi það enn og æ, að það er einmitt alveg ómögulegt fyrir hans hátign konunginn, og eg veit þó víst, að hinn háttvirti framsögumaður vill eigi nè heldur getur heimtað af hans hátign einmitt það, sem ómögulegt er.

Eg sè nú eigi, að eg tali sem minnst, betur, en að nefndin eða rèttara sagt þingið í heild sinni sèu á sama grundvelli og þeim, sem lagður var af stjórninni og alþingi Íslendinga í sameiningu 1867, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi vill víst sjálfur, að þingið aðhylltist þennan grundvöll. Má eg þá spyrja: Hvers vegna hefir nefndin þá eigi dregið þennan grundvöll fram á sjónarplázið? Hún vísar til frumvarpsins 1867 árið 1871; en hví tekur hún eigi jafnframt þennan grundvöll fram 1869, svo sem þann, er til undirstöðu eigi að leggjast nú þegar? Vèr getum þó sannarlega ekk-

ert misst af rètti vorum nú með því, að nefna það 1869, sem vèr viljum byggja á 1871. Þar að auki hefir hinn hæstvirti konungsfulltrúi gefið þinginu loforð um það, að hann vildi stuðla til þess eptir mætti, að þessi grundvöllur fengi að standa óhagganlegur, enda mun hann verða það, ef þingið nú eigi sleppir þeirri fótfestu, sem fengin er. Þegar nú þesss er gætt, þá er, að mig vonar, alveg auðsætt, að næst liggur við, já, að sjálfsagt er, að sameina hinar gagnstæðu stefnur, sem liggja fyrir þinginu, frá nefndinni í stjórnarfrumvarpinu, eins og eg hefi margtekið fram, og til þessa hefi eg með hinum heiðruðu meðuppástungumönnum mínum einmitt reynt að stuðla með breytingaratkvæðum vorum. Eg tek það enn fram, að það er merkilegt og eptirtektavert, að nefndin sjálf nálgast hinar ólíku skoðanir í máli þessu má ske meir en hún veit af, og sama má segja um stjórnarfrumvarpið: extrema tangunt. Viðvíkjandi fjártillagsupphæðinni, þá er hún hin sama, sem konungsfulltrúi mælti með 1867, og tala eg eigi fleira um þessi atriði, sem eg álít jafnan minnst varið í, en hvort hèr sè rèttarkrafa eða sanngirniskrafa, það er víst í raun rèttri hèr á þingi óútkljáanlegt, með því það er meðal annars hverjum manni ljóst, að hugmyndin um sanngirni hefir fólgna í sèr hugmyndina um rèttlæti, og hugmyndin rèttlæti hefir í sèr fólgna hugmyndina um sanngirni, því hvað er sanngjarnt án rèttlætis, og hvað er rèttlátt án sanngirni? Það er mèr því hið sama, hvort stjórnin eður Danir vilja nefna tillagið til Íslands sanngirnis- eður rèttlætis-tillag, og það vona eg að alþingi sè líka. Þetta getum vèr þó gjört til geðs frændum vorum í Danmörku. Eg skal að öðru leyti leyfa mèr að geta þess, að í 3. grein uppástungna vorra undir 6. tölul. á atkvæðaskránni er breytt frá frumvarpinu 1867; þar er bætt við «ríkisþingi Dana», og á fleirum stöðum kemur þessi breyting fram. Mèr getur eigi skilizt það, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, að form þessara uppástungna væri óheppilegt. Hann vill, að allt byggist á 6. tölul. I. 1. gr.; en úr því þessi stjórnarskrá hljóðar um samband Íslands og Danmerkur, þá virðist mèr óheppilegt, að þau mál skuli eigi vera nefnd, sem eru sameiginleg fyrir Ísland og Danmörku. Þetta sýnist mèr þó vera «Condicio sine qva non» fyrir því, að staða Íslands geti orðið ákveðin eptir grundvelli þeim, sem lagður var með frumvarpinu 1867, og skal eg í sambandi við þetta geta þess, að Íslendingar eru að minni hyggju þeir menn, sem vilja vita, á hverju þeir eigi von, þó eigi væri fyr en þá, þeg-

ar vèr allir erum komnir undir græna torfu. En það er þó auðsjáanlegt, að þetta, einmitt þetta verður að takast fram í byrjun stjórnarlaga Íslands. Eg vona nú, að þingið af þessum fáu athugasemdum mínum sjái samband það, sem er á milli minnar skoðunar á máli þessu og þeirra, sem öðru fram fylgja hèr á þingi, hvort sem er frá stjórnarinnar eða þjóðarinnar hálfu. Hvað 11. tölul. snertir, þá skal eg að lyktum geta þess, að mèr sýnist hann ómögulega geta jafnazt við hugsunina í 3. grein vorri, þótt hún sè nokkuð svipuð. Hvortveggja uppástungan vill bæta úr þessu hlutfalli, sem kvæðið er um gert. Eg vona nú, að eg tali ekki fleira í þessu máli, en bið hið heiðraða þing Íslendinga að athuga, að það lítið, sem eg hefi talað í því, það hefi eg talað með lifandi áhuga á því, að hinar ólíku stefnur nefndarinnar og stjórnarinnar gætu runnið saman í eitt og orðið sáttar og sammála, enda bið eg þann eina, sem hefir vald yfir tungu, hug og hjarta, að blessa og farsæla aðgjörðir mínar í þessu máli nú og fyrri, þó litlar sèu.

Framsögumaður: Eg ætlaði einungis að svara þingmanni Árnesinga fáum orðum. Hann gat þess, að eptir niðurlagsatriðum nefndarinnar gæti stjórnin samþykkt öll önnur frumvörp, en það, sem fyrir þingið var lagt, en þetta er misskilningur hjá þingmanninum, því að þrátt fyrir breytingar þær, sem þingmaðurinn hefir stungið upp á við frumvarpið, þá er það þó sama frumvarpið eins eptir sem áður með breytingum; en þetta frumvarp ræður nefndin þinginu frá að aðhyllast sökum þess, að það er Íslendingum í óhag, og hún ætlar það eigi gjörlegt að þessu sinni að breyta því. Á hinn bóginn hefir stjórnin nóga leiðbeiningu til að laga hið nýja frumvarp, sem hún er beðin að leggja fyrir 1871, eptir óskum alþingis, þar sem er frumvarpið frá 1867, eins og þingið þá samþykkti það og beiddi um að gjört yrði að lögum. Það er því rangt að segja, að þingið hafi ekki gefið stjórninni neinar leiðbeiningar. Þingmaður Árnesinga sagði og, að nefndin hefði átt að halda grundvelli frumvarpsins frá 1867; en þetta hefir hún og gjört með því að biðja um það frumvarp; en það er auðsætt, að grundvöllur frumvarpsins 1869 er allur annar en grundvöllur frumvarpsins 1867, en að öðru leyti skil eg ei í, að þingmaðurinn skuli vera að vitna í þetta frumvarp, sem ekki liggur fyrir til umræðu. Út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi talaði um ábyrgðina, skal eg geta þess, að það hlýtur öllum að vera augljóst, að landstjórinn ekki hefir ábyrgð fyrir neinum öðrum en konungi og ráðgjaf-

anum, og ráðgjafinn aptur fyrir ríkisþinginu. Alþingi verður því að fara bónarveg til fólksþingisins danska til að geta fengið á-byrgðinni framgengt, en þetta er sama sem engin ábyrgð fyrir al-þingi Íslendinga.

Bergur Thorberg: Hinn háttvirti framsögumaður fann ýmis-legt að breytingaratkvæðum þeim, er eg og nokkrir aðrir háttvirtir þingmenn hafa gjört við niðurlagsatriði nefndarinnar, og þótti hon-um 1. töluliður óþarfur, en eg fæ ekki séð að svo sé; miklu frem-ur álít eg tölulið þennan nauðsynlegan. Framsögumaður gat þess og, að ef 2. töluliður fèlli, þá kæmu hinar einktöku greinir frum-varpsins til atkvæða, en eg álít, að hvort sem tölul. 2. fellur eða ekki, þá eigi að greiða atkvæði um allt frumvarpið. Tölulið 3. á-lít eg næsta áríðandi. Framsögumaður og þeir, sem honum fylgja, vilja kasta frumvarpinu, en eg get ekki skilið, að það sé alvarleg ósk þeirra, að vilja hafna því, að frumvarpið, sem enginn getur neitað að sé gott að efninu til, komi út sem lög með þeim breyt-ingum, sem þingið kynni að gjöra við það. Það getur ekki verið meining nefndarinnar, að vilja ekki hafa frumvarpið, ef því væri breytt að óskum hennar, en með því að fella 3. tölulið segir þingið í rauninni, að það vilji ekki hafa frumvarpið, hvernig sem því sé breytt. Það lítur annars út fyrir, að framsögumaður og þeir þing-menn, sem honum og nefndinni eru samdóma, leggi mesta áherzl-una á, hvernig vèr fáum sjálfsforræði, þar sem eg álít mestu skipta, hvað það er, sem vèr fáum; þeim er mjög sárt um, að ríkisþingið komi nokkuð nærri málinu, og gæti eg skilið í þessu, ef hèr væri spursmál um, að takmarka rèttindi vor, eða svipta oss rèttindum, en hvernig sem á frumvarpið er litið, verður því ekki neitað, að það miðar til að tryggja rèttindi vor og veita oss rèttindi, sem vèr nú ekki erum aðnjótandi, en þegar svo er, fæ eg ekki skilið, hvernig menn geta frá Íslands sjónarmiði haft svo mikið á móti því, sem þar að auki í sjálfu sèr er nauðsynlegt, að frumvarp þetta verði lagt fyrir ríkisþingið. Eg tek það upp aptur, að eg skil ekki í því, að það geti verið alvarleg ósk nokkurs þingmanns, að vilja stuðla að því, að frumvarpið með þeim breytingum, sem þingið kynni að óska að við það væru gjörðar, nái ekki lagagildi. Það er ein-mitt það, sem varauppástungan undir 3. tölulið á að koma í veg fyrir að málið falli, og þess vegna er hún mjög svo áríðandi. Hvað breytingaruppástungur þær að öðru leyti snertir, sem fram hafa komið við frumvarpið, þá fara sumar þeirra lengra, en sumar apt-

ur skemmra, en munurinn á þeim er að mínu áliti að mestu leyti einungis formlegur.

Hvað breytingaruppástungur þingmanns Árnesinga og tveggja annara heiðraðra þingmanna snertir undir 6. tölulið, þá getur 7. grein stjórnarfrumvarpsins með mínum breytingum vel komið saman við 1. kafla í 3. grein uppástungumanna. Eg get ekki betur séð, en að það sé eðlileg ákvörðun í 11. töluliðnum, að Ísland leggi ekkert til gjaldanna til hinna almennu málefna ríkisins, fyr en íslenzkir fulltrúar eiga sæti á ríkisþinginu; með þessu er fullkomlega gætt jafnréttis þess, sem Íslandi ber; því Ísland er í sameiginlegum málum ekki heild fyrir sig, heldur er það í þeim málum að skoða, eins og hver annar partur úr ríkinu. Það er því fullkomið jafnrétti hér til staðar fyrir Ísland. Alþingi er og ætlað, að samþykkja þau lög, er ákveða um fulltrúahlutdeild Íslendinga í ríkisþinginu, og ef uppástungunni verður framgengt, kemur alþingi til að hafa óbeinlínis atkvæði um það, hve nær landið leggur fé til almennra ríkisþarfa, og þó ákvörðunin væri eins og hún nú er í stjórnarfrumvarpinu, þá væri þó ómögulegt, að fá fé héðan í þessu skyni, nema því að eins að alþingi legði á það samþykki sitt, því öll skattamál beinlínis og óbeinlínis heyra undir löggefandi vald alþingis.

Meðal hinna sérstaklegu málefna Íslands höfum vér bætt við landvarnarmálefnum, og finnst mér það eðlilegt, því enginn getur víst efazt um það, að eins og vér höfum rétta heimting á því, að vér njótum verndar af herafla ríkisins, bæði á sjó og landi, þannig erum vér og skyldir til, að taka þátt í hinni almennu vörn til lands og sjávar; hér getur ekki rétturinn hugsazt án þess skyldan sé honum samfara; en þar eð landvarnarskyldan eptir 61. grein í stjórnarskránni á nákvæmar að ákveðast með sérstaklegu lagaboði, verða einnig sérstakleg málefni um landvörnina, sem virðist eiga að teljast í greininni.

Hvað 6. tölulið 6. grein snertir, þá get eg ekki fellt mig við fyrri kafla greinarinnar. Það á þar að auki ekki við, að binda það, sem greinin ræðir um við takmark, því það er auðvitað, að það verður ekki einungis fyrst um sinn, heldur allt af, að konungur feli annaðhvort einum ráðgjafanna eða sérstökum ráðgjafa hin sérstöku íslenzku málefni, og vildi eg því, að við atkvæðagreiðsluna yrði það fellt framan af greininni, sem inniheldur takmörkunina, og gæti þá greinin byrjað þannig: «Konungur felur o. s. frv.».

Uppástungu þá, sem stendur undir 6. tölul. II., get eg engan veginn aðhyllzt, því eg vil með engu móti að breytingarnar sèu gjörðar að skilyrði fyrir því, að vèr biðjum um, að frumvarpið verði lögleitt; stjórnin tekur sama tillit til þeirra hvort sem er, nefnilega allt það, sem þær eiga skilið og mögulegt er eptir kringumstæðum. Breytingaratkvæðið undir 9. tölulið miðar til að breyta forminu á síðari kaflanum í 4. gr. stjórnarfrumvarpsins, því mèr og hinum háttvirtu meðuppástungumönnum mínum þótti óviðkunnanlegt, að þær bæru með sèr, að þeim mætti, og jafnvel skyldi breyta. Vèr vildum helzt hafa tillagið órjúfanlegt, og óskuðum þess vegna, að ákvörðunin þar um yrði í því formi, sem vèr höfum stungið upp á, heldur en í því formi, sem hún hefir í frumvarpinu. Sömuleiðis óskuðum við, að tillagsupphæðin yrði sem mest, því þarfirnar eru miklar, en gátum samt ekki skoðað uppástungu frumvarpsins sem frágangssök. Vèr viljum samt, að því sè lýst yfir í álitsskjali þingsins, að upphæð sú, sem er til færð í frumvarpinu, sè í rauninni ónóg. Uppástungurnar undir 12. og 13. tölulið höfum vèr komið fram með, ekki af því að vèr höfum neitt á móti þeim ákvörðunum, sem vjer stingum upp á að sèu felldar burt, heldur af hinu, að vèr höldum, að ekki sè nauðsynlegt, að slíkar ákvarðanir standi í þessum lögum, þar eð stjórnin geti framkvæmt það, sem þar er um rætt, án nokkurrar lagaákvörðunar, enda hafa sumir lagt allt aðra og meiri þýðingu í þessi tvö atriði, en vèr getum gert.

Mig furðar mjög á því, hversu opt menn hafa ítrekað það, að vèr með frumvarpi þessu værum settir undir ríkisþingið; þetta er nú einber misskilningur, en fyrst menn halda að svo sè, því vilja menn þá ekki nota tækifæri það, er nú býðst, til að hafa svo mikil áhrif, sem mögulegt er, á ákvarðanir frumvarpsins? Að öðru leyti er það mitt álit, að frumvarpið einmitt ákveði þannig rèttindi vor, að vèr sèum og verðum hèr eptir óhultir fyrir öllum afskiptum af okkar sèrstaklegu málum, sem í raun og veru eru okkar aðalmál, frá ríkisþingsins hálfu. Þessum málum getum vèr hèðan af ráðið sjálfir, sem löggefandi þing og frjáls þjóð, en í stað þess að taka þessu, þá berja menn blákalt fram, að það sè herfilega brotinn á oss rèttur með því, að bjóða oss þetta; þessi orð kunna að vísu að hljóma vel í eyrum sumra manna, sem ekki skilja eins vel, hvað þau eru ástæðulaus, eins og menn gætu búizt við af þeim, sem eru að bera þau fram og innprenta mönnum þessa

lærdóma; en sorglegt væri það, ef þessi misskilningur kæmi því til leiðar, að Íslendingar höfnuðu nú sjálfsforræði fyrir land vort, og löggjafarvaldi fyrir þetta þing. Hvað rèttarkröfurnar snertir, þá ætla eg að eins að geta þess, að ef nefndin væri sannfærð um, að vèr hefðum rèttarkröfu til 126,000 rd. á ári, þá skil eg ekki, hvaðan nefndarmennirnir hafa fengið heimild til eða hvernig þeir geta leyft sèr að kasta burtu meir en helmingnum af þessu fè; því þeir heimta þó eigi nema 60,000 rd. Mèr er það jafnóskiljanlegt, eins og margt annað hjá hinni heiðruðu nefnd. Það mun margur furða sig á, hvernig hún var skipuð, en einn háttvirtur þingmaður hefir sagt, að þegar menn út um landið, ef til vill, færu að furða sig á því, að enginn hinna lögfróðu alþingismanna hefði verið kosinn í nefndina, þá myndu menn jafnframt spyrja: hvers vegna voru þeir ekki kosnir? og að þessari spurningu mundi verða svarað á ýmsan hátt. Eg skal nú leyfa mèr að taka það fram og benda þinginu á það, að ef þingið nú hafnar sjálfsforræði því, sem Íslendingum er boðið, þá er það ekki hinum konungkjörnu þingmönnum að kenna, því þeir vilja þiggja tilboðið og gjöra það svo aðgengilegt fyrir landið, sem kostur er á, en það verða þá hinir þjóðkjörnu þingmenn, sem eru skuld í því, að landið ekki að svo komnu öðlast sjálfsforræði, og víst mun menn furða á þessu út um landið, og spyrja, hvernig á þessu standi, ekki síður en hinu um skipun nefndarinnar. Þessu spursmáli mun og verða svarað margvíslega, en því ætla eg að spá, að sumir muni svara: hinir þjóðkjörnu menn með atkvæðafjölda sviptu ættjörðu sína frelsi því og sjálfræði, er hinir konungkjörnu börðust fyrir að hún fengi, og þá mun og svarað: þessir menn, sem höfnuðu sjálfsforræði Íslands, höfðu sanna ást á frelsi og sjálfsforræði, eða: þeir kunnu ekki að meta það.

Páll Pálsson: Eg stend að eins upp til að gjöra grein fyrir, hvernig eg muni greiða atkvæði, því eg mun ekki hafa skýrt ljóslega frá því við undirbúningsumræðuna. Eg get ekki neitað því, að eg í mörgu er samþykkur stefnu nefndarinnar, en þegar eg ber saman óskir alþingis 1867, sem nefndin einmitt segist vilja halda fram, við þá mynd, er lögin fá, ef samþykkt verður uppástungan undir 6. tölulið, þá fæ eg ekki betur sèð, en að einmitt verði beðið um sama frumvarpið nú eins og 1867. Það er það, sem nefndin segist vilja, og það er líka í sjálfu sèr það langeðlilegasta. Hvað það snertir, að frumvarpið nú er í tvennu lagi,

þá hefi eg ekki enn getað sannfærzt um, að það spilli í neinu nè bæti, þegar hið sama stendur í þeim báðum, eins og áður í einu. Eg vil leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort 6. töluliður megi ekki koma undir atkvæði á undan öðrum tölulið? (*Forseti*: Nei, því verði 2. töluliður samþykktur, koma ekki einstakar greinir frumvarpsins undir atkvæði, nè heldur breytingar við þær). Eg skal láta mèr nægja þessa skýringu hins háttvirta forseta, og skal að eins bæta því við, að mèr ekki getur skilizt, hvernig 3. grein getur samrýmzt við 7., og að eg álít 60,000 rd. tillag alveg nauðsynlegt, og mun eg greiða atkvæði fyrir því.

Forseti: Eg skil ekki fullkomlega, hvað hinn háttvirti þingmaður meinar. Mèr finnst að hann einmitt fái óskir sínar með tilliti til atkvæðagreiðslunnar uppfylltar, þegar atkvæði falla eptir röðinni, sem á atsvæðaskránni er.

Grímur Thomsen: Eg leyfði mèr að geta þess við undirbúningsumræðuna, að svo liti út, sem einhver ósýnilegur andi hefði sviflð yfir vötnunum, meðan nefndin var að starfa sínum, og blessað athafnir hennar. Þessi andi hefir síðan gjörzt sýnilegur í forsetastólnum, bæði á föstudaginn var, og í dag. Eins og vant er að vera, þegar fjöll gjósa, og önnur stór umbrot í náttúrunni verða, þá fóru hèr einnig ýmsir fyrirburðir fyrir framkomu andans. Hèr heyrðust dynkir í borðum og bekkjum kvöldinu áður, vötnin uxu stórum, og kenndi þess einkum á læk þeim, er sprettur upp nálægt forsetasætinu; þar hefir reyndar aldrei vatn þorrið, síðan þing hófst, en aldrei hefir hann eins bólgnað, eins og síðan þessar umræður byrjuðu. Eg er einn af þeim, sem er hinum háttvirta forseta þakklátur og virði hann fyrir, hve mikinn þátt hann hefir átt í, að vekja hèr á landi frelsisanda og þjóðarást, og eg ber hina mestu virðingu fyrir honum sem vísindamanni, en af því að hann er og hefir verið kennari og lærifaðir hinnar yngri kynslóðar Íslendinga í pólitík, og sömuleiðis alþingis, og orð hans því hafa miklu meiri þýðingu en margra annara, svo mikla, að þeim munu allmargir trúa, án þess að skoða þau og rannsaka, þá hefir hann því meiri ábyrgð á, að allt það sè rètt hermt, er hann ber fram. En eg vona samt, að geta sannfært jafnvel þingmann Reykvíkinga um, að hann hafi hermt suma hluti rangt. Hann sagði til dæmis, að Íslendingar einlægt hefðu haft pólitiskt jafnrètti við Dani, og tók fram til sönnunar því þá setningu, að samningar við önnur lönd hefðu jafnlítt verið lögð fyrir ríkisþing Dana sem fyrir alþingi.

En eg held, að öll setningin hljóti að hafa verið eitt mismæli, því þeir hafa allir verið lagðir fyrir ríkisþing Dana, og í flestum þeirra hefir beinlínis verið áskilið, að svo skyldi gjört, svo sem í samningnum um Eyrarsundstollinn í 6. gr., um Staðatollinn 7. gr., verzlunarsamninginn við Belgíu 20. gr. Sömuleiðis var það lagt fyrir ríkisþingið, þegar Slésvík var látin af hendi, og þegar átti að láta af hendi eyjarnar í Vesturheimi. En hefir þetta nokkurn tíma verið lagt fyrir alþingi? En — ef Danir nú vildu selja Ísland Frökkum, Englendingum eða öðrum — eg óska að þeir ekki gjöri það — en ef það yrði, er þá hèr nokkur sá, er segir, að sá samningur væri ekki jafngildur og órjúfandi í alla staði, þótt alþingi ekki væri spurt að því. Vel veit eg það, að á Vesturheimseyjum lètu Danir ganga til atkvæða um það í sýslum og hreppum, — ekki á nýlenduþinginu — hvort eyjabúar vildu heldur þjóna Dönum eða Vesturheimsmönnum, en var ekki samningurinn og salan jafngild eptir sem áður? Sannleikurinn er, að Ísland eður alþingi hafa ekkert jafnrètti við Danmörku í því, sem snertir «Statshöiheder».

Hinn háttvirti forseti sagði þar næst, að vèr hèr í landi ávallt hefðum haft löggjafarvald, frá því 1262 og þangað til í dag. Það verður örðugt að segja, hvar það löggjafarvald hafi komið fram og átt heima opt og tíðum, en einkum frá 1820 til 1843, meðan ekkert alþingi var. Mèr heyrðist hinn háttvirti forseti segja landsyfirrètturinn, og ætla eg ekki að orðlengja það mál lengur. En ef vèr höfum einlægt notið jafnrèttis og löggjafarvalds, þá skil eg ekki, hvernig á því stóð, að hinn háttvirti forseti sagði um daginn, að vèr hefðum allt að 1848 verið «utanveltubesefar» — mèr þykir annars ekki orðtækið fallegt af jafnmiklum smekkmanni. Þegar menn vita, hvað einvaldskonungur þýðir, þá hljóta menn líka að vita, að ekki hefir getað verið spurning um neitt löggjafarvald hèr í landi frá 1662 og til þess enn þá ókomna tíma, að alþingi fái löggjafarvald. Hinn hæstvirti forseti sagði um daginn, að samkoma Dana hefði haft «deliberativt votum» til að ræða um grundvallarlögin; þetta virðist mèr vera rètt og orðið auð-útlagt, nefnilega íhugunaratkvæði, og frekara vald getur ekkert þing haft, sem eigi hefir fengið ályktaratkvæði. Mèr fannst hinn hæstvirti forseti fara illa með ríkisþingið, er hann um daginn sagði, að sèr fyndist eigi vert, að vera að ræða þetta frumvarp, til þess síðan að fá það ríkisþingi Dana til að hringla með og grauta í. Það hefir í dag verið sagt, að konungur sè milligöngumaður milli alþingis og ríkis-

þingsins, og ef það er satt, þá er hann ekki öfundarverður af því, en þá leiðir einnig af því, að ef konungur leggur einhverja uppástungu frá alþingi fyrir ríkisþingið, þá eigum vèr Íslendingar enga sök á því, þó það ræði hana. Sè konungur enn þá einvaldur hèr á landi, eins og hann var fyrir 1848, þá hefir hann fullt vald til að bera mál vor undir hvern, sem hann vill, hvort heldur ríkisþingið eða stjórnarráð sitt; það er oss óviðkomandi, því vèr eigum ekki nema við konunginn. Forseti gat þess enn fremur, að nú ættu nýjar kosningar að fram fara til ríkisþingsins, og þá gæti verið, að það yrði oss hliðhollara heldur en þetta ríkisþing hafi verið; þetta virðist mèr eigi koma úr rèttum stað frá hinum hæstvirta forseta og eigi vera samkvæmt hans sjónarmiði. En vèr höfum nú fengið fregnir um, hvernig kosningarnar muni verða, og vitum, að þeir nýkomnu menn munu verða samþykkir stjórnarráði konungsins, eigi síður en hinir, sem áður sátu á ríkisþinginu, svo ekkert verður úr þeirri röksemdafærslu hans, og hann getur eigi með því sannað, að betra sè að bíða. Það má líka vera oss öllum ljóst, að frumvarp þetta verður nú lögleitt annaðhvort breytt eða óbreytt, og hinn hæstvirti konungsfulltrúi hefir optlega tekið það fram, að þetta væri í síðasta sinni, sem mál þessi yrðu borin undir alþingi. Forseti beindi hörðum orðum að sumum hèr á þingi; hann sagði nefnilega, að þeir hefðu átt að beita áliti sínu til þess, að skýra frá ástandi landsins, en eg verð að geta þess, að eg er sannfærður um, að þeir hafa í því efni gjört allt, sem í þeirra valdi hefir staðið, og eg veit, að hann hæstvirti forseti sjálfur efast eigi um, að konungsfulltrúi vor hefir í þessu máli gjört allt, hvað hann hefir getað, já, jafnvel meira en hann, ef hann hefði litið á sinn eiginn hag, hefði mátt. En það er mikil spurning, hvort það muni vera hægra fyrir menn, sem eru búsettir hèr upp á Íslandi, og eiga svo að segja ómögulegt með að ná eyra stjórnarinnar, til að styðja mál vort, heldur en fyrir menn, sem búsettir eru í sjálfri Danmörku, og daglega geta náð eyra stjórnarinnar, eins og til dæmis hinn hæstvirti forseti sjálfur, en hann hefir, ef til vill, sjálfur fundið til þess, hve örðugt þetta er, enda sjáum vèr, að það eru eigi hinir mest málsmetandi ríkisþingsmenn, sem nálgazt hafa skoðun hins hæstvirta forseta. Hinn 2. konungkjörni þingmaður gat þess, að það væri merkilegt frá sjónarmiði nefndarinnar, að fyrst hún þættist hafa rèttarkröfur til fjártillagsins, skyldi hún slá af þessum rètti sínum. Hefði eg verið sannfærður um, að vèr hefðum þessar

rèttarkröfur, þá hefði mèr þótt alveg óforsvaranlegt, að slá af, og er þetta full sönnun fyrir því, að nefndinni hefir eigi verið alvara með fjárkröfur sínar, að halda þeim fram sem rèttarkröfum, því ef þær væru rèttarkröfur, þá væri það skylda Dana, að borga oss kröfu vora, og það játaði fólksþingsnefndin á ríkisþinginu í fyrra. En þessu fylgir nefndin ekki; hún segir: við eigum 126,000, en slær síðan af niður í 60,000 rd. Vèr hinir, sem eigi erum sannfærðir um þessar rèttarkröfur, nefnilega að það sè skylda Dana, að veita oss vissa tiltekna upphæð fjártillags, vèr álítum, að stjórninni sè skylt að stjórna oss og sjá um, að ekki skorti það fè, — hvort sem það er meira eður minna — sem vèr þurfum til að ná siðaðra þjóða framförum. Eg er sannfærður um það, að þessi nefnd er sú fyrsta nefnd á nokkru þingi, sem slegið hefir af rèttarkröfum lands þess, sem hún átti að halda svörum uppi fyrir.

Forseti sagði sèr hefði komið til hugar, að kalla mann einn til reglu, er hefði sagt, að kjör vor mundu verða verri, ef vèr eigi tækjum frumvörpunum, og vil eg þá gefa honum tækifæri til að kalla mig til reglu, því eg hafði sagt, að stjórnin mundi án lagabrots geta þröngvað kostum vorum; eg skal nú skýra frá, hvernig eg ímynda mèr að fari, ef frumvörpunum verður hafnað. Eg ímynda mèr, að frumvarpið um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu muni verða lögleitt, því stjórnin gefur það í skyn í ástæðunum; aptur á móti held eg, að frumvarpið til stjórnarskrárinnar muni eigi verða lögleitt, og byggi eg það á orðum stjórnarinnar á bls. 15; 4. gr. frumvarpsins lætur oss fá tillag það, sem þar er til tekið, en hver getur bannað stjórninni að leggja toll á útlenda verzlun vora. Tillag það, sem Ísland nú um nokkur undanfarin ár hefir fengið frá Danmörku, er hèr um bil 30,000 rd., nefnilega 22,500 rd., sem taldir eru í fjárhagsáætluninni og 7,500 rd. til eptirlauna; verði stjórnarfyrirkomulaginu eigi breytt, þá fáum vèr að vísu þessi 30,000 rd., en hversu margt er það eigi, sem oss er nauðsynlegt, sem vèr eigi getum fengið? Bænarskrár þær, sem þingið árlega sendir til konungsins, bera þess ljósan vott. Fjárhagur Íslands verður að batna og fá fast fyrirkomulag, ef því á nokkurra framfara að verða auðið. Ef þingið nú hafnar frumvarpinu, þá getur afleiðingin eigi orðið önnur en sú, að ríkisþingið verður löggjafarþing jafnvel í hinum sèrstöku málum vorum; það verður skattaálöguþing fyrir oss, og hlýtur þau rèttindi, sem alþingi eru hèr boðin. Eg vil ekki spá neinum hrakspám, en hræddur er

eg um, að þeir, sem nú þykir samvizkusök, að greiða atkvæði sitt með frumvarpinu, muni einkvern tíma iðrast eptir að hafa eigi gjört það. Eg hefi tekið það fram, að þótt frumvarpið sè ófullkomið, og þótt vèr eigi getum fengið allar þær breytingar, sem æskilegar væru, nú þegar, þá er fremur líklegt en ólíklegt, að það takist síðar. Mèr þykir það eðlilegt, að annað eins mál og þetta verði kappsmál, og hörð orð falli á báða bóga. Það hefir meðal annars verið beint að hinum konungkjörnu þingmönnum, eða jafnvel þeim, sem annaðhvort eru eða hafa verið embættismenn, að þeir enga þakklátssemi mundu hafa nema «matarást», og kemur þetta, ef til vill, til af því, að þeir, er það segja, geta sjálfir enga aðra þakklátssemi haft; en til er annar eiginlegleiki, sem í fornöld þótti fagur, og það er að vera «drottinhollur», og þótt þingmenn sumir eigi virðist þekkja þann eiginlegleika, þá þekkja þeir þeim mun betur annan góðan eiginlegleika, og það er að vera fylgispakir, og þótt það sè aðdáanlegur eiginlegleiki hjá sumum skepnum skaparans, þá kemur hann sèr eigi vel, ef hann leiðir út í fen og foræði og vestu ófærur. Eg held það sèu allt of margir á þessu þingi, sem sèu of fylgispakir. Eg ber þakklátsama virðingu fyrir hinum háttvirta forseta vorum fyrir þann þátt, er hann hefir átt í að vekja þjóðaranda vorn, og einkum dáist eg að honum sem vísindamanni, en hræddur er eg um, að honum kunni að fara eins og galdramanninum, sem eigi gat kveðið þann drauginn niður, er hann hafði vakið upp; eg er hræddur um, að þegar sá tími kemur, að hann vill sjálfur koma samkomulagi á, þá muni honum eigi verða unnt að kalla fylgisveina sína aptur af þeim vegi, er hann sjálfur hefir vísað þeim. Eg vil bæta því við, að mèr þykja sumir eigi vera með öllu samkvæmir sjálfum sèr; eg setti það á mig, að þegar kláðamálið var til umræðu um daginn, þá talaði hinn háttvirti framsögumaður á allt annan veg um frumvarp stjórnarinnar; hann varaði þá við, að fara svo með stjórnarfrumvörp, að þau annaðhvort verði aptur tekin, eða þeim verði þröngvað upp á oss. Þingmaður Suður-Þingeyinga talaði í málinu um öreigagiptingar um, að vèr yrðum að láta oss nægja að nálgast hið fullkomna smátt og smátt, en í þessu áríðandi og yfirgripsmikla máli vill hann hafa hið fullkomna nú þegar. Þingmaður Barðstrendinga kvaðst verða að meta mikils ósk og vilja kjósanda sinna, og að hann eigi gæti gengið að frumvarpi þessu fyrir hönd þeirra, en þykir honum þá svo mikil furða, þótt hinir konungkjörnu þing-

menn einnig meti nokkurs vilja kjósanda síns — konungs — og gjöri þannig hið sama sem hann sjálfur. En þetta kemur eigi til, því eg er sannfærður um, að af þingmönnum þeim, er greiða atkvæði í þessu máli, þá eru hinir konungkjörnu hinir frjálslyndustu. Almannarómurinn bægir mörgum frá, að taka samkomulagi, og eg skal játa það, að það er mjög óþægilegt að koma heim til kjósanda sinna og fá hjá þeim ákúrur; aptur á móti eiga hinir konungkjörnu þingmenn miklu hægra aðstöðu, því hvernig sem þeir greiddu atkvæði sín, þá mundi konungur eigi taka þeim það illa upp. Þingmaður Mýramanna misskildi um daginn það, sem eg hafði sagt um ráðgjafaábyrgðina, og skoðaði ríkisþingið og alþingi eins og meiri og minni hluta á sama þingi, þar sem þó hitt ætti að vera auðsætt, að ráðgjafanum er því að eins unnt, að hafa stjórnina á hendi í íslenzkum málum, að hann hafi með sèr meiri hluta alþingis, því sè það eigi, þá getur alþingi sem löggjafarþing sett hann í þau vandræði, að hann eigi kemur neinu máli fram. Nú í dag þótti mèr framsögumaður vera nokkuð harður, þar sem hann sagði, að það lýsti skorti á hreinskilni og þreki, að gjöra breytingar við frumvarpið, og væri nær að taka frumvarpið óbreytt, en þó eg viti, að hann hefir báða þessa eiginlegleika til að bera, þá veit eg ekki, hvort hann er eins byrgur af öðrum tveim eiginlegleikum, sem í máli eins og þetta eru eigi síður nauðsynlegir, og þeir eru greind og gætni. Loksins vil eg taka það fram, að mig furðaði mjög á einu orði í ræðu hins háttvirta forseta, sem fyrst í uppreisninni 1848 og síðan optsinnis hefir verið borið fram af Holsetum, að «konungurinn væri eigi frjáls»; mig furðaði það sannarlega, að hinn háttvirti forseti skyldi láta sèr þetta óhappaorð um munn fara, en hitt þótti mèr eigi furðanlegt, þótt þingmaður Suður-Þingeyínga færi tvisvar orðum í sömu átt, og eins og hlakkaði yfir óhöppum Dana. Nefndin kvartar yfir skorti á «veglyndi» frá Dana hálfu, en það er ekki veglundað, að hlakka hèr yfir ófórum samþegna sinna, og aldrei mundi nokkur maður á ríkisþingi Dana geta fengið sig til þess, að hlakka t. d. yfir þeim harðindum og örbyrgð, sem hefir sótt Ísland heim þessi síðari árin.

Eg tala nú ekki optar í þessu máli, og bið því háttvirta þingmenn að gjöra sig heimakomna í svörum sinum.

Forseti: Eg var farinn að verða hræddur um hinn háttvirta þingmann Rangvellinga, að hann gæti ekki neytt sín vegna ótta fyrir eldgangi, vatnagangi og jafnvel apturgöngum, en það gladdi mig

þó, þegar eg sá, að hann fór að berast nokkurn veginn vel af. Þar sem hann gat þess, að eg hefði sagt, að Íslendingar hefði politiskt jafnrètti við Dani, þá er það satt, að eg er fastur á, að vèr höfumþað, það er að segja, að vèr eigum það, en eg hefi ekki sagt, að vèr höfum það í þeim skilningi, að vèr höfum hingað til notið þess. Að samningar hafi verið stundum lagðir fyrir ríkisþingið, getur verið, en eg hefi heldur ekki fortekið þetta, og þessir samningar, sem hinn háttvirti þingmaður nefndi, voru einmitt sèrstaklega Danmörk viðkomandi, en ekkert Íslandi. Ísland hefir ekki fengið neinn þátt í sundtolli, Stade-tolli eða þess konar, þó það væri kann ske ríkiseignir. Þar sem hann sagði, að alþingi mundi ekki verða spurt að því, þó Ísland yrði selt, þá er það engin sönnun fyrir, að stjórnin breytti rètt í því, ef svo væri að farið, það væri að auka á gjörræðið við oss, og vor rèttur væri samt sem áður óskertur í sjálfu sèr. Út af því, sem hann talaði um lagaboðin og gildi þeirra hèr á landi, þá bið eg hann gæta þess, að eptir að alþingi var lagt niður, voru hin almennu lagaboð send landsyfirrèttinum og honum skipað að snúa því af þeim á íslenzku, sem honum litist eiga að gilda hèr. Rèttinum voru í því tilliti engin takmörk sett, og hann gaf út á íslenzku þau lagaboð, sem hann tók gild og auglýsti þau, og þetta stóð þangað til hèr um bil 1826, að kanselíið fèkk umboð konungs, að segja hvað gilda skyldi, en það hèlzt þangað til alþingi tók við. Viðvíkjandi merkingu þeirri, sem hann lagði í «deliberativt Votum», skal eg geta þess, að eg sagði ekki, að ríkisfundurinn í Danmörku hefði ekki haft þess konar atkvæði, heldur að þjóðfundurinn hefði haft það, og það hefir líka verið skilið sem samþykkisatkvæði, eins og liggur í orðinu «at forhandle», sem haft er í auglýsingu konungsins 1849. Það getur verið, að hann hafi rètt fyrir sèr í því, að hið núverandi ráðaneyti konungs standi, og að það muni ekki taka betur í mál vor hèr eptir, en að undanförnu, en eg ætla ekki að spá neinu um það; það verður tíminn að sýna. Eg hefi heldur ekki sagt, að ráðgjafar konungs hafi að fyrra bragði tekið svo stirt í mál vor, heldur að þeir hafi gjört sig líklega til að láta ríkisþingið beygja sig í móti oss. Það var líka of mikið sagt af þingmanninum, að eg stæði bezt að vígi til að verka á stjórnina í þessu máli og öðrum vorum málum. Hann veit vel, að eg á ekkert atkvæði í þeim efnum, og þar er enginn kenndur sem hann kemur ekki; eg get ekki sèð, að neinn geti ætlazt til, að eg færi að blanda mèr inn í mál, sem eg er ekki kvaddur til. Þar sem

hann gat þess, að eg hefði ætlað að kalla þingmann til reglu í þessu máli, þá var mín meining, að eg álít það óhæfilegt, að gjöra stjórninni þær gersakir, að hún mundi hugsa til eða reyna, að gjöra á oss hrein lagabrot, með því að leggja á oss verzlunartolla eða aðrar álögur, þvert ofan í alþingistilskipunina. Viðvíkjandi því, að ráðgjafinn ekki sleppi við ábyrgð íslenzkra mála, þá er þetta þó býsna-hæpið, því það getur hæglega farið svo, að vér höfum 2 eða þrjá eða fleiri ráðgjafa á einum vetri. Ráðgjafinn getur verið kominn frá völdum fyrir tveim árum, áður en alþingi veit nokkuð um, hvað hann hafi gjört sèr til ábyrgðar, eða getur ályktað nokkuð um, að gjöra ábyrgð gildandi á hendur honum, og þar geta verið þrír eða fjórir ráðgjafar komnir á milli, sem alþingi veit varla, ef til vill, hvort þeir hafi verið þar við eða ekki. Þar sem verið var að jafna hinum þjóðkjörnu og konungkjörnu þingmönnum saman, þá hefi eg alls ekkert tilefni gefið til þess; eg er fjarlægur slíkum mannjöfnuði, því eg veit, að konungkjörnir og þjóðkjörnir þingmenn muni hvorir um sig fara eptir hinni beztu sannfæringu. Ef þingmenn eru svo drottinhollir, sem þingmaður Rangvellinga lætur á sèr skilja, þá getur það komið af því, að þeim þyki ekki ráðlegt að gefa atkvæði móti drottni sínum, af því þeir hafi þótzt verða varir við, að það hafi einhvern veginn viljað svo til, að þeir, sem svo hafi gjört, hafi ekki orðið konungkjörnir í annað sinn.

Af því fleiri munu vilja tala í þessu máli, en framorðið er orðið, vil eg nú slíta fundi, og ákveð eg fund í kveld kl. 5½, og segi Fundi slitið.

---

37. fundur — 7. september.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Það, sem kemur nú fyrir til meðferðar, er áframhald af ályktarumræðu um hið konunglega frumvarp til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. Það er á valdi hins háttvirta framsögumanns, hvort hann vill taka til máls nú þegar.

Eiríkur Kúld: Hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði í dag, að enginn hefði á ríkisþingi Dana viljað kannast við það, að Ísland hefði nokkrar sem helzt rèttarkröfur, og því hefði nefndin enda gjört rangt í því, að nefna þær, og hyggilegra væri og rèttara, að halda sèr við sanngirniskröfurnar, — en eg bið þess gætt, að nefndin hefir og þetta gjört; hún hefir í nefndarálitinu bls. 19 tekið fram, hvers vèr við þurfum, til þess ögn að pota áfram úr því ástandi, sem nú er, og fer þetta enda nærri því, sem rèttarkröfurnar ná; og það verður þó að álítast sanngjarnt, að Danir, þegar þeir hætta að vera fjárráðamenn vorir og aðskilja fjárhaginn, skili oss því fè, er til þess þarf, að vèr getum komizt eitthvað áfram, og þegar nú að vèr hvort heldur frá rèttar- eða sanngirniskröfunum slökum til um meira en helming, vona eg vèr verðum álitnir svo, að vèr sýnum sanngirni, þegar vèr nefnilega förum að eins fram á 60,000 rd. tillag, og ætlum sem frumbýlingsöreigar að leggja á oss það, sem til brestur, hvort sem vèr getum borið það eða ekki. Hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður lèt sèr enn ekki leiðast að átelja nefndina, og núna meðal annars fann hann henni það til foráttu, að úr því hún fór fram á rèttarkröfurnar, hefði hún ekkert átt með að sleppa af upphæðinni og láta sèr nægja 60,000 rd. tillag, og þingmaður Rangæinga fór nú, sem vita má, sömu leiðina og hann; en eg verð að fræða þessa heiðruðu þingmenn um það, að þetta er ástæðulaus áburður á nefndina, því það var alþingi 1867, og þá sjálfsagt með samþykki hins sama 2. konungkjörna þingmanns, sem til miðlunar lèt sèr nægja þessa upphæð, og nefndin fór þar sömu leiðina. Þó hann og fleiri komi með það, að það sè ábyrgðarhluti fyrir þingið í þessu tilliti, að ætla sèr að framfylgja þeim rètti, er Ísland kynni að eiga, þá hræðir það mig ekki; eg álít það meiri ábyrgðarhluta, ef vèr, fulltrúar þjóðar vorrar hèr á þingi, nú með atkvæði voru sleppum rètti þjóðar vorrar undir ríkisþing Dana. Hann taldi það eitt meðal annars þessu frumvarpi til gildis, að það einskorðaði rèttindi vor; það segir hann satt, að það gjörir frumvarpið; en hvernig? Það einskorðar rèttindi vor undir ríkisþingið; það er margbúið að taka það fram og er enn ekki hrakið, og eg trúi því ekki, að vèr eigum að óska þess. Það, sem sèr í lagi meðfram rèð úrslitum málsins hjá nefndinni, að ráða frá frumvarpinu, var það, að alþingi þarf og verður eptir hlutarins og málsins eðli, að hafa í þessu tilliti samþykktaratkvæði. Bænarskrárnar, sem nefndinni

voru fengnar, fara flestallar í þá stefnu, að þingið eigi alls ekki að taka stjórnarmálið til meðferðar, nema það hafi samkomulagsatkvæði. Það hafði þingið 1867, en hvar er það nú, hvort út í spanska sjónum? Það veit eg ekki, en horfið er það, og eptir ástæðum frumvarpsins sjá allir, að þetta þing hefir það ekki. Eg skal nú ekki lengi tefja hinn stutta tíma þingsins með að tala meira í þessu máli, en þó verð eg, áður en eg sezt niður, að svara hinum heiðraða þingmanni Rangæinga nokkrum orðum, fyrir þá skuld að hann alveg ranghermdi orð mín í tölu sinni, þar sem hann sagði, að eg hefði sagt, að eg færi eptir meiningu kjósanda minna einungis. Þetta hef eg aldrei talað, en hitt hef eg sagt, og það stendur í þingbókinni, að eg áliti hvöt fyrir mig, að halda fastara við sannfæringu mína, þegar hún kæmi saman við vilja og álit kjósanda minna, nema því að eins, að eg yrði sannfærður um það með ástæðum, að sannfæring mín væri ekki rètt; en ástæður þær, sem hinn heiðraði þingmaður Rangæinga hefir komið fram með á móti nefndarálitinu, hafa í mínum augum verið svo lèttvægar og rýrar, að þær alls ekki hafa getað snúið skoðun minni á því máli. En út af þessum, sem sagt, ranghermdu orðum mínum leiddi hann þá ályktun og áminningu til mín, að mèr sæmdi ekki, að taka það illa upp fyrir hinum konungkjörnu þingmönnum, þó þeir fari eptir vilja kjósanda síns. Eg skora nú á þingmanninn, að hann sanni, að eg með einu orði hafi þetta gjört, og þegar eg sem skrifari þingsins segi, að slík orð finnist eigi eptir mèr í þingbókinni, getur þingmaðurinn ekki borið á móti því. Eg virði hina konungkjörnu þingmenn alla svo mikils, já, í þessu tilliti meir en þingmaður Rangæinga, að eg efast ekki um, að þeir fari í hverju máli eptir sannfæringu sinni, og eg ætla þeim aldrei, að þeir misskilji svo stöðu sína, að þeir hafi gleymt því, að kjósandi þeirra, hans hátign konungurinn, hefir valið þá sem fulltrúa landsins til þess á alþingi Íslendinga að segja álit sitt um, hvað haganlegast og bezt sè fyrir þetta land, en ekki til þess, eins og að halda svörum uppi fyrir sína hönd, því það hugsaði eg að væri konungsfulltrúans. En hvort þingmaður Rangæinga er mèr samdóma í þessu, það veit eg ekki, og læt mèr litlu skipta. En hitt verð eg biðja hann að fyrirgefa mèr, að eg áður hafði ætlazt til þess af honum, að hann hefði hugsað, að kjósendur sínir hefðu heldur ætlað honum setu hèr á þingi sem þingmanni fyrir sína hönd, en ekki sem fulltrúa fyrir ríkisþing Dana.

Að öðru leyti stendur mèr það á litlu, hvernig hann eða aðrir menn kunna að dæma um mig fyrir það, hvernig eg gef atkvæði í þessu máli; hvort þeir kalla mig skynsaman eða óskynsaman, hirði eg ekki um; eg fer eingöngu eptir sannfæringu minni, og hefi þann einlæga vilja, að gefa atkvæði eptir því, sem eg bezt fæ sèð að rèttast muni og hollast fyrir Ísland, eins og nú stendur á. Eg veit, að þingmaður Rangæinga og sumir, sem á hans máli eru, muni álíta atkvæði mitt ekki skynsamlegt, af því eg ekki vil ganga að öllu svona óskorað eins og hann. Hann og fleiri hafa látið sèr það um munn fara, að stjórnin mundi, hvað sem alþingi nú segir, («Octroyera») neyða þessu upp á okkur. Eg kvíði því ekki, og vil alls ekki vera í tölu þeirra, sem geta þess til, að vèr eigum þá stjórn yfir oss, er slíku beiti; nei, eg trúi því fast, að stjórnin aldrei beiti ofurvaldi við oss Íslendinga, þó vèr sèum minni máttar en Danir, og vor allramildasti konungur lætur aldrei slíkt fram koma við þegna sína. Það hefir og verið sagt af mótmælendum nefndarinnar, að nú mundi stjórnin leggja málið á hylluna og hætta við þessar tilraunir, að láta Íslendinga ná jafnrètti við Dani og frelsi; þetta eru nú spádómar einir og, eptir minni ætlun, ekki mjög hræðilegir. Slíkan spádóm úr sömu átt hefi eg og fleiri gamlir þingmenn áður heyrt. Menn muna, að hèr frá þingi fóru hvað eptir annað bænir alþingis um undirskript hans hátignar undir hinn íslenzka texta lagaboðanna, þá heyrðust jafnan þær raddirnar, er sögðu: «Þetta fæst aldrei, konungur gjörir það ekki, konungur getur það ekki». En hvernig fór? Spáflugan sprakk, og konungur veitti oss þessa bæn, öllum Íslendingum til sannarlegs fagnaðar. Svona vona eg að enn fari um spádóma manna, hvað þetta mál snertir. Eg vil því rólegur og öruggur enn bíða litla hríð, biðja og ekki þreytast, í fullri von um, að þess verði eigi langt að bíða, að guð gefi sannleikanum sigur, og frelsisstjarna Íslands bliki fagurt yfir hinum hvítklæddu jökultindum vorrar elskuðu fósturjarðar.

Davíð Guðmundsson: Það er einungis út af nokkrum orðum, sem fèllu hèr í salnum í dag, að eg vil geta þess, með tilliti til atkvæðis þess, er eg mun gefa í þessu máli, að það er alls ekki meining mín, að eg vilji rífa niður grundvöll þann, er stjórn og alþingi lagði 1867, heldur þvert á moti kröptuglega halda honum fram; en hann er ekki í því frumvarpi, er hèr liggur fyrir; þess vegna hafna eg því, og fellst einmitt á það með nefndinni,

að biðja um grundvöllinn frá 1867. Stjórnin segir í ástæðunum fyrir frumvarpinu, að þetta sè hin síðasta tilraun til þess að ná samkomulagi um sjálfsforræði vor Íslendinga. Þingmaður Rangæinga upplýsti oss um það í dag, hvað stjórnin sjálfsagt mundi gjöra, ef frumvarpið um hina stjórnarlegu stöðu yrði fellt af þinginu, það er að segja, að hún mundi þá gjöra það að lögum, hvort vèr vildum eða ekki. Færi nú svo, þá öðlast hann og aðrir þau gæði, sem þeir margir sjá svo mikið af í frumvarpi þessu. En þótt þau sèu mikil, vil eg ekki fyrir mitt leyti binda svo hendur mínar og landa minna, að eg hafi eigi rètt minn óskertan til þess að breyta þeim gæðum í meiri gæði; en þeim rètti álít eg að eg hafi fyrirgjört, ef eg bið um frumvarpið eins og það er, og er að öðrum kosti ekki uggvænt, að oss kostaði jafnmikla baráttu að fá frelsi voru breytt síðar, eins og það nú hefir kostað oss að fá það í fyrstu grundvallað. Þar sem stjórnin segir, að þetta skuli vera hin síðasta tilraun til samkomulags við oss Íslendinga, þó get eg ekki skoðað það öðruvísi, en eins og hvert annað mannlegt orð, að þetta var meining hennar, þá er hún talaði það, en sú meining getur breytzt. Hèr hefir mikið verið talað um sannfæringu manna og samvizkur, og virðast mèr menn benda því hver að öðrum, að þeir fylgi ekki sannfæringu sinni og samvizku í þessu máli, heldur fari að ýmsum öðrum óæðri hvötunum. Eg ætla mèr nú ekki að fara að gjöra þinginu grein fyrir sannfæringa minni og samvizku, en það má eg segja þinginu, að sannfæring og samvizka fara eigi eptir stöðu manna, og að eg að minnsta kosti get ekki skilið, hvernig nokkur Íslendingur getur gefið atkvæði sitt í þessu mikla velferðarmáli voru án þess, að hann hafi kappkostað, að styðja sannfæringu sína við hin gildustu rök, er honum er gefið vit til að sjá, og meira að segja, leitað sèr styrks af bæn til forsjónarinnar.

Jón Pètursson: Það, sem eg ætla nú að tala, verður að mestu endurtekning af því, sem eg sagði við undirbúningsumræðuna. Mótbárur þær, sem komið hafa gegn frumvarpinu, greinast í tvennt, formmótbárur, er eg svo vil kalla, og mótbárur þær, er efninu við koma. Eg vil þá fyrst snúa mèr að þeim mótbárum, sem formið snerta. Hin fyrsta er sú, að frumvarpið eigi að leggjast fyrir ríkisþingið; þetta væri því nóg ástæða til þess, að kasta frumvarpinu, hvað gott sem það væri. En hvað nú þessa mótbáru snertir, þá verða menn hèr sem optar að gæta þess, hvort

gallar þeir, er menn þykjast finna á einum hlut sèu verulegir eða ekki. Nefndin vill nú ekki fallast á frumvarpið, hve gott sem það kynni að vera, af því svo illt sè, að frumvarpið komi fyrir ríkisþingið. En eg álít nú þetta ekkert illt. Það hefir verið sagt, að vèr með þessu yrðum þegnar þegnanna, en þetta er engan veginn rètt; konungur gefur þetta lagaboð, en ekki ríkisþingið. Menn verða og að gæta þess, að það er komið í Danmörku skipulag á, hvernig hinum sameiginlegu málum skuli skipað. Það er factiskt, og mig gildir einu, hvernig á því stendur, að mál vor í almennum málefnum heyra undir ríkisþingið; þetta vildi og alþingi samþykkja 1867. Vèr getum heldur aldrei fengið stjórnarbót, ef vèr ætlum að bíða eptir því, að hin sameiginlegu mál ekki verði lögð fyrir ríkisþingið. Þegar nú þar að auki er aðgætt, að Danir hafa fengið löglegt skipulag á málefni sín, finnst mèr eðlilegt, að það sè lagt fyrir ríkisþingið, sem lýtur að löglegu sambandi voru við Danmörku. Ef skipulag hefði verið komið á hjá oss, en ekki hjá Dönum, þá mundum vèr hafa viljað sjá, hvernig Danir rèðu sínum málum til lykta, hvort það kæmi ekki í bága við skipulag þetta, er vèr hefðum fengið. Með þessu er ekki annað sagt, en að ríkisþingið skuli segja já eða nei um það, hvort frumvarpið með þeim breytingum þingsins, er stjórnin kynni að vilja aðhyllast, komi í bága við skipulagið á málum Dana. Ef það segir nei, að frumvarpið með breytingum gjöri það ekki, hverju höfum vèr þá tapað? Þá tökum vèr ekki mót neinni gjöf af ríkisþinginu, heldur af konungi, og það þannig, að þegnum hans í Danmörku ekki er gjört rangt til. En segi nú ríkisþingið aptur á móti, að vèr komum í bága við rèttindi Dana, og vilji því gjöra breytingar, þá hljóta þessar breytingar að minni hyggju aptur að leggjast fyrir alþingi, og mundi þá stjórnin taka allt það tillit til tillaga alþingis, sem unnt er. Það er svo langt frá því, að eg áliti það illt, að frumvarp þetta komi fyrir ríkisþingið, að eg þvert á móti álít það mikið gott; því þar við verður staða vor fastari; því ef það einu sinni er orðið að lögum, á ríkisþingið ekki hægt með að breyta þeim, og vilji það gjöra slíkt, þá hefir konungur sitt «Veto». Eg álít því ekkert illt í þessu, því að vèr fáum aldrei stjórnarbót án þess, en gott vegna þess, að rèttur vor fær þar við festu, svo að honum verður ekki breytt að oss fornspurðum. Hin önnur mótbára er sú, að frumvörpin sèu tvö; framsögumaður sagði, að stjórnarskrá Íslands ætti að vera eins og óskipt; eg veit ekki til, að nein

«positiv» lög sèu fyrir því, og get eigi heldur fundið nein skynsemislög fyrir slíku. Hún var reyndar óskipt 1867, en eg álít betra, að frumvörpin sèu tvö. Annað frumvarpið er um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, og meira þarf ekki að koma fyrir ríkisþingið; annað mál væri það, og miklu verra, ef ríkisþingið ætti að fara að fjalla um hin sèrstaklegu mál vor, því það hefir ekkert með þau að gjöra; það er þess vegna einmitt kostur, að frumvarpið er í tvennu lagi svoleiðis, sem nú er. Hin þriðja mótbára er, að alþingi hafi ekki samþykktarvald. Eg vil spyrja: eigum vèr þá að kasta frumvarpinu, hvað gott sem það kann að vera, af þeirri ástæðu? Hvernig verður það betra við það, þó vèr höfum samþykktaratkvæði? Auk þessa, ef oss í raun og veru ber samþykktaratkvæði, þá spillir það engu fyrir oss, þó vèr nú aðhyllumst frumvarpið, því rèttur vor til samþykktaratkvæðis getur ekki fyrnzt, ef vèr eigum hann. Því getur þessi mótbára ekki haft neina þýðingu; því hún er hèr með öllu óveruleg. Hin 4. mótbára er sú, að vèr megum ekki gjöra breytingar á frumvörpunum. En menn koma sèr nú ekki saman um, hvað meint sè með breytingum. Stjórnin segir, að ekki megi gjöra þær breytingar, er raski grundvelli frumvarpsins, og held eg, að þetta sè á góðum rökum byggt. Þegar tveir menn semja, en ná ekki hvor til annars, þá tekur annar þeirra það fyrst fram, sem hann verði fast fram að halda, en síðan segir hinn, hvort hann vilji að því ganga, eða hann vill fá því breytt; en það er til einskis, að stinga upp á þeirri breytingu, sem er gagnstæð því, er hinn vill halda föstu. Eg get ekki ætlazt til að stjórnin í mörg ár sè að þrefa um, hver grundvöllur skuli vera fyrir stjórnarfyrirkomulagi voru. Mèr finnst og eðlilegra, að stjórnin leggi þennan grundvöll, heldur en vèr, og að hún segi, að þar á megi engar breytingar gjöra. Það hafa nú verið gjörðar ýmsar breytingar á frumvarpinu, og segja sumir, að þær sèu óverulegar, en mèr finnast þær verulegar, eins og aðrir segja; en þær breyta engar grundvellinum, og eg vona, að þær verði því samþykktar. Framsögumaður bar mèr á brýn, að það væri óhreinskilni af mèr að segjast vilja fallast á frumvarpið, en gjöra þó þær breytingar á því, sem stjórnin getur ekki gengið að (*Framsögumaður*: Það hefi eg ekki sagt). Þá hefi eg misskilið framsögumaun. Eg fæ eigi annað skilið, en að stjórnin geti gengið að þessum breytingum, því mèr virðast þær enga breytingu gjöra á grundvelli frumvarpsins, sem stjórnin hefir lagt,

eins og eg sagði, og sem er: að Ísland sè óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum. 6. mótbáran er sú, að frumvarpið sè komið frá ríkisþinginu; eg man þetta nú ekki glöggt, en mèr stendur á sama, hvaðan það kemur, þegar það einungis er gott; en auk þessa er það konungur, en ekki ríkisþingið, sem gefur oss frumvarpið. Þetta eru nú «form»-mótbárurnar, er eg svo kalla, það er að segja þær, sem eiga að gjöra það að verkum, að menn kasti frumvarpinu án þess að líta á það, og það hversu gott sem það væri. Eg vona nú, að eg hafi sýnt, að þessar mótbárur eru ekki á rökum byggðar, og að menn verði að skoða efnið í frumvarpinu, áður en menn kasti því, og þá kem eg nú til efnismótbáranna, og er þá fyrst ábyrgð ráðgjafans; því atriði hefir verið mikið riðið, að ráðgjafinn skuli hafa ábyrgð einungis fyrir ríkisþinginu; en þetta held eg geti aldrei öðruvísi orðið, nema með því að gjöra breytingu á grundvallarlögum Dana, því eptir þeim er fólksþingið einsamalt bært um að ákæra ráðgjafana. Ráðgjafinn getur ekki verið hèr, því hann verður að vera hjá konungi; til þess að útvega samþykki hans og því um líkt, en í öllum þeim málum, sem ekki þurfa konungsúrskurðar með, er stjórnin í hendi landstjóra; frá honum ganga málin til ráðgjafans, sem ber þau upp fyrir konungi, og er að því leyti eins konar Referent. Landstjórinn verður að ábyrgjast, að hann beri rètt mál upp fyrir ráðgjafanum, og því að þessu leyti vera á ábyrgð ráðgjafans. Mèr þætti annars gaman að heyra, í hvaða málum helzt væri hugsandi að setja ráðherrann eða Referentinn undir ákæru; þau verða víst ekki mörg. Ábyrgð landstjórans er mikil, bæði gagnvart ráðgjafanum, og svo er það og gefið í skyn, að mèr virðist, að hann ef til vill geti orðið ákærður fyrir það, sem hann gjörir í konungsstað, sem þó er nokkuð undarlegt, eða ef hann misbrúkar landstjórn sína hèr. En eðlilegt er, að konungur ráði, hvernig ábyrgðinni í þessu skuli verða komið fram gegn honum. Eins og eg hefi stungið upp á, vil eg þó að hann hafi ábyrgð fyrir alþingi á því, að fjárhagslögunum sè fylgt. Landstjórnin hlýtur líka æfinlega að hafa þá ábyrgð, að, ef hann ekki fær meiri hluta alþingis með sèr, þá verður hann að fara frá landstjórn. Hin önnur efnismótbára er sú, að fjártillagið sè laust og lítið. Með laust meina menn, að ríkisþingið geti breytt upphæð tillagsins, þegar það vill; en menn verða að gæta þess, að ríkisþingið ræður ekki þessu einsamalt, heldur einnig konungur, sem hefir sitt »Veto».

Ef fjártillagið er fast, getur því ekki orðið breytt, nema með lögum, sem konungur samþykkir. Hvað því viðvíkur, að fjártillagið sè of lítið, þá hafa menn heyrt, að hinn hæstvirti konungsfulltrúi vill stuðla til þess, að það verði sem mest; eg held því, að eins hyggilegt sè, að fela honum það á hendur, eins og að koma með miklar kröfur; en þingið ætti að taka það kröptuglega fram, að fjártillagið þurfi og eigi að vera talsvert, konungsfulltrúa til styrktar. Hin 3. efnismótbára er viðvíkjandi tillagi voru til hinna sameiginlegu mála; en á atkvæðaskránni stendur breytingaratkvæði, sem bindur þetta fastar, svo að það verði ekki af oss heimtað, hve nær sem vera skal. Eg álít, að rètt sè, að skyldur og rèttindi vor til hluttöku í hinum sameiginlegu málum sèu samfara. Það er sannfæring mín, að þessi breyting haggi ekki grundvelli frumvarpsins — 4. mótbáran er, að frumvarpið gæti verið betra en það er, og þetta getur verið satt, en þó vèr ekki fáum allt í einu, held eg, að vèr ættum að gjöra oss ánægða með nokkuð. Hin 5. mótbára er sú, að almennum lögum verði kastað upp á oss. Mèr finnst það eðlilegt, að það þing, sem »faktisk» hefir fengið yfirráðin yfir hinum sameiginlegu málum, gefi lög um þau og láti birta þau; með tímanum förum vèr og að taka þátt í þessu sjálfir. Eptir að eg er nú búinn, að skoða hvorartveggja mótbárurnar, vil eg nú líta á frumvarpið, og þá fyrst spyrja: »Höfum vèr illt af, að taka frumvarpið». Menn segja, að vèr með því gefum eptir rètt vorn. Eptir minni skoðun, sem er ef til vill nokkuð einstrengingsleg, eg skal játa það, gjörum vèr það ekki, því beri oss meiri rèttur, en frumvarpið býður oss, þá ber hann oss eins fyrir það, þó vèr tökum frumvarpið, sem ráðgefandi þing, og fyrirgjörum honum ekki. Það hefir enn fremur verið sagt, að vèr yrðum háðir ríkisþinginu; eg játa það, að vèr verðum það í sameiginlegum málum, en vèr verðum því langt minna háðir eptir frumvarpinu, en vèr nú erum í rauninni (in facto) eða verðum, ef þessu skal til lengdar fram fara. Auk þessa getum vèr vænzt, er oss vex fiskur um hrygg, að geta, ef vèr viljum, tekið þátt í stjórn hinna sameiginlegu mála með ríkisþingi Dana. Loksins segja menn, að ef við tökum frumvarpið, þá verði því aldrei breytt, og að vèr þá megum sitja með það einlægt; en þessu er eigi svo varið. Frumvarpið sjálft segir, að vèr með tímanum getum fengið fleiri mál sèrskild heldur en það upp telur. Eg hefi ávallt játað, að frumvarpinu væri ábótavant, en eg er viss um, að vèr getum seinna fengið sumu fleiru í því breytt

oss í hag, ef reynslan sýndi, að það stæði oss fyrir þrifum, því þá mundi hver góð stjórn rýmka til, ef hún væri sannfærð um, að svo væri, einkum ef oss bæri réttur til frjálsara fyrirkomulags, og værum búnir að sanna þetta á vísindalegan hátt, bæði fyrir stjórn og öðrum, svo það væri orðið almennt viðurkennt. Eg get þá þannig eigi fundið neitt illt við það, að taka frumvarpið, en þar á móti mikið illt við að hafna því. Fyrst og fremst setjum vèr það út í tóma óvissu, hvort vèr nokkurn tíma fáum stjórnarbót, ef vèr nú höfnum frumvarpinu, og þó nú nýtt frumvarp einhvern tíma yrði aptur lagt fyrir þingið um þetta efni, hvaða ástæðu höfum vèr til að ætla, að það muni verða betra, en það, sem nú er boðið? eg álít það aldrei gott eða hyggilegt, að kasta því, sem gott er, þegar manni býðst það, án þess að hafa vissu fyrir að fá annað, sem betra er; það er víst, sem víst er, í þessu sem öðru; það er enn fremur óvíst, hvað þessi boð standa lengi, og þann ábyrgðarhluta vil eg eigi hafa fyrir landsmönnum, börnum mínum og niðjum, að eg hafi hafnað frelsinu, er það var boðið. Vèr höfum þannig mjög illt af að hafna frumvarpi þessu, því það ástand, sem það býður, er miklu betra heldur en það, er vèr nú höfum. Þar á móti höfum vèr mikið gott og gagn af því, ef vèr tökum frumvarpið; þá getum vèr gefið oss fyrst og fremst sjálfir lög, er hentug sèu fyrir ástand vort, og löguð eptir landsháttum vorum, en allir vita, hversu góð og hentug lög eru eitthvað það, er mest geta miðað löndunum áfram. Menn geta eigi vænzt, að nokkur útlend þjóð, sem ókunnug er landsháttum vorum, hugsunarhætti og venjum, og einkum ef þar nú víkur allt öðruvísi við en hjá oss, geti gefið oss þau lög, sem sniðin sèu eptir landi voru, eða leyst þann starfa eins af hendi og vèr sjálfir. Útlend þjóð getur og ei fundið til þeirra þarfa og nauðsynja, sem vèr höfum. Ef vèr tökum frumvarpið, þá getum vèr í annan stað komið á ýmsum nauðsynlegum stofnunum, er vèr nú þörfnumst, en sem eru ómissandi til að efla framfarir landsins bæði í andlegan og líkamlegan máta, og gjöra þær svo langtum léttari. Og loksins gætum vèr ráðið sköttum vorum og sèð um, að skattar verði lagðir á sem hentugast, og þeim varið sem bezt. Það er því sannarlega mikil ábyrgð, að kasta þessu frumvarpi í von um að fá annað betra, og þó oss verði boðið annað frumvarp, þá verða þó ávallt þeir formgallar til staðar, sem eg hefi hèr tekið fram. Eg skal nú ekki tala meira um þetta mál. Það fèllu hèr orð um það, að hinir konungkjörnu

þingmenn kynnu að halda með stjórninni, til þess þeir yrðu kosnir aptur. Eg verð nú að halda, að slíkt sè sagt fremur í spaugi en alvöru, og eg segi fyrir mig, að eg veit eigi, nema eg hefði getað orðið þjóðkjörinn, ef eg hefði gjört mèr mikið far um að reyna til þess. Eg veit heldur eigi til þess, að það hafi nokkurn tíma verið sagt, að eg færi eigi eptir sannfæringu minni.

Jón Hjaltalín: Eg álít það skyldu mína að lýsa því yfir, hvaða sannfæringu eg hafi í þessu máli. Við læknar skoðum pólitíkina nokkuð öðruvísi en lögfræðingarnir; þeir hanga í forminu, en því köstum við, eða bindum oss aldrei fast við þess háttar, en hugsum einungis um það, sem nytsamlegt er; formið varir stutt, en nytsemin varir um langan tíma. Í þessu máli virðist mèr menn fara um of eptir forminu; menn hanga í gömlum fororðningum og afdönkuðum lögum, en mèr finnst nú vera nær, að gæta að ástandinu, sem nú er, áður var og verða mun; þetta skoða eg nefnil. á líkan hátt og sjúkdómslýsingu; þar spyr eg, hvernig áður hafi liðið, nú líði, og hugsa um að reyna til að gjöra betra ástandið eptirleiðis. Hèr hafa margar ræður verið haldnar móti sannfæringu minni, og það jafnvel frá þeim mönnum, hverra skarpleik og vísindum eg ber mikla virðingu fyrir; yfir höfuð hefir komið fram of mikil hræðsla við ríkisþingið, því flestir þar hafa talað vel til vor og látið í ljósi velvilja til vor, og þá ósk, að vèr kæmumst áfram, og hvað getur betra verið? allir viljum við þó pota áfram, og ef svo er fyrir oss, þá ættum vèr að sporna móti öllu því, er aptra kynni þessum framförum, vèr megum gæta þess, að það er betri einn fugl í töskunni en 10 í lopti; eg segi fyrir mig, mèr finnst við ættum að reyna að komast úr því ástandi, sem nú er; það er aumt ástand, og því aumara verður það, því lengur það varir; vèr erum augnabliksins börn, sem komum hèr fram um stundarsakir og hverfum síðan þegar minnst varir; tökum því þessi gæði, er þau bjóðast, heldur í dag en á morgun; það eru sönn og fögur orð, er einn merkismaður hefir sagt: geymdu aldrei það til morguns, sem þú getur gjört í dag. Nú er spurningin: er þá gagnlegt eða eigi fyrir oss, að ganga að frumvarpi þessu? við því kveður nefndin nei, en þrátt fyrir þá virðingu, sem eg ber fyrir nefndarmönnum, get eg eigi haft sömu sannfæringu og þeir í því efni. Ef eg yfirvega stjórnarfrumvarpið rækilega, þá virðist mèr það gott; það er eigi við því að búast, að það sè alveg gallalaust. Enskur maður hefir sagt, að eigi finnist og eigi mundi finnast bók,

sem með öllu væri gallalaus, og svo er um frumvarp þetta. Það hefir mikið verið hnýtt í frumvarpið og meðal annars tekið til, að vèr kæmumst undir ríkisþingið, en er það þá ólukka? eg álít það eigi ólukku, þó ríkisþingið ráði nokkru um vor mál, því það mun vilja hjálpa oss áfram, að minnsta kosti get eg eigi álitið það í öllum málum vera oss til skaða. Er það skynsamlegt, að ætla að Danir vilji skaða fósturjörð vora, sem þeir játa að sè einn hluti Danaveldis? eg fyrir mitt leyti held, að ríkisþingið hafi allan vilja á að hjálpa oss áfram, ef það sæi, að við vildum sjálfir komast áfram, en þegar ríkisþingið sèr, að vèr viljum einungis dumma þetta og leitumst við að fara í vasa þeirra, þá er eigi við því að búast, að það taki málum vorum vel. Hvað ætli hinn hæstvirti forseti hefði gjört, ef hann hefði fengið sömu boð 1851, eins og oss eru nú boðin? (*Forseti*: Kastað þeim). Nei, það hefði hann ekki gjört; til þess er hann of skynsamur maður, en öllum getur yfirsèzt, og yfirsjónin hjá honum, er eg hræddur um, sè, að hann sè of mikið fyrir formúlur, en eg álít alls eigi, að það komi af nokkru illu fyrir honum. En vèr skulum nú gæta að ástandinu, eins og það nú er, og hvernig það var fyrir 8—900 árum síðan; þá var sannarlega ástandið í landinu allt annað, en það er nú; nú er allt að sökkva í kaldann klaka, tún eru orðin minni og verri, hèr er allt af lagt, sem áður var til framfara, svo sem saltgjörð, brennisteinsnámar, kornrækt og kvikfènaðarrækt, öllu þessu fer aptur, og það ætla eg sè einkum af þeirri ástæðu, að svo lengi hafa þeir menn ráðið yfir landi þessu, sem eigi hafa þekkt það og kunna eigi að brúka krapta þá, sem landið hefir að bjóða. Mèr finnst því eigi mega fresta því nokkra stund, heldur væri óskandi, að þetta væri þegar komið á, og ef eg væri þjóðkjörinn, mundi eg taka þetta enn skarpar fram og sízt vilja taka þá ábyrgð upp á mig, sem mèr virðist leiða af því, að hafna þessum framförum, sem oss nú eru boðin. Einn reyndur þingmaður tók það fram, að sú ógæfa kynni fyrir að koma, að Danir færu að leggja á oss skatta, ef vèr vildum gjöra þeim óaðgengilega kosti í máli þessu, og það eiga þeir næsta hægt með; þeir gætu til dæmis fengið af tóbaki einungis 16,000 rd., og hve mikil undur gætu þeir eigi fengið, ef þeir legðu toll á alla munaðarvöru, að eg eigi tali um krínólínur og klúta; eg held einungis, að Dönum væri hægt, að leggja á oss tolla, sem jafnvel næmu 100,000 rd., án þess vèr vissum af því, og þó eg nú hafi enga vonda trú á stjórninni, þá þykir mèr lík-

legt hún muni gjöra það, þegar hún sèr, hvað mikið við brúkum af óþarfa, og Danir vita sannarlega mikið vel, hvað mikill hann er. En setjum nú, að Danir færu að setja toll á útfluttar vörur, ætli það gæti eigi orðið æði-mikið fè? setjum svo, þeir legðu að eins 2 sk. á hvert ullarpund, þá mundi það verða 30,000 rd., og þar af fljótandi 60,000 rd., ef lagðir væru 4 sk. á hvert pund. Hver veit nema ríkisþingið fái þennan þanka, og þá gjörði það alveg rètt, því við eigum það sannarlega skilið; því mjög hefir oss farið aptur síðan á dögum forfeðranna; nú er eigi flutt hèðan vaðmál og vararfeldir, eins og þá var gjört, nú er flutt út úr landinu, án þess það sè unnið; vèr megum því í þessu heita sannir ættlerar, ef vèr eigi bráðum förum að gæta skynsemi í þessu. Mèr finnst Danir sýna oss mikla tilhliðrun, en svo mikils get eg eigi ætlazt til af þeim, að þeir haldi nú áfram við oss, ef vèr neitum sjálfsforræðinu. Mèr virðist Danir vilji fara hægt að oss, og svo hefi eg skilið öll stjórnarfrumvörp, sem fyrir þingið hafa verið lögð. Eg skildi eigi ræðu hins háttvirta forseta um daginn; hann sagði, að vèr hefðum engan þátt átt í ríkisskuldum nè tekjum ríkisins; eg vil biðja hann í þessu efni að líta í kirkjubækurnar undir árin 1805, þar getur hann sèð, hvort þetta sè oss alveg óviðkomandi; eg vil eigi heldur kasta hnútum að hinum háttvirta forseta, því eg virði hann manna mest. Eg álít það því mestu ábyrgð, að fara eptir uppástungu nefndarinnar, og eg vonast til, að henni snúist hugur áður en gengið er til atkvæða í máli þessu. Framsögumaður var að tala um þjóðvilja; já, hann þekkir hann víst vel síðan í kláðamálinu, þegar þjóðin vildi skera niður kindur hans. Þingmaður Barðstrendinga lèt í ljósi, að bænarskrárnar hrærðu samvizku hans til að vera með nefndinni, en eg held þó, að hinn hæstvirti forseti hafi eigi þessa meiningu um allar bænarskrár, sem komið hafa fyrir þingið; það hefur enn fremur verið sagt hèr í salnum, að konungur mundi eigi oktroyera frumvarpið upp á oss; en hvað á hann að gjöra, þegar hann kemst engan annan veg með oss? eg vil nú óska, að við losum konung vorn úr þessum vanda, með því að kveða já við frumvarpinu, því eg ímynda mèr, að sá komi tíminn, að vèr iðrumst þess, ef vèr eigi gjörum það; eg fyrir mitt leyti vil eigi að sú ábyrgð hvíli á mèr, sem eg ætla þetta mál muni hafa í för með sèr.

Þórarinn Böðvarsson: Eg stend eigi upp til þess, að eg ætli mèr, að breyta sannfæringu nokkurs manns, því til þess er tím-

inn orðinn of naumur hèðan af. Ræður manna eru og farnar að miða meira til annars, en að sannfæra. Það er orðið ljóst, hvernig fara muni við atkvæðagreiðsluna. Það getur engum dulizt, að það, sem ráðið hefir úrslitunum hjá nefndinni, er samþykkisatkvæðið. Stjórnarfrumvarpið er óaðgengilegt, og ýmislegt er það í ástæðunum, sem er óþýtt og fremur er til, að æsa huga manna, eins og einnig umræður sumra manna á ríkisþinginu í vetur. Eg get því eigi fyllt flokk þeirra manna, sem áfella svo mjög nefndina fyrir þann veg, er hún hefir valið. Eg get eigi neitað því, að mèr hefði dottið í hug að taka sömu stefnu, en við nákvæmari athugun hefði eg horfið frá því og tekið þá stefnu, sem eg nú vil taka. Samþykkisatkvæðið vil eg segja að við eigum, en eigi að eins til að mótmæla; ekki heldur í þeim skilningi, að atkvæði okkar eigi að gilda á móti boði og vilja konungs, nè heldur í þeim skilningi, að ríkisþingið eigi að lúta okkur í þeim málum, sem eru sameiginleg fyrir allt ríkið. Stjórnin hefir sjálf viðurkennt þetta með því að vera að leita eptir þessu samþykki voru í 20 ár, og hefir hún eigi til þessa þröngvað neinu að oss, eins og nú er talað um. Eg álít eðlilegt, að við eigi fáum því framgengt, sem stríðir móti grundvallarlögunum, og engin ástæða til að fara fram á slíkt. Nú er þá að hugleiða þennan mikla mun, sem menn láta vera á samþykkis- og ráðgjafaratkvæði. Þótt vèr hefðum samþykkisatkvæði, þá væri eptir að fá samþykki konungs, og í þeim sameiginlegu málum jafnvel ríkisþingsins um það, er snertir rèttarsvið þess. Ríkisþingið og alþingi eru tveir málspartar; ríkisþingið hefir samþykktaratkvæði, en alþingi að eins ráðgjafaratkvæði. Þetta er að vísu ójafnt, en ráðgjafarþingi er eigi vandfarið; eg vil spyrja: er nokkuð misst við það, þótt látið sè í ljósi álit sitt um eitt mál, eins og ráðgjafarþing er skyldugt til? Alþingi hefir að minnsta kosti rètt sinn til bæna, en af því það eigi hefir samþykktaratkvæði, getur það ekkert samþykkt. Hefði þingið fullt samþykktaratkvæði, þá hefði það spilað öllum þeim rètti úr hendi sèr, sem það stæði af; þó það þar á móti láti í ljósi álit sitt sem ráðgjafarþing, spilar það engu úr hendi sèr, meðan það ræður eigi til þess, sem er á móti rèttinum. Til þess nú að nota þetta og reyna til að skerða eigi rètt landsmanna, þá mætti að lokum biðja um, að frumvarpið yrði eigi lögleitt, nema allar breytingar við það verði teknar til greina. Mótmæli þau, er komið hafa gegn breytingaratkvæðum okkar þriggja, eru óveruleg; hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði,

að greinir úr grundvallarlögunum ættu eigi hèr við, en þetta sparar það ómak, að birta grundvallarlögin öll, sem að mörgu leyti eiga hèr eigi við, og sýnist það vera eðlilegast. Honum þótti og árgjaldið of hátt, en við uppástungumenn tókum þessar tölur, einmitt af því að þær eru hinar sömu, sem stjórnin hafði, þegar hún lagði mál þetta fyrir ríkisþingið, og urðu hinar sömu, sem ríkisþingið samþykkti. Að öðru leyti skal eg geta þess, að eg vil hafa mikið tillit til þess, hvað hinn hæstvirti konungsfulltrúi leggur til þessa máls, því mèr getur ekki dulizt það fremur en öðrum, að hann starfar að því af bezta vilja við landsbúa.

Framsögumaður: Eg vona, að ræður þingmanna fari nú að styttast; þær munu víst litlu áorka hèðan af; og ef það er satt, sem Macaulay segir, að það sè einsdæmi, að nokkru þingi hafi verið snúið með ræðum á þingi undir Karli 2., þá býst eg eigi við, að ræður minar eða annara þingmanna snúi þingmönnum frá sannfæringu sinni. Eg ætla mèr að eins að svara nokkrum orðum hins 2. konungkjörna þingmanns. Hann sagði, að jafnrèttis vors væri gætt í frumvarpinu, þar sem oss væri gefinn kostur á, að senda fulltrúa á ríkisþingið, en eg vona allir sjái, hversu fjarstætt slíkt er öllu jafnrètti; því að þótt vèr fáum rètt til að senda menn á ríkisþingið, til að ræða hin sameiginlegu mál, þá verða okkar atkvæði að eins 3—4 á móti 150, og þetta er þó sannarlega eigi jafnrètti; þetta er svo augljóst, að það ætti eigi að þurfa að taka það fram. Það var og annað atriði hjá sama manni, er eg vildi minnast á; það er skylda vor, að taka þátt í vörn ríkisins, sem beinlínis er tekin fram í 61. grein stjórnarskrárinnar, og sem einnig hlýtur að felast í þessu frumvarpi; og eptir því getur ríkisþingið lagt útboð á Ísland, þegar því þóknast. En útboðsskylda hefir aldrei legið á Íslendingum, og þeir hafa aldrei undir hana játazt; það hefir reyndar nokkrum sinnum verið reynt, að koma henni á, og seinast 1857, en því hefir jafnan verið mótmælt. Danir eru aptur á móti skyldir að verja oss; en það er annað mál, hversu hart vèr göngum að þeirri kröfu, þegar vèr sjáum, að þeir geta það eigi, og vèr vitum, að þeir geta það eigi, þeir geta eigi svo mikið sem varið oss fyrir óskunda útlendra fiskimanna, því síður meira. Það þykir mèr sannarlega merkilegt, að þeir menn, sem 1867 ætluðu, að hið fasta árstillag Íslands mætti eigi vera minna en 60,000 rd., skuli nú gjöra sig ánægða með 30,000 rd., eigi fastara, en það er í frumvarpinu, og svo 20,000 rd. í nokkur

ár. Eg vil eigi drótta því að nokkrum manni, að hann eigi greiði atkvæði eptir sannfæringu sinni, en þetta er vissulega nokkuð hvikul sannfæring, og ef árstillagið er látið vera óákveðið, þá er ríkisþinginu innan handar að svipta oss því, hve nær sem því þóknast, og þá er réttur vor enginn. Það er sannarlega illa gjört og rangt, að bera það á nefndina, að hún berji skoðanir sínar fram blákalt, eða að bregða henni um, að hún eigi hafi þor til að halda fram kröfum sínum, þegar hún einmitt til miðlunar og sátta hefir hliðrað til, og látið sèr nægja það eitt, sem vèr ætlum að Íslendingar geti komizt af með. Eg skal fúslega láta af skoðunum mínum, ef eg heyri einhverjar nægar ástæður fyrir því, að þær sèu rangar; en meðan eg engar heyri, verð eg að halda þeim, og eg hefi enn eigi heyrt neinar ástæður bornar fram af hinum konungkjörnu þingmönnum, og verð því að telja, að þeir berji skoðanir sínar blákalt fram, að minnsta kosti öllu fremur en nefndin. Ef nefndin hefir eigi haft rétt til að færa niður kröfur sínar, þá er þingmönnum innanhandar að taka þær upp. Þar sem hinir konungkjörnu þingmenn segja, að þeim sè eigi um að kenna, þótt málið falli niður, og þykjast því lausir allrar ábyrgðar, þá er þó ábyrgðarhluti þeirra eigi eins lítill, eins og þeir vilja láta hann vera. Það lítur reyndar svo út, sem þeir álíti skyldu sína, að fylgja stjórninni, hverju svo sem hún fari fram, rètt eins og þeir væru orðnir konungsfulltrúar, og þá væru konungsfulltrúarnir orðnir 7 eða 8 á þinginu, en eg vissi eigi nema af einum; en konungsfulltrúinn hefir aðra stöðu hèr á þingi en hinir konungkjörnu þingmenn, og verður opt eptir stöðu sinni að bera í bætifláka fyrir ýmislegt í uppástungum og frumvörpum stjórnarinnar, sem eigi er skoðun hans samkvæmt; en að hinir konungkjörnu þingmenn geti skoðað sig í þessari stöðu, það yfirgengur minn skilning. Hinir konungkjörnu þingmenn eru kosnir af konungi, eigi sem fulltrúar eða verjendur stjórnarinnar; þeir eru öldungis eins fulltrúar þjóðarinnar eins og hinir þjóðkjörnu þingmenn, og þeir hafa alla hina sömu skyldu, að berjast fyrir rèttindum og hagsmunum þjóðar sinnar, og hinir. Þegar það hefir verið sagt, að hinir þjóðkjörnu þingmenn höfnuðu frumvörpunum af því, að þeir kynnu eigi að meta sjálfsforræðið, þá verður þess að gæta, sem eg er margbúinn að taka fram, að hèr er um ekkert sjálfsforræði að gjöra í raun og veru, heldur er það sjálfsforræði, sem nú er boðið, nafnið eitt; frumvarpið ber það með sèr, og til að sannfærast um það, þarf

eigi annað en líta á 7. greinina. Þingmaður Rangæinga gat þess, að einhver ósýnilegur andi hefði hvílt yfir nefndinni, og gat eg eigi öðruvísi skilið það en svo, að hann beindi því til hins háttvirta forseta (*Grímur Thomsen*: Rètt), að hann hefði ráðið öllu hjá nefndinni, og sagt fyrir hvað hún skyldi gjöra; en þá gæti eg með jafnvel meira rètti sagt, að einhver ósýnilegur andi utan yfir hafið hefði sviflð yfir honum. Það er vitaskuld, að nefndin eigi er skyld til að finna upp neitt nýtt, heldur hitt að fylgja sannfæringu sinni og styðja hana með nægum rökum, og kemur þá eigi til greina, hvort hún fylgir skoðun einhvers annars manns, eða eigi.

Það er búið að ræða mál þetta svo vandlega, bæði hèr á þingi, og einkum í ritum, að allir þingmenn eru búnir að fá vissa og fasta sannfæringu í því, og þótt sannfæring eins eða fleiri þingmanna sè eins og einhvers þess manns, sem eins mikið hefir starfað að málinu og forseti hefir gjört, þá er engan veginn með því sagt, að þessi maður hafi ráðið hugsun og sannfæringu manna í þessu efni. Þegar menn lesa það, sem ritað er um eitthvert mál, og hugsa um það, þá myndast sannfæringin, annaðhvort með eða mót; en það er allt annað, en að menn gangi öldungis í blindni eptir orðum annara. Þingmaður Rangæinga sagði og, að ef þingið kastaði frá sèr frumvarpinu, þá mundi stjórnin gjöra það óbreytt að lögum að okkur fornspurðum; þetta kalla eg að gjöra stjórninni gersakir. Eg hef það traust bæði til hans hátignar konungsins og stjórnar hans, að hann ekki muni gjöra frumvarpið að lögum, þegar hann sèr, að þingið telur það hvorki gott nè haganlegt fyrir landið. En þótt nú svo færi, að frumvarpið yrði lögleitt, þá fengju þó mótmælendur nefndarinnar vilja sinn, og ef það þá reyndist gott, mundi ekki verða beðið um breytingar á því; en reyndist það nú óhaganlegt fyrir landið, hvort mundi þá hægra að fá því breytt eptir á, ef það væri samþykkt nú, heldur en ef þingið nú rèði frá því, að frumvarpið yrði lögleitt? Eg held, að það sè auðsèð, að það er hægra að fá því breytt eptir á, ef þingið ekki samþykkir það. (Nokkrir: Nei). Jú, það er auðsèð, því stjórnin gæti sagt og það með rèttu: þið hafið samþykkt þetta, og við getum því ekki breytt því, og þurfum alls eigi að breyta því. Ef stjórnin færi að leggja á tolla, þá gjörir hún það þvert ofan í alþingistilskipunina, ef frumvarpið er eigi samþykkt af þinginu; en verði frumvarpið gjört að lögum, þá hefir hún fulla heimild til þess, að leggja á tollana. Þingmaður Rangæinga vatt því og að

mèr, að eg væri »inconseqvent«, þar sem eg, þegar kláðamálið var hèr til umræðu á þinginu um daginn, hefði sagt, að það væri varlega gjörandi fyrir þingið að breyta svo frumvarpi stjórnarinnar í málinu, að hún gæti ekki gengið að því, en yrði að »oktroyera« lögunum, ef hún vildi hafa þau fram; en þetta er hreinn misskilningur hjá honum, því eg skil í fyrsta lagi eigi í því, hvernig því máli verður jafnað saman við þetta; því að hèr er allt öðru máli að skipta, en auk þess er það, að með því að þetta frumvarp er svo úr garði gjört, að það er óaðgengilegt með öllu, þá vil eg engar breytingar við það gjöra, heldur ráða frá því með öllu. Hann sagði og, að eg hefði brugðið hinum konungkjörnu um þrekleysi; þetta er ranghermt af honum, því það hefi eg alls eigi nokkru sinni gjört; heldur sagði eg, að hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að Íslendingar þyrftu mikið þrek til, að taka við sjálfsforræði, en eg bætti því við, að ef þeir væru einhverjir, er hefðu eigi þrek til þessa, þá væri miklu rèttara fyrir þá að segja hreint út, að vèr gætum eigi tekið við sjálfsforræði, heldur en að berjast fyrir því, að vèr eptir þessu frumvarpi fengjum það sjálfsforræði, sem vèr eigi æsktum, eða æskjandi væri. Hvort mig vantar greind og gætni, eins og hann sagði, til þess að ræða þetta má, álít eg hann ekki færan að dæma um; því að hann hefir sannarlega ekki þann lykil vizkunnar, að honum einum sè trúandi fyrir að dæma um slíkt, eða skera úr því, hver sè fær að ræða þetta mál. Hver þingmaður hefir rètt til að fylgja sannfæringu sinni, og hann treystir sèr sannarlega of vel, ef hann þannig ætlar að setja sig sem dómara yfir 26 þingmenn. Ræðu hins 4. konungkjörna þingmanns þarf eg ekki að svara; því henni er þegar áður svàrað, enda hefir hann og flutt hana að minnsta kosti tvisvar áður, og játaði hann það sjálfur, að hún væri að eins endurtekning. Hvorki nefndin eða þingið 1867 vildi í minnsta máta skerða rètt Dana; vèr viljum einungis hafa jafnrètti; þar sem hinn 4. konungkjörni þingmaður gjörði ráðgjafann að Referent og landstjórann að ráðgjafa, þá er þetta öldungis nýtt, og hefir engum svo eg til viti dottið slíkt í hug fyr, enda er það og eitthvað öfugt; því að ráðgjafi getur aldrei orðið tómur »Referent«. Hann talaði og um gæði frumvarpsins, en hver eru þessi gæði? þau, að stjórnin brjóti rètt vorn á bak aptur og láti ríkisþingið leggja á oss tolla. Eg skal alls ekki álasa ríkisþingi Dana, en eg álít, að við höfum eins mikinn rètt til að tala um það, eins og það hafði í vetur að tala um oss;

eg veit að þar hafa margar velviljaðar raddir talað máli voru, en allt um það, þótt þeir vildu að vèr mettuðumst og klæddumst, þá styrktu þeir oss þó ekki neitt til þess. Eg lái heldur eigi Dönum, þótt þeir vilji komast hjá fjárútlátum við oss sem mest þeir geta, en eg get ekki ætlað þeim það, að þeir neiti oss um rètt vorn, þegar ljós rök eru að því leidd, að vèr höfum á rèttu að standa, og eigum töluvert fè hjá þeim. Út af því, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að munurinn á ástandi voru nú og fyrir 8 öldum síðan væri stjórninni að kenna, þá vil eg minna hann á, að fyrst hann viðurkennir að svo sè, þá verður hann og að játa, að það stendur stjórninni þá næst, og er bein siðferðisleg skylda hennar, að koma oss aptur á fót. Þar sem hann sagði, að vèr værum eigi skyldir að fara eptir bænarskrám þeim, sem til þingsins koma, þá get eg ekki verið honum samdóma að öllu leyti; vèr megum þó ekki fleygja frá oss bænarskrám þeim, sem landar vorir senda til þings, því til hvers erum vèr kosnir? Eg held til þess, bæði að fara eptir þeim og sannfæringu vorri. Vèr erum sannlega eigi komnir á þing til þess, að álíta oss hina einu Íslendinga, sem vit hafi á málum vorum; vèr verðum að muna eptir því, að þeir eru margir heima í hèruðum, sem hafa eins mikið vit á málunum og vèr, og vèr höfum vissulega ekkert leyfi til, að fleygja skoðunum þessara manna sem öldungis skökkum, eða að vèr sèum hafðir upp yfir skoðanir þeirra, og þær verðskuldi því eigi að koma til neinna greina. Þess vegna erum vèr skyldir til að íhuga þessar bænarskrár vel, og komi sannfæring vor saman við bænarskrárnar, þá er það styrking fyrir sannfæringu vorri. Viðvíkjandi því að hinn háttvirti þingmaður Gullbringusýslu gat þess, að nefndin hefði gengið út frá því, að vèr hefðum samþykktaratkvæði, þá er þetta eigi annað en misskilningur hjá honum, því að nefndin á við það einungis, að Íslendingum bæri samþykkisatkvæði, en segir jafnframt, að alþingið sè svipt því að þessu sinni.

Pètur Pètursson: Eptir að þingmaður Rangæinga var dauður, bað hann mig að skila því til hins háttvirta forseta, að í verzlunarsamningnum milli Danmerkur og Belgíu 4. des. 1863 hefði það verið áskilið, að hann skyldi leggjast fyrir ríkisþing Dana. Um málið sjálft ætla eg lítið að tala, því allir munu nú vera búnir að koma sèr niður á, hvernig þeir ætla að greiða atkvæði. Þess skal eg þó geta, sem hinn háttvirti framsögumaður beindi að mèr í

ræðu sinni. Hann hafði rangskilið orð mín um daginn, þegar eg sagði, að það þyrfti þor og þrek til að taka við sjálfsforræði — og sagði jafnframt, að eg hefði breytt sannfæringu síðan 1867, og svara eg því eigi öðru en því, að mèr þykir engin minnkun í því vera, að láta sannfærast eða breyta sannfæringu minni einnig um pólítísk mál, þegar eg fræðist betur um þau. Eg get ekki sagt, eins og haft er eptir einum manni, að hann væri ekki kominn hèr til þess að láta sannfæra sig. Þar sem eg talaði um »þor og þrek», þá meinti eg það nefndinni til afsökunar — að hún vildi eigi taka við stjórnarfrumvarpinu; það, að Íslendingar eigi myndi hafa nógu mikið þor og þrek til bera til sjálfsforræðis, hefði ráðið úrslitum nefndarinnar, þó þau yrðu eins óheppileg, eins og allir vita, og hún valið eins óheppilegan veg til þess, eins og hún hefir gjört. En þor og þrek er dyggð, sem hefir sína afvegi til beggja handa, eins og hver önnur dyggð. Annars vegar er hugleysi og ragmennska, en hins vegar er þrjózka og þrályndi. Og þá vil eg segja, að það þarf líka þor og þrek til þess, að hafna því sjálfsforræði, sem oss er framboðið, eins og nefndin hefir gjört, og taka á sig þá ábyrgð fyrir öldum og óbornum, sem því er samfara, að hafna slíkum gæðum fyrir fósturjörð sína, og í þessu efni öfunda eg ekki hinn háttvirta framsögumann, þótt hann hafi meira þor og þrek en eg. Þess hefir verið getið, sem ástæðu fyrir því, að þingið ætti að hafna frumvarpinu, að svo margar bænarskrár hafa komið utan af landinu í sömu átt. Því verð eg að svara því, að það er gott, að hafa þessar bænarskrár eins og þeytispjald til þess að reka áfram sínar skoðanir, þótt við litlar ástæður hafi að styðjast. En þess ber að gæta, að flestar þessar bænarskrár eru svo til komnar, að einstaka menn, sem hafa meiri eða minni Interesse af pólitík, munu hafa komið þeim á gang, en engan veginn almennur þjóðarvilji, því einn þingmaður hefir sagt mèr, að í sínu kjördæmi muni að eins hafa verið 1 eða 2 menn, sem skipt hafi sèr af pólitískum málum, og þaðan er þó víst komin ein bænarskrá með mörgum undirskriptum. Einn heiðvirður þingmaður sagði við undirbúningsumræðuna, að rödd fósturjarðarinnar hljómaði fyrir eyrum sèr og hlyti að hljóma fyrir eyrum þingmanna í þessu máli. Það er satt, að rödd þessi er fögur, og fegurri, ef til vill, en rödd bænarskránna, en hún er þó eigi svo, að eigi geti hún misskilizt; og menn verða því að varast, að láta sèr heyrast, að hún segi nei, þegar hún í raun og veru segir »já».

En það er líka til röddd skynsemi og rólegrar íhugunar, og hún vona eg að ryðji sèr til rúms, þegar hin afarmikla tilfinningar-suða er horfin frá eyrum manna, en sem nú virðist að hafa hrifið suma svo fjarskalega, að þeir eigi ráða sèr. Það lái eg engum, þótt hann fari eptir sannfæringu sinni, hvort sem hann er þjóðkjörinn eða konungkjörinn, ef hann að eins er sannfærður um það, sem hann hyggur vera sannfæringu sína, og hún er byggð á góðum rökum og skynsamlegum ástæðum; en hitt heimta eg, og hefi til þess hinn fyllsta rètt, að hver og einn fram setji sannfæringu sína með þeirri kurteisi bæði sem siðuðum mönnum yfir höfuð sæmir, og eins ekki sízt, þegar bera á sína sannfæringu fram fyrir hans hátign konunginn. Jú, eigi allir menn kurteisi og mannúð skilið, sem enginn efast um, þá ekki sízt stjórnin. En eg vil spyrja, hvort það sè samboðið þeirri virðingu, sem þegnarnir eiga að bera fyrir stjórn sinni, að segja við stjórnina: Vèr viljum ekkert hafa af því, sem þú býður oss; vèr viljum fleygja frumvarpi því til sjálfsforræðis, sem þú af náð þinni og mildi veitir oss, í heild sinni framan í nasir stjórnarinnar. Að sjálft frumvarpið einskorði rètt vorn undir ríkisþing Dana, eins og einn þingmaður sagði, þá er þetta alveg rangt, heldur er það í tilliti til ríkisþingsins. Ef vèr nú fleygjum málinu framan í stjórnina, þá er tvennt til: annaðhvort verður því octroyerað, ellegar allt situr við það, sem nú er. Úr hinu fyrra gjöri eg nú ekki svo mikið, það er ekki svo hræðilegt í mínum augum, því einnig alþingistilskipuninni var octroyerað upp á oss, því tillögur nefndar þeirrar, er lögðu grundvöll hennar, voru ekki nærri því allar teknar til greina, og þó hefir hún engin mótmæli eða óvilja vakið meðal Íslendinga. En ef nú stjórnin ekki octroyerar, þá lendir allt við það, sem nú er; alþingi kemur saman 1871 sem ráðgjafaþing, eins og að undanförnu. Nú höfum vèr beðið um mikið fè úr ríkissjóði, og hvað verður úr því? Annaðhvort verður stjórnin að leggja þessar bænarskrár til hliðar ellegar að leita á náðir ríkisþingsins, og ríkisþingið væri þá ekki eins og því hefir verið lýst hèr á þinginu, ef það ekki vildi spara sem mest við oss fjárveitingar, og þá liggur í augum uppi, að ríkisþingið fer að litast um og hugsa sig um, hvort ekki muni vera hægt að ná þessu eða álíka miklu fè frá oss með skattaálögum óbeinlínis; og lögin væru alls eigi fyrir það brotin, ef alþingi væri fyrst spurt að. Það álít eg reyndar neyðarúrræði, að þurfa að segja þingmönnum frá þessu, en þegar

svona er komið, sem komið er, þá get eg eigi látið vera að geta þess, sem fyrir liggur, því að þessar raddir heyrðust þegar í vetur á ríkisþinginu. Framsögumaður sagði, að vèr fengjum ekki jafnrètti með því að hafa 4 eða 5 menn sem fulltrúa vorra mála á ríkisþingi Dana; út af því vildi eg mega spyrja hann, hvort hann hugsar sèr, að þá fyrst hefðum vèr jafnrètti, ef vèr hefðum þar eins marga fulltrúa eins og Danir. Annars svara eg þessum heiðraða þingmanni eigi fleiru, því það mætti æra óstöðugan, að elta allar mótsagnir hans í þessu máli.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti varaforseti spurði mig, hvort eg ætlaði, að vèr Íslendingar hefðum þá fyrst jafnrètti við Dani, er vèr hefðum jafnmarga fulltrúa á ríkisþinu og þeir, þá vildi eg svara honum því, að þá fyrst tel eg að vèr höfum jafnrètti við Dani, þegar atkvæði vort í hinum sameiginlegu málum hefir sama gildi sem Dana, þegar atkvæði alþingis hefir sama gildi og atkvæði ríkisþingsins; en það er ekkert jafnrètti, þótt vèr ættum svo sem 3 eða 4 fulltrúa á ríkisþinginu, og til þess að hafa þar jafnmarga fulltrúa og Danir held eg að enginn Íslendingur ætlist eða óski. Þetta vona eg að þingmaðurinn skilji, og hann þurfi ekki að hártoga orð mín alveg að ástæðulausu. Það mætti víst engu síður æra óstöðugan að svara öllu því, sem þessi heiðraði þingmaður hefir borið fram gegn oss nefndarmönnum, eins og að svara mèr, enda eru margar mótbárur hans og hinna annara konungkjörnu þingmanna í raun og rèttri veru ekki svaraverðar, þó skal eg svara nokkrum orðum fáeinum af mótbárum þessum. Hann sagði, að bænarskrárnar væru samdar af einstöku mönnum og aðrir hefðu skrifað undir þær sem viljalaus verkfæri — þessi var meining orða hans — en þá má eg spyrja: Eru þingmenn hèr einir skynsamir? Geta ekki forgöngumenn bænarskránna einnig verið skynsamir, og það eins skynsamir og sumir hèr á þinginu? Jú, sannarlega. Vèr höfum eins mikla ástæðu til að meta raddir einstakra manna út um landið, ef þær eru samkvæmar vorri sannfæringu, hvers um sig, eins og raddir þingmanna hèr á þinginu. Hann talaði um rödd skynsemi, og benti þar með til þess, að hèr meðal nefndarflokksins á þinginu væri rödd óskynseminnar. Er þetta til þess að vekja sátt og samheldnisanda? Nei, þetta er til þess að vekja ofurkapp og æsingar. Eg vona til, að hver láti þá skynsemi, sem guð hefir honum gefið, ráða hèr í máli þessu, og það er hin mesta ósvinna, að koma með slík orð hèr inni á þingið. Allir þingmenn

hafa víst hugsað mál þetta svo vel, sem þeim var unnt, og þótt þingmaðurinn tali um einhverja tilfinningarsuðu, er bæli niður skynsemisröddina hjá þingmönnum, svo þeir rekist áfram af blindri ættjarðarást, þá hvarflar víst einhver önnur eins suða fyrir eyrum hinna konungkjörnu þingmanna, þótt hún, ef til vill, sé úr annari átt. Eg verð að segja, að það þarf víst eins mikið þor og þrek til þess að hafna og kasta frá sèr um aldur og æfi öllum lögleg-um rèttindum vorum með því að hepta rèttindi Íslendinga með frumvarpi þessu, eins og til þess að hafna frumvarpinu, eins og það er; vèr nefndarmenn höfum og engu meiri, nema miklu minni þrjózku sýnt í aðferð vorri heldur en hinir háttvirtu herrar, konungkjörni flokkurinn. Hnífilyrðin byrjuðu hjá mótmælendum nefndarinnar, og ef nokkur stífni er komin í málið, sem reyndar alls eigi er frá minni hálfu, þá geta hinir konungkjörnu þingmenn sannarlega kennt sjálfum sèr um. Eg get eigi sèð, að það sè nokkur ókurteisi, að biðja konung vorn allra-þegnsamlegast um, að þetta frumvarp ekki verði löggilt, eins og það liggur hèr fyrir. Það er víst ekki að kasta framan í stjórnina, eins og þingmaður þessi sagði. En vilji þingmaður taka ástæðurnar skýrar fram í álitsskjalinu til konungs, en gjört er í nefndarálitinu, þá er eg fús til að reyna það. Dæmi það, sem hann tók af alþingistilskipuninni var með öllu óviðkomandi þessu máli. Hún var rædd á lögskipaðan hátt á standaþingunum í Danmörku, og öðruvísi gat það ekki verið, og því var henni eigi »oktroyerað» upp á Íslendinga. Meira tala eg eigi að þessu sinni.

Forseti: Þar eð eigi fleiri taka til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og bið eg þá þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem þeir munu hafa prentaða fyrir sèr. (Sjá II., bls. 310).

Forseti: Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið, og fleiri mál eru eigi á dagskránni. Eg ákveð fund á morgun kl. 12, og segi þar með Fundi slitið.

---

38. fundur — 8. september.

Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið brèf frá konungsfull-

trúa, og skýrði hann frá því í brèfinu, að hann sökum anna sæi sèr eigi fært að koma á dagfund, og að hann hefði falið hinum öðrum konungkjörna þingmanni störf sín í fjærveru sinni.

Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin upp og samþykkt.

Forseti: Í dag kemur til undirbúningsumræðu málið um, að skylda fastakaupmenn til að vera búsettir á Íslandi; framsögumaður er þingmaður Árnesinga, og mun hann lesa upp nefndarálitið, og skýra frá málinu svo sem þörf er á.

Framsögumaður (*Benedikt Sveinsson*): Eg skal leyfa mèr að lesa nefndarálitið. (Sjá II., bls. 316).

Við inngangsumræðu þessa máls, sýndi þingið, að það var málinu mjög hlynnt, með því, sem sjaldgæft er, að skipa nefnd í það án þess nokkur ein einasta mótbára kæmi fram, ekki einu sinni frá konungsfulltrúa-stólnum; eg skal því eigi lengja umræðurnar með því að mæla frekar fram með því að sinni, enda mælir það nógsamlega með sèr sjálft.

Eiríkur Kúld: Þetta mál hefir áður verið hèr til meðferðar á þingi, en var þá fellt; en hvað nú viðvíkur uppástungu þessarar nefndar, þá veit eg það, að nefndinni hefir gengið gott til með henni, og það hefir vakað fyrir henni, að peningar dragist eigi út úr landinu, en á hinn bóginn virðist mèr þetta töluverð takmörkun á frelsi kaupmanna, og þó svo væri eigi, þá verður hægt að fara í kring um þessi lög, því kaupmaður, sem búsettur er í öðrum löndum, á hægt með þetta; hann þarf eigi annað en segja við faktor sinn hèr: þú skalt láta eins og þú eigir allt, sem þú hefir handa á milli. Líka er það, ef þetta kæmist á, að lausakaupmenn yrðu enn hættulegri fyrir fastakaupmennina en þeir eru nú. Um þetta óskaði eg að fá upplýsingar hjá framsögumanni, hvort nefndin hefir íhugað þessi vandkvæði.

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að nefndinni voru fullkomlega ljós atriði þau, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga nú tók fram, enda komst hún eigi í hinn minnsta bága við þau, þegar rètt er álitið. Eg vil biðja þingmenn aðgæta þess, að það tjáir alls eigi að berja í vænginn fyrir takmörkun á frelsi kaupmanna, þegar um framfarir landsins og heill þjóðarinnar er að tefla, því hvort það laga-band, sem lands og lýða heill er undirkomin, getur eigi verið takmörkun á frelsi kaupmanna, heldur á sjálfsforræði þeirra. Gæti þingmaðurinn þess, að kaupmennirnir eru fyrir landið, en landið eigi fyrir þá. Jú, kaupmennirnir eru ómissandi

eign landsins og þjóðarinnar, og að þessu stefnir nefndin; þar á móti ætlaði hún sèr aldrei að verja þeim út úr landsteinunum eða banna þeim heimili erlendis, ef þeir að eins væru að lögum búsettir menn á Íslandi. Að svikum verði beitt á móti þessum lögum, já slíkar gersakir á móti kaupmönnum sanna ekkert, enda má brjóta öll lög til að baka sèr hegningu, og skaða, en það vilja kaupmenn ógjarna. Spurningin um lausakaupmenn á hèr alls eigi við, en eg má segja hinum háttvirta þingmanni, að lausakaupmenn yrðu þá fyrst nytsamir fastakaupmönnum, ef nefndarinnar vilji fengist. En nefndina skorti bæði tíma, tækifæri og upplýsingar til að semja frumvarp um mál þetta, sem gjörði þetta samband skiljanlegt, og fór hún því að eins fram á, að frumvarp yrði lagt síðar fyrir þingið um málið í heild sinni.

Ólafur Pálsson: Eg er á sama máli og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga, að eg skil eigi það sè ráðlegt, að fá lagaboð í þá stefnu, sem nefndin fer fram á í niðurlagsatriðum sínum. Í fyrsta lagi sè eg eigi, hvernig því geti orðið komið í verk, og í öðru lagi virðist mèr, að það sè talsverð takmörkun á frelsi kaupmanna; menn verða að gæta þess, að þó eitthvað sè landinu í hag, má það eigi ganga út fyrir þau takmörk, sem eðlilega eru sett fyrir frelsi annara. Eg skil eigi heldur að þetta sè í raun og veru í rètt skilinn hag fyrir landið, og get eg fært mörg dæmi fyrir því, að þeir kaupmenn hafa verið hvað gagnlegastir Íslandi, sem búsettir hafa verið erlendis. Dæmin um það eru hvorki langt til baka í tímanum nè fjærri þessum stað, og eg gæti hæglega tilgreint þau. Mèr virðist heldur eigi girt fyrir það með þessu, að peningar flytjist út úr landinu, og þurfa menn eigi annað, en líta í skjöl á skrifstofu landfógetans, til að sannfæra sig um það, að sumir búsettir kaupmenn hèr í bænum, og það hinir heiðarlegustu, senda eptir tiltölu jafnmikla peninga úr landinu og hinir, sem eigi eru hèr búsettir. Ef þetta er þannig, sè eg eigi hvað unnið er með slíkum lögum, sem hèr ræðir um, og þangað til eg verð sannfærður um hið gagnstæða, verð eg að halda þeirri skoðun. Eg get ekki fallizt á, að út komi lög í svo ófrjálslega stefnu.

Þórður Jónasson: Eg verð að taka í sama strenginn og hinn heiðraði fulltrúi Barðstrendinga; eg er samdóma honum í því, að nefndinni gengur gott til, og að það er í alla staði æskilegt, að kaupmenn vorir eigi hèr í landi fastan bústað, enda var upphaflega svo tilætlað, að kaupmenn þeir, sem vildu verzla á Ís-

landi, hèldu þar dúk og disk, en það leið eigi á löngu, áður en þessu yrði breytt með opnu brèfi frá 1. júní 1791, og þetta hefir síðan haldizt við, ekki af því, að þetta ástand þyki æskilegt, heldur hins vegna, að þessu verður ekki öðruvísi fyrir komið eptir því sem hèr stendur á, og einkum vegna fjarlægðar þeirrar, sem Ísland er í við önnur lönd. Af henni leiðir, að kaupmenn vorir, ef þeir eiga að sitja hèr úti, verða að hafa fulltrúa erlendis, sem selji og kaupi vörur þeirra, en þetta er fyrir þá bundið miklum kostnaði, auk þess aðÖhèr gildir orðatiltækið, að sjálfs er höndin hollust.

Eg álít því með þingmanni Barðstrendinga uppástunguna ópraktiska, því hlutaðeigendur geta alla vega farið í kring um hana, t. a. m. með því að taka verzlunarfulltrúa sinn í fèlag við sig, og að öðru leyti getur leitt af uppástungunni, að verzlun hèr á landi yrði mestmegnis «speculanta»-verzlun, en að hin fasta verzlu legðist niður, og hennar getur landið ekki án verið; yfir höfuð eru margir og yfirgnæfandi annmarkar á uppástungunni, svo eg get með engu móti mælt fram með henni, og held hún yrði, þó henni yrði framkvæmt, þýðingarlítil, ef ekki þýðingarlaus, og að vísu fengi hún ekki þá þýðingu, sem uppástungan ætlast til, en miklu heldur þá gagnstæðu.

Jón Pètursson: Í flestu er land vort aumt; nú á það að vera ómögulegt, að koma hèr á «activ»-verzlun, og «activ»-verzlun á að vera verri hèr á landi en «passiv»; það verður að vera einhver sèrstök ástæða, sem hèr á heima, en hvergi annarstaðar, er gjöri það hèr ómögulegt, sem þó er annarstaðar um allan heim álitið bæði gagnlegt og mögulegt; það þarf að sanna þetta. Fjarlægð landsins frá öðrum löndum sannar það ekki; sum lönd önnur eru og afskekkt. Að vísu kynni mega fara í kring um þessi lög hèr, en svo má og gjöra alstaðar annarstaðar, og þó álíta aðrar þjóðir slík lög nauðsynleg; það má og fara í kring um öll lög, og þó eru lögin eigi ónauðsynleg. Þótt nokkrir kaupmenn hafi unnið landinu gagn, án þess að vera búsettir hèr, þá er það engin sönnun fyrir því, að þeir eigi hefðu unnið landinu meira gagn, ef þeir hefðu verið búsettir í landinu. Sumir segja, að öll vezlun muni falla um koll við þetta, ætli enginn vilji þá framar ábatazt? hèr á landi eru nú og nokkrir fastir kaupmenn. Það er skrýtið að tala um, að þetta verði til að tálma fyrir frelsi útlendra kaupmanna; gætum að því, að enginn þarf að koma hingað frekar enn hann vill, þeir eru frjálsir fyrir

því, þó þeir eigi mættu hafa oss fyrir fèþúfu. Yfir höfuð vona eg að þingið finni eigi ástæðu til að fella þessa uppástungu.

Framsögumaður: Hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefir að vísu tekið margt fram af því, sem eg þurfti að segja viðvíkjandi því, sem nú kom fram frá tveimur háttvirtum þingmönnum, en eg vil þó geta þess í tilliti til þess, sem hinn 6. konungkjörni þingmaður athugaði, að eins margir peningar væru sendir frá sumum búsettum eins og óbúsettum kaupmönnum hèðan til útlanda, að mig furðar stórum á, að hann skuli hafa skilið nefndina svo rangt, að meiningin væri, að binda fèð bókstaflega í höndum kaupmanna, að þeir eigi mættu verzla með það erlendis; svo var nefndin eigi barnaleg, en hitt vildi hún, að bundnar væru eignir þeirra og ágóðinn af verzlun þeirra við landið.

Eg þarf eigi að ítreka, að nefndin ætlaði sèr eigi að binda kaupmenn á klafa, svo þeir endilega sèu nauðbeygðir til að sitja hèr blýfastir í Íslandi, en hitt er víst, og dagsanna, það hrakti þingmaðurinn ekki, og getur ei hrakið, að ávöxturinn af verzlunarfè landsins á að koma landinu sjálfu til góða, hann á að streyma (circulera) um landið, út úr landinu og inn í landið aptur sem eign þess, gagnstætt því sem hingað til hefir verið, að Ísland sè selstaða og fèþúfa allra þjóða, og það svo, að slíkt er alveg óheyrilegt í nokkru því landi, sem hirðir um hagi sína, og það ætlaði eg þó að öllum þingmönnum væri hið mesta áhugamál, að fósturjörð vor Ísland reisi sig þó dálítið úr eymd þeirri og volæði, sem það er í, en það er aptur »condicio sine qva non» skilmálalaust skilyrði fyrir því að svo geti orðið, að reistar sèu skorður við þessari óhæfu. Og úr því nú þingið byggir fjárkröfur sínar til Dana meðfram á því, að verzlunarágóðinn hefir dregizt út úr Íslandi til Danmerkur, þá vona eg, að þingið að minnsta kosti geti með engu móti gengið á móti uppástungu nefndarinnar. Slíkt væri hin mesta ósamkvæmni; það liggur í augum uppi. Úrskurðurinn frá 1. júní 1792, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður byggði ástæður sínar gegn uppástungu nefndarinnar á, sannar einmitt hið gagnstæða því, sem þingmaðurinn vildi. Það bindur einmitt fastakaupmenn við fastari skilyrði en við hafði gengizt, þar sem þessi orð standa þar: »ved deres declarerede Factorer», svo nefndin gengur að eins feti framar í sömu stefnu. Má eg nú spyrja: Var þetta ópractiskt fyrir Íslendinga? Nei engan veginn; það þarf að eins að herða á þessu betur. Þetta dæmi hins hátt-

virta þingmanns getur því með engu móti stutt mál hans, heldur einmitt nefndarinnar, sem hann vildi fella með því. Eg hef átt tal við einhvern hinn allra-vitrasta mann í Danmörku um þetta efni, og hvað sagði hann? Hann sagði öðruvísi en hinn 1. konungkjörni þingmaður, því hann sagði að verzlunarágóði hinna íslenzku kaupmanna kæmi Íslandi beinlínis að notum, og þetta sér hvert mannsbarn um víða veröld að satt er. Þetta getur því með engu móti, að ætlan minni, verið alvara fyrir hinum háttvirta vini mínum, hinum 1. konungkjörna þingmanni. Það er að vísu satt, að það má fara í kring um öll lög, hversu góð sem eru, og ef það, að farið kynni að verða kring um þessi lög í einstöku tilfelli, ætti því að fella uppástungu vora, þá gæti þess konar ástæðum einnig verið beitt gegn öllum öðrum lögum, hversu holl sem þau er fyrir land og lýð; þetta veit hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður, eins vel og eg.

Eiríkur Kúld: Hinn heiðraði framsögumaður virðist mér eigi hafa komið með nægar ástæður máli sínu og nefndarinnar til sönnunar. Hafi nú hin heiðraða nefnd með sínum ástæðum eigi getað sannfært þingmenn um nauðsyn þeirrar uppástungu, sem hún fer fram á, þá má þingmaðurinn eigi kippa sér upp við það, þótt nefndaruppástungan verði felld. Eg fyrir mitt leyti ímynda mér, að þeir kaupmenn, sem hèr yrðu að vera búsettir, mundu eiga miklu óhægra með að útvega sèr lánstraust, sem þó er skilyrði fyrir, að hver kaupmaður geti rekið nokkuð verzlun sína, því sú fjarlægð, sem hann býr í hèr frá útlöndum, gjörir það að verkum, að verzlunarhús í öðrum löndum eru ókunnugri högum hans. Því hlýtur hinn háttvirti framsögumaður að geta nærri, að eg af alefli vil styðja að hagsmunum landsmanna, en eg vil einnig stuðla að hag kaupmannanna, sakir þess, að hagur þeirra er hagur landsins. Nú sýnist mèr með uppástungu nefndarinnar meiri takmörkun gjörð á frelsi kaupmanna, og líka undir eins á verzlun þeirra. Því þessir íslenzku kaupmenn verða að sjá allt með annara augum, sem útrètta þarf í öðrum löndum eins og gefur að skilja, en einnig í þessu á það við, að »húsbóndans auga sèr bezt«. Það er því alveg rètt, sem hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður drap á, að þegar kaupmennirnir eru í Kaupmannahöfn, þá eru þeir nær miðpunkti verzlunarinnar og geta með því móti sætt miklu betri kaupum, en ella. Það getur verið mikið gott í öðrum löndum, að kaupmenn sèu skyldaðir til að vera búsettir í landinu, en hèr, þar

sem einungis er passív verzlun, hefir þetta ekki sömu þýðingu, og þessi nefndaruppástunga er engin trygging fyrir því, að activ verzlun geti hèr komizt á; því útlendir kaupmenn myndu samt sem áður senda hèr inn skip sín og skapa kaupverðið á vörunum. Það er því auðsjáanlega óhagur fyrir kaupmenn, að vera nauðbeygðir til að hafa hèr fasta bólfestu, og því er það og takmörkun í atvinnuvegi kaupmanna, verzluninni. Allt öðru máli væri að gegna, þegar activ verzlun væri komin hèr á; en það líður líklega æði-tími þangað til að því getur orðið framgengt. Nefndin hefir viljað krækja dálítið í ágóða kaupmanna, sem aflaður er í Íslandi, og er það nú að vísu gott, ef það gæti gengið, en eptir þessum uppástungum álít eg það ekki practiskt.

Framsögumaður: Eg skal að eins geta þess, að eg, þótt framsögumaður sè, er ekki svo gallharður framsögumaður, að eg endist til þess að svara því, sem ómögulegt er að svara! Þessa bið eg hinn heiðraða þingmann Barðstrendinga að gæta. En nú skal eg spyrja þingmanninn að því, sem hann víst getur svarað, ef mótbárur hans hafa nokkuð við að styðjast. Hvað kemur til þess, að það, sem er ómissandi í öðrum löndum, skuli vera óhafandi á Íslandi? já Íslendingar eiga að vera svo langt burtu frá útlöndum. Má eg þá spyrja: Hvort er Ísland lengra burtu frá Englandi eða England frá Íslandi. Með hverjum skilmálum getur activ-verzlun byrjað hèr á Íslandi? Hvar getur hún byrjað nema með búsettum kaupmönnum? Þessum spurningum heimta eg að þingmaðurinn svari.

Ólafur Pálsson: Hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni vil eg nú svara því, þar sem hann álítur, að með uppástungu nefndarinnar verði komið á activ-verzlun, að eg einnig álít það gott, að hún gæti komizt hèr á, einungis að það sè eigi með nauðungarlöggjöf, heldur fyrir eðlilega rás viðburðanna. Mèr skilst ekki, að það geti átt sèr stað á annan hátt. Þótt eg mæli móti uppástungu nefndarinnar, þá er það eigi svo að skilja, að eg vilji, að nokkrum kaupmanni sè bannað, að vera hèr búsettum, en á hinn bóginn vil eg engum nauðga til þess, það virðist mèr næsta ógeðfellt. Hinn háttvirti framsögumaður sagði, að þegar kaupmaður blómgvaðist af verzlun sinni hèr í landi, þá lenti fèð í raun rèttri í landinu; en þó þetta geti nú verið gott í sjálfu sèr, þá sè eg eigi árangurinn af því; kaupmenn yrðu hèr, ef til vill, í nokk-

ur ár, blómvuðust og græddu fè og færu síðan burtu. En hvað er þá unnið?

Halldór Jónsson: Eg vildi einungis geta þess, að eg myndi gefa uppástungunni atkvæði mitt, væri eg eigi hræddur um, að það, sem hún fer fram á, jyki vöruskort í landinu eða væri því til hindrunar, að meira yrði aðflutt af nauðsynjavöru fyrir það að kaupmenn, sem búsettir væru erlendis, byrjuðu hèr verzlun.

Framsögumaður: Eg hefi skýrt og skilmerkilega tekið það fram viðvíkjandi því sem nú var sagt, að nefndin vildi eigi búa til frumvarp til laga í máli þessu, heldur að stjórnin legði fyrir næsta þing þess konar frumvarp, og mun hún þá og þingið á sínum tíma taka tillit til alls þess, sem koma þarf til greina í þessu máli.

Forseti: Þar eð fleiri taka eigi til máls, þá er þessari undirbúningsumræðu lokið. Samkvæmt dagskránni kemur þá til undirbúningsumræðu málið um bann gegn hákarla-niðurskurði. Framsögumaður er hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga, er mun lesa nefndarálitið og skýra það í máli þessu, sem þörf er á.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Nefndarálitið er svo látandi: (Sbr. II., bls. 318).

Eg þarf fátt að ræða um mál þetta. Eg játa, að það er sèrstaklegs eðlis, þar sem lög þessi eiga einungis að vera fyrir eina sýslu. Enn fremur játa eg, að örðugt muni að sjá um, að lögunum verði hlýtt; því að bágt mun að skera úr því, hve nær lífsnauðsyn til beri að skera niður hákarl eður eigi. En með því það er almennings-ósk við Ísafjarðardjúp og þar í grennd, þá áleit nefndin, að láta ætti eptir vilja þeirra í þessu efni, þar sem þetta gæti orðið aðhald fyrir þá til samtaka í þessu efni. Margur hefir áður álitið þetta nauðsyn, en loforð almennings hafa orðið hvikul, þótt einstakir menn hafi viljað koma á samtökum í þessu efni. Um frumvarpið sjálft ætla eg ekki að tala; eg vona þess að eins, að það sè allt vel úr garði gjört, og ekkert sè það í því, sem eigi geti staðizt.

Eiríkur Kúld: Eg er alveg samdóma hinni háttvirtu nefnd, en mèr sýnist frumvarpið hafa farið feti lengra en eg óskaði. Bænarskráin nefnir 1. marz, en í frumvarpinu stendur 1. apríl (*Fromsögumaður*: Þá er hèr prentvilla). Já, það er annað mál, ef svo er, því annars ætlaði eg að taka mèr breytingaratkvæði. Í 2. grein vildi eg heldur hafa: «róa fyrir slóða», í staðinn fyrir: «fyrir hákarl». Seinni málsgreinin í 3. gr. frumvarpsins vildi eg

breyta svo, að tekið væri fram, að þessir menn væru alvanir sjómenn og réttsýnir. Að öðru leyti líkar mèr nefndarálitið vel, og álít eg vel gjört, að veita Ísfirðingum bæn þeirra, því það gæti verið þeim hvöt til að bæta skipastól sinn, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðu málsins.

Torfi Einarsson: Viðvíkjandi «slóða» vil eg geta þess, að svo er almennt kallað, þegar mikið aflast, fyrir norðurströndum Vestfjarða.

Framsögumaður: Eg álít «slóði» sè gott orð, en því virðist eigi verða hèr við komið. Eg ætla réttara að segja «utanborðs» en «utanskips». Viðvíkjandi breytingu þingmanns Barðstrendinga við 3. gr., þá get eg þess, að mèr sýnist hún óþörf, þar eð ávallt mun mega gjöra ráð fyir því, að sýslumaður velji þá til þess, sem hæfastir eru; þó þeir, ef til vill, geti eigi ávallt fengizt, sem alvanir eru, þá munu þó þeir teknir, er bezt eru til þess fallnir og réttsýnastir.

Sigurður Gunnarsson: Það eru einungis nokkrar orðabreytingar, sem eg vildi áskilja mèr. Í 1. grein kann eg betur við að setja: «hleypt sè niður» í staðinn fyrir «skorinn sè niður». Í 2. grein vil eg setja «utanborðs» í stað «utanskips». Orðatiltækið í 4. grein «að gjöra aðvart» hefi eg ei heyrt fyr, og vildi eg því breyta því.

Framsögumaður: Viðvíkjandi breytingu þeirri, sem þingmaður Suður-Múlasýslu ráðgjörði við 1. grein um að setja orðin «að hleypa niður» í stað «að skera niður», skal eg geta þess, að eg get ekki fallizt á breytingu hans, því að orðatiltækið «að skera niður» er almennt haft á Vestfjörðum og allir skilja það þar; en «hleypa niður» er þar haft í annari merkingu.

Stefán Eiríksson: Eg játa það, að mál þetta hefir verið fullkomið vandaverk fyrir nefndina, enda held eg að þessi tilskipun, sem hún hefir búið til, verði að litlum notum; eg að vísu hefði helzt viljað að nefndin hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að fyrirbyggja hákarlaniðurskurð kring um allt land, enda þó eg á hinn bóginn sjái, að það væri hèr um bil það sama, sem að banna með öllu veiði á þilskipum, en hvað opin skip áhrærir, þá álít eg að þeim sè engin vorkunn að flytja hákarlinn til lands, því þau róa sjaldan langt undan landi. Það hefir verið talað um þessi orðatiltæki í 1. gr., að fyrir «skorinn sè» verði sett: «hleypt niður», og kann eg betur við þau orðatiltæki, eins og líka að breyta orðunum

«utanskips» í «utanborðs», þar sem venja er að róa hákarl í land utanborðs, þá eru hákarlarnir venjulega bundnir 1 og 2 á hvert róðrarrúm, og þannig er það í Austur-Skaptafellssýslu að þar er róið fyrir 12 hákörlum utanborðs á sexæring og þaðan af fleirum eptir því sem skipin eru stærri.

Torfi Einarsson: Eg skal einungis geta þess, að hver og einn einasti maður á Vestfjörðum skilur orðatiltæki þau, sem í frumvarpinu eru við höfð.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari undirbúningsumræðu lokið, og kemur samkvæmt dagskránni þar næst til umræðu málið um gjald spítalahlutanna til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Þingmaður Gullbringusýslu er framsögumaður, og vil eg skjóta til hans, hvort hann vill taka til orða.

Framsögumaður: Áður en eg minnist á hin mörgu breytingaratkvæði á þessum langa atkvæðalista, skal eg leyfa mèr að fara nokkrum almennum orðum um málið. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að gjald það, sem kallast spítalahlutur, var svo öldum skipti að eins ætlað til þess, að með því væri veitt hjúkrun nokkrum líkþráum. Árið 1555 var fyrst farið að hugsa um spítala hèr á landi, en varð ekki ágengt, og var það fyrst árið 1652 að spítalar voru reistir; áttu þeir að hafa í tekjur afgangs-búshluti af klaustrum, þokkabætur fyrir giptingar frændfólks, og ýmsar aðrar smábætur. 1653 var fyrst tekin sú ákvörðun, að einum hlut væri skipt á ári, þó var þetta engan veginn almennt, eins og meðal annars má sjá af því, að 1656 stakk lögmaður Árni Oddsson upp á því, að heitdagur skyldi haldinn um einmánaðarlok, til að safna fè til spítalanna. Þannig voru það upphaflega margbreytt og sèrstakleg gjöld, sem greidd voru til þessa sèrstaklega augnamiðs. Það var fyrst árið 1746, að gjald þetta var fastákveðið með konunglegu lagaboði, og eptir þann tíma, og þó ei fyr en löngu seinna, fór fè að safnast. Gjaldið var lagt á sjávarútveginn, af því líkþráin var þar mest, og kenndu menn það á þeim tímum því, að menn lifðu þar á lúðu. Þess má geta, því það er einkennilegt, að þessi fiskitegund, lúðan, sem upphaflega var orsök til þess að gjald þetta var lagt á sjávaraflann, hún er nú undanþegin gjaldinu í hinum spánýju reglum um þetta efni. Þann sjóð, sem þannig hefir safnazt til sèrstaks augnamiðs, það er til að ala á líkþráa menn, hefir nú konungur leyft sèr að kalla læknasjóð, og finnur enginn að því, því hver segir við kónginn: hvað gjörir þú? en fyrir það verð-

nr engan veginn sagt, að það sè rètt, að taka gjaldstofninn, sem ætlaður var til hins sèrstaka sjóðs, breyta honum, hækka hann mjög og verja svo gjaldinu til alls annars. Eg skal taka það upp aptur, að gjaldið var lagt á sjávarbændur, af því líkþráin var þar mestust. Nú er gjaldið ætlað landinu öllu, þar sem það er ætlað til að bæta læknaskipun í landinu. Sjófönd eða sjávarfæða er eigi orsök til allra veikinda nú, og þess vegna er það ósanngjarnt að láta sjávaraflann einan bera þessa miklu byrði. Hèr er því af handahófi farið inn á grundvöll skattalöggjafarinnar og reist mikil bygging á skökkum grundvelli, og skattur lagður á landsbúa, án þess að athugað væri hvernig á stóð. Eg álít, að þingið 1867 hefði átt að mæla móti löggjöfinni frá 10. ágúst 1868, því það er í sannleika öfugt, að sumum læknum er launað úr ríkissjóði, en sumum af fè spítalanna, eður rèttara sagt, af atvinnu fátækra fiskimanna. Konungur, það er landssjóðurinn, á að launa öllum læknum, sè fè ei fyrir hendi, á að leggja skatt á landsbúa alla í þessu augnamiði. Auk þess sem grundvöllur löggjafarinnar er skakkur, eins og eg nú hefi sýnt, þá er löggjöfin frá 10. ágúst 1868 mjög óheppileg, óvinsæl og að áliti almennings ótæk. Enginn jöfnuður næst eptir henni og jöfnuður átti þó að vera hennar eini kostur, og sèst þetta bezt á því, að enginn þingmanna vill hafa hana eins og hún er. Allir vilja breyta löggjöfinni, en spurningin er að eins, hvernig verður henni haganlegast breytt; meiri hluti nefndarinnar álítur með því, að nema hana úr lögum, og enginn hinna háttvirtu þingmanna hefir enn komið með þær breytingar, sem nemi burt þá miklu galla, sem hún hefir.

Að því er breytingaratkvæðin snertir, þá fellst meiri hluti nefndarinnar á tölulíðina 2, 4, 7 og 8 nema staflið *b* í 8. tölulið.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um uppástungur minna hlutans. Hann vill lækka gjaldið, en hann fer þar fyrir ekki með öllu að óskum landsmanna, því þeir vilja að gjaldmátanum sè hagað á allt annan hátt, og þó gjaldheimtan sè falin hreppstjórunum, verður hún ekkert greiðari fyrir það.

Torfi Einarsson: Eg ætla mèr ekki að dvelja neitt við hinar almennu athugasemdir framsögumannsins, því þær voru fremur sögulegar, og áttu að sýna, að holdsveikin nú sè með öllu undir lok liðin og þess vegna eigi sjávaraflinn að vera gjaldfrí, en þessa ályktan framsögumanns lagði stjórnin ekki til grundvallar 1867, og þingið gat því ekki byggt á henni. Hvað atkvæðaskránni viðvíkur,

þá ættu 7 fyrstu töluliðirnir alveg að falla. Eg get ekki skilið í því, að uppástungur meira hlutans fái framgang, því frumvarpið frá 1867 liggur ekki fyrir þinginu til umræðu; meiri hlutinn vill þó víst ekki, að frumvarpið 1867 verði lögleitt áður en það verður lagt fyrir þingið; það kann að þykja ofdirfska af mèr, að segja, að þetta ekki væri sem formlegast. Hvað 8. tölulið a og b snertir, þá fellst eg á þessar uppástungur. Eg ætla ekki að mæla neitt fram með mínum uppástungum, þær verða að standa og falla sínum herra; eg sè ekki betur en að hæglega megi ganga til atkvæða um þær. (*Forseti*: Ef töluliður 8. b er samþykktur, þá fellur minni hlutinn, svo að atkvæði verða ekki greidd um hann). Hvað 3. og 7. tölul. snertir, þá eru allir sömu annmarkarnir á þeim og frumvarpinu sáluga, sem lagt var fyrir þingið 1867, einkum sá, að gjaldið á að fara eptir hlutafjöldanum en ekki hlutarupphæðinni, og get eg því með engu móti fallizt á þá. Þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður undir umræðunum um stjórnarbótarmálið gat þess, að læknasjóðurinn fengi ekki nema 5 rd. gjald af Strandasýslu, þá get eg ekki verið honum samdóma í að þetta sè rètt hermt, því 3 hin síðustu árin hafa að meðaltali fengizt 311 tunnur lýsis, og ef maður reiknar hverja alin á 20 skildinga, þá útgjörir þó þetta strax 62 rd. 48 sk. um árið, og hèr við má bæta gjaldinu eptir fiskibáta, sem að minnsta kosti nemur 30 rd. um árið, og verður þá allt gjaldið árlega af Strandasýslu liðugir 90 rd.; aptur geta komið þau ár, að ekkert aflist, og þá er ekki sanngjarnt að borga 40 rd., og það gefur að skilja, hvað færir Strandamenn þá eru til að greiða slíkt gjald. Það er annars undarlegt, ef þingmaðurinn hugsar, að menn ekki geti án hlutdrægni talað um þetta mál; eg er þó sannfærður um, að fyrsti grundvöllurinn hefir ekki af ásetningi verið byggður á henni. Eg ætla ekki að tala meira í þessu máli.

Guðmundur Einarsson: Eg skal leyfa mèr að tala fáein orð. Breytingaratkvæði það, sem eg og hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga eigum hèr á atkvæðaskránni undir 8. tölulið, miðar til að fara milliveg milli þeirra tveggja flokka, sem á þinginu eru í þessu máli, og er það auðvitað, að það er á þingsins valdi, hvort það aðhyllist töluliðinn eða ekki. Eptir því, sem tilskipun 10. ágúst 1868 er undir komin, þá er það harðla nauðsynlegt, að þingið að þessu sinni hrapi ekki að málinu, en þetta kalla eg að hafi verið gjört 1867, bæði frá þingsins og stjórnarinnar hálfu. Laga-

boðið er nú komið, og allir eru á því, að það sè óhafandi. Hvað grundvöllinn snertir, þá er hann, eins og öllum er kunnugt, tvenns konar, nefnilega að leggja á aflann og bátana eða skipin. Því verður ekki neitað, að arðurinn er sá sanni grundvöllur fyrir gjaldinu. Eg vil því, að menn enn þá reyni tilskipunina í 1 eða 2 ár, til þess að gallarnir sem bezt komi í ljós, og menn á síðan með rósemi geti lagað það, sem ábótavant er í tilskipuninni; að mínu áliti er tilskipunin ekki heldur svo, að hún á meðan ekki sè brúkandi. Sem sagt, við tókum breytingaratkvæðið undir 8. tölulið til þess, að reyna að miðla málum og fá að okkar ætlan formlega stefnu í málið, og til að styðja að því, að þjóð og þing með rósemi gæti yfirvegað það, ef ske kynni að menn gætu fundið ráð til að bæta úr vankvæðum þeim, sem nú er búizt við að verði, þegar til framkvæmdanna kemur. Loks vil eg geta þess, að þó að við uppástungumenn settum staflið c undir tölulið 8, þá vorum við mjög óvissir um, að hann væri í nokkru formi, og af því að eg síðan um daginn hefi sannfærzt um, að stefna hans er ekki sem heppilegust, og form það, sem hann bendir á, getur naumast átt sèr stað, tek eg hann aptur.

Ólafur Pálsson: Breytingaratkvæði það, sem mèr tilheyrir á atkvæðaskránni undir 4. tölulið, er svo lítið, að það varla tekur því fyrir mig að standa upp til þess að mæla með því, það er ekki nema hálft orð. Eg skal geta þess að það er fram komið af því, að eg er með meiri hluta nefndarinnar, eins og eg tók fram við undirbúningsumræðuna; en hins vegar vil eg ekki, að hèr sè lagt á neitt band til langframa. Það er af sömu ástæðu eins og fyrir sumum öðrum háttvirtum þingmönnum, að mèr er með engu móti hægt að vera á meiningu hins háttvirta minna hluta, og þessar ástæður hafa þegar verið teknar fram, einkum af hinum háttvirta framsögumanni. Mèr getur eigi annað skilizt, en að næsta lítill munur sè á því, að biðja um stórkostlegar breytingar á tilskipuninni, og því, að hún sè með öllu numin úr lögum. Það var sagt við undirbúningsumræðuna, að það væri þungur skattur á greind og menntun landsmanna, að ætla, að þeir kynnu ekki að telja. En það er nú komið upp úr kafinu, að til þess að telja heyrir næsta mikið, sem sè bæði brotareikningur og þriggjaliðaregla. Þegar þessa er gætt, verður skatturinn ekki mjög þungur. En mèr sýndist nú vera lagður þyngri skattur á drenglyndi landsbúa, þegar það var sagt, að það væri upphæð gjaldsins ein, sem þeim þætti

mest að, og bænarskrárnar væru sprottnar af því. Nei, það er margt annað, því óhagkvæmni tilskipunarinnar liggur engan veginn eingöngu í því, hversu há gjaldupphæðin er, heldur miklu fremur í þeim örðugleikum, sem á því eru, að fram fylgja tilskipuninni. Undir 8. tölulið á atkvæðaskránni sè eg uppastungu tveggja háttvirtra þingmanna, sem auðsjáanlega er fram borin til þess að miðla málum, og til þessa töluliðs segi eg það, að ef uppástungur meiri hlutans falla, þá held eg, ef svo fer, að eg haldi mèr að tölulið 8. a og c. Af því eg nú var fremur langorður við undirbúningsumræðuna um þetta mál, eptir því sem mèr er lagið, þá ætla eg ekki að þessu sinni að fara um það fleiri orðum.

Konungsfulltrúi (Bergur Thorberg): Eg skal viðvíkjandi máli þessu yfir höfuð skýrskota til þess, sem konungsfulltrúi þar um lèt í ljósi við undirbúningsumræðuna.

Með tilliti til þess, að hinn heiðraði þingmaður Dalasýslu sagði, að stjórnin hefði hrapað að því, að leiða í lög 10. ágúst 1868, finn eg tilefni til að benda á, að þau ámæli gegn stjórninni, sem liggja í orðum þessum, eru ástæðulaus. Þingið bað um lagaboð þetta, og það er undarlegt að heyra þingmenn álasa stjórninni fyrir það, þó hún fari eptir tillögum alþingis og uppfylli óskir þess. Það ber ekki opt við, að alþingi biðji um skattalög, en þegar það kemur fyrir, eins og í þessu tilfelli, þá er von, að stjórnin haldi, að sá skattur, sem þingið biður um að sè lagður á landið, og sem á að verja í landsins þarfir, muni vera hagfelldur og ekki verða óvinsæll meðal landsbúa. Orð hins háttvirta framsögumanns gefa mèr tilefni til að geta þess, að jafnvel þó spítalahlutirnir eptir hinum eldri lagaákvörðunum væru ætlaðir til spítalanna handa hinum holdsveiku, þá er til yngri lagaákvörðun, konungsúrskurður 12. ágúst 1848, sem ákveður, að fè spítalanna skuli varið til endurbóta á læknaskipuninni, og það er öldungis samkvæmt þessari ákvörðun, að tekjum læknasjóðsins er varið til launa handa læknum.

Sigurður Gunnarsson: Eg ímynda mèr nú að sönnu, að tilskipun 10. ágúst 1868 hljóti að vera í gildi fram yfir næsta alþingi. Samt vil eg tala fá orð um breytingaratkvæði mitt, sem stendur á atkvæðaskránni. Það getur, eins og allir sjá, ekki komið til greina, nema því að eins að fallizt verði á niðurlagsatriði meiri hlutans undir tölulið 1. a. Það er nú reyndar galli á þessu atkvæði mínu, að þó það yrði ofan á, sýnast þau lög eigi geta náð

gildi nema alþingi fjallaði um þau, en þau gætu samt komið út sem bráðabyrgðarlög, því eitthvað yrði að koma í staðinn fyrir tilskipunina 10. ágúst 1868, ef hún yrði úr lögum numin fyrir næsta þing. Sami galli er og á uppástungu meiri hluta nefndarinnar undir tölulið 5. Þess vegna held eg, að hann geti ekki heldur komið til álita, ef 2. töluliður er felldur. Það, sem eg get annars helzt hallað mèr að, er töluliður 8. a og b, því þetta getur orðið gildandi án þess lagaforminu verði raskað.

Tryggvi Gunnarsson: Þegar eg lít yfir atkvæðaskrána, sem hèr liggur fyrir, þá get eg ekkert aðhyllzt af því, sem breytir grundvellinum, er tilskip. 10. ágúst 1868 er byggð á; þeir tölulíðir, sem fara fram á, að tilskipun þessi sè numin úr lögum og frumvarpið 1867 lögleitt aptur, eru að mínu áliti verstir, þar næst er að hún standi óbreytt, en bezt virðist mèr það, sem styður að því, að tilskipunin fái þær breytingar, er gjöra hana vinsælli hjá almenningi; það væri æskilegt að þingið þyrfti ekki í mörg skipti að eyða tíma til að ræða um þetta spítalagjald, en eg er hræddur um, að greiðendur gjaldsins eiri því illa, að tilsk. sè óbreytt, einkum vegna þess að gjaldið er of hátt.

Hvað 1. tölulið snertir, þá er opt búið að taka það fram, hversu mikil rýrð það hlýtur að vera fyrir þingið, bæði í augum stjórnarinnar og þjóðarinnar, ef það er svo reykult í ráði sínu, að afbiðja lög, sem eru nýútkomin beint eptir tillögum þess; hversu óþægilegt það hlyti að vera fyrir stjórnina, að gjöra svona þvert ofan í sjálfa sig; og hversu ólíklegt það er, að hún geti gjört þetta að ráði alþingis, því hún getur ekki álitið betri tillögur þess nú, en þær voru árið 1867.

Það, sem farið er fram á í 2. tölulið, að tilsk. 27. maí 1746 verði gjörð aptur að lögum, þá er ólíklegt að nokkrum komi til hugar í alvöru að biðja þess, þar sem allir játa, að gjaldið eptir henni hafi verið undirorpið svo miklum undandrætti, og eigi freistar hún manns síður til undandráttar en tilskip. 1868, og eigi gjörir hún meiri jöfnuð á gjaldinu en frumvarpið 1867, því sá háseti, sem er á skipi þann dag, sem spítalahluturinn er tekinn, hann borgar spítalahlutinn fyrir allt árið, en hinir ekkert, sem róa á öðrum vertíðum ársins; það mun og opt bera til, að sá afli vel þennan tiltekna dag, sem fær minni árshlut en þeir, er lítið afla þennan dag, og svara því litlu gjaldi; þessi gjaldmáti gjörir því hvorki jöfnuð nè tryggingu fyrir gjaldgreiðslunni.

Af 3. tölul. sè eg, að þingmaður Vestmannaeyinga vill að tilskip. 1868 sè úr lögum numin, en frumvarpið 1867 lögleitt aptur, en honum líkar frumvarpið þó eigi sem bezt, og hefir því gjört nokkrar breytingar við það, og vill að 1 alin sè tekin af hverjum hlut á opnum skipum, en mèr þykja breytingarnar nokkuð ógreinilegar; það er eigi hægt að sjá, hvort gjaldið er af árshlut eða vertíðarhlut; sè meint til árshlutar, þá verður nokkuð ósanngjarnt að gjalda jafnmikið af hlut á Suðurlandi og Norðurlandi, og þá verður engu minni annmörkum bundið fyrir skipseigendur, en eptir nýju tilskip., að taka að hlutfalli rèttu gjaldið af hásetum þeim, er róa fyrstu vertíðina, því þeir geta ekki rennt grun í, hve mikið aflast á seinni vertíðunum. En sè meint til hlutar af vertíð hverri, þá munu býsna-margir á Norðurlandi komast hjá gjaldinu, því þar er víða engin vertíð, og að eins róið einstaka dag frá því fiskur kemur á vorin til þess hann fer undir jól. Mèr þykir einnig, að þorskveiðinni á þilskipum vera íþyngt eptir þessum tölulið, þar sem gjalda á helmingi meira af hverjum hlut á þeim en opnum skipum, þó er kostnaður á þeim margfaldur við opin skip, og árshlutur getur orðið á þeim hálfu minni en á smábátum. Eg álít, að rèttara væri að leggja ekkert gjald eður mjög lítið á þilskip, sem ganga til fiskiveiða fyrst í stað, til að hvetja menn að koma þeim upp. Eg sè ekki að þessi töluliður breyti því í frumvarpinu, að gjalda skuli 20 áln. af lest hverri í þeim skipum, sem til hákarlaveiða ganga, eður 50 rd. af 10 lesta skipi, en ef það er misskilningur, þá álít eg aptur of lágt gjald 2 áln. af hverjum hlut af hákarlslifur, þegar vel aflast.

Um 5. tölul. er það að segja, eins og tekið hefir verið fram áður, að það getur eigi staðizt, að biðja um að frumvarp, sem eigi liggur fyrir, og er eigi lengur til, verði gjört að lögum, án þess það sè lagt fyrir þingið, og einnig að tekin sèu gjöld eptir tilskip. 27. maí 1746, sem nú er úr lögum numin.

Eg get ekki fallizt á neitt af því, sem stendur á atkvæðaskránni ofan að tölul. 8., og reyndar þó ekki á hann heldur, þó hann sè hinum skárri; verði það samþykkt, «að fyrir alþingi 1871 verði lagt frumvarp til tilskip. um gjald spítalahlutanna, en gjaldstofninn verði hinn sami, sem var í tilskip. 10. ágúst 1868», þá er sá annmarki við það, að þá er þetta leiðinda-mál vakið upp aptur, og eg sè ekki, í hverju er betra, að biðja um frumvarp, sem byggt er á sama grundvelli, og þessi optnefnda tilskipun, heldur

en að biðja nú þegar um breytingarnar, og þess utan er eg nærri því viss um, að greiðendur gjaldsins una ekki við gjaldupphæðina, þangað til ný löggjöf kæmi, auk þess sem eg álít, að erfitt verði að heimta gjaldið eptir þessari tilskipun, þegar stærð fiskjarins er ekki ákveðin; einnig er mjög óákveðið eða óskiljanlegt í henni, hver sá hreppur er, sem gjaldið af skipinu skal greiðast í, eptir því sem til hagar með þilskip á sumum stöðum norðanlands, og geta því sum þilskip komizt, ef til vill, hjá gjaldinu.

Spurningin er sú: hvort menn vilja ekki fá lagfæring á tilskip. sem fyrst, en sá er munur á 8. og 9. tölulið, að verði sá fyrri samþykktur, þá dregst það um nokkur ár, að henni verði breytt, en sè 9. tölul. samþykktur, þá er vonandi að breytingin fáist fyrri, og einmitt þess vegna vil eg gefa atkvæði mitt með tölulið 9. og engum öðrum, af því eg veit, að almenningur verður ánægðastur með að breytingin verði sem fyrst, einkum hvað snertir gjaldhæðina; einnig hefir verið kvartað um erfiðleika á innheimtu gjaldsins, en á því álít eg ráðna talsverða bót með því, að greiða má gjaldið í landaurum, og umboðsmenn eru settir til að innheimta það, og sjá um, eptir því sem hægt er, að eigi sè undan dregið.

Eg minnist þess, að við undirbúningsumræðuna, þá vitnaði hinn háttvirti þingmaður Rangæinga til bænarskráar úr Þingeyjarsýslu, þaðan sem eg á heima, er hann vildi nota sínu máli til stuðnings, en eg get ekki betur sèð, en þetta sè hið gagnstæða, og hún einmitt fari fram á hið sama og eg, en gagnstætt skoðun þingmannsins, því niðurlagsatriðið er þannig: að spítalagjaldið sè ekki heimtað eptir hinni nýju tilskip. frá 10. ágúst 1868, fyr en hún sè endurskoðuð af alþingi, og bætt úr missmíðum, sem á henni eru, og þar sem þingmaðurinn hafði það yfir úr bænarskránni, «að tilskip. væri hentug að eyðileggja fiskiveiðar Íslendinga», þá var það miðað við gjaldhæðina, er eg hefi fylgt fram að væri lækkuð. En skýrsla sú, er hann las þá upp, frá manni, sem hefir mörg skip og mikinn útveg, til að sýna, hve gjaldhæðin yrði mikil, hún sýnir það, sem hann eigi vildi, að hægt er að telja afla sinn, sem hann og fleiri hafa þó barizt fyrir að eigi væri hægt.

Eg vil svo að endingu biðja þingmann Gullbringusýslu að forláta mèr, þó eg hafi nú talað til þess með orðum að láta meiningu mína í ljósi.

Helgi Hálfdánarson: Það er búið að lýsa vel og vandlega

göllunum á tilskipun 10. ágúst 1868, og má telja fullsannað, að þeir sèu bæði margir og miklir, enda er bezta sönnunin sú, að sjálfur frumkvöðull grundvallarins í henni, þingmaðurinn úr Strandasýslu, hefir stungið upp á svo stórkostlegum breytingum á henni, að kalla má, að hann biðji um nýja tilskipun. En ef það á illa við, að alþingi biðji stjórnina að nema það úr lögum 1869, er það bað um að gjört yrði að lögum 1867, þá á það, að mèr finnst, eins illa við, að gjöra á tveggja ára gömlu lagaboði svo miklar breytingar, að það megi kalla nýtt lagaboð, ef breytingarnar verða samþykktar. Eg sè því enga ástæðu til að biðja fremur um þessar miklu breytingar, heldur en um nýja tilskipun. Þeir, sem vilja halda tilskip. 10. ágúst 1868, færa henni það til gildis, að eptir henni komi gjaldið jafnt niður. En eg get ekki betur sèð, en að þessi svokallaði jöfnuður sè í mörgu tilliti hinn mesti ójöfnuður, eins og margtekið var fram við undirbúningsumræðuna, og í það minnsta fæ eg ekki betur sèð, en að það sè æði-mikill ójöfnuður, að gjalda skuli jafnt af þaraþyrsklingi og af vænsta þorski, og að ekkert skuli goldið af lúðu, skötu og löngu. En annar ókosturinn er verri, og það er, að ómögulegt er að koma gjaldheimtunni við. En það er nægilega búið að sýna fram á, að svo er. Og þótt þeir kunni að hafa nokkuð til síns máls, er segja, að reynslan sè ekki enn búin að sýna, hve stórir gallarnir sèu, þá vita það allir menn hèr á Suðurnesjum, að í ár verður lögunum ekki fram fylgt hèr, af því ekki er farið að undir búa það með því að telja það, er aflazt hefir. En annars má ekki gleyma því, að fullkominn jöfnuður er alveg ómögulegur í skattalögum. Það verður að gjalda sama af góðri mjólkurkú og ónýtri, og svo er um margt fleira.

Þegar eg nú lít yfir þessa atkvæðaskrá, þá er eg mest meðmæltur tölulið 6. a og b. Eg geng út frá, að reynslan hafi þegar sýnt, að málið sè vandasamt, og að þess vegna sè ekki ráðlegt að flýta sèr um of; en mèr finnst, að vèr annaðhvort eigum að reyna að búa við tilskipunina eitt eða tvö ár, eða þá biðja um að hún verði úr lögum numin hið fyrsta, af því mönnum þyki grundvöllur hennar óhafandi, en að menn fái fyrst um sinn að gjalda eptir hinni gömlu tilskipun, og þess óska eg helzt. En hvað frumvarpið frá 1867 snertir, þá finnst mèr hinn rètti grundvöllur ekki vera skipið, heldur það, sem á skipið veiðist; en þar eð þetta hlýtur að vera grundvöllurinn, hvort sem mikið veiðist á skipið eða lítið,

virðist mèr, að hinn rètti grundvöllur sèu hlutirnir af skipunum. Nú eru eptir síðustu landshagsskýrslunum 74 þilskip hèr á landi. Gjöri menn ráð fyrir 6 mönnum eða 12 hlutum á hverju þeirra að meðaltali, verða þilskipahlutirnir 888; en þegar tvær álnir eru goldnar af hverjum hlut, verða það 1776 álnir. Tólf- tí- og áttæringar eru eptir sömu skýrslum 243 að tölu. Sè gjört ráð fyrir 12 hlutum af hverju að meðaltali, verða það 2916 hlutir, og þar af gjaldast jafnmargar álnir. 6 og 4 manna för eru talin 1171. Þar gjöri eg ráð fyrir 7 hlutum af hverju að meðaltali, og verða það 8197 hlutir, sem gjaldast ættu af jafnmargar álnir. Minni bátar og byttur eru 1707 að tölu. Sèu 3 hlutir af hverjum slíkum bát, verða það 5121 hlutir, og jafnmargar álnir, sem þar af gjaldast. Eptir þessu ættu að gjaldast af öllum þilskipum og opnum skipum til samans 18,010 álnir. Ef alinin er reiknuð á 24 skildinga, yrði þetta til samans 4,502½ rd. á ári, eða að minnsta kosti 4000 rd., og er það töluvert meira en það, er goldizt hefir að undanförnu. En þetta gjald getur þó ekki kallazt hátt, þegar litið er til þeirra, sem gjalda eiga, það yrðu svo sem 6 rd. af hverju þilskipi, 3 rd. af hinum stærstu opnu skipum, 2 rd. af 6 manna fari, en 9 mark af 4 manna fari, og af hverjum hlut yrði gjaldið hèr um bil 3 mörk á þiljuskipi, en 24 sk. á opnum skipum. Þegar aðgætt er, að mestu útvegsmenn hèr á Suðurnesjum sjaldan eiga meira en 20 hluti, gæti enginn einstakur orðið fyrir hærra gjaldi en hèr um bil 5 rd. á ári. Þessi gjaldmáti hefði þann kost, að hann er svo einfaldur og óbrotinn, sem framast er auðið. Það er að vísu ekki tekið tillit til hlutarupphæðarinnar, en gjaldið yrði engum þungbært, og ómögulegt að skjóta sèr undan því. Annars hefði eg ekkert á móti, að fylgt væri sömu reglu og með manntalsfiskinn, að einhver minnsta hlutarupphæð, t. d. það, er minna væri en 60 fiska hlutur, væri alveg undanþegið. Hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu sagði, að þessi uppástunga mín færi fram á sama ójöfnuðinn og stjórnarfrumvarpið 1867, en eg hef áður sýnt fram á, að það er ekki, að því leyti sem jafnt gjald kæmi eptir minni uppástungu á hvern hlut, hvort sem hann væri af stærra eða smærra opnu skipi; en slíkum jöfnuði, sem hann hugsar sèr að fá út, hugða eg ekki til að reyna að ná.

Hvað það snertir, sem hann sagði, að menn gætu ekki talað um þetta mál hlutdrægnislaust, þá hef eg fyrir mitt leyti aldrei gjört honum neinar slíkar gersakir, og álít hann engan rètt hafa

til að gjöra oss hinum þær, sem höfum aðra skoðun en hann. Það er sitt hvað, að hafa sína sannfæringu um eitthvert mál og fylgja henni fast fram, eða að vera hlutdrægur. Hver verður að halda því fram, er hann álítur réttast. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga hélt, að eg vildi líka láta leggja gjaldið á þá, er að eins færu á sjó fáeinum sinnum; en í frumvarpinu, sem breytingaratkvæði mín eiga við, stendur: «af skipum, sem gjörð eru út til fiskiveiða». Að 2 álnir sé ofhátt af þilskipum móti einni af opnum skipum, getur enginn maður sagt, sem tekur tillit til, hve margfalt arðsamari þilskipaveiðin er, en veiði á opnum skipum. Það er einmitt jöfnuður, hitt væri ójöfnuður. En það var misskilningur hans, þegar hann var að tala um þetta háa gjald af hákarlslýsinu, sem af þeim ætti að greiða þar á ofan. Eg ætlast ekki til, að goldið sé af þeim meira en 2 álnir af hlut, hvað sem á þau aflast. Ef annað uppástunguatriði nefndarinnar skyldi verða samþykkt, vil eg helzt að það yrði með þeirri breytingu, sem mín uppástunga töluliður 3. fer fram á, en annars er mér mest annt um uppástunguna undir 7. tölulið, nefnilega, að málið skuli koma fyrir alþingi að nýju, og að nú væri bent á það í álitsskjalinu, hvaða stefnu þætti ráðlegast að taka í því frumvarpi, sem þá yrði lagt fyrir; en það held eg að sé sú, sem eg hefi hér stungið upp á, eða sú að halda grundvelli hinnar gömlu tilskipunar og gjalda spítalahlut tvisvar á ári á Suður- og Vesturlandi að minnsta kosti.

Jón Hjaltalín: Eg ætla að eins að svara vini mínum úr Strandasýslu fáum orðum. Eg sagði við undirbúningsumræðuna, að það meintu menn bæði utanþings og innan, að ómögulegt væri að fylgja þessum lögum, og er óhætt um, að það verður svo að minnsta kosti í ár, því það er enginn undirbúningur gjörður enn undir að greiða gjaldið, hvorki talið né reiknað saman, og héðan af verður hann ekki gjörður. En auk þess hafa þessi lög annan ljótan galla; þau þrengja að dugnaðarmanninum, en hlífa letingjanum. «Eigi leið þú oss í freistni», segir drottinleg bæn, en vér viljum freista landa vorra til svika og pretta, og vér viljum freista þeirra til leti og ómennsku, ala upp ósómann. Það kann að vera örðugt að tíunda rétt, og flestum ber í það minnsta saman um, að það opt mistakist, en það er þó hægðarleikur hjá því að telja og mæla með kvarða hverja bröndu úr sjó, árið um kring. Eg skil ekki, að menn með heilbrigðri skynsemi geti komið fram með slík lagaboð, maður minnist ósjálfrátt á kerlingarnar, sem fram í

rauðan dauðann hèldu áfram: «klippt var það», »skorið var það» (*Torfi Einarsson*: Þær máttu báðar fara). Mèr finnst sjálfsagt, annaðhvort að afbiðja lagaboðið hreinlega, eða að halda því óbreyttu, og til þess þá ekki að eyða meiru fè en þegar er gjört í umræðurnar um þetta mál, að biðja stjórnina um, að leggja frumvarpið frá 1867 fyrir alþingi 1871. Það eru ekki annað en refakrókar að vera að segja, að tilskipunin 1867 ekki liggi fyrir nú. Þeir, sem voru hèr 1867, vita hvernig hún lítur út, og hinir geta lesið hana í þingtíðindunum.

Það hefir verið mikið talað um hinn sanna jöfnuð, en það þarf víst ekki að ítreka það, að þótt hann aldrei fáist fullkominn, þá kemst maður næst honum í þessu efni með því, að leggja á skipið eða bátinn. Eigandi og formaður jafna þá gjaldinu á hásetana. Eg ætla ekki að fara í orðahnyppingar við hinn háttvirta vin minn úr Strandasýslu út úr lýsistunnunum; þær kunna að vera fleiri en eg sagði, og færri en hann sagði, en eg skal að eins geta þess, að eptir hans eigin uppástungu getur svo við borið, að enginn maður í sýslunni fái fulla lýsistunnu í hlut, og þá verður lýsisgjaldið eptir hans nýju uppástungu ekki neitt. Eg skal þá að eins bæta því við, að af ofangreindum ástæðum fellst eg að eins á uppástungur meiri hlutans.

Framsögumaður: Eg stend ekki upp í þetta sinn til að sannfæra neinn, því eg ætla, að þeir sèu þegar sannfærðir, er sannfærzt geta, en eg ætla að eins að vekja athygli þingmannsins úr Strandasýslu á, að hann ekki hafði skilið rètt söguna, sem eg sagði. Tilgangur hennar var að sýna, að nú væri læknum og læknaskólanum ætluð og goldin laun af þeim gjaldstofni, er upprunalega ekki átti að bera aðrar byrðar, en að forsorga fáeinar holdsveikar konur, og þar sem hinn háttvirti konungsfulltrúi beindi því að mèr, að eg hefði gleymt, að þessi nýja byrði væri lögð á spítalasjóðinn með konungsúrskurði 12. ágúst 1848, þá skal eg svara, að eg ekki hafði gleymt honum, af því eg nefndi hann einmitt, en þó eg áliti þann konungsúrskurð með öllu rèttan, að sjóðurinn kallist læknasjóður, þá get eg ei sèð, að það sè sjálfsögð eða rètt afleiðing, að þessi gjaldstofn sè hækkaður og hafður til að launa meiri hluta lækna í landinu og til að kenna læknum, því með því er stofnaður nokkurs konar háskóli af gjaldstofni þessum. Þingmaður Strandasýslu kallaði það orðahnyppingar, þegar eg tók fram, að lítill væri jöfnuðurinn, þar sem heilum fiskitegundum væri alveg

sleppt í frumvarpi hans, og þeim mjög mikilvægum (lúðu, skötu, löngu), og að lítil bót væri ráðin á örðugleikanum, þar sem hásetinn aldrei mætti skilja við sig kvarðann, og með öðru forsvaraði hann ekki þessa galla. Auk þess vildi hann kenna meira hlutanum, að bæn hans eða uppástunga færi fram á ólög í formlegu tilliti, en þótt vèr höfum mikið traust á honum sem lagamanni og löggjafa — þessi spítalalög eru upprunalega komin frá honum, eins vel þokkuð og vel samin eins og þau eru —, þá höfum vèr þó meira álit á hinum háttvirta fyrsta konungkjörna þingmanni í því tilliti; hann var í nefndinni, og lèt það aldrei í ljósi, að það, sem nefndin fór fram á, væri lögum gagnstætt, þvert á móti hefir hann sannað í ræðu, sem hann hèlt um það efni, að í formlegu tilliti væri ekkert til fyrirstöðu, að uppástungur meiri hlutans fengju framgang. Eg skal enn taka það fram, að tilskipunin þarf mikilla og verulegra umbóta; hún er óhæfileg eins og hún nú er, en þær umbætur fær hún nú ekki á þessu þingi, því engar þær uppástungur eru enn fram komnar, sem bæti úr hinum miklu göllum hennar, engar, sem gjöri gjaldheimtuna þolanlega, engar, sem nálægi hana þeim jöfnuði, sem hún vill ná, en fjarlægist. Ef jöfnuður ætti að nást, þá yrði að taka til fiskitegundirnar allar og leggja gjaldið á þær eptir rèttum jöfnuði, þannig, að mest væri lagt á þær, sem mest eru verðar, og aptur að gjöra mun á stærð fisksins af hverri tegund, en slíkt yrði eigi gjört nema með stórum tugabrotum, og sýnir það ljóslega, að ómögulegt er að hafa mælikvarða þann, sem tilskipunin hefir tekið. Meiri hlutinn getur eigi neitað því, að hann hefði getað stungið upp á miklu aðgengilegri breytingum, en fram eru komnar hjá minni hlutanum, en hann fann engar breytingar, sem fullnægjandi væri, ef mælikvarðanum væri fylgt, þess vegna áleit hann rèttast að sleppa honum. Það hefir verið sagt, að þessi skipaskattur væri hugmynd sprottin upp á Suðurlandi og Sunnlendingum einum í vil; en Vesturland og Norðurland hefir allt eins átt þátt í frumvarpinu 1867, að því leyti sem það var byggt á tillögum amtmannanna fyrir norðan og vestan. Þingmaður Dalamanna sagði, að arðurinn væri hinn rètti grundvöllur, og það er rètt, enda hefir og ætíð verið á honum byggt, þótt eigi sè það beinlínis. Þegar lagt er á skipin, þá er eigi lagt á fjalirnar, heldur á skipið sem aflandi. En að leggja á aflann beinlínis er eigi unnt; það er eigi unnt að leggja á kýrnytina, heldur kúna, ekki á ærnytina, og láta bóndann segja

hve mikil hún sè, heldur á ána o. s. frv. Hann sagði, að löggjöfin væri eigi svo óhaganleg, sem látið væri, fyrst stjórnin hefði gengið inn á hana, en eg sè ekkert á móti því að biðja stjórnina að breyta því, sem óhagfellt er; það líkar svo ekki allt, sem frá henni kemur. Hinn háttvirti þingmaður Norður-Þingeyinga talaði margt og mikið í þessu máli, en eg held það hefði allt mátt missa sig. Það rýrir eigi álit þingsins fremur að afbiðja tilskipunina, en að biðja um breytingar á henni. Hann sagði, að tilsk. 1746 gæfi sama tilefni til undandráttar, en mikill munur er þó að hafa eptirlit á, að dregið sè undan einn einasta dag eða alla daga í árinu. Hvað frumvarpið 1867 snertir, þá er eg eigi fastur á að fá það lögleitt, sízt óbreytt, því á því eru miklir og verulegir gallar, og eg fer því eigi fram nema af því, að hægast mun verða að fá það í staðinn fyrir tilskipunina, og enginn getur neitað því, að það er miklu betra en tilskipunin. Öðru af því, er sagt hefir verið, þarf eg eigi að svara, en vil að endingu renna augum yfir atkvæðaskrána. Að því er 1. tölul. snertir, þá vona eg, að allir samþykki hann; allir eru óánægðir með tilskipunina, eins og hún er, meira eður minna. Skoðun mín er sú, að ekkert af því, sem hèr liggur nú fyrir, sè fullnægjandi, en að þegar málið yrði nú enn lagt fyrir þingið, þá tækist að finna það, sem haganlegast er. Um atkvæðin eptir 1. tölul. hefi eg fátt að segja nema 9. tölul.; þær endurbætur á tilskip., sem þar er farið fram á, eru með öllu ónógar; ákvörðunin í 1. gr. um tímann er rètt af handahófi, eins og þegar hefir verið sýnt; það er enginn jöfnuður, að gjalda eigi nema af hundraði fullu; alinmálinu vil eg sleppa í þetta sinn að tala um; að gjalda ekkert af háfi, er einnig gripið í lausu lopti, og eins og eg opt hefi tekið fram, vantar enn allmargar fiskitegundir. Að svo mæltu ætla eg að setjast niður, en óska að eins, að nafnakall verði haft við 1. tölul., svo landsmenn, sem sent hafa bænarskrár til þingsins um þetta efni, sjái, hvernig hver þingmaður hefir fylgt máli þeirra.

Páll Pálsson: Af því eg talaði ekkert við undirbúningsumræðuna, þá vil eg nú gjöra grein fyrir atkvæði mínu og skoðun minni á þessu máli. Eg var einn af þeim, sem komu með bænarskrá um að löggjöfinni yrði breytt, en eg verð að játa, að eg eigi heyrði talað um, að grundvöllurinn væri skakkur, og við umræðurnar hefi eg smámsaman orðið fastari á þeirri skoðun, að hann eigi væri óhafandi, en jafnframt að löggjöfin þarf breytingar við,

og ef eg ætti um það að velja, hvort eg vildi hafa hana eða eigi, þá mundi eg kjósa hið fyrra. Mèr sýnist vera nokkur munur á, hvort þingið afbiður löggjöfina með öllu, eða óskar breytinga á henni, því þá er þó grundvellinum eigi raskað. Breytingar þær, sem minni hlutinn nú hefir stungið upp á, eru til mikilla bóta, t. d. hvað innheimtuna snertir. Eg þykist fullnægja bæði sannfæringu minni og ósk kjósanda minna, með því að greiða atkvæði fyrir tölul. 8., og jafnframt vil eg láta í ljósi þá ósk mína, að tölul. 9. yrði tekinn upp í álitsskjalið til konungs.

Halldór Kr. Friðriksson: Eg ætla eigi að tala margt að sinni, því að það er þegar búið að skýra málið nægilega. Þingmaður Norður-Þingeyinga sýndi eitthvert ástfóstur við 9. töluliðinn, rètt eins og hann væri faðir að honum, eða að minnsta kosti hefði hjálpað til, að búa hann til, en hann sýndi jafnframt, að hann eigi hafði íhugað málið vel eða lesið með athygli bænarskrárnar, sem komnar eru til þingsins. Hann hafði á móti tölul. 3. af því það væri svo ómögulegt að fram fylgja þeirri ákvörðun eða heimta gjaldið eptir henni, en þetta sýnir ljóslega, að málið er honum kappsmál, því að það er þó auðsætt, að ef innheimtan er ómöguleg eptir hlutatölu, þá er hún enn ómögulegri eptir aflahæðinni. Það á að vera ómögulegt fyrir skipseigendur, að heimta gjaldið af hásetum sínum fyrir hverja vertíð, en hitt á að vera hægðarleikur, að heimta það saman fyrir hvern dag eptir tilskipuninni og uppástungum minni hluta nefndarinnar. Það er reyndar eigi svo að skilja, að eg ætli að fallast á 3. tölul., heldur tek eg þetta fram, til að sýna, hverjar ástæður þeirra eru, sem fylgja minni hlutanum. Það hefir verið líka nægilega sýnt í bænarskránum, að formennirnir verða annaðhvort að láta gjaldið frá sjálfum sèr eða heimta það saman fyrir hvern dag, og það er þó eigi hægra en fyrir hverja vertíð. Frumvarpið 1867 er að vísu eigi gallalaust, en það stendur og til bóta, en haldist tilskipunín í gildi, þá munu næstu 2 ár sannfæra menn um, að grundvöllur hennar er óhafandi. Framsögumaður hefir skýrt og ljóst tekið fram þá nauðsyn, sem er á, að nema tilskipunina úr lögum, en það sýnir kapp mótstöðumannanna, þegar sagt er að Strandasýslubúar geti goldið 90 rd., en ómögulega 40 rd. Það hefir verið fært fram tilskipuninni til málbóta, að stjórnin hefði fallizt á hana, en sè gætt að ástæðum stjórnarinnar í stjórnartíðindunum, þá má sjá, hve mikið þetta vegur, því að ástæðurnar þar eru þær einu, að tilskipunin svona löguð muni

verða svo vinsæl, af því að hún sè runnin frá bændum; en stjórnin gætti eigi að því, að það var frá bændum, sem eigi þekktu málið, enda eru nú vinsældirnar farnar að sýna sig. Það leit svo út, sem þingmaður Vestur-Skaptfellinga lèti sèr mjög annt um, að grundvöllurinn hèldist; en ef frumvarp verður lagt fyrir þingið 1871, þá getur hann lagað þennan grundvöll, ef hann þá hefir eigi breytt skoðun sinni, sem eigi kann örgrant að verða; þá er þinginu í sjálfsvald sett að fara þann veg, sem því sýnist beztur. Það hafa nokkrir mælt með 9. tölul., og er það merkilegt, því að grundvöllurinn er hinn sami sem í tilskipaninni, en ákvörðununum um gjaldið verður enn óhægra að framfylgja og innheimtan öll vafningameiri. Það hefir verið sagt, að menn, sem eigi væru skrifandi, væru ófermandi; en einmitt núna í vor hafa hjá sama manni hèr í Reykjavík verið 2 formenn að vestan, báðir óskrifandi, og þessir menn eiga eigi að eins að skrifa afla-upphæðina allt árið um kring, heldur og að jafna öllu gjaldinu niður á hásetana, en það getur enginn til þess ætlað, að hver formaður geti gjört það svo í lagi sè. Ef mönnum því er um það hugað, að fá góða löggjöf um þetta efni, þá er víst, að það eitt er rètt, að biðja um, að frumvarp verði lagt fyrir þingið 1871, og með því móti má gjöra sèr von um, að á endanum fáist viðunandi tilskipun um þessa spítalahluti.

Hjálmur Pètursson: Eg ætla mèr nú eiginlega ekki að tala margt um þessa atkvæðaskrá yfir höfuð eða hverja einstaka grein hennar, en af því framsögumaður vildi láta þinginu skiljast, að þingmaður Strandasýslu væri eigi mikill lagamaður, þá vildi eg spyrja framsögumann, sem víst hefir betri lagamenn í ráðum með sèr heldur en þingmaður Strandasýslu er, hvernig það lítur út í lagalegum skilningi, ef fyrsti töluliður á atkvæðaskránni er samþykktur; hvaða lögum á þá að beita í millibilinu frá því tilskipunin er úr lögum numin, og til þess ný lög eru orðin gildandi, sem að minnsta kosti verður að vera 1—2 ár? Sömuleiðis verð eg að láta það í ljósi, að mèr virðist ábyrgðarhluti og vanvirða fyrir þingið og þjóðina að afbiðja nýútkomin lög, það hefir nýlega verið kallað að kasta framan í stjórnina, að afbiðja frumvarp, sem fyrir þingið var lagt; mèr finnst það megi sannar segja um það, að afbiðja nýútkomin lög. Það hefir verið sagt viðvíkjandi öðru máli, að bænarskrárnar væru komnar til þingsins fyrir tilstilli einstakra manna; ef þetta hefir átt sèr stað í nokkru málefni, þá er

eg viss um, að það er ekki sízt í þessu; hefði hinn 6. konungkjörni lýst undirskriptum bænarskránna um þetta mál, þá hefði sú lýsing getað orðið nokkuð skrítin, ekki síður en sú, sem hann gaf um undirskriptir einnar bænarskráar, er hèr var lesin upp fyrir nokkrum tíma; þó þess væri ekki getið, að fjöldi manna, sem ekki hefir sèð eða lesið frumvarpið um spítalahlutina, sem lagt var fyrir þingið 1867, hafa skrifað undir þær bænarskrár, sem biðja um það óbreytt leitt í lög, nè heldur hins, að nokkrir menn hafa ritað nafn sitt undir fleiri en eina bænarskrá, til að fjölga tölu nafnanna; en þetta hvorttveggja er hægt að sanna.

Eiríkur Kúld: Eg ætla nú eigi að tala margt um mál þetta, mèr er um fátt sárt af því, sem á atkvæðaskránni stendur, ef 1. töluliður fellur, en ef hann stæði, vildi eg taka það sem stendur undir 9. tölulið inn í álitsskjalið til konungs, að minnsta kosti sem bendingu. Þingmaður Reykvíkinga hefir líklega miðað það til mín, þegar hann gat þess, að hèr syðra hefðu fyrir skemmstu róið 2 menn að vestan, sem báðir voru formenn og báðir þó óskrifandi; en hvað sem nú þessu líður, þá gæti vel skeð, að þessir menn hafi róið hèr syðra og verið formenn hèr, af því þeir gátu ekki brúkazt sem formenn undir jökli. Óvinsæld löggjafarinnar frá 10. ágúst 1868 held eg sè mest hèðan að sunnan, meðfram sprottin af einhverjum blaðagusum, svo sem úr Þjóðólfi, og mun þetta má ske þingmanni Reykvíkinga kunnugt frá því hann var blaðstjóri hèr. Þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, að tilskipun 10. ágúst 1868 væri óhafandi sökum þess, að innheimtan eptir henni væri ómöguleg, þá skal eg geta þess, að minni hlutinn hefir bætt úr þessu á haganlegan hátt, með því að fela hreppstjórunum innheimtuna gegn því að þeir fái sjöttung í innheimtulaun. Hreppstjórar hafa hingað til unnið embættisverk sín launalaust, en hèr fá þeir sanngjarna þóknun fyrir starfa sinn, og er það því meiri hvöt fyrir þá til að sjá um, að hèr komi öll kurl til grafar. Þess utan má ganga að því vísu, að ef fjárhagur Íslands og Danmerkur verður að skilinn, muni þess eigi langt að bíða, að ætla megi hreppstjórum laun, og er þá þetta nokkur sparnaður við þau fjárútlát. Hinn sami þingmaður sagði og, að uppástungur minni hlutans væru enn örðugri viðfangs en tilskip. frá 10. ágúst 1868, og var því heldur á því að halda henni óbreyttri; sè þetta meining hans, þá er eg honum alveg samdóma; því eg vil helzt halda tilskipuninni frá 10. ágúst 1868 óbreyttri. Hvað 5. tölul. snertir,

þá vona eg að enginn geti honum atkvæði, því með því gjörði þingið sig hlægilegt bæði í augum þjóðarinnar og stjórnarinnar, ef það nú færi að biðja um það, sem það hafnaði 1867, auk þessa skil eg ekki í því, að menn skuli vera að biðja um að gjöra það frumvarp að lögum, sem ekki liggur fyrir. Þar sem þingmaður Norður-Þingeyinga hèlt, að það mundi tefja fyrir málinu, ef 8. tölul. væri samþykktur, þá get eg ekki verið honum samdóma í að svo sè, enda er eg og sannfærður um, að ef 1. tölul. verður samþykktur, að þá muni seinna til þingsins streyma mýmargar bænarskrár um, að fá tilskipunina frá 10. ágúst 1868 aptur lögleidda.

Framsögumaður: Eg skal leyfa mèr að leiðrètta þá missögn þingmanns Vestur-Skaptfellinga, er hann sagðist mundu fara að ósk kjósanda sinna, ef hann stuðlaði að því, að tilskipun 10. ágúst 1868 yrði breytt; hann hefir að líkindum ekki vel lesið bænarskrá kjósanda sinna, því að í niðurlagsatriði hennar er einmitt beðið um að nema tilskipunina úr lögum, og þannig er meiningin í flestum bænarskránum, er til þingsins komu. Hann hèlt það væri verra, að afbiðja tilskipunina en að bæta hana, en eg held að rèttara sè að afbiðja hana, þegar bæturnar eru ekki til neins. Hann sagði og, að innheimtan eptir minni hlutanum yrði lèttbærari, en hann sannaði það ekki með neinu.

Enginn af þeim, sem eiga fyrir spítalasjóðnum að ráða, mundi gjöra sig ánægðan með það, að hann rýrðist svo, því þeir geta aldrei vitað, hvaða útgjöld má ætla spítalasjóðnum. Hinn háttvirti þingmaður Mýramanna bar kvíðboga fyrir því, að engin lög væru til að fara eptir við spítalagjaldið, ef þingið aðhylltist 1. tölulið á atkvæðaskránni, en eg vil biðja hann að gæta þess, að nefndin hefir látið þessa vangáð, og til þess miða orðin «allra-fyrst», sem eg vona að þingmaðarinn hafi lesið. En allt um það hefir þó hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga endurtekið þessa sömu mótbáru gegn töluliðnum, og gegnir slíkt nærri því furðu. Að það, að afbiðja þessa nýju löggjöf, sè sama sem að kasta henni framan í stjórnina, þá get eg ekki sèð að svo sè, þótt vèr biðjum um að oss verði nauðsynjarinnar vegna gefin ný lög. Það mun sannast, ef löggjöf þessi nær að standa í gildi, að hún mun halda áfram að vera landsmönnum ógeðfelld, og þeir munu aldrei við hana una. Hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga sagðist leiða hjá sèr þá bót, sem breytingar þær, er minni hlutinn og hans flokksmenn hafa gjört við löggjöfina, myndu koma til leiðar. Hann hefir

víst haft gildar ástæður fyrir sèr, að hann leiddi þetta hjá sèr, þær ástæður, að honum var það ómögulegt, að sýna þessar bætur. Það er eigi heldur rètt hjá hinum heiðraða þingmanni, að óánægja sú, sem kviknað hefir gegn tilskipuninni, eigi rót sína að rekja í blöðunum; þvert á móti get eg með vissu sagt, að blaðagreinirnar voru sprottnar af hinni megnu óánægju með löggjöf þessa, því eg var beðinn að skrifa grein í blöðin um sama efni, og sömuleiðis hinn háttvirti sessunautur minn, þingmaður Rangæinga, en við vildum ekki hrapa að því, og fengum fyrir það jafnvel óvild hjá hlutaðeigendum. Ekki skil eg, hvernig uppástungum minna hlutans getur talizt það til gildis, að, ef þeim verði veitt samþykki, þá fái hreppstjórarnir laun, sem engin höfðu fyr, þó að þess væri sannarlega óskandi, að hreppstjórar fái laun fyrir embættisómak sitt, þá kemur það ekki þessu máli við. Það er einmitt verra fyrir þetta, því á spítalasjóðnum liggja í raun inni allt of miklar byrðar, þó ekki bætist enn nýjar, sem honum í sjálfu sèr eru alveg óviðkomandi. Hann sagði, að frumvarpið 1867 lægi ekki fyrir þinginu, en eg segi, að það sè þó ekki langt að leita þess; það liggur hèrna fyrir oss á lestrarsalnum, og þingmenn eru í sjálfu sèr skyldir til að kynna sèr það eins og hvað annað þingmálum svo nákomið. Að það sè ólögulegt, að þingið fari svo að ráði sínu, getur nú ef til vill verið, en því að eins rèð nefndin til sinna uppástungna, að sá maður, sem töluvert var stjórninni kunnugur, hugði, að hún mundi þetta eitt geta aðhyllzt, en ekkert annað. Annars gleymdist hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga að tala um skötu og löngu, þegar hann var að ræða svo mikið um lúðuna, og hefði hann gætt þess, þá mundi hann hafa komizt að raun um, að breytingar minna hlutans eru jafnvel verri en tilskipunin sjálf.

Benedikt Sveinsson: Sakir þess að uppástungurnar á atkvæðaskránni eru svo merkilega skrítnar, neyðist eg til að tala fáein orð. Eg skal þá geta þess, að það hefir verið sagt, að mál þetta hafi verið kappsmál 1867 og eins nú 1869, og væri það reyndar betur, ef svo væri eigi. Eg skal ekki dæma neitt um það. En víst er um það, að enda þótt margar snjallar ræður hafi verið fluttar í máli þessu, þá hefir mèr þó sýnzt, að ýmsar athugsemdir hafi komið fram í þeim, er eigi geti samrýmzt rèttum áhuga og alvöru á velferðarmálum landsmanna. Að minna hlutans uppástungur sèu verri en tilskipunin, það get eg nú ekki skilið, því eg hygg, að hægt væri að vera að telja upp kosti þá, sem uppástungur

minna hlutans hafa fram yfir tilskipunina, allt til sólarlags. Gjaldið lækkar mjög, því það er sannarlega mikill munur, hvort greiða á af aflanum allt árið í gegn, eins og tilskipunin ákveður, eða að eins frá 3. d. febrúarmánaðar til 12. d. maímánaðar. Hinn tímann er það hálfu minna. Þetta vona eg hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga geti ekki hrakið. Mèr getur því varla annað sýnzt, en að þetta sè orðið nálægt því að vera kappsmál, þegar menn fara því fram, sem þó auðsjáanlega er ekki rètt, heldur auðsjáanlega rangt, að uppástungur minna hlutans bæti ekkert tilskipunina, t. d. hvað gjaldbæðina snertir, sem er aðalmergur málsins, og eins er hvar sem litið er á; eg get nú ekki að því gjört, þótt þingmaður Reykvíkinga þykist ekki geta sèð þetta. En nú skulum vèr þá aptur skoða, hve mikið uppástungur meira hlutans hafa bætt úr því, sem er. Jú með þreföldum ómögulegleika, sem eg tók skýrt fram við undirbúningsumræðuna, nefnil. hugsunarlegum, lagalegum og stjórnarlegum ómögulegleika. Reyndar er bætt nokkuð úr þessu með uppástungunum undir 1. og 5. tölul. staflið b, sem í báðum tilfellum bæta mjög mikið úr staflið a; en eptir uppástungum meira hlutans er þetta alls eigi aðgengilegt. Það er það merkilega við þessar uppástungur, að þær eru allar negativar, en ekkert positivt, eins og í öðru máli varð fyrir skemmstu niðurstaðan hjá annari þingnefnd. En það skilst mèr, að 8. tölul. þess vegna bæti 1. tölul., sem annars út af fyrir sig er óhafandi, og mèr sýnist því, að þingið hljóti að aðhyllast þessa töluliði báða í sambandi hvorn við annan, en annars alls ekki 1. tölul., og yfir höfuð alls ekkert á atkvæðaskránni nema minna hlutann alveg óbreyttan. En beri maður þetta saman, þá getur verið, að ef þingið fellir uppástungur minna hlutans, þá gefist þinginu í 3. sinn kostur á að rannsaka, hvernig þessu máli verður bezt fyrir komið, og þá fær og stjórnin bendingu og leiðarvísi þingsins til þess að rannsaka allt, bæði uppástungur meira og minna hlutans. En af þessu leiðir á hinn bóginn, að hin eptiræskta breyting á tilskipuninni kemur seinna, heldur en ef fylgt væri uppástungum minna hlutans, því þá þyrfti að eins einu sinni að innkrefja spítalagjaldið eptir tilskipuninni frá 1868, en annars að minnsta kosti tvisvar eða þrisvar. Spursmálið er nú: hvort styður maður málið, það er að segja þær óskir, sem komið hafa fram í bænarskránum — betur með því að framfylgja uppástungum meira eða minna hlutans, það er að segja uppástungu meira hlutans undir 1. tölul. í sambandi við 8. tölul.,

því um annað er ekki að tala. Úr þessari spurning hefi eg þegar ráðið með sjálfum mèr, og eg vona að þingmenn hafi skilið orð mín. Eg ætla nefnilega að gjöra meiri hlutanum það til geðs, að gefa tölul. 1. og 8. atkvæði mitt, svo að enginn þurfi að ámæla mèr fyrir of mikið meðhald með minni hlutanum, og þykir mèr hann þó í öllu rèttur og sanngjarn, enda er hyggja mín sú, að tvímæli verði á því, að meiri hlutinn hafi gjört rètt í því, að hafna stefnu minna hlutans og fella svo þungan dóm á hann. Það gefur nú tíminn að vita. Hvað því að öðru leyti viðvíkur, sem hinn háttvirti þingmaður Barðstrendinga sagði, að óvinsældir móti tilskipuninni hefðu kviknað í blöðunum fyrst, þá skal eg geta þess, að hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga veit víst, að þessi orð þingmanns Barðstrendinga eru sannmæli.

Forseti: Þar eð ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og bið eg þá þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni. (Sjá II., bls. 321).

Forseti: Þá er dagskrá lokið, og því eigi meira að gjöra í dag. Eg ákveð fund á morgun kl. 12, og segi

Fundi slitið.

---

39. fundur — 9. september.

Allir á fundi, nema þingmaður Norður-Múlasýslu og þingmaður Húnvetninga, er höfðu tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Forseti: Samkvæmt dagskránni kemur nú á þessum fundi til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um landbúnaðarnefndina Hinn annar konungkjörni þingmaður er framsögumaður, og vil eg skjóta því til hans, hvort hann vill taka til máls. (Þögn)

Þar eð hvorki framsögumaður nè aðrir þingmenn óska að taka til máls, bið eg þingmenn þegar ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem þingmenn hafa fyrir sèr. (Sjá II., bls. 328).

Forseti: Þá kemur til umræðu málið um, að skylda fastakaupmenn til að vera búsettir á Íslandi, og kemur það til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Þingmaður Árnesinga er framsögumaður.

Jón Hjaltalín: Væri nokkuð við mál þetta að gjöra, álít eg réttast, að það væri dregið inn undir nokkurs konar «Husholdnings Selskab», eins og er í Danmörku; en þetta liggur hér ekki fyrir.

Framsögumaður: Viðvíkjandi því, sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður sagði, skal eg leyfa mér að skýrskota til þess, er eg tók fram við undirbúningsumræðuna.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem þingmenn hafa fyrir sér. (Sjá II., bls. 327).

Forseti: Þá kemur málið um bann gegn hákarla-niðurskurði til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu. Hinn háttvirti þingmaður Reykvíkinga er framsögumaður, og er það á hans valdi, hvort hann vill taka til máls

Framsögumaður: Eg skal geta þess, að eg vil gjarnan fallast á breytingaruppástungu þingmanns Suður-Múlasýslu við 2. grein. Aptur á mót get eg ekki fallizt á breytingu hans við 1. grein, um að orðin: «hleypt sé niður», sé sett í stað «skorinn sé», því að það er almennt á Vestfjörðum, að við hafa orðatiltækið að «skera niður» í þessu sambandi, en í orðin «að hleypa niður» leggja Vestfirðingar nokkuð aðra þýðingu.

Sigurður Gunnarsson: Eg fylgi ekki fast fram orðabreytingum mínum, úr því eg heyri, að orðatiltæki frumvarpsins eru algeng á Vestfjörðum. Eg tók þessar breytingar einungis af því mér fundust þær viðkunnanlegri.

Forseti: Fyrst ekki taka fleiri til máls, er þessari ályktarumræðu lokið, og verður þá gengið til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem þingmenn hafa fyrir sér. (Sjá II., bls. 328).

Síðan lét forseti lesa upp tvær bænarskrár til konungs, aðra um fiskiveiðar útlendra (sjá II., bls. 330), en hina um gufuskipsferðir kring um landið. (Sjá II., bls. 332).

Forseti: Dagskrá er þá lokið, og mun eg ákveða fund á morgun kl. 12. Fundi slitið.

---

40. fundur — 10. september.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Þá voru lesnar upp þrjár bænarskrár til konungs, 1. í málinu um landbúnaðarnefnd (sjá II., bls. 333); 2. í málinu um gjald af spítalahlutum (sjá II., bls. 335); og 3. í málinu um hákarlaniðurskurð (sjá II., bls. 338), og voru þær allar samþykktar.

Forseti: Eg skal geta þess, að rètt í þessu meðtók eg brèf frá nefnd þeirri, sem kosin var 1867, til að koma fram nokkurri minningu um þjóðhátíð Íslendinga 1874.

Brèfið hljóðar þannig: (Sjá II., bls. 349).

Eg skal láta leggja brèfið á lestrarsalinn, svo þingmenn geti kynnt sèr það, og gefið síðan skýrslu um athafnir sínar í þessu efni. (*Stefán Jónsson*: Eiga skýrslurnar að vera skriflegar). Það mun verða undir kringumstæðunum komið, hvort þingmenn geta gefið skriflegar skýrslur, en eflaust væri það æskilegast. Eg vil þá biðja hina háttvirtu þingmenn, að hugleiða þetta, svo að þeir, sem voru á síðasta þingi, geti gefið skýrslu um, hvað þeim hefir orðið ágengt, og hinir nýju þingmenn geti sagt, hvað þeir vilji að sèr taka, til þess að koma máli þessu áleiðis.

Benedikt Sveinsson: Eg skal sem þingmaður Árnesinga geta þess nú þegar, að eg hefi enn eigi fengið nein eyðublöð til að safna gjöfum í Árnessýslu, enda hefi eg og þess vegna ekkert skipt mèr af þessu máli hingað að, með því líka eg gat ímyndað mèr, að nefndin hefði haldið sèr í þessu efni til varaþingmanns Árnesinga, sem er búsettur innan sýslu. Að öðru leyti er mèr það nokkurn veginn ljóst af viðræðum við ýmsa merkismenn í Árnessýslu, að Árnesingar muni eigi verða eptirbátar annara kjördæma í því, að styrkja þetta góða og fagra fyrirtæki.

Forseti: Eg álít mál þetta nauðsynlegt, og held eg, að bezt væri til fallið, að þingmenn tækju sig saman, og settu sig í samband við nefndina. Þetta yrði ný hvöt fyrir hana til þess að reyna til að fá sem flesta styrktarmenn þessa máls. Að öðru leyti held eg, að ekki sè vert að hafa lengri umræðu um það að sinni.

Samkvæmt dagskránni kemur þar næst til ályktarumræðu og atkvæðagreiðslu málið um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands.

Eg skal leyfa mèr að benda á það, að hinn háttvirti konungsfulltrúi áskildi sèr um daginn rètt til að slíta þinginu á morgun, og skal eg því biðja hina háttvirtu þingmenn að haga umræðunum þar eptir. Í sambandi þar við vil eg þó geta þess, að nokkrir þingmenn hafa nefnt við við mig, að fara þess á flot við

hinn háttvirta konungsfulltrúa, hvort hann vilji ekki lengja þingtímann til næsta mánudags. Eg skal því skjóta því til hans, hvort hann vilji svo gjöra, eða hverjar undirtektir hann vilji veita þessu.

Konungsfulltrúi: Eins og eg, þegar eg um daginn lengdi þingtímann til 11. þ. m., hafði tekið tillit til allra kringumstæðna þeirra, sem átti að taka til greina, en sèr í lagi bæði til þess, að árstíminn er svo áliðinn, að hver dagur, sem þingið verður lengt um, getur valdið þingmönnum frá hinum fjarlægari hèruðum landsins talsverðra örðugleika, og til þess að alþingiskostnaðurinn, sem þegar er nægilega hár, sjálfsagt mun aukast með hverjum degi, sem þingið er saman, — get eg heldur ekki nú sem stendur sèð, að ómögulegt sè að semja og til búa álitsskjalið í málinu um stjórnarskrána innan hádegis á morgun — en eg gjöri sjálfsagt ráð fyrir, að hin álitsskjölin þegar sèu samin, þó að þau ekki öll enn þá sèu samþykkt af þinginu. Eptir undirbúningi þeim, sem nefndin hefir gefið frumvarpinu um stjórnarskrá Íslands, má búast við, að álitsskjalið þurfi ekki að vera umfangsmikið, ef þingið aðhyllist niðurlagsatriði nefndarinnar, og hið sama má að mestu leyti segja, ef þingið aðhyllist nokkur þeirra breytingaratkvæða, sem standa á atkvæðaskránni, því þau eru í sjálfum sèr hvorki mörg nè margbrotin að undanskildum breytingum hinna þriggja heiðruðu þingmanna, Árnes-, Vestmanneyja- og Gullbringu- og Kjósarsýslna, en þessar eru að mestu leyti fólgnar í því, sem snertir hitt frumvarpið, þar sem þær miða til þess að taka upp aptur ákvarðanirnar um stöðu Íslands í ríkina.

Eg skal eigi að síður, þegar búið er að greiða atkvæði í þessu máli, skýra þinginu frá, hvort eg eptir úrslitum atkvæðagreiðslunnar muni finna ástæðu til að samþykkja þingtímans lengingu til mánudagsins hins 13. þ. m.; en nú sem stendur þykir þessi lenging mèr ónauðsynleg.

Forseti: Hinir háttvirtu þingmenn hafa nú heyrt undirtektir hins háttvirta konungsfulltrúa, og geta því hagað meðferð sinni á málinu þar eptir.

Framsögumaður (Halldór Kr. Friðriksson): Hèr eru ýmsar breytingaruppástungur komnar fram við frumvarpið, og þurfa þær vissulega tíma til íhugunar, og umræður nokkrar verða um mál þetta að verða, sem hljóta að taka upp mikinn hluta af deginum í dag, svo eg sè mèr með engu móti fært að semja álitsskjal til morguns, allrasízt, ef mikið af breytingaratkvæðunum yrði samþykkt, því að

þá mætti engan veginn fara eingöngu eptir nefndarálitinu. Viðvíkjandi málinu sjálfu þá hefi eg litlu við að bæta við það, er eg sagði við undirbúningsumræðuna. Hèr eru komnar fram miklar uppástungur undir 3. tölul., og þeim, er þar fara á eptir, og er nefndin eigi ófús á, að taka þær til greina sem varauppástungur, ef það gæti dregið til samkomulags, enda er þá girt fyrir þá mótbáru, að stjórnin fái eigi næga leiðbeiningu frá þinginu um, hvað hún ætti að leggja næst fyrir þingið. Í frumvörpum þeim, sem nú eru lögð fyrir þingið, er allur annar grundvöllur en í frumvarpinu 1867, en uppástungurnar undir 4. tölul. eru viðbót við stjórnarskrána eptir frumvarpinu 1867, en eru þó lempaðar eptir því, er ætla má að stjórnin geti gengið að. Viðvíkjandi nokkrum öðrum uppástungum vil eg að eins geta þess, að eg verð að álíta, að það sem þingið 1867 hefir stungið upp á og stjórnin síðan samþykkt, því ætti eigi nú að breyta. Mèr virðist að minnsta kosti, að þingið ætti nú að halda öllu því, sem samkomulag er á komið um milli þingsins og stjórnarinnar. Að öðru leyti eru það fáar breytingar, er eg vildi gjöra í frumvarpinu, enda efast eg eigi um, að stjórnin síðar mundi verða fús á að breyta þeim ákvörðunum. Að lokum vil eg geta þess, að eg er eigi búinn að kynna mèr vel atkvæðaskrána, því eg fèkk hana fyrst rètt fyrir fundinn.

Konungsfulltrúi: Þar sem í nefndarálitinu segir, að frumvarpið um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu og þetta frumvarp standi í svo nánu sambandi, að þau hljóti að standa og falla hvort með öðru, er þetta, eins og eg ítarlega tók fram við undirbúningsumræðuna, ekki alveg rètt hermt. Því hitt frumvarpið getur, eptir því sem segir í ástæðunum, orðið lögleitt, þó að alþingið hafi frá ráðið því, og án þess að þetta frumvarp verði lögleitt. Ef nú lögin um stöðu Íslands í ríkinu verða staðfest, og alþingið við frumvarp það, sem nú ræðir um, annaðhvort aðhyllist niðurlagsatriði nefndarinnar eða stingur upp á þess konar breytingum, sem hans hátign konungurinn ekki getur samþykkt, þá verður að vísu að breyta nokkrum atriðum í frumvarpinu um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, t. d. 1. grein um löggjafarvald alþingis, því hún á ekki við nema að eins þegar stjórnarskráin verður lögleidd. Hvernig löggjafarvaldinu í hinum sèrstaklegu málefnum þá verður hagað, get eg ekki sem stendur skýrt þinginu frá, en sjálfsagt er, að alþingistilskipunin frá 8. marz 1843 í þessu tilfelli á að vera grundvöllurinn. Þess vegna er það, eins og eg

tók fram við undirbúningsumræðuna, varúðarvert frá þingsins hálfu, að kasta þessu frumvarpi, og það eptir minni skoðun langt um meira, en þegar spursmálið var um frumvarpið til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. En ef þingið ekki óskar sjálfsforræði með þeim kostum, sem hèr eru settir í þessu frumvarpi, eða sem yfir höfuð að tala um nokkurn tíma verða boðnir þinginu, þá mun hans hátign konungurinn, eins og segir í ástæðunum, ekki fara að neyða þessari gjöf upp á Ísland, heldur verður málinu skotið á frest um óákveðinn tíma.

Eg skal þess vegna ekki orðlengja meira þetta spursmál, en skjóta því til atkvæða þingmanna; ef úrslitin verða þau, sem eg nú hefi bent á, getur alþingið einungis kennt sjálfu sèr um það.

Breytingar þær, sem hinir heiðruðu þingmenn, Árnes-, Vestmannaeyja-, Gullbringu- og Kjósarsýslu hafa stungið upp á, og sem miða til þess að taka upp aptur hinar fyrstu greinir af stjórnarskránni frá í hitt eð fyrra, þykja mèr óaðgengilegar, ekki vegna þess, að þær að efninu virðast mèr þýðingarmiklar, heldur vegna þess, að þær munu leiða til þess, að stjórnarskráin í heild sinni verði lögð fyrir ríkisþingið, en þetta þykir mèr frá mínu sjónarmiði óaðgengilegt.

Þegar eg nú skal skýra frá skoðun minni um breytingar þær, sem snerta stjórnarábyrgðina, skal eg fyrst aptur taka það fram, að fyrirkomulagið á þessari ábyrgð er eitt undirstöðuatriði þeirra, sem á að ákveða í lögunum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, og eimitt þess vegna er það nauðsynlegt, ekki að aðhyllast neina breytingu í þessu tilliti, sem ekki getur samrýmzt hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum frá 5. júní 1849; því það liggur fyrir utan samkomulagsvald alþingis, að breyta þessum grundvelli. Eg get þess vegna að eins álitið breytingar þær, sem stungið er upp á undir tölulið 6. og 7. aðgengilegar innan þeirra takmarka, að þær geti samrýmzt þessum grundvelli. Sèr í lagi skal eg með tilliti til ábyrgðar ráðgjafans geta þess, að mèr virðist 1. liður í 2. málsgrein og tölul. 6.: «þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, sem ríkisþingið og alþingið samþykkir» óaðgengilegur vegna þess, að ákvörðunin, ef hún á að takast upp í grundvallarlögin, eptir minni skoðun ekki á að ákveðast að eins til bráðabyrgða. Þar sem 7. töluliður skýtur spursmálinu um ábyrgð landstjórans á frest, þangað til hún verður nákvæmar ákveðin með lögum, þykir þessi breyting mèr ekki alveg óaðgengileg, þó með því skilyrði,

að ekki verði með orðum þessum: «og ekki útheimta staðfestingu konungs», nè með því að sleppa orðunum: «á ábyrgð ráðgjafans», gripið neitt fram fyrir einkarèttindi konungs til að ákveða skipulagið á umboðsstjórninni. Það sama er að segja um orðin í 6. tölulið, «sem útheimta staðfestingu konungs». Uppástungu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns um ábyrgð landstjórans með tilliti til fjárhagslaga landsins, get eg fyrir mitt leyti aðhyllzt, eptir því, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna.

Breytingar þær, sem snerta tölu þingmanna og skiptingu alþingis í tvær deildir, get eg aðhyllzt, því stjórnin hefir einungis fallizt á þessa skiptingu vegna þess, að alþingið hefir haldið henni svo fastlega fram. En eg skal ekki orðlengja þetta spursmál, sem í hitt eð fyrra var nægilega rætt bæði af mèr og af þingmönnum, en að eins geta þess, að alþingiskostnaðurinn, með því að samþykkja þessar breytingar, mun verða fleiri þúsundum ríkisdala minni árlega.

Eins og eg gat um við undirbúningsumræðuna, er 61. grein frumvarpsins að efni alveg samhljóða 70. grein stjórnarskrárinnar frá í hitt eð fyrra, og það er einungis orðabreyting, þegar í staðinn fyrir «fósturjarðarinnar» er sett «ríkisins»; eg skal þess vegna í þessu tilliti skýrskota til þess, sem eg tók fram við undirbúningsumræðuna. Orðið «lagaboð» í þessari grein getur ekki skilizt öðruvísi, en sem lagaboð samþykkt af alþingi, og varnarskyldan er á þann hátt eptir 61. grein frumvarpsins eingöngu sèrstaklegt málefni Íslands. Þó að breytingaruppástunga hins heiðraða varaforseta undir tölul. 32. þess vegna þyki mèr ónauðsynleg, get eg mælt með henni sem orðabreyting.

Framsögumaður: Konungsfulltrúi gat þess, að hèr væru 2 frumvörp, og gæti hið fyrra orðið að lögum, þótt alþingi legði á móti því. Viðvíkjandi þessum orðum konungsfulltrúa verð eg að geta þess, að eg get ekki með nokkru móti ætlað, að konungur vilji brjóta lög á oss, með því að taka nýjar ákvarðanir inn í lögin, sem aldrei hafa verið lagðar fyrir alþingi. Ef hið fyrra frumvarp verður lögleitt, þá hefir það mikla breyting í för með sèr að því er snertir ákvarðanirnar, sem líka standa í stjórnarskránni, og eiga þar heima í raun rèttri. Alþingi hefir þegar ráðið frá, að lögleiða hið fyrra frumvarp, og virðist þá vera rèttast, að ráða frá þessu líka, og biðja um nýtt frumvarp 1871. Út af einu orði, er hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði, vil eg taka það fram, að það

er alls eigi rètt, að alþingi sè einu að kenna um úrslit málanna og það eitt hafi ábyrgð þeirra. Stjórnin hefir líka ábyrgð fyrir, hvernig hún tekur í málin, og þegar hún leggur mál vor fyrir ríkisþingið, og lætur það velta þeim á ýmsar hliðar, þá hefir alþingi enga ábyrgð á því. Þótt alþingi samþykki 4. tölul., þá er engin ástæða til fyrir stjórnina, að leggja alla stjórnarskrána fyrir ríkisþingið, og mèr er enn eigi ljóst, að vèr, að því er ábyrgðina snertir, þurfum að eiga við nokkurn annan en konunginn.

Þórður Jónasson: Eg ætla að eins að tala fáein orð um 2 atriði á atkvæðaskránni, sem standa undir 7. b og 7. d.

Eg er algjörlega meðmæltur uppástungu hins 2. konungkjörna þingmanns um, að það sè óhagfellt eptir því, sem hèr stendur á, að skipta alþingi í 2 deildir, því þar af leiðir bæði mikinn tímaspilli og kostnað, því til þessa þarf að auka tölu alþingismanna; hèr vantar það nauðsynlega «Element» eða efni í efri málstofu; vèr eigum ekki þá menn með stjórnfræðislegri þekkingu og sem eru engum háðir, sem í öðrum löndum, sem hafa «constitutionelt» stjórnarform, sitja í efri málstofunni. Yfirvegun málanna mundi því eptir öllum þessum kringumstæðum ekki græða við þessa tvískiptingu á þinginu. Það er því miklu rèttara, að sameina kraptana í einni málstofu. Þá tryggingu gegn ótímabærum uppástungum og hvikulleik í meðferð málanna, sem ætlazt er til að hèr fáist með 2 málstofum og sem að vísu fæst annarstaðar, fæst hèr því ekki. Stjórnin hefir látið þessa skiptingu eptir þinginu, en álítur hana þó ekki hagfellda og bænarskrár þær, sem komnar eru til þingsins í þetta skipti, votta, að almenningur er skiptingunni mótfallinn; sú eina trygging, sem hèr verður við höfð, til þess að fyrirbyggja fljótræði og staðfestuleysi í ályktunum alþingis, hugsar stjórnin sèr að fáist með þeim konungkjörnu, sem á þinginu sitja, sem eptir stöðu sinni hljóta að þekkja betur en þingmenn yfir höfuð að tala til málanna, og sem slíkir að geta gefið þinginu margs konar upplýsingar, er geti haft gagnleg áhrif á meðferð málanna og úrslit þeirra, og aptrað því, að þingið rasi fyrir ráð fram í ályktunum sínum. Hvað viðaukaatkvæði hins 4. konungkjörna þingmanns undir 7. d snertir, um, að landstjórinn skuli sjá um, að fjárhagslögunum sè fylgt, og hafa einn ábyrgð á því fyrir þinginu, getur mèr ekki skilizt að geti tekizt til greina, þar sem hèr að eins ræðir um pólitiska ábyrgð, sem einungis hvílir á ráðgjafanum, sem hefir Íslands mál á hendi, og atkvæðið nær

ekki heldur nema til nokkurs hluta af ábyrgðinni. Ráðgjafinn hefir ábyrgðina af aðgjörðum landstjórans, og að honum einum á þingið aðgang eptir orðunum í 2. grein frumvarpsins, sem segir, að hið æðsta vald á Íslandi skuli fengið landstjóra á ábyrgð ráðgjafans. Landstjórinn og aðrir hlutaðeigandi embættismenn hafa að öðru leyti, eins og líka segir sig sjálft, fulla ábyrgð af embættisgjörðum sínum, og þá einnig fyrir afbrigði gegn fjárhagslögunum; sú politiska ábyrgð liggur í heild sinni eptir eðli málsins og orðanna hljóðun á ráðgjafanum einum, og þetta ætla eg sè auðskilið.

Jón Pètursson: Eg ætla að eins að tala fáein orð með tilliti til þess, er hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður nú sagði. Eptir því sem mèr skildust orð hans, þá gjörði hann ráð fyrir, að landstjórinn væri eingöngu bergmál af ráðgjafanum, og að ráðherrann geti hringlað með hann eptir vild sinni, en að sú er eigi ætlun stjórnarinnar, má ljóslega sjá af ástæðunum fyrir 2. greininni, og eg skil ekki, hvernig þingmaðurinn getur talað svona; það er og ekki rètt, að landstjórinn eigi enga constitutionella ábyrgð að hafa eptir frumvarpinu af gjörðum sínum, en eg verð að álíta það eðlilegast, að hann hafi fullkomna ábyrgð á fè landsins og meðferð þess.

Torfi Einarsson: Eg var í hitt eð fyrra meðmæltur því, að þingið væri í tveimur deildum, og síðan hefi eg enn meira styrkzt í, að sú skoðun væri hin rètta. Það má nærri geta, að málin fá töluvert vandaðri meðferð, þegar það fyrst er rætt í einni þingdeild, og því næst taka aðrir nýir menn við málinu, sem áður hafa verið umræðunum óviðkomandi, og við höfum þess mörg dæmi hèr á þinginu. En það er þó mest um vert, að hvert mál verði sem bezt hugsað, áður en það kemur út sem lög, og virðist mèr enginn skaði, þótt þingið eigi kæmi af 20 málum og þaðan af fleirum í hvert sinn, því það mundi aptur vinna sig upp með því, að eigi þyrfti að vera að grauta í sama málinu hvað eptir annað. Hin helzta mótbára, sem gjörð hefir verið gegn 2 þingdeildum, er, að kostnaðurinn aukist, en nokkrir þeirra, sem 1867 voru gegn 2 þingdeildum, vildu þó fjölga þingmönnum, og væri þá lítið unnið í tilliti til kostnaðarins. Tortryggni sú, er menn hafa á því fyrirkomulagi, að engin sè ábyrgð fyrir alþingi, er eigi ástæðulaus; næstliðin 20 ár eru þess ljós vottur, og væri illa farið, ef eigi yrði unnt, að láta landstjórann hafa neina ábyrgð. Framfarir vorar næstliðin 20 ár eru vottur þess, hvernig ríkisþingið reynist oss.

Eg hefi eigi haft tíma til að kynna mèr vel atkvæðaskrána, og veit því eigi, hverra úrslita eg má vænta, en það, sem hefir mikla þýðingu fyrir atkvæði mitt, er, hvort öll stjórnarskráin muni verða lögð fyrir ríkisþingið og rædd þar grein fyrir grein, eins og mèr skildist á orðum hins hæstvirta konungsfulltrúa, en mèr skildist ekki betur, en að stjórnin geti hæglega komizt hjá því, ef hún vill.

Þórarinn Böðvarsson: Eg vildi að eins spyrja að því, eða gjöra þá uppástungu, hvort ekki mætti sleppa seinni partinum af 6. a, frá «ábyrgð á stjórninni» og út, og taka það síðan seinna til atkvæða, og færa þá grein í ákvarðanir um stundarsakir.

Forseti: Frá minni hálfu er ekkert í móti því, og eg vona það geti ekki truflað þingmenn neitt í atkvæðagreiðslunni.

Pètur Pètursson: Eg vildi einungis vekja athygli á því, að þó þingið aðhyllist þau breytingaratkvæði, sem hèr standa á atkvæðaskránni, get eg eigi þar fyrir sèð, að þörf sè til þess, að leggja allt frumvarpið fyrir ríkisþingið, heldur það einungis, sem snertir hin sameiginlegu mál.

Benedikt Sveinsson: Eg vildi leyfa mèr, áður en til atkvæða er gengið í þessu allsherjarmáli voru Íslendinga, að fara fáeinum orðum um breytingaratkvæði þau, sem eg á á atkvæðaskrá þessari, ásamt tveimur heiðruðum þingmönnum, þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þingmanni Vestmanneyinga.

Hið heiðraða þing man víst eptir því, að eg við undirbúningsumræðu þessa máls lýsti því afdráttarlaust yfir, að eg gæti hvorki aðhyllzt álit nefndarinnar nè heldur stjórnarfrumvarpið, eins og það liggur fyrir, og að eg þó áliti, að hvorugu ætti að steypa frá rótum. Mèr var það nefnilega ljóst, að í hvorutveggja væri nokkuð rangt og í hvorutveggja nokkuð rètt. Eg áleit því skyldu mína, að reyna til að sameina hvorttveggja þannig, að því rètta væri haldið, en hinu ranga væri sleppt, sem unnt væri eptir kringumstæðunum. Leiðarvísir sá, sem eg í þessu efni fór eptir, var fyrst og fremst hlutarins eðli, eður það sem leiðir af fjarlægð Íslands frá Danmörku, landsháttum Íslands, þjóðerni Íslendinga o. s. frv.; í annan máta samvizkusamleg skoðun mín á stjórnarlegri stöðu Íslands í ríkinu, bæði gagnvart grundvallarlögum Danmerkurríkis og landsrèttindum vorum; og í þriðja lagi fótfesta sú, sem fengin er þegar um samband Íslands og Danmerkur með því, sem farið hefir milli stjórnarinnar og alþingis um stjórnarskipun Íslands, sèr í lagi 1867. Á þessum þrefalda grundvelli byggði eg og hinir hátt-

virtu fèlagar minir breytingaratkvæði þau, sem hèr standa á atkvæðaskránni, og sem innan fárra augnablika verða lögð undir dóm hins heiðraða alþingis Íslendinga. Það gleður mig innilega, að hvorki konungsfulltrúi nè heldur nefndin hafa lýst neinni óánægju yfir þessum breytingaratkvæðum vorum þrímenninganna, því það er nokkurn veginn ljós vottur þess, að hvortveggja finni til þess, sem vèr fundum til, að innbyrðis-miðlun hlyti að komast á mál þetta. Eg skal því næst snúa mèr að ræðu hins hæstvirta konungsfulltrúa og geta þess viðvíkjandi því, að breytingaratkvæðin hafi þau áhrif á stjórnarmál Íslendinga, að frumvarpið allt eður í heild sinni verði að leggjast fyrir ríkisþing Dana, og skal, segi eg, geta þess, að eg verð að vera alveg á sama máli og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður í þessu efni, því nefnilega, að stjórnin hafi frjálsar hendur, að leggja það eina af frumvarpinu fyrir ríkisþingið til samþykktar, sem snertir sambandið milli Íslands og Danmerkur, eður það, sem samsvarar hinu konunglega frumvarpi til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands, og má þetta ske á fleiri en einn veg. Þetta er því eigi gild ástæða móti breytingunum. Eg skal enn fremur geta þess viðvíkjandi 6. og 7. tölulið, að þar sem konungsfulltrúi talaði um, að það væru einungis ákvarðanir til bráðabyrgðar, þá held eg, að þetta sè alveg samkvæmt skoðun minni á máli þessu yfir höfuð, þeirri skoðun nefnilega, að Ísland eigi á sínum tíma að tengjast saman við Danmörku í hinum almennu málum, og þá væri það eðlilegt, þó þessari tilhögun yrði breytt, enda vona eg og, að ákvörðunin um, að bæði ríkisþingið og alþingið á Íslandi á að samþykkja hina ráðgjörðu breytingu, sè nægileg trygging fyrir því, að grundvelli grundvallarlaga Dana sè eigi í neinu haggað með þessu fyrirkomulagi, heldur að hann einmitt beinlínis lúti og miði að því, að það komist á. Með tilliti til ábyrgðar landstjórans og ráðgjafans vil eg sèrstaklega geta þess, að 1867 vildi alþingið sællar minningar — þeir, sem þá voru á alþingi, munu minnast tillaga minna í þessu efni, enda sýnir atkvæðaskráin frá 1867 þetta atriði betur en eg má frá segja — að ábyrgðin væri bæði hjá landstjóranum og ráðgjafanum. En þegar slíkri ákvörðun er fram fylgt verklega, fer svo, að bæði landstjórinn og ráðgjafinn hafa ábyrgð á hinni einu og sömu gjörð, og þetta er einmitt alveg óhafandi eptir minni skoðun. Eg vil í þessu tilliti drepa á það, sem hinn mesti lögfræðingur Dana, sem eg þekki, í þessu tilliti tók fram á ríkisþinginu, hæstirèttarassessor Krieger, vel og

ljóslega, að það væri óhugsandi, að danskur ráðgjafi mætti fyrir dómstól á Íslandi. Þess vegna er hið eina ráðið, að greina málin sundur, en eigi ábyrgð málanna, sem er einmitt óaðgreinanleg. Konungsfulltrúi sagði viðvíkjandi 7. tölulið, að sèr virtist hann taka fram fyrir hendurnar á konunginum, en það get eg eigi sèð, að þetta sè á rökum byggt, því ef hans hátign konungurinn staðfestir tölulið 7., já, þá getur hann eigi komið í bága við hans hátignar Prærogativa. Þessi ástæða er því ekki rètt. Með tilliti til breytinga hins háttvirta 2. konungkjörna þingmanns, vil eg geta þess, að mèr virðist eigi að eins varúðarvert að taka hinar tvær þingdeildir burtu, heldur virðist mèr það bersýnilega stríða móti stöðu hins háttvirta þingmanns sem óskabarni Danastjórnar á Íslandi, að vilja þvert ofan í bendingar hins hæstvirta konungsfulltrúa, sem þingmanninum stóð þó sannarlega eins nærri að skilja eins og mèr — að vilja nema þá einu tryggingu burtu úr þingi Íslendinga, sem er óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að Íslendingar eigi löggjafarvald og sjálfsforræði skilið. Viðvíkjandi orðum hins háttvirta 1. konungkjörna þingmanns skal eg að eins leyfa mèr að geta þessa, að mig furðaði í rauninni ekkert á því, þó hann væri hinum 2. konungkjörna þingmanni alveg samdóma í því, að nema burtu deildirnar úr alþingi Íslendinga, en hitt gladdi mig — ef maður getur orðið annars glaður í þessu máli — að bóndamaður íslenzkur, einmitt hinn nafnkenndi minni hluti í spítalamálinu 1867, hinn háttvirti þingmaður Strandasýslu, skuli sýna hèr á þingi óræk-ari merki þess, að Íslendingar sèu vaxnir þjóðfrelsi og sjálfsforræði, en einmitt hinn hæstvirti 1. konungkjörni þingmaður.

Að öðru leyti læt eg þess getið, að eg veit vel, að hinn háttvirti 2. konungkjörni þingmaður muni eigi halda fast fram breytingum sínum á atkvæðaskránni viðvíkjandi upphafningu þeirra tveggja málstofa.

Eg vil að eins geta þess, að þingið mun minnast, að þessi hinn sami minni og meiri hluti í spítalamálinu eru báðir þess ljósastur votturinn, að þing Íslendinga ætti að láta sèr vera það hugfast, að það skal vanda, sem lengi skal standa, en að lögum skal þá eigi hrapað.

Að endingu bið eg þann einn, er eg áður bað, að blessa og farsæla mínar veiku aðgjörðir og orð í þessu máli, einkum árið 1867 og árið 1869.

Fel eg svo forsjón guðs og gæfu Íslendinga, að þing Íslendinga fari með mál þetta svo, sem bezt hentar.

Hjálmur Pèturssson: Eg vildi einungis láta þá ósk mína í ljósi, að 7. gr. undir tölulið 4. á atkvæðaskránni yrði skipt, þegar til atkvæða kemur, þannig, að þessi síðustu orð greinarinnar, «að metorðaskattinum undan skildum», og til enda hennar, sè borið upp til atkvæða sèr í lagi.

Forseti: Frá minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að 7. grein verði klofin til atkvæða.

Eiríkur Kúld: Eg vildi einungis geta þess, hvort eigi mætti fresta atkvæðagreiðslunni til þess í kveld, því eg segi fyrir mig, og svo munu fleiri segja, að eg hefi eigi nægilega kynnt mèr atkvæðaskrána, til þess að gefa atkvæði um allt, sem á henni stendur, þar eð eg hefi fengið hana fyrir örstuttum tíma; en eg verð að ætla, að í þessu mikla allsherjarmáli sè áhætta, að verða eins og að hrapa að atkvæðagreiðslunni.

Forseti: Þar eð áríðandi er, að atkvæðagreiðslan geti farið sem bezt fram, en þingmenn naumlega hafa haft tíma til að kynna sèr atkvæðaskrána til hlítar, þá virðist mèr vera ástæða til að leyfa, fyrst nokkur þingmaður æskir þess, að henni verði frestað þangað til á fundi seinna í dag.

Framsögumaður: Að því er þeim ágreiningi milli nefndarinnar og hins hæstvirta konungsfulltrúa viðvíkur, að ríkisþingið verði að hafa atkvæði um málið, þá skal eg geta þess, að í engum uppástungum er í þessu efni tekið fyrir, að ríkisþingið geti komið sèr saman við alþingi. Að því er hinum sèrstaklegu málum viðvíkur, þá verður ákvörðuninni um ábyrgðina í þeim frestað til seinni tíma. Ríkisþingið þarf auk þess alls eigi að áskilja sèr rètt um ábyrgð í vorum málum, heldur eigum vèr við konunginn einan um það. Íslendingar eiga að hafa ábyrgð í sínum málum fyrir alþingi, og hvergi annarstaðar. Og þetta er ástæða til að taka skýrt fram frá þingsins hálfu.

Tryggvi Gunnarsson: Af því nefndin hefir að nokkru leyti aðhyllzt uppástunguna undir 4. tölul., þá get eg þess, að það var af því, að hún vildi, að samkomulag kæmist á í þinginu, en mèr þykir þýðingarlaust að gjöra þetta, einungis til samkomulags, ef það beinir málinu ekkert í fastara og betra horf. Með þessum breytingum er nú raskað grundvelli stjórnarfrumvarpsins, svo ólíklegt virðist eptir orðum sjálfrar stjórnarinnar, að hún muni að þeim ganga. Því vil eg leyfa mèr að spyrja hinn hæstvirta konungsfulltrúa, áður eg greiði atkvæði, hvort hann álítur þessar breyt-

ingar sèu til bóta eður geti hrundið málinu áfram til góðs, og hvort hann geti gefið nokkra vissu fyrir, að stjórnin muni taka til greina þessar tillögur þingsins; að geti hún ekki aðhyllzt niðurlagsatriði nefndarinnar, að hún þá lögleiði ekki þetta frumvarp, sem nú kann verða sent til vara frá þinginu, nema það sè óbreytt í öllum aðalatriðum; en leggi að öðrum kosti nýtt frumvarp fyrir þingið 1871.

Eg vil geta þess, að nefndin hefir allt af álitið, frá því fyrsta hún fór að hugleiða þetta mál, að af því þinginu væri nú synjað um samþykktaratkvæði, þá gæti þingið ekki nú, sem ráðgefandi þing, breytt nokkru frá því, sem þingið í hitt eð fyrra gjörði, sem samþykktarþing, en vegna þess hefir nefndin getað fallizt á þessar breytingar undir tölul. 4., að þær eru næstum í öllum greinum samkvæmar frumvarpinu 1867.

Konungsfulltrúi: Upp á spursmál hinns heiðraða þingmanns Norður-Þingeyinga um það, hvort eg haldi, að málið komi í betra horf með því að þingið aðhyllist breytingaruppástungur þær, sem hèr ræðir um, skal eg geta þess, að eg fyrir mitt leyti álít, að málið með þessu móti komist í betra horf, en það er komið við atkvæðagreiðslu þingsins í málinu um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, þar sem þingið alveg kastaði frumvarpi því, sem fyrir það var lagt. Hvort hans hátign konungurinn getur aðhyllzt breytingar þessar, um það skal eg að eins skýrskota til þess, sem eg áður hef tekið fram við undirbúningsumræðuna í þessu máli, og eg skal bæta því við, að hans hátign konungurinn sjálfsagt muni, eins og segir í ástæðunum, taka allt það tillit til uppástungna þingsins, bæði í þessu og í öðrum málum, sem þær verðskulda.

Framsögumaður: Það mundi hjá mèr í þessu máli gjöra mikið að, hvort eg gæti gefið breytingaruppástungum þessum atkvæði mitt, hvers styrks þær geta búizt við frá hálfu hins hæstvirta konungsfulltrúa; því að heiti hann því, að fylgja málinu fram, sem bezt hann getur, eins og það liggur fyrir, þá mundi eg miklu fúsari, að gefa atkvæði mitt fyrir breytingunum.

Forseti: Eg slæ þá atkvæðagreiðslunni í máli þessu samkvæmt áður sögðu á frest þangað til kl. $5\frac{1}{2}$ í dag, og segi nú að sinni

Fundi slitið.

41. fundur — 10. september.

(Kveldfundur).

Allir á fundi.

Forseti: Það, sem nú er að starfa, er að halda áfram ályktarumræðu í málinu um konunglegt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands.

Helgi Hálfdánarson: Það er nú lítil þörf fyrir mig að standa upp, þar eð eg þykist sjá, að þingmenn muni skilja, hvað það er, sem vèr uppástungumennirnir viljum. Nefndin hefir og látið í ljósi, að hún vilji aðhyllast breytingaratkvæði vort sem varauppástungu. Hugsun vor er sú, að vèr álítum betra, að láta stjórninni í ljósi með berum orðum, hvað vèr viljum; því oss finnst, að ef vèr blátt áfram afbiðjum frumvarpið, án þess að biðja um neitt í staðinn, þá gæti stjórnin sagt, að vèr hefðum ekki beðið um neitt, eða ekki sagt, hvað vèr viljum, og gæti haft það sem ástæðu til þess, annaðhvort að gjöra frumvarpið óbreytt að lögum, eða geyma málið svo lengi, sem henni þóknast. Ef ekkert væri nú gjört við þetta mál, nema það að ráða frá þessum frumvörpum, virðist mèr fyrir mitt leyti, að vèr yrðum eins staddir eptir þetta þing eins og fyrir 18 árum eptir þjóðfundinn 1851. Það, sem eg auk þessa vildi vekja máls á, er það, að mönnum kynni í fyrsta bragði að sýnast 1. og 40. töluliður vera sama innihalds, en það er þó ekki. Í fyrsta tölulið er talað um, að menn ekki vilji fallast á frumvarpið sjálft, sem hèr er til umræðu, heldur ráða frá, að það verði óbreytt gjört að lögum. Þetta leiðir af því, að þingið er áður búið að fella hitt frumvarpið, sem þetta stendur í sambandi við, og að þetta frumvarp er ónógt eitt saman, þegar hitt er fallið, nema töluverðu sè bætt við það á líkan hátt, og við 3 höfum stungið upp á; en 40. töluliður lýtur einungis til frumvarpsins, eins og það yrði, ef viðbætur og breytingar vorar næðu samþykki þingsins. Hugsunin er sú, að vèr uppástungumenn óskum, að breytingar vorar nái allra-hæsta samþykki óbreyttar; en fáist það ekki, að þá verði nýtt frumvarp lagt fyrir alþingi 1871.

Eiríkur Kúld: Út af því, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi sagði í dag, þá skal eg geta þess, að mèr fannst hann meina, að stjórnin mundi heldur neyða frumvarpinu um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, upp á oss, en ekki eða síður þessu frumvarpi. Eg fyrir mitt leyti verð að segja, að þetta hræðir mig alls

ekki, því eg álít að það sè beinlínis gagnstætt tilskipun 8. marz 1843; því ef frumvarpinu um stöðu Íslands verður neytt upp á oss, þá er tilskipuninni ekki fullnægt, og hygg eg, að alþingi gæti mótmælt því, því að það hefir ekki gefið atkvæði um hinar sèrstöku greinar frumvarpsins. Það er einungis með hálfum huga, að eg þori að fallast á breytingar þær, sem hèr liggja fyrir, því þær hagga þó nokkuð grundvelli frumvarpsins frá 1867. Alþingi hafði þá, sem sè, samþykktaratkvæði, en nú er það að eins ráðgefandi; eg get ekki neitað því, að eg kann illa við, að ráðgefandi þing breyti því þegar, er þing með samþykktaratkvæði er nýbúið að fallast á. En eg ætla ekki að gjöra þetta að kappsmáli, en mun líklega gefa breytingunum, sumum að minnsta kosti, atkvæði mitt, en hvort eg geti gjört það rólegur, er mikið komið undir því, hvernig hinn hæstvirti konungsfulltrúi tekur breytingunum. Hann hefir, eins og mönnum er kunnugt, með mesta fylgi og atorku lagt sig að undanförnu í framkróka með að beina máli þessu í hið bezta horf. Mèr þætti því mikið undir því komið, ef honum þóknaðist að láta í ljósi, hvort breytingar þessar eru svo úr garði gjörðar, að hann geti veitt þeim meðmæli sín hjá stjórninni; þetta væri hinn mesti styrkur fyrir mig til þess, að geta gefið þeim atkvæði með glöðu geði.

Konungsfulltrúi: Hinn heiðraði framsögumaður og hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hafa bent þeirri spurningu að mèr, hvort eg muni styðja til þess, ef þingið aðhyllist þær breytingar, sem hèr ræðir um, að þeim verði fram fylgt.

Eg held, að skoðun mín á þessu máli sè öllum þingmönnum ljós, án þess eg þurfi að skýra nákvæmar frá henni; en ekki að síður skal eg geta þess, að þar sem í ástæðunum segir, að þetta frumvarp verði að skoðast sem hin síðasta tilraun, sem gjörð muni verða fyrst um sinn af stjórnarinnar hendi til þess að koma í kring þjóðlegri stjórnarskipun í hinum sèrstaklegu málefnum Íslands, og ef ekki tekst að binda farsællegan enda á þetta atriði með samningum við alþingi í ár, þá mun því verða skotið á frest um óákveðinn tíma, — og af því að eg er sannfærður um, að þessi orð eru sögð í fullri alvöru, — fæ eg ekki sèð betur, en að alþingið með því að aðhyllast niðurlagsatriði nefndarinnar, án þess að greiða atkvæði um hin sèrstöku atriði frumvarpsins, frá sinni hálfu brjóti á móti öllum samningstilraunum. Ef þingið á hinn bóginn samþykkir breytingaruppástungur þær, sem ræðir um, virðist mèr vera

mögulegt að starfa að því, að mál þetta verði leitt til lykta á þann hátt, að það geti orðið landinu í hag, og að svo miklu leyti, sem yfir höfuð að tala getur átt sèr stað, samkvæmt óskum þingsins. Að eg heldur muni kjósa að starfa að þessu, en að starfa að því, að málið verði leitt til lykta á móti óskum þingsins, held eg að eg þurfi ekki að skýra hinum heiðruðu þingmönnum frá. Að öðru leyti skal eg skýrskota til þess, sem eg hefi áður tekið fram í þessu máli.

Framsögumaður: Eg verð að álíta, að þessi orð hins hæstvirta konungsfulltrúa hljóti að festa menn á þeirri skoðun, að fram fylgja uppástungum þeim, er hèr liggja fyrir; eg segi fyrir mig, að orð hans styrkja mig í því, að gefa varauppástungunni atkvæði mitt, því að eg tek orð hans sem loforð, og kann honum þakkir fyrir. Eg er þess sannfærður, að hann muni starfa að því, að málið fái þau afdrif, sem alþingi óskar. Honum er eflaust geðfelldara að svo fari, enda mun hann gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til þess.

Konungsfulltrúi: Eg skal biðja hinn heiðraða framsögumann að skilja orð mín, eins og eg hefi sagt þau, og eg skal þess vegna ítreka það, sem eg sagði, að mèr virðist vera mögulegt að starfa að því, að þetta mál verði leitt til lykta á þann hátt, að það geti orðið landinu í hag, og að svo miklu leyti sem yfir höfuð að tala getur átt sèr stað samkvæmt óskum þingsins; en eg hefi ekki sagt, að eg vilji starfa að því, að þetta frumvarp, sem alþingið í þetta sinn kynni að samþykkja, verði lögleitt óbreytt, því eg vil ekki lofa því, sem eg get ekki efnt.

Forseti: Fyrst eigi taka fleiri til máls, er nú þessari ályktarumræðu lokið, og vil eg þá biðja þingmenn að ganga til atkvæða samkvæmt atkvæðaskránni, sem þeir munu hafa prentaða fyrir sèr (Sjá II., bls. 340).

Forseti: Þessari atkvæðagreiðslu er þá þar með lokið.

Konungsfulltrúi: Eins og eg í byrjun þessarar umræðu tók fram, get eg fyrir mitt leyti ekki sèð, að ómögulegt sè, að semja álitsskjalið í þessu máli innan þess tíma, sem er ákveðinn til þingloka á morgun, þó að eg vel geti skilið, að eptir atkvæðagreiðslu þingsins muni útheimtast lengri tími til þess, en eg þá gjörði ráð fyrir — en eigi að síður skal eg, ef meiri hluti þingmanna óskar þess, og þingmenn ekki ætla að leggja á stað fyr en eptir mánudaginn, samþykkja lengingu þingtímans, eptir því sem hinn heiðr-

aði forseti hefir stungið upp á, til mánudagsins hinn 13. þ. mán. Eg skal þess vegna biðja hinn heiðraða forseta að skjóta því til atkvæða þingmanna, hvort það álítur lengingu þá af þingtímanum, sem hèr ræðir um, nauðsynlega.

Forseti: Eptir orðum hins háttvirta konungsfulltrúa vil eg biðja þingmenn ganga til atkvæða um það, hvort þeir óska, að þinginu verði frestað til mánudags eða eigi.

Torfi Einarsson: Við, sem lengra erum að komnir, óskum að heyra álit þeirra þingmanna, er álitsskjöl eða bænarskrár eiga að semja, hvort þeir eigi treysti sèr til að klára þær fyrir morgundaginn.

Halldór Kr. Friðriksson: Með því að eg hefi verið framsögumaður í máli því, sem hèr ræðir um, skal eg geta þess, að ef eg á að semja álitsskjal í því, treysti eg mèr með engu móti til að verða búinn með það, þótt eg vekti í alla nótt, fyr en á sunnudagsmorguninn.

Forseti: Eg skal þá endurnýja það, sem eg sagði fyr, að biðja þingmenn ganga til atkvæða um, hvort þeir óska að þingið sè lengt til mánudags. — Samþykkt með 19 atkv.

Af því eigi er meira að gjöra í dag, vil eg nú slíta fundi, en síðar ákveða, hve nær fundur geti orðið á morgun, og birta þá dagskrá um það. Fundi slitið.

---

42. fundur. — 11. september.

Allir á fundi, nema þingmaður Skagfirðinga og hinn 3. konungkjörni þingmaður, er höfðu tilkynnt forseta forföll sín, og þingmaður Vestur-Skaptfellinga, er engin forföll hafði tilkynnt.

Forseti gat þess, að konungsfulltrúi hefði tilkynnt sèr, að hann kæmi eigi á fund í dag, en að hann hefði sett hinn 1. konungkjörna þingmann í sinn stað, ef til þess kæmi, að eitthvað þyrfti að tala frá konungsfulltrúastólnum.

Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykkt.

Samkvæmt dagskránni var fyrst tekið til undirbúningsumræðu málið um ávarp til konungs, og gat forseti þess, að ræður þær, sem haldnar kynnu að verða, yrðu ekki bókaðar fremur en vant væri.

Eptir nokkrar umræður var lesið upp álitsskjal til konungs í málinu um frumvarp til laga, sem nákvæmar ákveða hina stjórn-

arlegu stöðu Íslands í ríkinu. Framsögumaður í máli þessu, þingmaður Reykvíkinga, las álitsskjalið upp, og var það síðan samþykkt. (Sjá II., bls. 353).

Að lokum var samkvæmt dagskránni nokkuð rætt um málið viðvíkjandi þjóðhátíð Íslands, og skoraði forseti á þingmenn, að gefa skriflega skýrslu um það hver um sig, hvern árangur áskoranirnar frá 1867 hefðu haft í kjördæmum þeirra.

Að því búnu á kvað forseti fund á mánudaginn kl. 12, og sagði síðan fundi slitið.

---

43. fundur. — 13. september.

Allir á fundi, nema hinn 5. konungkjörni þingmaður, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykkt.

Þá var tekið til ályktarumræðu ávarp til konungs, og leitaði þá forseti atkvæða um, hvort ávarp skyldi senda, og var það samþykkt með 18 atkvæðum; en hinir 5 konungkjörnu þingmenn og þingmaður Rangæinga gengu út úr þingsalnum og greiddu eigi atkvæði; eptir nokkrar umræður var ávarpið síðan samþykkt með 16 atkvæðum. (Sjá II., bls. 350).

Að því búnu voru lesin upp nokkur álitsskjöl til konungs, 1. í málinu um konunglegt frumvarp til laga um stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands. (Sjá II., bls. 378). 2. konunglegt frumvarp til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 6. janúar 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi. (Sjá II., bls. 400). 3. í málinu um bænarskrá viðvíkjandi því, að fasta-kaupmönnum verði gjört að skyldu, að vera búsettir á Íslandi. (Sjá II., bls. 406).

Konungsfulltrúi stóð því næst upp og hélt svo látandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!

Þegar eg við byrjun þessarar samkomu alþingis lýsti þeirri von minni yfir, að þingið mundi styðja til þess, að stjórnarbótarmálið yrði leitt til lykta á þann hátt, sem væri Íslandi haganlegastur og mest samkvæmur rètti og þörfum bæði Danmerkurríkis og Íslands, gjörði eg ráð fyrir því, að alþingið mundi sjá, að þetta mál ekki einungis snertir landið, heldur einnig ríkið, því Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis.

En þetta samband milli Íslands og Danmerkur liggur eptir hlutarins eðli alveg fyrir utan atkvæði þingsins, og þó að ágreiningur kynni að vera manna á milli um það, hvernig sambandið ætti að vera lagað, ef spursmál væri um þetta, er það nú sem stendur árangurslaust, að reyna til að koma á öðru fyrirkomulagi í þessu tillíti, en því, sem er viðurkennt bæði af stjórninni og frá ríkisins hálfu. Alþingi hefir ekki að síður í þetta skipti eins og áður reynt til að draga þetta spursmál inn í umræðurnar, til þess að fá breytingu á hinni stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, þó að ætlunarverk þingsins einungis sé að starfa að því, að þjóðleg stjórnarskipun og sjálfsforræði í hinum sèrstaklegu málefnum landsins geti fengizt innan þeirra takmarka, sem ekki má fara út fyrir. En þetta hefir valdið því, að von sú, sem bjó mèr í brjósti, að nokkru leyti hefir brugðizt, vonin um, að samkomulag það, sem ekki var náð til fulls og alls í hitt eð fyrra, gæti komizt á í þetta skipti. Eg skal ekki ásaka þingmenn um það, því eg er viss um það, að þèr allir, heiðruðu þingmenn, hafið framfylgt því, sem eptir sannfæringu yðar er rètt, — en samt sem áður þykir mèr það mjög óheppilegt, að meiri hluti þingsins ekki hefir getað skilið, að stjórnarbótarmál Íslands ekki getur orðið leitt til lykta, nema tillit verði tekið bæði til þarfa ríkisins og þarfa Íslands.

Mèr virðist það mjög óheppilegt, þegar eg skoða málið frá Íslands hálfu, að alþingi hefir ráðið frá frumvarpinu til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, án þess að segja álit sitt um hin sèrstöku atriði frumvarpsins, því að eins með þessu móti gæti þingið átt von á, að tillögur þess gætu orðið teknar til greina, að svo miklu leyti, sem þetta eptir málsins eðli væri mögulegt; en þó að alþingið einnig hafi ráðið frá því, að stjórnarskráin um hin sèrstaklegu málefni landsins verði lögleidd eins og hún var lögð fyrir þingið, hefir það ekki að síður ráðið nokkurs konar bót í málinu, með því til vara að aðhyllast nokkrar breytingar við þetta frumvarp og gefa atkvæði sitt um frumvarpið í heild sinni, og með þessu móti virðist mèr mögulegt að vona, að málið geti orðið leitt til lykta í heild sinni, bæði landinu í hag og samkvæmt óskum þingsins, að svo miklu leyti, sem þessar yfir höfuð að tala geta orðið teknar til greina. Það er áform hans hátignar konungsins, að umræður þær, sem í nálega 20 ár hafa átt sèr stað um stjórnarbótarmál Íslands, nú verði leiddar til lykta, og alþingið getur ekki átt von á, að þetta mál aptur verði lagt fyrir það, — og eg held að

þetta — hver sem úrslit málsins verða — ekki einungis sè æskilegt frá Íslands hálfu, heldur einnig nauðsynlegt, því þessar umræður hafa staðið yfir um of langan tíma, og þær hafa valdið því, að í stjórn landsins er margt ábótavant, því þegar stjórnarformið sjálft er á reyki, er ómögulegt að stjórna vel, meðan vel má stjórna undir hverju formi sem vill, ef formið er fast ákveðið og verður notað vel. Háttvirtu þingmenn! eg geng, eins og eg sagði, út frá því vísu, að umræðunum um stjórnarmálið nú sè lokið, og að hans hátign konungurinnn nú muni ákveða, hvernig skipulaginu á stjórn Íslands verði komið fyrir, og eg vona, að hans hátign í þessu tilliti muni taka tillögur alþingis til greina, að svo miklu leyti, sem þetta yfir höfuð að tala getur átt sèr stað. Hvað snertir hin sèrstaklegu málefni Íslands, er ekki neinn ágreiningur á milli stjórnarinnar og alþingis, nema um stjórnarábyrgðina, en vegna þess, að hún ekki verður ákveðin til fulls og alls, nema í sambandi við það, sem snertir stöðu Íslands í ríkinu, má búast við, að þetta spursmál ekki verði því til fyrirstöðu, að stjórnarskráin geti orðið lögleidd í öllum verulegum atriðum samkvæmt óskum þingsins, þó að eitt atriði, ef til vill, eigi að laga nokkuð öðruvísi, en þingið hefir gjört ráð fyrir; en á hinn bóginn álít eg fyrir mitt leyti það bæði nauðsynlegt og æskilegt frá Íslands hálfu, að ákvarðanirnar um stöðu landsins í ríkinu verði aðgreindar frá ákvörðununum um hin sèrstaklegu málefni Íslands, sem, þegar búið er að ákveða hinar, ekki þurfa annars við til þess að verða lögleiddar, en staðfestingu hans hátignar konungsins.

Háttvirtu þingmenn! störfum vorum í þetta skipti er nú lokið; vèr förum nú frá þinginu til þess, að vinna föðurlandinu í hag, hver í sinni stöðu, og vèr tökum með oss þá meðvitund, að vèr á þinginu höfum fram fylgt hver sinni sannfæringu um það, sem er rètt og satt, en vèr getum einnig tekið með oss þá von, að hans hátign konungurinn og stjórn hans muni taka tillögur þingsins til greina, að svo miklu leyti, sem þetta getur staðizt við þarfir bæði Íslands og ríkisins.

Þegar eg nú í síðasta skipti skal ávarpa yður, háttvirtu þingmenn, frá þessum stað, finn eg mèr skylt, að votta yður mitt innilegt þakklæti fyrir alla þá velvild, sem þèr hafið sýnt mèr, en sèr í lagi kann eg hinum háttvirta forseta þingsins mínar beztu þakkir fyrir alla þá velvild og vinsemd, sem hann hefir auðsýnt mèr undir þessari samvinnu vorri.

Eg bið hinn algóða guð að halda sinni verndarhendi yfir hans hátign konunginum, yfir föðurlandinu, og yfir öllum þeim, sem með hreinum hug starfa að framförum þess.

Síðan stóð forseti upp og hélt svo látandi ræðu:

Háttvirtu herrar og alþingismenn.

Þegar alþingi hætti störfum sínum um þetta mund fyrir tveim árum síðan, þá hugðum vèr gott til, að sá hinn þröngi og örðugi vegur, sem vèr höfum orðið að ganga í stjórnmálum vorum nú um hin seinustu tuttugu ár, mundi fara að greiðast og styttast. En oss hefir orðið líkt og þeim, sem ferðast yfir fjöll og firrnindi; þeir sjá hæð eptir hæð, leiti eptir leiti, og hugsa fyrst, að hver hæð sè hin hæsta, hvert leiti hið seinasta til áfangastaðar, en vegurinn leynir sèr, og verður lengri og torsóttari, en margir hugðu, svo að þeim finnst sem ekkert sækist áleiðis. Svo er og einnig hèr ástatt á stjórnmálavegi vorum, að mörgum mun finnast sem vèr stöndum hèr um bil á sama svæði nú, eins og þegar þjóðfundurinn var haldinn 1851. Þetta er þó ekki svo, því þó að frumvörp þau, sem hafa verið lögð fyrir alþingi að þessu sinni um stjórnarmál vor, hafi ekki geðjazt neinum Íslendingi fullkomlega, — það þori eg að segja — og þó þau standi langt á baki þess frumvarps, sem komst á með samkomulagi í hitt eð fyrra, þá hafa þau ekki fáa yfirburði yfir frumvarp það, sem lagt var fyrir þjóðfundinn 1851, og þeir yfirburðir mega heita framför. Það er fyrir óheppilega meðferð málsins af hendi ráðgjafa þess, sem settur er fyrir málefni Íslands, og fyrir mótstöðu eins flokks á ríkisþingi Dana, að rekið hefir nokkuð aptur á bak síðan í hitt eð fyrra, eða að minnsta kosti að það sýnist svo.

Konungi vorum hefir þóknazt að fylgja því ráði, að uppleysa alþingi og láta kjósa á ný, og eptir þeim kosningum erum vèr saman komnir í þetta sinn. Enginn getur neitað því, að þessi kosning liggur fyrir utan alþingislögin, sem ekki gjöra ráð fyrir, hvorki að alþingi verði leyst upp, og heldur ekki að kosningar fari fram á öðrum tímum en þar er til tekið. Enginn getur heldur sagt, að skilmálar þeir sèu uppfylltir af stjórnarinnar hendi, sem alþingi tiltók í hitt eð fyrra, og áskildi að fá skýra grein fyrir, ef til nýrra kosninga kæmi, hvort heldur til þjóðfundar eða alþingis. En eigi að síður getum vèr haft ástæðu til að vera öruggir í hvert sinn, sem þessu máli er skotið til atkvæða þjóðar vorrar, því vèr getum verið fullvissir um, að svo lengi sem Ísland er til og Íslend-

ingar kalla sig þjóð, þá geta þeir aldrei afneitað þjóðréttindum sínum. Það ætti ekki að vera þýðingarlaust, að hèr er fylgt þeirri reglu við alþingi, sem annars er fylgt við löggjafarþing, og vèr höfum svo opt óskað eptir að fylgt hefði verið við þjóðfundinn, svo hann hefði getað lokið ætlunarverki sínu samkvæmt hinu fyrna loforði Friðriks konungs hins sjöunda 23. september 1848. Látum oss þá vænta þess, að stjórn konungs vors ráði honum til, að fara eptir því atkvæði þjóðar vorrar og alþingis, sem hann hefir skýrskotað til.

Eg þykist viss um það, háttvirtu alþingismenn, að þèr hafið allir fundið til þess, hver á sinn hátt, að þinginu var að þessu sinni mikill vandi á höndum á allar hliðar. Vèr höfum haft mjög mikla ástæðu til að una því harðla illa, að þinginu er beint neitað um það samþykktaratkvæði, sem fulltrúar Íslendinga hljóta að eiga í þessu máli eptir eðli þess og ástæðum, og eptir beinu loforði af stjórnarinnar hendi, sem eg held flestir munu álíta hana siðferðislega skuldbundna til að halda. Það hefir ekki síðnr verið raun að heyra, að stjórn konungs vors skuli nú bera fyrir sig rás viðburðanna til þess að rýra atkvæði vort og landsréttindi, þar sem það þó er í augum uppi, að það er engan veginn það, sem fram hefir komið í rás viðburðanna, sem hèr á að dæmast eptir, — því rás viðburðanna er hvikul, og fer að mestu eptir því, hver meira má sèr til að koma sínum vilja fram í það eða það skiptið — heldur það sem rètt er, nauðsynlegt og gagnlegt landi voru og þjóð og konungsveldinu öllu saman, en það er, að vèr megum ná frjálsu samkomulagi við konung vorn um það, hvernig einveldisstjórninni verði haganlegast breytt, og hvernig vèr getum haganlegast notið þjóðfrelsis og jafnrèttis við samþegna vora; um það er verið að semja, og um það eigum vèr frjálst samningsatkvæði. Enn hefir það og bæzt ofan á, að oss hefir mjög skiljanlega verið gefið til kynna hvar afllð væri, og að þess mundi verða neytt, svo að sá mundi verða að lúta, sem lægri hefði dyrnar. Það kann að vera, að sínum augum líti hver á silfrið með það, á hvern hátt alþingismenn sýni mest þrek, þegar svona er ástatt. Sumum kann að þykja mest þrek í, að ganga að öllum kostum sem fyrst, til þess að koma einhverjum lyktum á þetta mál, sem hefir dregizt svo lengi. Öðrum mun þykja meira þrek í, að ganga að engum þeim kostum, sem maður sèr fyrir fram að eru óaðgengilegir, en vera fús til að taka hverju sanngjörnu tilboði. Eg held, að alþingi hafi sýnt þetta þrek, eins nú, eins og að undanförnu; það er á þjóðarinnar dómi, hvort álit mitt í þessu efni verður staðfest eður ekki.

Það er tilhlýðilegt, nú að lokum samvinnu vorrar, að skýra stuttlega frá yfirliti yfir þingstörfin. Alþingi hefir að þessu sinni haft býsna mörg mál til meðferðar, og sum þeirra mjög merkileg og áríðandi. Af stjórnarinnar hálfu eru komin til þingsins átta konungleg frumvörp og þrjú álitsmál, þar með talin hin almennu lagaboð frá 1867 og 1868. Frá landsmönnum hafa komið alls til þingsins 68 bænarskrár og uppástungur, þar á meðal 18 bænarskrár úr 11 kjördæmum um stjórnarbótarmálið og 14 bænarskrár um hið svo kallaða spítalagjald. Út af bænarskrám þessum hafa verið settar sextán nefndir, auk 11 hinna fyrnefndu, svo að alls hafa verið kosnar 27 nefndir á þessu þingi, og að auk ritnefnd þingtíðindanna. Þar að auki hafa orðið töluverðar umræður um aðrar bænarskrár, þó

þó ekki hafi þær komizt til nefnda. Sex bænarskrám hefir verið alls kostar vísað forsetaveg til yfirvaldanna, og tveimur að nokkru leyti; frá nefnd voru felldar átta bænarskrár, og tvö mál voru felld eptir umræðnr og atkvæðagreiðslu. Alþingi hefir þannig að þessu sinni lokið öllum þeim málum, sem það hefir tekið til meðferðar.

Þegar vèr nú hættum þessum vorum störfum að sinni, þá leyfi eg mèr að færa yður öllum, háttvirtu þingmenn, og hverjum yðar sèr í lagi, mínar innilegustu þakkir fyrir alla yðar velvild við mig, sem forseta þingsins, og fyrir þann styrk, sem þèr hafið veitt, til þess að störf þingsins gætu gengið sem greiðlegast; án þess hefði ekki orðið auðið að afkasta því, sem afkastað er. Einkanlega þakka eg hinum háttvirtu skrifurum þingsins, sem hafa sýnt ágætan dugnað og framkvæmd í þingstörfunum, eins og vèr þekkjum frá undanförnum þingum. Sömuleiðis þakka eg innilega hinum háttvirta varaforseta fyrir alla þá velvild og fúsa aðstoð, sem hann hefir veitt mèr við hvert tækifæri, sem eg hefi leitað hans.

Hinn háttvirti konungsfulltrúi hefir komið fram á þessu þingi með hinni sömu góðvild, frjálslyndi og hreinskilni við alla, sem vèr þekkjum frá hinum fyrri samvinnudögum vorum. Það er mèr gleði að votta honum innilegt þakklæti fyrir það, bæði þingsins vegna og sjálfs mín. Hann hefir þegar átt svo mikinn og góðan þátt í tilraunum þeim, sem hafa verið gjörðar til að koma stjórnarskipunarmáli lands vors í viðunanlegt horf, og hans velvildurfulla hjartalag til þjóðar vorrar og lands, til ættþjóðar hans sjálfs og ættlands, gefur oss þá vissu von, að hann muni styrkja málstað vorn á bezta hátt, og með sínu mikilsmegnandi atkvæði færa hann til sigurs á endanum. Vèr finnum kann ske mest til þess á þessari stundu, háttvirtu alþingismenn, hversu óviss sigurinn er, en vèr megum öruggir treysta því, að hver sem fylgir rètti og sannleika, hann hlýtur að vinna sigur um síðir.

Þegar vèr nú ljúkum störfum vorum að þessu sinni, þá skulum vèr með gleði og trausti minnast konungs vors, og biðja hinn algóða að halda sínni hendi yfir honum og hans konunglega húsi, og einkum að blessa það tengdaband, sem elzti sonur hans, konungsefni vort, hefir nýlega bundið við konungsættina í bræðralöndum vorum, svo að það verði ekki einungis konungsættinni sjálfri, heldur og öllum samþegnum vorum og oss sjálfum og öllum Norðurlöndum til heilla. Vèr skulum biðja þess, að góður guð haldi sínni verndarhendi yfir landi voru og þjóð; það er oss harðla áríðandi í þessari tíð, sem er svo þungbær fyrir marga; vèr skulum biðja þess, að hann blessi viðleitni vora til að fram fylgja öllu því, sem getur verið til heilla og hagsælda fyrir land og lýð.

Því næst stóð konungsfulltrúi upp og lýsti því yfir í nafni konungs, *að hinu 12. alþingi Íslendinga væri slitið.*

Því næst stóð upp einn þingmanna og mælti: «*Lengi lifi konungur vor,* KRISTJÁN HINN NÍUNDI», og tóku allir þingmenn undir í einu hljóði.

Þá var þingbók frá þessum fundi lesin og samþykkt, og að því búnu var gengið af þingi.